


Nýja testament

Þýðing Odds Gottskálkssonar 1540



**Þetta er hið nýja
testament / Jesú Kristi**

eiginleg orð og Evangelia
hver hann sjálfur predikaði og kenndi hér í
heimi / Sem hans postular og Guðsspjallamenn
síðan skrifuðu. Þau
eru nú hér útlögð á nor-
rænu / Guði til lofs og
dýrðar / en almúgan-
um til sæmdar og
Sálu hjálpar.

- Sálm. xcv. Í dag ef þér heyrið hans rödd, þá forherðið ekki yðar hjörtu.
- Joh. xii. Hver að mig forsmár og meðtekur eigi mín orð, sá hefir þann er hann dæmir.
- Joh. xiv. Af því að í Guðs orðum er sannleikurinn, lífið og sáluhjálparvegurinn. Og sjálfur Guðs son er það orð, og enginn kemst til fððursins nema fyrir hann.
- Þar fyrir trúið Guðs orðum sem eru yðar sáluhjálpar.

Formáli

Það væri nú réttast og tilheyrilegast það þessi bók útgengi án nokkurs formála eða undir nokkru annarlegu nafni, en færði heldur sitt heiti og eiginlega orðræðu. Því að fyrir margháttaðar útskýringar og ýmislegar fortölur eru kristinna manna hugskot nú þangað dreifð að nálegana vita menn eigi lengur hvað evangelion eða lögmál, nýtt eður gamalt testamentum kallast. Af því krefur nauðsyn til að samsetja einn formála og undirvísan á að gjöra, hvar með það hinn einfaldi mann mætti undirvísan fá og frá leiðast sínum fornum óvana á réttan stig og hvað hann skal halda af þessari bók, svo að hann leitaði þar öngra boðorða né lögmáls er hann skyldi leita evangelia og Guðs fyrirheita.

Þá er í fyrstu það vel vitanlegt að sá vani eður meining er af takandi að eigi sé utan fjögur evangelia og fjórir guðsspjallamenn, en það er með öllu fyrirbjóðanda að nokkrir skipti nýja testaments bókum í legales, historiales, prophetales og sapientiales, það er í lagabækur, sögubækur, í spádóms og vísinda bækur, meina þar meður (eg veit eigi að hverninn) að samlíkja hið nýja hinu gamla testamento. Heldur er það fastlega haldandi að líka svo sem hið gamla testament er ein bók, hvar Guðs lögmál og boðorð og einninn þeir gjörningar, bæði þeir sem þeir héldu og eigi héldu, eru innskrifaðir, líka svo er hið nýja testament ein bók, þar eð evangelium og Guðs fyrirheit og einninn þeirra gjörningar, sem þar á trúa og eigi trúa, eru innskrifaðir, svo að vér séum nú og fullvísir í að þar er eigi meir en eitt evangelion líka svo sem að þar er eigi meir en ein bók hins nýja testamentis, ein trúa og einn sá Guð sem fyrirheitið til segir.

Því að evangelium er eitt girskt orð og þýðist á norrænu gleðilegur boðskapur, góður gróði, ný ljúfleg tíðindi, eitt æskilegt siguróp, um hvert að vér ættum að syngja, segja og fagna, líka svo sem þá er Davíð yfirvann hinn mikla Goliant, kom eitt æskilegt siguróp og ný huggunartíðindi á meðal Íraels sona af því að þeirra hinn ógurlegi fjandmann varð yfirstiginn, en þeir til frelsis og fagnaðar leystir og skikkaðir, af hverju þeir sungu, dönsuðu og næsta fegnir urðu. Líka svo er nú þetta Guðs evangelion og nýja testament einn góður gróði og siguróp, hvert er fyrir postulanna framburð hljóðar um allan heim af einum réttferðugum Davíð, sá er við syndir, dauða og djöfulinn barðist og yfirvann, sá sem að þar með hefir alla þá, sem í syndum voru herteknir, með dauðanum plagaðir og af djöflinum yfirbugaðir (án þeirra verðleiks), endurleyst, réttlætt, lífgað og farsælega gjört, svo og til friðar skikkað og Guði heimfært, hvar fyrir þeir syngja og Guði þakkir gjöra, fagna og að eilífu lofa, ef þeir trúa annars örugglega og staðfastir blífa í trúnni. Þvílíkt siguróp og huggunargróði eða evangelísk og guðleg ný tíðindi kallast og eitt nýtt testamentum af því að líka svo sem eitt testament er það, nær að banvænn maður tilgreinir sitt göss það sem eftir hans dauða skal af tileinkuðum örfum útskiptast, líka svo hefir Kristur fyrir sitt líflát bifalað og tilgreint slíkt evangelium eftir sinn dauða út að kalla um allan heim og þar meður öllum þeim er trúa til eignar gefið allt sitt göss, það er sitt líf, með hverju hann dauðanum mýgði, sitt réttlæti, hvar meður hann syndirnar afmáði, og sína farsælu, þar hann eilífa fyrirdæming með yfirvann. Nú fær sá hinn volaði maður, sem í syndum, dauða og helvíti er reyrdur, ekkert ljúflegar heyrt en slíkan dýrlegan huggunarboðskap af Kristi. Því má hans hjarta af innstu rót fagna og við gleðjast ef hann trúir annars að það sé sannindi.

Nú hefir Guð slíkri trú til styrktar þetta sitt evangelium og nýja testament margfaldlega fyrirheitið í hinu gamla testamento fyrir munn sinna spámanna eftir því sem Páll postuli segir, Róm. i. kap.: Eg em útleisinn til að predika Guðs evangelium, hverju hann hefir áður fyrirheitið fyrir sína spámenn í heilagri skrift, af sínum syni sem fæddur er af Davíðs sæði og etc. Og það vér útskýrum nokkrar þær greinir og hann hafði í fyrstu fyrirheitið eftir því sem hann sagði til höggormsins, Gen. iii. kap.: Eg mun fjandskap setja milli þín og konunnar, milli þíns sæðis og hennar sæðis, það sama skal þitt höfuð í sundur merja, og þú munt þess hælbeini umsát veita. Kristur er það sæði þessarar konu, sá er djöfulsins höfuð (það er syndin, dauðinn, helvíti og allan hans kraft) hefir sundur marið. Því að án þessa sæðis fær enginn manna syndina, dauðann né helvíti forðast. Item Gen. xxii., sagði hann til Abrahams: Í þínu sæði skulu allar kynkvíslir á jörðu blessaðar verða. Kristur er það Abrahams sæði, segir Páll postuli, Galatas iii., hver eð blessað hefur allan heim meður þessu evangelio. Því hvar sem Kristur er eigi, þar er enn sú bölván sem féll yfir Adam og öll börn hans þá er hann hafði syndgast því að allir hljóta síðan syndum, dauða og helvíti eiginlegir og sekir að vera. En í gegn þessari bölván blessar nú þetta hið dýrmæta evangelium alla veröld með því að það opinbarlega kallar: Hver hann trúir á þetta Abrahams sæði, sá skal blessaður vera, það er af syndum, dauða og helvíti kvittaður, blífandi svo eilíflega réttlátur, sæll og lifandi svo sem sjálfur Kristur segir, Jóhannes xi.: Hver hann trúir á mig, sá mun aldregi deyja.

Item svo sagði hann það Davíð til, ii. Regum xii. þá er hann sagði: Eg mun upp vekja þitt sæði eftir þig, það skal mér upp byggja eitt hús, og eg mun að eilífu hans ríki staðfesta. Eg vil hans faðir vera, en hann skal minn sonur vera etc. Það er nú það ríki Krists sem þetta evangelion af segir, hvert að er eitt eilíft ríki, eitt ríki réttlætisins, sáluhjálparinnar og lífsins. Þangað koma og (úr hertekju syndarinnar og dauðans) allir þeir er rétt trúá. Þvílík fyrirheit og Guðs evangelion finnast enn víðara hjá spámönnum svo sem Míkeas v. kap. segir: Og þú Betlehem ert eigi hin minnsta bland þúsundir Júda. Út af þér skal mér koma einn hertogi míns lýðs Íraels. Item, Hósee xiii.: Eg vil þá leysa úr dauðans hendi, frá dauðanum vil eg þá frelsa. Af því megu vær nú sjá að þar er eigi meir en eitt evangelion, líka svo sem að eigi er meir en einn Kristur. Fyrir því er evangelium eigi annað, né vera kann, en ein predikan af Kristi, Guðs og Davíðs syni, sem er sannur Guð og mann, sá er fyrir oss hefur með sínum dauða og upprisu allra manna syndir, dauða og helvíti yfirstigið, þeirra sem á hann trúá, nú þó að evangelium kunni að vera stutt eður löng orðræða eða kunni einn að skrifa langort, en annar fáort. Sá skrifar langort sem orð Krists og margar gjörðir útskrifar, svo sem að gjöra fjórir guðsspjallamenn. En sá skrifar það stutt og fáort sem ekki talar um verkin eða gjörðir Krists, heldur stuttlegana tilteiknandi hverninn að hann hefur fyrir sinn dauða og upprisu, syndir, dauða og helvíti yfirunnið fyrir þá sem á hann trúá svo sem postularnir Pétur og Páll útskýra.

Af því athuga það vandlega að þú gjör eigi Krist að Moysen, né af evangelio eina lögmáls eður setninga bók, sem hingað til skeð hefur og enn heyrist í nokkrum formálum hins helga Jeronimi. Því að evangelium krefur eiginlega eigi vorra verka það vér verðum þar fyrir frómir og farsælir, heldur fordæmir það slík vor verk, en krefur réttar trúar á Kristum, að hann sjálfur hafi fyrir oss syndir, dauða og helvíti yfirunnið og hefur svo (eigi fyrir vorra verka sakir, heldur fyrir sínar eignar gjörðir sem er dauði og þína) gjört oss fráma, lífandi og farsæla svo að vér megum oss tilreikna hans dauða og sigursæld, líka sem að það væri vor eigin tilverknaður.

En þó að Kristur í evangelio, líka og einninn þeir Pétur og Páll, gefi mörg boðorð og kenningar, útleggjandi svo lögmálið, þá skulu vær það þó að jöfnu reikna öllum öðrum verkum og velgjörðum Krists. Og líka sem það er að vita hans verk og gjörðir, er enn eigi að vita hið rétta evangelion því að þar með veist þú enn eigi að hann hafi synd, dauða og djöfulinn yfirunnið. Svo er og enn eigi réttlega skilið það evangelion þótt þú vitir þvílík boðorð og kenningar fyrr en röddin kemur, sú er segir að Kristur sé þinn eigin meður sínu líferni, lærdómi, verkum, lífláti, upprisu og allt það hann er, hefir, gjörir og formá.

Svo sjáu vér nú að eigi þrengir hann, heldur hýrlega til sín laðar þar hann segir: Sælir eru þér volaðir. En postularnir tíðka og þessi orð: Eg áminni, eg bið og beiði yður, það er fyrir guðs sakir eður nokkurs konar annars að biðja. Það megu vær alls staðar vel sjá að evangelion er engin lögmálsbók, heldur ein eiginleg predikan af Krists velgerningum, sú oss kunngerist og til eignar er gefin ef vér trúum. En Moyses í sínum bókum þjár, þrengir, slær, skelfir og ógurlega straffar því að hann er lögmálskrifari og þjáningarmaður. Þaðan kemur og það að réttferðugum er ekkert lögmál sett eftir því sem Páll postuli segir (í Tímóti) af því að hann er fyrir trúna réttlættur, lífgaður og farsæll gjörður, þurfi eigi annars við en að auglýsa slíka trú með nytksamlegum verkum. Nú hvar eð slík trúá er, þá fær hún sig eigi fólgið, heldur auglýsir hún sig, út sprettandi með góðum verkum, játar og viðurkennir þetta evangelion fyrir alþýðu, hættandi sínu lífi þar út fyrir. Og allt hvað hann stundar eður gjörir, þá sveigir hann allt til náungsins nytsemdar og honum til hjálpar, eigi einasta í því að koma honum til þvílíkrar náðar, heldur jafnvel styrkjandi hann meður góss, líf og æru, líka sem að hann sér að Kristur hefir víður sig gjört, eftirfylgjandi svo dæmum Krists. Það var og Krists meining þann tíð hann gaf oss í skilnað ekkert annað boðorð en kærleikann, hvar af að vér skyldum þekkja hverjir hans lærisveinar og rétttrúaðir væri. Því að þar sem verkin og kærleikurinn út fljóta eigi, þá er þar engin rétt trúá, þar hremmir og evangelion enn ei, þar er og Kristur enn eigi réttlega játaður. Því sjá nú til að þú haga þér svo í þessum nýja testaments bókum að þú kunni þær að lesa á þennan hátt.

Hverjar eð eru hinar réttustu og dýrmætustu bækur hins nýja testamentis

Af þessu öllu þá kannt þú (á meðal allra bóka) rétt að órskurða og eina grein af að taka hverjar að bestar eru, því einkanlega eru Jóhannis evangelia og s. Páls pistlar (sérdeilis sá sem er til Rómverja og hinn fyrri Péturs pistill) réttur kjarni og takmark á meðal allra annarra bóka, hverjar með réttu ættu fyrstar að standa. Því væri hverjum kristnum manni það ráð upp takanda að hann læsi þær sömu bækur yfir sem fyrst og tíðast, gerandi sér þær fyrir daglegan lesning svo alkunnar sem sitt annað daglegt brauð. Því að í þeim finnur þú eigi mörg verk né jarteiknagiörðir Krists upp skráðar, heldur finnur þú í þeim næsta meistarlegana útbreitt það að trúa á Kristum yfirvinni synd, dauða og helvíti og gefi oss líf, réttlæti og farsæld, hver að er hin sanna art Guðs evangelia, sem þú hefir áður heyrt.

Því ef að eg skyldi annars hvors við missa, verka Krists eður predikunar, þá vildi eg ljúfar verkanna á miss fara en predikunarinnar. Því að verkin stöða eigi, en hans orð gefa mér eilíft líf eftir því sem sjálfur hann segir. Og af því að Jóhannes skrifar fátt af Krists verkum, en margt um hans predikan, en hinir þrír evangelistar skrifa margt hans verka, en fátt hans orða, því er Jóhannis evangelion þau einka og skæru, réttu höfuðguðsspjöll sem langt yfir þá aðra þrjá eru fram takandi, stundandi og hærra upp hefjandi. Líka svo ganga og s. Páls og Péturs pistlar langt fram og upp yfir þau þrjú evangelia sem Matteus, Markús og Lúkas skrifa.

En alls þá eru s. Jóhannis evangelion og hans hinn fyrsti pistill og s. Páls pistlar, einkanlega sá er til Rómverja og til Galatos og Efesiomanna, svo og s. Péturs pistill hinn fyrri, þær bækur sem þér vísa á Kristum og kenna allt það er þér er farsæld og þörf á að vita þó að þú sæir aldri aðrar bækur né heyrðir aðrar kenningar en þeirra. Af því er s. Jakobs pistill einn staugresis pistill hjá þeim því að hann hefur nær öngva evangelíska art meður sér sem síðar mun greint verða í öðrum formála.

Þessar eru bækur hins nýja testamenti

- i. S. Matteus guðsspjöll
- ii. S. Markús guðsspjöll
- iii. S. Lúkas guðsspjöll
- iv. S. Jóhannis guðsspjöll
- v. Postulagjörningar skrifaðir af s. Lúkas
- vi. S. Páls pistill til Rómverja
- vii. Hinn fyrri s. Páls pistill til Korintios
- viii. Annar s. Páls pistill til Korintios
- ix. S. Páls pistill til Galatas
- x. S. Páls pistill til Efesios
- xi. S. Páls pistill til Filippensis
- xii. S. Páls pistill til Kolossenses
- xiii. Hinn fyrri s. Páls pistill til Þessaloníkenses
- xiv. Annar pistill s. Páls til Þessalonía
- xv. Hinn fyrri s. Páls pistill til Tímóteo
- xvi. Annar s. Páls pistill til Tímóteo
- xvii. S. Páls pistill til Títum
- xviii. S. Páls pistill til Fílemonem
- xix. Pistillinn til Ebreos
- xx. S. Jakobs pistill
- xxi. Hinn fyrri pistill s. Petrus
- xxii. Annar pistill s. Petrus
- xxiii. Hinn fyrsti s. Jóhannis pistill
- xxiv. Annar s. Jóhannis pistill
- xxv. Þriðji s. Jóhannis pistill
- xxvi. Pistill hins heilaga Júde
- xxvii. Opinberingar sankti Jóhannis.

S. Matteus guðsspjöll

Fyrsti kapítuli

Þessi er fæðingarbók Jesú Kristi, sonar Davíðs, sonar Abrahams. Abraham gat Ísak, Ísak gat Jakob, Jakob gat Júdam og bræður hans, Júdas gat Farem og Saran af Tamar, Fares gat Esron, Esron gat Ram, Ram gat Amínadab, Amínadab gat Nahasson, Nahasson gat Salma, Salma gat Bóas af Rahab, Bóas gat Óbeð af Rhat, Óbeð gat Jesse, Jesse gat kónginn Davíð. En Davíð kóngur gat Salamon af þeirri sem var húsfriú Úríe, Salamon gat Róbóam, Róbóas gat Abía, Abía gat Assa, Assa gat Jósafat, Jósafat gat Jóram, Jóram gat Ósía, Ósía gat Jótam, Jótam gat Akas, Akas gat Esekía, Esekía gat Manasses, Manasses gat Amon, Amon gat Jósía, Jósía gat Jekonía og bræður hans um babyloneskan herleiðingartíma, og eftir babyloneska herleiðing gat Jekonía Sealtíel, Sealtíel gat Sóróbabel, Sóróbabel gat Abíúd, Abíúd gat Eliakím, Eliakím gat Asór, Asór gat Sódók, Sódók gat Akín, Akín gat Elíúd, Elíúd gat Eleasar, Eleasar gat Matan, Matan gat Jakob, Jakob gat Jósef, mann Maríu, af hverri eð fæddur er Jesús sá er kallast Kristur.*

Allir ættliðir frá Abraham allt að Davíð eru fjórtán liðir og frá Davíð allt til babyloneskrar herleiðingar eru fjórtán liðir, og frá babyloneskri herleiðing allt til Kristum eru fjórtán liðir. En Krists hingaðburður var svo. Nær eð María hans móðir var föstnuð Jósef, og áður en þau skyldu saman koma, fannst hún ólétt af heilögum anda, en Jósef maður hennar var réttvís, vildi því eigi ófrægja hana, en þenkti sér þó leynilega að forlata hana. En sem hann hugsaði þetta: Sjá, þá vitraðist honum engill Drottins í draumi og sagði: Jósef, sonur Davíðs, þú skalt eigi óttast að taka Mariam, þína festarkvön, til þín því að hvað með henni alið er, það er af helgum anda, og hún mun son fæða, og hans nafn skaltu Jesús kalla því að hann mun frelsa sitt fólk af þeirra syndum.* En allt þetta skeði svo að uppfylltist hvað sagt er af Drottini fyrir spámanninn, svo segjanda: Sjáid, að mey mun þunguð verða og son fæða, og hans nafn skal kallast Emanúel, hvað er þýðist: Guð með oss.

En þá Jósef vaknaði af svefni, gjörði hann svo sem engill Drottins hafði honum boðið og tók sína festarkvön til sín og kenndi hennar eigi † þar til hún fæddi son sinn frumgetinn og kallaði hans nafn Jesús.

† (þar til hún) það skal eigi svo undirstandast að Jósef hafi eftir það samræði átt við Maríu, heldur það að í ritningunni er svodan í máltæki svo sem (Genesis viii) að hrafinn kæmi ei aftur þar til jörðin þurrkaðist. Nú vill ritningin það halda að hrafinn sé eigi eftir það aftur kominn, svo líka má hér af skiljast það Jósef hafi ei heldur samræði átt við Maríu.

Annar kapítuli

Nær Jesús var fæddur til Betlehem í Gyðingalandi á dögum Heródis kóns, sjá, þá komu vitringar af Austurríki til Jerúsalem og sögðu: Hvar er sá nýfæddi kóngur Gyðinga, því vér höfum séð hans stjörnu í Austurríki og erum komnir að tilbiðja hann.

En er Heródes kóngur heyrði það, hryggðist hann og öll Jerúsalem með honum og lét saman safna öllum kennimannahöfðingjum og skriftlærðum lýðsins og forheyrði af þeim hvar Kristur skyldi fæðast. En þeir sögðu honum: Til Betlehem í Júdea. Því að svo er skrifað fyrir spámanninn: Og þú Betlehem á Júdalandi ert öngvaneginn hin minnsta á meðal höfðingjum Júda því að af þér mun koma hertogi sá er stjörna skal yfir fólk mitt Írael. Þá kallaði Heródes vitringana leynilega til sín og hugarlátlegana að spurði þá, á hverjum tíma að stjarnan hefði birst þeim og vísaði þeim til Betlehem og sagði: Fari þér og spyrjið innilega að sveininum, og nær þér finnið hann, þá kunngjörðið mér aftur svo eg komi einninn að tilbiðja hann. Sem þeir höfðu nú kónginum heyrð, fóru þeir af stað. Og sjá, að stjarnan, sem þeir séð

höfðu í Austurríki, gekk fram fyrir þeim, allt þar til hún kom og stóð þar upp yfir hvar sveinninn var. En er þeir sáu stjörnuna, glöddust þeir af næsta miklum fagnaði og gengu í húsið inn og fundu þar sveinninn með Maríu móður sinni, féllu og fram og tilbáðu hann. Og að opnuðum sínum fjársjóðum offruðu þeir honum gjafir, gull, reykilsi og mirru og fengu þá ávísan í svefni að þeir gæfi sig eigi aftur til Heródem og fóru svo annan veg aftur í sitt land.*

En þá þeir voru í burt farnir, sjá, að engill Drottins vittraðist Jósef í draumi og sagði: Statt upp og tak sveinninn og móður hans til þín og flý í Egyptaland og vert þar, allt þangað til eg segi þér því að það er eftirkomanda að Heródes mun leita sveinsins að fyrirfara honum. En hann stóð upp og tók sveinninn og móður hans til sín um nátt og fór í Egyptaland og var þar allt fram yfir líflát Heródis. Svo það uppfylltist hvað sagt er af Drottni fyrir spámanninn eð segir: Af Egyptalandi kallaði eg son minn.

Þá Heródes sá nú það hann var gabbauður af vitringunum, var hann afar reiður og sendi út og lét drepa öll sveinbörm til Betlehem og í öllum hennar endimörkum, tvævetur og þaðan af minni eftir þeim tíma sem hann hafði út spurt af vitringunum. Þá uppfylltist hvað sagt er fyrir Jeremía spámann sem segir: Á hæðum hefir heyrst kall mikillar kveinunar, óps og ýlfrana, að Rakel æpti sonu sína og vildi eigi huggast láta því að það var með þeim úti.* En þá Heródes var látinn, sjá, að engill Drottins birtist Jósef í draumi á Egyptalandi og sagði: Statt upp og tak sveinninn og móður hans til þín og far til Íraelsjarðar því þeir eru í helju sem leituðu að lífi sveinsins. Hann stóð upp og tók sveinninn og móður hans til sín og kom til Íraelsjarðar. En þá hann heyrði það Arkilaus ríkti í Júdea í staðinn föður síns Heródis, óttaðist hann þangað að fara, og í draumi fékk hann undirvísan af Guði og fór í álfur Galílealands, kom og byggði í þeirri borg sem hét Naðaret svo það uppfylltist hvað sagt er fyrir spámennina að hann skyldi naðverskur kallast.*

Þriðji kapítuli

En á þeim dögum kom Jón baptista og predikaði í eyðimörk Júdealands og sagði: Gjörið iðran því að Guðs ríki tekur að nálgast. Hann er og einninn sá af þeim að sagt er fyrir Esaíam spámann sem segir: Hrópandi rödd í eyðimörku: Reiðið til götu Drottins og gjörið hans stigu rétta.

En Jóhannes hafði klæðnað af úlfaldshárum og ólarbelti um sínar lendar, hans matur voru engisprettur og skógarhunang. Þá gekk og út til hans lýður Jerúsalemborgar og allt Júdealand og öll umliggjandi héruð Jórdanar og skírðust af honum í Jórdan, játandi sínar syndir.*

En þá hann sá marga fariseis og saddúkeos koma til sinnar skírnar, sagði hann til þeirra: Þér nöðru kyn, hver kenndi yður að flýja fyrir tilkomandi reiði? Af því gjörið verðugan ávöxt iðranarinnar og verið ei þess hugar, það þér segið með sjálfum yður að Abraham höfu vær fyrir föður. Því að eg segi yður að máttugur er Guð upp að vekja Abrahams sonu af steinum þessum. Af því að nú er öxin sett til róta viðanna, því mun hvert það tré, sem eigi gjörir góðan ávöxt, af sníðast og í eld kastast.

Eg skíri yður í vatni til iðranar, en sá eftir mig kemur, er mér sterkari, hvers skóklæði að eg er eigi verðugur að bera. Hann mun skíra yður með heilögum anda og eldi, hvers vindskupla er í hans hendi, og hann mun hreinsa sinn láfa og hveitinu safna í sína kornhlöðu, en agninnar brenna í eldi óslökkvanlegum.

Í þann tíma kom Jesús af Galílea að Jórdan til Jóhannis, að hann skírðist af honum. En Jóhannes varnaði honum þess og sagði: Mér er þörf að eg skírist af þér, og þú kemur til mín. En Jesús svaraði og sagði: Lát nú svo vera því að svo hæfir oss allt réttlæti upp að fylla. Og þá lét hann það eftir honum. En er Jesús var skírður, sté hann jafnskjótt upp úr vatninu. Og sjá, að himnarnir lukust upp yfir honum, og Jóhannes sá Guðs anda ofan stíga sem dúfu og yfir hann koma, og sjá, að röddin af himni sagði: Þessi er sonur minn elskulegur, að hverjum mér vel þókkast.*

Fjórði kapítuli

Þá var Jesús teygður af anda á eyðimörk upp á það hann freistaður yrði af djöflinum. Og þá hann hafði fastað í fjörutíu daga og fjörutíu náttu, hungraði hann. Og freistarinn gekk til hans og sagði: Ef þú ert sonur Guðs, seg að steinar þessir verði að brauðum. Hann svaraði og sagði: Skrifað er að maðurinn lifir eigi af einu saman brauði, heldur af sérhverju orði sem fram gengur af Guðs munni.

Þá tók djöfullinn hann með sér í borgina helgu og setti hann upp á burst musterisins og sagði til hans: Ef þú ert Guðs sonur, fleyg þér hér ofan því að skrifað er að hann mun bjóða sínum englum um þig, að á höndum bæri þeir þig svo að þú steyttir eigi fót þinn við steini. Jesús sagði aftur til hans: Skrifað er að eigi skaltu freista Drottin Guð þinn. Og enn aftur flutti djöfullinn hann með sér upp á ofur hátt fjall og sýndi honum öll ríki veraldar og þeirra dýrð og sagði til hans: Allt þetta man eg gefa þér ef þú fellur fram og tilbiður mig. Þá sagði Jesús til hans: Far burt, þú andskoti. Því að skrifað er: Drottin Guð þinn skaltu tilbiðja og honum einum þjóna.

Þá forlét djöfullinn hann, og sjá, að englar komu til hans og þjónuðu honum.* En er Jesús heyrði það Jóhannes var gripinn, fór hann til Galílealands og forlét borgina Naðaret, kom og byggði í borginni Kapernaum, hver eð liggur við sjávarsíðu í endimörku Sabúlons og Neftalíns svo að það uppfylltist hvað sagt er fyrir Esaiam spámanna sem segir: Landið Sabúlon, landið Neftalím við sjávargötu hinumegin Jórdanar og Galílea hinnar heiðnu þjóðar. Lýður sá er sat í myrkrunum, hann sá ljós mikið. Og þeir sem sátu í þeirri byggð og dauðans skugga, þeim er nú ljós upprunnið. Þaðan í frá tók Jesús til að predika og segja: Gjörði iðran því að himnaríki tekur að nálgast.

En er Jesús gekk með sjónum í Galílea, leit hann tvo bræður, Símon sá er kallaðist Petrus og Andreá bróður hans, hverjir eð voru að varpa neti í sjóinn því að þeir voru fiskimenn. Og hann sagði til þeirra: Fylgið mér eftir, og mun eg gjöra yður að fiskurum manna. En þeir forléttu jafnsnart netin og fylgdu honum eftir.*

Og er hann gekk fram lengra burt þaðan, sá hann tvo aðra bræður, Jakob son Sebedei og Jóhannem bróður hans, vera á skipi með feður sínum Sebedeo net sín að bæta. Og hann kallaði þá, en þeir forléttu strax skipið og föður sinn og fylgdu honum eftir.

Jesús fór og um allt Galíleam kennandi í þeirra samkunduhúsum og predikaði evangelium ríkisins og læknaði öll sóttarferli og öll krankdæmi með fólkinu. Og hans rykti barst út um allt Síriam, og þeir færðu honum alla þá sem krenktir voru af margvíslegum sóttarferlum og í ýmislegum píslum höndlaðir og þá er djöful höfðu, tunglamein eða iksjúkir voru. Og hann læknaði þá alla. Og margt fólk fylgdi honum eftir úr Galílea og úr þeim tíu borgum og af Jerúsalem og Júdea og af þeim héruðum er voru hinumegin Jórdanar.

Fimmti kapítuli

En er Jesús sá fólkið, gekk hann upp á fjallið. Og þá hann setti sig niður, gengu hans lærisveinar til hans. Hann lauk sinn munn upp og tók að kenna þeim og sagði: Sælir eru þeir sem andlega eru volaðir því að þeirra er himnaríki. Sælir eru þeir sem harma því að þeir munu huggaðir verða. Sælir eru hógværir því að þeir munu jarðríki erfa. Sælir eru þeir sem hungra og þyrsta eftir réttlætinu því að þeir skulu saddir verða. Sælir eru miskunnsamir því að þeir munu miskunn hljóta. Sælir eru hreinhjartaðir því að þeir munu Guð sjá. Sælir eru þeir sem friðinn gjöra því að þeir munu Guðs synir kallaðir verða. Sælir eru þeir sem fyrir réttlætisins sakir ofsóktir verða því að þeirra er himnaríki. Sælir eru þér nær eð lýðurinn formælir yður og ofsókn veitir og talar í gegn yður alla vonsku, fyrir mínar sakir þá ljúgandi. Fagni þér og verið glaðir því að yðar verðkaup eru mikil á himnum. Því að svo hafa þeir ofsókt spámennina þá er fyrir yður voru.*

Þér eruð salt jarðar. Nú ef saltið deyfist, í hverju verður þá saltað? Þá dugir það til einskis meir nema að það verður út snarað svo það sé föttróðið af mönnum. Þér eruð ljós veraldar. Sú borg, sem á fjallinu er sett, fær eigi fölgist. Og eigi tendra þeir ljósið og setji það undir mæliask, heldur yfir ljóshaldinn svo að það lýsi öllum þeim sem í húsinu eru. Líka skal yðvart ljós lýsa fyrir mönnum svo að þeir sjái yðar góðverk og dýrki föður yðvarn á himnum.

Þér skuluð eigi meina að eg sé kominn lögmálið eður spámennina upp að leysa. Eg em eigi kominn að leysa, heldur upp að fylla. Því að eg segi yður fyrir sann: Þangað til himinn og jörð forgengur, mun eigi hinn minnsti bókstafur eður titil af lögmálinu forganga og þar til að allt þetta skeður.

Því hver hann uppleysir eitt af þessum minnstu boðorðum og kennir það lýðnum svo, sá mun kallast minnstur í himnaríki, en hver það gjörir og kennir, hann mun mikill kallast í himnaríki.

Því að eg segi yður: Nema svo sé að yðvart réttlæti sé betra en hinna skriflærðu og faríseis, þá munu þér eigi inn ganga í himnaríki.

Þér hafið heyrt hvað sagt er til inna gömlu: Þú skalt eigi mann vega. En hver eð mann vegur, hann verður dóms sekur, en eg segi yður: Hver eð reiðist bróður sínum, að hann verður dóms sekur. En hver sem til bróður síns segir: †Racha, hann verður ráðs sekur, en hver eð segir: Þú afglapi, hann verður sekur helvítis elds. Fyrir því, nær þú opprar þína gáfu á altarið og þér kemur þar til hugar það bróðir þinn hafi nokkuð á móti þér, þá láttu þar þína gáfu fyrir altarinu, og gakk áður að sætta þig við bróður þinn, og kom þá að oppra þína gáfu.*

Vertu snarlega samþykkur þínum mótstöðumanni á meðan þú ert enn á vegi með honum svo að eigi selji þig þinn mótstöðumaður dómáranum og dómárin selji þig þéranum og verðir þú í dýplissu kastaður. Að sönnu segi eg þér að þú munt eigi þaðan út fara þar til þú borgar hinn síðasta pening. Þér hafið og heyrt, það sagt er til hinna gömlu: Þú skalt eigi hórdóm drýgja. En eg segi yður að hver hann lítur konu til að girnast hennar, sá hefir þegar drýgt hór með henni í sínu hjarta.

Því ef þitt hægra auga hneykslar þig, þá kipp því út, og rek það frá þér. Því að skárri er þér að einn þinna lima farist, heldur en allur þinn líkami kastist í helvískan eld. Og ef þín hægra hönd hún hneykslar þig, þá sníð hana af og rek frá þér. Því að skárri er þér að einn þinna lima tortýnist en að allur líkami þinn fari í helvískan eld.

Svo er og enn sagt að hver hann skilur sig við sína eiginkonu, sá skuli gefa henni skilnaðarskrá. En eg segi yður: Hver hann forlætur sína eiginkonu (að undantekinni hórunar sök), sá gjörir það að hún verður hórdómkskona. Og hver eð fastnar þá sem frá manni er skilin, sá drýgir hór.

Þér hafið enn framar heyrt hvað sagt er til hinna gömlu að eigi skulir þú rangt sverja, og þú skalt Guði þín særi lúka. En eg segi yður að þér skuluð öldungis ekki sverja, hvorki við himin því að hann er Guðs sæti, eigi heldur við jörð því að hún er skör hans fóta, eigi við Jerúsalem því að hún er borg hins mikla konungs. Þú skalt og eigi sverja við höfuð þitt því að þú formátt eigi að gjöra eitt hár hvítt eður svart. Því sé yðar ræða já, já; nei, nei. En hvað fram yfir það er, þá er af hinu vonda.

Þér hafið og heyrt hvað sagt er: Auga fyrir auga, tönn fyrir tönn. En eg segi yður að þér skuluð eigi brjótast í gegn illu, heldur ef nokkur slær þig á þína hægri kinn, þá bjóð honum hina aðra. Og þeim sem við þig vill lög þreyta og þinn kyrtill af þér hafa, þá lát honum og þinn möttul lausan. Og hver þig neyðir um mílu eina, þá gakk með honum og tvær aðrar. Gef og þeim er þig biður, og vert eigi afundinn þeim er af þér vill lán taka.

Þér hafið heyrt að sagt er: Elska skaltu náunga þinn og óvin þinn að hatri hafa. En eg segi yður: Elski þér óvini yðra, blessið þá er yður bölvá, gjörið þeim gott sem yður hata, og biðjið fyrir þeim er yður lasta og ofsókn veita svo að þér séuð synir föðurs yðvars þess á himnum er, hver sína sól lætur upp ganga yfir vonda og yfir góða og rigna lætur yfir réttláta og rangláta. Því ef þér elskið þá sem yður elska, hvert verðkaup hafi þér fyrir það? Gjöra það eigi líka tollheimtumenn? Og þó þér látið kært aðeins við bræður yðra, hvað gjöri þér þeim meira? Gjöra þetta og eigi líka hinir heiðnu? Fyrir því verið algjörðir svo sem yðar himneskur faðir er algjörður.

Sétti kapítuli

Gætið að, það eigi gjöri þér yðrar ölmusur fyrir mönnum svo að þér sjáið af þeim, annars hafi þér ekkert verðkaup hjá yðrum föður sem á himnum er. Því nær þú gefur ölmusu, skalt þú eigi lúður þeyta láta fyrir þér svo sem hræsningar gjöra í ráðhúsum og á strætum svo að þeir heiðrist af mönnum. Sannlega segi eg yður að þeir hafa sín laun út tekin. En nær þú gefur ölmusu, þá lát þína vinstri hönd eigi vita hvað hin hægri gjörir svo að þín ölmusa sé í leyni og faðir þinn sá er í leynum sér, gjaldi þér opinskárt aftur.

Og nær þú biður, skalt þú eigi vera svo sem hræsningar, hverjum kært er að standa og biðjast fyrir í samkunduhúsum og á gatnahornum svo að þeir sjáið af mönnum. Sannlega segi eg yður að þeir hafa sín laun út tekin. En nær þú biðst fyrir, gakk inn í þinn svefnkofa, og að luktum þínum dyrum bið þú föður þinn sem í leynum er. Og faðir þinn, sá í leyni sér, mun þér það opinskárléga aftur gjalda.

Og nær þér biðjið, skulu þér eigi fjölmálugir vera svo sem heiðingjar gjöra. Því að þeir meina að af sinni fjölmælgni munu þeir heyrðir verða. Fyrir það skulu þér eigi þeim líkjast. Því að faðir yðar veit hvers yður er þörf áður en þér biðjið hann. Af því skulu þér svo biðja:

† (Racha) sörgl eður reiðikrymtur, hver að í kverkunum heyrist og það teiknar öll reiðimörk.

Faðir vor, sá þú ert á himnum. Helgist nafn þitt, til komi þitt ríki, verði þinn vilji svo á jörðu sem á himni. Gef oss í dag vort daglegt brauð og fyrirlát oss vorar skuldir svo sem vér fyrirlátum vorum skuldunautum. Og inn leið oss eigi í freistni, heldur frelsa þú oss af illu. Því að þitt er ríkið, máttur og dýrð um aldir alda, amen. Því að ef þér fyrirlátið mönnum sínar afgangjörðir, þá mun yðar himneskur faðir fyrirláta yður og yðar brot. En ef þér fyrirlátið eigi mönnum sínar misgjörðir, þá mun yðar faðir og eigi fyrirgefa yður yðrarsyndir.

Nær þér fastið, skulu þér eigi vera svo sem kámleitir hræsnarar. Því að þeir syrta sína ásjánu svo að skíni fyrir mönnum það þeir fasti. Sannlega segi eg yður að þeir hafa út tekið sín laun. En nær þú fastar, smyr höfuð þitt og þvo þitt andlit svo að eigi skíni fyrir mönnum það þú fastir, heldur fyrir föður þínum sem er í leyni. Og faðir þinn, sá er í leynum sér, hann mun þér það opinskátt aftur gjalda.

Eigi skulu þér fjársjóðum safna á jörðu, hvar þeim má mölur og ryð granda og hvar eð þjófar megu eftir grafa og stela, heldur safnið yður fjársjóðum á himni, hvar eð hvorki má mölur né ryð granda og hvar þjófar fá eigi stolið né eftir grafið. Því að hvar yðar sjóður er, þar er yðvart hjarta.*

Ljós þíns líkama er þitt auga; og ef auga þitt er einfalt, þá er allur líkami þinn skær. En ef auga þitt er skálkur, þá er allur líkami þinn myrkur. Því ef það ljós, sem að er í þér, er myrkur, hve mikil munu þá myrkrin sjálf?

Enginn kann tveimur herrum í senn að þjóna. Annaðhvort hann afrækir þann eina eða elskar hinn annan, elligar hann þýðist þann eina og forlítur hinn annan. Þér getið eigi Guði þjónað og hinum Mammon. Fyrir því segi eg yður: Verið eigi hryggvir fyrir yðru lífi hvað þér skuluð eta eður drekka og eigi fyrir yðrum líkama hverju hann skal klæðast. Er eigi lífið meir en fæðan og líkaminn meir en klæðin? Sjáið fugla himins, þeir eð hvorki sá né upp skera, og eigi safna þeir í kornhlöður, og yðar himneskur faðir hann fæðir þá. Eru þér eigi miklu framar en þeir? Eða hver yðar getur aukið með sinni áhyggju alin eina að lengd sinni?

Og hvar fyrir eru þér hugsjúkir fyrir klæðnaðinum?

Hyggið að akursins liljugrösnum, hverninn þau vaxa. Þau vinna hvorki né spinna. En eg segi yður það Salómon í allri sinni dýrð var eigi svo skryddur svo sem eitt af þeim. Því að ef Guð skryðir svo grasið það í dag er á akri og á morgun verður í ofn kastað, skyldi hann eigi miklu framar við yður gjöra, ó þér lítiltrúaðir?

Fyrir því skulu þér ekki hryggvir vera og segja: Hvað munu vær eta? Eða: Hvað munu vér drekka? Eða: Hverju munu vér klæðast? Því að eftir þessu öllu sækir heiðin þjóð, og yðar himneskur faðir veit að þér þurfið alls þessa við. Fyrir því leitið fyrst Guðs ríkis og hans réttlætis, og mun yður allt þetta til leggjast. Og fyrir því skulu þér eigi önn ala annars morguns af því að morgundagur mun kvíða fyrir sjálfum sér bera. Hverjum degi nægirsín óvæð.

Sjöundi kapítuli

Eigi skulu þér dæma svo að þér verðið eigi dæmdir. Því að með hverjum dómi þér dæmið, munu þér dæmdir verða, og með hverri mælingu þér mælið, mun yður endurmælt verða. En hvað sér þú ögn í auga bróður þíns, og að þeim vagli, sem er í sjálfs þíns auga, gáir þú ekki? Eða hverninn dirfist þú að segja bróður þínum: Bróðir, leyf að eg dragi út ögnina af auga þínu? Og sjá, að vagl er þó í sjálfs þíns auga. Þú hræsnari, drag fyrst út vaglinn af þínu auga, og gef þá gætur að, að þú fái út dregið ögnina af þíns bróðurs auga. Eigi skulu þér gefa hundum hvað heilagt er, og varpið eigi heldur perlum yðar fyrir svín svo að eigi troði þau þær með fótum sér og að snúist þau og yður í sundurslíti.

Biðjið, og mun yður gefast, leitið, og munu þér finna, knýið á, og mun fyrir yður upplokið. Því að hver eð biður, hann öðlast, hver eð leitar, hann finnur, og fyrir þeim, eð á knýr, mun upplokið. Eða hver er þann mann af yður, sá, ef sonurinn biður hann um brauð, að hann bjóði honum stein? Elligar, ef hann biður um fisk, að hann bjóði honum þá höggorm. Því ef þér, sem þó eru vondir, kunnið að gefa góðar gjafir sonum yðar, miklu meir mun yðar faðir, sá á himnum er, gefa þeim gott er hann biðja. Því allt hvað þér viljið mennirnir gjöra yður, það skulu þér og þeim gjöra. Því að þetta er lögmálið og spámennirnir.

Gangið inn um hið þröngva hlið. Því að það hlið er vítt, og sá vegur er breiður sem leiðir til fortöpunar, og þeir eru margir sem á honum reika. Og það port er þröngt, og sá vegur er mjór sem til lífs leiðir, og þeir eru fáir er hann rata.

Vaktið yður fyrir falsspámönnum sem til yðar koma í klæðum sauðanna, en innra eru þeir glefsandi vargar. Af ávöxtum þeirra megi þér þá kenna. Verða nokkuð vínber saman lesin af þyrnum elligar fíkjur af þistlum? Svo man hvert gott tré gjöra góðan ávöxt, en hvert vont tré vondan ávöxt. Gott tré getur eigi fært vondan ávöxt, og eigi heldur getur vont tré fært góðan ávöxt. Og hvert það tré, sem eigi færir góðan ávöxt, mun afhöggið verða og í eld kastast. Fyrir því megi þér af þeirra ávöxtum þá kenna.

Þeir munu eigi allir, sem til mín segja: Herra, herra, innganga í Guðs ríki, heldur þeir sem gjöra vilja míns himneska föðurs. Margir munu til mín segja á þeim degi: Herra, herra, höfum vér eigi spád í þínu nafni, höfu vær og eigi í þínu nafni djöfla út rekið? Og í þínu nafni gjörðu vær mörg kraftaverk. Og eg mun þá játa þeim að aldri þekktu eg yður. Farið frá mér allir illgjörðarmenn.*

Fyrir því, hver hann heyrir þessi mín orð og gjörir þau, þann mun eg líkja þeim vitrum manni sem byggði upp sitt hús yfir hellustein. Og er hríðviðri gjörði og vatsflóðið kom og vindar blésu og dundu að húsinu, og húsið féll eigi að heldur því að það var grundvallað yfir helluna. Og hver hann heyrir þessi mín orð og gjörir þau eigi, hann er líkur þeim fávísa manni sem upp byggði sitt hús á sandi. Og er þeysidögg gjörði og vatsflód kom og vindar blésu og dundu að því húsi, og það hrapaði, og þess hrapan varð mikil.

Og það skeði þá Jesús hafði lyktað þessa sína ræðu að fólkinu ægði hans kenning því að hans predikan var völdug og eigi líka sem hinna skriflærðra og faríseis.

Áttandi kapítuli

En er Jesús gekk ofan af fjallinu, fylgdi honum margt fólk eftir. Og sjá, að líkþrár maður kom, tilbað hann og sagði: Herra, ef þú vilt, getur þú mig hreinsað. Og Jesús útrétti höndina, snart hann og sagði: Eg vil, vert hreinn. Og jafnsnart varð hans líkþrá hrein. Og Jesús sagði til hans: Sjá til að þú segir það eigi neinum, heldur far þú og sýn þig kenningum og oppra þína gáfu, þá er Móses bauð, til vitnisburðar yfir þeim.*

En þá Jesús gekk inn í Kapernaum, kom til hans hundraðshöfðingi nokkur, biðjandi hann og sagði: Herra, þjón minn liggur kveisusjúkur heima og kvelst þunglega. Jesús sagði til hans: Eg vil koma og lækna hann. Höfðinginn svaraði og sagði: Lávarður, eg em eigi verðugur að þú gangir inn undir mitt þak, heldur seg þú eitt orð, og mun minn þjón heilbrigður verða. Því að eg em maður höfðingjaskapnum undirgefinn, hafandi undir mér hernaðarsveina, og nær eg segi þessum: Far, fer hann, og öðrum: Kom þú, og hann kemur, og þræli mínum: Gjör þetta, og hann gjörir það. En þá Jesús heyrði það, undraðist hann og sagði til þeirra er honum eftir fylgdu: Sannlega segi eg yður að slíka trú hefi eg eigi fundið í Írael. En eg segi yður það margir munu koma af austri og af vestri og sitja með Abraham, Ísak og Jakob í himnaríki, en ríkisins synir verða út reknir í yðstu myrkur þar sem vera mun óp og tannagnistran. Og Jesús sagði til höfðingjans: Gakk héðan, verði þér eftir því þú trúðir. Og hans þjón varð heill á þeirri sömu stundu.*

Og þá Jesús kom í hús Péturs, leit hann að móðir konu hans lá haldin í köldu. Hann tók um hönd hennar, og kaldan forlét hana. Hún stóð upp og þjónaði honum.

En er kvelda tók, færðu þeir marga djöfulóða til hans, og hann rak andana út með orðinu og læknaði þá alla er krankir voru svo að uppfylltist hvað sagt er fyrir Esaiam spámann: Hann hefir vor meinlæti upp á sig tekið, og vorar sóttir hefir hann borið.*

En Jesús leit margt fólk kringum sig; bauð hann sínum lærisveinum að þeir færi yfir um hinumegin þess sjávar. Sé, og einn skrif lærdur gekk að og sagði til hans: Meistari, eg vil fylgja þér hvert þú fer. Jesús sagði til hans: Refar hafa holur og fuglar loftsins hreiður, en mannsins son hefir eigi hvar hann sitt höfuð að hneigi. En annar af hans lærisveinum sagði til hans: Lávarður, lofa mér fyrst að fara og grefta föður minn. Jesús sagði til hans: Fylg þú mér eftir, og lát þá dauðu grefta sína hina dauðu.

Og er hann sté á skip, fylgdu hans lærisveinar honum eftir. Og sjá, að mikill ókyrrleiki gjörðist í sjónum svo að skipið huldist bylgjum. En hann svaf. Og hans lærisveinar gengu að honum og vöktu hann upp og sögðu: Herra, hjálpa þú oss, vær forgöngum. Hvað hræðist þér, lítiltrúaðir? Hann reis þá upp og hastaði á vindinn og sjóinn, og þá varð logn mikið. En mennirnir undruðust og sögðu: Hvílíkur er þessi? Því að vindur og sjór eru honum hlýðnir.*

Og er Jesús kom yfir um sjóinn í byggðir Gergesenimanna, hlupu tveir djöfulóðir í móti honum, komandi úr leiðum framliðinna, þeir eð mjög voru ólmir svo að enginn mátti um þann veg fara. Og sjá, að þeir kölluðu og sögðu: Hvað höfu vær með þig, þú Jesús Guðs sonur? Komtu hingað að kvelja oss áður tími er til? En þar var langt í burt frá þeim hjörð margra svína í gæslu. Djöflarnir báðu hann og sögðu: Ef þú rekur oss út héðan, þá leyf oss að fara í svínahjörðina. Og hann sagði til þeirra: Fari þér. En

þeir fóru út og hlupu í svínin, og sjá, að öll svínahjörðin fleygði sér með ös mikilli í sjóinn, og þau drektust í vatninu. En hirðarnir flýðu og komu í borgina, kunngjörðu allt þetta og hvað þeim djöfulóðum hafði veist. Og sjá, að allur borgarmúgur gekk út í mót Jesú, og er þeir sáu hann, báðu þeir hann burt fara af sínum landamerkjum.

Níundi kapítuli

Og er Jesús sté á skip, fór hann yfir um aftur og kom í sína borg. Og sjá, að þeir færðu til hans iktsjúkan mann, sá er í sæng lá. En sem Jesús leit þeirra trú, sagði hann til hins iktsjúka: Þínar syndir eru þér fyrirgefnar. Og sjá, að nokkrir af skriflærðum sögðu með sjálfum sér: Þessi guðlastar. Og sem Jesús sá þeirra hugsanir, sagði hann: Hvar fyrir hugsi þér svo vont í yðrum hjörtum? Hvort er auðveldara að segja: Þér eru þínar syndir fyrirgefnar, eða að segja: Statt upp og gakk? En svo að þér vitið það er mannsins son hefir makt á jörðu syndir að fyrirgefa, þá sagði hann til hins iktsjúka: Statt upp, tak ílegu þína og gakk í þitt hús. Og hann stóð upp og fór í sitt hús. En þá fólkið sá þetta, undraðist það og prisaði Guð, sá er þvílíka makt hafði mönnum gefið.*

Og er Jesús gekk þaðan, sá hann mann sitja í tollbúðinni, Matteum að nafni, og sagði til hans: Fylg þú mér. Og hann stóð upp og fylgdi honum eftir. Og það skeði er hann sat til borðs í húsinu, sjá, að margir tollheimtumenn og bersyndarar komu og settu sig til borðs með Jesú og hans lærisveinum. Og er farísei sá það, sögðu þeir til hans lærisveina: Því etur yðar meistari með tollheimtum og glæpamönnum? En þá Jesús heyrði það, sagði hann til þeirra: Megendur hafa eigi læknarans þörf, heldur þeir sem vanmegna eru. En fari þér og nemið hvað það er (að miskunn hefi eg þókknan og eigi að offri). Því að eigi kom eg að kalla réttláta, heldur synduga til iðranar.*

Þá gengu Jóhannis lærisveinar til hans og sögðu: Hvar fyrir föstu vér og farísei svo tíðum, en þínir lærisveinar fasta eigi? Jesús sagði til þeirra: Eigi mega brúðgumabörnin þvingan líða svo lengi sem brúðguminn er með þeim En þeir dagar munu koma eð brúðguminn mun frá þeim takast, og þá munu þeir fasta. Enginn setur bót af nýju klæði á gamalt fat því að bótin gliðnar frá fatinu aftur, og verða svo slitin verri. Og eigi láta þeir nýtt vín í forna leðurbelgi, annars sprengjast belgirnir, og vínið spillist, og belgirnir fordjarfast, heldur láta þeir nýtt vín í nýja belgi, og verði svo bæði samt forvarað.

Og sem hann var þetta að tala við þá, sjá, að foringi nokkur gekk að og kraup fyrir honum niður og sagði: Herra, dóttir mín er ný saluð; því kom og legg þína hönd yfir hana, og mun hún lifna. Jesús stóð upp og fylgdi honum eftir og svo hans lærisveinar. Og sjá, að kona, hver eð í tólf ár hafði blóðfall haft, gekk á bak til við hann og snerti fald hans klæða. Því að hún sagði með sjálfri sér: Ef eg mætta aðeins snerta hans klæðnað, munda eg heil verða. En Jesús snerist við, leit á hana og sagði: Vert glöð dóttir, þín trúa gjörði þig hólpna. Og konan varð heil á þeirri sömustundu.

Og er Jesús kom í foringjans hús og sá spilmennina og ys fólksins, sagði hann til þeirra: Farið frá. Því að stúlkan er eigi dauð, heldur sefur hún. Og þeir dárðu hann. En er fólkið var út drifið, gekk hann þar inn og greip um hönd hennar, og stúlkan stóð upp. Og þetta rykti barst út um allt það sama land.*

Og er Jesús gekk burt þaðan, fylgdu honum eftir tveir menn blindir, þeir eð kölluðu og sögðu: Ó, þú sonur Davíðs, miskunna oss. En er hann kom inn í húsið, gengu hinir blindu til hans. Jesús sagði til þeirra: Trúi þér að eg kunni að gjöra yður þetta? Þeir sögðu til hans: Að vissu, lávarður. Þá snart hann þeirra augu og sagði: Verði yður eftir trú ykkari. Og þeirra augu lukust upp. Og Jesús ógnaði þeim og sagði: Sjáið til að það viti eigi nokkur. En er þeir gengu burt þaðan, báru þeir hans rykti út um allt það land.

En þá þessir voru út gengnir, sjá, höfðu þeir til hans þann mann sem dumbi var og djöfulóði. Og að út reknum djöflinum talaði hinn mállausi. Og fólkið undraðist það og sagði: Aldri hefir slíkt séð verið í Írael. En farísei tóku að segja það hann ræki djöful út fyrir djöflahöfðingjann.

Og Jesús gekk um kring í öllum borgum og kaптúnunum, kennandi í þeirra samkunduhúsum, predikaði evangelium ríkisins og læknaði allar sóttir og öll krankdæmi með fólkinu. Og er hann leit fólkið, sá hann aumur á því, því að þeir voru hungurmorða vorðnir og tvístraðir sem þeir sauðir er öngvan hirði hafa. Hann sagði þá til sinna lærisveina: Að sönnu er kornskeran mikil, en verkmennirnir fáir. Fyrir því biðjið herrann kornskerunnar að hann sendi verkmenn í sína kornskeru.

Tíundi kapítuli

Og hann kallaði tólf sína lærisveina til sín og gaf þeim makt yfir óhreinna anda að þeir ræki þá út og að þeir læknuðu alls kyns sóttir og öll meinlæti.

En þeirra tólf postulanna nöfn eru þessi: Fyrstur er Símon, sá er kallaðist Pétur, og Andrés bróðir hans, Jakob, son Sebedei, og Jóhannes hans bróðir, Filippus, Bartólómeus, Tómas og Matteus tollheimtari og Jakob Alfeison, Lebbeus er að viðurnefni hét Taddeus, Símon Kananeus og Júdas Skariot sá er forréð hann.

Þessa tólf út sendi Jesús, bjóðandi þeim og sagði: Farið eigi á götu heiðinnar þjóðar og gangið eigi inn í borgir samverskra manna, heldur gangið til þeirra fortapaðra sauða af húsi Ísraels. En farið út, predikið og segið það himnaríki tekur að nálgast. Læknið sjúka, hreinsið líkþráa, uppvekið dauða, út rekið djöfla. Fyrir ekkert hafi þér það fengið, gefið það og út fyrir ekkert. Þér skuluð eigi eignast gull eður silfur né peninga hafa í lindum yðar né tösku til vegar og eigi tvo kyrtla, engin skóklæði, öngvan staf. Því að verður er verkmaðurinn sinnar fæðu.

En í hverja borg eður kaupstjór þér inn gangið, spyrjið að hver í henni verðugur sé, og þar hjá þeim sama blífið þar til þér farið burtu þaðan.

En nær þér inn gangið í húsið, heilsað því, og ef það sama hús er þess verðugt, mun yðar friður koma yfir það, en ef það er þess eigi verðugt, mun yðar friður til yðar aftur hverfa.

Og hver hann meðtekur yður eigi og eigi heyrir yðvarri ræðu, gangið út af því húsi eða borg og hristið duftið af fötum yðrum. Sannlega segi eg yður að bærilegra mun verða landinu Sódóme og Gómorre á dómsdegi, heldur en þeirri sömu borg.

Sjáið, eg sendi yður svo sem sauði í millum varga. Fyrir því verið forsjalir svo sem höggormar og einfaldir sem dúfur. En varið yður við þeim mönnum; því að þeir munu ofurselja yður fyrir sín ráðhús, og í sínum samkunduhúsum munu þeir yður strýkja. Þér munuð leiddir verða fyrir kónga og landshöfðingja til vitnis yfir þá og fyrir heiðinn lýð.

En nær eð þeir framselja yður, verið eigi hugsjúkir fyrir hverninn eða hvað þér skuluð tala; því að það mun yður á þeirri stundu gefið verða hvað þér eigið að tala. Því að þér eruð eigi þeir sem tala, heldur andi yðvars föðurs sá er talar fyrir yður.

En bróðir mun selja bróður í dauða og faðir soninn. Og niðjarnir munu upp rísa í móti foreldrunum og þeim fjörræði veita. Og þér verðið að hatri hafðir af öllum mönnum fyrir míns nafns sakir. En hver hann er staðfastur allt til enda, sá mun hólpinn verða.*

En nær þeir ofsækja yður í þeirri borg, flýið í aðra. Sannlega segi eg yður að þér munuð eigi fullkomnað geta borgirnar í Ísrael þar til að mannsins sonur hann kemur. Eigi er lærisveinninn yfir meistaranum og ekki þjóninn yfir sínum herra. Nægist lærisveininum að hann sé svo sem hans meistari og þjóninum sem hans herra. Ef þeir hafa húsföðurinn Beelsebúb kallað, hve miklum mun meir munu þeir þá hans heimamenn svo kalla? Af því óttist þá eigi.

Því að ekkert er svo hulið að eigi verði augljóst og eigi svo leynt að ei vitist. Hvað eg segi yður í myrkri, það talið í ljósi, og hvað þér heyrði í eyra, það predikið á ræfrum.

Hræðist eigi þá sem líkamann aflifa og sálina geta eigi líflátið, heldur hræðist þann framar sem sálu og líkama getur tortýnt til helvítis. Kaupast eigi tveir skógarprestir fyrir pening? Og eigi fellur einn af þeim á jörð án yðvars föðurs vild. Svo eru einninn öll yðar höfuðhár talin. Fyrir því óttist eigi, þér eruð mörgum skógarþröstum betri.

Fyrir því hver hann meðkennir mig fyrir mönnum, þann mun eg meðkenna fyrir mínum föður sem á himnum er. En hver hann afneitar mig fyrir mönnum, þeim mun eg afneita fyrir mínum föður sem á himnum er.

Þér skuluð eigi meina að eg sé kominn frið að senda á jörðina. Eigi kom eg frið að senda heldur sverð. Því að eg em kominn að ýfa manninn í móti föður sínum og dótturina í gegn móður sinni og sonarkonuna í gegn móður manns síns. Og mannsins óvinir eru hans eigin hjú.

Hver hann elskar föður og móður meir en mig, sá er mín eigi verðugur, og hver hann elskar son eður dóttir yfir mig, sá er mín eigi verðugur. Og hver hann tekur eigi sinn kross á sig og fylgi mér eftir, sá er mín eigi verðugur. Hver eð finnur sitt líf, sá mun týna því, og hver sínu lífi týnir minna vegna, hann mun það finna.

Hver hann meðtekur yður, sá meðtekur mig, og hver mig meðtekur, hann meðtekur þann sem mig sendi. Hver hann meðtekur spámann í spámanns nafni, sá fær spámanns laun, og hver hann meðtekur réttlátan í réttláts nafni, sá fær réttláts laun. Og hver hann gefur einum af þessum vesalingum kaldan vatsbikar að drekka í lærisveins nafni, sannlega segi eg yður að eigi missir hann sín verðlaun.

Ellifti kapítuli

Og það skeði er Jesús hafði lyktað þessar boðanir til sinna tólf lærisveina, gekk hann þaðan að kenna og predika í þeirra borgum.

En þá Jóhannes heyrði í fjötrunum verk Krists, sendi hann tvo af sínum lærisveinum og lét segja honum: Ertu sá sem koma mun eða eigu vér annars að bíða? Jesús svaraði og sagði til þeirra: Fari þér og kunnngjörð Jóhanni aftur hvað þér sjáið og heyrð: Blindir sjá, haltir ganga, líkþráir hreinsast, daufir heyra, dauðir upprisa, og fátækum verða guðsspjöllin boðuð. Og sæll er sá sem eigi hneykslar sig á mér.

En að þeim burtgengnum hóf Jesús að segja til fólksins af Jóhanni: Hvað fóruð þér á eyðimörk að sjá? Vildu þér sjá reyr vindi skekinn? Eða hvað fóru þér út að sjá? Vildu þér sjá mjúkklaeddan? Sjáið, þeir eð mjúkan klæðnað bera, eru í kóngahúsum. Eða hvað fóru þér út að sjá? Vildu þér spámann sjá? Eg segi yður fyrir sann, þann meiri er en nokkur spámann, því að þessi er, af hverjum skrifað er: Sjá, eg sendi minn engil fyrir þínu augliti, sá er þinn veg skal tilreiða fyrir þér.*

Sannlega segi eg yður. Á meðal þeirra, sem af konum eru fæddir, er eigi annar upp um kominn sá meiri sé en Jón baptista. En hann, sem minnstur er í himnaríki, er honum meiri. En í frá dögum Jóhannis baptista allt til þess nú er komið, þolir himnaríki ofurefli, og þeir sem ofureflið gjöra, hrifsa það til sín. Því að allir spámenn og lögmálið spáðu til Jóhannis. Ef þér viljið það meðtaka, þá er hann Elías sá er koma skal. Hver eyru hefir að heyra, hann heyri.*

En hverju skal eg þessari kynslóð forlíkja? Lík er hún þeim börnum sem sátu á torgi, hver eð kölluðu til sinna líka og sögðu: Vær höfum yður í þípur blásið, og þér vilduð eigi dansa, vær þuldum yður vorar raunir, og þér grétuð eigi. Jóhannes er kominn, át eigi og drakk eigi, og þeir segja hann hafi djöful. Mannsins son er kominn, át og drakk, og þeir segja: Sjáið ofátsmanninn og vinsvelgjarann, vininn tollheimtumanna og syndugra. Og spekin hlýtur svo að réttlætast láta af sínum niðjum.

Þá tók hann að formæla borgunum, í hverjum gjörð voru flest hans kraftaverk og höfðu þó eigi betrað sig. Vei þér, Korasin. Vei þér, Betsaida. Því að ef í Týro og Sídon hefði gjörst þau kraftaverk sem í yður hafa gjörst, hefði þeir forðum í sekk og ösku iðran gjört. En þó segi eg yður að Týro og Sídon mun bærilegra vera á dómsdegi heldur en yður. Og þú Kapernaum, sem allt til himins ert upp hafin, munt niður þrykkjast allt til helvítis. Því að ef í Sódóma hefði þau kraftaverk gjörst sem í þér hafa gjörð verin, kann vera að þær hefði staðið allt til þessa dags. En þó segi eg yður það að bærilegra mun vera landi Sódómu á dómadegi enþér.*

Á þeim sama tíma andsvaði Jesús og sagði: Eg prísá þig faðir, herra himins og jarðar, að þú duldir þetta fyrir spekingum og forvitringum og opinberaðir það smælingjum. Að sönnu, faðir, því að svo var það þekkt fyrir þér. Allir hlutir eru mér ofurgefni af mínum föður, og enginn kennir soninn nema faðirinn, og enginn kennir föðurinn nema sonurinn, og hverjum eð sonurinn vill það opinbera.

Komið til mín allir þér sem erfiði drýgið og þunga eruð hlaðnir, og eg mun endurnæra yður. Takið á yður mitt ok og lærið af mér því að eg em hógvær og af hjarta lítillátur, og munu þér hvíld finna sálum yðrum. Því að mitt ok er sætt og minn þungi er léttur.*

Tólfti kapítuli

Á þeim tíma gekk Jesús um kornsæði á þvottdegi. Og hans lærisveinar voru hungraðir, tóku að tína axin af og að eta. En er farísei sáu það, sögðu þeir til hans: Sjá, þínir lærisveinar gjöra hvað þeim leyfist eigi á þvottdögum að gjöra. En hann sagði til þeirra: Hafi þér eigi lesið hvað Davíð gjörði nær hann og þá, er með honum voru, hungraði, hverninn eð hann gekk inn í Guðs hús og át þau fórnunarbrauð, hver honum leyfðust eigi að eta né heldur þeim sem með honum voru nema einum saman kennimönnum? Eða hafi þér eigi lesið það kennimennirnir á þvottdögum í musterinu brjóta þvottdaginn og eru þó án sakar? En eg segi yður að sá er hér sem musterinu er meiri. En ef þér vissuð hvað það væri (að miskunn hefi eg þókknan og eigi að offri), hefði þér aldrei saklausa fordæmt. Því mannsins son er herra, einninn þvottdagsins.*

Og er hann gekk burt þaðan, kom hann í þeirra samkunduhús. Og sjá, að maður var þar sá er hafði visnaða hönd. Og þeir spurðu hann að og sögðu: Er eigi leyfilegt að lækna á þvottdögum? -svo að þeir gætu áklagað hann. En hann sagði til þeirra: Hver maður er sá af yður sem hefir einn sauð, og ef hann fellur á þvottdögum í gryfju, gripur hann eigi hann og upp dregur? Hve miklu meir er maðurinn sauðnum betri? Fyrir því leyfist á þvottdögum gott að gjöra. Þá sagði hann til mannsins: Rétt út hönd þína. Og hann rétti hana út, og hún varð heil sem hin önnur.*

En farisei gengu út og tóku að hafa ráðagjörðir í móti honum hverninn þeir mættu honum helst fyrirfara. En er Jesús fornam það, veik hann þaðan. Honum fylgdi og margt fólk eftir, og þá alla læknaði hann og bannaði þeim að þeir gjörði hann eigi opinskáran svo það uppfylltist hvað sagt er fyrir Esaíam spámann er segir: Sjáið þjón minn, hvern eg útvalda og minn elskulegan, á hverjum sála mín hefir þókknan. Yfir hann mun eg anda minn setja, og sá skal heiðnum dóminn kunngjöra. Eigi mun hann kífa né kalla, og eigi man nokkur heyra hans kall á strætum. Marinn reyr man hann eigi sundur mylja og reykjandi hör eigi út slökkva þar til hann út drífur dóm til sigranar. Og heiðnir munu á hans nafn vona.*

Þá varð til hans hafður djöfulóða maður sá er blindur var og mállaus. Og þann læknaði hann svo að hinn dumbi og blindi talaði og sá. Allt fólkið óttaðist og sagði: Er þessi eigi sonur Davíðs? En er farisei heyrðu það, sögðu þeir: Eigi rekur þessi djöfla út nema fyrir Beelsebúb djöflahöfðingja.

En Jesús fornam þeirra hugsanir og sagði til þeirra: Hvert ríki í sjálfu sér sundurþykkt man eyðast, og hver borg eður hús, sem misþykk er í sjálfri sér, fær eigi staðið. Og ef andskotinn rekur andskotann út, þá er hann sundurþykkur í móti sjálfum sér. Hverninn fær hans ríki þá staðið? Og ef eg út rek djöfla fyrir Beelsebúb, fyrir hvern verða þeir þá af yðrum sonum útreknir? Af því verða þeir yðrir dómendur. En ef eg út rek djöfla með Guðs anda, þá er þó Guðs ríki til yðar komið.

Eða hverninn fær nokkur inn gengið í öflugum hús og hans borðbúnað í burt gripið nema hann bindi áður hinn öfluga og ræni þá hans hús? Hver hann er eigi með mér, sá er í móti mér, og hver eigi með mér safnar, sá sundur dreifir. Fyrir því segi eg yður: Öll synd og lastanir verða mönnum fyrirgefnar, en löstun í mót andanum fyrirgefst eigi. Og hver hann talar nokkurt orð í móti mannsins syni, honum mun fyrirgefast, en hver eð talar nokkurt orð í móti helgum anda, honum mun hvorki fyrirgefast í þessum heimi né öðrum.

Annaðhvort setjið gott tré, og mun ávöxturinn góður, elligar setjið vont tré, og mun ávöxturinn vondur. Því að af ávextinum þekkist tréið. Þér nöðru kyn, hverninn megi þér gott mæla á meðan þér eruð sjálfir vondir? Því að munnur mælir af gnægð hjartans. Góður maður fram flytur gott af góðum sjóð síns hjarta, en vondur maður af vondum sjóð síns hjarta fram flytur vont. En eg segi yður að af hverju því fáfengu orði, það sem mennirnir tala, munu þeir reikningsskap af gjalda á dómsdegi. Því að af þínum orðum muntu réttlætast, og af þínum orðum muntu fordæmast.*

Þá svöruðu honum nokkrir út af skriflærðum og faríseis og sögðu: Meistari, vér vildum teikn af þér sjá. Hann svaraði og sagði til þeirra: Þetta vonda og hórúnarslekti leitar teikns, og því mun eigi teikn gefast nema teikn Jóna spámanns. Svo sem Jónas var í kviði hvalsins þrjá daga og þrjár nætur, svo mun mannsins son vera í fylgsni jarðar þrjá daga og þrjár nætur. Menn Níníveborgar munu upp rísa á efsta dómi með þessari kynslóð og munu hana fordæma því að þeir gjörðu iðran eftir predikan Jónas, og sjá, hér er meir en Jónas. Drottningin af suðri mun upprísa á efsta dómi með þessari kynslóð og mun hana fordæma því hún kom af endimörkum jarðar að heyra speki Salamonis, og sjá, hér er meir en Salamon.

En nær óhreinn andi fer út af manningum, reikar hann um þurrlandur, leitandi hvíldar og finnur eigi. Þá segir hann: Aftur mun eg snúa í mitt hús, þaðan eg fór út. Og nær hann kemur, finnur hann það tóm, sóplimum hreinsað og fágað. Þá fer hann og tekur sjö aðra anda með sér, þeir eð verri eru en sjálfur hann. Og nær þeir eru inn komnir, byggja þeir þar, og verður þá þess manns hið síðara verra hinu fyrra. Svo mun og ske þessa vondu kynslóð.

Sem hann var enn þetta að tala til fólksins, sjá, að móðir hans og bræður stóðu þar fyrir utan og sóktu að tala við hann. En nokkur sagði til hans: Sjá, að móðir þín og bræður þínir standa úti og vilja þig finna. En hann svaraði og sagði til þess sem til hans talaði: Hver er mín móðir og hverjir eru mínir bræður? Og hann rétti út sína hönd yfir sína lærisveina og sagði: Sjáið, mína móður og mína bræður. Því að hver hann gjörir míns föðurs vilja, þess á himnum er, sá sami er minn bróðir, systir og móðir.

Brettandi kapítuli

Á þeim sama degi gekk Jesús út af húsinu og sat við sjóinn. Og margt fólk safnaðist að honum svo hann sté á skip, setti sig, og allt fólkið stóð í fjörunni. Og hann talaði margt til þeirra í eftirlíkingum og sagði: Sá er sáði, gekk út að sá sínu sæði, og þá hann sáði, féll sumt við veginn, og fuglar komu og átu það. En sumt féll í grýtta jörð hvar það hafði eigi mikla jörð og rann fljótlega upp því að það hafði eigi jarðardýpi. En sem sólin rann upp, skrældist það, og af því að það hafði eigi rót neina visnaði það. En sumt féll á millum þyrna, og þyrnarnir spruttu upp og kæfðu það. En sumt féll í góða jörð og færðu ávöxt, sumt hundraðfaldan, sumt sextugfaldan, sumt þrítugfaldan. Hver eyru hefir að heyra, sá heyri.

Og lærisveinarnir gengu til hans og sögðu: Fyrir hví talar þú til þeirra í eftirlíkingum? Hann svaraði og sagði: Yður er unnt að vita leynda dóma himnaríkis, en þeim er það eigi veitt. Því að hver eð hefur, honum mun gefast svo hann gnóg hafi, en sá er eigi hefur, af honum mun og takast það hann hefir. Fyrir því tala eg til þeirra í eftirlíkingum að með sjáanda augum sjái þeir eigi og heyranda eyrum heyri þeir eigi því að þeir skilja það eigi. Svo að á þeim uppfylltist spádómur Esaia er hann segir: Eyrinum munu þér heyra, og þó munu þér það eigi skilja, og með sjáandi augum munu þér sjá og eigi skynjað geta. Því að þessa fólks hjarta er forharðnað, og þeirra eyru eru þungheyrð og augu þeirra saman lukt svo að þeir eigi með augum sjái og eyrum heyri né með hjartanu skilji til að leiðrétta sig svo að eg lækni þá.

En sæl eru yðar augu það er þau sjá og yðar eyru það er þau heyra. Sannlega segi eg yður það margir spámenn og réttlátir fýstust að sjá hvað þér sjáið og hafa það eigi séð og að heyra hvað þér heyrð og hafa það eigi heyrt. Af því heyrð þessa eftirlíking sæðarans: Þá er nokkur heyrir orðið ríkisins og undirstendur eigi, kemur hinn vondi og hrifsar burt hvað sáð er í hans hjarta. Þetta er það hvað við veginn er sáð. En sá sem í grýtta jörð er sáður, er sá, hver orðið heyrir og fljótlega af fagnaði meðtekur það, en hann hefir eigi rót í sér, heldur er hann fráhverfur. Nær eð hrellingar og ofsóknir hefjast fyrir orðsins sakir, skammfyllist hann jafnskjótt. En hann á millum þyrna er sáður, er hann sem heyrir orðið, og áhyggja þessarar veraldar og fláttskapur féðráttar kefur orðið og verður svo án ávaxtar. En sá í góða jörð er sáður, er hann sem heyrir orðið og undirstendur það og færir ávöxt, sumir hundraðfaldan, sumir sextugfaldan, sumir þrítugfaldan.

Aðra eftirlíking lagði hann þeim fyrir og sagði: Himnaríki er líkt þeim manni, sá er sáði góðu sæði í akur sinn. En þá menn sváfu, kom hans óvin og sáði illgresi með í bland hveitið og fór í burt. En er grasið spratt upp og bar ávöxt, þá auglýstist og illgresið. En þénararnir gengu til húsföðursins og sögðu: Lávarður, sáðir þú eigi góðu sæði í akur þinn? Hvaðan kemur honum þá illgresið? Og hann sagði til þeirra: Það hefir fjandmaður gjört. Þjónarnir sögðu þá: Viltu að vær förum og útlesum það? Hann sagði: Nei, svo að þér upprætið eigi hveitið undir eins. Nær þér útleysið illgresið, látið hvorttveggja vaxa allt til kornskurðar. Og á kornskerutíma skal eg segja til kornskurðarmanna: Lesið fyrst illgresið saman og bindið það í smá byndini til brennslu, en hveitinu saman safnið í mína kornhlöðu.*

Aðra eftirlíking lagði hann enn fram fyrir þá og sagði: Himnaríki er líkt mustarðskorni, það maður tók og sáði í akur sinn, hvað eð minnst er allra sæða. En nær það sprettur upp, er það stærst allra kálgrasa og verður það tré að fuglar loftsins koma og byggja undir þess kvistum.

Enn aðra eftirlíking talaði hann til þeirra: Líkt er himnaríki súrdeigi, það kona tók og faldi í þrimur mælum mjöls þar til að það sýrðist allt til sama.

Þetta allt talaði Jesús í eftirlíkingum til fólksins, og fyrir utan eftirlíkingar talaði hann eigi til þeirra svo að uppfylltist hvað sagt er fyrir spámanninn, þann er segir: Munn minn mun eg upplúka í eftirlíkingum, og leyndan dóm mun eg útmæla af upphafi veraldar.

Þá lét Jesús fólkið frá sér og kom inn í húsið. Og hans lærisveinar gengu til hans og sögðu: Kenn þú oss líkingina illgresisakursins. Jesús svaraði og sagði til þeirra: Hann sem sár góðu sæði er mannsins sonur, en akurinn er heimurinn, góða sæðið eru þeir ríkisins synir, en illgresið eru illskunnar synir. En óvinurinn, sá er sáði því, er djöfullinn. En kornskerutíminn er ending þessarar veraldar, kornskurðarmennirnir eru englarnir. Því líka sem nú verður illgresið útleysið og eldi brennt, svo man og ske í enda þessarar veraldar. Því að mannsins son mun út senda sína engla, og þeir munu saman lesa af hans ríki öll hneyksli og þeim er rangindi gjöra, og þeir munu svo kasta þeim í eldsins ofn. Þar man vera grátur og tannagnístran. En þá munu réttlátir ljóma sem sól í ríki föðurs þeirra. Hver eyru hefir að heyra, hann heyri.

Og enn þá er himnaríki líkt fólgnum fjársjóð á akri, hvern eð maður fann og faldi hann. Og af þeim fagnaði, er hann hafði yfir honum, gekk hann burt og seldi allt hvað hann hafði og keypti þann sama akur.

Og enn aftur er himnaríki líkt þeim kaupmanni er góðrar perlu leitaði. Og þá hann fann eina forkostulega perlu, fór hann til og seldi allt hvað hann hafði og keypti þá sömu. Og enn aftur er himnaríki líkt neti því sem í sjó er kastað og með hverju af öllu fiska kyni dregið verður. En nær það er fullt, draga þeir það að landi, sitja síðan og saman lesa hina góðu í keröld, en vondum snara þeir út. Svo man og ske í enda veraldar að englar munu út fara og hina vondu mitt frá réttlátum skilja, og þeim munu þeir kasta í eldsins ofn, hvar vera man óp og tannagnistran.

Og Jesús sagði til þeirra: Hafi þér allt þetta undirstaðið? Þeir sögðu: Einninn herra. Þá sagði hann: Fyrir því, hver sá skriflærður sem til himnaríkis menntaður er, hann líkist þeim húsföður sem framber af sínum thesaur nýtt og gamalt.*

Og það skeði þá Jesús hafði lyktað þessar eftirlíkingar að hann gekk þaðan og kom til sinnar fósturjarðar og kenndi þeim í þeirra samkunduhúsum svo að þeim grúaði og sögðu: Hvaðan kemur þessum slík speki og kraftar? Er þessi eigi timbursmiðsins son? Heitir hans móðir ekki María og bræður hans Jakob og Jósef, Símon og Júda? Og eru hans systur eigi hér hjá oss? Hvaðan kemur þessum allt þetta? Og svo skammfylltust þeir við hann. En Jesús svaraði og sagði til þeirra: Spámaður er eigi án vegsemda nema á sinni fósturjörð og í sínu húsi. Og eigi gjörði hann þar mörg kraftaverk fyrir sakir vantrúar þeirra.

Fjórtaði kapítuli

Á þeim tíma heyrði Heródes tetrarkas ryktið af Jesú. Og hann sagði til sinna hirðsveina: Þessi er Jón baptista, hver af dauða er upp aftur risinn, og því gjörast þessi kraftaverk af honum. Því að Heródes hafði fanga látið Jóhannem, bundið og í varðhöld sett fyrir sakir Heródíadis, húsfreyju Filippi bróður hans. Því að Jóhannes hafði til hans sagt: Eigi hæfir þér hana að hafa. Og því vildi hann hafa líflátið hann, en þorði þó eigi fyrir fólkinu því að það hélt hann fyrirspámann.

En að ártíðardegi Heródis dansaði dóttir Heródíadis mitt frammi fyrir honum og það hagaði Heródes ofur vel. Af því lofaði hann með eiði að gefa henni, hvers hún æskti af honum. Og eftir því hún var áður til eggjuð af móður sinni, sagði hún: Gef mér hér á diskum höfuð Jóns baptista. Og konungurinn varð hryggur, en þó fyrir eiðsins sakir og þeirra er með honum til borðs sátu, bauð hann að það gefist henni, sendi út og lét afhöfða Jóhannem í myrkvastofu, og var höfuð hans borið á diskum og gefið stúlkunni, og hún færði móður sinni. Þá fóru lærisveinar hans og tóku hans líkama og grófu, komu síðan og kunngjörðu það Jesú.

En er Jesús heyrði það, fór hann þaðan á skipi alleina til eyðimerkur. Og þá fólkið heyrði það úr stöðunum, fylgdi það honum eftir á fæti. Og Jesús gekk fram undan og leit þann mikla múg og sá aumur á þeim og læknaði þá af þeim sem krankir voru. En að kveldi gengu hans lærisveinar til hans og sögðu: Þessi staður er í eyði, tíminn tekur að líða. Lát fólkið frá þér að það gangi í kaupþúning og kaupir sér þar fæðu. En Jesús sagði til þeirra: Þeir hafa þess eigi þörf að þeir gangi í burt, gefi þér þeim að eta. Þeir sögðu: Vær höfum ekki hér nema fimm brauð og tvo fiska. Hann sagði: Færið mér þau hingað. Og hann bauð fólkinu niður að setjast á grasið og tók þau fimm brauð og tvo fiska, leit til himins, blessaði og braut þau og gaf sínum lærisveinum brauðin, en lærisveinarnir gáfu þau fólkinu. Og þeir snæddu allir og urðu saddir og tóku upp þær leifar er af gengu, tólf karfir fullar. En þeir eð etið höfðu, voru tals fimm þúsund manna undanteknum konum og börnum.

Og jafnsnart kom Jesús sínum lærisveinum til að þeir gengi á skip og færu fyrir honum yfir um sjáinn þar til hann léti fólkið frá sér. Og er hann hafði fólkið frá sér látið, gekk hann einn saman upp á fjallið að biðjast fyrir. Og um kveldið var hann þar alleina. En skipið var þá mitt á sjánum og hraktist í bylgjunum því að vindurinn var þvert í móti. En um fjórðu eykt nætur kom Jesús til þeirra gangandi á sjánum. En er lærisveinarnir sáu hann á sjánum ganga, hræddust þeir og sögðu að það væri skrímsl og kölluðu upp af hræðslu. En Jesús talaði strax til þeirra og sagði: Verið stöðugir, eg em hann, óttist eigi.

En Pétur svaraði honum og sagði: Ef þú ert það, herra, þá bjóð mér að koma til þín á vatninu. Og hann sagði: Kom. Og Pétur sté af skipinu og gekk á vatninu að hann kæmi til Jesú. En er hann leit megnan vind, óaði honum og tók að sökkva, kallaði og sagði: Herra, hjálpa þú mér. En Jesús rétti jafnsnart höndina út og greip hann og sagði til hans: Þú lítultrúaður, fyrir hví efaðir þú? Og er þeir voru á skipið komnir, kyrrði vindinn. En þeir sem á skipinu voru, komu og féllu fram fyrir honum og sögðu: Sannlega ertu Guðs sonur. Og þeir fóru yfir um og komu til Genesaretsjarðar. Og er hann þekktu þarsveitarmenn, sendu þeir út um allt það byggðarlag og færðu til hans alla vanfæra menn og báðu hann um að þeir mættu aðeins snerta föll hans fata. Og svo margir sem að hann snertu, urðu allir heilbrigðir.

Fimmtánda kapítuli

Þá gengu til hans skriflærðir og farisei af Jerúsalem og sögðu: Fyrir því ofurtroða þínir lærisveinar öldunganna uppsetninga með því þeir þvo eigi sínar hendur er þeir brauð eta? Hann svaraði og sagði til þeirra: Fyrir því ofurtroði þér Guðs boðorð fyrir yðvarn uppsetning? Því Guð sagði: Heiðra skalt þú föður þinn og móður, og: Hver hann bölvur föður eður móður, sá skal dauða deyja. En þér segið að hver skuli segja til föður eða til móður: Það er Guði gefið, hvar með eg skylda þér hjálpa. Af því sker það að nær enginn heiðrar föður sinn né móður og hafið svo ónýtt gjört Guðs boðorð fyrir yðvars uppsetnings sakir. Þér hræsningar, vel hefir Esaias spáð af yður er hann segir: Þessi lýður nálægist mig með sínum munn og heiðrar mig með vörum sínum, en þeirra hjörtu eru langt frá mér. Að öngu dýrka þeir mig á meðan þeir kenna þær kenningar sem ekki eru annað en boðorð manna.

Og hann kallaði fólkið til sín og sagði til þeirra: Heyrið þér og undirstandið það hvað er inn gengur í munninn, það saurgar eigi manninn, heldur hvað er fram af munninum gengur, það saurgar manninn.

Þá gengu hans lærisveinar að honum og sögðu: Veist þú að þá er þeir farisei heyrðu það orð, skammfylltust þeir? En hann svaraði og sagði: Öll plantan, hverja minn himneskur faðir plantar eigi, mun upprætast. Látið þá fara. Þeir eru blindir og blindra leiðtogarar. Því ef blindur leiðir blindan, þá falla þeir báðir í gröfina.

Þá svaraði Pétur og sagði til hans: Þýð oss þessa eftirlíking. Jesús sagði til þeirra: Eru þér enn svo skilningslausir? Skynjið þér eigi að allt hvað í munninn gengur, það hverfur í magann og verður fyrir eðlilega rás útskúfað. En hvað af munninum fram gengur, það kemur út af hjartanu. Því að út af hjartanu koma vondar hugsanir, manndráp, hördómur, frillulífi, þjófnaður, ljúgvitnan, lastanir. Þetta er það hvað manninn saurgar. En með óþvegnum höndum að eta saurgar eigi manninn.*

Jesús gekk burt þaðan og fór í landsálfur Týro og Sídonis. Og sjá, að kanversk kona gekk út af þeim sömum takmörkum, kallaði og sagði: Ó herra, sonur Davíðs, miskunna þú mér. Mín dóttir kvelst illa af djöflinum. Lát hana fara af því hún kallar eftir oss. En hann svaraði og sagði: Eg em eigi sendur nema til fortapaðra sauða af húsi Írael. En hún kom og féll niður fyrir honum og sagði: Hjálpa þú mér, herra. En hann svaraði henni og sagði: Það er eigi tærlegt að taka brauðið, það barnanna er og kasta því fyrir hundana. En hún sagði: Satt er það, herra, en þó eta hundar af molum þeim sem detta af borðum drottna þeirra. Þá svaraði Jesús og sagði til hennar: Þú kona, mikil er trúa þín. Verði þér svo sem þú vilt. Og á þeirri sömu stundu varð hennar dóttir heilbrigð.*

Og er Jesús gekk þaðan, kom hann að sjánum í Galílea, gekk upp á fjallið, setti sig þar, og margt fólk dreif til hans, hafandi með sér halta, blinda, mállausa, vanaða og marga aðra og snörpuðu þeim fram fyrir fætur Jesú. Og hann læknaði þá svo að fólkið undraðist er það sá mállausa mæla og vanaða heila, halta ganga, blinda sjáandi og veggsmuðu Guð Ísraels.

Og Jesús kallaði sína lærisveina til sín og sagði: Mig aumkar fólksins. Því að þeir hafa þrjá daga hjá mér verið og hafa ekki til matar. Og fastandi vil eg þá eigi frá mér fara láta svo að eigi verði þeir hungurmorða á veginum. Lærisveinarnir sögðu til hans: Hvaðan töku vær svo mörg brauð hér á eyðimörku að vér sedjum með jafnmargt fólk? Jesús sagði til þeirra: Hversu mörg brauð hafi þér? Þeir sögðu: (vii) og fá fiskakorn. Og hann bauð fólkinu að það settist niður á jörðina og tók þau sjö brauðin og fiskana. Og er hann hafði þakkir gjört, braut hann þau og gaf lærisveininum. Hans lærisveinar gáfu þau fólkinu, og þeir átu allir og urðu saddir og töku upp það sem yfir var molanna (vii) karfir fullar. En þeir sem matast höfðu, voru fjórar þúsundir manna fyrir utan konur og börn. Og er hann hafði fólkið frá sér látið, sté hann á skip og kom í endurmerkur Magdalalands.

Sextánda kapítuli

Þá gengu farisei og saddúkei til hans freistandi hans og báðu hann að sýna sér teikn af himni. En hann svar aði þeim og sagði: Á kveldin segi þér: Það verður fint veður því að himinroði er. Og á morgna segi þér: Í dag verður hreggviðri því að himinninn er rauður og dimmur. Þér hræsningar, himinsins ásján kunnir þér að dæma, en að vita teikn þessara tíma kunnir þér eigi. Þessi vonda hördóms kynslóð æskir teikns, og henni skal ekkert teikn gefið verða nema teikn Jóna spámans. Og hann forlét þá og gekk í burt.

Og er hans lærisveinar voru yfir um farnir, höfðu þeir gleymt brauð með sér að taka. En Jesús sagði til þeirra: Sjáið til og vaktið yður við súrdeigi þeirra fariseis og saddúkeis. Þá þenktu þeir með sér og sögðu: Það mun vera það vær höfum eigi brauð með oss tekið. En er Jesús fornam það, sagði hann til þeirra: Þér lítiltrúaðir, hvar fyrir hugsi þér um það þó þér hafið eigi brauðin með yður haft? Skiljið þér enn ekki?

Minnist þér eigi á þau fimm brauð á meðal fimm þúsunda eða hversu margar karfir að þér tókuð þá upp? Og eigi enn á þau víi brauð á meðal fjöggra þúsunda og hversu margar karfir eð þér tókuð þá upp? Hvar fyrir skilji þér eigi að eg sagða yður ekki af brauðinu, en eg segi: Vaktið yður við súrdeigi þeirra fariseis og saddúkeis. Þá undirstóðu þeir að hann hafði eigi sagt þeim það þeir skyldi vara sig við súrdeigi brauðsins, heldur við lærdómi þeirra fariseis og saddúkeis.

Þá kom Jesús í landsálfur borgarinnar Sesaree Filippi og spurði sína lærisveina að og sagði: Hvað segja menn til hver mannsins sonur sé? Þeir sögðu: Sumir segja þú sért Jóhannes baptista, en aðrir þú sért Elías, sumir að þú sért Jeremías eður einn af spámönnum. Jesús sagði til þeirra: Hvern segi þér mig vera? Þá svaraði Símon Petrus og sagði: Þú ert Kristur, sonur Guðs lifanda. En Jesús svaraði og sagði til hans: Sæll ertu, Símon Jónasson. Því að hold og blóð birti þér það eigi, heldur minn himneskur faðir. Eg segi þér og að þú ert Petrus, og yfir þennan hellustein mun eg uppbyggja mína samkund, og hliðin helvítanna skulu eigi magn hafa í gegn henni. Og þér mun eg gefa lykla himnaríkis, og allt hvað þú bindur á jörðu, og allt hvað þú leysir á jörðu, skal á himnum leyst vera.

Þá fyrirbauð hann sínum lærisveinum að þeir segði það öngum að hann væri sá Jesús Kristur. Þaðan í frá tók Jesús til að auglýsa fyrir sínum lærisveinum það honum byrjaði að ganga til Jerúsalem og margt að líða af öldungum, skriflærðum og kennimannahöfðingjum og líflátinn verða og á þriðja degi upp að rísa. En Pétur tók hann út af, átalði hann og sagði: Herra, þyrm sjálfum þér að eigi hendi þig þetta. En hann snerist við og sagði til Péturs: Far frá mér, andskoti, þú ert mér hneykslanlegur því að þú skilur eigi hvað Guðs, heldur hvað mannanna er.

Jesús sagði þá til sinna lærisveina: Ef nokkur vill mér eftir fylgja, þá afneiti hann sjálfum sér og taki sinn kross á sig og fylgi mér eftir. Því að hver hann vill sitt líf forvara, sá man því týna, en hver sínu lífi týnir fyrir mínar sakir, sá mun það finna. Því hvað stoðar það mannum þó hann hreppti allan heiminn, en gjörði tjón sinnar sálu? Eður hvað mun maðurinn fá gefið, það hann sálu sína með endurleysi? Því að það man ske að mannsins son mun koma í dýrð síns föðurs með sínum englum, og þá mun hann gjalda hverjum sem einum eftir sínum verkum. Sannlega segi eg yður að nokkrir standa þeir hér sem dauðann munu eigi smakka þar til að þeir sjá mannsins son komanda í sínu ríki.

Seytjándi kapítuli

Og sex dögum þar eftir tók Jesús með sér Petrum og Jakobum og Jóhannem bróður hans og hafði þá afsíðis upp á hátt fjall og auglýstist fyrir þeim. Og hans ásján skein sem sól, en hans klæði urðu svo björt sem ljós. Og sjá, að honum birtust þeir Moyses og Elías og töluðu við hann. En Pétur ansaði og sagði til Jesús: Herra, hér er oss gott að vera. Ef þú vilt, þá vilju vær gjöra hér þrjár tjaldbúðir, þér eina, Moyses eina, Elíe eina. Og þá er hann var þetta að tala, sjá, að bjart ský umskyggði þá, og sjá, að röddin úr skýinu sagði: Þessi er sonur minn elskulegur, að hverjum mér vel þóknast. Heyrið honum. Og er lærisveinarnir heyrðu það, féllu þeir fram á sínar ásjánir og urðu mjög hræddir. En Jesús gekk til þeirra, tók á þeim og sagði: Standið upp og verið eigi hræddir. En er þeir litu upp, sáu þeir öngvan nema Jesúm einn saman.

Og er þeir gengu ofan af fjallinu, bauð Jesús þeim og sagði: Þér skulu öngum þessa sjón segja þar til að mannsins son er upp aftur risinn af dauða.* Og hans lærisveinar spurðu hann að og sögðu: Hvar fyrir segja hinir skriflærðu þá það Elías hljóti áður að koma? Jesús svaraði og sagði til þeirra: Elías á að sönnu áður að koma og alla hluti að lagfæra. En eg segi yður það Elías er nú kominn, og þeir kenndu hann eigi, heldur gjörðu þeir við hann hvað helst þeim líkaði. Svo man og mannsins son verða af þeim að líða. Þá undirstóðu lærisveinarnir það hann hafði sagt af Jóhanni baptista.

Og er þeir komu til fólksins, gekk maður til hans, féll og á knéin fyrir honum og sagði: Herra, miskunna þú syni mínum. Því að hann er tunglsjúkur og er herfilega pyngaður því oft fellur hann á eld og þrátt sinnis í vatn. Eg hafða hann og til þinna lærisveina, og þeir gátu hann eigi læknað. En Jesús svaraði og sagði: Ó, þú vantrúuð og rangsnúin kynslóð, hversu lengi skal eg hjá yður vera? Hversu lengi á eg yður að líða? Hafði hann hingað til mín. Og Jesús hastaði á hann, og djöfullinn fór út af honum. Og sveinninn varð heilbrigður á samri stundu.

Þá gengu lærisveinarnir heimulega til Jesú og sögðu: Fyrir því gátu vær eigi rekið hann út? Jesús svaraði og sagði til þeirra: Fyrir yðvarrar vantrúar sakir. Því eg segi yður fyrir sann: Ef þér hefðuð trú svo sem mustarðskorn, mætti þér segja fjalli þessu: Far þú héðan og þangað, og mundi það fara. Og ekkert mundi yður ómáttugt vera. En þetta kyn rekst eigi út nema fyrir bæn og föstu.

En sem þeir sýsluðust um í Galílea, sagði Jesús til þeirra: Eftirkomandi er það mannsins sonur man ofurseldur verða í manna hendur og líflátinn verða, og á þriðja degi mun hann upp rísa. Og við það urðu þeir næsta hryggvir.

Og er þeir komu til Kapernaum, gengu þeir að Pétri sem skattgjaldið upp báru og sögðu: Yðar meistari, geldur hann eigi skattpeninginn? Hann sagði: Já. Og er hann gekk inn í húsið, kom Jesús fram að honum og sagði: Hvað list þér Símon, af hvorum taka jarðlegir konungar toll eður skattpening? Af sínum sonum eður af annarlegum? Pétur sagði: Af annarlegum. Jesús sagði til hans: Þá eru synirnir frí. En svo að vér séum þeim eigi að hneykslan, þá far til sjávar og varpa út önglinum og þann fisk, sem fyrstur kemur upp, tak þú. Og er þú opnar hans gin, muntu finna eina stateram. Þá sömu tak og gef honum fyrir mig ogþig.

Átjándi kapítuli

Í þann sama tíma gengu lærisveinarnir til Jesú og sögðu: Hver er mestur í himnaríki? Jesús kallaði barn til sín og setti það mitt á millum þeirra og sagði: Sannlega segi eg yður: Nema þér snúist og verðið svo sem smábörn, munu þér eigi inn ganga í himnaríki. Hver sjálfur sig lækkar svo sem ungbarni þetta, sá er mestur í himnaríki. Og hver sem meðtekur eitt þvílíkt ungmenni í mínu nafni, sá meðtekur mig. En hver hann hneykslar einn af þeim vesalingum sem á mig trúa, þarfara væri honum að mylnusteinn hengdist á háls honum og væri í sjávardjúp sökktur.

Ve sé heiminum fyrir hneykslanir. Þar hljóta hneykslanir að koma, en þó ve sé þeim manni, fyrir hvern eð hneykslunin kemur. En ef þín hönd eður þinn fótur hneykslar þig, sníð hann af og snara honum frá þér. Betra er þér inn að ganga til lífsins, haltur og handarvani en það þú hafir tvær hendur og tvo fætur og verðir í eilífan eld kastaður. Og ef að auga þitt hneykslar þig, þá slít það út og snara því frá þér. Betra er þér eineygðum inn að ganga til lífsins en það þú hafir tvö augu og verðir í helvískan eld kastaður. Sjáið til að þér forsmáid ekki einn af þessum vesalingum. Því að eg segi yður að þeirra englar á himnum sjá jafnan míns föðurs auglit á himnum.* Því að mannsins son kom að frelsa, hvað fortapað er. Hvað virðist yður að ef einn hver hefði hundrað sauða og villist einn af þeim, skilst hann eigi við þá níu og níutigi á fjöllum uppi og fer að leita hans sem villtist? Og ef svo sker að hann finnur þann, sannlega segi eg yður að hann fagnar meir yfir þeim en yfir hinum níu og níutigum sem eigi villtust. Svo er eigi vilji fyrir föður yðrum sem á himnum er að einn af þessum vesalingum færist.

En ef bróðir þinn brýtur við þig, far þú og straffa hann milli þín og hans eins samans. Ef hann heyrir þig, þá hefur þú þinn bróður unnið. En ef hann heyrir þig eigi, þá tak enn einn eður tvo til þín svo að í munni tveggja eður þriggja vitna standi öll orð. Nú ef hann heyrir eigi þeim, þá seg það samkundunni, en ef hann heyrir eigi samkundunni, þá halt hann sem annan heiðingja og tollheimtumann. Sannlega segi eg yður: Hvað helst þér bindið á jörðu, skal og á himnum bundið vera, og hvað helst þér leysið á jörðu, skal leyst vera á himni. Og enn segi eg yður það, hvað ef tveir af yður samtaka á jörðu um hvern hlut sem það er, eð þeir vilja biðja, skal þeim veitt vera af mínum föður sem á himnum er. Því að hvar tveir eður þrír samansafnaðir eru í mínu nafni, þar em eg mitt í millum þeirra.

Þá gekk Pétur til hans og sagði: Herra, hversu oft hlýt eg mínum bróður, þeim sem við mig brýtur, að fyrirgefa? Er það nóg sjö sinnum? Jesús sagði til hans: Eg segi þér: Eigi sjö sinnum, heldur sjötigi sinnum sjö sinnum.* Fyrir því er himnaríki líkt þeim konungi sem reikna vildi við þjóna sína. Og er hann tók til að reikna, kom einn fyrir hann, sá er honum var skyldugur tíu þúsund punda. En þá hann hafði eigi til hvað hann skyldi gjalda, bauð herrann að selja hann og hans húsfreyju, svo og börnin og allt hvað hann átti og borga með. En sá þjón féll fram, tilbað hann og sagði: Herra, haf þolinmæði við mig, allt skal eg þér gjalda. En herrann sá aumur þess þjóns og lét hann lausan og gaf honum upp skuldina.

Þá gekk sá sami þjón út og fann einn af sínum samlagsþjónum. Sá var honum hundrað peninga skyldugur. Þann greip hann og tók fyrir kverkar honum og sagði: Gjalt hvað þú ert mér skyldugur. Þá féll hans samlagsþjón fram, bað hann og sagði: Haf þolinmæði við mig, það allt skal eg þér gjalda. En hann vildi eigi, heldur fór hann til og lét hann í dýplissu þar til hann hefði borgað sína skuld. En er hans samþjónar sáu hvað skeði, urðu þeir mjög hryggvir við, komu og undirvísuðu sínum herra allt hvað gjörst hafði. Þá kallaði hans herra á hann og sagði til hans: Þú hinn strafflegi þjón, alla þessa skuld gaf eg þér til með því þú baðst mig. Byrjaði þér eigi miskunnsamur að vera við þinn samlagsþjón líka sem eg

var þér miskunnssamur? Og hans herra varð reiður og ofurseldi hann kvölurinum þangað til að hann hefði borgað allt hvað hann var honum skuldugur. Svo mun minn himneskur faðir gjöra yður ef þér fyrirgefið eigi af yðrum hjörtum hver einn sínum bróður misgjörðir sínar.*

Nítjándi kapítuli

Og það skeði sem Jesús hafði lyktað þessa ræðu að hann fór af Galílea og kom í endimerkur Gyðingalands öðrumegin Jórdanar. Og margt fólk fylgdi honum eftir, og þar læknaði hann

Þá gengu farisei til hans, freistuðu hans og sögðu: Leyfist nokkuð manningum að forlata sína eiginkonu fyrir hverja sem eina sök? En hann svaraði og sagði til þeirra: Hafi þér eigi lesið að sá er í upphafi skapaði manninn, hann gjörði það að vera skyldi maður og kona og sagði: Fyrir því mun maðurinn forlata föður og móður og viðtengjast eiginkonu sinni, og þau tvö munu eitt hold vera. Svo eru þau nú eigi tvö, heldur eitt hold. Því hvað Guð hefir saman tengt, það skal maðurinn eigi í sundur skilja.

Þá sögðu þeir: Fyrir hví bauð Moyses þá að gefast skyldi skilnaðarskrá og hana að forlata? Hann sagði til þeirra: Moyses hefir fyrir harðúð yðvars hjarta leyft yður að forlata húsfreyjur yðrar, en af upphafi var það eigi svo. En eg segi yður það hver sína eiginkonu forlætur (nema það sé fyrir hórúnarsök) og giftist annarri, sá drýgir hór, og hver sem fráskilinni giftist, sá drýgir og hór.

Þá sögðu lærisveinarnir til hans: Ef svo er háttað mannsins málefnum við eignarkonuna, þá er eigi gagn í að giftast. En hann sagði til þeirra: Þetta orð fá eigi allir höndlað, heldur þeir, hverjum það er gefið. Því að þar eru þeir geldingar sem svo verða af móðurkviði fæddir, og þeir geldingar eru, hverjir af mönnum eru geldir, og þar eru líka þeir geldingar sem sjálfa sig hafa gelt fyrir himnaríkis sakir. Sá gripið getur, hann grípi það.

Þá voru smábörn til hans höfð svo að hann legði hendur yfir þau og hann bæðist fyrir, en lærisveinarnir ávítuðu þá. Jesús sagði til þeirra: Látið börnin kyrr, fyrirbjóðið þeim eigi til mín að koma því að slíkra er sjá, að einn gekk að honum og sagði til hans: Góði meistari, hvað skal eg þess gott gjöra að eg hafi eilíft líf? Hverjum hann svaraði: Hvað kallar þú mig góðan? Enginn er góður nema einn sannarlegur Guð. En ef þú vilt til lífsins inn ganga, svo varðveit þú boðorðin. Hann sagði þá til hans: Hver helst? En Jesús sagði: Eigi skalt þú mann vega, eigi skalt þú hórdóm drýgja, eigi skalt þú annan stela, eigi skalt þú ljúgvitni mæla, heiðra skalt þú föður þinn og móður, og elska skalt þú náunga þinn svo sem sjálfan þig. Þá sagði ungi maðurinn til hans: Þetta allt hefi eg varðveitt í frá barnæsku minni. Hvað brestur mig þá? Jesús sagði til hans: Ef þú vilt algjörður vera, far burt og sel allt hvað þú hefir og gef fátækum, og munt þú þá sjóð hafa á himni. Kom þá og fylg mér svo eftir. Og er hinn ungi maður heyrði það orð, gekk hann hryggur í burt því að hann hafði miklar eigur.

En Jesús sagði til sinna lærisveina: Sannlega segi eg yður að torvelt er ríkum inn að ganga í himnaríki. Og enn segi eg yður það auðveldara er úlfaldanum að smjúga í gegnum nálarauga en ríkum inn að ganga í Guðs ríki. Og er lærisveinarnir heyrðu það, urðu þeir mjög óttaslegnir og sögðu: Hver fær þá hjálpast? En Jesús leit við þeim og sagði til þeirra: Hjá mönnum er það ómögulegt, en hjá Guði er allt mögulegt.

Þá svaraði Pétur og sagði til hans: Sjáðu, að vér forlétum allt og fylgjunt þér eftir. Hvað sker oss þar fyrir? En Jesús sagði til þeirra: Sannlega segi eg yður að þér, hverjir mér hafið eftir fylgt í endurfæðingunni, þá er mannsins son situr á stóli sinnar tignar, munu þér og sitja á tólf stólum, dæmandi tólf kynkvíslir Ísraels. Og hver hann forlætur hús eður bræður, systur, föður eða móður eður eiginkonu eða börn eða akra fyrir míns nafns sakir, sá mun hundraðfalt í staðinn taka og erfa eilíft líf. En margir þeir sem eru fyrstir, verða síðastir og þeir sem síðastir eru, verða hinir fyrstu.*

xx. kapítuli

Himnaríki er líkt þeim húsföður sem út gekk snemma morguns verkmenn að leiga í víngarð sinn. En að gjörðum samningi við verkmennina af daglegu peningsgjaldi sendi hann þá í sinn víngarð. Og nær þriðju stund gekk hann út og leit aðra iðjulausa standa á torginu og sagði til þeirra: Fari þér í minn víngarð, og hvað réttvíst er, mun eg gefa yður. Þeir gengu og þangað. Og enn gekk hann út aftur um séttu og níundu stund og gjörði svo líka. En um elliiftu stund gekk hann út og fann enn aðra standa iðjulausa og sagði til þeirra: Hvar fyrir standi þér hér allan dag iðjulausir? Þeir sögðu til hans: Því að enginn hefir leigt oss. Hann sagði til þeirra: Fari þér og í minn víngarð, og hvað réttvíst er, skulu þér fá.

En þá kveld var komið, sagði herrann víngarðsins til síns ráðamanns: Kallaðu verkmenningu og gjalt þeim verðkaupið. Og hann tók til í frá enum seinasta og allt til hins fyrsta. Þá komu þeir sem um elliftu stund leigðir voru, og hver þeirra meðtók sinn pening. En er hinir fyrstu komu, meintu þeir það þeir mundu fá meira, og hver þeirra meðtók sinn pening. Og þá er þeir höfðu hann meðtekið, mögluðu þeir í móti húsföðurnum og sögðu: Þessir seinustu hafa eina stund erfiðað, og þú gjörðir þá oss jafna, vér sem borið höfum þunga og hita dagsins.

En hann svaraði og sagði til eins þeirra: Vinur, eigi gjöri eg þér órétt. Ertu ekki ásáttur vorðinn við mig um peninginn? Tak hvað þitt er og far burt. En þessum seinasta vil eg gefa svo sem þér. Eða lofast mér ekki að gjöra af mínu hvað eg vil? Eða ertu um það rangeygður þó að eg sé góðgjarn? Svo verða nú síðastir hinir fyrstu og fyrstir hinir síðustu. Því að margir eru kallaðir, en fáir útvaldir.

Og hann ferðaðist upp til Jerúsalem og tók þá tólf lærisveina heimuglega til sín á veginum og sagði til þeirra: Sjáið, vér reisum nú upp til Jerúsalem. Og mannsins son mun ofurseljast kennimannahöfðingjum og skriflærðum. Og þeir munu hann fordæma til dauða og ofurselja hann heiðingjum til spottunar og húðstrokunar og til krossfestunar. Og á þriðja degi mun hann upp aftur rísa.*

Þá gekk móðir sona Sebedei til hans meður syni sína, fallandi fyrir hann fram og bað nokkurs af honum. Og hann sagði til hennar: Hvað vilt þú? Hún sagði til hans: Lát þessa mína tvo sonu sitja í ríki þínu, þann eina til þinnar hægri handar og annan til þinnar vinstri handar. En Jesús svaraði og sagði: Þér vitið eigi hvað þér biðjið. Geti þér þann kalek drukkið, hvern að eg mun drekka, og þeirri skír skírast látið, hverri eg mun skírast? Þeir sögðu til hans: Það getu við. Og hann sagði til þeirra: Minn kalek munu þér að sönnu drekka og þeirri skír, hverri eg skírunst, munu þér skírast. En það að sitja til minnar hægri og vinstri handar er eigi mín að gefa yður, heldur þeim, hverjum það er fyrir búið af mínum föður.

Og er þeir tíu heyrðu það, þykktust þeir þeim tveimur bræðrum. En Jesús kallaði þá til sín og sagði: Þér vitið að veraldarmanna höfðingjar drottna yfir þeim, og þeir eð voldugir eru, hafa yfirvöld. Svo skal eigi vera yðar á milli, heldur hver hann vill yðar á milli voldugur vera, sé sá yðar þénari. Og hver yðar sem fremstur vill vera, veri sá yðar þjón, svo sem mannsins son kom eigi að hann léti sér þjóna, heldur upp á það hann þjónaði og gæfi sitt líf út til endurlausnar fyrir marga.

Og þá er þeir gengu út af Jeríkó, fylgdi honum margt fólk eftir. Og sjáið, að tveir blindir sátu við veginn. Og þá þeir heyrðu það að Jesús gekk þar fram hjá, kölluðu þeir og sögðu: Ó, herra, sonur Davíðs, miskunna þú oss. En fólkið hastaði á þá að þeir þegði, en þeir kölluðu því meir og sögðu: Ó, herra, sonur Davíðs, miskunna þú oss. Og Jesús staðnæmdest, kallaði á þá og sagði: Hvað vilji þið að eg skuli gjöra yður? Þeir sögðu til hans: Herra, það að okkar augu upplúkist. En Jesús sá aumur á þeim, snart augu þeirra, og þeir sáu jafnskjótt og fylgdu honum eftir.

xxi. kapítuli

Og er þeir tóku að nálgast Jerúsalem og komu til Betfage við fjallið Oliveti, sendi Jesús út tvo sína lærisveina og sagði til þeirra: Fari þér í það kaupstjór sem fyrir yður er, og strax þá munu þér finna ösnu bundna og fola hjá henni. Leysið hana og leiðið til mín. Og ef einhver segir nokkuð til yðar, þá segið það herrann hafi þeirra þörf, og jafnsnart mun hann láta þau laus. En það skeði svo að uppfylltist hvað sagt er fyrir spámanninn er segir: Segið dótturinni Sion: Sjá, þinn konungur kemur til þín hógvæ, sitjandi á ösnu og á fola klyfbærilegrar ösnu. En lærisveinarnir gengu burt og gjörðu svo sem Jesús hafði boðið þeim og leiddu með sér ösnuna og folann og lögðu yfir þau sín klæði og settu hann þar upp á. En margt fólk breiddu sín klæði á veginn og aðrir hjuggu kvistu af trjánum og dreifðu þeim á veginn. En það fólkið, sem fyrir gekk og eftir fylgdi, kallaði og sagði: Hósianna syni Davíðs. Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins. Hósianna í hæstum hæðum.

Og er hann fór inn í Jerúsalem, var öll borgin á riðuskjálfi og sagði: Hver er þessi? En fólkið sagði: Þetta er Jesús, spámaðurinn af Nasaret úr Galílea. Og Jesús gekk inn í Guðs mustéri og rak út alla seljendur og kaupendur í mustérinu, og borðum verslunarmanna og stólum þeirra, er dúfur seldu, hratt hann um og sagði til þeirra: Skrifað er: Mitt hús skal bænahús kallast, en þér hafið gjört það að spillvirkjainni. Og til hans gengu blindir og haltir í musterið, og hann læknaði þá.

En er kennimannahöfðingjar og skriflærðir sáu þær undranir sem hann gjörði og það börnin kölluðu í mustérinu og sögðu: Hósianna þeim syni Davíðs, reiddust þeir og sögðu til hans: Heyrir þú hvað þessi segja? Jesús sagði til þeirra: Já, viti menn, hafi þér aldri lesið það, af munni ungbarna og brjóstmylkinga

hafðir þú lofið tilreitt? Og hann forlét þá og gekk út af borginni til Betania og bleif þar.* En að morgni er hann gekk aftur til borgarinnar, hungraði hann. Og sem hann sá eitt fikjutré við veginn, gekk hann þangað að og fann ekkert á því nema einasta blöðin og sagði til þess: Héðan í frá vaxi aldregi ávöxtur af þér að eilífu. Og það fikjutré visnaði upp jafnsnart. Og er lærisveinarnir sáu það, undruðust þeir og sögðu: Hverninn er fikjutréið svo snart upp þornað? En Jesús svaraði og sagði til þeirra: Sannlega segi eg yður: Ef þér hafið trúna og efið eigi, munu þér eigi einasta gjöra þetta við fikjutréið, heldur og ef þér segðu þessu fjalli: Tak þig upp og fleyg þér í sjóinn, þá mundi það ske. Og allt hvað þér biðjið í bæninni, ef þér trúið því, þá munu þér það öðlast.

Og sem hann kom í musterið, gengu til hans (sem hann var að kenna) prestahöfðingjar og öldungar lýðsins og sögðu: Út af hvaða makt gjörir þú þetta? Og hver gaf þér þessa makt? En Jesús svaraði og sagði til þeirra: Eg man spyrja yður og að einu orði. Ef þér segið mér það, mun eg og segja yður út af hvað makt eg gjöri þetta. Skírn Jóhannis, hvaðan var hún? Hvort af himni eður af mönnum? En þeir hugsuðu með sér: Ef vér segjum af himni, segir hann til vor: Fyrir því trúðu þér honum eigi? En ef vér segjum af mönnum, þá megu vær óttast fólkið því að allir héldu Jóhannem fyrir spámann. Og þeir svöruðu Jesú og sögðu: Vér vitum eigi. Hann sagði þá til þeirra: Svo segi eg yður eigi heldur út af hvað makt eg gjöri þetta.

En hvað list yður? Maður nokkur hafði tvo sonu og gekk til ens fyrsta og sagði: Sonur, far þú í dag að verka í víngarði mínum. En hann svaraði og sagði: Eigi vil eg. Eftir á iðraði hann þessa og gekk burt. En hann gekk og til hins annars og sagði slíkt hið sama. En hann svaraði og sagði: Fara skal eg, og fór ekki. Hvor af þeim tveimur gjörði föðursins vilja? Þeir sögðu til hans: Hinn fyrsti. Jesús sagði til þeirra: Sannlega segi eg yður að tollheimtarar og pútur munu fyrri komast í Guðs ríki en þér. Því að Jóhannes kom til yðar og lærði yður réttlætisgötu, og eigi trúðu þér honum, en tollheimtumenn og pútur trúðu honum. En þó að þér lituð þetta, gjörðu þér öngva yfirbót svo að eftir á hefði þér honum trúað.

Heyrið enn aðra eftirlíking: Húsaðir nokkur var þar, sá er plantaði víngarð og girti í kringum hann og gróf í honum vínþrúgu og upp byggði turn og leigði hann víngarðsmönnum og ferðaðist síðan langt burt. En þá er fjóvngunartími tók að nálgast, sendi hann sína þjóna til víngarðsmannanna að þeir meðtækju hans ávöxtu. Þá tóku víngarðsmennirnir hans þjóna, þann eina strýktu þeir, annan aflífuðu þeir, hinn þriðja grýttu þeir. Og í annað sinn sendi hann aðra þjóna út sem meiri voru hinum fyrstum, og þeim gjörðu þeir slíkt hið sama. En síðast sendi hann son sinn til þeirra og sagði: Má vera að þeir feili sér fyrir syni mínum. En er víngarðsmennirnir sáu soninn, sögðu þeir með sér: Þessi er erfinginn. Komi þér og aflífu vær hann og leggjum svo undir oss hans arfleifð. Og þeir gripu hann og ráku hann út af víngarðinum og aflífuðu hann. En nær herrann víngarðsins kemur, hvað man hann gjöra við þessa víngarðsmenn? Þeir sögðu til hans: Þeim vondum mun hann vondslega fyrirfara og sinn víngarð byggja öðrum víngarðsmönnum, þeir eð honum ávöxt gjalda í réttan tíma.

Jesús sagði til þeirra: Hafi þér aldri lesið í ritningunum, að þann stein sem byggjendur höfðu út kastað, hann er nú vorðinn að höfði hyrningar? Af Drottni er það gjört og er undarlegt fyrir vorum augum. Fyrir því segi eg yður að Guðs ríki mun frá yður takast og heiðnum gefið verða, þeim sem þess ávöxt færa. En hver yfir þennan stein fellur, hann mun sundur myljast, en yfir hvern hann fellur, þann man hann sundur merja. Og þá er kennimannahöfðingjar og farísei heyrðu hans eftirlíkingar, formerktu þeir það hann sagði af þeim og sóktu að grípa hann, en óttuðust þó fólkið því að það hélt hann fyrir spámann.*

xxii. kapítuli

Og Jesús svaraði og talaði í annað sinn í eftirlíkingum til þeirra og sagði: Himnaríki er líkt þeim konungi sem brúðkaup gjörði syni sínum og sendi út sína þjóna að kalla boðsmennina til brúðkaupsins, og þeir vildu eigi koma.

Í annað sinn sendi hann aðra þjóna út og sagði: Segið boðsmönnum: Sjáið, mína máltíð hefi eg til búið, mínir uxar og alið fé eru slátraðir og allt er reiðubúið, komið til brúðkaupsins. En þeir forsmáðu það og gengu í burt, einn á sinn bústað, en annar til sinnar sýslunar, en sumir gripu hans þjóna, dárðu þá og drápu. En þá konungurinn heyrði það, varð hann reiður og sendi út sinn her og fyrirfór þessum morðingjum og brenndi upp borg þeirra.

Þá sagði hann til sinna þjóna: Brullaupið er að sönnu reiðubúið, en þeim sem boðið var, voru þess eigi verðugir. Fyrir því farið út á strætín og bjóðið til brúðkaupsins hverjum sem þér finnið. Og hans þjónar gengu út á strætín og saman söfnuðu öllum þeim þeir fundu, vondum og góðum, og brúðlaupið varð alskipað af mönnum. Þá gekk konungurinn inn að sjá gestina. Og hann sá þar mann, eigi klæddan með brullaupsklæðum, og sagði til hans: Vinur, hverninn gekktu inn hingað, hafandi eigi

brúðlaupsklæði? En hann þagði. Konungurinn sagði þá til sinna þénara: Bindið hans hendur og fætur og varpið honum í yðstu myrkur. Þar man vera óp og tannagnístran. Því að margir eru kallaðir, fáir útvaldir.*

Þá gengu farísei burt og settu ráð saman að þeir gætu veitt hann í orðum og sendu til hans sína lærisveina með Heródis þénurum og sögðu: Meistari, vær vitum að þú ert sannsögull og kennir Guðs götu í sannleika, skeytir eigi nokkrum því að þú fer eigi að yfirlitum manna. Fyrir því seg oss hvað þér líst. Hvort leyfist að gefa keisaranum skatt eður eigi? En Jesús formerkti þeirra fláttskap, sagði hann: Hvað freisti þér mín hræsningar? Sýnið mér myntina peningsins. Og þeir fengu honum peninginn. Jesús sagði til þeirra: Hvers er þessi mynt og yfirskrift? Þeir sögðu honum: Keisarans. Þá sagði hann til þeirra: Gefið keisaranum hvað keisarans er og það Guði hvað Guðs er. Og er þeir heyrðu það, undruðust þeir, forlétu hann og gengu í burt.*

Á þeim sama degi gengu saddúkei til hans, hverjir eð segja upprisuna eigi vera, spurðu hann að og sögðu: Meistari Moyses hefir sagt að ef nokkur andaðist og hefði eigi barn eftir, þá skyldi bróðir hans eiga hans eiginkonu og uppvekja sínum bróður sæði. En hjá oss voru (vii) bræður. Hinn fyrsti fastnaði sér konu, og hann andaðist. Og af því hann hafði ekkert sáð, lét hann bróður sínum eftir eiginkonu sína, líka sá annar og hinn þriðji, allt til hins sjöunda. En síðast allra andaðist og konan. Hvers þeirra sjö verður hún nú eignarkona í upprisunni? Því að allir þeir hafa hana haft. En Jesús svaraði og sagði til þeirra: Þér villist og vitið eigi ritningarnar né heldur Guðs kraft. Því að í upprisunni munu þeir hvorki kvænast né sig kvænast láta, heldur eru þeir sem englar Guðs á himni.

En hafi þér eigi lesið hvað af Guði er sagt af upprisu framliðinna er hann segir: Eg em Guð Abrahams og Guð Ísaks og Guð Jakobs. Því Guð er eigi Guð dauðra, heldur lifandra manna. Og er fólkið heyrði þetta, undraðist það hans kenning.

En er farísei heyrðu það hann hefði þaggað saddúkeis, söfnuðust þeir saman í eitt. Og einn lögvitringur af þeim spurði hann að, freistandi hans: Meistari, hvert er hið mesta boðorð í lögmálinu? En Jesús sagði til hans: Elska skalt þú Drottin Guð þinn af öllu þínu hjarta og af allri önd þinni og af öllu þínu hugskoti. Þetta er hið fyrsta og mesta boðorð. En annað er þessu líkt: Elska skalt þú náunga þinn svo sem sjálfan þig. Í þessum tveimur boðorðum hengur allt lögmál og spámenn.

En þá farísei voru til samans komnir, spurði Jesús þá að og sagði: Hvað virðist yður af Kristi, hvers son eð hann sé? Þeir sögðu honum: Davíðs. Hann sagði til þeirra: Hverninn kallar Davíð hann þá í andanum herra er hann segir: Drottinn sagði mínum drottni: Sit þú til minnar hægri handar þar til eg set óvini þína til skarar þinna fóta. Nú ef Davíð kallar hann herra, hverninn er hann hans sonur? Og enginn gat honum orði svarað, og eigi dirfðist nokkur upp frá þeim degi hann framar að spyrja.*

xxiii. kapítuli

Þá talaði Jesús til fólksins og til sinna lærisveina og sagði: Á Moyses stóli sitja skriftlærðir og farísei. Allt hvað þeir segja yður þér skulið halda, það haldið og gjörið, en eftir þeirra verkum skulu þér eigi gjöra því að þeir segja það og gjöra eigi. Því þeir samanbinda þungar byrðir og óbærilegar, og leggja þær mönnum á herðar, en sjálfir þeir vilja eigi áhræra þær fingri sínum. Því öll sín verk gjöra þeir að þeir sjáist af mönnum. Sín minningarblöð útþenja þeir, og fald sinna klæða mikla þeir. Kær hafa þeir hin fremstu sæti að kveldverðum, æðstu sessa í samkunduhúsum og kveðjur á torgum og af mönnum rabbí kallaðir verða.

En þér skuluð eigi rabbí kallast því að einn er yðar meistari, Kristur, en þér allir eruð bræður, og öngvan skulu þér yðar föður kalla á jörðu því einn er yðar faðir, sá sem á himnum er. Og þér skuluð eigi meistara kallast því einn er yðar meistari, Kristur. Sá sem að mestur er yðar, sé hann yðar þénari. Því að hver sig upphefur, sá man niðurlægjast, og hver sjálfan sig niðurlægir, hann man upphafinn verða.*

Vei yður skriftlærðum og faríseis, þér hræsningar, hverjir himnarikið aftur lokið fyrir mönnum. Því að eigi gangi þér þar inn, og þeim er inn vilja ganga í það, þá lofi þér eigi.

Vei yður skriftlærðum og faríseis, þér hræsningar, hverjir ekknahúsin upp etið með yfirhylmingu langra bæna. Fyrir það munu þér þess meiri fordæming öðlast.

Vei yður skriftlærðum og faríseis, þér hræsningar, hverjir um kring farið sjó og lönd svo að þér gjörði einn að samlendingsgyðingi, og nær hann er það vordinn, gjöri þér hann að helvískum syni, tvefalt meir en þér eruð.

Vei yður blindum leiðtogurum, þér sem segið: Hver hann sver við musterið, það sé ekkert, en hver sver við gullið musterisins, sá er sekur. Þér fifl og forblindaðir, hvort er meira gullið eða musterið, það er gullið helgar? Og hver eð sver við altarið, sé ekkert, en hver hann sver við það ofur sem á því er, sá sé sekur. Þér heimskir og blindir, hvort er meira offrið eða altarið það sem offrið helgar? Fyrir því hver hann sver við altarið, sá sver við það og við allt hvað þar er upp á. Og hver hann sver við musterið, sá sver við það og við þann sem þar byggir inni. Og hver sver við himininn, sá sver við Guðs sæti og við þann sem þar upp á situr.

Vei yður skriflærðum og fariseis, þér hræsningar, hverjir tíundið myntu, aneth, ciminum og yfirgefið það hvað þyngst er í lögmálinu, einkum dóminn, miskunnsemd og trúna. Þetta byrjaði að gjöra og hitt eigi eftir að skilja. Þér blindir leiðtogarar semsið mýfluguna, en gleypið úlfaldann.

Vei yður skriflærðum og fariseis, þér hræsningar, sem hreinsið hið ytra bikara og diska, en innan eru þér fullir ráns og óhreininda. Þú blindur fariseari, hreinsa fyrst ið innra á bikurum og diskum svo að ið ytra verði og hreint.

Vei yður skriflærðum og fariseis, þér hræsningar, hverjir líkir eruð forfaguðum leiðum framliðinna, hver eð utan sýnast mönnum fögur, en innan eru þau full af dauðra manna beinum og allri óþekkt. Svo og þér skínið að sönnu utan fyrir mönnum réttlátir, en fyrir innan eru þér fullir hræsni og ranginda.

Vei yður skriflærðum og fariseis, þér hræsningar, hverjir uppbyggjið spámannaleiðin og prýðið grafir réttláttra manna og segið: Ef vér hefðum verið á dögum feðra vorra, skyldu vær eigi verið hafa samlagsmenn þeirra í blóði spámanna? Því svo beri þér yður sjálfum vitni að þér eruð synir þeirra sem spámennina aflífuðu, og svo uppfylli þér mæling feðra yðvarra. Þér eiturosmar og nöðru kyn, hverninn umflýi þér helvíska fyrirdæming?

Fyrir því sjáið: Eg sendi til yðar spámenn, spekinga og skriflærða menn. Og nokkra af þeim munu þér aflífa og krossfesta, og suma munu þér húðstrýkja í samkunduhúsum yðar. Og af annarri borg í aðra munu þér þá ofsækja svo að yfir yður komi allt réttlátt blóð sem á jörðina út er hellt í frá blóði Abels réttláttra allt til blóðs Sakaríe, sonar Barakía, hvern þér drápuð á millum musteris og altarisins. Sannlega segi eg yður að allt þetta man koma yfir þessa kynslóð. Jerúsalem, Jerúsalem, þú sem aflífar spámennina og grýtir þá er til þín eru sendir. Hversu oft hefi eg viljað saman safna sonum þínum líka eð hæna safnar ungum sínum undir vængi sér, og þér hafið eigi viljað. Sjáið, yðvart hús skal yður í eyði látið verða. Því að eg segi yður að þér munuð eigi sjá mig upp frá þessu þar til þér segið: Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins.*

xxiv. kapítuli

Og sem Jesús gekk út af musterinu, þá gengu hans lærisveinar til hans að þeir sýndu honum bygging musterisins. En Jesús sagði til þeirra: Sjái þér ekki allt þetta? Sannlega segi eg yður að hér mun eigi eftir látast steinn yfir steini, sá er eigi man niðurbrotinn verða.

En sem hann sat í fjallinu Oliveti, gengu hans lærisveinar að honum heimuglega og sögðu: Seg þú oss hvenar þetta mun ske og hvert teikn er þinnar tilkomu og veraldarinnar enda. En Jesús svaraði og sagði til þeirra: Sjáið til að enginn villi yður. Því að margir munu koma undir mínu nafni og segja: Eg em Kristur, -og þeir munu marga villa.

Því þér munuð heyra bardaga og hernaðartíðindi. Sjáið til að þér skelfist ekki. Því að allt þetta hlýtur að ske. Þó er þá enn eigi endirinn kominn. Þar man og ein þjóð hefja sig upp í mót annarri og ríki í mót ríki, drepsóttir og hungur og jarðskjálftar munu þar verða í sumum hverjum stöðum. En allt þetta eru upphöf harmkvælanna.

Þá munu þeir ofurselja yður í harðkvæli, og yður munu þeir lífi firra, og þér verðið hataðir af öllum þjóðum fyrir míns nafns sakir. Og þá munu margir hneykslum fyllast og innbyrðis hver annan tæla og hver annan að hatrí hafa. Og margir falsspámenn munu sig upphefja og margan afvegaleiða. Og af því að ranglætið man yfirgnæfa, mun kærleikurinn margra útkólna. En hver eð staðfastur blifur allt til enda, sá mun hólpinn verða. Og þetta evangelium ríkisins mun predikað verða um allan heim til vitnisburðar yfir allar þjóðir. Og þá mun endirinn koma.

Því nær þér sjáið svívirðing eyðslunnar, af hverri eð sagt er fyrir spámenninn Daniel þá er hann stóð í helgum stað hver það les, hann hyggi þar að hverjir þá eru á Gyðingalandi, flýi þeir á fjöll. Og hver hann er á ræfri, fari sá eigi ofan nokkuð að taka úr sínu húsi. Og sá sem á akri er, snúi hann eigi aftur að taka upp kyrtil sinn. En vei þunguðum og brjóstmylkingum á þeim dögum. Af því biðjið að yðar flótti ske eigi um vetur eður á þvottdegi. Því að þá man verða svo stór hörmung, hvílik að eigi var í frá upphafi veraldar allt til þessarar stundar og eigi heldur verða mun. Og nema það að þessir dagar sé styttrir, verður ekkert hold hólpíð. En fyrir útvaldra sakir þá eru þessir dagar forstyttrir.

En ef nokkur segir þá til yðar: Sjáið, hér er Kristur, eður þar, skulu þér eigi því trúa. Því að upp munu rísa fálskristar og fálsspámenn, og þeir munu gjöra stór tákn og undur svo að í villu munu leiðast (ef ske mætti) einninn útvaldir. Sjáið, eg sagði yður það fyrir. Nú ef þeir segja til yðar: Sjáið, hann er á eyðimörk, þá gangið eigi út. Sjáið, hann er í launkofum, þá trúið eigi. Því að svo sem elding út gengur af uppgöngu og skín allt til niðurgöngu, líka svo man vera tilkoma mannsins sonar. Því hvar helst að hræið er, þangað munu ernir og safnast. En strax eftir hörmung þessara daga man sólin sortna og tunglið eigi sitt ljós gefa og stjörnur af himni hrapa, og kraftar himnanna munu hrærast. Og þá mun skína teikn mannsins sonar á himni, og munu sér þá kveina allar kynkvíslir jarðar. Og þeir munu sjá mannsins son komanda í skýjum himins með krafti miklum og tignarveldi. Og sína engla man hann útsenda með lúðraþeytingu mikilli. Og hans útvöldum munu þeir saman safna af fjórum vindum frá yðstu álfum himnanna og allt til þeirra endimarka.

Af fikjutrénu lærið eftirlíking. Nær eð þess kvistur gjörist frjór og lafinn út spretta, þá viti þér það sumarið er í nánd. Líka svo nær þér sjáið allt þetta, þá vitið að það er nærri fyrir dyrum. Sannlega segi eg yður að þessi kynslóð mun eigi forganga þar til að allt þetta sker. Himininn og jörð munu forganga, en mín orð munu eigi forganga. En af þeim degi eður stundu veit enginn og ekki englar af hinnum nema minn faðir einnsaman.

En líka sem var um daga Nohe, svo mun og verða í tilkomu mannsins sonar. Því svo sem þeir voru á þeim dögum fyrir flóðið að þeir átu, þeir drukku, þeir giftust og létu sig giftast allt til þess dags, á hverjum Nohe gekk í örkina. Og þeir sættu því ekki þar til að flóðið kom og tók þá alla í burt. Svo man og vera í tilkomu mannsins sonar. Munu þá tveir á akri vera og man einn meðtekinn, en annar forlátinn verða. Og tvær munu í kvernhúsi malandi vera, og mun ein meðtekin og önnur forlátin verða.

Fyrir því vakið því að þér vitið eigi á hverri stundu yðar herra muni koma. En það skulu þér vita að ef húsfaðirinn vissi á hverri stundu eð þjófurinn kæmi, mundi hann vaka og láta eigi sitt hús í sundur grafa. Fyrir því verið þér og reiðubúnir, því að mannsins son mun koma á þeirri stundu þér meinið ekki. En hver hann er trúr þjón og forsjáll sem herrann hefir sett yfir sín heimahjú að hann gæfi þeim fæði í réttan tíma, sæll er sá þjón nær hans herra kemur og finnur hann svo gjöranda. Sannlega segi eg yður að hann mun þann setja yfir öll sín auðæfi. En ef sá vondi þjón segir í sínu hjarta: Minn herra gjörir dvöl á að koma, og tekur að slá sína samlagsþjóna, etur og drekkur með drykkjurúturum, en herra þess þjóns mun koma á þeim degi sem hann vonar eigi og á þeirri stundu er hann grunar eigi og í sundur partar hann og setur hans hlutskipti með hræsnurum. Þar man vera óp og tannagnístran.

xxv. kapituli

Þá man himnaríki líkt vera tíu meyjum, hverjar eð tóku sína lampa og gengu út í móti brúðgumanum. En fimm af þeim voru fávísar og fimm forsjálar. Þær sem fávísar voru, tóku sína lampa, en tóku þó ekkert viðsmjör með sér, en hinar forsjálu tóku í sínum kerum viðsmjör með lömpunum. Og er brúðguminn gjörði dvöl á að koma, syfjaði þær allar og sofnuðu. En um miðnætti kom kall: Sjáið, brúðguminn kemur, gangi þér út í móti honum. Þá stóðu upp allar þessar meyjar og prýddu sína lampa. En þær fávísu sögðu til hinna forsjálu: Gefið oss af viðsmjöri yðru því að vorir lampar slökknar út. Hinar forsjálu svöruðu og sögðu: Má vera að eigi sé nóg fyrir oss og svo yður. Fari þér heldur til solumanna og kaupið yður. En er þær gengu að kaupa, kom brúðguminn, og þær sem reiðubúnar voru, gengu með honum inn til brullaupsins, og hurðinni var aftur lokað. En að síðustu komu og hinar aðrar meyjar og sögðu: Herra, herra, lúk þú upp fyrir oss. En hann svaraði og sagði til þeirra: Sannlega segi eg yður að eg þekki yður eigi. Fyrir því vakið að þér vitið eigi þann dag né stund, á hverri mannsins son mun koma.*

Líka sem sá maður er ferðaðist langt burt, kallaði sína þjóna og fékk þeim sitt góss. Og einum fékk hann fimm pund, en öðrum tvö, hinum þriðja eitt, hverjum einum eftir sínum formætti, og ferðaðist strax af stað. Þá gekk sá til sem fimm pund hafði meðtekið og verkaði með þeim sömum og vann þar á önnur fimm pund. Líka einninn sá sem tvö pund hafði meðtekið, vann og á tvö önnur. En sá er eitt hafði meðtekið, fór burt, gróf í jörð og faldi þar síns herra fé. En eftir langan tíma liðinn kom herrann þessara þjóna og hélt reikningsskap við þá. Og sá gekk til sem fimm pund hafði meðtekið og færði honum önnur fimm pund og sagði: Herra, fimm pund fékkstu mér, sjá, önnur fimm hefi eg áunnið. Hans herra sagði honum: Ey, þú hinn góði og trúlyndi þjón. Af því þú vart trúr yfir litlu, þá man eg setja þig yfir mikið. Gakk inn í þíns herra fögnuð. Þá gekk og sá að sem tvö pund hafði meðtekið og sagði: Herra, tvö pund fékkstu mér, sjá, önnur tvö pund hefi eg áunnið. Hans herra sagði til hans: Ey, þú hinn góði þjón og trúlyndi. Því að þú vart trúr yfir fáu, mun eg setja þig yfir mikið. Gakk inn í þíns herra fögnuð.

Þá gekk sá að sem eitt pund hafði meðtekið og sagði: Herra, eg veit að þú ert harður mann, uppsker hvar þú sáðir eigi og saman safnar hvar þú dreifðir eigi. Og óttasleginn fór eg burt og faldi pund þitt í jörðu. Sjá, þar hefir þú það hvað þitt er. En hans herra svaraði og sagði til hans: Þú vondur þjón og latur, vissir þú að eg sker upp hvar eg sáði eigi og saman safna hvar eg dreifða eigi. Því byrjaði þér að fá minn pening verslunarmönnum, og nær eg kæma, hefða eg hvað mitt er til mín tekið með ábata. Fyrir því takið af honum það pund og gefið honum sem tíu pund hefur. Því að hverjum sem hefur, honum mun gefið verða, og mun hann nægð hafa, en hver eð eigi hefur, frá þeim mun tekið verða og það hann sýnist hafa. Og þeim ónýta þjón kasti þér í hin yðstu myrkur. Þar mun vera óp og tannagnístran.

En þá mannsins son mun koma í sínu tignarveldi og allir helgir englar með honum, hann mun þá sitja í sæti síns veldis. Og allar þjóðir munu saman safnast fyrir honum, og hann mun þá sundur skilja hvora frá öðrum svo sem hirðir sundur greinir sauði frá kiðum. Og sauðina mun hann skipa til sinnar hægri handar, en kiðin til vinstri. Þá mun konungurinn segja til þeirra sem á hans hægri hönd eru: Komi þér, blessaðir föður míns, og eignist það ríki sem yður var til búið frá upphafi veraldar. Því að hungraður var eg, og þér gáfuð mér að eta, þyrstur var eg, og þér gáfuð mér að drekka, gestur var eg, og þér hýstuð mig, nakinn var eg, og þér klædduð mig, sjúkur var eg, og þér vitjuðuð mín, í myrkvastofu var eg, og þér komuð til mín.

Þá munu hinir réttlátu svara honum og segja: Herra, hvenar sáu vær þig hungraðan og söddum þig eða þyrstan svo vér gáfum þér að drekka? Eða hvenar sáu vær þig gest kominn og hýstum þig eða nakinn og klæddum þig? Eða hvenar sáu vær þig sjúkan eða í myrkvastofu og komum til þín? Og konungurinn mun svara og segja til þeirra: Sannlega segi eg yður: Hvað þér gjörðuð einum af þessum mínum minnstum bræðrum, það gjörðu þér mér.

Þá mun hann og segja til þeirra sem til vinstri handar eru: Farið burt frá mér, þér bölváðir, í eilífan eld, þann sem fyrirbúinn er fjandanum og hans árum. Því að hungraður var eg, og þér gáfuð mér eigi að eta, þyrstur var eg, og þér gáfuð mér eigi að drekka, gestur var eg, og þér hýstuð mig eigi, nakinn var eg, og þér klædduð mig eigi, sjúkur og í myrkvastofu var eg, og þér vitjuðuð mín eigi.

Þá munu þeir svara og segja: Herra, hvenar sáu vær þig hungraðan eður þyrstan, gest eða nakinn, sjúkan eða í myrkvastofu og höfum þér eigi þjónað? Þá mun hann svara þeim og segja: Sannlega segi eg yður: Hvað þér gjörðuð eigi einum af þessum inum minnstum, það gjörðuð þér mér eigi. Og munu þeir þá ganga í eilífar píslir, en réttlátir í eilíft líf.*

xxvi. kapítuli

Og það gjörðist þá Jesús hafði lyktað öll þessi orð, sagði hann til sinna lærisveina: Þér vitið að eftir tvo daga verða páskar og mannsins son mun ofurseljast að hann krossfestur verði. Þá saman söfnuðust kennimannahöfðingjar, skriflærðir og öldungar lýðsins í forbyrgi kennimannahöfðingjans, þess er Kaífas hét, og samsettu ráð hverninn þeir gæti með slagð gripið Jesúm og líflátið. En þeir sögðu: Eigi á hátíðardeginum svo að eigi verði uppflaup með fólkinu.

En þá Jesús var nú í Betanía í húsi Símonar vanheila, gekk kona að honum hafandi buðk dýrlegs smyrslavats, og hún hellti því yfir höfuð honum er hann sat við borðið. En er það sáu hans lærisveinar, þykktust þeir og sögðu: Til hvers er þessi spilling? Því það hefði mátt seljast fyrir mikið og gefist fátækum. En er Jesús fornam það, sagði hann til þeirra: Hvað eruð þér ýfnir við þessa konu? Því gott verk gjörði hún á mér. Fátæka hafi þér jafnan hjá yður, en mig hafi þér eigi alla tíma. Það hún hellti þessu smyrslavatni yfir minn líkama, það gjörði hún mér til greftunar. Sannlega segi eg yður: Hvar helst þetta evangelium predikað verður í öllum heimi, mun sagt verða: Í hennar minning, hvað hún hefir gjört.

Þá gekk burt einn af tólf, sá er Júdas Skariot hét, til kennimannahöfðingja og sagði til þeirra: Hvað vilji þér gefa mér, og mun eg selja yður hann? En þeir buðu honum þrjátígi silfurpeninga, og þaðan í frá leitaði hann lægis það hann sviki hann.

En á fyrsta sætubrauðsdegi gengu lærisveinarnir til Jesú og sögðu til hans: Hvar viltu að vér tilreiðum þér páskalambið að eta? En Jesús sagði: Farið þér í borgina til nokkurs og segið honum: Meistarinn lét segja þér: Minn tími er í nánd, hjá þér vil eg páska halda með lærisveinum mínum. Og lærisveinarnir gjörðu svo sem Jesús hafði þeim boðið og reiddu til páskalambið.

En að kveldi komnu setti hann sig til borðs með sínum tólf lærisveinum. Og er þeir átu, sagði hann: Sannlega segi eg yður að einn yðar mun svíkja mig. Þeir hryggðust mjög við það og tóku allir til að segja: Er eg það nokkuð, herra? En hann svaraði og sagði: Sá er hendinni drepur í fatið með mér, hann mun mig forráða. Mannsins son mun að sönnu fara svo sem skrifað er af honum, en vei þeim manni, fyrir hvern mannsins son mun forráðinn verða. Betra væri honum að sá sami maður hefði aldri fæddur verið. En Júdas svaraði, sá er forréð hann, og sagði: Er eg það nokkuð, rabbí? Hann sagði til hans: Þú sagðir það.

En þá þeir neyttu, tók Jesús brauðið, blessaði og braut það, gaf sínum lærisveinum og sagði: Takið og etið, þetta er mitt hold. Hann tók og kalekinn, gjörði þakkir, gaf hann þeim og sagði: Drekkið allir hér út af. Því að það er mitt blóð, ens nýja testaments, hvert eð úthellist fyrir marga til syndanna fyrirgefningar. En eg segi yður að eg mun eigi héðan í frá drekka af þessum vínviðarins ávexti allt til þess dags er eg mun drekka það nýtt með yður í míns föðurs ríki. Og að lofsöngnum sögðum gengu þeir út í fjallið Oliveti.

Þá sagði Jesús til þeirra: Á þessari nótt munu þér allir hneykslan líða á mér, því að skrifað er: Hirðirinn mun eg slá, og sauðir hjarðarinnar munu í sundur tvístrast. En eftir það eð eg er upprisinn, mun eg ganga fyrir yður í Galíleam. Pétur svaraði og sagði til hans: Og þó allir skammfyllist við þig, þá skal eg þó aldri skammfyllast þér. Jesús sagði til hans: Sannlega segi eg þér að á þessari nótt, áður en haninn gelur, muntu afneita mig þrýsvar. Pétur sagði til hans: Einninn þó mér byrjaði með þér að deyja, skylda eg eigi neita þér. Slíkt hið sama sögðu og allir lærisveinarnir.

Jesús kom þá með þeim í það gerðistún sem kallaðist Getsemani og sagði til sinna lærisveina: Sitjið hér á meðan eg fer þangað og bið, og tók með sér Petrum og tvo sonu Sebedei, tók síðan til að hryggvast og harmþrunginn að verða. Hann sagði þá til þeirra: Hrygg er sála mín allt til dauða. Blífið hér og vakið með mér. Hann gekk litlu eina fram lengra, féll fram á sína ásjónu, biðjandi og sagði: Faðir minn, ef mögulegt er, þá líði af mér kalekur þessi, en eigi þó sem eg vil, heldur svo sem þú vilt. Og hann kom til sinna lærisveina og fann þá sofandi og sagði til Péturs: Máttir þú ekki eina stund vaka með mér? Vakið þér og biðjið svo að þér fallið eigi í freistni. Andinn er að sönnu reiðubúinn, en holdið er breyskt.

Í annað sinn gekk hann enn burt og bað, segjandi: Faðir minn, ef þessi kalekur má eigi af mér líða utan eg drekki hann, þá verði þinn vilji. Og hann kom aftur og fann þá sofandi, og þeirra augu voru þrungin. Og hann lét þá kyrra og gekk í burt aftur og bað í þriðja sinn, segjandi in sömu orð. Þá kom hann til sinna lærisveina og sagði til þeirra: Ó, já, vilji þér nú sofa og hvílast? Sjáið, sú stund tekur að nálgast eð mannsins son mun ofurseljast í syndugra hendur. Standið upp, föru vær. Sjáið, hann tekur að nálgast, sá er mig forræður.

Og sem hann var þetta að tala, sjá, að Júdas, einn af tólf, kom og með honum flokkur mikill með sverðum og stöngum, út sendir afkennimannahöfðingjum og öldungum lýðsins. En sá er hann forréð, gaf þeim teikn til og sagði: Hvern helst eð eg kyssi, sá er það. Haldið honum. Og jafnsnart gekk hann að Jesú og sagði: Heill sért þú, rabbí. Og hann kyssti hann. En Jesús sagði til hans: Minn vin, hvar til komt þú hingað? Þá gengu þeir þangað að og lögðu hendur á Jesúm og gripu hann.

Og sjá, að einn út af þeim sem með Jesú voru, rétti höndina, rykkti sínu sverði og sló þjón kennimannahöfðingjans og hjó af hans eyra. Þá sagði Jesús til hans: Snú þú sverði þínu aftur í sína slíður. Því að hverjir sem sverðið taka, þeir munu fyrir sverði farast. Eður meinar þú að eg kunni eigi að biðja föður minn að hann skikkaði mér meir en tólf legion engla? Eða hverninn uppfyllast þá ritningarnar svo byrjar að ske skuli?

Á þeim tíma sagði Jesús til flokksins: Þér eruð út gengnir líka sem til annars spillvirkja með sverðum og stöngum að höndla mig. Daglega hefi eg þó hjá yður setið og kennt í musterinu, og þér hafið mig eigi gripið. En allt þetta er skeð svo að uppfylltust ritningar spámanna. Þá forlétu hann allir lærisveinarnir og flýðu. En þeir sem Jesúm höfðu gripið, leiddu hann til Kaifas kennimannahöfðingja, hvar eð skriflærðir og öldungar voru saman komnir. En Pétur fylgdi honum eftir langt í burt frá allt í forbyrgi kennimannahöfðingjans og gekk inn, setti sig hjá þénurinum svo að hann sæi hver endir á yrði. En kennimannahöfðingjar og allt ráðið leituðu ljúgvitna í gegn Jesú svo að þeir gætu selt hann í dauða og fundu engin. Og þó að mörg falsvitni gengu fram að, þá fundu þeir engin. En að síðustu gengu tveir falsvottar til og sögðu: Þessi sagði: Eg get niður brotið musteri Guðs og eftir þrjá daga það upp aftur byggt.

Kennimannahöfðinginn stóð upp og sagði til hans: Svarar þú öngu til þessa sem þeir vitna í móti þér? En Jesús þagði. Kennimannahöfðinginn ansaði og sagði til hans: Eg særi þig fyrir lifanda Guð að þú segir oss ef þú ert Kristur, sonur Guðs. Jesús sagði: Þú sagðir það. En þó segi eg yður: Hér eftir man það ske að þér munuð sjá mannsins son sitja til hægri handar Guðs kraftar og komandi í skýjum himins.

Þá reif kennimannahöfðinginn sín klæði og sagði: Hann guðlastaði, hvað þurfu vær vitnanna við? Sjá, þér heyrðuð nú sjálfir hans guðlastan. Hvað virðist yður? Þeir svöruðu og sögðu: Hann er dauðans sekur. Þá spýttu þeir í hans ásján og börðu hann með hnefum, en aðrir gáfu pústra í hans andlit og sögðu: Spá þú oss, Kristur, hver sá er sem þig sló?

En Pétur sat úti í fordyrinu. Og ambátt ein gekk að honum og sagði: Og þú vart með hinum Jesú af Galílea. En hann neitaði fyrir öllum og sagði: Eg veit eigi hvað þú segir. En sem hann gekk út um dyrnar, leit hann ein önnur og sagði til þeirra sem þar voru: Þessi var og með Jesú af Nasaret. Og í annað sinn neitaði hann með eidi, að eigi þekkti eg þann mann. Og innan skamms gengu þeir að sem þar stóðu og sögðu til Petro: Að sönnu ertu og af þeim því að þitt mál opinberar þig. Þá tók hann að formæla sér og sverja að eigi þekkti hann þann mann. Og jafnsnart gól haninn. Og þá minntist hann orða Jesú er hann sagði til hans: Áður en haninn gelur, neitar þú mér þrygvar, gekk út og grét beisklega.

xxvii. kapítuli

En að morgni gengu allir kennimannahöfðingjar og öldungar lýðsins saman í ráð móti Jesú svo að þeir gætu hann líflátið. Þeir bundu hann og leiddu í burt og ofurseldu hann pontverskum Pílato landsdómara.

Þá er Júdas, sá er forréð hann, leit það að hann var til dauða dæmdur, iðraðist hann þess og færði aftur kennimannahöfðingjum og öldungum lýðsins þá xxx silfurpeninga og sagði: Misgjörða eg, það eg forréð saklaust blóð. En þeir sögðu: Hvað kemur það við oss? Sjá þú þar fyrir. Og hann snaraði þeim silfurpeningum í mustérið, fór þaðan, gekk í burt og hengdi sjálfan sig í snöru.

En kennimannahöfðingjar tóku silfurpeningana og sögðu: Eigi hæfir að vér látum þá í guðskistuna því að það er blóðsöluverð. En að samteknu ráði keyptu þeir meður þeim leirkerarans akur vegförundum til greiftrunar. Fyrir það er sá akur kallaður Blóðakur allt til þessa dags. Þá er nú uppfyllt hvað sagt er fyrir Jeremíam spámann, segjanda: Og þeir tóku þá xxx silfurpeninga er hinn seldi með bítaladur varð, hvern þeir keyptu af sonum Íraels og hafa gefið þá fyrir leirkerarans akur eftir því sem Drottinn hafði mér umboðið.

En Jesús stóð fram fyrir landsdómaranum. Og landsdómarinn spurði hann að og sagði: Ertu konungur Gyðinga? En Jesús sagði til hans: Þú segir það. Og sem hann klagadist af kennimannahöfðingjum og öldungum, svaraði hann öngu. Þá sagði Pílatus til hans: Heyrir þú ekki hve mörg vitni þeir segja í móti þér? Og eigi svaraði hann honum til nokkurs orðs svo að dómarinn undraðist það næsta.

En á hátíðardeginum var landsdómarinn vanur fólkinu lausan að láta einn bandingja, hvern helst þeir vildu. En þá hafði hann einn formætan bandingja, sá er Barrabas hét. Sem þeir voru til samans komnir, sagði Pílatus til þeirra: Hvorn vilji þér að eg láti yður lausan, Barrabam eða Jesúm, sá er kallast Kristur? Því að hann vissi vel að þeir höfðu fyrir öfundar sakir ofurselthann.

Og sem hann sat á dómstólinum, sendi hans húsrú til hans, segjandi: Haf þú ekkert með þennan réttláta því að margt hefi eg liðið í dag í svefni fyrir hann.

Kennimannahöfðingjar og öldungar réðu fólkinu að það skyldi biðja um Barrabam, en Jesú skyldu þeir fyrirfara. Landsdómarinn svaraði og sagði til þeirra: Hvorn af þessum tveimur vilji þér að eg láti yður lausan? Þeir sögðu: Barrabam. Pílatus sagði til þeirra: Hvað skal eg þá gjöra af Jesúm, hver eð Kristur kallast? Þeir sögðu honum allir: Krossfestist hann. En landsdómarinn sagði: Hvað hefir hann þess illt gjört? En þeir kölluðu því meir, segjandi: Krossfestist hann.

Og er Pílatus sá það hann fékk ekki að gjört, heldur það að þar yrði enn meira upphlaup af, tók hann vatn, því hendurnar fyrir fólkinu og sagði: Saklaus em eg af blóði þessa ins réttláta. Sjái þér til. Allur lýðurinn svaraði og sagði: Hans blóð komi yfir oss og yfir sonu vora. Þá lét hann þeim Barrabam lausan, en húðstrýktan Jesúm gaf hann þeim ofur að hann krossfestist.

Þá höfðu stríðssveinar landsdómandans Jesúm meður sér inn í þinghúsið. Þeir söfnuðu saman að honum allt liðið og afklæddu hann. Þeir lögðu yfir hann purpuramöttul og fléttuðu kórónu af þyrnum og settu upp á hans höfuð og reyr í hans hægri hönd og beygðu knéin fyrir honum, spéuðu hann og sögðu: Heill sért þú konungur Gyðinga, og hræktu á hann, tóku reyrvöndinn, og börðu um höfuð honum.

Og eftir það þeir höfðu spottað hann, færðu þeir hann úr möttlinum og færðu hann aftur í sinn klæðnað og leiddu hann út að þeir krossfestu hann. En er þeir gengu út, fundu þeir mann af Kýrenia, Símonem að nafni. Honum þrengdu þeir til að hann bæri hans kross. Og er þeir komu í þann stað sem kallaðist Golgata, hvað er þýðist aftökustaður, gáfu þeir honum edik að drekka galli blandað. Og er hann smakkaði það, vildi hann eigi drekka. En sem þeir höfðu krossfest hann, skiptu þeir klæðum hans, kastandi þar um þrautkesti, svo að uppfylltist hvað sagt er fyrir spámanninn er hann segir: Þeir skiptu sér klæðum mínum, og yfir mínu fati köstuðu þeir hlutkesti. Og þar sátu þeir og varðveittu hann. Og upp yfir hans höfuð settu þeir hans sök skrifaða: Þessi er Jesús, konungur Gyðinga. Þá voru og krossfestir með honum tveir spillvirkjar, einn til hægri handar og einn til hinnar vinstri.

Og þeir sem þar gengu hjá, hæddu hann, skakandi höfuð sín og sögðu: Þú sá sem niður brýtur musteríð og uppbyggir það aftur á þrimur dögum, frelsa þú sjálfan þig. Ef þú ert Guðs sonur, þá stíg þú ofan af krossinum. Líka einninn spottuðu hann kennimannahöfðingjar með skriflærðum og öldungum og sögðu: Aðra frelsaði hann, sig sjálfan getur hann eigi frelsað. Ef hann er konungur Íraels, stígi hann nú af krossinum, og munu vér trúá honum. Hann trúði á Guð. Hann frelsi hann nú ef hann vill. Því að hann sagði: Eg em Guðs sonur. Og um það sama hæddu hann og spillvirkjarnir, þeir með honum voru krossfestir.

En í frá séttu stund gjörðist myrkur yfir allt til níundu stundar. Og nærri níundu stund kallaði Jesús hárrí röddu og sagði: Elí, Elí, lama asabthani. Það er: Guð minn, Guð minn, hvar fyrir forlést þú mig? En nokkrir af þeim sem stóðu þar og heyrðu það sögðu: Þessi kallar Elíam. Og jafnsnart hljóp einn af þeim til, tók njarðarvött, fyllti af ediki og setti hann ofan á reyrlegg og gaf honum að drekka. En aðrir sögðu: Vert kyrr, sjáum hvort Elías kemur að frelsa hann. Jesús kallaði enn upp í annað sinn hárrí röddu og gaf upp andann.

Og sjáíð, að tjaldið musterisins er í sundur rifnað í tvo parta frá ofanverðu og allt niður í gegnum, og jörðin skalf og hellurnar klofnuðu, og grafir framlíðinna lukust upp, og margir líkamar heilagra risu upp, þeir eð sváfu og gengu út eftir hans upprisu úr gröfunum, komu og í hina heilögu borg og auglýstust þar mörgum.

En höfuðsmaðurinn og þeir sem með honum voru að varðveita Jesúm, þá þeir sáu jarðskjálftann og það hvað þar skeði, urðu þeir mjög óttaslegnir, sögðu: Sannlega var þessi Guðs sonur. Þar voru og margar konur langt í frá sem sáu á það, hverjar Jesú höfðu eftir fylgt af Galílea og honum þjónað, meðal hverra var María Magdalena og María móðir Jakobs og Jósef og móðir þeirra Sebedei sona.

En að kveldi kom nokkur mann ríkur af Arimabía, Jósef að nafni, hver eð sjálfur var og lærisveinn Jesú. Hann gekk til Pílatos og beiddi hann um líkama Jesú. Þá skipaði Pílatos að honum skyldi fást líkið. Og er Jósef hafði tekið við líkinu, sveipaði hann það í hreinu lérefiti og lagði það í sitt eigið nýtt leiði, hvert hann hafði út höggva látið í hellusteini og velti að dyrum leiðisins stórum steini og gekk í burt. Þar var María Magdalena og önnur María, sitjandi gegnt yfir frá gröfnni.

En annan dag, þann sem eftir aðfangadaginn er, söfnuðust saman kennimannahöfðingjar og farísei til Pílatos og sögðu: Herra, vær minnunst á það að þessi falsari sagði þá er hann lifði: Eftir þrjá daga mun eg upp rísa. Af því skipa þú að forvara gröfina allt til hins þriðja dags svo að eigi komi hans lærisveinar og steli honum í burt og segi fólkinu að hann sé upp risinn af dauða, og verði svo hin síðari villan argari inni fyrri. Pílatos sagði til þeirra: Þar hafi þér varðmennina, farið og forvarið sem þér kunnið. En þeir gengu í burt og forvöruðu gröfina meður varðmönnum og mörkuðu steininn.

xxviii. kapítuli

En að aftni þvottdagsins, sá er hefst að morgni hins fyrsta dags þvottdaganna, kom María Magdalena og hin önnur María að sjágröfina.

Og sjá, þar varð jarðskjálfti mikill því að engill Drottins sté af himni, gekk til og velti steininum frá dyrunum og sat á honum. En hans ásján var sem elding og hans klæði hvít sem snjár. En fyrir ógninni, er af honum var, urðu varðhaldsmennirnir sem væri þeir dauðir.

En engillinn svaraði og sagði til kvennanna: Eigi skulu þér óttast því að eg veit að þér spyrið að Jesú sem krossfestur er. Ei er hann hér. Upp er hann risinn svo sem hann sagði. Komi þér hér og sjáíð þann stað hvar herrann var lagður. Gangið skyndilega og segið það hans lærisveinum að hann sé upp risinn af dauða. Og sjá, að hann gengur fyrir yður í Galíleam. Þar munu þér sjá hann. Sjá nú, eg sagða yður það.*

Og þær gengu skyndilega frá gröfnni meður ótta og fagnaði miklum og hlupu svo að þær undirvísuðu það hans lærisveinum. En meðan þær gengu að kunngjöra það hans lærisveinum, sé, þá mætti þeim Jesús og sagði: Heilar séu þér. En þær gengu til hans og héldu hans fötum og krupu fyrir honum. Þá sagði Jesús til þeirra: Eigi skulu þér óttast, farið og kunngjörrið mínum bræðrum að þeir gangi í Galíleam. Og þar skulu þeir mig sjá.

En meðan þær gengu á burt, sjá, þá komu nokkrir af varðhaldsmönnunum í borgina og undirvísuðu kennimannahöfðingjum allt hvað til hafði borið. Og þeir söfnuðust saman með öldungunum, haldandi ráðstefnu og gáfu stríðsmönnunum ærna peninga og sögðu: Segið að hans lærisveinar kæmu um nótt og stæli honum á meðan vér sváfum. Og ef það kann að heyrast fyrir dómaranum, skulu vér stilla hann og gjöra að þér séuð traustir. Og þeir tóku peningana og gjörðu svo sem þeim var kennt. Og þessi orðrómur er víðfrægur orðinn meðal Gyðinga allt til þessa dags.

En þeir ellifu lærisveinar gengu burt í Galíleam á eitt fjall þar eð Jesús hafði þeim fyrirskipað. Og er þeir sáu hann, hnékrupu þeir honum. En nokkrir efuðu það. Jesús gekk til þeirra, talaði við þá og sagði: Allt vald er mér gefið á himnum og á jörðu. Fyrir því gangi þér út og lærið allar þjóðir og skírið þær í nafni föður og sonar og heilags anda. Kennið þeim og að geyma allt hvað eg bauð yður. Og sjáið, að eg em með yður alla daga allt til enda veraldar.

Hér er endi S. Matteus guðsspjalla.

S. Markús guðsspjöll

Fyrsti kapítuli

Þetta er upphaf evangelia Jesú Kristi, Guðs sonar, svo sem skrifað er af Esaia spámanni: Eg sendi minn engil fyrir þínu augliti, sá er tilreiðir þinn veg fyrir þér. Ein hrópandi rödd í eyðimörku: Greiði þér vegu Drottins og gjörið hans stigu rétta. Jóhannes var í eyðimörku, skírði og predikaði iðrunarskírni til syndanna fyrirgefningar, og þar gengu út til hans allar Júðasveitir og aðrir fleiri af Jerúsalem að þeir skírðust af honum í Jórdanarflóði, játandi sínar syndir.

En Jóhannes var klæddur með úlfaldshárum, og eitt ólarbelti var um hans lendar, en hann át engisprettur og skógarhunang. Hann predikaði og sagði: Sá kemur eftir mig sem mér er styrkri, hvers að eg em eigi verðugur framfallandi upp að leysa þvengi hans skófata. Eg skírða yður með vatni, en hann mun skíra yður með helgum anda.

Það varð og á þeim dögum að Jesús af Nasaret úr Galílea kom og skírðist af Jóhanni í Jórdan. Og strax þá hann sté upp úr vatninu, sá hann himnana opna og helgan anda í dúfulíki ofan stígandi yfir hann. Þá varð og rödd af himnum: Þú ert sonur minn elskulegur, að hverjum mér vel þókkast.

Og þá strax dreif andinn hann á eyðimörk. Þar var hann í fjörutígi daga og xl náttu og freistaðist. Hann var þar og með villudýrum, og englar þjónuðu honum þar.

En eftir það er Jóhannes var gripinn, kom Jesús í Galíleam og predikaði evangelium af Guðs ríki, svo segjandi: Sá tími er nú uppfylltur að Guðs ríki nálgastr. Iðrist þér og trúið evangelio.

En er hann gekk með sjónum í Galílea, sá hann Símonem og Andream bróður hans látandi sín net í sjóinn því að þeir voru fiskarar. Jesús sagði til þeirra: Fylgið mér eftir, og eg mun gjöra það að þér verðið fiskendur manna. Strax forlétu þeir sín net og fylgdu honum eftir.

Og þá hann var skammt í burt þaðan genginn, sá hann Jakob, son Sebedei, og Jóhannem bróður hans, og þeir voru á skipi, bæta að neti. Og strax þá kallaði hann á þá, og þeir forlétu sinn föður Sebedeum í skipinu eftir hjá leiguliðunum og fylgdu honum eftir.

Þeir gengu þá til Kapernaum. Og strax um þvottdaginn gekk hann inn í samkunduhúsið, lærði þá og þeim ægði hans kenning því að hann kenndi þeim sem af valdi, en eigi svo sem hinir skriflærðu.

Einn maður var þar í þeirra samkunduhúsi haldinn af óhreinum anda, sá kallaði og sagði: Hei, hei, hvað höfu vær með þig, Jesús af Nasaret. Komt þú að glata oss? Eg veit að þú ert hinn heilagi Guðs. Jesús straffaði hann og sagði: Þegi þú, og far út af mannum. Og sá hinn óhreini andi hreif hann og kallaði upp hárrí röddu og fór út frá honum. Þeir undruðust allir svo að þeir spurðu að sín á millum, svo segjandi: Hvað er þetta? Eða hver er þessi hin nýja kenning? Því að af valdi skipar hann óhreinum öndum og þeir hlýða honum. Og hans rykti gekk strax út um öll Galíleahéröð.

Þá gengu þeir strax út af samkunduhúsinu og komu til húsa Símonar og Andree með Jakobo og Jóhanni. En móðir húspreyju Péturs lá þar krönk í köldu, og strax þá sögðu þeir honum til hennar. Hann gekk þá til, reisti hana upp og hélt um hönd hennar. Og strax þá missti hún köldunnar og þjónaði þeim.

En að kveldi komnu, þá sól sett var, fluttu þeir alls kyns sjúka menn og djöfulóða til hans, og allur borgarmúgur safnaðist fyrir dyrunum. Og hann læknaði marga sem kvöldust af ýmissum sóttum. Hann rak og út marga djöfla, og eigi leyfði hann þeim að mæla því að þeir þekktu hann.

En að morgni fyrir dögum stóð hann upp, gekk út og fór burt í einn eyðistað og baðst þar fyrir. En Petrus og þeir, er með honum v sögðu þeir honum: Allir leita að þér. Hann sagði þá til þeirra: Göngu vær í hinar næstu borgir og byggðarlög svo að eg prediki og þar því til þess kom eg. Hann predikaði og í þeirra samkunduhúsum um allt Galíleahérað og rak út djöfla.

Og einn líkþrár manni kom til hans, biðjandi hann með hneigðu kné og sagði: Ef þú vilt, þá fær þú mig hreinsað. En Jesús vorkynnti honum, rétti út sína hönd, áhrærði hann og sagði honum: Eg vil, vert þú hreinn. Og þá hann sagði svo, hvarf strax líkþráin af honum, en hann varð hreinn. Jesús hastaði á hann og lét hann strax frá sér og sagði honum: Sjá nú til að þú seg það öngum, heldur far þú og sýn þig prestahöfðingjanum og fórna fyrir þinni hreinsun sem Móses bauð til vitnisbyrðar yfir þá. En þá hann kom út, hóf hann upp og kunngjörði margt þar út af og víðfrægði þessi orð svo að hann mátti eigi opinberlega innganga í borgina, heldur var hann þar fyrir utan í eyðistöðum. Og margir komu til hans úr ýmsum álfum.

Annar kapítuli

Og enn eftir fá daga þá gekk hann aftur til Kapernaum. Og er það heyrðist að hann var í húsinu, söfnuðust margir saman svo að þeir höfðu ekki rúm og einninn fyrir utan dyrnar. Og hann talaði orðið fyrir þeim. Þar komu nokkrir til hans, færandi einn iktsjúkan, hver eð borinn var af fjórum. Og þá er þeir fengu eigi fyrir fólkinu fært honum hann, opnuðu þeir þekjuna upp yfir honum og grófu þar í gegnum, létu svo sængina niður síga sem hinn sjúki lá í. En er Jesús sá þeirra trú, sagði hann til hins iktsjúka: Son minn, þínar syndir eru þér fyrirgefnar.

En þar voru nokkrir skriflærðir sem sátu þar og hugsuðu í sínum hjörtum: Hverninn talar þessi slíka guðlastan? Hver má syndirnar fyrirgefa nema Guð einn? Jesús fann strax í sínum anda að þeir þenktu svo með sér, sagði hann til þeirra: Því þenki þér þetta í yðrum hjörtum? Hvort er auðveldara að segja til hins iktsjúka: Þér eru þínar syndir fyrirláttnar, eða að segja: Statt upp, tak sæng þína og gakk héðan? Og að þér vitið það mannsins sonur hefur vald til á jörðu að fyrirgefa syndirnar, þá sagði hann til hins iktsjúka: Eg segi þér: Statt upp, tak sæng þína og gakk í þitt hús. Og strax þá stóð hann upp, tók sæng sína og gekk burt þaðan í allra auglýn svo að allir undruðust og heiðruðu Guð, svo segjandi, að aldrei höfu vær fyrr slíkt séð.

Hann gekk enn út aftur að sjánum, og allt fólk kom til hans, og hann lærði það. En þá er Jesús gekk fram hjá, leit hann Leví, son Alfeí, sitjanda í tollbúðinni og sagði til hans: Fylg þú mér eftir. Hann stóð upp og fylgdi honum eftir. Það gjörðist þá er hann sat til borðs í hans húsi að margir tolltektarar og bersyndugir settust til borðs með Jesú og hans lærisveinum því að þeir voru margir sem honum fylgdu eftir. Og er hinir skriflærðu og farisei sáu það að hann át með tollurum og bersyndugum, sögðu þeir til hans lærisveina: Því etur og drekkur yðar meistari með bersyndugum og tollheimturum? Þá er Jesús heyrði það, sagði hann til þeirra: Þeir sem heilbrigðir eru, þurfa eigi læknaans, heldur þeir sem sjúkir eru. Því eigi kom eg að kalla réttláta, heldur synduga.

Þar voru Jóhannes og fariseis lærisveinar, hverjir eð föstuðu mikið. Þeir komu og sögðu til hans: Því fasta Jóhannes og fariseis lærisveinar, en þínir lærisveinar fasta eigi? Jesús sagði til þeirra: Hverninn mega brúðlaupsbörnin fasta á meðan brúðguminn er hjá þeim? Því svo lengi mega þeir eigi fasta sem þeir hafa brúðgumann hjá sér. En þeir dagar munu koma að brúðguminn verður frá þeim tekinn, og á þeim dögum þá munu þeir fasta.

Enginn saumar nýja klæðisbót á gamalt fat því að hin nýja bótn glíðnar frá hinu forna, og eru slitin þá verri. Og enginn lætur nýtt vín í forna leðurbelgi, annars sprengir vínið belgina svo að vínið spillist, en belgirnir skemmast, heldur skal nýtt vín látast í nýja belgi.

Það skeði enn aftur að Jesús gekk um þvottdag yfir kornekrur, og hans lærisveinar tóku til og gjörðu sér veg þar í gegnum og tíndu axin af korninu. En farisei sögðu til hans: Sjá, hvað þínir lærisveinar gjöra á þvottdegi, það er eigi hæfir. Hann sagði þá til þeirra: Hafi þér ekki lesið hvað Davíð gjörði þá hann þurfti við, nær hann hungraði sjálfan og þá er með honum voru, hverninn að hann gekk inn í Guðs húsið á dögum Abíatars prestahöfðingja og át þau fórnarbrauð sem eigi leyfðust að eta nema kennimönnum einum, og hann gaf þau þeim sem með honum voru? Hann sagði og þá til þeirra: Þvottdagurinn er fyrir mannsins sakir gjörður, en ei maðurinn fyrir þvottdagsins sakir. Því er mannsins sonur einn herra og einninn þvottdagsins.

Þriðji kapítuli

Hann gekk og inn í samkundu húsið aftur. Og þar var einn sá maður er hafði visnaða hönd, og þeir geymdu að hvort hann læknaði á þvottdögum svo að þeir mættu áklaga hann. Og hann sagði til mannsins, þess sem visnaða hafði höndina: Statt upp hér í miðið. Hann sagði og þá til þeirra: Hvort hæfir á þvottdögum vel að gjöra eður illa, lífinu til frelsis að gjöra eður því að tortýna? En þeir þögðu

allir. Hann leit þá til þeirra með reiðisvip og angraðist viður þeirra hjartans blindleik og segir svo til mannsins: Réttu út þína hönd. Og hann rétti hana út, en hans hönd varð heil líka sem hin önnur. En farisei gengu út og gjörðu strax sín ráð með Heródes þénurum í móti honum hverninn helst að þeir fengu tortýnt honum. En Jesús veik þaðan til sjávar með sína lærisveina, og margt fólk af Galílea og úr Júdea þá fylgdi honum eftir og þeir sem voru af Jerúsalem og úr Ídúmea og þeir hinu megin Jórdanar og þeir sem byggðu kringum Týro og Sídonem, mikill mannfjöldi sem heyrðu hvað hann gjörði og komu til hans.

Hann sagði til sinna lærisveina að þeir skyldu leiga honum skip fyrir fólksins sakir að það þrengdi honum eigi. Því að hann læknaði margan, en þeir trúðu að honum öllum þeim er plagaðir voru að þeir mættu fá að snerta hann. Og nær eð óhreinir andar sáu hann, féllu þeir niður fyrir honum og kölluðu upp, svo segjandi: Þú ert Guðs sonur. En hann straffaði þá harðlega svo að þeir opinberuðu hann eigi.

Hann gekk og upp á fjallið og kallaði til sín þá er hann vildi sjálfur, og þeir komu til hans. En hann hagaði svo til að þeir tólf voru hjá honum, og hann sendi þá út að predika og gaf þeim vald til sóttir að lækna og djöfla út að reka. Og á Símonem setti hann Péturs nafn og á Jakobum son Sebedei og Jóhannem bróður Jakobs, þeim gaf hann nafnið Bnehargen, hvað að þýðist reiðarþrumusynir, og Andream, Filippum, Bartólómeum, Matteum og Tóman og Jakobum son Alfei og Taddeum og Símon af Kananea og Júdas Skariot, sá er sveik hann.

Og þá er þeir komu til herbergis, kom fólkið enn saman aftur svo að þeir gátu eigi matast fyrir því. Og þá er þeir heyrðu það sem með honum voru, gengu þeir út og vildu hamla honum því að þeir sögðu að hann mundi ganga af vitinu. En hinir skriftlærðir, sem ofan frá Jerúsalem voru farnir, sögðu: Hann hefir Beelsebúb og fyrir djöflahöfðingja þá rekur hann fjandur út. Og að þeim samankölluðum sagði hann í eftirlíkingum til þeirra:

Hverninn fær andskotinn annan andskotann útrekið? Því ef ríkið skiptist í sjálfu sér, þá fær það ríki eigi staðið. Og ef eitt hús tvístrast í sjálfu sér, þá fær það hús eigi staðið. Og ef andskotinn rís upp í móti sjálfum sér, þá er hann tvístraður og fær eigi staðið, heldur hefur hann þá ein endalok. Enginn fær og inngengið í hús hins öfluga og burtgripið hans húsbúnað nema að hann bindi áður hinn öfluga, og megi hann þá svo ræna hans hús.

Sannlega segi eg yður að allar syndir fyrirgefast manna sonum og einninn guðlastanir, þar þeir lasta Guð með, en sá er lastar helgan anda, hann hefir eigi fyrirgefning að eilífu, heldur verður hann sekur eilífrar skammar. Því að þeir sögðu: Hann hefur óhreinan anda.

Þar komu þá móðir hans og bræður, stóðu þar úti fyrir og sendu til hans, kallandi á hann. En það fólk, sem sat kringum hann, sagði til hans: Sjá, móðir þín og bræður þínir eru þar úti og spyrja að þér. Hann svaraði þeim og sagði: Hver er mín móðir og mínir bræður? Þá leit hann og um sig til lærisveinanna, er sátu í kringum hann, og sagði svo: Sjáið, það er mín móðir og minn bróðir. Því að hver er gjörir Guðs vilja, sá er minn bróðir, mín systir og móðir.

Fjórði kapítuli

Hann tók enn aftur til að kenna þeim við sjóinn. Þar safnaðist saman og margt fólk til hans svo að hann varð að stíga á skip og sat svo á sjánum. Og allt það fólk stóð þar á landi við sjóinn, og hann kenndi því margt í eftirlíkingum og í sinni predikan. Þá sagði hann til þeirra: Heyri þér, sjáið, einn sáðsæðari gekk út að sá. Það varð þá hann sáði að sumt féll utan hjá veginum, og þar komu fuglar loftans og átu það upp. En sumt féll í grýtt akurlendi þar það hafði eigi mikla jörð og rann fljótlega upp því að það hafði öngva jarðardýpt. Og þá er sólin gekk upp, skrældist það, og af því að það hafði öngva rót, þá visnaði það. Og sumt féll í bland þyrna, en þyrnarnir vóxu upp yfir og kæfðu það svo það færði öngvan ávöxt. Og sumt féll í góða jörð og færði ávöxt, hver eð upp vóx og firjóngaðist, og sumt færði þritugfaldan og annað sextugfaldan og sumt hundraðfaldan ávöxt. Og hann sagði til þeirra: Hver hann hefir eyru til að heyra, sá heyri.

Og þá hann var einn saman, spurðu þeir, sem hjá honum voru (meður þeim tólf), hann að þessari eftirlíkingu. Og hann sagði til þeirra: Yður er það gefið að vita leynda dóma Guðs ríkis, en til þeirra, sem þar eru fyrir utan, þá sker það allt í eftirlíkingum að þeir með sjáandi augum sjái, en skynji þó eigi og meður heyrandi eyrum heyri og undirstandi þó eigi svo þeir snúist ekki það þeirra syndir mættu fyrirgefast. Og hann sagði til þeirra: Kunni þér ekki að skilja þessa eftirlíking, hverninn munu þér þá kunna að skilja allar hinar?

Sáðsæðarinn sáir orðinu. En þeir eru það sem utan hjá veginum er, hvar orðið verður sáð. Og þá þeir hafa heyrt það, kemur andskotinn skjótt og nemur burt orðið, það sáð var í þeirra hjörtu. Líka svo eru þeir einninn sem sáðust í grýtta jörð. Því nær þeir hafa heyrt orðið, þá meðtaka þeir það strax með

fagnaði og hafa þó öngva rót í sér, heldur eru þeir fráhverfir, nær sér hreyfir mótgangur og ofsókn fyrir orðsins sakir, þá blygdast þeir strax. Og hinir, er í bland þyrnanna sá undirhyggja flás fédráttar og aðrar fleiri girndir ganga inn og kefja orðið svo það blífur án ávaxtar. Og þeir eru það, sem í góða jörð eru sáðir, er heyra orðið, meðtaka það og færa ávöxt, einn þrítugfaldan, annar sextugfaldan, og sumir hundraðfaldan.

Og hann sagði til þeirra: Kveikist og ljósið til þess að það setjist undir borð eður sængastaði, heldur að það setjist upp á einn kertahald? Því að þar er ekkert svo hulið að það opinberist eigi, og þar er ekkert svo leynt að það kunngjörst eigi. Hver hann hefir eyru að heyra, sá heyri. Og hann sagði til þeirra: Gætið að hvað þér heyrið. Með þeim mæli, er þér mælið út, þá mælist yður inn, og yður, sem á heyrið, skal við aukast. Því að hver hann hefur, þeim skal gefast, og hver hann hefir eigi, frá honum mun takast og einninn það hann hefur.

Og hann sagði: Guðs ríki er líka svo sem nær eð maðurinn kastar fræi í jörðina og sofnar síðan. Og hann stendur upp nótt og dag, en fræið grær og vex upp svo að hann veit eigi. Því að jörðin færir ávöxt af sér sjálfri, í fyrstu grasið, þar næst axið og svo þar næst fullt hveiti í axin. Og er það hefir framleitt ávöxtinn, þá sendir hann strax kornsigðinn því að kornskurðartími er kominn.

Og hann sagði: Að hverju skulu vér jafna Guðs ríki eða við hverjar eftirlíkingar skulu vér það samlíkja? Svo sem að eitt mustarðskorn, þá því verður í jörð sáð, er það öllu sæði minna sem eru hér á jörðu. Og þá því er sáð, vex það upp og verður öllum grasjurtum meira og fær mikla kvistu svo að fuglar himins mega hreiður byggja undir þess skugga.

Og í slíkum mörgum eftirlíkingum þá talaði hann fyrir þeim orðið, eftir því sem þeir það heyrt gátu, og án eftirlíkinga þá talaði hann ekki til þeirra, en sérdeilis þá lagði hann það allt út fyrir sínum lærisveinum. Og sama dags að kveldi þá sagði hann til þeirra: Föru vær hér yfir um. Og þeir forlétu fólkið, en tóku hann til sín sem hann var á skip kominn. Voru þar og önnur skip hjá honum.

Og þar gjörðist mikill stormvindur svo bylgjurnar féllu yfir skipið og það fylltist upp. En hann sjálfur var í skutnum og svaf á einum koddum. Þeir vöktu hann þá upp og sögðu til hans: Meistari, hirðir þú ekki um það þó vér tortýnust hér? Hann reis upp við og hastaði á vindinn og sagði til sjóvarins: Þagna þú og vert hljóður. Vindinn kyrrði, og þar varð logn mikið. Hann sagði þá til þeirra: Því eru þér svo hræddir? Eða hverju gegnir það þér hafið öngva trú? Þeir skelfdust og af ótta miklum og sögðu sín í millum: Hvern meini þér þennan? Því að vindur og sjór hlýðir honum.

Fimmti kapítuli

Og þeir komu yfir um þann sjó í byggðir Gadarenorum. Og er hann sté af skipinu, þá hljóp strax í móti honum úr leiðum framlíðinna einn djöfulóður maður, sá er hafði sitt híbýli í gröfum dauðra manna því enginn fékk hann bundið og eigi með jarnviðjum. Því að hann hafði oft bundinn verið með fjöturum og jarnviðjum, og hann hafði viðjurnar af sér slitið og fjöturinn í sundur núið, og enginn fékk hann tamið. Og allt jafnt nætur og daga þá var hann á fjöllum eða í dauðra manna gröfum, kallandi og lemjandi sig með grjóti. En þá er hann sá langt til Jesú, hljóp hann og féll fram fyrir honum, kallaði hárrí röddu og sagði. Hvað hefi eg með þig að gjöra, Jesús, sonur Guðs hins hæsta? Eg særi þig fyrir Guð að þú kveljir mig eigi. En Jesús sagði til hans: Far út, þú óhreini andi, af þessum manni. Og hann spurði hann að: Hvert er þitt heiti? Hann svaraði og sagði: Legio er mitt heiti því að vær erum margir. Og sá það hann mikillega að hann ræki þá eigi burt úr þeirri byggð.

En þar var í þeim stað við fjallið mikil svínahjörð á biti um ekrurnar. Og andarnir báðu hann, segjandi: Lofa oss það að vær förum í svínin. Og Jesús leyfði þeim það strax. Þá fóru enir óhreinu andar út og hlupu í svínin, og svínahjörðin fleygði sér með miklum þys í sjóinn, nær tveim þúsundum, og drukkuðu þar í sjónum. En þeir, sem þeirra gættu, flýðu og kunngjörðu um staðinn og um allar grundir. Þeir gengu þá út að sjá hvað þar hafði gjörst og komu til Jesú og sáu þann sem af djöflunum hafði kvalist sitjanda, klæddan og heilvita, og þeir hræddust það. En þeir, sem það höfðu séð, sögðu þeim hverninn gjört hafði verið við hann sem djöflana hafði haft og svo frá svínunum. Þeir hófu upp og báðu hann að hann færi burt úr þeirra landsálfum. Og er hann sté á skip, tók sá til að biðja hann sem af djöflunum hafði kvalist að hann mætti vera hjá honum. En Jesús lofaði honum það eigi, heldur sagði hann til hans: Far þú í þitt hús til þinna og kunngjör þeim hvað mikið er Drottinn gjörði þér og hversu líknsamur eð hann var þér. Hann fór þaðan og tók til út að hrópa um þær tíu borgir hvað mikið er Jesús hafði hann gjört, og allir andruðust það.

Og þá er Jesús fór yfir um sjóinn aftur á skipi, kom saman margt fólk til hans og var við sjóinn. Þar kom og einn af foringjum samkunduhússins, Jáirus að nafni, og þá er hann sá Jesúm, féll hann að fótum hans og bað hann mikillega og sagði: Mín dóttir er komin að lokum. Kom og legg þína hönd yfir hana svo hún verði heil og lifi. Og hann fór með honum. Margt fólk fylgdi honum og eftir, og það þrengdi honum. Og sú kona var þar er haft hafði blóðlát í tólf ár. Hún hafði og mikið þolað af mörgum lækni, hafði og kostað þar til öllu sínu. Það stóðaði henni þó ekkert, heldur hafði hún þess meiri kvöl. Þá hún heyrði nú af Jesú, kom hún með fólkinu á bak til og snart hans klæði því að hún sagði: Ef eg fæ að snerta hans klæði, þá mun eg heil verða. Og jafnsnart þá uppþurrkaðist hennar blóðfallsbrunnur, og hún fann það á sínum líkama að hún var heil orðin af þeirri plágu.

Og Jesús fann strax með sjálfum sér þann kraft, er út frá honum gekk, og sneri sér við til fólksins og sagði. Hver snart mín klæði? Hans lærisveinar sögðu til hans: Þú sér að fólkið þrengist að þér, þó segir þú: Hver snart mig? Og hann skygndist í kring um sig að sjá þann er það hafði gjört. En konan var hrædd og óttaslegin því að hún vissi hvað hana hafði skeð og kom, féll fyrir honum niður og sagði honum allan sannleik. En hann sagði til hennar: Dóttir, þín trúa gjörði þig heila. Far í friði og vert heil af þinni plágu.

Þá hann talaði þetta, komu sendiboðar til samkunduforingjans og sögðu: Þín dóttir er önduð, hví ómakar þú meistarann lengra? En er Jesús heyrði hvað þar sagðist, sagði hann til samkunduforingjans: Óttast ei, trú þú heldur. Og hann lofaði öngum að fylgja sér nema Pétri og Jakobi og Jóni bróður Jakobs. Og hann kom í samkunduhöfðingjans hús og leit það buldur og þá er þar grétu mjög og æptu. Og hann gekk þangað innar og sagði til þeirra: Hvað buldri þér og sýtið? Stúlkan er eigi látin, heldur sefur hún. Og þeir dárðu hann. En hann rak þá alla út og tók með sér föður og móður stúlkunnar og þá er með honum voru og gekk þangað inn er stúlkan lá.

Og hann hélt um hönd stúlkunnar og sagði til hennar: Talíta kúmí. Það útleggst: Stúlka, eg segi þér, ris upp. Og þá strax reis stúlkan upp og gekk, en hún var tólf ára gömul. Og þeir urðu af miklum ótta felmsfullir. Hann fyrirbaud þeim stórlega að það skyldi enginn vita og bauð að gefa henni að eta.

Sétti kapituli

Hann gekk út þaðan aftur og fór til sinnar fósturjarðar. Hans lærisveinar fylgdu honum og eftir. Og er þvottdagur kom, þá tók hann til að kenna í þeirra samkunduhúsi. Og margir af þeim, er það heyrðu, undruðust hans kenning og sögðu: Hvaðan kemur þessum allt þetta? Eða hverer sú speki sem honum er gefin og slík kraftaverk er gjörast fyrir hans hendur? Er hann eigi sá trésmiður sem er sonur Maríu, bróðir Jakobs, Jósefs, Júde og Símonar? Eru hans systur eigi hér með oss? Og þeir skammfylltust við hann. En Jesús sagði til þeirra að spámaðurinn væri eigi án vegsemdar nema á sinni ættleifð og hjá sínu hyski og kynslóð. Hann fékk þar og ekkert kraftaverk gjört, nema yfir fáeina sjúka, þá lagði hann hendur og læknaði þá. Og hann undraðist þeirra vantrú.

Hann gekk og kringum þau kaupún er þar stóðu í þyrping. Hann kallaði og saman þá tólf og tók að senda þá tvo og tvo til saman, gaf þeim og vald yfir óhreinum öndum og bauð þeim að bera ekkert með sér á veg nema einn staf, eigi pung, eigi brauð, eigi pening á linda, eigi heldur klæddir skófötum og það þeir klæddust eigi tveimur kyrtlum. Hann sagði og til þeirra: Í hvert það hús þér gangið inn, þá blífið þar til þess að þér farið þaðan. Og hverjir er eigi meðtaka yður eða heyra yður eigi, þá gangið út þaðan og hristið duft af fötum yðar til vitnisburðar yfir þá. Eg segi yður og fyrir sann að skár mun veita á dómadegi Sódóma og Gómorre en þeim stað.

Þeir gengu út og predikuðu það menn gjörðu iðran og ráku út marga djöfla, smurðu og marga sjúka með viðsmjöri og læknuðu þá svo.

Heródes konungur fékk og að heyra það því að hans nafn gjörðist víðfrægt. Hann sagði að Jón baptista væri upp aftur risinn af dauða og því gjörast slík kraftaverk af honum. En aðrir sögðu það hann væri Elías, en sumir sögðu að hann væri spámaður elligar einn af þeim spámönnum. Og er Heródes heyrði þetta, sagði hann: Sá Jóhannes sem eg lét afhöfða, hann er nú upprisinn af dauða.

Því að Heródes hafði sent út að grípa Jóhannem og lukt hann í myrkvastofu fyrir sakir Heródiadis bróðurkonu sinnar því að hann hafði gifst henni. En Jóhannes sagði til Heródis: Eigi leyfist þér að hafa bróðurkonu þína. Því veitti Heródiadis honum umsát og vildi láta aflífa hann, en gat þó eigi. Heródes óttaðist og Jóhannem því hann vissi hann vera helgan mann og réttlátan, varðveitti hann og hlýddi honum í mörgum greinum og heyrði honum gjarnan.

Þar hlotnaðist og svo tiltækilegur dagur að Heródes gjörði á sinni ártíð eina kveldmáltíð höfðingjum og höfuðsmönnum og hinum fremstu mönnum úr Galílea. Þá gekk dóttir hennar Herodíadis þar inn og dansaði, og það þóknaðist Herodi og þeim er með honum sátu til borðs. Þá sagði konungurinn til stúlkunnar: Bið af mér hvers þú vilt, og eg skal veita þér. Hann svór henni og einn eið, að hvers þú beiðist af mér, þá skal eg gefa þér þótt það sé helftina af mínu ríki. Hún gekk út og sagði til móður sinnar: Hvers skal eg biðja? En hún sagði: Höfuð Jóns baptista. Hún gekk þá og strax inn með skunda til konungsins, bað hann og sagði: Eg vil að þú gefir mér nú strax höfuð Jóns baptista á disk. Konungurinn hryggðist þá við, þó fyrir eiðsins sakir og þeirra sem til borðsins sátu með honum, þá vildi hann ekki hrella hana, heldur sendi hann böðulinn út og bauð að hann færði hanshöfuð á disk. Og hann afhöfðaði hann í myrkvastofunni og bar hans höfuð á disk og fékk það stúlkunni, en stúlkann fékk það móður sinni. Og er það heyrðu hans lærisveinar, komu þeir og tóku hans líkama og lögðu hann í jörð.

Og er postularnir komu saman aftur til Jesú og kunnngjörðu honum allt hvað þeir höfðu gjört og kennt og hann sagði til þeirra: Komið yður í einn hvern afvikinn stað í eyðimörku og hvílist þar litla stund. Því að margir voru þeir sem gengu frá og til svo þeir höfðu ekki rúm til að eta. Hann sté því á skip og fór afsíða í eyðimörku. Og er fólkið sá þá í burt fara, þekktu hann margir og hlupu þangað á fæti úr öllum stöðum og komu fyrr en þeir og fóru til hans. En er Jesús gekk fram og sá þar margt fólk, þá vorkynnti hann því, því að þeir voru sem aðrir saudir er öngvan hafa hirðir, og tók þá til að kenna þeim margt.

Og þá er áliðið gjörðist, gengu lærisveinarnir til hans og sögðu: Þessi staður er í eyði og framorðið er. Því lát þá ganga burt í hin næstu þorp og kaupún að þeir kaupi sér þar brauð því þeir hafa ekkert að eta. En Jesús svaraði og sagði til þeirra: Gefi þér þeim að eta. Og þeir sögðu til hans: Skulu vær þá fara út að kaupa fyrir tvö hundruð peninga brauð og gefa þeim að eta? En hann sagði þá til þeirra: Hversu mörg brauð þá hafi þér? Gangið til og skoðið. Og þá er þeir höfðu það skoðað, sögðu þeir: Fimm og tvo fiska. Og hann bauð þeim að þeir lægðu sig allir niður eftir borðsiðum á grænt gras. Og þeir settu sig þá niður í riðlum hundrað eða fimmtígi saman. Og hann tók fimm brauð og tvo fiska, leit upp til himins, blessaði og braut brauðin, fékk sínum lærisveinum að þeir legðu fyrir þá. Og þeim tveimur fiskum skipti hann og meður þeim öllum. Og allir þeir átu og urðu saddir. Þeir tóku þá upp leifarnar, tólf karfir fullar og líka af fiskunum. En þeir voru sem etið höfðu fimm þúsundir manna.

Og jafnsnart þá dreif hann sína lærisveina til það þeir færi á skip og færu fyrir honum yfir um sjóinn til Betsaida á meðan hann skildi fólkið við sig. Og þá er hann hafði það frá sér látið, fór hann upp á fjallið að biðjast fyrir. Og þá er kvelda tók, var skipið mitt á sjánum, en hann var einn á landi. Og hann sá þá erfiðandi í róðri því að vindurinn var í móti þeim, og nær um fjórðu eykt nætur þá kom hann til þeirra gangandi á sjánum, og hann lést vilja ganga fram hjá þeim. Og er þeir sáu hann gangandi á sjónum, ætluðu þeir skrímsl vera mundu og kölluðu upp. Því að þeir sáu hann allir og urðu óttaslegnir. En strax þá talaði hann við þá og sagði til þeirra: Verið öruggir, eg em hann, óttist eigi. Hann sté þá á skipið til þeirra og vindinn lygndi. Og þeir óttuðust þá enn meir með sjálfum sér og undruðust því að þeim skildist enn eigi af brauðunum því þeirra hjörtu voru forblinduð.

Og er þeir voru yfir um farnir, komu þeir í landið Genesaret og lentu þar. En er þeir stigu af skipinu, þá þekktu þeir hann strax, hlupu og út í öll umliggjandi héruð, tóku til og fluttu saman þar um kring sjúka menn á sængum. Hvar helst þeir heyrðu hann vera og hvar er hann gekk inn í kaupún, þorp eður staði, þá lögðu þeir sjúka menn á strætinn og báðu hann að þeir mættu snerta fald hans fata. Og allir þeir, er hann snertu þá, urðu heilbrigðir.

Sjöundi kapítuli

Þar komu og til hans farisei og nokkrir af hinum skriflærðu sem komnir voru af Jerúsalem. Og þá þeir sáu nokkra af hans lærisveinum meður almenningshöndum, það er meður óþvegnum, eta brauðin, ávituðu þeir þá. Því að farisei og allir Gyðingar átu eigi nema að þeir þvægi oftsinnis sínar hendur, haldandi svo öldunganna setninga. Og þá þeir komu af torgum, þá neyttu þeir eigi nema þeir skíruðu sig áður. Og margir aðrir hlutir eru þeir, hverjir þeim voru settir að varðveita, sem var hreinsun drykkjarkera, bikara, búgagns og borða. Þá spurðu farisei og hinir skriflærðu hann að: Því ganga þínir lærisveinar eigi eftir setningum öldunganna, heldur eta þeir brauðið meður óþvegnum höndum? En hann svaraði og sagði til þeirra: Næsta vel þá spáði Esaias af yður hræsnurum sem skrifað er: Fólk þetta heiðrar mig með vörunum, en þeirra hjarta er langt frá mér. Og til ónýts þá dýrka þeir mig, kennandi kenningar og boðorð manna, en yfirgefa svo Guðs boðorð og halda mannanna uppsetninga sem er um fægingar krúsa og drykkjarkera og margt annað þessu líkt þá gjöri þér.

Hann sagði til þeirra: Fínlega þá hafi þér Guðs boðorð gjört ónýtt að þér mættuð geyma svo yðvarn uppsetning. Því að Móses sagði: Heiðra þú föður þinn og móður, en hver hann bölvur föður eða móður, sá skal dauða deyja. En þér segið það maðurinn skuli segja til föður og móður: Korban, það er hver sú gjöf er guðs stök sem þér (frá mér) til gagns kemur. Og eigi þá leyfi þér honum frammar nokkuð að gjöra föður sínum né móður sinni, afsníðandi svo Guðs orð fyrir yðar setninga, þá þér hafið sjálfir uppsett. Og margt annað þvílíkt þá gjöri þér.

Hann kallaði þá fólkið aftur til sín og sagði til þeirra: Heyrið mér og undirstandið mig. Þar er ekkert fyrir utan í manninn innfarandi, það hann fái saurgað, heldur það sem út af manninum gengur, það er það sem manninn saurgar. Hver hann hefir eyru að heyra, sá heyri. Og er hann gekk inn í húsið burt frá fólkinu, spurðu hans lærisveinar hann að þessari eftirlíking. En hann sagði til þeirra: Eru þér og svo skilningslausir? Og skilji þér eigi að allt það sem fyrir utan er og inn fer í manninn, það fær eigi saurgað hann. Því að það fer eigi inn í hans hjarta, heldur fer það í magann og gengur svo út eftir eðlilegri rás, hver eð úthreinsar allan mat.

Og hann sagði: Hvað er út fer af manninum, það saurgar manninn. Því að af innan úr hjartanu mannsins þá framganga vondar hugrenningar, hórdómar, frillulífi, manndráp, þjófnaður, ágirni, illvilji, undirhyggja, gjálífi, ill tillit, guðlastanir, drambsemi, vanvirðing. Allt þetta vont þá gengur út að innan og saurgar manninn.

Hann stóð upp og fór þaðan í byggðarlög Týri og Símons og gekk þar inn í eitt hús og vildi það öngvan vita láta, en fékk þó eigi dulið sig. Því að ein kona strax er hún heyrði af honum, hveirrar dóttir er hafði óhreinan anda, gekk inn og féll til föta hans. En það var ein heiðin kona Syropheniceættar, og hún bað hann að reka út djöfulinn frá dóttur sinni. En Jesús sagði til hennar: Leyf þú að börnin mettist áður, því að það er eigi tilheyrilegt að taka brauðið barnanna og kasta fyrir hundana. En hún svaraði og sagði til hans: Svo er það herra, en þó eta hundar, sem eru undir borðinu, af molum barnanna. Hann sagði þá til hennar: Fyrir sakir þessa orðs þá far héðan því djöfulinn er út farinn frá þinni dóttur. Hún gekk og þaðan í sitt hús og fann stúlkuna í sæng liggjandi og djöfulinn út farinn.

Og þá hann gekk burt aftur úr byggðarlagi Týri og Símons, kom hann til sjávar í Galílea í miðjar byggðir þeirra (tíu) staðanna. Og þeir leiddu til hans daufan mann, þann er og var einn dumbi, báðu hann og að hann legði hönd yfir hann. En hann veik honum afsíða frá fólkinu og stakk sínum fingrum í hans eyru, snart og hans tungu, leit upp til himins, andvarpaði og sagði til hans: Efaþa, það er: Opna þig. Og strax þá opnuðust hans eyru, þá uppleystist og einninn hans tunguhaft svo hann talaði rétt. Og hann fyrirbauð þeim að segja það neinum. En því meir er hann fyrirbauð þeim það, þess meir þá viðfrægðu þeir það. Þeir undruðust það og næsta mjög og sögðu: Allt þá hefir hann vel gjört því daufa lætur hann heyra og mállausa mæla.*

Áttandi kapítuli

Á þeim tímum þá þar var enn margt fólk saman og hafði ekki til matar, kallaði Jesús sína lærisveina til sín og sagði til þeirra: Eg kenni aumur á fólkinu því að þeir hafa nú þrjá daga hjá mér verið og hafa ekki til matar haft. Og ef eg læt þá svanga frá mér heim fara, verða þeir hungurmorða á leiðinni því að sumir voru langt að komnir. Hans lærisveinar svöruðu honum: Hvaðan töku vér brauð hér á örafum svo vér getum þá mettað? Og hann spurði þá að: Hversu mörg brauð þá hafi þér. Þeir sögðu: (vii). Og þá bauð hann fólkinu að skipa sér niður á foldina og tók þá brauðin, þakkaði og braut þau og gaf sínum lærisveinum að þeir legðu þau fram. Og þeir lögðu þau fram fyrir fólkið. Þeir höfðu og fæina fiska. Hann blessaði þá og bauð þá fram að leggja. En þeir neyttu og voru mettir. Þeir tóku og upp það yfir var, (vii) karfir meður afgangs leifar. Og þeir voru sem etið höfðu nær fjórum þúsundum og hann lét þá í burt fara frá sér.*

Og strax þá sté hann á skip meður sína lærisveina og kom í þær landsálfur er heita Dalmanúta. Faríseir gengu út og tóku að hafa spurningar við hann, freistuðu hans og eftirleituðu af honum eins teikns af himni. En hann varð þrunginn við í sínum anda og sagði: Til hvers þá sækir þessi kynslóð eftir teikni? Sannlega þá segi eg yður að þessari kynslóð gefst ekkert teikn. Hann forlét þá og sté á skip og fór yfir umaftur.

Þeir höfðu og gleymt að taka brauð meður sér og höfðu ekki nema eitt brauð meður sér í skipinu. En hann bauð þeim og sagði: Sjáið til og varið yður við súrdeigi þeirra fariseis og svo við súrdeigi Heródis. En þeir hugsuðu allt annað og sögðu hver við annan: Það er af því að vér höfum engin brauð. Og er Jesús fornám það, sagði hann til þeirra: Hvað hugsir þér um það þó þér hafið ekki brauðin? Skynji þér ekkert né undirstandið? Hafi þér enn forblindað yðvart hjarta? Hafið þó augu, en sjáið eigi, og eyru, en heyrið eigi. Þér hugsid og eigi þar eftir að eg braut fimm brauð í millum fimm þúsunda. Hversu margar karfir fullar með afgangsléifar tóku þér þá upp? Þeir sögðu: Tólf. En þá eg braut þau (vii) á millum fjöggra þúsunda, hversu margar karfir fullar með léifar tóku þér þá upp? Þeir sögðu: (vii). Hverninn eru þér þó skynsemdarlausir?

Hann kom og til Betsaida. Og þeir leiddu þá einn blindan mann til hans og báðu hann um að hann tæki á honum. En hann tók í hönd hins blinda og leiddi hann út af fyrir utan kaupúnið, spýtti í hans augu og lagði sínar hendur yfir hann og spurði hann að hvort hann sæi nokkuð. En hann leit um sig og sagði: Eg sé mennina sem skógartré væri er þar ganga. Þá lagði hann enn aftur sínar hendur yfir hans augu, gjörði og að svo hann fékk sýnina, og hann var svo lagfærður að hann sá allt klárlega. Og hann sendi hann svo til síns heimilis og sagði: Gakk eigi inn aftur í kaupúnið, seg það og ei neinum þar inni.

Jesús gekk og hans lærisveinar inn í eitt kaupún staðarins Sesare Filippí. Og á leiðinni þá spurði hann sína lærisveina að: Hvern segja menn mig vera? Þeir önsuðu: Þeir segja þú sért Jón baptista, en aðrir segja þú sért Elías, en sumir að þú sért einn af spámönnum. Þá sagði hann til þeirra: En þér, eða hvern segi þér mig þá vera? Þá svaraði Pétur og sagði til hans: Þú ert Kristur. Og hann þaggaði þá að þeir segði það ei neinum út af honum. Hann tók þá og til að kenna þeim það mannsins sonur skyldi margt þola og hrakinn vera af öldungum, höfuðprestum og skriflærdum og líflátinn vera og á hinum þriðja degi upp að rísa. Hann talaði og þessi orð berlega út. Pétur tók hann þá höndum og átaldi hann. En hann sneri sér við og leit til sinna lærisveina, hastaði á Petrum og sagði: Far á bak mér aftur, þú andskoti, því að þú skynjar eigi það guðlegt er, heldur það sem líkamlegt er.

Og að saman kölluðu fólkinu samt með hans lærisveinum, sagði hann til þeirra: Hver hann vill mér eftirfylgja, afneiti sá sjálfum sér og taki sinn kross á sig og fylgi mér svo eftir. Því hver hann stundar á að forvara sitt líf, sá mun því tortýna, og hver hann lætur sitt líf fyrir mínar sakir og guðsspjallanna, sá hefir varðveitt það. Því að hvað stóðaði það manningum þótt hann eignaðist allan heim og gjörði svo þar með glatan sinnar sálu? Eður hvað má maðurinn það gefa að hann frelsi sína önd með? Því að hver hann skammast mín eður minna orða hjá þessari hórdómsins og syndugri kynslóð, þann mun mannsins sonur og forsmá þá hann kemur meður sínum englum í dýrd síns föðurs. Hann sagði og þá til þeirra: Sannlega segi eg yður að hér standa nokkrir af þeim, hverjir eigi smakka dauðann þar til þeir sjá Guðs ríki með krafti komanda.

Níundi kapítuli

Og eftir sex daga tók Jesús til sín Petrum, Jakob og Jóhannes og veik þeim einum sömum afsíðis upp á hátt fjall og auðbirti sig fyrir þeim. Hans klæði urðu skínandi og næsta hvít sem snjár svo að enginn litunarmaður á jörðu kann svo hvítt að gjöra. Þeim birtist og Elías með Móse og voru þar talandi við Jesúm. Pétur svaraði og sagði til Jesú: Rabbí, gott er oss hér að vera, og gjörum hér þrjár tjaldbúðir, þér eina og Móse eina og Elíe eina. Því að hann vissi eigi sjálfur hvað hann sagði af því þeir voru óttaslegnir. Þar varð og eitt ský sem þá yfirskyggði, og rödd kom úr skýinu, segjandi: Þessi er minn elskulegur sonur, heyri þér honum. Og strax þar eftir er þeir litu um sig, sáu þeir öngvan meir nema Jesúm einn hjá sér.

Og er þeir gengu ofan af fjallinu, bauð hann þeim að þeir segði það öngum hvað þeir höfðu séð nema þá er mannsins sonur væri upprisinn af dauða. Þeir héldu og því orði hjá sér, spyrjandi eftir sín á milli hvað það væri er hann sagði upprisinn af dauða. Og þeir spurðu hann að og sögðu: Hvað er það þá sem hinir skriflærðu segja að Elías byrjar fyrri að koma. En hann svaraði og sagði til þeirra: Elías skal að vísu fyrri koma og allt til lags færa. Og svo sem skrifað er að mannsins sonur skuli margt líða og forsmáður verða. En eg segi yður það Elías er kominn og þeir hafa gjört honum hvað helst þeir vildu svo sem skrifað er af honum.

Hann kom til sinna lærisveina og sá þar margt fólk kringum þá og hina skriflærðu er spurðust á við þá. Og strax er allt fólkið leit Jesúm, feltraði því og hræddust, hlupu og heilsuðu honum. Og hann spurði þá hina skriflærðu: Að hverju spyrjist þér um við þá? En einn af fólkinu svaraði og sagði: Meistari, eg flutti son minn hingað til þín. Hann hefir mállausan anda, og nær helst er hann höndlast af honum, þá slítur hann hann og hann froðufellir og nístrar tönnum og þornar upp. Og eg talaði til þinna lærisveina að þeir ræki hann út, og þeir gátu eigi.

En hann svaraði og sagði: Ó, þú vantrúaða kynslóð, hversu lengi þá skal eg hjá yður vera? Eða hversu lengi þá á eg að líða yður? Færið hann hingað til mín. Og þeir færðu hann þangað til hans. Og er andinn leit hann, óróaði honum strax, féll á jörð og veltist um, froðufelldi. Hann spurði og hans fōður að hversu langur tími er frá því er hann hreppti þetta. En hann sagði: Frá barnæsku. Og oflega þá hefir hann fleygt honum á eld og í vatn að hann fyrirfæri honum svo. Ef þú orkar nokkuð, þá sjá aumur á og hjálpa okkur. En Jesús sagði til hans: Ef þú gæti trúað. Því trúuðum er allt mögulegt. Og strax þá kallaði faðir barnsins upp með tárur og sagði: Eg trúi, herra, hjálpa þú minni vantrú.

Og er Jesús sá að fólkið hljóp að, ávítaði hann hinn óhreina anda og sagði til hans: Þú daufi og hinn dumbi andi, eg býð þér að þú farir út af honum og farir eigi meir í hann þaðan í frá. Og hann kallaði upp, sleit hann mjög og fór út af honum, og hann varð sem væri hann dauður svo að margir sögðu það hann væri dauður. En Jesús hélt í hans hönd og rétti hann upp, hann reis þá og upp. Og þá hann var til húss genginn, spurðu hans lærisveinar hann leynilega að: Því gátu vær eigi drifið hann út? En hann sagði: Þetta kyn fæst með öngu öðru útrekið nema fyrir bænir og föstu.

Þeir gengu og burt þaðan og ferðuðust um Galíleam. Hann vildi og eigi að það skyldi nokkur vita. Hann lærði sína lærisveina og sagði þeim það mannsins sonur skyldi seljast í manna hendur og þeir myndi aflífa hann og þá hann væri aflífaður, mundi hann á þriðja degi upp aftur rísa. Þeir undirstóðu eigi þessi orð og þorðu þó eigi að spyrja hann að.

Hann kom til Kapernaum. Og sem hann var til húss kominn, spurði hann þá að: Hvað hantéruðu þér yðar á millum á veginum? En þeir þögðu því að þeir höfðu metist um á veginum hver þeirra mestur væri. Og er hann setti sig, kallaði hann þá tólf og sagði til þeirra: Ef nokkur vill fyrstur vera, sá skal öllum síðastur vera og allra þjón. Hann tók þá eitt barn og setti það mitt á milli þeirra. Og er hann hélt um það, sagði hann til þeirra: Hver sá sem meðtekur eitt þvílíkt barn í mínu nafni, hann meðtekur mig. Og hver helst hann meðtekur mig, sá meðtekur eigi mig, heldur hann sem mig sendi. En Jóhannes svaraði honum og sagði: Meistari, vér sáum einn þann sem rak út djöfla í þínu nafni, hver eð eigi fylgir oss eftir, og vær fyrirbuðum honum það af því hann fylgdi oss eigi eftir. En Jesús sagði: Eigi skulu þér fyrirbjóða honum það því að enginn sá ef hann gjörir kraftaverk í mínu nafni og kunni þá strax illa að tala um mig. Því að hver hann er eigi í móti oss, hann er fyrir oss. Því hver sem yður gefur að drekka einn bikar vats í mínu nafni af því að þér eruð Kristis, sannlega þá segi eg yður að hann tapar eigi sínu verðkaupi.

Og hver hann skammar einn af þeim enum litlu sem á mig trúa, honum væri betra að kvernarsteinn byndist við háls honum og væri svo í sjó kastað. Og ef þín hönd skammfyllir þig, þá snið þú hana af. Betra er þér handarvönum inn að ganga til lífsins en hafandi tvær hendur og fara til helvítis í óslökkvilegan eld, hvar eð þeirra maður deyr eigi og þar þeirra eldur slokknar eigi. Og ef þig skammfyllir fótur þinn, þá högg hann af. Betra er þér höltum inn að ganga í eilíft líf en það þú hafir tvo fætur og kastist í helvískan eld óslökkvilegan, hvar að þeirra maður deyr eigi og þar þeirra eldur slokknar eigi. Skammfyllir þig þitt auga, þá rek það frá þér. Betra er þér eineygðum inn að ganga í Guðs ríki en það þú hafir tvö augu og sendist í helvískan eld, hvar eð þeirra maður deyr eigi og þar þeirra eldur slokknar eigi.

Því að allir hljóta með eldi † að saltast og allar förnir salti að saltast. Saltið er gott, en ef saltið afseltist, með hverju kryddi þér þá? Hafi þér saltið hjá yður og hafið frið yðar á milli.

Tíundi kapítuli

Og er hann reis upp þaðan, kom hann í endimörk Júdalands hinumegin Jórdanar. Þar kom og enn aftur margt fólk til hans og sem hann plagaði. Þá tók hann enn aftur til að kenna þeim. Farísei gengu og til hans, spurðu hann að ef mannum leyfðist að forlata sína húsfrú, freistandi hans svo. En hann svaraði og sagði til þeirra: Hvað hefir Móses boðið yður? Þeir sögðu: Móses leyfði skilnaðarbréf að skrifa og við að skilja, hverjum. Jesús svaraði og sagði: Fyrir harðleik hjarta yðvars þá skrifaði hann yður þetta boðorð. En af upphafi skepnunnar gjörði Guð þau kallmann og konu. Af því forlætur maðurinn föður sinn og móður og heldur til við konu sína, og eru svo tvö eitt hold. Af því eru þau nú eigi tvö, heldur eitt hold. Því hvað Guð hefir samtengt, það skal maðurinn eigi sundur skilja.

† (að saltast) hinu gamla testamento var allt offur saltað og af öllu offri þá varð nokkru brennt í eldi, það ber Kristur hér fram og leggur það andlega út, einkanlega að fyrir evangelium svo sem fyrir annan eld og salt verði sá forni maður krossfestur, fortærður og vel saltaður. Því að vort líf er hið rétta offur Guðs (Róm. xii.). En hvar eð saltið afseltist og evangelium verður með manna læringum meiskrað og spillt, þar er þá engin kryddan meir ens forna manns, heldur vellur hann þá möðkum. En saltið það bitur, af því er oss þörf að hafa frið og þolinmæði í söltuninni.

Og í húsinu spurðu hans lærisveinar aftur að um hið sama, og hann sagði þeim: Hver helst sem forlætur sína eiginkonu og fastnar aðra, sá drýgir hór á henni. Og ef konan forlætur sinn eiginmann og giftist öðrum, sú hórast.

Og þeir færðu ungbörn til hans að hann áhrærði þau, en lærisveinarnir átöldu þá sem þau leiddu. Og er Jesús sá það, líkaði honum það eigi vel og sagði til þeirra: Leyfið börnunum til mín að koma og bannið þeim eigi því að þvílíkra er Guðs ríki. Sannlega segi eg yður: Hver hann meðtekur eigi Guðs ríki sem annað ungbarn, sá mun eigi inn ganga í það. Og hann tók þau í fang og lagði sínar hendur yfir þau og blessaði þau. Og þá hann var út genginn upp á veginn, hljóp þar einn fram fyrir, buktaði sig fyrir honum og spurði hann að, segjandi: Góði meistari, hvað skal eg gjöra svo að eg eignist eilíft líf? En Jesús svaraði honum: Hví segir þú mig góðan? Enginn er góður nema Guð einn. Boðorðin muntu kunna, að þú skulir ei hórdóm drýgja, eigi mann vega, eigi stela, eigi skulir þú ljúgvitni mæla, eigi svik gjöra, heiðra föður þinn og móður. En hann svaraði og sagði til hans: Meistari, allt þetta hefi eg varðveitt í frá barnæsku minni. En Jesús horfði á hann, elskaði hann og sagði til hans: Eitt þá brestur þig. Far, sel allt það þú hefir og gef fátækum, og þá munt þú hafa einn thesaur á himnum. Kom, og fylg mér svo eftir og legg kross þér á herðar. En hann varð hryggur við þessi orð, gekk þaðan syrgjandi því að hann hafði miklar eignir.

Jesús leit kringum sig og sagði til sinna lærisveina. Hversu torvelt er þeim, sem peninga hafa, inn að ganga í Guðs ríki. En hans lærisveina setti tvista við þessi hans orð. Jesús ansaði enn aftur og sagði til þeirra: Sonarkorn mín, hversu torvelt er þeim, sem treystandi eru peningum, inn að ganga í Guðs ríki. Auðveldara er úlfaldanum að ganga í gegnum nálarauga en ríkum inn að ganga í Guðs ríki. Þeir undruðust enn meir, segjandi sín á milli: Hver fær þá hjálpast? En Jesús horfði á þá og sagði: Hjá mönnum er það ómögulegt, en eigi hjá Guði. Því að hjá Guði er allt mögulegt.

Og eftir það tók Pétur til að segja honum: Sjáðu, vér forlétum allt og erum þér eftirfylgjandi. Jesús svaraði og sagði: Sannlega segi eg yður að enginn er sá, hver að fyrirlætur hús eða bræður eða systur eða föður eða móður eður börn eða akra fyrir mínar sakir og guðsspjallanna, sá er eigi meðtekur hundraðfalt aftur nú á þessari tíð hús, bræður og systur og móður og börn og akra með ofsóknum og í eftirkomanda heimi eilíft líf. Og margir verða þeir seinastir sem eru fyrstir og þeir fyrstir sem seinastir eru. Og þeir voru þá enn á veginum að fara upp til Jerúsalem, og Jesús gekk fyrir þeim. Þá setti og hljóða við, fylgjandi honum þó eftir og óttuðust hann.

Hann tók og þá tólf aftur til sín og hóf upp að segja þeim hvað yfir hann myndi koma: Sjáið það að vær förum nú upp til Jerúsalem. Og mannsins sonur mun seljast kennimannahöfðingjum, skriflærðum og öldungum. Þeir munu og fordæma hann í dauða og selja heiðingjum. Þeir munu og spotta hann og flengja, spýta á hann og lífláta, og á þriðja degi mun hann upp aftur rísa.

Þá gengu þeir Jakobus og Jóhannes, synir Sebedei, til hans og sögðu: Meistari, við viljum að þú gjörir fyrir okkur hvers sem við biðjum þig. En hann sagði til þeirra: Hvað vilji þér að eg skuli gjöra yður? Þeir sögðu þá til hans: Gef okkur það, við sitjum í þinni dýrð, einn til hægri handar þér og annar til hinnar vinstri. En Jesús sagði til þeirra: Þér vitið eigi hvers þér biðjið. Kunni þér að drekka þann kaleik, hvern eg mun drekka, og skírast með þeirri skírni sem eg mun skírast? En þeir sögðu honum: Það getu við. Jesús sagði þá til þeirra: Að sönnu munu þér drekka þann kaleik, hvern eg mun drekka, og meður þeirri skírni skírdur verða, hverri eg mun skírast. En að setja til minnar hægri handar eður til vinstri er eigi mín að gefa yður, heldur þeim sem það er fyrirbúið.

Og þá er þeir tíu heyrðu það, voru þeir gramir upp á Jakob og Jóhannem. En Jesús kallaði þá til sín og sagði til þeirra: Þér vitið það að þeir sem sýnast hafa stjórnar þjóðanna, þá drottna yfir þær, og þeir sem eru þeirra formenn, þá hafa þeir vald yfir þeim. En það skal eigi svo vera yðar á milli, heldur hver hann vill vera yðar á milli öðrum meiri, sá skal yðar þenari vera. Og hver hann vill yðar á milli fremstur vera, sá skal allra þjón vera. Því að mannsins sonur er eigi kominn til þess að honum þjónaðist, heldur það að hann þjónaði og gæfi sína önd út til endurlausnar fyrir marga.

Þeir komu og til Jeríkó. Og að honum burtfaranda úr Jeríkó og hans lærisveinum og miklum öðrum fólksfjölda, sat Bartímeus, blindur son Tímei, við veginn og beiddi. Og er hann heyrði að það var Jesús af Nasaret, tók hann til að kalla og sagði: Jesús sonur Davíðs, miskunna þú mér. Og margir átöldu hann að hann þegði, en hann kallaði þá miklu meir: Sonur Davíðs, miskunna þú mér. Jesús stóð við og bauð að kalla á hann. Þeir kölluðu og á hinn blinda, segjandi til hans: Vertu með góðum hug, statt upp, hann kallar þig. Og hann snaraði sinni yfirhöfn af sér, stóð upp og kom til Jesú. Jesús svaraði og sagði til hans: Hvað viltu að eg skuli gjöra þér? En hinn blindi sagði honum: Rabbúní, það eg sæi. Jesús sagði þá til hans: Gakk héðan, þín trúa gjörði þig hólpinn. Og strax þá sá hann og fylgdi honum eftir upp á veginn.

Ellifti kapítuli

Og þá þeir komu nær Jerúsalem til Betfage við fjallið viðsmjörsviðanna, sendi hann tvo sína lærisveina út og sagði til þeirra: Gangið í það kaupún sem gegnt yður er. Og strax er þér gangið þar inn, munu þér finna fola bundinn, á hverjum enginn maður hefir enn setið. Leysið hann og leiðið hingað. Og ef nokkur segir til yðar hví þér gjörið það, þá segið að hann er herranum þarflegur, og strax mun hann senda hann hingað. Þeir gengu burt þaðan og fundu folann bundinn fyrir utan dyrnar á gatnamótinu og leystu hann. Og nokkrir af þeim, er þar stóðu, sögðu til þeirra: Hvað gjöri þér, leysandi folann? En þeir sögðu til þeirra sem Jesús hafði þeim boðið, og þeir leyfðu þeim það, og færðu folann til Jesú, lögðu og á hann sín klæði, og hann sat á honum. En margir breiddu sín fót á veginn, en aðrir hjuggu kvistu af trjánum og dreifðu á veginn. Og þeir er fyrir gengu og hinir sem eftirfylgdu, kölluðu og sögðu: Hósianna. Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins, og blessað sé ríki föður vors Davíðs, það eð kemur í nafni Drottins. Hósianna á upphæðum. Drottinn fór og til Jerúsalem og gekk inn í musterið og umskyggndi alla hluti. Þá að kveldi var nú komið, gekk hann út með þeim tólf til Betanía. Og annars dags, þá hann gekk út af Betanía, svengdi hann. Og er hann sá á lengdar fikjutré, það er laufblöð hafði, kom hann að vita hvort hann fyndi nokkuð á því. Og þá hann kom þangað að, fann hann ekkert nema laufblöðin því að það var eigi fiknanna tími kominn. Jesús svaraði og sagði til þess: Hér eftir eti enginn af þér ávöxt að eilífu. Og hans lærisveinar heyrðu á það.

Þeir komu og til Jerúsalem, og Jesús gekk inn í musterið, tók til út að reka þá sem seldu og keyptu í musterinu, borðum þeirra, er reiðupeningum skiptu og stólum þeirra, er dúfur seldu, hratt hann um. Og eigi lofaði hann að nokkur bæri ker um musterið. Og hann kenndi og sagði til þeirra: Er það eigi skrifað að mitt hús skuli kallast bænahús öllum þjóðum? En þér hafið gjört það að spillvirkjainni.

Það heyrðu og hinir skriflærðu og kennimannahöfðingar og leituðu eftir hverninn þeir mættu fyrirfara honum. Því að þeir óttuðust hann af því að allur lýður dáðist að hans kenningu. Og er kveld var komið, gekk hann út af borginni. Og að morgni þá gengu þeir þar hjá og sáu fikjutréið þurr orðið að rótum. Pétur minntist á og sagði við hann: Rabbí, sjáðu fikjutréið, hverju þú formæltir, er uppvisnað. Jesús svaraði og sagði til hans: Hafið trú til Guðs. Sannlega segi eg yður: Hver helst hann segði til þessa fjalls: Lyfst upp, þú, og fleyg þér í sjóinn, og efaði eigi í sínu hjarta, heldur tryði að það myndi ske hvað hann segir, þá mun það og ske hann hvað hann segir. Fyrir því segi eg yður: Allt hvað helst þér biðjið í yðvarri bæn, trúið að þér öðlist það, þá mun það og henda yður. Og nær þér standið og biðjist fyrir, þá fyrirgefið ef þér hafið nokkurs konar af öðrum yður í gegn svo að yðar faðir, sem er á himnum, fyrirgefi yður yðar brot. Því að ef þér fyrirgefið eigi, þá fyrirgefur og eigi yður faðir yðar, sem er á himnum, yðrar syndir.

Þeir komu og enn til Jerúsalem, og þá er hann gekk í musterinu, komu til hans höfuðprestar, skriflærðir og öldungar og sögðu til hans: Út af hverju valdi gjörir þú þetta? Og hver hefir gefið þér vald til að þú gjörðir þetta? En Jesús svaraði og sagði til þeirra: Eg vil spyrja yður að einu orði. Svarið mér, þá mun eg segja yður af hverju valdi eg gjöri þetta. Skírni Jóhannis, var hún af himnum eður af mönnum? Svarið mér. Þeir hugsuðu með sér og sögðu: Ef vær segjum að hún væri af himnum, segir hann til vor: Því trúðuð þér henni þá eigi? En ef vær segjum að hún væri af mönnum, hræðunst vær fólkið, því að allir héldu það Jóhannes væri sannur spámaður. Því svöruðu þeir og sögðu til Jesú: Vær vitum eigi. Jesús svaraði og sagði til þeirra: Þá segi eg yður og eigi af hverju valdi að eg gjöri þetta.

Tólfli kapítuli

Hann tók og til að tala við þá í eftirlíkingum. Maður plantaði víngarð og girti garð um og gróf þar vínþrúgu og byggði þar upp turn og skipaði hann með akurkalla og ferðaðist langt í burt. Og er tími var til, sendi hann þjón sinn til akurkallanna að hann meðtæki af akurköllunum út af víngarðsins ávexti. En þeir handtóku hann og börðu og létu eyrindislausan í burt fara. Og enn aftur sendi hann annan þjón til þeirra. Og hans höfuð lestu þeir grjóti og slepptu spottuðum í burt. Og þá enn aftur sendi hann annan, og þann aflífuðu þeir og fleiri aðra, suma hýddu þeir, en suma drápu þeir.

Hann hafði þá enn eftir, einn sinn kærastan son. Og hann sendi hann seinastan til þeirra og sagði: Þeir munu feila sér fyrir syni mínum. En akurkallarnir sögðu sín á milli: Þessi er erfinginn. Komi þér, vegum hann svo að vor verði arftakan. Og þeir höndluðu hann og aflífuðu og köstuðu honum út fyrir víngarðinn. En hvað mun nú herran víngarðsins gjöra til? Hann kemur og tortýnir akurköllunum og gefur víngarðinn öðrum. Hafi þér eigi lesið þessa skrift: Þann stein er byggjendur forlögðu, hann er vorðinn höfuð hyrningar. Af Drottni er þetta gjört og er undarlegt fyrir vorum augum. Og þeir leituðu við að handtaka hann, en hræddust þó lýðinn því að þeir fundu það hann sagði þessa eftirlíking til þeirra. Þeir forléttu hann og gengu í burt.

Þeir sendu til hans nokkra af faríseis og Heródes þénara að þeir veiddu hann í orðum. Þeir komu og sögðu til hans: Meistari, vér vitum að þú ert sannsögull og skeytir eigi neinum því að þú fer eigi eftir yfirlitum manna, heldur kennir þú Guðs götu með sannleika. Hvort leyfist oss að gefa keisaranum skatt eða eigi? Hann vissi þeirra undirhyggju og sagði til þeirra: Hví freisti þér mín? Færð mér peninginn að eg sjái hann. Þeir fengu honum einn. Þá sagði hann til þeirra: Hvers er þessi mynd og innskrift? Þeir sögðu honum: Keisarans. Jesús svaraði og sagði til þeirra: Því gefið keisaranum það keisarans er og Guði það Guðs er. Og þeir undruðust yfir honum.

Þá komu og saddúkei til hans, þeir eð segja upprisuna eigi vera, spurðu hann að og sögðu: Meistari, Móses skrifaði oss að ef nokkurs bróðir létist og hefði eiginkonu eftir og léti engin börn eftir sig, þá á bróðir hans að meðtaka hans eignarkonu og uppvekja sínum bróður sæði. Nú voru þar (vii) bræður. Og hinn fyrsti tók sér eiginkonu og er andaður, látandi eigi sæði eftir. Og sá annar tók hana og andaðist, lét og eigi sæði eftir. Og líka hinn þriðji og einninn þeir (vii) tóku hana allir og létu eigi sæði eftir. Seinast af öllum andaðist og konan. En í upprisunni þá er þeir rísa upp, hvers þeirra eiginkona verður hún? Því að þeir (vii) höfðu hana til eiginnar konu. Jesús svaraði og sagði til þeirra: Er eigi svo að þér villist, vitandi eigi ritningarnar og eigi heldur Guðs kraft? Því að þá þeir rísa upp af dauða, kvænast þeir ei né láta sig kvæna, heldur eru þeir sem englar Guðs á himnum. En hafi þér eigi lesið í Móses bók af framliðnum það þeir munu upp rísa? Hverninn sagði Guð til hans í skógarrunninum er hann sagði: Eg em Guð Abrahams og Guð Ísaks og Guð Jakobs? Eigi er hann Guð dauðra, heldur Guð lifendra. Af því villist þér mjög.

Og einn af skriftlærðum gekk að, sá er heyrnt hafði þá spyrjast á, sá og það að hann hafði svarað þeim vel og spurði hann að: Hvert er fyrst boðorð af öllum? En Jesús svaraði honum: Það er fyrst boðorð af öllum: Heyr þú Írael. Drottinn Guð vor er einn Guð. Og elska skalt þú Drottin Guð þinn af öllu hjarta þínu og af allri sálu þinni og af öllu þínu hugskoti og af öllum krafti þínum. Þetta er hið fyrsta boðorð. En annað er og þessu líkt: Elska þú náunga þinn sem sjálfan þig. Eigi eru þar önnur boðorð þessum meiri.

Og hinn skriftlærði sagði til hans: Meistari, í sannleik þá sagðir þú vel því að einn er Guð og enginn er þar annar en hann. Og það að hann skuli elskast af öllu hjarta og af öllum skilningi og af allri öflugan og það að elska náunga sinn sem sjálfan sig, er öllum brenniförnum meira og offri. En er Jesús sá að hann svaraði víslega, sagði hann til hans: Eigi ertu langt frá Guðs ríki. Og enginn þorði þá að spyrja hann.

Jesús svaraði og sagði er hann kenndi í mustérinu: Hverninn segja skriftlærðir Kristum vera Davíðs son? En Davíð segir sjálfur af helgum anda: Drottinn sagði mínum drottni: Sit þú til minnar hægri handar á meðan eg legg þína óvini til skarar þinna fóta. Þar segir Davíð sjálfur hann sinn herra. Hverninn er hann þá sonur hans? Og margt af fólkinu heyrði honum gjarnan.

Og í sinni kenningu sagði hann til þeirra: Varið yður við enum skriftlærðum sem ganga vilja í síðum klæðum og heilsast á torgum og sitja á fremstum stólum í samkunduhúsum og hafa hin fremstu sæti að kveldverðum, hverjir í sig gleypa ekknahús undir hylmingu langrar bænar. Þeir munu og öðlast þess þyngra glötunardóm.

Og er Jesús sat gegnt ölmusuörkinni, sá hann hverninn fólkið varpaði peningum í ölmusuörkina og að margir ríkir köstuðu miklu. En þá er ein ekkja fátæk kom, lét hún tvo skarfa inn, það er einn pening. Hann kallaði sína lærisveina til sín og sagði þeim: Sannlega segi eg yður að þessi fátæka ekkja lét meir inn en allir aðrir sem inn létu í ölmusuörkina. Því að allir létu af því inn er þeim var að auk, en þessi lét af volað sinni allt hvað hún hafði og sína björg alla.

Þrettándi kapítuli

Og þá hann gekk út af musterinu, sagði einn af hans lærisveinum við hann: Meistari, skoða hvílíkir steinar og þvílíkt smíði þetta er. Jesús svaraði og sagði til hans: Sér þú allar þessar miklu byggingar? Hér mun eigi eftir látast steinn yfir steini, sá er eigi verði niðurbrotinn.

Og þá hann sat í fjallinu Oliveti gegnt musterinu, spurðu hann að sér í lagi Pétur og Jakob og Jóhannes og Andreas: Seig þú oss nær þetta skal ske og hvert teikn verður þá þetta skal allt til taka að fullkomnast. Jesús svaraði þeim og tók til að segja: Sjáið til að ei fái nokkur villt yður. Því að margir munu koma í mínu nafni og segja: Eg er Kristur og munu marga villa.

En þá þér heyrð af bardögum og hernaðartíðindum, óttist eigi því að þessu byrjar að ske. Endinn er þó enn eigi þá. Ein þjóð mun reisa sig og upp í mót annarri og ríki á móti ríki, og landskjálftar munu verða í sérhverjum stöðum, hungur og hrellingar munu og verða. Þetta er upphaf hryggðanna.

Og sjáid til um sjálfa yður. Því að þeir munu færa yður á ráðstefnur og í samkunduhús, og þér munuð strýktir verða, og fyrir konungum og höfðingjum munu þér standa minna vegna til vitnisburðar yfir þá. Og guðsspjöllum byrjar áður að predikast á meðal allra þjóða.

Og þá þeir leiða yður og framselja, skulu þér eigi hugsá fyrir hvað þér skuluð tala, heldur hvað yður gefst á þeirri stundu, það skulu þér tala. Því að eigi tali þér, heldur heilagur andi. En bróðir mun selja bróður í dauða og faðir soninn. Börnin munu og reisast upp í mót foreldrunum og styrkja þá í dauða. Og þér verðið öllum að hatri fyrir míns nafns sakir. En hver hann er staðfastur allt til enda, sá hjálpast.

En þá þér sjáid svívirðing eyðslunnar, af hverri Daníel spámaður segir, standandi hvar eigi byrjaði, hver eð les, hann undirstandi það -, hverjir þá eru á Gyðingalandi, flýi þeir á fjöll. Og hver hann er upp á ræfrinu, fari sá eigi inn að taka burt nokkuð úr sínu húsi. Og sá sem er á akri, hann snúist eigi á bak sér aftur að taka upp fót sín. Og ve þunguðum konum og brjóstmylkingum á þeim tímum. Biðjið heldur að flótti yðar verði eigi um vetur. Því að á þeim dögum verða slíkar hörmungar, hverjar eigi hafa verið frá upphafi skepnunnar, þá sem Guð skapaði, og allt til þessa og eigi heldur mun verða. Og ef Drottinn stytta eigi þessa daga, yrði ekkert hold frelsað, heldur fyrir útvaldra sakir, hverja hann útvaldi, hefir hann stytt þessa daga.

Og ef nokkur segir þá til yðar: Sé, hér er Kristur, sé, þar er hann, þá trúið því eigi. Því að upp munu rísa falskristar og falskir spámenn og munu gjöra teikn og stórmerki til að villa, ef verða mætti, einninn útvalda. Því sjáid til um yður. Sé, eg sagði yður nú allt þetta fyrir.

En á þeim dögum eftir þessa hörmung mun sólin sortna og tunglið eigi gefa sitt skin, og stjörnur munu hrapa af himni, kraftar himins munu og hrærast. Og þá munu þeir sjá mannsins son komandi í skýjunum með dýrð og krafti miklum. Og þá mun hann út senda sína engla að saman safna sínum útvöldum af fjórum vindum allt af enda jarðar og til hæð himins.

Af fikjutrénu þá lærið eina eftirlíking. Því þá er þess kvistur gjörast fjór og laufin springa út, viti þér að sumarið er í nánd. Svo og nær þér sjáid þetta ske, vitið að það sé þá nálægt fyrir dyrum. Sannlega segi eg yður að þessi kynslóð forgengur eigi þar til allt þetta sker. Himinn og jörð munu forganga, en mín orð munu ekki forganga. En af þeim degi eður stundu veit enginn, eigi englar á himnum og eigi sonurinn, nema faðirinn einn.

Sjáid til, vakið og biðjið því að þér vitið eigi nær tíð er. Svo sem sá maður er ferðaðist langt burt, forlét sitt hús, gaf og sínum þjónum yfirvald sérhvers verknaðar og bauð dyraverðinum að hann vekti. Vakið og því að þér vitið eigi nær herrann hússins kemur, hvort að kveldi eða um miðnætti eður þá haninn gelur elligar að morgni, svo að eigi komi hann skyndilega og finni yður sofandi. En hvað eg segi yður, það segi eg öllum: Vakið þér.

Fjórtándi kapítuli

En eftir tvo daga þá voru páskar og sætubrauðsdagar. Og höfuðprestar og skriflærðir sóktu eftir hverninn þeir gætu höndlað hann með vélum og líflátið, en þeir sögðu: Eigi þó um hátíðina svo að ei verði upphlaup með fólkinu.

Og þá hann var í Betanía í hús Símonar vanheila og sat við borð, kom kona, hafandi alabastrumbuðk með ómengað og kostulegt smyrslavatn. Hún braut buðkinn og hellti yfir höfuð honum. En þar voru nokkrir sem stugguðust við í sjálfum sér og sögðu: Til hvers er þessi smyrslaspilling gjör. Því að þetta smyrslavatn mætti seljast meir en þrjú hundruð peninga og gefast fátækum, og deildu á hana.

En Jesús sagði: Látið hana kyrra. Til hvers styggi þér hana? Gott verk gjörði hún á mér. Því að fátæka hafi þér jafnan hjá yður, og nær þér viljið, megi þér gjöra þeim gott, en mig þá hafi þér eigi jafnan. Hvað hún hafði til, það gjörði hún. Hún kom og fyrirfram að smyrja minn líkama til graftrar. Sannlega segi eg yður: Hvar helst í heimi öllum er þetta guðsspjall verður predikað, þá mun segjast í hennar minning hvað hún gjörði.

Og Júdas Skariot, einn af tólf, gekk burt til höfuðprestanna að hann forréði hann fyrir þá. Og er þeir heyrðu það, glöddust þeir, og þeir lofuðu að gefa honum peninga. Hann leitaði og eftir hverninn skapferlilegast hann gæti forráðið hann.

Og á hinum fyrsta sætabrauðsdegi þá páskalambið fórnadist, segja hans lærisveinar til hans: Hvert viltu vér förum og reidum til að þú neytir páskanna? Og hann sendi tvo af sínum lærisveinum og sagði til þeirra: Gangið inn í staðinn. Maður mun renna í mót yður, berandi vatsskjólu. Fylgið honum eftir, og hvar helst hann gengur inn, segi þér húsherranum að meistarinn segir: Hvar er það herbergi er eg skal neyta páskanna í meður mínum lærisveinum? Og hann mun sýna yður astrakaðan sal stóran, tilbúinn. Reiði þér þar til fyrir oss. Og hans lærisveinar gengu burt og komu inn í staðinn og fundu svo sem hann hafði sagt þeim og bjuggu til páskalambið.

Og er kvelda tók, kom hann meður þá tólf. Og er þeir voru niður sestir og átu, sagði Jesús: Sannlega segi eg yður að einn af yður sá er etur með mér, forræður mig. En þeir urðu hryggvir við og sögðu hver eftir öðrum til hans: Er eg það nokkuð? En hann svaraði og sagði til þeirra: Einn af tólf, sá er drepur hendinni í fatið meður mér. Að sönnu fer mannsins sonur héðan svo sem skrifað er af honum, en ve þeim manni, afhverjum mannsins sonur framselst. Betra væri þeim manni að eigi hefði hann fæddur verið.

Og er þeir neyttu, tók Jesús brauðið, blessaði og braut það og gaf þeim og sagði: Taki þér, neytið, þetta er mitt hold. Hann tók og kaleikinn, blessaði og gaf þeim og þeir drukku allir af honum. Hann sagði til þeirra: Þetta er mitt blóð eins nýs testaments sem fyrir marga úthellist. Sannlega segi eg yður að eg mun ei héðan í frá drekka af þessum vínviðarárvexti allt til þess dags þá að eg drekk það nýtt í Guðs ríki. Og að sögðum lofsöngnum gengu þeir í fjallið Oliveti.

Jesús sagði til þeirra: Allir munu þér skammfyllast við mig á þessari nótt, því að skrifað er: Eg mun slá hirðirinn, og sauðirnir skulu tvístrast. En eftir það er eg rís upp, skal eg ganga fram fyrir yður í Galíleam. En Pétur sagði til hans: Og það allir skammfyllist þér, þá skal eg þó eigi. Jesús sagði til hans: Sannlega segi eg þér að í daglangt á þessari nótt áður en haninn gelur tvisvar, munt þú neita mér þrisvar. Hann talaði þá enn fram: Þó að mér byrjaði að deyja jafnframt þér, skyldi eg þó eigi neita þér. Og líka einninn sögðu allir þeir.

Og þeir komu í það gerðistún er hét Getsemani, og hann sagði til sinna lærisveina: Sitji þér hér á meðan eg biðst fyrir, og tók með sér Petrum, Jakob og Jóhannem og tók til að skjálfa og angrast og sagði til þeirra: Sála mín er hrygg allt í dauðann. Blífið hér og vakið. Og þá gekk hann litlu einu lengra fram, féll á jörð og tók að biðja ef það væri mögulegt að sú stund liði hjá honum og sagði: Abba faðir minn, allt er þér mögulegt. Tak burt þenna kalek af mér. En eigi sem eg vil, heldur sem þú vilt.

Hann kom og fann þá sofandi og sagði til Péturs: Símon, sefur þú? Kunnir þú eigi að vaka eina stund meður mér? Vakið og biðjið að þér fallið eigi í freistni. Andinn er að sönnu reidubúinn, en holdið er breyskt. Hann gekk og enn burt aftur og bað og talaði hin sömu orð. Hann kom aftur og fann þá enn sofandi því að þeirra augu voru bólgin af svefni og eigi vissu þeir hverju þeir svöruðu honum. Og hann kom í þriðja sinn og sagði til þeirra: Sofið nú og hvílið yður, það nægist. Stundin er komin, það mannsins sonur framselst í syndugra hendur. Standið upp, göngum héðan. Sjáið að sá er mig forræður, hann er í nánd.

Og strax sem hann var að tala um þetta, kom Júdas Skariot, einn af tólf, og með honum mikil sveit meður sverðum og stöngum, útsendir afhöfðingsprestum, skriflærðum og öldungum. En svikarinn hafði gefið þeim teikn og sagt: Hvern helst eg kyssi, sá er það. Haldið honum og leiðið varygðarlega. Og þá hann kom, gekk hann strax til hans og sagði: Heill sért þú, Rabbí, og kyssti hann. En þeir lögðu strax hendur á Jesúm og héldu honum. Og einn af þeim sem hjá stóð eyrað. Jesús svaraði og sagði til þeirra: Þér eruð út gengnir svo sem til annars spillvirkja með sverðum og stöngum að grípa mig. Hversdaglega var eg í musterinu hjá yður og kenndi, og eigi gripuð þér mig, heldur það ritningin uppfylltist. Og þá forlétu hann allir hans lærisveinar og flýðu. En nokkuð ungmenni fylgdi honum eftir klæddur línklæði yfir bert hörund. Og hann gripu önnur ungmenni, en hann snaraði línklæðinu og flýði nakinn í burt frá þeim.

Þeir leiddu Jesúm til höfuðprestsins. Þar komu saman allir kennimenn, skriflærðir og öldungar. En Pétur fylgdi eftir, þó langt burt frá, inn allt í höfuðprestsins fordyri og sat hjá þénurum við eldinn og bakaði sig við logann.

En höfuðprestarnir og allt ráðið leituðu vitna í gegn Jesú svo að þeir gætu selt hann til dauða og fundu engin. Margir töluðu falsvitni í gegn honum, en þeirra vitnisburðar voru eigi samlátandi. Og þá stóðu nokkrir upp og báru falsvitni í móti honum og sögðu: Vér höfum heyrt hann segja: Eg mun þettausteri niður brjóta sem höndum er gjört og á þrim dögum upp byggja annað það eigi er með höndum gjört. En þeirra vitnisburðar komu og eigi saman.

Og höfuðpresturinn reis upp í miðið, spurði Jesúm að og sagði: Svarar þú öngu til þess sem að þessir leggja í móti þér? En hann þagði og svaraði öngu. Þá spurði höfuðpresturinn hann enn aftur að og sagði til hans: Ert þú Kristur, sonur Guðs ins blessaða? En Jesús sagði honum: Eg em hann. Og þér munuð sjá mannsins son sitja á hægri hönd Guðs kraftar og komandi í skýjum himins. En höfuðpresturinn reif þá klæði sín og sagði: Hvað þurfu vær nú að girnast vitnanna? Þér heyrðuð guðlöstunina. Hvað sýnist yður? En þeir fordæmdu hann allir sekan vera dauðans. Og nokkrir tóku að spýta á hann og bygja hans ásjánu og að dusta hann með hnefum og að segja til hans: Spáðu. Og þénararnir slógu hann þústra í andlitið.

Og er Pétur var niðri í fordyrunum, kom ein af ambáttum höfuðprestsins. Og þá hún leit Petrum verma sig, horfði hún á hann og sagði: Vart þú og með Jesú af Nasaret. En hann neitaði og sagði: Eg þekki hann eigi, og ei veit eg hvað þú segir. Og er hann gekk út fyrir dyrnar, gól haninn. En er ambáttin sá hann aftur, tók hún að segja þeim er kringum stóðu: Þessi er af þeim. En hann neitaði nú enn aftur. Og litlu einu þar eftir sögðu þeir aftur er hjá stóðu til Péturs: Sannlega ertu einn af þeim því að þú ert einn Galíleari, og þitt mál hljóðar svo. En hann tók að formæla sér og sverja það, ei þekki eg þann mann, af hverjum þér segið. Og strax gól haninn aftur. Og Pétur minntist þess orðs sem Jesús hafði sagt til hans: Áður haninn gelur tvisvar, muntu neita mér þrisvar, og tók að gráta.

Fimmtánda kapítuli

Og strax um morguninn héldu höfuðprestarnir með öldungunum og skriflærðum öllu ráðuneytinu ráðstefnu og bundu Jesúm, leiddu hann og framseldu Pílatu. Og Pílatu spurði hann að: Ertu konungur Gyðinga? En hann svaraði og sagði til hans: Þú segir það. Og höfuðprestarnir áklöguðu hann um margt. Pílatu spurði hann enn aftur að og sagði: Svarar þú öngu? Sjá í hversu mörgu þeir ákæra þig. En Jesús svaraði honum öngu þaðan í frá svo að Pílatu undraðist. En hann var vanur að láta þeim lausan um hátíðina einn af bandingjunum, eftir hverjum helst þeir beiddust. En þar var sá er nefndist Barrabas meður illræðismönnum bundinn, hver með illræði hafði víg unnið. Og þá fólkið gekk upp, tók það að biðja að hann veitti því sem hann plagaði jafnan. En Pílatu svaraði þeim og sagði: Vilji þér að eg láti yður Gyðingakonunginn lausan? Því að hann vissi að höfuðprestarnir höfðu af öfund framselt hann. En biskuparnir eggjuðu lýðinn að hann gefi þeim heldur Barrabam lausan.

Pílatu svaraði enn aftur og sagði til þeirra: Hvað vilji þér þá að eg skuli gjöra honum, hvern þér segið konung Gyðinga? En þeir kölluðu þá aftur: Krossfestu hann. Pílatu sagði til þeirra: Hvað illt hefir hann gjört? En þeir kölluðu því meir: Krossfestu hann. En Pílatu vildi fólkinu fullnægju gjöra, lét þeim lausan Barrabam og framseldi Jesúm svipum barðan að hann krossfestist. En stríðsþénararnir leiddu hann í fordyr þinghússins og kölluðu saman allan hópinn og færðu hann í purpuraklæði, fléttandi þyrnikórónu og settu á hann og tóku að heilsa honum: Heill sért þú konungur Gyðinga, og slógu hans höfuð með reyrvendi og hræktu á hann, féllu og á hné og tilbáðu hann.

Og þá þeir höfðu spottað hann, færðu þeir hann úr purpuranum og færðu hann aftur í sín klæði og leiddu hann út að þeir krossfestu hann. Þeir þrengdu og þeim sem framhjá gekk, Símoni hinum sýrneska er kominn var af akurlendi, föður þeirra Alexandri og Ruffi, að hann bæri hans kross. Og þeir höfðu hann í þann stað er heitir Golgata, það þýðist gálgaklettur. Og þeir gáfu honum myrrat vín að drekka, og hann tók það eigi til sín.

Og þá er þeir höfðu krossfest hann, skiptu þeir klæðum hans og köstuðu hlutverpi yfir þeim hvað hver tæki. En það var um þriðju stund er þeir krossfestu hann. Og titill hans sakferlis var yfir honum skrifaður, það hann væri konungur Gyðinga. Og með honum krossfestu þeir tvo spillvirkja, einn til hægri handar, en annan til vinstri. Og sú ritning er uppfyllt sem segir: Meður illvirkjum er hann reiknaður.

Og þeir gengu þar fram hjá og hæddu hann, skóku höfuð sín og sögðu: Svei, hverninn niðurbýtur þú musteri Guðs og byggir upp á þrim dögum aftur? Frelsa nú sjálfan þig og stíg niður af krossinum. Líka einninn spéuðu hann höfuðprestarnir sín á meðal meður skriflærðum og sögðu: Aðra frelsaði hann, sjálfan sig getur hann eigi frelsað. Sé hann Kristur, konungur Íraels, stígi hann nú niður af krossinum að vér sjáum og megum svo trúa. Og þeir er með honum voru krossfestir, átöldu hann einninn.

Og að liðinni séttu stund urðu myrkur um allt landið, allt til níundu stundar. Og á hinni níundu stund kallaði Jesús upp hárra röddu og sagði: Eloy, Eloy lamma a sabthani, hvað er útleggst: Guð minn, Guð minn, hví forléstu mig? Og þá nokkrir af þeim, er þar stóðu hjá, heyrðu það, sögðu þeir: Sjá hann kallar á Elíam. En einn hljóp að og fyllti upp njarðarvött með edik, látandi upp á einn reyrlegg, gaf honum svo að drekka og sagði: Lát fara, sjáum hvort ef Elías kemur að taka hann ofan.

En Jesús kallaði upp hárrí röddu og andaðist. Og tjaldið musterisins rifnaði sundur í tvo frá ofanverðu allt niður í gegnum. En er hundraðshöfðinginn sá það, hver þar stóð gegnt, að hann kallaði svo þá er hann lést, sagði hann: Sennilega hefir þessi maður verið Guðs sonur. Og konur voru þar og langt frá sem horfðu og á það, á meðal hverra var María Magdalena og María, minna Jakobs og Jósefs móðir, og Salóme. Og þá hann var í Galílea, höfðu þær fylgt honum eftir og þjónað honum og margar aðrar, hverjar undir eins með honum höfðu upp farið til Jerúsalem.

Og þá er kveld var komið, af því það var aðfangadagur, hver að er næstur fyrir þvottdaginn, kom Jósef af Arímatía, einn eðluborinn ráðherra, sá er og stundaði eftir Guðs ríki, og gekk djarflega inn til Pílatos og bað um líkama Jesú. En Pílatos undraðist að hann væri þegar látinn og kallaði hundraðshöfðingjann til sín, spurði hann að ef hann væri þegar andaður. Og er hann var þess vís orðinn af höfuðsmanninum, gaf hann Jósef líkamann. En Jósef keypti línúka, tók hann ofan og sveipaði hann í lérefinu og lagði hann í gröfina, hver eð klöppuð var í hellustein, og velti steini að grafarmunnum. En María Magdalena og Jósefs María sáu hvar hann var lagður.

Sextánda kapítuli

Og er þvottdagurinn var liðinn, keyptu þær María Magdalena og María Jakobi og Salóme dýrleg smyrsl að þær kæmi og smyrði Jesúm. Og mjög snemma morguns einn þvottdaganna komu þær til grafarinnar um sólaruppruna. Og hver þeirra sagði til annarrar: Hver mun velta fyrir oss steininum af grafarmunnum? Og þær litu þangað og sáu að steinninn var af veltur því að hann var næsta mikill. Og þær fóru inn í gröfina og sáu eitt ungmenni sitja til hægri hliðar, skryddan síðu klæði hvítu, og þeim blöskraði við.

En hann sagði til þeirra: Eigi skulu þér fælast. Þér leitið að hinum krossfesta Jesú af Naðaret. Hann er upprisinn og er eigi hér. Sjáið þann stað hvar þeir lögðu hann. Gangið heldur burt og segið hans lærisveinum og Pétri það hann muni ganga fram fyrir yður í Galílea. Þar munu þér sjá hann eftir því hann sagði yður. En þær gengu út skyndilega og flýðu frá gröfinni því að kominn var yfir þær uggur og skjálfti. Og ekkert sögðu þær neinum því að þær voruhræddar.*

En er Jesús hafði snemma morguns upprisið á fyrsta degi þvottdaganna, þá birti hann sig fyrst Maríu Magdalenu, frá hverri hann hafði útrekið sjö djöfla. Hún fór og kunngjörði þeim sem meður henni hörmuðu og grétu. Og er þeir heyrðu að hann lifði og hann væri séður af henni, trúðu þeir eigi. En eftir það auðsýndi hann sig tveimur af þeim í annarri líking þá er þeir gengu um þorpgrundirnar. Þeir gengu og burt, kunngjörðu hinum öðrum. Þeim trúðu þeir og eigi.

En seinast er þeir ellifu sátu til borðs, birti ha ávítaði þeirra vantrú og hjartans harðuð það þeir höfðu eigi trúað þeim sem hann höfðu séð upprisinn og sagði til þeirra: Farið út um allan heim, predikið guðsspjöllin allri skepnu. Hver hann trúir og verði skírður, sá skal frelsaður vera. En hver eigi trúir, hann skal fordæmast. En teiknin, er þeim munu fylgja sem trúa, eru þessi: Í mínu nafni munu þeir djöfla útreka, nýjar tungur tala, höggorma upp taka, og ef þeir drekka nokkuð banvænlegt, skal það eigi þeim granda, yfir sjúka munu þeir hendur leggja, og þá mun þeim batna.

Og eftir það er Drottinn Jesús hafði talað við þá, var hann uppnúmminn til himins og situr til Guðs hægri handar. En þeir gengu út og predikuðu alls staðar Drottinn samverkanda og orðið styrkjanda meður eftirfylgjandi teiknum.

Endir guðsspjalla ins heiliga Marki.

S. Lúkas guðsspjöll

Fyrsti kapítuli

Af því að margir hafa stundað í lag að færa þær sagnir sem eru af þeim hlutum er á meðal vor hafa til borið og eftir því eð þeir hafa oss í hendur fengið, sem í upphafi hafa sjálfir séð og þénarar orðsins höfðu verið, sýnist mér, af því að eg hefi og sjálfur gjörvallt numið af upphafi, að eg skrifaði þér innilega og skikkanlega til, minn góði Teófili, svo að þú kynnir sannan grunn þeirra orða sem þér eru undirvísuð.

Á dögum Heródis, konungs af Júdea, var sá kennimaður er Sakarías er nefndur af stéttum Abía. Og hans húsfrú var af dætrum Arons, sú er hét Elísabet. En þau voru bæði réttlát fyrir Guði og gengu í öllum boðorðum og réttlætningum Drottins óstraffanlega. Þau áttu ekki barn því að Elísabet var óbyrja, og bæði voru þau öldruð.

En svo bar til þá Sakarías átti að flytja prestlegt embætti (fyrir Guði) eftir tilskikkan sinnar stéttar og siðvenju kennimannsskaparins, og er honum hlotnaðist að hann skyldi veifa reykelsinu, gekk hann inn í musteri Drottins. Og allur fólksfjöldinn var fyrir utan og baðst fyrir um reykelsisveifunartímann. En honum birtist þá engill Drottins, standandi á hægri veg altarisins, þess er reykelsið var yfir borið. Og Sakarías varð hræddur er hann sá hann, og miklum ótta þá sló yfir hann.

En engillinn sagði til hans: Óttast þú eigi, Sakaría, því að þín bæn er alheyrð. Og Elísabet, eiginkona þín, mun þér son fæða, og hann skalt þú Jóhannes að nafni kalla. Og það mun þér fögnuður og gleði, og margir munu fagna af hans burðartíð því að hann mun verða mikill fyrir Guði. Vín og áfengan drykk mun hann eigi drekka, og þegar frá móðurkviði mun hann uppfylltur verða af helgum anda. Og marga af sonum Íraels mun hann snúa til Guðs, Drottins sjálfra þeirra. Og hann mun fyrir honum fara í anda og krafti Elíe, að hann snúi hjörtum feðra til sona og vantrúuðum til kænsku réttlátra, að til búa svo Drottinni algjört fólk.

Og Sakarías sagði til engilsins: Af hverju skal eg það vita? Því að eg em gamall og húsfrú mín er komin til ára sinna. Engillinn svaraði og sagði til hans: Eg em Gabríel sá er frammi fyrir Guði stendur. Og eg em sendur að tala við þig og að boða þér þetta. Og sjá, að þú munt mállaus verða og eigi talað geta allt til þess dags hvenær þetta mun fram koma, fyrir því að þú trúðir ei mínum orðum, þau er upp munu fyllast á sínum tíma.

Fólkið beið og eftir Sakaría og undraðist hvað hann dvaldi í musterinu. En er hann gekk út, gat hann ei talað við þá, og þeir þóttust þá vita að hann mundi sýn séð hafa í musterinu. Hann benti þeim og var mállaus.

Það skeði og þá er liðnir voru dagar hans embættis að hann gekk til síns heimkynnis. En eftir þá daga varð hans húsfrú Elísabet þunguð og leyndi á sér fimm mánuði og sagði: Þannig gjörði Guð við mig á þeim dögum hann leit til mín er hann vildi burt taka mitt hneyksli, það eg bar á millum manna.

En á hinum sétta mánaði var Gabríel engill sendur af Guði í þá borg í Galílea sem nefndist Naðaret til þeirrar meyjar er föstnuð var þeim manni eð Jósef hét af húsi Davíðs, og heiti meyjarinnar var María. Og engillinn gekk inn til hennar og sagði: Heil sért þú náðarfulla. Drottinn er með þér. Blessuð ert þú á meðal kvenna.

En þá hún sá hann, varð hún hrædd af hans orðum og hugleiddi að hvílik væri þessi kveðja. Og engillinn sagði til hennar: Óttast þú eigi, María, því að þú fannst náð hjá Guði. Sé, þú munt barn geta í kviði þínum og munt son fæða, og hans nafn skalt þú Jesús kalla. Hann mun mikill verða og kallaður sonur ins hæðsta. Og Guð Drottinn mun gefa honum sæti síns föðurs Davíðs, og hann mun ríkja yfir húsi Jakobs að eilífu, hans ríkis mun og enginn endir verða.

Þá sagði María til engilsins: Hverninn má það ske af því eg hefi öngvan mann kennt? Engillinn svaraði og sagði til hennar: Heilagur andi mun koma yfir þig, og kraftur ins hæðsta mun umskyggja þig af því að það hið helga, sem af þér mun fæðast, skal nefnast sonur Guðs. Og sjáðu, að Elísabet, frændkona þín, hefir og son getið í elli sinni, og þessi er hennar sétti mánuður, sem kölluð var óbyrja, því að Guði er ekkert orð ómáttugt. En María sagði: Sjá, eg em ambátt Drottins. Verði mér eftir orði þínu. Og engillinn veik frá henni.*

En á þeim dögum stóð María upp og fór með flýti til fjallbyggða í borgina Júda og gekk inn í hús Sakaríe og heilsaði Elísabet. Og það varð svo þá er Elísabet heyrði heilsun Maríu að barnið spratt upp í hennar kviði, og Elísabet varð full af helgum anda, kallaði hárrí röddu og sagði: Blessuð ert þú á meðal kvenna, og blessaður er ávöxtur kviðar þíns. Og hvaðan kemur mér þetta að móðir Drottins míns kemur til mín? Sjáðu, því að þá er rödd þinnar kveðju kom mér til eyrna, spratt barnið upp af fagnaði í mínum kviði. Og sæl ertu sem trúðir því að það mun fullkomnast hvað þér var heitið af Drottni.

Og María sagði: Önd mín miklar Drottin, og gladdist andi minn í Guði, heilsugjafara mínum, því að hann leit á læging ambáttar sinnar. Sjá, af því munu mig héðan afsæla segja allar ættir. Því að hann veitti mér mikið sá er voldugur er, og hans nafn er heilagt. Og hans miskunnsemd er yfir kyni til kyns þeim er hann hræðast. Hann veitti mátt meður sinni hendi og dreifði dramblátum í fyrirhyggju síns hjarta. Volduga setti hann af stóli og upphafði lítilláta. Hungraða fyllti hann auðæfum og ríka lét hann fáfenga. Hann minntist miskunnar sinnar og meðtók sinn þjón Írael svo sem hann talaði til feðra vorra Abrahams og hans afspringis að eilífu. En María var hjá henni svo nær sem þrjá mánuðu og fór aftur til síns heimkynnis.*

En er tími var kominn að Elísabet skyldi fæða, og hún fæddi son. Og er grannar hennar og náfrændur heyrðu að Drottinn hafði miklað miskunn sína við hana, samglöddust þeir henni.

Og það skeði að þeir komu á hinum átta degi að umskera sveininn og nefndu hann síns föðurs nafni Sakarías. En móðir hans svaraði og sagði: Öngvaneginn, heldur skal hann Jóhannes heita. Þeir sögðu til hennar: Þar er þó enginn í þinni ætt sem heitir þessu nafni. En þeir bentu föður hans hvað hann vildi að hann hétu, en hann beiddist hnefaspjalds, skrifaði og sagði: Heiti hann Jóhannes. Og þeir undruðust allir. Og jafnskjótt laukst upp hans munnur, og tunga hans talaði, lofandi Guð. Og ótti kom yfir alla hans nágranna, og um allar fjallbyggðir í Júdea víðfrægdust öll þessi orð. Og allir þeir er það heyrðu, settu það sér í hjarta og sögðu: Hver grunar þig að þessi sveinn verði? Því að hönd Drottins var meður honum.

Og Sakarías fæðir hans fylltist af helgum anda, spáði og sagði: Blessaður sé Guð, Drottinn Íraels, því að hann vitjaði og frelsan gjörði sínu fólki. Og hann upp reisti vort heilsu horn í húsi þjóns síns Davíðs svo sem hann hefir talað fyrir munn sinna heilagra spámanna, þeirra sem nú eru af heiminum. Hann frelsaði oss í frá óvinum vorum og af hendi allra þeirra sem oss hötuðu. Hann gjörði og miskunnsemd við feður vora og minntist á sinn heilagan sáttmála og á það særi er hann svór föður vorum Abraham að hann gæfi oss sjálfan sig svo að vér, leystir af hendi vorra óvina, þjónuðum honum án ótta, í heilagleik og réttlæti fyrir honum sjálfum, alla daga vora. Og þú, sveinn, munt kallaður vera spámaður ins hæðsta því að þú munt fyrir renna augliti Drottins að til búa hans vegu og að gefa hans fólki skilning heilsunnar til fyrirgefningar synda þeirra. Fyrir miskunnar iður Guðs vors, í hverjum hann vitjaði vor, upprunninn af hæðum, að birta þeim sem í myrkurum og dauðans skugga sitja, að tilgreiða fætur vora á friðar götu.

En sveinninn vóx upp og styrktist í anda og var á eyðimörkum allt til þess dags er hann skyldi auðsýnast Íraels fólki.*

Annar kapítuli

En það bar til á þeim dögum að það boð gekk út frá keisaranum Ágústo það heimurinn allur skyldi skattskrifast. Og þessi skattur hófst fyrst upp hjá Kýreno sem þá var landstjórnari í Sýria. Og allir fóru að tjá sig, hver til sinnar borgar. Þá fór og Jósef af Galílea úr borginni Naðaret upp í Júdeam, til Davíðs borgar, sú er kallast Betlehem, af því að hann var af húsi og kyni Davíðs, að hann tjáði sig þar meður Maríu, sinni festarkvon óléttu.

En það gjörðist þá þau voru þar að þeir dagar fullnuðust eð hún skyldi fæða. Og hún fæddi sinn frumgetinn son og vafði hann í reifum og lagði hann niður í jötuna því að hún fékk ekkert annað rúm í herberginu.

Og fjárhirðar voru þar í sama byggðarlagi um grandana við fjárhúsin, sem varðveittu og vöktu yfir hjörð sinni. Og sjá, að engill Drottins stóð hjá þeim, og Guðs birti ljómaði kringum þá. Og þeir urðu af miklum ótta hræddir, og engillinn sagði til þeirra: Eigi skulu þér hræðast, sjáið, því að eg boða yður mikinn fögnuð, þann er sker öllum lýð, því í dag er yður lausnarinn fæddur, sá að er Kristur Drottinn, í borg Davíðs. Og hafið það til merkis: Þér munu finna barnið í reifum vafið og lagt vera í jötuna. Og jafnskjótt þá var þar hjá englinum mikill fjöldi himneskra hersveita sem lofuðu Guð og sögðu: Dyrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu og mönnum góðvilji.*

Og þá er englarnir fóru frá þeim aftur til himins, töluðu hirðarnir sín á milli: Göngu vær allt til Betlehem og sjáum þau merki er þar hafa skeð og Drottinn hefir kunngjört oss. Og þeir komu með skunda og fundu Maríu og Jósef og barnið liggja í jötunni. En þá er þeir höfðu það séð, viðfrægdðu þeir það orð út sem þeim var sagt af þessu barni. Og allir þeir það heyrðu, undruðust það hvað þeim var af hirðurunum sagt. En María varðveitti öll þessi orð og rótfesti í sínu hjarta. Og fjárhirðarnir sneru aftur, dýrkandi og lofandi Guð um allt það hvað þeir höfðu heyrt og séð og eftir því sem þeim var til sagt.*

Þá átta dagar voru liðnir og að barnið skyldi umskerast, var hans nafn kallað Jesús, hvað er kallað var af englinum áður en að hann var meðtekinn í móðurkviði.*

Og þá dagar hennar hreinsunar fullnuðust eftir Móses lögum, höfðu þeir hann til Jerúsalem að þeir á hendur fæli hann Drottni svo sem skrifað er í lögmáli Drottins að allt hvað karlkyns var, það er fyrst opnaði sinnar móður kvið, þá skyldi kallast Drottni helgað og að þeir gæfi offrið eftir því sem segist í lögmáli Drottins, tvær turtildúfur eður tvo dúfuunga.

Og sjá, að maður var þar í Jerúsalem sá er Símeon hét. Og þessi sami mann var réttlátur og guðhræddur, bíðandi eftir huggun Íraels, og heilagur andi var meður honum. Símeon hafði og andsvar fengið af helgum anda að hann skyldi eigi dauðann líta nema hann sæi áður fyrri Krist Drottins, og kom af andans tilladan í musterið.

Og þá er foreldrarnir höfðu barnið Jesúm í musterið og gjörðu fyrir honum eftir siðvenju laganna, og hann tók hann þá upp á sína armleggi, lofaði Guð og sagði:

Nú láttu, Drottinn, þjón þinn eftir orðum þínum
í friði fara því að mín augu
hafa séð þitt hjálpráð, þann þú tilreiddir
fyrir augliti allra þjóða, ljós til
uppbirtingar heiðnum þjóðum og til dýrðar
þíns fólks Írael.*

Og hans faðir og móðir undruðust það hvað af honum sagðist. Og Símeon blessaði þau og sagði til Maríu móður hans: Sjá, þessi er settur til falls og upprisu margra í Írael og til merkis hverjum í móti mun mælast (það sverð mun í gegnum smjúga sjálfrar þinnar önd) svo að augljós verði hugskots hjórtu margra. Og þar var þá Anna spákona, dóttir Fanúels, af kyni Aser. Hún var og komin til sinna ára og hafði lifað í sjö ár meður sínum eignarmanni frá meydómi sínum. Og þessi ekkja hafði nær fjóra vetur um áttætt, hver eð eigi gekk úr musterinu, þjónandi Guði nótt og dag með föstum og bænahaldi. Þessi gekk og samstundis þangað að og prísaði Drottin og sagði afhonum til allra þeirra sem lausnarinnar biðu til Jerúsalem.

Og er þeir höfðu allt algjört eftir lögmáli Drottins, sneru þau aftur í Galíleam til borgar sinnar Naðaret. En sveinninn vóx upp og styrktist í anda fullur vísdóms, og Guðs náð var með honum.*

Hans foreldrar gengu og árlega árs til Jerúsalem í móti páskahátíðinni. Og þá hann var tólf ára, fóru þau upp til Jerúsalem eftir vana til hátíðarinnar. Og er þeir dagar voru liðnir og þau fóru heimleiðis, bleif barnið Jesús eftir til Jerúsalem. Og hans foreldrar vissu það eigi, en meintu hann væri hjá selskapnum. Og þau voru komin þá eina dagferð og leituðu hans á meðal frænda og kunningja. Og þá er þau fundu hann eigi, hurfu þau aftur til Jerúsalem og leituðu að honum. Og það skeði svo eftir þrjá daga að þau fundu hann í musterinu, sitjandi mitt á millum lærifedranna, heyrandi þeim yfir og aðspyrjandi þá. En allir þeir er hann heyrðu, undruðust yfir hans skilningi og andsvörum.

Og er þau sáu hann, brá þeim við, og hans móðir talaði til hans: Sonur minn, því breyttir þú svo við okkur? Sjáðu, faðir þinn og eg leituðum harmþrungin að þér. Og hann sagði til þeirra: Hvað er það, að þér leitið að mér? Viti þér eigi að mér byrjar að vera í því sem míns föðurs er? Og þau undirstóðu eigi þessi orð sem hann mælti til þeirra og fór með þeim ofan og kom til Naðaret, var þeim og hlýðugur. Og hans móðir geymdi öll þessi orð í sínu hjarta. Og Jesú jókst aldur og viska og náð hjá Guði og mönnum.*

Þriðji kapítuli

En á fimmtánda ári ríkis Tíberii keisara þá er Pontíus Pílatus var landstjórnari í Júdea, en Heródes tetrarka í Galílea og bróðir hans Filippus tetrarka í Ítúrea og um Trakónítidis héruð og Lýsanías til Abilene, og þá þeir Annas og Kaifas voru höfuðprestar, kom Guðs orð yfir Jóhannem, son Sakaríe, í eyðimörku. Og hann kom um allt byggðarlag Jórdanar og predikaði iðrunarskírni til syndanna fyrirgefningar svo sem skrifað er í málabók Jesaja spámans sem segir, að hrópandi rödd er í eyðimörku: Reiði þér til götu Drottins og gjörrið hans stigu rétta. Hver dalur mun fyllast, og öll fjöll og hálsar munu lægjast. Og það bogið er, mun réttast, og hvað snarpt er, mun snúast í slétta vegu. Og allt hold mun sjá Guðs hjálpráð.

En hann sagði til fólksins, þess er út gekk að skírast af honum: Þér nöðru kyn, hver kenndi yður að flýja undan ókominni reiði? Fyrir því gjörð maklega ávöxtu iðranar, og takið ei að segja með sjálfum yður: Vær höfum Abraham fyrir föður. Því að eg segi yður að máttugur er Guð upp að reisa Abrahams syni af steinum þessum. Því öxin er nú sett að rót trésins og hvert það tré, sem eigi færir góðan ávöxt, mun af höggvast og í eld kastast.

Og fólkið spurði hann að og sagði: Hvað skulu vær þá gjöra? En hann svaraði og sagði til þeirra: Sá yðar sem hefir tvo kyrtla, hann gefi þeim er öngvan hefur. Og sá er vistir hefir, gjöri hann slíkt hið sama.

Tollheimtumenn komu og til hans að láta sig skíra og sögðu til hans: Meistari, hvað skulu vær gjöra? En hann sagði til þeirra: Krefjið eigi meira en til er skipað.

Þá spurðu hann stríðsmenn að og sögðu: Hvað skulu vær gjöra? Hann sagði til þeirra: Kúgið öngvan né gjörð órétt, og látið yður nægja yðvart kaupgjald.

En þá fólkið grunaði og að það hugleiddu allir í sínum hjörtum ef verða mætti það að Jóhannes væri Kristur, svaraði Jóhannes og sagði til allra: Eg skíri yður í vatni, en sá er mér styrkri sem eftir mig mun koma, hvers eg em ei verður upp að leysa þvengi hans skóklæða. Hann mun skíra yður í heilögum anda og eldi, hvers vindskófl að er í hans hendi. Og hann mun hreinsa sinn láfa og saman safna hveitinu í kornhlöðu sína, en agninnar brenna í eldi óslökkvanlegum. Og margt annað meira minnti hann og boðaði fólkinu.

En er Heródes tetrarka straffaðist af honum yfir Heródiadem bróðurkonu sína og fyrir allt annað illt er Heródes gjörði, þó jök hann ofan á þetta allt og lukti Jóhannem í myrkvastofu.

En það skeði þá er allt fólk lét sig skíra og þá er Jesús var skírður og baðst fyrir að himinninn opnaðist og heilagur andi sté ofan í líkamlegri mynd yfir hann sem dúfa. Og rödd kom af himni sem sagði: Þú ert sonur minn elskulegur, í þér þókknast mér.

Og Jesús var nær þrjá tigi ára þá hann hóf upp og var haldinn son Jósefs, sá er var sonur Elí, sá er var sonur Mattat, sá er var sonur Leví, sá er var sonur Melkí, sá er var sonur Janna, sá er var sonur Jósefs, sá er var sonur Mattatías, sá er var sonur Amos, sá er var sonur Naúm, sá er var sonur Eslí, sá er var sonur Nangí, sá er var sonur Maat, sá er var sonur Mattatías, sá er var sonur Semeí, sá er var sonur Jósek, sá er var sonur Júda, sá er var sonur Jóhanna, sá er var sonur Resía, sá er var sonur Sóróbabel, sá er var sonur Salatíel, sá er var sonur Nerí, sá er var sonur Melkí, sá er var sonur Addí, sá er var sonur Kósam, sá er var sonur Elmadam, sá er var sonur Er, sá er var sonur Jesó, sá er var sonur Elieser, sá er var sonur Jórem, sá er var sonur Matta, sá er var sonur Leví, sá er var sonur Símeon, sá er var sonur Júda, sá er var sonur Jósefs, sá er var sonur Jónam, sá er var sonur Eljakím, sá er var sonur Melea, sá er var sonur Menam, sá er var sonur Mattatam, sá er var sonur Natan, sá er var sonur Davíð, sá er var sonur Jesse, sá er var sonur Óbeð, sá er var sonur Boos, sá er var sonur Salmon, sá er var sonur Nahasson, sá er var sonur Amínadab, sá er var sonur Aram, sá er var sonur Esrom, sá er var sonur Farem, sá er var sonur Júda, sá er var sonur Jakobs, sá er var sonur Ísaks, sá er var sonur Abrahams, sá er var sonur Tara, sá er var sonur Nakór, sá er var sonur Sarúk, sá er var sonur Ragahú, sá er var sonur Falek, sá er var sonur Eber, sá er var sonur Sala, sá er var sonur Kainan, sá er var sonur Arfaksad, sá er var sonur Sem, sá er var sonur Nói, sá er var sonur Lamek, sá er var sonur Matúsala, sá er var sonur Enok, sá er var sonur Jared, sá er var sonur Malelek, sá er var sonur Kainan, sá er var sonur Enos, sá er var sonur Set, sá er var sonur Adams, sá er var Guðs.

Fjórði kapítuli

En Jesús, fullur af heilögum anda, kom aftur frá Jórdan og færðist af andanum á eyðimörk og freistaðist af djöflinum í xl daga. Og hann neytti einskis á þeim dögum, og að þeim liðnum hungraði hann. Djöfullinn sagði þá til hans: Ef þú ert Guðs sonur, seg steini þessum að hann verði að brauði. Jesús svaraði og sagði til hans: Skrifað er, það maðurinn lifir eigi af brauði einu, heldur af sérhverju Guðs orði.

Og djöfullinn flutti hann upp á hátinda fjallsins og sýndi honum á augabragði öll ríki veraldarinnar og sagði til hans: Allt þetta veldi og þess prýði mun eg gefa þér því að þau eru mér í hendur fengin og hverjum eg vil, má eg þau gefa. Því ef þú fellur fram og tilbiður fyrir mér, skulu þau öll þín vera. Jesús svaraði og sagði til hans: Far burt frá mér, þú andskoti. Skrifað er: Drottin, Guð þinn, skalt þú tilbiðja og honum einum þjóna.

Og hann færði hann þá til Jerúsalem og setti hann ofan á burst musterisins og sagði til hans: Ef þú ert Guðs sonur, fleyg þér hér ofan af. Því að skrifað er, það sínum englum bífól hann þig að þeir varðveiti þig og á sínum höndum beri þeir þig svo að þú drepir eigi fæti þínum við steini. Jesús svaraði og sagði til hans: Sagt er að eigi skulir þú áreita Drottin, Guð þinn. Og er djöfullinn hafði lyktað allar freistanir, veik hann frá honum um stundar sakir.

Og Jesús kom aftur í anda krafti til Galíleam, og ryktið gekk út um öll héruð af honum. Og hann sjálfur kenndi í þeirra samkunduhúsum, og af öllum var hann miklaður.

Og hann kom til Naðaret, þar hann var upp alinn, og gekk inn eftir vana sínum á þvottdegi, stóð upp og tók að lesa. Og honum var fengin bók Jesaja spámanns. Og er hann fletti um bókinni, fann hann þann stað hvar skrifað var: Andi Drottins er yfir mér, og af því smurði hann mig og sendi að boða fögnuð voluðum og að græða sundraða í hjörtum, að predika herteknum endurlausn og sýn blindum og kramda að kvitta til lausnar og að predika þakknæmilegt ár Drottins.

Og þá lét hann saman bókina og fékk hana þénaranum aftur og setti sig, og allir þeir, sem í samkunduhúsinu voru, settu honum augu. En hann hóf að segja til þeirra: Í dag er þessi ritning uppfyllt í yðrum eyrum. Og allir gáfu vitnisburð af honum og undruðust þau náðarsamleg orð sem gengu fram af hans munni og sögðu: Er þessi eigi sonur Jósefs? Hann sagði til þeirra: Þér munuð fullkomlega til mín segja þennan orðskvið: Læknir bjarga sjálfum þér. Því hve mikið að vér höfum heyrt að gjört var til Kapernaum, gjör þú og hér á þinni fósturjörð. En hann sagði: Sannlega segi eg yður að enginn spámaður er þakknæmur á sinni fósturjörð.

Í sannleik segi eg yður: Margar ekkjur voru á dögum Elíe í Írael þá himinninn var luktur í þrjú ár og sex mánaði, þá gjörðist og mikill sultur um allt landið, og til öngrar þeirrar var Elías sendur nema í Sarepta Sídonie til einnrar ekkju. Og margir líkþráir menn voru í Írael á dögum Elisæi spámanns, og enginn þeirra var hreinsaður nema Naaman af Sýria. Og allir fylltust þeir upp reiði sem í samkunduhúsinu voru er þeir heyrðu það, stóðu upp og hnepptu hann út af borginni og leiddu hann allt upp á fjallsgnípuna, þá eð þeirra borg var yfir byggð, að þeir hryndi honum þar af fram. En hann gekk mitt á millum þeirra og fór í burt.* Og hann fór ofan til Kapernaumborgar í Galílea og kenndi þeim þar á þvottdögum. Og allir undruðust hans kenning því hún var völdug. Í samkunduhúsinu var maður sá er hafði óhreinan djöfulsanda og kallaði upp hárrí röddu og sagði: Hættu, hvað höfu vær með þig, Jesús af Naðaret? Þú komt að fyrirfara oss. Eg veit vel að þú ert hinn heilagi Guðs. Og Jesús straffaði hann og sagði: Þegi þú og far út af honum. Og djöfullinn fleygði honum mitt fram í milli þeirra og fór út af honum og grandaði honum að öngu. Ótta sló og yfir alla þá og töluðust við sín á milli og sögðu: Hvaða orði er þetta að hann býður óhreinum öndum af valdi og krafti, og þeir fara út? Hans rykti barst og alls staðar út um öll nálæg héruð.

En er Jesús stóð upp af samkundunni, gekk hann inn í hús Símonar. En vermóðir Símonar var haldin í mikill köldu, og þeir báðu hann fyrir henni. Hann gekk til hennar og fyrirbauð köldunni, og hún forlét hana. Og jafnskjótt reis hún upp og þjónaði þeim.

En þá sólin var undir gengin, fluttu þeir til hans alla þá sjúka menn sem margháttaðar sóttir höfðu. En hann lagði hendur yfir sérhvern og læknaði þá. Djöflar fóru og út af mörgum, kallandi upp og sögðu: Þú ert Kristur, sonur Guðs. Hann hastaði á þá og leyfði þeim eigi að mæla því að þeir vissu það hann var Kristur.

En eð dagur var, fór hann og gekk út á eitt eyðiból. Fólkið leitaði að honum og kom til hans og höfðu gát á honum að hann færi eigi í frá þeim, hverjum hann sagði: Mér byrjar og í öðrum borgum að boða Guðs ríki því að til þess em eg sendur. Og hann predikaði í samkunduhúsum til Galílea.

Fimmti kapítuli

En það skeði þá er fólkið flykktist að honum til að heyra Guðs orð og hann sjálfur stóð við sjóinn Genesaret og leit tvö skip standa við sjóinn, en fiskimennirnir voru stignir af skipi og því net sín, þá sté hann á eitt skipið, það sem Símonar var og bað að draga nokkuð frá landi. Hann sat og kenndi fólkinu af skipinu.

Og sem hann gaf upp að kenna, sagði hann til Símonar: Drag upp herra, og leysið net yðar til fiskidráttar. Símon svaraði og sagði til hans: Meistari, í alla nótt höfu vær erfiðað og fengum ekkert, en í þínu orði mun eg mitt net uppleysa. Og þá er þeir höfðu það gjört, luktu þeir inni mikla mergð fiska, og þeirra net rifnaði. Þeir bentu og sínum félögum sem voru á öðru skipinu það þeir kæmi og hjálpuðu þeim. Og þeir komu og hlóðu bæði skipin full svo þau sukku að mestu.

Þá Símon Pétur sá það, féll hann til knjanna Jesú og sagði: Gakk frá mér lávarður því eg em maður syndugur, af því að felmtur var yfir hann kominn og yfir þá alla sem með honum voru að þeim fiskidrætti er þeir fengu saman. Líka einninn og Jakobo og Jóhanni sonum Sebedei, lagsmönnum Símonar. Jesús sagði til Símonar: Öttast þú eigi því að héðan í frá skalt þú menn veiða. Og þeir drógu sín skip að landi og yfirgáfu alla hluti og fylgdu honum eftir.*

Það skeði og þá hann var í einni borg, og sjá, að þar var maður fullur vanheilsu. Og þá hann sá Jesúm, féll hann fram á sína ásjónu, bað hann og sagði: Drottinn, ef þú vilt, þá kannst þú að hreinsa mig. Og Jesús rétti út sína hönd og tók á honum og sagði: Eg vil, vert hreinn. Og jafnskjótt hvarf vanheilsan af honum. Og hann bauð honum að segja það öngum, - heldur gakk og sýn þig kennimanninum og fórna fyrir þinni hreinsan, sem Moyses bauð, þeim til vitnisburðar. En er hans rykti barst víðara út, kom margt fólk saman honum að heyra og að lækna af sínum sóttum. En hann veik sér afvega í eyðimörk og baðst fyrir.

Og það bar til á einum degi er hann sat og kenndi, og þar sátu farisei og lögspekingar sem komnir voru af öllum kaптúnunum úr Galílea og Júdea og frá Jerúsalem. Kraftur Drottins var og meður honum til að lækna þá; og sjá, að menn báru þann mann á sæng er sjúkur var í kveisu og sóktu til að koma honum inn og leggja fyrir hann fram. Og er þeir gátu eigi haft hann inn fyrir fólkinu, fóru þeir upp á ræfrið og létu hann síga á sænginni niður um þekjuna mitt á milli þeirra fram fyrir Jesúm. Og er hann leit þeirra trú, sagði hann: Maður, fyrirgefist þér syndir þínar. Skriflærðir og farisei tóku að hugsa með sér og sögðu: Hver er þessi sem mælir guðlastan? Hver má syndir fyrirgefa nema Guð einn?

En er Jesús fornam þeirra hugsan, svaraði hann og sagði til þeirra: Hvað hugsi þér vont í yðrum hjörtum? Hvort er auðveldara að segja: Þér eru þínar syndir fyrirgefnar, eða að segja: Statt upp og gakk? En svo að þér vitið það mannsins sonur hefir makt til á jörðu að fyrirgefa syndirnar, sagði hann til ins kveisusjúka: Þér segi eg: Statt upp og tak sæng þína og gakk í þitt hús. Og jafnskjótt stóð hann upp þeim ásjaandum og tók sængina upp, þá er hann hafði á legið og gekk í sitt hús, lofandi Guð. Þeim óaði öllum og lofuðu Guð og fylltust af ótta og sögðu: Í dag höfu vær séð undarlega hluti.

Eftir það gekk hann út og sá þann tollheimtumann, er Levis var að nafni, sitja í tollbúðinni og sagði til hans: Fylg þú mér eftir. Og hann forlét allt, stóð upp og fylgdi honum eftir. Levis gjörði honum mikið heimboð í sínu húsi. Þar var og mikill fjöldi tollheimtumanna og annarra þeirra er meður þeim sátu til borðsins. Farisei og skriflærðir mögðu við hans lærisveina og sögðu: Því eti þér og drekkið með tolltektamönnum og bersyndugum? Jesús svaraði og sagði til þeirra: Þeir þurfa eigi læknaans við, sem heilbrigðir eru, heldur þeir sem sjúkir eru því að eigi kom eg að kalla réttláta, heldur synduga til iðranar.

En þeir sögðu til hans: Því föstuðu lærisveinar Jóhannis svo oft og báðust fyrir svo og líka fariseis lærisveinar, en þínir eta og drekka? Hann sagði þá til þeirra: Megi þér nokkuð láta brúðgumans syni fasta á meðan brúðguminn er hjá þeim? Því að þeir timar munu koma að brúðgumanum mun frá þeim kipt, og þá munu þeir fasta á þeim dögum.

Og hann sagði í eftirlíking til þeirra, það að enginn setti bót af nýju klæði á gamalt fat, annars trefur hið nýja það upp, og bótin af því inu nýja fellur eigi við hið gamla. Og enginn lætur nýtt vín í forna belgi, annars sprengir hið nýja vínið belgina, og það spillist, en vínbelgirnir tortýnast, heldur skal nýtt vín látast í nýja belgi, og mun þá hvorutveggja forvarast. Svo er og enginn sem drekkur af hinu gamla og vilji strax ið nýja því að hann segir: Hið gamla er betra.

Sétti kapítuli

En það bar til á annan hátíðardag ins fyrsta þvottdags að hann gekk um sáðna akra og hans lærisveinar tíndu axin ofan af korninu og átu, núandi þau með höndum sér. En nokkrir af fariseis sögðu til þeirra: Fyrir því gjöri þér það sem eigi leyfist á þvottdögum? Jesús svaraði og sagði til þeirra: Hafid þér eigi lesið hvað Davíð gjörði, nær hann hungraði sjálfan og þá sem með honum voru? Hverninn að hann gekk inn í Guðs húsið og tók skoðunarbrauðin og át, gaf og þeim sem með honum voru, þau er öngum leyfðust að eta nema kennimönnum einum? Og hann sagði til þeirra: Því að mannsins sonur er herra og einninn þvottdagsins.

Það skeði og enn á öðrum þvottdegi að hann gekk inn í samkunduhúsið og kenndi. Og þar var sá maður sem hin hægra hönd var á visnuð. En skriflærðir og farisei hugðu að hvort hann læknaði á þvottdögum svo að þeir fyndi það, hvar af þeir mætti hann ákæra. En hann merkti vel þeirra hugsan og sagði til mannsins, þess sem höndina hafði visnaða: Rís þú upp og statt hér mitt. Hann reis upp og stóð þar. En Jesús sagði til þeirra: Eg spyr yður að, hvort hæfir á þvottdögum vel að gjöra eður illa, lífinu að forða eður tortýna? Og hann leit til allra þeirra er í kringum voru og sagði til mannsins: Réttu út þína hönd. Og hann rétti hana út, en sú hans hönd varð svo heil sem hin önnur. En þeir fylltust af heimsku og töluðu til hver við annan hvað þeir vildu af Jesú gjöra.

En það gjörðist á þeim dögum að hann gekk í fjallið að biðjast fyrir, og hann var um þá nótt á bænum til Guðs. Og þá eð dagur var, kallaði hann sína lærisveina og kjöri tólf af þeim, hverja að hann nefndi apostula: Símon, þann hann kallaði Petrum, og Andream bróður hans, Jakob og Jóhannem, Filippum og Bartólómeum, Matteum og Tómam, Jakobum son Alfei og Símon sem kallaðist selotes, Júdam Jakobs son og Júdam Skariot, hver eð var svikarinn.

Og hann fór ofan meður þeim af fjallinu og gekk á einn sléttan flöt í mörkinni. Og flokkur hans lærisveina og mikill fjöldi annars lýðs af allri Júdea og Jerúsalem og úr sjóstöðunum Týro og Sídonis, hverjir komnir voru honum að heyra og það þeir læknuðust af sínum sóttum og að þeir sem kvöldust af óhreinum öndum, yrði heilbrigðir. Og allur lýður sókti til honum að ná því að kraftur gekk út frá honum, og hann læknaði þá alla.

Og hann hóf sín augu upp yfir lærisveina sína og sagði: Sælir eru þér volaðir því að yðart er Guðs ríki. Sælir eru þér sem hungraðir eru nú því að þér skuluð saddir verða. Sælir eru þér sem nú grátid því að þér munuð hlæja. Sælir eru þér þó að menn hati yður og frá skilji yður og hallmæli og forleggi yðart nafn svo sem annars illvirkja vegna mannsins sonar. Fagni þér og gleðjist á þeim degi, sjáið, því að yðart verðkaup er mikið á himni því þanninn gjörðu og þeirra feður við spámennina.*

En hvar fyrir, ve yður auðigum, sem hér hafid yðra huggan. Ve yður, sem nú eru saddir því að yður mun hungra. Ve yður, sem hlæid nú því að þér munuð æpa og ýla. Ve yður, nær eð hver mann lofar yður því að svo gjörðu og þeirra feður við hina fölsku spámenn.

En eg segi yður sem á heyríð: Elski þér óvini yðra, gjöríð þeim vel til sem yður hata, signíð þá er yður bölvá, og biðjíd fyrir þeim sem yður misþyrma. Og hver hann slær þig á einn kinnvangann, bjóð honum og annan fram, og hver hann tekur af þér þinn möttul, þá ver honum eigi þinn kyrtill. Og hver þig biður, þeim gef, og hver hann tekur burt hvað þitt er, það heimt eigi aftur. Og svo sem þér viljíd að menn gjöri við yður, gjöri þér líka svo við þá.

Og ef þér elskið þá sem yður elska, hver er þá yðar þökk? Því að syndugir elska sína elskendur. Og þó þér gjöríð þeim gott sem yður gjöra vel til, hver verður yðar þökk? Því að þetta gjöra einninn inir syndugu. Og þó þér skiptíð við þá, af hverjum þér væntíð launa, hver verður þá yðar þökk? Því að syndugir býta við synduga að þeir taki líkt við líku. Hvar fyrir, þá elski þér óvini yðra, gjöríð gott og býtið, einskis þar fyrir væntandi. Þá mun yðart verðkaup mikið verða, og þér munuð verða synir ins hæðsta því að hann er góðfús viður óþakkláta og vonða.

Fyrir því verið og miskunnsamir, líka sem yðar faðir er miskunnsamur. Eigi skulu þér dæma, að þér dæmist eigi. Fordæmið eigi svo að þér fordæmist eigi. Fyrirgefíð þá mun yður og fyrirgefást. Gefíð og yður skal gefást. Góða og saman þrykkta, skekna og yfirfljótanlega mæling mun gefin vera í yðvart skaut því að meður þeirri sömu mælingu, hverri þér mælið, mun yður aftur mælast.

Og hann sagði þeim eina eftirlíking: Fær blindur nokkuð leitt blindan? Falla þeir eigi báðir í gröfina? Eigi er lærisveinninn yfir sínum meistara því nær eð hver er svo sem hans meistari, þá er hann algjörður. En hvað sér þú ögn í þíns bróðurs auga, en að þeim vagli, sem í þínu auga er, gáir þú eigi. Eða hverninn máttu segja bróður þínum: Bróðir, leyf að eg dragi burt ögnina úr auga þínu, er þú sér eigi sjálfur vaglinn í þínu auga? Þú hræsnari, drag þú fyrst út vaglinn úr þínu auga, og sjá þá til að þú dragir út ögnina af þíns bróður auga.*

Því ekkert gott tré þá ber vondan ávöxt, og ekkert vont tré ber góðan ávöxt. Hvert tré man og kennast af sínum ávexti því að eigi lesa menn saman fikjur af klungri og eigi hirða menn vínber af skógarrunni. Góður maður af góðum sjóð síns hjarta fremur gott, og illur maður af vondum sjóð síns hjarta fremur illt því að af gnægð hjartans mælir munnurinn.

Til hvers kalli þér mig herra, herra, og gjöríð eigi það eg segi? Hver hann kemur til mín, heyrir mín orð og gjörir þau, þá mun eg sýna yður, að hverjum hann er líkur. Hann er líkur þeim manni er byggði upp hús og gróf djúpt og setti sinn grundvöll á hellusteini. En er vatshríðina gjörði, dundi vatsflóðið að húsinu og mátti það eigi hræra því að það var grundvallað á hellusteini. En hver hann heyrir þau og gjörir eigi, hann er líkur þeim manni er byggði sitt hús á jörðu án grundvölla, að hverju vatsflóðið dundi, og það féll jafnsnart, og hrapan þessa húss varð mikil.

Sjöundi kapítuli

En þá hann hafði lyktað sína ræðu fyrir fólkinu, gekk hann inn í Kapernaum. En þjón eins hundraðshöfðingja lá dauðvona, hver eð honum var geðfelldur. Og er hann heyrði af Jesú, sendi hann menn af öldungum Gyðinga til hans og bað hann að koma og gjöra sinn þjón heilbrigðan. En er þeir komu til Jesú, grátbændu þeir hann og sögðu: Verður er hann þess að þú veitir honum það því að hann elskar vora þjóð og hefir upp byggt fyrir oss vort samkunduhús. En Jesús gekk með þeim þaðan.

Og þá er þeir voru eigi langt frá húsinu, sendi höfðinginn vini til hans og sagði: Herra, þjáíð yður eigi því að eg em ei verður að þú gangir inn undir mitt þak. Þar fyrir hefi eg og eigi reiknað sjálfan mig verðugan til þín að koma. Heldur mæl þú orð og verði minn sveinn svo heill. Því að eg em maður valdinu undirgefinn, hafandi undir mér hernaðarmenn, og ef eg segi þessum: Far, þá fer hann, og til annars: Kom, svo kemur hann, og þjón mínum: Gjör þetta, og þá gjörir hann það. En er Jesús heyrði það, undraðist hann og sneri aftur og sagði til fólksins sem honum fylgdi eftir: Sannlega segi eg yður að eg hefi eigi fundið þvílíka trú í Írael. Og er þeir sem út voru sendir, komu aftur til hússins, fundu þeir þann þjón, er sjúkur hafði verið, heilbrigðan.

Það skeði og eftir það að Jesús gekk til þeirrar borgar sem hét Nain, og margir hans lærisveinar fylgdu honum og fjöldi annars fólks. En er hann nálgast borgarhliðið, sé, var framliðinn maður borinn út, einkasonur sinnar mæður, og hún var ekkja, og mikill borgarmúgur gekk út með henni. Og er Drottinn leit hana, hrærðist hann miskunnar og sagði til hennar: Æptu eigi. Og hann gekk þar að og á hrærði börunnar, en þeir eð báru, stóðu við. Hann sagði: Ungmenni, eg segi þér, rís upp. Og sá reistist upp við, sem framliðinn var, og tók að mæla. Og hann fékk hann aftur sinni móður. En yfir alla þá kom ótti, lofuðu Guð og sögðu: Spámaður mikill er á meðal vor upprisinn, og Guð hefir vitjað síns lýðs.* Og þessi saga barst út af honum um allt Júdeam og um öll nálæg héruð.

Og allt þetta kunnngjörðu Jóhanni hans lærisveinar. Og Jóhannes kallaði tvo af sínum lærisveinum til sín og sendi þá til Jesús og lét segja: Ert þú sá er koma mun, eða eigu vær annars að bíða? En er þeir menn komu til hans, sögðu þeir: Jón baptista sendi okkur til þín og lét segja þér: Ert þú sá er koma mun, eða eigu vær annars að bíða? En á þeirri stundu læknaði hann marga af sóttum sínum og meinum og af óhreinum öndum, og mörgum blindum gaf hann sýn. Og Jesús svaraði og sagði til þeirra: Gangið og kunnngjörið Jóhanni hvað þér hafið heyrt og séð, það blindir sjá, haltir ganga, líkþráir hreinsast, daufir fá heyrn, dauðir rísa upp, fátækum boðast guðsspjöll. Og sæll er sá sem eigi skammfyllir sig á mér. En er sendiboðar Jóhannis voru burt gengnir, hóf Jesús að segja til fólksins af Jóhanni: Hvar til fóru þér út í eyðimörk? Eða fóru þér að sjá reyrvönd vindi skekinn? Eða vildu þér heldur út fara að sjá mann í mjúkum klæðum þryddan? Sjáið, að þeir, sem dýrmæt klæði bera og að fýsn lifa, eru í konungs görðum. Eða hvað fóru þér að sjá? Vildu þér sjá spámann? En eg kann yður að segja framar en spámann. Þessi er sá, af hverjum að skrifað er, að eg sendi minn engil fyrir þínu augliti, sá er til reiða skal þinn veg fyrir þér. Því að eg segi yður að á meðal þeirra, sem af konu eru fæddir, er enginn spámanna meiri en Jón baptista. En sá eð minni er í Guðs ríki, er honum meiri.

Og allt það fólk, er á heyrði, og líka tollheimtumenn, réttlættu Guð og létu sig skíra meður skírn Jóhannis. En farisei og lögspekingar forsmáðu Guðs ráð í stríð við sjálfa sig og létu eigi skírast af honum.

En Drottinn sagði: Við hvað skal eg jafna mönnum þessarar kynslóðar og hverju þeir eru líkir? Börnum þeim eru þeir líkir, sem sitja á torgi og klakar hvert til annars og segja: Vær pípuðum fyrir yður, og þér dönsuðuð eigi. Vær sungum fyrir yður vor harmakvæði, og þér æptuð eigi. Því að Jón baptista er kominn, át eigi brauð né drakk vín, þó segi þér hann hafi djöful. Mannsins son er og kominn, át og drakk, og þér segið: Sjáið, etarann og vindrykkjumanninn, ástvin tollheimtumanna og bersyndugra. Og spekin hlýtur svo að réttlætast af sínum sonum öllum.

En nokkur af fariseis bað hann að hann æti með honum, og hann gekk inn í farísearans hús og settist til borðs. Og sjá, að kona var sú í borginni, er bersyndug var. Og er hún vissi að Jesús sat til borðs í farísearans húsi, hafði hún þangað smyrslabuðk og fór á baki honum til fóta hans og tók að væta hans fætur með tárum og að þurrka meður lokkum síns höfuðs, kyssti og á hans fætur og reið á smyrslum.

En er hinn faríseus sá það, sem honum bauð inn, mælti hann með sér: Ef að þessi væri spámaður, þá vissi hann hver og hvílík væri sú kona er á honum tekur því að hún er ein bersyndug kvinna. Jesús svaraði og sagði til hans: Símeon, eg hefi nokkuð þér að segja. En hann sagði: Seg þú meistari. Tveir skuldamenn voru nokkurs okurkalls. Einn var honum skuldugur fimm hundruð peninga, en annar fimmtigi. Og er þeir höfðu eigi að gjalda, gaf hann þeim báðum til. Því seg nú hvor þeirra er, hann elskar meir. Símon svaraði og sagði: Eg meina að sá sem hann gaf meira til. En hann sagði til hans: Það úrskurðaðir þú rétt.

Og hann vendi sér til konunnar og sagði til Símonar: Sér þú þessa konu. Eg gekk inn í þitt hús, og þú gaft eigi vatn mínum fótum, en þessi vætti mína fætur með tárum og þurrkaði með sínum höfuðlökkum. Koss gaft þú mér öngvan, en þessi, síðan hún gekk hér inn, hefir hún eigi linnt að kyssa mína fætur. Mitt höfuð smurðir þú eigi viðsmjóri, en þessi reið á mína fætur smyrslum. Fyrir það segi eg þér að henni fyrirgefast margar syndir því að hún elskaði mikið. En þeim sem minna fyrirgefist, hann elskar miður.

Og hann sagði til hennar: Þér eru þínar syndir fyrirgefnar. Og þeir tóku að segja, sem við borðið sátu, með sjálfum sér: Hver er þessi sá er einninn fyrirgefur syndir? En hann sagði til konunnar: Þín trúa gjörði þig hólpna, far í friði.

Áttandi kapítuli

Það skeði og eftir það að hann ferðaðist í gegnum borgir og kaптún, predikaði og boðaði Guðs ríki og þeir tólf meður honum og nokkrar þær konur sem hann hafði grætt af óhreinum öndum og öðrum sóttarferlum, einkum María sú er hét Magdalena, frá hverri er sjö djöflar höfðu út farið, og Jóhanna, húsfrau Kúsa, forsjónarmanns Heródis, og Súsanna og margar aðrar, þær honum veittu af sínum eignum.

En þá er margt fólk var saman komið og er þeir drifu að honum úr stöðunum, sagði hann í eftirlíkingu: Sá gekk út, er sáði, að sá sínu sæði. Og þá hann sáði, féll sumt hjá veginum og var fóttröðið, og fuglar himins átu það. Og sumt féll á hellu og þá er það spratt upp, visnaði það af því það hafði eigi vökva. Og sumt féll á meðal þyrna og þyrnin spruttu upp með og kefðu því niður. Sumt féll í góða jörð, og það vóx upp og bar hundraðfaldan ávöxt. Þá er hann sagði þetta, kallaði hann: Hver eyru hefir að heyra, hann heyrir.

En hans lærisveinar spurðu hann að, hver eð væri þessi eftirlíking, hverjum hann sagði: Yður er unnt að vita leynda dóma Guðs ríkis, en þeim öðrum í eftirlíking að sjáandi, þá sjái þeir það eigi, og á heyrandi, skilji þeir það eigi.

En þessi er eftirlíkingin: Sæðið er Guðs orð. En hinir við veginn eru þeir sem heyra, en eftir á þá kemur djöfullinn og tekur orðið úr hjörtum þeirra svo að þeir trúi eigi og verði hólpnir. En hinir, er á helluna féllu eru það, nær þeir heyra það, þá meðtaka þeir það með fagnaði og hafa þó eigi rót neina. Um stundar sakir trúa þeir, og á freistunar tíma þá falla þeir frá. En það sem féll á millum þyrnanna, eru þeir sem það heyra og velkjast í sorgum, auðæfum og girndum þessara lífdaga, kefjast svo og færa öngvan ávöxt. En það sem í góða jörð féll, eru þeir sem heyra orðið og halda það í góðu og siðsömu hjarta og færa ávöxt í þolinmæði.*

En enginn kveikir á ljósinu og byrgi það í kerri eða setji það undir sængarstað, heldur setur hann það á kertahaldinn svo að þeir sem þar inn ganga, sjái ljósið. Því að ekki er svo dulið að eigi verði opinbert og ekkert svo leynt að eigi kunngjörst og í augljós komi. Fyrir því gætið að hverninn þér heyrir til. Því að þeim eð hefir, honum mun gefast, og hver helst eigi hefir, frá honum mun burt takast, einninn það hann meinir sig hafa.

En móðir hans og bræður komu til hans og gátu eigi fundið hann fyrir fólkinu. Og honum var það undirvísað: Móðir þín og bræður eru hér úti og vilja sjá þig. En hann svaraði og sagði til þeirra: Mín móðir og mínir bræður eru þeir sem heyra Guðs orð og gjöra.

Og það bar til á einum degi að hann sté sjálfur á skip lítið og hans lærisveinar. Hann sagði þá til þeirra: Föru vær yfir um þenna sjó. Og þeir leystu frá landi. En er þeir sigldu, sofnaði hann. Og þar kom hverfilvindur á sjóinn svo að fyllti undir þeim, og þeim lá við töpun. Þá gengu þeir að honum, vöktu hann og sögðu: Meistari, vær forgöngum. En hann stóð upp og hastaði á vindinn og á sjávaröldurnar, og þær sefuðust og gjörði logn. Hann sagði til þeirra: Hvar er yðar trú? En þeir óttuðust það og undruðu, segjandi sín á milli: Hver ætli þér að þessi sé? Því að hann býður vindi og vatni, og þau hlýða honum. Þeir sigldu þá til þeirrar byggðar hvar Gadareni bjuggu, hver eð liggur jafngegnt Galílea.

Og þá hann sté af skipi á land, rann í móti honum maður nokkur úr borginni sem haft hafði djöful um langan tíma og klæddist eigi fötum, var og eigi í húsum, heldur í dauðra manna leiðum. En er hann leit Jesúm, féll hann fram fyrir honum, kallaði upp hárra röddu og sagði: Hvað á eg með þig Jesú, sonur Guðs ins hæðsta? Eg beiði þig að eigi kveljir þú mig. En hann bauð óhreinum anda að hann færi út af manninum. Því að hann hafði um langa ævi hann kvalið. Hann var og bundinn járnviðjum og í fjötrum varðveittur, en að slitnum böndunum var hann rekinn af djöflinum í eyðimörk.

Jesús spurði hann að og sagði: Hvert er nafn þitt? Hann sagði: Legion, því að margir djöflar voru í hann farnir. Og þeir báðu hann að ei skipaði hann þeim að fara í undirdjúpið. En þar var mikil svínahjörð á biti um fjallið. Og þeir báðu hann að leyfa sér að fara í þau, og hann lofaði þeim það. Þá fóru djöflarnir út af manninum og hlupu í svinin, og hjörðin fleygði sér með einu áhlaupi í sjáinn og drekkist þar. En er þeir sáu það, sem hjörðina geymdu, flýðu þeir og kunngjörðu það í borgina og um þorpin.

Þá gengu þeir út að sjá hvað skeð var og komu til Jesú, fundu manninn, af hverjum djöflarnir höfðu út farið, sitjanda klæddan og heilvita til fóta Jesú. Og þeim óaði það. En þeir sem höfðu séð, kynntu þeim hverninn sá hinn djöfulóði var heilbrigður vorðinn. Og allur múgur Gadareni byggðar báðu hann að hann viki burt frá þeim því að þeir voru af miklum ótta haldnir. Hann sté þá á skip og sneri aftur. En sá maður, sem djöflarnir voru út af farnir, bað hann að hann mætti vera hjá honum, en Jesús lét hann frá sér og sagði: Far aftur í þitt hús og seg hve mikið Guð veitti þér. Og hann fór og predikaði um alla borgina hve mikið Jesús hafði honum gjört.

Það skeði og er Jesús kom aftur að lýðurinn meðtók hann því að allir biðu hans. Og sjá, að maður kom þar er Jáirus var að nafni, og sá var samkunduhússins höfðingi. Hann féll til fóta Jesú og bað hann að hann gengi í hans hús. Því að hann átti sér einkadóttur, nær tólf ára gamla, og hún var að dauða komin. Og er hann gekk þangað, þrengdi fólkið að honum.

Kona var þar og nokkur sem haft hafði blóðfall í tólf ár, hver eð út hafði og gefið læknum sína alla aleigu og varð þó af öngum grædd. Hún gekk á bak til og snart fald hans klæða, og jafnsnart stemmdist hennar blóðlát. Jesús sagði: Hver er sá er mig snerti? En er allir neituðu, sagði Pétur og þeir er með honum voru: Meistari, fólkið þrengir og þjakar að þér, og þú segir: Hver snart mig? Jesús sagði: Einhver hefir snortið mig því að eg kenni kraft út af mér genginn. En er konan sá að það var eigi hulið, kom hún skjálfandi og féll fram fyrir fætur hans og kunngjörði fyrir öllu fólki fyrir hverja sök eð hún hafði hann snortið og hversu hún hafði jafnsnart heil orðið. En hann sagði til hennar: Vert glöð mín dóttir, þín trúa gjörði þig hólpna. Far í friði.

Og er hann talaði um þetta, kom nokkur til samkunduhússins höfðingja, segjandi honum: Þín dóttir er látin, ómaka hann eigi. En er Jesús heyrði það, svaraði hann og sagði við föður stúlkunnar: Hræðst eigi þú, trúðu heldur, þá verður hún heilbrigð. Og er hann kom að húsinu, lofaði hann ei neinum inn að ganga með sér nema Pétri, Jakobo og Jóhanni og föður og móður stúlkunnar. En þeir grétu allir og syrgðu hana. Hann sagði þá: Grátið eigi því að hún er ei dauð, heldur sefur hún. Þá dárðu þeir hann því að þeir vissu að hún var látin. En hann rak þá alla út og tók í hönd hennar, kallaði og sagði: Stúlka, statt upp. Og hennar andi kom aftur, og hún stóð jafnsnart upp. Hann skipaði og að gefa henni að eta. Hennar foreldrum felmtraði við, en hann bauð þeim að segja öngum frá hvað gjörst hafði.

Níundi kapítuli

En Jesús kallaði saman þá tólf er postular nefndust og gaf þeim kraft og mátt yfir alla djöfla og það þeir læknuðu sóttir, sendi þá og út að predika Guðs ríki og að græða sjúka, sagði til þeirra: Þér skuluð ekkert bera með yður á veg, hvorki staf né tösku, eigi brauð né peninga, og þér skuluð ei hafa tvo kyrtla. Og í hvert það hús sem þér inn gangið, þá blífið þar þangað til þér farið í burt þaðan. Og sá hver er meðtekur yður eigi, þá gangið út úr borg þeirri og hristið duft af fötum yðar til vitnisburðar yfir þá. Þeir gengu út og ferðuðust í gegnum kaupþún, boðandi Guðs ríki og læknaði alls staðar.

En er Heródes tetrarka heyrði það allt hvað er hann gjörði, varð hann efa blandinn af því að af sumum sagðist það Jóhannes væri af dauða risinn, en af sumum það Elías væri auglýstur, en af öðrum það einn af gömlu spámönnum væri upp aftur risinn. Heródes sagði: Jóhannem lét eg afhöfða, eða hver er þessi, af þeim eð eg heyr þvílíkt? Og hann fýstist að sjá hann.

Postularnir komu aftur og skýrðu honum frá hvað eð þeir höfðu gjört, og hann meðtók þá og veik afvega í eyðimörk þeirrar borgar sem hét Betsaida. Og er fólkið varð þess vart, dró það eftir. Og hann meðtók það og talaði fyrir þeim af Guðs ríki, læknaði og þá sem þess þurftu. En er líða tók á daginn, gengu þeir tólf til hans og sögðu honum: Lát fólkið í frá þér að það gangi í þau þorp og kaupþún er hér eru í kring að herbergja sig og leita sér að fæðu því að vær erum hér á eyðimörk. En hann sagði: Gefi þér þeim að eta. Þeir sögðu: Vær höfum eigi meir en fimm brauð og tvo fiska nema vera megi að vær förum og kaupum fæðu þessu öllu fólki. En þar var fimm þúsund manns. Hann sagði þá til sinna lærisveina: Látið þá setja sig í lag fimmtigum saman. Þeir gjörðu og svo, settu sig niður allir samt. Hann tók þá þau fimm brauð og tvo fiska, leit til himins, blessaði þau og braut sundur, fékk sínum lærisveinum að þeir legði fyrir fólkið. Þeir neyttu og urðu allir saddir. Það var og upp tekið er þeim hafði af gengið af leifunum, tólf karfir fullar.

Það gjörðist og þá hann var einn og baðst fyrir og hans lærisveinar hjá honum að hann spurði þá að og sagði: Hvern segir fólkið mig vera? Þeir svöruðu og sögðu: Þeir segja þú sért Jóhannes baptista, en aðrir Elías, en sumir segja það einn af inum fyrrum spámönnum sé upprisinn. Hann sagði til þeirra: Hvern segi þér mig vera? Símon Petrus svaraði og sagði: Kristur Guðs. En hann hastaði á þá og bauð þeim að þeir segði það ei neinum og sagði það mannsins syni bæri margt að líða og forsmáður að vera af öldungum, kennimannahöfðingjum og skriftlærðum og líflátinn verða og á þriðja degi upp að rísa.

Hann sagði þá til allra: Ef nokkur vill eftir mér fara, hann afneiti sjálfum sér og taki á sig sinn kross hversdaglega og fylgi mér eftir. Því að hver er sínu lífi vill bjarga, hann týnir því, en hver sínu lífi týnir minna vegna, hann gjörir það hólpíð. Því hvað gagnar það manningum þó hann hreppi allan heim, en glati sjálfum sér og gjöri svo sitt eigið tjón? Því hver hann feilar sér mín og minna orða, þess mun mannsins sonur feila sér þá hann kemur í dýrð sinni og föðursins og heilagra engla. En eg segi yður sannlega að nokkrir af þeim, hér standa, smakka eigi dauðann þangað til þeir sjá Guðs ríki. Það skeði og eftir þessa ræðu nær átta dögum að hann tók með sér Petrum, Jakobum og Jóhannem og gekk upp á fjallið að biðjast fyrir. Og þá er hann baðst fyrir, varð hans andlitsmynd önnur og hans klæði hvít og skínandi. Og sjá, að tveir menn töluðu við hann, hverjir eð voru Moyses og Elías sem sáust í birtunni og töluðu um hans útför, hverja hann mundi fullkomna til Jerúsalem. En Pétur og þeir, er voru með honum, voru mjög svefnþunga, og er þeir vöknuðu, sáu þeir hans dýrð og þá tvo menn er hjá honum stóðu.

Það varð og þá er hinir voru frá honum viknir að Pétur sagði til Jesú: Meistari, fínt er oss hér að vera. Og gjörum hér upp þrjár tjaldbúðir, þér eina, Moysse eina, Elí eina. Og hann vissi eigi hvað hann sagði. En þá hann talaði þetta, kom ský og skyggði yfir þá, og þeir óttuðust er skýið leið yfir þeim. Og rödd kom úr skýinu er sagði: Þessi er sonur minn elskulegur, heyrðið honum. Og í því er röddin varð, fundu þeir Jesúm einan saman. Þeir þögðu og sögðu eigi neinum frá því hvað þeir höfðu séð á þeim dögum.

Það skeði og annars dags er þeir fóru ofan af fjallinu að margt fólk rann í móti þeim. Og sjá, að maður í bland fólkið kallaði upp og sagði: Meistari, eg beiði þig, sjá til sonar míns því að hann er minn einkason. Og sjá, eð andinn grípur hann, þá emjar hann upp jafnsnart, hrífur hann og slítur með froðufalli, og varla skilst hann við hann þá hann hefir slitið hann. Og eg bað þína lærisveina að þeir ræki hann út, og þeir gátu eigi. Þá svaraði Jesús og sagði: Ó, þú hin fráhverfa og vantrúaða kynslóð, hversu lengi þá skal eg hjá yður vera og líða yður? Leið þú hingað son þinn. Og þá hann gekk til hans, hreif djöfullinn hann og sleit. En Jesús straffaði hinn óhreina anda og læknaði piltinn og fékk hann föður sínum. En þeim ógnaði öllum við Guðsmikilvirki.

En er allir þeir undruðust það allt hvað hann gjörði, sagði hann til sinna lærisveina: Setjið þessa ræðu í hjörtu yðar: Því að þar mun koma að mannsins son mun seljast í manna hendur. En það orð undirstóðu þeir eigi, og það var hulið fyrir þeim svo að þeir skildu það eigi. Og þeir óttuðust að spyrja hann að því sama orði.

En sá þanki hófst þeirra á milli, eð hver þeirra mundi mestur vera. Og þá er Jesús sá þeirra hjartans þanka, þreif hann barn og setti það hjá sér og sagði til þeirra: Hver helst er meðtekur þvílíkt barn í mínu nafni, sá meðtekur mig, og hver hann meðtekur mig, sá meðtekur þann er mig sendi. Því sá yðar sem minnstur er allra, hann mun mikill verða. Jóhannes svaraði og sagði fyrirbuðum honum það því að hann fylgdi þér eigi eftir meður oss. Jesús sagði til hans: Fyrirbjóðið honum það eigi. Því að hver hann er eigi í móti oss, sá er fyrir oss.

En það skeði þá þeir dagar voru fullkomnaðir er hann skyldi uppnemast frá oss, hressti hann sína ásján að ganga til Jerúsalem. Og hann lét sendiboða fara fyrir sinni auglýsni. Þeir fóru og gengu inn í samverskan kaupstað að þeir reiddu þar til fyrir honum. En þeir þar voru, tóku eigi við honum af því að hann hafði snúið sinni ásján að reisa upp til Jerúsalem. En er hans lærisveinar Jakobus og Jóhannes sáu það, sögðu þeir: Viltu lávarður, þá vilju við segja að eldur komi af himni og fortæri þeim, líka sem að Elías gjörði. En Jesús sneri sér við, hastaði á þá og sagði: Viti þér eigi að hvers anda þér eruð? Því mannsins sonur er eigi kominn til þess að fyrirfara sálum manna, heldur þær að frelsa. Og þeir gengu burt í annað kaupstún.

Það skeði og er þeir voru á veginum að nokkur sagði til hans: Eg vil fylgja þér eftir hvert helst þú fer. Jesús sagði til hans: Refar hafa holur og fuglar himins hreiður, en mannsins son hefir eigi hvar hann megi sínu höfði að halla.

Hann sagði og til eins annars: Fylg þú mér eftir. En sá sagði: Herra, lofa mér fyrst að ganga og grefta föður minn. Jesús sagði þá til hans: Lát þá dauðu grafa sína hinu dauðu, en þú gakk og boða Guðs ríki.

Og annar sagði: Herra, eg vil þér eftir fylgja, en lofa mér þó fyrst að segja þeim mína burtför, sem eru í mínu húsi. Jesús sagði til hans: Enginn sá er þrífur sinni hendi að arðinum og lítur á bak sér aftur, er hæfilegur Guðs ríkis.

Tíundi kapítuli

En eftir það útvaldi Drottinn og aðra (lxxii) og sendi þá út þörum saman fyrir sér í allar þær borgir og álfur er hann vildi koma og sagði til þeirra: Að sönnu er kornskeran mikil en verkmenirnir fáir. Því biðjið herrann kornskerunnar að hann sendi verkmen í sína kornskeru. Fari þér. Sjáið eg sendi yður svo sem lömb á meðal varga. Berið eigi pung né tösku og eigi skó, heilsíð og öngum á stræti. Og í hvert það hús þér inn gangið þá segið fyrst: Friður sé í þessu húsi. Og ef þar er sonur friðarins, þá hvílist yðar friður yfir honum, en ef eigi er, þá snúist hann til yðar aftur. Blífið í því sama húsi, etið og drekkið hvað þar veitist. Því að verður er verkmaðurinn sinna launa.

Eigi skulu þér ráfa hús af húsi. Og í hverja þá borg sem þér gangið inn og þar þeir meðtaka yður eigi, gangið út á hennar stræti og segið: Einninn það duft, sem á loddí á oss úr yðvarri borg, hristu vær af á yður. Þá skulu þér vita að Guðs ríki nálægist yður. Eg segi yður það Sódóma mun bærilagra vera á þeim degi en þeirri borg.

Vei þér Korasin, vei þér Betsaida. Því að ef skeð hefði í Týro og Sídon þau kraftaverk sem hjá yður hafa gjörð verið, hefði þeir forðum setið í sekk og ösku og gjört svo iðran. Þó mun Týro og Sídone bærilegar vera á efsta dómi en yður. Og þú Kaparnaum, sem upphafin ert allt til himinis, munt niður sökkva allt til helvítis. Hver yður heyrir, hann heyrir mér, og hver yður forsmár, hann forsmár mig. En hver mig forsmár, hann forsmár þann er mig sendi.

En þeir tveir og sjötigi komu aftur með fagnaði og sögðu: Lávarður, einninn hafa djöflar oss undirgefnir verið í þínu nafni. Hann sagði til þeirra: Eg sá andskotann svo sem elding hrapa af himni. Sjáið, eg gef yður vald til að stíga yfir höggorma og flugorma og yfir allan kraft óvinarins. Og yður mun ekkert granda mega. En þó skulu þér eigi gleðjast af þessu það andarnir eru yður undirgefnir, heldur fagnið því það yðar nöfn eru skrifuð á himnum.

Og samstundis gladdist Jesús í anda og sagði: Eg þrifa þig faðir, Drottinn himins og jarðar, að þú huldur þetta fyrir spekingum og forvitringum og opinberaðir það smælingjum. Já að sönnu, faðir, því að svo þökknaðist það fyrir þér. Allir hlutir eru mér í hendur fengnir af mínum föður. Enginn veit hver eð sonurinn er nema faðirinn, eða hver eð faðirinn er nema sonurinn og hverjum eð sonurinn vill það opinbera.

Og hann snerist til sinna lærisveina og sagði þeim sérdeilis: Sæl eru þau augu sem sjá hvað þér sjáið. Því að eg segi yður það margir spámenn og konungar vildu séð hafa hvað þér sjáið, og sáu það eigi, og heyra hvað þér heyrið, og heyrðu það eigi.

Og sjá, að nokkur lögvitringur stóð upp, freistaði hans og sagði: Meistari, hvað skal eg gjöra svo að eg eignist eilíft líf? En hann sagði til hans: Hvað er skrifað í lögmálinu? Hverninn les þú? Hann svaraði og sagði: Elska skalt þú Drottin Guð þinn af öllu hjarta þínu og af allri önd þinni og af öllum mætti þínum og af öllu hugskoti þínu og náunga þinn sem sjálfan þig. Hann sagði þá til hans: Rétt svaraðir þú. Gjör það og muntu lifa. En hann vildi réttlæta sjálfan sig og sagði til Jesú: Hver er þá minn náungi?

En Jesús svaraði og sagði: Maður nokkur fór frá Jerúsalem ofan til Jeríkó og hrasaði í bland ræningja, hverjir eð rændu hann klæðum og lemstruðu sárum, gengu burt og létu hann þar eftir hálfdaudan liggja. En svo bar til að kennimaður nokkur fór ofan sama veg, og er hann leit hann, gekk hann fram hjá honum. Líka og levítinn þá hann kom nær þeim stað, og er hann sá hann, gekk hann og fram hjá. En samverskur maður nokkur ferðaðist og kom í nánd honum. Og er hann leit hann, sá hann aumur á honum, gekk að og batt um sár hans, hellandi í þau viðsmjöri og víni og lagði hann á sinn eyk og flutti til herbergis, gaf og gætur að honum. En annars dags ferðaðist hann burt og tók upp tvo peninga og fékk húsbúandanum, sagði: Haf gát á honum og hvað helst þú leggur meira út, þá skal eg borga þér nær eg kem aftur. Hver þeirra þriggja sýnist þér vera þess náungi sem hrasaður var í bland ræningjanna? En hann sagði: Sá er miskunnarverkið gjörði á honum. Þá sagði Jesús til hans: Far þú og gjör slíkt hið sama.*

En það skeði er þeir ferðuðust að hann gekk inn í nokkuð kauptún, og sú kvinna, er Marta hét, meðtók hann í sitt hús. Og hún átti þá systur er María hét, hver eð setti sig fyrir fætur Jesú og heyrði hans orð. En Marta braust nóg fyrir að þjóna honum. Hún gekk að og sagði: Lávarður, hirðir þú ekki um það að systir mín lætur mig eina saman þjóna? Seg henni að hún hjálpi mér. En Jesús svaraði og sagði til hennar: Marta, Marta, þú ert svo syrgjandi og mæðist í mörgu, eitt er þó nauðsynlegt. María hefir kjörð sér gott hlutskipti, hvað er eigi skal frá henni takast.*

Ellifti kapítuli

Það skeði eð hann var í nokkrum stað að biðjast fyrir og er hann gaf upp, þá sagði einn af hans lærisveinum til hans: Lávarður, kenn þú oss að biðja líka sem Jóhannes kenndi sínum lærisveinum. Hann sagði þá til þeirra: Nær þér biðjið, segið svo: Faðir vor, sá þú ert á himnum, helgist nafn þitt, til komi ríki þitt, verði þinn vilji svo á jörðu sem á himinum. Gef oss í dag vort daglegt brauð. Og fyrirgef oss vorar syndir svo sem vær fyrirgefum vorum skuldunautum. Og leið oss eigi í freistni, heldur leys oss frá illu.

Hann sagði til þeirra: Hver yðar sem hér hefir vin og fer til hans um miðnætti og segir honum: Vinur, lána mér þrjú brauð því að vinur minn er kominn af leið til mín, og eg hefi eigi það eg megi fram fyrir hann setja. Og hinn sem fyrir innan er, svarar og segir: Gjör mér eigi ónád því dyr eru luktar og börn mín eru í svefnhúsi hjá mér, og eigi get eg upp staðið að fá þér þau. Eg segi yður: Ef hann stendur eigi upp og fær honum þau fyrir það að hann sé vinur hans, þó mun hann fyrir sakir hans leiðilegrar brekunar upp standa og fá honum svo mikið sem hann þarfnast.

Og eg segi yður: Biðjið, og mun yður gefast, leitið að, og munu þér finna, hnýið á, og mun fyrir yður upp lokið. Því að hver eð biður, hann öðlast, hver eð leitar, hann finnur, og hver eð á hnýr, fyrir honum lykst upp. En hver faðir er sá af yður, ef sonurinn biður um brauð að hann gefi honum stein þar fyrir, eða biðji hann um fisk, gefur hann honum nokkuð höggorm fyrir fisk, eða ef hann biður um egg að hann rétti að honum flugorm þar fyrir? Því ef þér sem vondir eruð, kunnið góð ráð að gefa sonum yðar, miklu meir þá mun faðir yðar af himnum gefa þeim heilagan anda er hann biðja.

Og hann rak út djöful þann er dumbi var. Og það skeði er djöfullinn var út farinn að hinn mállausi talaði, og fólkið undraðist það. En nokkrir af þeim sögðu að fyrir Beelsebúb djöflahöfðingja þá drífur hann djöfla út. Aðrir freistuðu hans og sóktu af honum eftir teikni af himni. En er hann sá þeirra hugrenningar, sagði hann til þeirra: Hvert ríki sem í sjálfu sér er sundurþykkt, það mun eyðast, og hvert hús mun yfir annað hrapa. Og ef andskotinn er í sjálfum sér sundurþykkur, hverninn má hans ríki þá standast fyrst þér segið mig fyrir Beelsebúb reka út djöfla? Nú ef eg á fyrir Beelsebúb djöfla út að reka, fyrir hvern rekast þeir þá út af sonum yðrum? Fyrir því verða þeir og yðrir dómendur. En ef eg rek út djöfla meður Guðs fingri, að sönnu kemur þá Guðs ríki til yðar.

Nær eð sterkur, hertygjaður, varðveitir sitt fordyri, þá er allt með mak hvað hann á, en þá er annar honum yfirsterkari kemur og yfirvinnur hann og sviptir hann öllum herklæðum, á hver hann treysti, og sundur skiptir svo hans herfangi. Hver hann er eigi með mér, sá er í móti mér, og hver hann dregur eigi saman með mér, sá sundur dreifir.

Nær óhreinndi fer af manningum út, ráfar hann um þurra staði, leitar að hvíld og finnur eigi, þá segir hann: Eg vil hverfa aftur í hús mitt, hvaðan eg fór út. Og er hann kemur, finnur hann það af sóplimum hreinsað, þá fer hann, tekur með sér sjö aðra anda honum verri, og er þeir eru þar inn komnir, byggja þeir þar, og verður svo þess manns hið síðara verra hinu fyrra.

En það skeði er hann talaði þetta, hóf nokkur kona upp sína rödd og sagði til hans: Sæll er sá kviður er þig bar og þau brjóst er þú mylktir. En hann sagði: Hvað um það, sælir eru þeir sem heyra Guðs orð og varðveita þau.

En er fólkið flyktist þar að, tók hann að segja: Kynslóð þessi er ein vond kynslóð. Hún gírnist teikn, og henni gefst ekkert teikn nema teikn Jóna spámanns. Því að líka sem Jónas var teikn Niníveborgar, svo mun mannsins son verða kynslóð þessari. Drottning suðurættar mun upp rísa á efsta dómi með mönnum þessarar kynslóðar og fordæma þá því að hún kom af yðstum takmörkum jarðar að heyra speki Salómonis, og sjáið, hér er meir en Salómon. Menn Niníveborgar munu og upp rísa á efsta dómi meður þessari kynslóð og munu hana fordæma því að þeir gjörðu iðran viður predikan Jónas, og sjáið, hér er meir en Jónas. Enginn tendrar ljósið og setji það í leyni eða undir mæliask, heldur á ljósastjakann svo að þeir sem inn ganga, sjái ljósið. Ljós þíns líkama er augað. Því ef þitt auga er einfalt, svo er þinn líkami allur skær, en ef auga þitt er strákur, þá er einninn þinn líkami myrkur. Því sjá svo til að ljós það, sem í þér er, sé eigi myrkur. Nú ef allur líkami þinn er skær, eigi hafandi nokkurn myrkvan part, svo blifur hann allur skær og mun upplýsa þig svo sem leiftran eldingar.

Og er hann var slíkt að mæla, þá bað hann nokkur faríseus að hann æti miðdagsverð hjá sér. Hann gekk inn og setti sig til borðsins. En er farísearinn sá það, undraðist hann, eð hann því sér eigi fyrir máltíðina. En Drottinn sagði til hans: Þér farísei, hreinsið nú hið ytra bikara og matdiska, en yðvart ið innra er fullt með rán og illsku. Þér þussar, er eigi svo að sá er gjörði ið ytra, hann gjörði einninn hið innra? En hvað um það, gefið þó ölmusu af því sem til er og sjáið, að þá er yðarthreint.

Ve yður faríseis sem tíundið myntugras og rútu og allt kálgresi og sneiðið svo hjá dómi Guðs og réttlæti. Því þetta byrjar að gjöra, en hitt eigi eftir að skilja.

Ve sé yður faríseis sem elskið hin fremstu tignarsæti í samkunduhúsum og kveðjur á torgum.

Ve sé yður lögspekingum, faríseis og hræsnum því þér eruð sem hulin leiði framliðinna, yfir hverju eð menn ganga og þekkja þau eigi.

Þá svaraði nokkur lögspekinga og sagði til hans: Segir þú þetta einninn til háðungar við oss? En hann sagði: Og yður lögspekingum sé vei. Því þér hlaðið á menn þeim byrðum er þeir geta eigi borið, og sjálfir þér snertið eigi þær byrðar einum fingri yðar.

Ve yður því að þér uppbyggði spámanna leiðin, en feður yðrir líflétu þá. Að sönnu þá vitni þér það og samsinnið svo verkum yðvarra fedra. Því að þeir aflífuðu þá, en þér uppbyggði leiði þeirra.

Fyrir því segir spekin Guðs: Eg mun senda til þeirra spámenn og postula, og suma af þeim munu þeir deyða, en suma ofsóknum sækja svo að krefjist af þessari kynslóð blóð allra spámanna því úthellt hefir verið frá grundvallan veraldar allt frá blóði Abels og til blóðs Sakaríe, hver eð lést í milli altaris og musterisins. Að vísu segi eg yður að það mun krefjast af þessari kynslóð.

Ve sé yður lögspekingum. Því þér berið lykil viskunnar, en komið þó eigi sjálfir þar inn og hamlið þeim er þar vilja inn ganga.

En þá hann hafði því líkt til þeirra talað, tóku lögspekingar til og farísei þunglega að þrengja að honum og vélsamlega hann að mörgu að spyrja, veitandi honum umsát og leituðu við að jaga það nokkuð af hans munni er þeir mættu hann um kilja.

Tólfti kapítuli

En er mikill og ótölulegur lýður flykktist þar saman svo að nálega trað hver annan undir, hóf hann upp og sagði til sinna lærisveina: Í fyrstu, vaktið yður við súrdeigi faríseorum, hvað er hræsni. Því að ekkert er svo hulið að ei verði augljóst né nokkuð svo leynt að eigi vitist. Fyrir því hvað þér segið í myrkrum, það mun í ljósi heyrast, og hvað þér í svefnhúsum hvíslið í eyra, mun á ræfrum uppi predikað.

En eg segi yður vinum mínum: Hræðist eigi þá sem líkamann aflífa, og eftir það fá þeir eigi meir að gjört. En eg vil sýna yður hvern þér skuluð hræðast. Hræðist þann, sem eftir það er hann hefir líflátið þá, hefir hann makt til að senda í helvíti. Að vísu segi eg yður, þá hræðist hann. Seljast eigi fimm skógarþrestir tveimur peningum? Og einn af þeim er eigi gleymdur fyrir Guð i. Svo eru og öll höfuðhár yðar talin. Fyrir það skulu þér eigi óttast því að þér eruð dýrri en margir skógarþrestir.

En eg segi yður: Hver helst hann viðurkennir mig hér fyrir mönnum, þann mun mannsins son viðurkenna fyrir englum Guðs. En hver hann afneitar mér hér fyrir mönnum, honum mun afneitað verða fyrir Guðs englum. Og hver eð talar orð í gegn Guðs syni, þá mun honum fyrirgefast, en hver hann hæðir að heilögum anda, honum skal eigi fyrirgefast.

En nær þeir draga yður inn í samkunduhús og fyrir sína yfirboðara og valdsmenn, þá verið eigi hugsjúkir um hverninn eða hverju þér skuluð svara eða hvað þér skuluð segja. Því að heilagur andi mun fræða yður á sömu stundu hvað yður byrjar að segja.

En nokkur af fólkinu sagði til hans: Meistari, seg bróður mínum að hann skipti við mig arfleifið minni. En hann sagði honum: Þú maður, hver setti mig fyrir dómara eða arfskiptismann yfir yður. Og hann sagði til þeirra: Sjáið til og varið yður við allri ágirni. Því að enginn lifir þar af það hann hafi mikil auðæfi. Og hann talaði þá eina eftirlíking til þeirra og sagði:

Auðigur maður nokkur var sá, hvers akur eð fært hafði frjóvan ávöxt. Hann hugsaði þá með sér og sagði: Hvað skal eg til gjöra? Eg hefi eigi það hvar eg megi mínum ávexti í safna, og sagði: Það vil eg gjöra. Eg vil mína hlöðu niður rífa og gjöra upp aðra meiri og safna þangað öllu því er mér hefir gróid og svo mínum auðæfum. Og þá mun eg segja til sálu minnar: Sála mín, þú hefir mikinn auð saman sett til margra ára, hvíl þig nú, et og drekk, haf og allsnægtir. En Guð sagði til hans: Þú dári, á þessari nótt munu þeir þína sál af þér krefja, og hvers verður þá það er þú hefir tilreitt? Svo er með þeim er sér draga sjóð saman og er eigi í Guði ríkur.

Þá sagði hann til sinna lærisveina: Fyrir því segi eg yður: Stúrið eigi fyrir lífdögum yðar, hvað þér skuluð eta, og eigi fyrir líkama yðar, hverju hann skuli klæðast. Lífið er meira en fæðan og líkaminn meiri en fötin. Hyggið að hröfnunum. Þeir sá hvorki né uppskera, eigi hafa þeir hlöðu né kjallara, og þó fæðir Guð þá. Miklum mun meiri eru þér þó fuglunum.

En hver yðar fær með sinni hugsýki aukið lengd sína alin einni? Því ef þér orkið eigi hins minnsta hvar fyrir stúri þér þá fyrir hinu öðru? Hugleiðið hverninn liljugrösin vaxa. Þau vinna eigi né spinna. En eg segi yður það Salómon í allri sinni prýði var ei svo skryddur sem eitt af þeim.

Nú fyrst Guð skrýðir svo það gras er í dag stendur á akri og á morgun verður í baksturofn látið, miklu meir mun hann þó klæða yður, ó þér vesaltrúaðir. Þér skuluð og eigi eftir spyrja hvað þér etið eða drekkið og eigi hefja yður hátt. Því að eftir þessu öllu sækir heiðin þjóð veraldar, en faðir yðar veit vel að þér þurfið þessa við. Því leitið fyrst að Guðs ríki og hans réttlæti, og mun yður þá allt til falla.

Hræðst eigi þú, vesul hjörð, því að það þóknaðist föður yðar að gefa yður ríkið. Seljið hvað þér hafið og gefið ölmusu, gjörið yður og þá sekki er eigi eldast og þann sjóð er eigi minnkar á himnum, að hverjum þjófar fá eigi komist né melur skorið. Því hvar yðar sjóður er, þar er og yðart hjarta.

Yðrar lendar sé um gyrtar og logandi ljós í höndum yðrum, verið og líkir þeim mönnum er bíða eftir sínum lánardrottni hvenær hann muni aftur koma af brullaupum svo að þá hann kemur og ber, sé strax fyrir honum upp lokið. Sælir eru þeir þjónar, hverja eð (þá er herrann kemur) finnur hann vakandi. Sannlega segi eg yður það hann mun uppstyttu sig, lætur og þá til borðs sitja, gengur fyrir þeim og þjónar.

Og þó ef hann komi á annarri vöku eða á hinni þriðju og finni það líka svo, sælir eru þeir þjónar. En það skulu þér vita að ef húsbóndinn vissi á hverri stundu eð þjófurinn kæmi, þá veki hann og léti eigi grafa sitt hús. Fyrir því verið og reiðubúnir því að mannsins sonur mun á þeirri stundu koma er þér ætlið eigi.

Þá sagði Pétur til hans: Herra, segir þú þessa eftirlíking til vor eða til allra? En Drottinn sagði: Hve mikils er vert um trúan og forsjálan fyrirsjónarmann, hvern er Drottinn setur yfir sitt heimkynni, að hann gefi þeim í tíma sinn mæltan verð. Sæll er sá þjón sem hans herra finnur svo gjörandi þá eð hann kemur. Sannlega segi eg yður það hann mun setja hann yfir allt hvað hann eignast.* En ef sá sami þjón segir í hjarta sínu: Herra minn gjörir dvöl á að koma og tekur að berja vinnumenn og ambáttir og að eta og drekka og sig drukkinn að gjöra, og þá kemur herrann þess þjóns á þeim degi er hann vonar eigi og á þeirri stundu er hann veit eigi og skiptir honum sundur og leggur honum sín laun meður ótrúuðum.

En hver sá þjón, er veit síns herrans vilja og bjó sig eigi til, gjörði og eigi eftir hans vilja, hann mun mikla refsing fá. En sá hann veit eigi og gjörir það hegningar er vert, hann mun minni hirting fá. Því að þeim sem mikið er veitt, af honum æskist mikið, og hverjum mikið verður í hendur selt, af honum heimtist mikið. Eg kom að snæra upp eld á jörðu hvað eg gjarna vilda að hann brynni nú þegar. En eg hlýt áður með skírn að skírast. Og hversu eg þrengjunst þangað til hún fullkonnast. Meini þér að eg kæmi að senda frið á jörðu? Eg segi yður: Nei, heldur sundurþykkju. Því að héðan frá munu fimm verða í einu húsi sundurþykkir, þrír í móti tveimur og tveir í móti þremur, faðirinn mun verða í móti syninum og sonurinn í móti föðurnum, móðirin í móti dótturinni og dóttirin í móti móðurinni, og móðir konu manns í móti sonarkonunni og sonarkonan í móti móðurkonu mannsins.

En hann sagði til fólksins: Hver nær þér sjáid ský upp ganga í vestri, þá segi þér jafnskjótt að regn komi. Og það sker. Og nær þér sjáid sunnanvind blása, þá segi þér hita verða. Það sker. Og þér hræsnaðar, ásýnd himins og jarðar þá kunni þér að prófa, en hví prófi þér eigi þennan tíma sem nú er? Eða fyrir því dæmi þér eigi af sjálfum yður hvað réttvíster?

En nær þú gengur meður þínum sökudólg fyrir valdsmanninn, þá kosta kapps á veginum að þú losir þig frá honum, að eigi dragi hann þig nokkuð sinn fyrir dómarrann, og dómarrinn selji þig refsaranum, og refsarrinn kasti þér svo í dýplissu. Eg segi það eigi fer þú út þaðan þar til þú borgar einninn hinn síðasta skarf.

Þrettándi kapítuli

En í þann sama tíma voru þar nokkrir við er kunngjörðu honum frá þeim í Galílea, hverra blóði Pílatas hafði blandað við þeirra förnir. Jesús svaraði og sagði til þeirra: Meini þér að þessir Galílei væri fyrir öllum Galíleis syndugir þótt þeir þyldu þetta? Eg segi yður: Nei. Heldur ef þér gjörði eigi iðran, þá fyrirfarist þér líka allir. Eða meini þér að þeir átján, á hverja turninn í Síló á hrapaði og drap, hafi sakaðir verið framar öllum mönnum er byggja til Jerúsalem? Eg segi yður: Nei. Heldur ef þér gjörði eigi iðran, munu þér einninn allir fyrirfarast. En hann sagði þeim þessa eftirlíking: Nokkur maður var sá er fíkjutré hafði plantað í sínum vingarði. Hann kom og leitaði ávaxtar á því og fann eigi. Þá sagði hann til vingarðsfágarans: Sjá, nú í þrjú ár hefi eg árlega komið og leitað ávaxtar af þessu fíkjutré og fundið eigi. Högg það því af. Hvar til hindrar það garðlendið? En hann svaraði og sagði til hans: Herra, lofa því að standa þetta árið þar til eg gref um það og læt að myki ef það vildi svo ávöxt færa. En ef eigi, þá högg það eftir á af.

Og hann kenndi í samkunduhúsi þeirra á þvottdegi. Og sjáid, að þar var sú kona er haft hafði krankleiksanda í átján ár. Og hún var bjúg og með öngu móti þá gat hún upp litið. En er Jesús leit hana, kallaði hann hana til sín og sagði til hennar: Þú kona, vert laus af krankdæmi þínu, og lagði hendur yfir hana og jafnskjótt rétti hún sig upp og dýrkaði Guð. Þá svaraði yfirmaður samkunduhússins og þykktist við það Jesús læknaði á þvottdögum og sagði til lýðsins: (vi) dagar eru þeir, á hverjum eð hæfir að vinna, því komi þér eigi á þeim að láta lækna yður? en eigi á þvottdegi.

Drottinn svaraði honum og sagði: Þú hræsvari, leysir eigi hver yðar einn á þvottdegi naut sitt og asna frá bási og leiðir til vats? En skyldi þessi eigi leysast á þvottdegi, sem þó er Abrahams dóttir, af því bandi er andskotinn hafði hana fjatrad, sjá, í átján ár? Og er hann sagði þetta, skömmuðust sín allir hans mótmælendur, og allt fólkið gladdist yfir þeim öllum dýrðarverkum er af honum gjörðust.

Hann sagði þá: Hverjum er Guðs ríki líkt og hverju skal eg því samjafna? Líkt er það mustarðskorni því mað ur tók og varpaði í grasgarð sinn. Það spratt upp og varð mikið tré, og fuglar himins hreiðruðu sig undir þess kvistum.

Og enn sagði hann: Hverju skal eg samlíkja Guðs ríki? Líkt er það súrdeigi því er kona tók og mengaði við þrjá mæla mjöls þar til að það sýrðist allt. Og hann gekk í gegnum borgir og kaupún og kenndi og gjörði sína reisu til Jerúsalem. En þar sagði nokkur til hans: Herra, meinast þú eigi að þeir sé fáir eð hjálpast? En hann sagði til þeirra: Keppið eftir inn að ganga um hið þröngva hliðið því að margir (það segi eg yður) sækja til þar inn að ganga og fá eigi getað. Og í frá því eð húsbóndinn er inn genginn og hefir dyrnar aftur luktar, þá taki þér til þar fyrir utan að standa og á dyrnar að hnýja svo segjandi: Herra, herra, luktu upp fyrir oss. Hann mun svara og segja til yðar: Eigi þekki eg yður eða hvaðan þér eruð.

Þá munu þér hefja upp að segja: Vær höfum etið hjá þér og drukkið, og á strætum vorum kenndir þú. En hann mun þá segja: Eg segi yður það eigi kenni eg yður hvaðan þér eruð, farið frá mér allir þér illgjörðamenn. Þar mun vera óp og tanna gnístran nær þér sjáid Abraham og Ísak og Jakob og alla spámenn í Guðs ríki, en yður út rekna. Og þeir úr austri og vestri, norðri og suðri munu koma og til borðs sitja í Guðs ríki. Og sjáid, að þeir sem voru síðastir verða fyrstir, og þeir eð voru fyrstir, verða síðastir.

Á þeim sama degi gengu nokkrir af faríseis til og sögðu honum: Haf þig burt, og gakk héðan því að Heródes vill aflífa þig. Hann sagði til þeirra: Fari þér og segið þeim ref: Sjáid, að eg rek út djöfla og fullgjörri lækningar í dag og á morgun, en á þriðja degi lið eg undir lok. Hvað fyrir það, þó byrjar mér í dag og á morgun og næsta dag þar eftir að ganga því að það fær eigi skeð að nokkur spámaður farist utan í Jerúsalem.

Jerúsalem, Jerúsalem, þú sem aflífar spámennina og grýtir þá steinum er til þín verða sendir. Hversu oft hefi eg viljað saman safna sonum þínum líka sem hæna sínu hreiðri undir vængi sér, og þér hafði eigi viljað. Sjáid, yðvart hús skal yður því eyði látið verða. En eg segi það eigi munu þér mig sjá þar til það kemur er þér munuð segja: Blessaður sé sá er kemur í nafni Drottins.

Fjórtándi kapítuli

Og það skeði að Jesús gekk á þvottdegi inn í hús nokkurs þess sem var yfirboðari faríseorum brauðs að neyta, þeir höfðu og vörð á honum. Og sjá, að maður nokkur, sá vatssótt hafði, var þar frammi fyrir honum. Jesús ansaði og sagði til lögspekinga og faríseis svo segjandi: Leyfist nokkuð að lækna á þvottdögum? En þeir þögðu við. Hann tók þá á honum og læknaði hann og lét burt fara, svaraði og sagði til þeirra: Hvers yðar asni eða naut sem fellur í pytt, er það eigi jafnsnart út dregið á þvottdegi? Og þeir gátu honum öngu þar til svarað.

En þessa eftirlíking sagði hann til boðsmannanna þá hann merkti hverninn þeir mátust eftir inum fremstu sætum og sagði til þeirra: Nær þú verður boðinn af nokkrum til brúðlaups, þá set þig eigi í hin æðstu sæti. Kann ske að annar eigi ærlegri en þú sé boðinn af honum og komi sá sem þér bauð og honum, segi til þín: Gef þessum rúm, -og hljótir þá með kinnroða að halda hinn yðsta sess. Heldur nær að þú verður boðinn, þá far og set þig í hið yðsta sæti svo að nær sá kemur, er þér bauð, og segi til þín: Vinur þoka þér upp betur, og mun þér þá virðing veitt fyrir þínum sessunautum. Því að hver sig sjálfur upphefur, hann skal niðurlægjast, og hver sig sjálfur lækkar, hann skal upp hefjast.*

Hann sagði þá til hans er honum hafði boðið: Nær þú heldur miðdagsverð eður kveldmáltíð, þá skalt þú eigi bjóða vinum þínum né bræðrum, eigi frændum þínum né nágrönnum þeim sem ríkir eru að eigi bjóði þeir þér heim til sín aftur og sé þér þá endurgoldið. Heldur nær þú gjörir heimboð, þá bjóð fátækum, vönuðum, höltum og blindum, og muntu sæll verða því að þeir hafa eigi til þér aftur að lúka, en það mun þér endurgoldið verða í upprisu réttlátra.

En er þetta heyrði nokkur af þeim er til borðsins sat, sagði hann til hans: Sæll er sá maður sem að etur brauð í Guðs ríki. En hann sagði til hans: Nokkurs konar maður var sá er gjörði mikla kveldmáltíð og bauð mörgum til hennar og sendi út sinn þjón um kveldmálmstímann að hann segði svo boðsmönnunum: Komið, því að allt er nú reiðubúið. En þeir tóku þá allir til hver eftir annan að afsaka sig. Hinn fyrsti sagði til hans: Búgarð keypta eg, og hefi eg því þörf að fara út og sjá hann. Eg bið þig afsaka mig. Og annar sagði: Fimm akneyti keypta eg, og fer eg nú út að reyna þau. Eg bið þig afsaka mig. Hinn þriðji sagði: Konu hefi eg festa, fyrir því má eg eigi koma. Og þjónustumaðurinn kom aftur og undirvísaði þetta sínum herra.

Þá varð húsbóndinn reiður og sagði til síns þjóns: Far snarlega út á stræti og götur borgarinnar og leið volaða, vanaða, blinda og halta hingað inn. Og þjóninn sagði: Herra, það er gjört hvað þú skipaðir, og þó er enn meira rúm. Og herrann sagði til þjónsins: Far þú út á þjóðbrautir og um túngarða og nauðga þeim hér inn að koma svo mitt hús verði fullt. En eg segi yður það að enginn þeirra manna, sem boðnir voru, munu smakka mína kveldmáltíð.*

En margt fólk gekk með honum. Og hann sneri sér við og sagði til þeirra: Ef nokkur kemur til mín og hafnar eigi föður sínum og móður, konu og börnum, bræðrum og systur og þar til sínu eigin lífi, hann fær eigi minn lærisveinn verið. Og hver hann dregur eigi sinn kross og fylgir mér eftir, sá getur eigi minn lærisveinn verið.

Því hver yðar sem turn vill upp byggja, situr hann eigi áður og saman reiknar kostnaðinn hvað þarflegt er og hvort hann hefir til nægta? Svo að eigi eftir á, er hann hefir grundvöllinn lagt, geti hann eigi fullgjört hann, og allir þeir það sjá, taka að dára hann og segja: Þessi maður tók að byggja og gat eigi við lokið. Eða hver konungur gengur út að halda orrustu gegn öðrum konungi, situr hann eigi áður og hugsar um með sér hvort hann getur með (tíu) þúsundir runnið í móti honum er með (xx) þúsundir kemur til hans? En ef eigi, þá sendir hann boðskap út, þá þegar hinn er þó fjarlægur, og biður hann þess sem friðsamlegt er. Svo og líka sérhver yðar, sem eigi afsegir öllu því hann eignast, fær eigi minn lærisveinn verið.

Saltið er gott, en ef saltið dofna, hverju kryddi þér þá? Því að það er þá hvorki á túnjörð né í taðhauga þarflegt, heldur verður því út varpað. Hver eyru hefir að heyra, hann heyrir.

Fimmtándi kapítuli

En allir tollheimtumenn og bersyndugir nálægðust hann að heyra honum, og farísei og skriflærðir mögluðu og sögðu: Þessi meðtekur synduga menn og etur meður þeim. En hann sagði þessa eftirlíking til þeirra og sagði: Hver er sá í bland yður sem hefir hundrað sauða og ef hann týnir einum af þeim, forlætur hann eigi þá níu og níutigi í eyðimörku og fer eftir þeim er týndist þangað til hann finnur hann? Og nær hann hefir hann fundið, leggur hann hann upp með fagnaði sér á herðar, kemur heim og saman kallar vini og nágranna og segir til þeirra: Samgleðjist með mér því að eg hefi minn sauð aftur fundið sem tapaður var. Eg segi yður að líka svo mun fögnuður vera á himnum yfir einum syndugum, þeim er iðran gjörir, meir en yfir þeim níu og níutigi réttlátum er eigi þurfa yfirbótar við. Eða hver sú kona eð hefir tíu peninga og ef hún týnir einum, kveikir hún eigi ljós og sópar húsið og leitar vandlega þar til hún finnur hann? Og nær hún hefir fundið hann, saman kallar hún vinkonur sínar og grannkonur, segir: Samgleðjist mér því að eg hefi minn pening aftur fundið, hverjum eg hafða týnt. Líka svo segi eg yður að fögnuður mun vera fyrir englum Guðs yfir einum syndugum, þeim yfirbót gjörir.*

Enn sagði hann: Nokkur maður var sá er hafði tvo syni. Og hinn yngri af þeim sagði til föður síns: Faðir, gef mér þá deild af gössinu sem mér ber. Og hann skipti meður þeim gössinu. Og innan fárra daga þá dró hinn yngri sonurinn allt til saman og reisti síðan langt burt í fjarlægt ríki og fortærði þar sínu gössi í eyðslulegum lifnaði. Og eftir á, er hann hafði öllu sóað, gjörðist megent hungur í því sama ríki svo hann tók vesöld að þola. Hann fór og hélt til hjá einum burgeis þess ríkis. Og sá sendi hann út á sinn bústað að hann gætti þar svína. Hann fýsti og að seðja sinn maga af drafi því er svinin átu, og enginn gaf honum. En hann komst þá við og sagði: Hve margir leigumenn þá eru í míns föðurs húsi, þeir eð hafa nægð af brauðum, en eg ferst í hungri þessu. Því skal eg upp standa og fara til föður míns og segja til hans: Faðir, eg syndgaði í himininn og fyrir þér. Því er eg eigi verður að kallast þinn sonur. Gjör mig því sem einn af þínum leiguliðum. Hann reis þá upp og kom til föður síns. Og er hann var enn langt í burt þaðan, leit hann faðir hans og sá aumur á honum, hljóp að og féll um háls honum og kyssti hann. En sonurinn sagði til hans: Faðir, eg syndgaði í himininn og fyrir þér. Af því em eg nú eigi verðugur að kallast sonur þinn. En faðirinn sagði til þjóna sinna: Berið strax hingað hið æðsta klæði og færið hann í og gefið honum hring á sína hönd og skó á hans fætur. Sækið alinkálf og slátrið, og neytum svo og verum kátir. Því að þessi minn sonur var dauður og endurlifnaði. Hann týndist og er nú fundinn. Og þeir tóku að gleðjast.

En hans hinn eldri sonur var á akri. Og er hann kom og nálgaðist húsið, heyrði hann kveðskap og danslæti og kallaði einn af þjónustumönnum til sín og spurði hvað þetta væri. Sá sagði honum: Bróðir þinn er kominn, og slátraði faðir þinn öldum kálfi það hann fékk hann heilan aftur. En hann þykktist við og vildi eigi inn ganga. Þá gekk faðir hans út og bauð honum. En hann svaraði og sagði til föður síns: Sjá, í svo mörg ár þjóna eg þér og aldri enn yfirtroðið þín boðorð, og þú gaft mér enn aldri kið svo eg mætti meður mínum vinum glaður vera. En nú eð þessi þinn sonur kom, hver út hafði svælt sínu góssi meður portkonum, þá slátraðir þú honum alinkálf. En hann sagði honum: Þú ert jafnan hjá mér, og allt hvað mitt er, þá er þitt. Því ættir þú nú að vera kátur og góðsinnður því þessi þinn bróðir var dauður og endurlífnaði, hann týndist og er aftur fundinn.*

Sextándi kapítuli

En hann sagði til sinna lærisveina: Auðigur maður nokkur var sá sem sér hafði ráðsmann, og sá var rægður við hann sem hefði hann fargað hans góssi, og kallaði hann til sín og sagði til hans: Hverninn heyri eg þetta af þér? Gjör reikning þinnar ráðsmennsku því að þú mátt eigi héðan af ráðsmennsku hafa. En ráðsmaðurinn sagði með sjálfum sér: Hvað skal eg til gjöra þá minn herra sviptir mig ráðsmennskunni? Eigi dugi eg að grafa, en eg skömmunast að biðja. Eg veit hvað eg skal gjöra, því nær eð eg verð af settur ráðsmennskunni, það þeir meðtaki mig í sín hús.

Hann saman kallaði og líka alla skuldamenn síns herra og sagði til hins fyrsta: Hversu mikið ertu skyldugur mínum herra? Hann sagði: Hundrað tunnur viðsmjör. Hann sagði þá til hans: Tak þitt bréf, set þig og skrifa strax fimmtigi. Eftir það sagði hann til annars: En ertu mikið skyldugur? Sá sagði: Hundrað trog hveitis. Þá sagði hann til hans: Tak þitt bréf og skrifa fimmtigi. Og herrann lofaði þann rangláta ráðsmann það hann hafði svo forsjálega gjört. Því að synir þessarar veraldar eru kænari sonum ljóssins í sinni kynslóð. Og eg segi yður: Gjörið yðar vini af hinum rangferðuga Mammon svo nær eð yður þrotar að þeir meðtaki yður í eilífar tjaldbúðir.*

Hver trúr er í minnstu, sá er og trúr í miklu, og hver rangsnúinn er í litlu, hann er og rangferðugur í miklu. Því ef þér eruð eigi trúir í inum rangferðuga Mammon, hver trúir yður þá til þess sem sannlegt er? Og ef þér voruð eigi trúir í annarlegu, hver mun gefa yður þá hvað yðart er? Enginn þjón getur tveimur herrum senn þjónað. Því annað hvort hafnar hann þeim eina og elskar hinn annan eða þýðist þann og forsmár hinn annan. Þér getið eigi Guði þjónað og svo þeim Mammon.

En þeir farisei heyrðu allt þetta, sem ágjarnir voru, og dárðu hann. Þá sagði hann til þeirra: Þér eruð þeir, hverjir sjálfa sig réttlæta fyrir mönnum, en Guð þekkir hjörtu yðar. Því að hvað hátt er hjá mönnum, það er svívirðulegt fyrir Guði.

Lögmálið og profetarnir spáðu allt til Jóhannem. En upp frá því boðast Guðs ríki, og sumir hverjir menn gjöra því ofurefli. Því léttfelldara er að himinn og jörð forgangi en einn titill af lögunum falli. Hver sína eiginkonu forlætur og giftist annarri, sá drýgir hór, og hver eð giftist þeirri sem frá manni er skilin, hann drýgir hór.

Nokkur mann ríkur var þar sá er klæddist með pell og purpura og át daglega skínandi krásir. Og þar var þurfamaður sá sem Lasarus var að nafni, hver eð úti lá fyrir hans dyrum fullur kauna. Og hann fýstist að seðja sig af þeim molum sem féllu af borði hins ríka, og enginn gaf honum nokkuð, heldur komu hundar og sleiktu hans kýli. En svo varð að hinn volaði dó og var borinn af englum í faðm Abrahams. Hinn ríki andaðist líka og var jarðaður.

Og sem hann var í helvíti og kvölunum, þá hóf hann upp sín augu og leit Abraham langt burt og Lasarus í hans faðmi. Þá hrópaði hann og sagði: Abraham faðir, miskunna mér og send Lasarus að hann drepi hinu fremsta síns fingurs í vatn og kæli tungu mína því að eg kvelst í þessum loga. Og Abraham sagði til hans: Huggleittu sonur að þú meðtókst þinn góða í lífi þínu, Lasarus þar í mót sitt hið vonda. Því hlýtur hann nú að huggast, en þú að kveljast. Og fram yfir allt þetta er í milli vor og yðar mikið hvelfi staðfest svo að þeir sem vilja héðan fara til yðar, geta það eigi og þeir eigi þaðan frá yður upp til vor farið.

Þá sagði hann: Þá bið eg þig faðir að þú send hann í míns föðurs hús því að eg hefi fimm bræður að hann gefi þeim vitneskju af svo að eigi komi þeir í þennan kvalastað. Abraham sagði til hans: Þeir hafa Moysen og spámennina, heyri þeir þeim. En hann sagði: Nei, Abraham faðir, heldur ef nokkur framliðinna færi til þeirra, þá mundi þeir iðran gjöra. En hann sagði honum: Ef þeir heyra eigi Moyses og spámönnum, þá munu þeir og eigi heldur trúa þótt nokkur framliðinna rísi upp.*

Seytjándi kapítuli

En hann sagði til sinna lærisveina: Ómögulegt er að þar skyldi eigi koma hneykslanir, en ve þeim, fyrir hvern þær koma. Þarfara væri honum það kvarnarsteinn hengdist við háls honum og væri í sjókastað en það að hann hneykti einum af þessum vesalingum. Vaktið yður. Ef bróðir þinn brýtur við þig, þá átel hann, og ef hann iðrast, þá fyrirgef honum það. Og þó hann brjóti (vii) sinnum á degi við þig og snúist (vii) sinnum aftur á degi til þín og segi: Það iðrar mig, þá fyrirgef honum það.

Og postularnir sögðu til Drottins: Auk þú oss trú. En Drottinn sagði: Ef þér hefðuð trú sem annað mustarðskorn og segðuð þessu aldirtré: Uppræt þig og rótset þig um í sjónum aftur, og mundi það yður hlýða.

En hver yðar sem hefir þann þjón er plægir og fénað hirðir, nær eð hann kemur heim af akri, að hann segi honum þá: Far strax og set þig til borðs, er það eigi svo að hann segi til hans: Bú til það eg haldi kveldverð og stytt þig upp og þjóna mér þar til að eg hefi etið og drukkið, og eftir á þá skaltu eta og drekka. Þakkar hann nokkuð þeim þjón þó hann gjörði hvað honum var boðið? Eg meina: Nei. Svo og þér líka nær þér hafið allt það gjört hvað yður var boðið, þá segið: Ónýtir þjónar eru vér, hvað vær áttum með skyldu að gjöra, það gjörðu vér.

Það skeði og þá hann fór til Jerúsalem að hann dró mitt í gegnum Samariám og Galíleam. Og er hann gekk inn í nokkurt kaupún, mættu honum tíu líkþráir menn, hverjir eð stóðu langt frá, hófu upp sína raust og sögðu: Jesú, góði meistari, miskunna oss. Og er hann sá þá, sagði hann til þeirra: Fari þér og sýnið yður prestunum. Og það skeði er þeir gengu þaðan að þeir urðu hreinir. En einn af þeim, nær hann sá það hann var hreinn vorðinn, sneri hann aftur og lofaði Guð með hárra raust og féll fram á sína ásjónu fyrir fætur honum og þakkaði honum. Og þessi var samverskur. En Jesús svaraði og sagði: Voru eigi tíu hreinsaðir? En hvar eru hinir (ix)? Fundust öngvir aðrir þeir aftur sneru og gæfi Guði dýrð nema þessi útlendingur? Og hann sagði til hans: Statt upp og far héðan. Þín trúa gjörði þig hólpinn.*

En er hann varð að spurður af faríseis hvenær eð Guðs ríki kæmi, svaraði hann og sagði: Guðs ríki kemur eigi með varðveitingu. Þar mun og eigi segjast: Sé, hér eða sé, þar er það, því sjáið, að Guðs ríki er innan í yður.

Og enn sagði hann til sinna lærisveina: Þær stundir koma það þér munuð girnast að sjá einn dag mannsins sonar og munuð hann eigi sjá. Og þeir munu segja til yðar: Sjá hér, sjá þar. Þá gangið eigi þangað og eigi heldur eftir fylgið. Því að svo sem elding af himni leiftrar og lýsir yfir allt hvað undir himninum er, líka svo mun mannsins sonur vera á sínum degi. En honum byrjar fyrst margt að þola og hraktur vera af þessari kynslóð.

Og svo sem það skeði á dögum Nóa, líka svo mun það ske á dögum mannsins sonar. Þeir átu og drukku, þeir kvæntust og létu sig kvæna allt til þess dags er Nói gekk í örkina og flóðið kom og tortýndi þeim öllum. Líka einninn skeði á dögum Lots: Þeir átu og drukku, þeir keyptu og seldu, þeir plöntuðu og uppbyggðu. En þann dag er Lot fór út af Sódóma rigndi ofan eldi og brennisteini af himni og fyrirfór þeim öllum. Eftir slíkum hætti mun sá dagur ske er mannsins sonur mun opinberast.

Hver hann verður í þann sama tíma í ræfri staddur og sé hans búgagn í húsinu, þá stígi hann ei ofan það burt að hafa. Svo og einninn sá hann er á akri, þá snúi hann eigi aftur eftir því sem á baki honum er. Minnst þér á konu Lots. Hver helst sem eftir sækir sína önd að forvara, sá fyrirfer henni, og hver helst hann týnir henni, sá býr hana til lífs.

Eg segi yður að á þeirri nótt munu tveir verða á einni sæng, mun einn meðtekinn og annar forlátinn. Og tvær munu mala tilsaman, mun ein meðtekin og önnur forlátin. Þeir svöruðu og sögðu til hans: Hvar þá, herra? En hann sagði til þeirra: Hvar helst eð hræið er, þangað safnast og ernirnir.

Átjándi kapítuli

En hann sagði eftirlíking til þeirra, hverninn vér skyldum jafnan biðja og eigi þreytast, og sagði: Sá dómari var í nokkri borg sem eigi óttaðist Guð og eigi skeytti um neinn. En ekkja nokkur var þar í sömu borg, og hún kom til hans og sagði: Leys mig af mínum mótstöðumanni. Og um langan tíma vildi hann eigi. En eftir á sagði hann með sjálfum sér: Þó eg óttust eigi Guð né skeyti um öngvan, þó fyrir það að þessi ekkja gjörir mér ónáð mikla, þá vil eg leysa hana svo að hún komi eigi að síðustu og ofþreyti mig.

Þá sagði Drottinn: Heyri þér hvað sá hinn rangláti dómari segir? Skyldi Guð nú eigi gjöra frelsan sinna útvaldra, þeirra sem nótt og dag til hans kalla, og þolinmæði yfir þeim hafa? En eg segi yður það hann mun bráðlega gjöra þeirra frelsan. En þá nær mannsins son kemur (meinar þú) að hann muni trú finna á jörðu?

En hann sagði til nokkurra þeirra sem trúðu sig sjálfa réttláta vera og forsmáðu aðra þessa eftirlíking: Tveir menn þá gengu upp í musterið að biðjast fyrir. Einn var faríseus, en annar tollheimtumaður. Farísearinn stóð og baðst þannig fyrir með sjálfum sér: Guð, eg þakka þér að eg em eigi svo sem aðrir menn, ræningjar, óréttferðugir, hórdómsmenn eða svo sem þessi tollheimtumaður. Eg fasta tvisvar í viku og gef tíundir af öllu því eg á. Og tollheimtumaðurinn stóð langt í frá og vildi eigi upp hefja sín augu til himins, heldur barði hann á sitt brjóst og sagði: Guð, vertu mér syndugum líknsamur. Eg segi yður fyrir sann að þessi fór meir réttlættur í sitt hús en hinn því hver sig sjálfur upphefur, hann mun niðurlægjast, og hver sjálfan sig niðurlægir, hann mun upphafinn verða.*

Þeir færðu þá til hans ungbörn að hann tæki á þeim. En er það sáu hans lærisveinar, ávítuðu þeir þá. En Jesús kallaði þau til sín og sagði: Leyfið börnunum til mín að koma og bannið þeim eigi því að þvilíkra er Guðs ríki. Sannlega segi eg yður: Hver hann meðtekur eigi Guðs ríki sem ungbarn, hann mun eigi inn ganga í það.

Og höfðingi nokkur spurði hann að og sagði: Góði meistari, hvað skal eg gjöra svo að eg eignist eilíft líf? En Jesús sagði til hans: Hvað kallar þú mig góðan? Enginn er góður nema Guð einn. Boðorðin veist þú, að eigi skulir þú mann vega, eigi hórdóm drygja, eigi þjófnað fremja, ekkert ljúgvitni bera, heiðra skalt þú föður þinn og móður. En hann sagði: Allt hvaða hefi eg haldið frá barnæsku minni. Þá Jesús heyrði það, sagði hann til hans: Eitt brestur þig enn: Sel allt hvað þú hefir og gef það fátækum, og munt þú þá hafa sjóð á himni. Og kom og fylg mér eftir. Þá hann heyrði það, varð hann hryggur af því hann var mjög auðigur.

En er Jesús sá hann hryggvan orðinn, sagði hann: Hversu torvelt er þeim inn að ganga í Guðs ríki sem peninga hafa. Því að hægra er úlfaldanum að ganga í gegnum nálarauga en ríkið manni inn að ganga í Guðs ríki. Þá sögðu þeir sem til heyrðu: Hver fær þá hjálpast? En hann sagði: Hvað ómáttugt er fyrir mönnum, það er mögulegt fyrir Guði.

Þá sagði Pétur: Sjáðu, vær forlétum allt og fylgjum þér eftir. En hann sagði til þeirra: Sannlega segi eg yður: Enginn er sá, hver sitt heimili eður foreldra eða bræður, konu eður börn forlætur vegna Guðs ríkis, að hann meðtaki eigi miklu fleira aftur á þessum tíma og í öðrum heimi eilíft líf.

En Jesús tók þá tólf til sín og sagði til þeirra: Sjáið, að vér förum nú upp til Jerúsalem, og það mun allt fullkomnað verða, hvað skrifað er fyrir spámennina af mannsins syni. Því að hann mun framseldur verða heiðingjum og hann mun hleginn, spýttur og spéaður verða. Og þeir munu hann húðfletta og lífláta, og eftir það á hinum þriðja degi mun hann upp aftur rísa. Og þeir forstöðu ekkert af þessum orðum því að þau voru hulin fyrir þeim, og eigi vissu þeir hvað þau höfðu að segja.

En það skeði þá hann tók að nálgast Jeríkó að nokkur mann blindur sat við veginn og bað ölmusu. Og er hann heyrði að fólkið gekk þar fram hjá, spurði hann að hvað það væri. Þeir sögðu honum þá að Jesús af Nasaret gengi þar hjá. Þá kallaði hann og sagði: Jesús, sonur Davíðs, miskunna þú mér. En þeir sem undan gengu, höstuðu á hann að hann þegði. Hann kallaði því meir og sagði: Sonur Davíðs, miskunna þú mér. En Jesús stóð kyrr og bauð þeim að leiða hann til sín. Og er hann var kominn hart nær honum, tók hann að spyrja hann að: Hvað viltu eg gjöra þér? Hann sagði: Herra, það eg mætti sjá. Jesús sagði til hans: Vert skyggn. Þín trúa gjörði þig hólpinn. Og jafnsnart fékk hann sýnina, fylgdi honum og eftir, vegsamandi Guð. Og allt það fólk er þetta sá, gaf Guði lof.*

Nítjándi kapítuli

Hann gekk og inn og reisti í gegnum Jeríkó. Og sjáið, að maður sá er Sakkeus var að nafni, hver eð var foringi tollheimtumanna og sjálfur hann auðigur, og hann girtist að sjá Jesúm hver hann væri og gat eigi fyrir fólkinu því að hann var lítill vexti. Hann hljóp þá fram undan og klifraði upp í nokkurt aldintré svo að hann sæi hann því þar átti hann fram um að fara. Og sem Jesús kom að þeim sama stað, leit hann upp og sá hann og sagði til hans: Sakkee, stíg þú með skyndingi ofan því að í dag byrjar mér að blífa í þínu húsi. Og hann sté skyndilega ofan og tók við honum fagnandi. Og er þeir sáu það, mögluðu þeir allir það hann skyldi herbergja sig hjá bersyndugum manni. En Sakkeus stóð og sagði til Jesú: Sjáðu, herra, helftina minna eigna gef eg fátækum og ef eg hefi nokkurn tælt, þá gef eg ferfalt aftur. Jesús sagði til hans: Í dag þá veittist þessu húsi heilsa með því þó að hann er Abrahams sonur. Því að mannsins sonur er kominn eftir að leita og að frelsa hvað fortapað er.*

Að þeim enn áheyröndum jók hann við og sagði þessa eftirlíking af því að hann var hart nærri Jerúsalem og það þeir ætluðu að Guðs ríki mundi þá strax opinbert verða og sagði: Nokkur eðluborinn mann ferðaðist í fjarlægt land að hann aflaði sér ríkis og kæmi svo aftur. En þessi kallaði á (tíu) sína þjóna og fékk þeim (x) pund og sagði til þeirra: Sýslið þar til að eg kem aftur. En hans borgarmenn hötuðu hann og sendu honum boð og létu svo segja: Vær viljum eigi þennan ríkja láta yfir oss.

Það skeði og þá hann kom aftur sem hann hafði ríkið undir sig tekið, skipaði hann að kalla á þá sömu þjóna, hverjum hann hafði féið fengið svo að hann vissi hvað mikið hver hefði sýslað. Hinn fyrsti kom og sagði: Herra, þitt pund hefir afrekað tíu pund. Hann sagði þá til hans: Æ hei, þú hinn góði þjón, af því þú vart trúr í litlu, skalt þú vald hafa yfir tíu borgum. Hinn annar kom og sagði: Herra, þitt pund hefir saman dregið fimm pund. Til hans sagði hann: Og þú skalt vera yfir fimm borgum.

Og hinn þriðji kom og sagði: Herra, sjá, þar er þitt pund, hvert að eg hefi í sveitadúki fólgið. Eg hræddunst þig því að þú ert maður ógurlegur, tekur það upp, hvað þú hefir eigi niður lagt, og uppsker það, hvað þú sáðir eigi. Hann sagði þá til hans: Af þínum munni dæmi eg þig, hinn vonði þjón. Vissir þú það að eg er maður ógurlegur, takandi það, hvað eg lagði eigi niður, uppskerandi það, hvað eg sáði eigi. Hvar fyrir gaft þú eigi minn pening í mangarans borð að nær eg kæmi, hefði eg það með okri krafði?

Og hann sagði til þeirra sem hjá stóðu: Takið það pund frá honum og fáið það þeim sem tíu pund hefir. Þeir sögðu honum: Herra, tíu pund hefir hann. En eg segi yður það að hver eð hefur, honum mun gefið verða, en frá þeim sem ekkert hefur, mun og það burt numið verða, hvað hann hefur.*

Þó þá mína óvini sem eigi vildu mig ríkja láta yfir sér, leiðið hingað og deydíð hér frammi fyrir mér. Og sem hann sagði nú þetta, fór hann ið beinasta og gekk upp til Jerúsalem.

Og það skeði þá hann tók að nálgast Betfage og Betaníam við fjallið Oliveti að hann sendi út tvo af sínum lærisveinum og sagði: Fari þér í það kaupún, hvert gegnt yður er. Og þá þér komið þar inn, munu þér finna ösnufoia bundinn, á hverjum aldri hefir enn nokkur manna setið. Leysið hann og leiðið hingað. Og ef nokkur spyr yður að því þér leysið hann, þá segið honum svo það herrann þurfi hans við.

En þeir fóru burt sem sendir voru og fundu sem hann hafði sagt þeim. Og er þeir leystu folann, sögðu hans drottinnar: Fyrir hvað leysi þér folann? Þeir sögðu: Því herrann þarf hans við. Og þeir höfðu hann til Jesú og köstuðu sínum klæðum á folann og settu Jesúm þar upp á. En er hann fór af stað, breiddu þeir undir sín klæði á veginn.

Og þá hann tók að nálgast og fór ofan af fjallinu Oliveti, hóf upp allur múgur hans lærisveina af fagnaði Guð að lofa meður hárrí röddu yfir öllum þeim kraftaverkum sem þeir höfðu séð og sögðu: Blessaður sé sá konungur er kemur í nafni Drottins. Friður sé á himni og dýrd á upphæðum. Og nokkrir af fariseis, þeir eð voru með fólkinu, sögðu til hans: Meistari, straffa þína lærisveina. Til hverra hann sagði: Eg segi yður það ef þessir þegðu, mundu steinarnir hljóða.

Og sem hann tók meir að nálgast, sá hann á borgina og grét yfir henni og sagði: Því ef þú vissir það (mundir þú á þessum degi hugleiða að) hvað til þíns friðar heyrði. En nú er það dulíð fyrir yðrum augum. Því að þeir dagar munu yfir þig koma það þínir óvinir munu um þig og þín börn með þér skjaldborg setja og þér umsát veita og á alla vegu að þér þrengja og þig niður að velli brjóta, og eigi munu þeir í þér láta stein yfir steini vera af því það þú þekktir eigi þinn vitjanartíma.

Og hann gekk inn í musteríð og tók út að reka þá sem seldu og keyptu þar inni og sagði til þeirra: Skrifað er að mitt hús sé bæna hús, en þér gjörðuð það að spillvirkja inni. Og hversdaglega kenndi hann í musterinu.* En kennimannahöfðingjar og skriflærðir og vildarmenn lýðsins sóktu eftir að fyrirkoma honum og gátu eigi fundið hvað þeir skyldu honum gjöra því að allt fólkið var honum áhangandi.

xx. kapítuli

Og það skeði á einum þessara daga, þá hann var að kenna fólkinu í musterinu og að predika guðsspjöll, að þá komu til hans prestahöfðingjar og skriflærðir með öldungunum, töluðu til hans og sögðu: Seg oss, af hverri makt er þú gjörir þetta. Eða hver er sá sem þér gaf þessa makt? Jesús svaraði og sagði til þeirra: Eg vil spyrja yður og að einu orði. Svarið mér: Skirn Jóhannis, var hún af himni eður af mönnum? En þeir hugsuðu með sjálfum sér og sögðu: Því ef vér segjum: Af himni, svo segir hann: Fyrir hví trúðu þér henni eigi? Ef vér segjum af mönnum, þá mun allur lýður lemja oss grjóti því að þeir eru öruggir í því það Jóhannes væri spámaður og svöruðu að þeir vissu eigi hvaðan hún væri. Og Jesús sagði til þeirra: Þá segi eg yður eigi heldur af hverri makt eg gjöri þetta.

En hann tók þá að segja til fólksins þessa eftirlíking: Nokkur mann plantaði víngarð og byggði hann víngarðsmönnum, fór síðan og var í burt um langa tíma. Og er tími var til, sendi hann út þjón til víngarðsmannanna að þeir gæfi honum af ávexti víngarðsins, hvern víngarðsmennirnir húðflettu og létu tómun höndum frá sér fara. Og um það fram sendi hann út enn annan þjón. En þeir strýktu þann og dárðu og létu eyrindislausan í burt fara. Og enn yfir það fram sendi hann út hinn þriðja, hvern þeir lemstruðu sárum og ráku burt síðan. En þá sagði herrann víngarðsins: Hvað skal eg til gjöra? Eg mun senda son minn elskulegan. Má vera að nær þeir sjá hann, þá feili þeir sér.

En þá víngarðsmennirnir sáu soninn, þenktu þeir með sjálfum sér og sögðu: Þessi er erfinginn. Komið, aflífum hann svo að vor verði arfleifðin. Og þeir hnepptu hann út af víngarðinum og líflétu hann. Hvað mun nú herrann víngarðsins gjöra til við þá? Hann mun koma og tortýna þessum víngarðsmönnum og byggja sinn víngarð öðrum. Þá þeir heyrðu það, sögðu þeir: Burt það. En hann horfði á þá og sagði: Hvað er nú það, hvað þar skrifað er: Þann stein, hvern uppbyggjendur forlögðu, sá er vorðinn að höfði hyrningar. Hver hann fellur á þennan stein, sá mun sundur merjast, en á hvern hann fellur, þann mun hann kremja. Og kennimannahöfðingjar og skriftlærðir leituðu eftir hverninn þeir fengi hendur á hann lagt í það sinn og óttuðust fólkið að því að þeir formerktu að hann hafði sagt til þeirra þessa eftirlíking.

Þeir höfðu og varðhöld á honum og sendu út tálsmenn, hverjir sér áttu að breyta sem væri þeir aldyggvir svo að þeir gætu veitt hann í orðum og afent hann herradæminu og yfirvaldinu landstjórnarans. Og þeir spurðu hann að og sögðu: Meistari, vær vitum að þú segir rétt og kennir og á lítur eigi nokkurs manns yfirlit, heldur kennir þú Guðs götu með sannleika. Hvort hæfir oss að gefa keisarannum skatt eða eigi? En hann merkti þeirra fláttskap og sagði til þeirra: Hvað freisti þér mín? Sýnið mér peninginn. Hvers mynt og innskrift hefur hann? Þeir svöruðu og sögðu: Keisarans. Hann sagði þá til þeirra: Því gefið keisarannum, hvað keisarans er og Guði, hvað Guðs er. Og þeir gátu eigi straffað hans orð fyrir fólkinu, undrandi hans andsvör og þögnuðu.

En nokkrir af saddúkeis gengu til hans, hverjir neittu upprisuna vera, spurðu hann að og sögðu: Moyses skrifaði oss: Ef að einshvers bróðir andaðist, sá er eiginkonu ætti, og væri hann barnlaus dáinn, þá skal hans bróðir taka þá konu og upp vekja svo sínum bróður sæði. Nú voru þar (vii) bræður og hinn elsti fékk sér eiginnar konu og andaðist erfingjalaus. Og sá annar tók þá konu og andaðist líka erfingjalaus. Og hinn þriðji átti hana, líka og einninn allir þeir (vii) létu ekki barn eftir og önduðust. En seinast allra þeirra andaðist og konan. Hvers þeirra eiginkona verður hún nú í upprisunni? Því að allir (vii) hafa þeir haft hana til eignarkonu.

Og Jesús svaraði og sagði til þeirra: Synir þessarar veraldar giftast og láta gifta sig, en þeir sem verðugir verða að öðlast hinn annan heim og upprisuna af dauðanum, þeir munu hvorki giftast né sig gifta láta því að þeir geta eigi oftár dáíð því þeir eru englum líkir og Guðs börn á meðan þeir eru upprisunnar börn. En það að hinir framliðnu munu upp rísa, hefir Moyses auðsýnt við skógarrunninn sem þá hann kallaði Drottinn Guð Abrahams, Guð Ísaks, Guð Jakobs. En Guð hann er eigi dauðra, heldur lifandra manna Guð því að þeir lifa honum allir. Þá svöruðu nokkrir af hinum skriftlærðu og sögðu: Meistari, þú hefir vel sagt. Og þeir dirfðust eigi frammar að spyrja hann nokkurs.

En hann sagði til þeirra: Hverninn segja þeir Krist vera Davíðs son? Og sjálfur Davíð segir í Sálmabókinni: Drottinn sagði til míns drottins: Sit þú til minnar hægri handar þar til eg legg þína óvini til skarar þinna fóta. Fyrst Davíð kallar hann herra, hverninn er hann þá hans sonur?

En öllu fólkinu áheyranda þá sagði hann til sinna lærisveina: Vaktið yður fyrir hinum skriftlærðum, hverjir eð ganga vilja í síðum klæðum og kærar hafa kveðjur á torgum og hin fremstu tignarsæti í samkunduhúsum og æðstan sess í samdrykkjum, hverjir upp svelgja ekknanna hús, forlíkjandi langt bænahald svo þeir öðlist þess þyngri fyrirdæming.

xxi. kapítuli

En hann leit upp og sá þá hina ríku, hverjir eð létu sitt offur í ölmusustokkinn. Þá sá hann og nokkra ekkju fátæka sem lét þar inn tvo hálfpeninga. Og hann sagði: Sannlega segi eg yður það þessi fátæka hefir meira lagt þar inn en hinir allir því að þeir hafa allir af sinni yfirverandi eign inn lagt til Guðs offurs, en þessi hefir af sinni fátækt alla sína næring þar inn lagt.

Og er nokkrir gátu af musterinu að það væri fagað með góða steina og háfur, sagði hann: Sá tími mun koma, á hverjum að allt þetta, hvað þér sjáið, mun enginn steinn yfir öðrum látinn að eigi sé niður brotinn. En þeir spurðu hann að og sögðu: Meistari, nær skal þetta verða? Og hvað merki er til þá þetta mun til taka að ske?

En hann sagði: Sjáið til að þér verðið eigi villtir. Því að margir munu koma í mínu nafni og segja að eg sé það, og sá tími tekur að nálgast. Fylgið þeim eigi eftir. En nær þér heyrið af bardögum og missáttum, þá hryggvist eigi því að þessu byrjar áður að ske, en endirinn er þó eigi þá strax. Þá sagði hann til þeirra: Ein þjóð mun hefjast upp í mót annarri og eitt ríki í gegn öðru, og miklir jarðskjálftar munu þar verða í ýmsum stöðum, hungur og drepsóttir og ógnanir, og stórar undranir munu þar ske af himni.

En fyrir allt þetta munu þeir hendur á yður leggja og ofsókn veita og yður framselja í sín þinghús og myrkvastofur, dragandi yður fyrir konunga og landshöfðingja fyrir míns nafns sakir. En þetta hendir yður til vitnisburðar. Því setjið yður í hjörtu það þér hugsíð eigi fyrir hverninn þér skuluð forsvara yður

Því að eg mun gefa yður munn og visku, hverjum að eigi skulu geta í gegn staðið né móti mælt allir yðrir mótstöðumenn. En þér munuð og framseldir verða af foreldrum og bræðrum, frændum og vinum, og nokkra af yður munu þeir lífi svipta. Og þér verðið hvers manns hatur fyrir míns nafns sakir, og ekkert hár af yðru höfði skal þó farast. Eignist svo með yðvarri þolinmæði sálir yðrar.

En nær þér sjáið Jerúsalem umkringda af herflokkum, þá skulu þér vita að nálgast tekur hennaraleyðing. Svo að hverjir þá eru í Júdealandi flýi þeir til fjalla, og þeir þar eru þá mitt inni fari út þaðan, og hverjir á landsbyggðum eru, þeir komi eigi þar inn. Því að það eru hefndardagar svo að uppfyllt verði allt hvað skrifað er. En ve óléttum og brjóstmylkingum á þeim dögum því að mikil harmkvæli munu verða á jörðu og reiði yfir þetta fólk. Og fyrir sverðseggjum munu þeir falla og herleiddir verða bland allar þjóðir, og Jerúsalem mun undir troðast af heiðingjum þar til að uppfyllast tímar heiðinna þjóða.

Og þar munu ske teikn á sólu og tungli og stjörnum og á jörðu kvalning þjóða og örvilnan, sjár og bylgjur munu hljóða og menn munu fyrir hræðslu upp þorna og af eftirbíðingu þeirra hluta, hver eð koma skulu yfir allan heiminn því að kraftar himins munu hrærast. Og þá munu þeir sjá mannsins son komanda í skýinu meður tign og miklu valdi. En nær þetta tekur að ske, þá lítið upp og upphefjið yðar höfuð af því að yðar endurlausn tekur að nálgast.

Og hann sagði þeim þessa eftirlíking: Skoðið fikjutréið og öll tré. Nær þeirra aldin tekur út að springa, þá merki þér á þeim það sumarið er í nánd. Svo og líka nær þér sjáið þetta ske, þá vitið það að Guðs ríki er nálægt. Sannlega segi eg yður það þessi kynslóð mun eigi fyrirfarast þar til að allt þetta sker. Himinn og jörð forganga, en mín orð forganga eigi.* En varið yður að yðar hjörtu þungist eigi af ofáti og ofdrykkju og með sorgum þessarar næringar, að eigi komi þessi dagur hastarlega yfir yður því að líka sem tálsnara mun hann koma yfir alla þá sem á jörðu byggja. Kostíð því vakrir að vera alla tíma og biðjið svo að þér mættuð verðugir vera að umflý allt þetta hvað eftirkomandi er og að standa svo frammi fyrir mannsins syni.

Og um daga kenndi hann í mustérinu, en um nætur gekk hann út og dvaldist í fjallinu Oliveti. Og allt fólk tók sig snemma upp til hans í mustérið honum að heyra.

xxii. kapítuli

En þá tók að nálgast hátíðardagur ins sæta brauðs, hver eð kallaðist páskar. Og kennimannahöfðingjar og skriflærðir eftirleituðu hverninn þeir gæti Jesúm líflátið því að þeir óttuðust lýðinn. En andskotinn var hlaupinn í Júdas, þann kallaður var Skariot, hver eð var einn af tólf. Og hann fór burt, talaði við kennimannahöfðingjana og höfuðsmennina hverninn hann vildi selja þeim hann. Þeir glöddust við og hétu að gefa honum peninga til. Og hann lofaði þeim því og leitaði lags að hann fengi selt þeim hann án upphlaups.

En er kom dagur ins sæta brauðs, á hverjum sæfast skyldi páskalambið, og hann sendi út Petrum og Jóhannem og sagði: Fari þér, búið til páskalambið svo að vérneytum. En þeir sögðu til hans: Hvar viltu að við reiðum það til? Hann sagði til þeirra: Sjáið, nær þér gangið inn í borgina, mun maður mæta yður berandi vatsskjólu. Fylgið honum eftir í það hús, hvert hann gengur inn og segið húsbóndanum: Meistarinn lét segja þér: Hvar er það herbergi, þar eg megi páskalambið í eta meður mínum lærisveinum? Og hann mun vísa yður stóran sal fagaðan. Búið það þar til. Þeir gengu burt og fundu svo sem hann hafði sagt þeim og reiddu til páskalambið.

Og þá er sú stund kom, setti hann sig niður og þeir tólf postular með honum. Og hann sagði til þeirra: Mig hefir af hjarta næsta eftir langað að eta þetta páskalamb með yður áður en eg líð. Því að eg segi yður að hér eftir mun eg eigi oftar af því neyta þar til að það fullkomnast í Guðs ríki. Hann tók og kalekinn, gjörði þakkir og sagði: Meðtakið hann og skiptið honum á milli yðar. Því að eg segi yður það eg mun eigi drekka af vínviðarávexti þar til að Guðs ríki kemur. Og hann tók brauðið, gjörði þakkir, braut það, gaf þeim og sagði: Þetta er mitt hold, það fyrir yður gefið verður. Gjörði þetta í mína minning. Líka einninn og kaleikinn eftir kveldmáltíðina og sagði: Þessi er kaleikur nýs testamens í mínu blóði, hvert fyrir yður út hellist.

En þó sjáið, að hönd þess mig svíkur, er meður mér á borði. Og að sönnu fer mannsins son eftir því sem ályktað er, þó ve þeim manni, fyrir hvern hann verður svíkin. Og þeir tóku að spyrja sjálfir sín á milli hver af þeim væri, sá er þetta mundi gjöra.

En þar hófst upp þræta þeirra á milli hver þeirra mundi sýnast mestur vera. En hann sagði til þeirra: Þeir sem þjóðkonungar eru, þeir drottnast af þeim, og hverjir yfirmaktina hafa, þá kallast náðugir herrar. En þér skuluð eigi svo, heldur sá sem mestur er yðar á milli, veri hann svo sem inn minnsti og hinn æðsti sem annar þenari. Því hvor er meiri sá er til borðsins situr eður sá hann þjónar? Er eigi svo að hann sem við borðið situr? En eg em á millum yðar sem sá er þjónar. En þér eruð þeir, hverjir hjá mér voru í mínum freistingum. Og eg vil tileinka yður ríki svo sem minn faðir hefir mér það tileinkað svo að þér skulu eta og drekka yfir mitt borð í mínu ríki og sitja á stólum dæmandi tólf kynkvisti Íraels.*

En Drottinn sagði: Símon, Símon, sjáðu að andskotinn hefir beiðst yðar að hann mætti sælda yður sem hveiti. En eg bað fyrir þér að þín trúa þrotnaði eigi. Og hvenar þú snýst um aftur, þá styrk þú bræður þína. En hann sagði til hans: Herra, reiðubúinn em eg með þér í fjötur og dauða að ganga. En hann sagði: Petri, eg segi þér að í dag gelur haninn eigi áður þú hefir þrysvar afneitað því að þú þekkir mig.

Og hann sagði til þeirra: Þá eg senda yður út án pungs eður tösku eða skófata, hvort brast yður þá nokkuð? En þeir sögðu: Alls ekkert. Þá sagði hann til þeirra: En nú hver eð pung hefir, sá taki hann líka og einninn töskuna. Og sá er eigi hefir, selji hann kyrtill sinn og kaupi sverð. Því að eg segi yður að það hlýtur á mér að fullkomnast hvað skrifað er, það hann er meður illvirkjum reiknaður. Því hvað af mér skrifað er, hefir nú enda. En þeir sögðu: Herra, sjá, tvö sverð eru hér. Hann sagði þá til þeirra: Það er nóg.

Og hann gekk eftir vana í fjallið Oliveti, og hans lærisveinar fylgdu honum eftir. Og þá hann kom til þess staðar, sagði hann til þeirra: Biðjið að eigi falli þér í freistanir. Og hann veik sér frá þeim mestu steinsnars, féll á kné og tók að biðja og sagði: Faðir, ef þú vilt, þá tak þennan kalek af mér. En þó eigi minn, heldur verði þinn vilji. En honum birtist engill af himni styrkjandi hann. Og þar kom að hann þrýtti við dauðann og tók ákafar að biðja, en hans sveiti varð svo sem blóðsdropar þeir eð féllu á jörðina. Og hann stóð upp af bæninni og kom til sinna lærisveina og fann þá sofandi af hryggð og sagði til þeirra: Hvað sofi þér? Standið upp, biðjið að þér fallið eigi í freistni.

Þá hann var þetta að segja, sjá, það flokkurinn og einn af tólf, sá Júdas hét, gekk fyrir þeim og vildi nálgast Jesúm að hann kyssti hann. En Jesús sagði til hans: Júdas, svíkur þú mannsins son með kossi? En er þeir sem hjá honum voru, sáu hvað verða vildi, sögðu þeir til hans: Herra, skulu vær eigi slá þá með sverði? En einn af þeim sló þjón prestahöfðingjans og hjó af hans hið hæggra eyra. Jesús svaraði og sagði: Leyfið þeim að gjöra allt hið frekasta. Og hann snart hans eyra og læknaði hann.

En Jesús sagði til þeirra prestahöfðingja og höfuðsmanna musterisins og öldunganna hverjir eftir honum voru komnir: Svo sem til annars illvirkja gengu þér út með sverðum og stöngum. Þá eg var daglega í musterinu hjá yður, lögðu þér eigi hendur á mig, heldur er þetta nú yðar tími og makt myrkranna. En þeir gripu hann og leiddu inn í prestahöfðingjans hús. En Pétur fylgdi honum eftir á lengdar.

Þeir kveiktu þá upp eld í miðjum forsalnum og settu sig í kringum hann, og Pétur var þar á milli þeirra. Þá sá hann ambátt nokkur sitja við logann, horfði á hann og sagði: Þessi var og með honum. En hann afneitaði honum og sagði: Kona, eigi þekki eg hann. Og litlu einu þar eftir sá hann önnur og sagði: Þú ert og af þeim. En Pétur sagði: Þú maður, eigi em eg. Og er bil var á orðið sem eins tíma, tilstyrkti nokkur annar og sagði: Að sönnu var og þessi með honum því að hann er Galíleari. En Pétur sagði: Maður, eigi veit eg hvað þú segir. Og jafnsnart að honum nú þetta enn talandi, gól haninn og Drottinn snerist við og leit til Péturs. Og Pétur minntist þá orða Drottins hverninn hann hafði sagt: Fyrir en haninn gelur, muntu afneita mig þrisvar. Og Pétur gekk út og grét beisklega.

En þeir menn, sem héldu Jesú, dárúðu hann og dustuðu, byrgðu hann og slógu í hans andlit, spurðu hann að og sögðu: Spáðu hver sá er sem þig sló. Og margt annað háðulegt sögðu þeir við hann.

Og er dagur var, komu saman öldungar lýðsins og prestahöfðingjar og hinir skriflærðu og leiddu hann upp fyrir sitt ráð og sögðu: Ef þú ert Kristur, seg oss það. Og hann sagði til þeirra: Ef eg segi yður, þá trúið þér mér eigi, en ef eg spyr yður, svarið þér mér eigi og látið mig eigi lausan. Og héðan í frá mun mannsins son sitja til hægri handar Guðs kraftar. En þeir sögðu allir: Ertu þá Guðs sonur? Hann sagði til þeirra: Þér segið það því að eg em hann. En þeir sögðu: Hvað þurfu vér vitnisburðinn lengur? Því að vér sjálfir heyrðum af hans munni.

xxiii. kapítuli

Og allur þeirra söfnuður stóð upp og leiddu hann fyrir Pílatus, tóku að áklaga hann og sögðu: Þennan finnu vér umturna fólk vort og fyrirbjóðandi skatt að gefa keisaranum og segir sig vera konunginn Gyðinga? Hann svaraði og sagði: Þú segir það. Pílatus sagði þá til prestahöfðingjanna og til lýðsins: Öngva sök finn eg með þessum manni. En þeir voru þess áfjáðari og sögðu: Hann hefir uppæst fólkið meður því hann hefir kennt hér og hvar á öllu Gyðingalandi, til tekinn í Galílea og allt í þennan stað.

En er Pílatus heyrði Galíleam nefnt, spurði hann að hvort hann væri galeiskur maður. Og er hann fornam að hann var undir Heródes veldi, sendi hann hann þá burt til Heródem, hver eð sjálfur var á þeim dögum til Jerúsalem. En er Heródes sá Jesúm, varð hann næsta glaður því að hann hafði fýst um langa tíma að sjá hann af því að hann hafði og heyrð margt af honum og vænti að hann mundi sjá nokkurt teikn af honum gjörast og að spurði hann á marga vegu, og hann svaraði honum öngu. En kennimannahöfðingjar og skriflærðir ásökuðu hann harðlega, og Heródes með sínu hirðfólki forsmáði hann og spéaði, færði hann í hvítt fat, sendi aftur til Pílató. Og á þeim degi urðu þeir Pílatus og Heródes vinir aftur því að áður voru þeir óvinir sín á milli.

En Pílatus saman kallaði prestahöfðingja, höfuðsmenn og lýðinn og sagði til þeirra: Þér hafið þennan mann til mín haft svo sem þann er umturnar lýðinn. Og sjáið, eg hefi spurt hann hér fyrir yður, og á þessum manni finn eg öngva sök í því þér áklagið hann. Og ekki heldur Heródes því að eg sendi yður sjálfa til hans. Og sjáið, að ekkert hefir upp á hann borist það dauða sé verðugt. Fyrir því vil eg gefa honum ráðning og láta síðan lausan því að hann hlaut þeim einn eftir venju hátíðardagsins lausan að gefa.

En allur söfnuðurinn kallaði upp til líka og sagði: Tak burt þennan og gef oss lausan Barrabam, hver eð var fyrir nokkurt sundurþykki og mannslag er skeð var í borginni, inn settur í myrkvastofu. Pílatus talaði þá enn aftur til þeirra og vildi Jesúm lausan láta. En þeir kölluðu upp og sögðu: Krossfestu, krossfestu hann. Hann sagði enn í þriðja sinn til þeirra: Hvað illt hefir þessi gjört? Öngva dauðasök finn eg með honum. Fyrir því vil eg hegna honum og láta síðan lausan. En þeir stóðu því þéttara með miklum hljóðum, æskjandi það hann yrði krossfestur. Og þeirra hljóð og höfuðprestanna tók yfir. Og Pílatus dæmdi að ske skyldi þeirra beiðni, en gaf þeim lausan þann er inn var settur fyrir sundurþykkis og mannslags sakir í myrkvastofu, um hvern þeir báðu. En hann framseldi Jesúm í þeirra vild, og þá er þeir leiddu hann út, höndluðu þeir nokkurn Símon af Sýria, hver eð kominn var af byggðinni, og lögðu krossinn upp á hann að hann bæri hanneftir Jesú.

En honum fylgdi eftir mikill fjöldi fólks og kvenna, hverjar grétu hann og aumkuðu. En Jesús snerist til þeirra og sagði: Þér dætur af Jerúsalem, grátið eigi yfir mér, heldur grátið yfir yður sjálfum og yfir sonum yðar. Því sjáið, að þeir dagar munu koma, á hverjum segjast mun: Sælar eru þær óbyrja og þeir kviðir er eigi hafa fætt og þau brjóst hver eigi voru mylkt. Þá munu þær taka að segja fjöllunum: Hrynjið yfir oss, og hálsunum: Hyljið oss. Því ef þeir gjöra þetta við hið blómgaða tréið, hvað mun þá ske við hið þurra?

En tveir spillvirkjar aðrir leiddust og út, að þeir væri afteknir með honum. Og sem þeir komu í þann stað, hver eð kallaðist Höfuðskeljarstaður, þá krossfestu þeir hann þar og spillvirkjana með honum, einn til hægri handar og annan til vinstri. En Jesús sagði: Faðir, fyrirgef þeim það því að þeir vita eigi hvað þeir gjöra. Og þeir skiptu hans klæðum og vörpuðu þar um hlutkesti, og fólkið stóð og sá til.

Og höfðingjarnir dárðu hann með þeim og sögðu: Aðra hefir hann frelsað, frelsi hann nú sjálfan sig ef hann er Kristur hinn útvaldi Guðs. Að honum hæddu og stríðsmennirnir, gengu til hans og báru honum edik og sögðu: Ef þú ert konungur Gyðinga, þá frelsa sjálfan þig. En yfirskriftin var rituð yfir honum með girskum, ebreskum og latínu bókstöfum: Þessi er konungur Gyðinga.

En einn af þeim spillvirkjum, sem hengdir voru, lastaði hann og sagði: Ef þú ert Kristur, frelsa sjálfan þig og oss. Þá svaraði hinn annar, straffaði hann og sagði: Og þú hræðist eigi heldur Guð sem ert þó í samri fordæming. Og að sönnu sker okkur þetta réttlega því að við meðtókum hvað okkrar gjörðir eru verðar, en þessi hefir ekkert vondslegt gjört. Og hann sagði til Jesú: Drottinn, minnstu mín þá þú kemur í ríki þitt. Og Jesús sagði til hans: Sannlega segi eg þér: Í dag skalt þú vera með mér í Paradís.

Og það var nær um hina séttu stund, og myrkrin gjörðust yfir allt landið til níundu stundar, og sólín sortnaði, og tjaldið musterisins rifnaði í miðju sundur. Og Jesús kallaði hárra röddu og sagði: Faðir, í þínar hendur feleg minn anda. Og er hann hafði þetta sagt, lést hann. En er hundraðshöfðinginn sá hvað þar skeði, dýrkaði hann Guð og sagði: Að vísu hefir þessi réttlátur maður verið. Og allt fólk er þar var saman komið að horfa á þetta og sem það sá hvað þar skeði, barði það sér á brjóst og sneri í burt aftur. En allir hans kunningjar stóðu langt frá og þær konur sem honum höfðu eftir fylgt úr Galílea og horfðu á þetta.

Og sjá, maður, Jósef að nafni, sá er var einn ráðherra, góður mann og réttvís, eigi samþykkti hann þeirra ráði og gjörningum. Og hann var af borginni Armatía úr Júdea, hver eð og stundaði eftir Guðs ríki. Þessi gekk til Pílató og bað um líkama Jesú og tók hann ofan og sveipaði hann í lérefni og lagði hann í úthöggna gröf, í hverja ekki hafði enn nokkur lagður verið. Og það var aðfangadagur og þvottdagurinn tók að hefjast. En þær konur, sem komnar voru af Galílea, fylgdu eftir og skoðuðu gröfina og hverninn hans líkami var lagður og sneru aftur, reiðandi til sín smyrsl og dýrlegt salvi. Og um þvottdaginn voru þær kyrrar eftir lögmálsins boðan.

xxiv. kapituli

En einn þær höfðu tilbúið og enn nokkrar aðrar með þeim. Þær fundu að steininum hafði velt verið af gröfnni og stigu þar inn og fundu ekki líkamann herrans Jesú. Og sem þær voru hugsjúkar um þetta, sjá, þá stóðu tveir menn hjá þeim í leifrandi klæðum. En þær urðu þá hræddar og féllu á sína ásjánu til jarðar, og þeir sögðu til þeirra: Hvað leiti þér hins lifanda hjá dauðum? Hann er eigi hér, heldur er hann upprisinn. Hugleiðið að því hvað hann talaði fyrir yður þá hann var nú enn í Galílea er hann sagði, það mannsins syni byrjaði að seljast í syndugra hendur og krossfestur verða og á þriðja degi upp að rísa. Og þær minntust á hans orð.

Og þær gengu burt frá gröfnni aftur og kunngjörðu allt þetta þeim ellifu og svo öllum hinum öðrum. En þetta var María Magdalena og Jóhanna og María Jakobi og þær aðrar er með þeim voru sem þetta sögðu postulunum. Og þeirra orð virtist þeim sem væri það sjónhverfingar og trúðu eigi. En Pétur stóð upp og hljóp til grafarinnar og laut þar inn og sá línlökin einsöm liggja, gekk burt og undraði með sjálfum sér hverninn það væri skeð.

Og sjá, að tveir af þeim gengu á þann sama dag til nokkurs kauptúns það er var frá Jerúsalem rúms sextigi skeiða, hvert eð Emmahus var að nafni. Og þeir voru að tala um alla þá hluti sem við höfðu borið. Og það skeði þá þeir ræddust við og spurðust á sín í millum að sjálfur Jesús nálægist þá og gekk jafnframt þeim. En þeirra augu voru svo haldin að þeir þekktu hann eigi og sagði til þeirra: Hvað er það fyrir ræðu sem þið handlið reikandi ykkar á milli og eruð hryggvir út af? Þá svaraði einn er Kleófas var að nafni og sagði til hans: Ertu alleina svo ókenndur til Jerúsalem að þú veist eigi hvað á þessum dögum þar inni gjörst hefir? Til herra hann sagði: Hvað þá? En þeir sögðu til hans það af Jesú hinum naðverska, hver eð var spádómsmaður máttugur í verkum og orðum fyrir Guði og öllu fólki, hversu að vorir höfuðprestar og höfðingjar felldu hann í fordæming dauðans og krossfestu hann. En vér vonuðum að hann mundi endurleysa Írael. Og yfir allt þetta er nú hinn þriðji dagur í dag er þetta skeði. Svo hafa og skelft oss nokkrar konur af oss til, þær eð fyrir lýsingina höfðu hjá gröfnni verið og ekki fundið hans líkama, komu og sögðu sig einninn séð hafa engla sjónir, þeir eð sögðu hann lifa. Og nokkrir út af oss gengu til grafarinnar og fundu einslíka sem konurnar höfðu sagt, en hann fundu þeir ekki.

Og hann sagði til þeirra: Ó, þér heimskir og tregir í hjarta að trúa því öllu hvað spámennirnir hafa talað. Hlaut Kristur eigi þetta að líða og inn ganga svo í sína dýrd? og tók til frá Moysse og öllum spámönnum og lagði út fyrir þeim allar ritningar þær af honum voru. Og þeir tóku að nálgast kauptúnið það þeir gengu til, og hann lét þá sem vildi hann lengra ganga. Og þeir neyddu hann og sögðu: Ver hjá oss, herra, því að kvelda tekur og á daginn líður. Hann gekk inn og var hjá þeim.

Það skeði og þá hann sat með þeim til borðs að hann tók brauðið, blessaði það og braut og rétti að þeim. Þá opnuðust þeirra augu svo þeir þekktu hann, og hann hvarf úr þeirra augsýn. Og þeir sögðu sín á milli: Brann ekki vort hjarta í okkur þá hann talaði við okkur á veginum og opnaði fyrir okkur ritningarnar? Og þeir stóðu upp á sömu stundu og sneru aftur til Jerúsalem og fundu þá ellifu saman safnaða og þá sem með þeim voru, hverjir eð sögðu að Drottinn væri sannarlega upprisinn og birst Símoni. Og þeir tjáðu honum hvað gjörst hafði á veginum og hverninn þeir höfðu þekkt hann í því hann braut brauðið.*

Þá þeir voru nú enn að tala um þetta, sté Jesús mitt í milli þeirra og sagði til þeirra: Friður sé yður. En þeir fældust og urðu hræddir og meinuðu að þeir sæi anda nokkurn. Og hann sagði til þeirra: Hvað fælist þér og því koma slíkir þankar í yðar hjörtu? Sjáið mínar hendur og mína fætur að eg em hann sjálfur. Þreif þér og skoðið því að andi hefir eigi hold og bein svo sem þér sjáið mig hafa. Og þá hann sagði það, sýndi hann þeim hendur og fætur. Og er þeir trúðu enn eigi fyrir fagnaðar sakir og undrandi það, sagði hann til þeirra: Hafi þér nokkuð matlegt? Og þeir lögðu fyrir hann stykki af steiktum fiski og hunangsseim, og hann tók það og át fyrir þeirra augum.

Og hann sagði til þeirra: Þetta eru þau orð, hver eg talaði til yðar þá eg var hjá yður því að það hlaut allt að fullkonnast, hvað af mér er skrifað í Moyses lögmáli og í spámanna bókum og sálum. Þá opnaði hann þeirra hugskot svo að þeir forstöðu ritningarnar og sagði til þeirra: Svo er það skrifað og svo byrjaði Kristi að líða og upp að rísa á þriðja degi af dauða og predikast láta í sínu nafni iðran og fyrirgefning synda á meðal allra þjóða upphefjandi til Jerúsalem.* En þér eruð vottar þessara hluta. Og sjáið, að eg mun senda yfir yður fyrirheit míns föðurs, en þér skuluð sitja í borginni Jerúsalem þangað til að þér klæðist með krafti af hæðum.

En hann hafði þá út allt til Betaníam og hóf upp sínar hendur og blessaði þá. Og það gjörðist þá hann blessaði yfir þá að hann leið frá þeim og varð uppnuminn til himins. En þeir tilbáðu hann og sneru aftur til Jerúsalem með miklum fagnaði og voru jafnan í musterinu vegsamandi og lofandi Guð.

Endir S. Lúkas guðsspjalla.

S. Jóhannis guðsspjöll

Fyrsti kapítuli

Í upphafi var orð, og það orð var hjá Guði, og Guð var það orð. Það sama var í upphafi hjá Guði. Og allir hlutir eru fyrir það gjörðir, og án þess er ekkert gjört hvað gjört er. Í því var líf, og lífið var ljós manna. Og ljósið lýsir í myrkrinum, og myrkrin hafa það eigi höndlað.

Þar var einn maður af Guði sendur. Sá hét Jóhannes. Hann kom til vitnisburðar að hann bæri vitnisburð af ljósinu að allir skyldu fyrir hann trúa. Eigi var hann það ljós, heldur að hann bæri vitnisburð af ljósinu. Það var satt ljós hvert eð lýsir öllum mönnum sem koma í þennan heim. Það var í heiminum, og heimurinn var fyrir það gjörður, og heimurinn þekkti það eigi.

Hann kom til sinnar eiginnar, og hans sjálfir meðtóku hann eigi. En svo margir sem hann meðtóku, þá gaf hann þeim mátt Guðs börnum að verða, þeim er á hans nafn trúa, eigi þeim sem af blóðinu eða þeim sem af holdsins vild eður af mannsins vilja, heldur þeim sem af Guði eru bornir.

Og orðið varð hold og byggði með oss, og vér saum þess dýrð, dýrð svo sem eingetins sonar af föðurnum, fullan náðar og sannleika.*

Jóhannes vitnar af honum, kallar og segir: Þessi er sá, af hverjum eg sagða: Eftir mig mun koma sá sem fyrir mig var því að hann var fyrri en eg. Og af hans gnægð höfum vér allir fengið, náð fyrir náð, því að lögmálið er fyrir Moysen út gefið, en náð og sannleikur er fyrir Jesúm Kristum vorðinn. (Enginn hefur um aldur Guð sénan). Sá eingetni sonur, sem í föðursins faðmi er, hann hefur oss þetta kunngjört.

Og þetta er vitnisburður Jóhannis þá þeir Júðar sendu af Jerúsalem presta og kynsmenn Levi að þeir skyldi spyrja hann: Hver ert þú? Og hann kenndist og neitaði því eigi. Og hann viðurkenndist, svo segjandi: Eigi em eg Kristur. Þeir spurðu hann þá enn að: Hvað þá? Ert þú Elías? Hann sagði: Eigi em eg. Ertu spámaður? En hann ansaði: Ekki. Þá sögðu þeir við hann: Hver ert þú þá svo að vér megum gefa andsvar þeim er oss út sendu? Hvað segir þú af sjálfum þér? Hann sagði: Eg em hrópanði rödd í eyðimörku: Greiði þér götu Drottins, svo sem sagði Esayas spámaður.

Og þeir sem útsendust, voru af fariseis. Þeir aðspurðu hann og sögðu honum: Því skírir þú þá ef þú ert eigi Kristur, eigi Elías, eigi spámaður? Jóhannes svaraði þeim og sagði: Eg skíri með vatni, en sá stendur mitt hjá yður, hvern þér þekkið eigi, hann er sá sem eftir mig mun koma, sá eð fyrir mig var, hvers eg em ei verður að eg skal upp leysa hans skóþvengi. Þetta skeði í Betabara hinumegin Jórdanar þar Jóhannes skírði.

En annars dags eftir sér Jóhannes Jesúm komanda til sín og mælti: Sjáið, þar er það lamb Guðs, hvert eð ber heimsins syndir. Þessi er, af hverjum eg sagða: Eftir mig kemur maður, sá fyrir mig var, því að hann var fyrri en eg. Og eg kennda hann eigi, heldur hitt að hann yrði kunnur í Írael, fyrir því kom eg að skíra með vatni.

Og Jóhannes vitnaði og sagði: Eg sá andann ofan stíga af himnum í dúfu líki og var yfir honum, og eg þekkti hann eigi, heldur sá mig sendi að skíra með vatni, hann sagði mér: Yfir hvern þú sér andann niður stíga og yfir honum vera, hann er sá sem skírir með helgum anda. Og eg sá það, og þennan vitna eg Guðs son vera.

En annars dags aftur stóð Jóhannes enn og tveir af hans lærisveinum. Og sem hann leit Jesúm ganga, segir hann: Sjáið, það er lamb Guðs. Og tveir af hans lærisveinum heyrðu hann tala og fylgdu Jesú eftir. En Jesús sneri aftur og leit þá sér fylgjandi, sagði hann þeim: Að hverju leiti þér? Þeir sögðu honum: Rabbí, hvað að þýðist meistari, hvar ert þú heima? Hann sagði þeim: Komið og sjáið. Þeir komu og skoðuðu hvar hann væri og voru hjá honum þann dag, en það var nær tíundu stund.

Einn af þessum tveimur var Andreas, bróðir Símonar Petri, sem heyrði af Jóhanni og Jesú eftir fylgdi. Hann fann þó áður sinn bróður, Símon, og sagði til hans: Vér höfum fundið † Messíam, - hvað að útleggst smurður, og fylgdi honum til Jesú. Þá Jesús leit hann, mælti hann: Þú ert Símon, sonur Jónas, þú skalt kallast Kefas. Það útleggst hellusteinn.

† (Messías) það er á girsku Kristur, en á norrænu smurður og ebresku Messías. Þessi orð hafa öll eins þýðing.

Annan dag þar eftir vildi Jesús ferðast til Galíleam aftur og finnur Filippum og sagði til hans: Fylg þú mér eftir. En Filippus var af Betsaida, úr þeirra borg Andrésar og Petrus. Filippus fann Natanael og sagði honum: Vér höfum þann fundið, af hverjum Moyses í lögmálinu og allir spámenn hafa um skrifað, Jesúm Jósefsson af Nasaret. Natanael sagði til hans: Hvað má af Nasaret góðs koma? Filippus sagði honum: Kom og sjá.

Jesús sá Natanael komanda til sín og sagði af honum: Sjá, einn sannan Íraelíta, í hverjum svik eigi eru. Natanael sagði þá við hann: Hverninn þekkir þú mig? Jesús ansaði, sagði til hans: Áður en Filippus kallaði á þig, þá þú vart undir fikitrénu, sá eg þig. Natanael svaraði og sagði til hans: Rabbí, þú ert Guðs sonur, þú ert konungur Íraels. Jesús svaraði og sagði við hann: Þú trúir af því að eg sagða þér að eg hefða séð þig undir fikitrénu. Sjá munt þú enn þessu meira. Hann sagði honum og: Sennilega, sennilega segi eg yður: Upp frá þessu munu þér sjá himininn opinn og engla Guðs stíga upp og ofan yfir mannsins son.

Annar kapítuli

Og þriðja dag þar eftir varð brúðkaup til Kana í Galílea, og þar var móðir Jesú. Jesús var einninn boðinn og hans lærisveinar til brúðkaupsins. Og þá er þá þraut vínið, sagði móðir Jesú til hans: Þeir hafa eigi vín. Jesú sagði til hennar: Þú kona, hvað hefi eg með þig? Mín stund er eigi enn komin. Móðir hans sagði við þjónustumennina: Hvað helst hann segir yður, það gjörið. En þar voru sex steinker sett eftir venju ebreskrar hreinsunar. Hvert eitt tók tvo eður þrjá mælir. Jesús talaði til þeirra: Fyllið upp kerin af vatni. Og þeir fylltu þau allt á barma. Og hann sagði þeim: Hellið nú á og færið kæmeistaranum. Og þeir færðu honum. En þá kæmeistarinn smakkaði vatnið, það að víni var orðið, eigi vissi hann hvaðan að kom, en þjónustumennirnir, sem vatnið sóktu, vissu það. Hann kallar á brúðgumann og segir honum: Allir menn gefa í fyrstu gott vín og nær þeir gjörast ölvaðir, þá það hið léttara, en þú hefir geymt hið góða til þessa.

Þetta er hið fyrsta jarteikn það Jesús gjörði til Kana í Galílea, og hann opinberaði sína dýrð, hans lærisveinar trúðu og á hann. Eftir það fór hann ofan til Kapernaum, hann og móðir hans, bræður hans og lærisveinar, og voru þar eigi mjög marga daga.*

Þá var og nálæg páskahátíð Gyðinga, og Jesús fór upp til Jerúsalem og fann í musterinu sitjandi þá sem seldu naut, sauði, dúfur og þá sem umskipti gjörðu á peningum. Þá gjörði hann sér eina svipu af strengjum og rak út allt af musterinu, bæði naut og sauði, og hratt niður peningum þeirra er umskiptin gjörðu og sagði við þá sem dúfurnar seldu: Beri þér þetta burt héðan, og gjörið eigi míns föðurs hús að söluhúsi. Hans lærisveinar hugleiddu þá hvað skrifað er, að vandlæti húss þíns át mig.

Þá önsuðu Júðar og sögðu honum: Hvert teikn sýnir þú oss að þú megir þetta gjöra? Jesús svaraði og sagði þeim: Brjótí þér niður musteri þetta, en eg skal á þriðja degi það upp reisa. Þá sögðu Gyðingar: Þetta musteri er upp byggt í sex og fjörítigi ár, en þú vilt upp reisa það á þrim dögum. Hann talaði um musteri síns líkama. Og þá hann var af dauða risinn hugleiddu hans lærisveinar að hann hafði þetta mælt og trúðu ritninginni og þeim orðum er Jesús hafði talað.

En hann var í Jerúsalem um páska. Á þeim hátíðardegi þá trúðu margir á hans nafn, þeir sem sáu þau tákn er hann gjörði. En Jesús trúði þeim eigi til um sjálfan sig af því að hann þekkti alla og þurfti eigi við að nokkur bæri af mannum vitni því að hann sjálfur vissi hvað með mannum var.*

Þriðji kapítuli

Þar var einn mann í bland fariseos, Nikódemus að nafni. Hann var einn af höfðingjum Gyðinga. Hann kom til Jesú um nótt og sagði til hans: Rabbí, vér vitum að þú ert einn meistari af Guði kominn því að enginn getur gjört þá teikn sem þú gjörir nema Guð sé með honum. Jesús svaraði og sagði til hans: Sannlega, sannlega segi eg þér: Nema ef sá nokkur sem að nýju verður endurborinn, hann fær eigi að sjá Guðs ríki. Þá sagði Nikódemus til hans: Hverninn má maðurinn endurberast þá hann er gamall? Eður fær hann stigið aftur í sinnar móður kvið og fæðst svo? Jesús svaraði: Sannlega, sannlega segi eg þér: Nema að sá sem endurborinn verður úr vatni og af anda, getur eigi inn gengið í Guðs ríki. Hvað af holdinu fæðist, það er hold, og hvað sem fæðist af andanum, það er andi. Undra þú eigi þó eg segða þér að yður byrjaði á nýju að endurfæðast. Vindurinn blæs hvert hann vill, og þú heyrir hans þyt. En eigi veist þú hvaðan hann kemur eður hvert hann fer. Svo eru allir þeir sem af andanum eru endurbornir.

Nikódemus svaraði og sagði honum: Hverninn má þetta ske? Jesús svaraði og sagði: Ert þú meistari í Írael og veist eigi þetta? Sannlega, sannlega segi eg þér að vér segjum það vér vitum og vitnum það vér séð höfum, og vort vitni meðtakið þér eigi. Og ef þér trúið eigi þá eg segi yður af jarðlegum hlutum, hverninn munu þér trúna mega ef eg segða yður af himneskum hlutum?

Enginn mun og upp stíga til himna nema sá sem ofan sté af himni, sonur mannsins, sá sem er af himni. Og svo sem Moyses upp festi höggorminn í eyðimörku, líka byrjar mannsins syni upp að festast að allir þeir, er á hann trúna, fortapist eigi, heldur hafi eilíft líf.*

Því að svo elskaði Guð heiminn að hann gaf út sinn eingetinn son til þess að allir þeir á hann trúna fyrirfærust eigi, heldur að þeir hafi eilíft líf. Því eigi sendi Guð son sinn í heiminn að hann fyrirðæmdi heiminn, heldur að heimurinn frelsist fyrir hann. Hver á hann trúir fyrirðæmist eigi, en hver hann trúir eigi, hann er nú þegar fyrirðæmdur því að hann trúir eigi á nafn eingetins Guðs sonar. En þessi er fyrirðæmingin að ljósið kom í heiminn, og mennirnir elskuðu meir myrkrið en ljósið því að þeirra verk voru vond. Hver illa gjörir, sá hatar ljósið, hann kemur og eigi til ljóssins að eigi straffist hans verk. En hver sannleikinn gjörir, hann kemur til ljóssins svo að hans gjörðir verði kunnar því að þær eru í Guði gjörðar.

Eftir þetta kemur Jesús og hans lærisveinar til Gyðingalands og dvaldist þar með þeim og skírði. Jóhannes var þar enn og skírði við Enon nærri Salim því að þar voru vötn mörg. Þeir komu þangað og skírðust því að Jóhannes var eigi enn innlátinn í myrkvastofu.

En þá gjörðist ein spurning af lærisveinum Jóhannis við Gyðinga um skírsluna. Þeir komu til Jóhannis og sögðu honum: Meistari, sá sem hjá þér var hinumegin Jórdanar, af hverjum þú bart vitni, sé, hann skírir nú, og allir koma til hans. Jóhannes svaraði og sagði: Maðurinn fær eigi meðtekið nokkuð nema honum verði það af hinnum gefið. Þér eruð sjálfir mín vitni það eg sagða að eg væri eigi Kristur, heldur það að eg væra fyrir honum sendur. Því hver eð brúðina hefur, sá er brúðguminn, en vinur brúðgumans er sá sem stendur og hlýðir honum gleðjandist af fagnaði fyrir brúðgumans rödd. Minn fögnuður er nú upp fylltur. Honum ber að vaxa, en mér að minnka.

Sá sem að ofan kemur, hann er yfir öllum. Hver hann er af jörðu, hann er jörð, og af jörðu talar hann. En sá sem kemur af himni, hann er yfir öllum, og hvað hann sá og heyrði, það vitnar hann, og enginn tekur hans vitnisburð. En hver hann tekur hans vitnisburð, sá innsiglar það að Guð sé sannur. Því hvern þann sem Guð sendir, sá talar Guðs orð því að eigi gefur Guð sinn anda af skammti. Faðirinn elskar soninn, og allt gaf hann í hans hendur. Hver hann trúir á soninn, sá hefir eilíft líf, en hver hann er syninum aftrúa, hann mun eigi sjá lífið, heldur að Guðs reiði blífur yfir honum.

Fjórði kapítuli

En þá Drottinn fornam að farisei höfðu heyrt það Jesús gjörði fleiri lærisveina og skírði en Jóhannes þótt Jesús skírði eigi sjálfur, heldur hans lærisveinar, þá forlét hann Gyðingaland og fór aftur til Galíleam. Honum byrjaði og að reisa um mitt Samaría. Þá kom hann í eina samverska borg, þá Síkar heitir, nærri því akurlendi er Jakob gaf syni sínum Jósef, en þar var brunnur Jakobs. Sem Jesús var vorðinn vegmóður, þá sat hann á brunninum. Það var nær um séttu stund.

Þá kemur þar ein samversk kona vatn að sækja. Jesús sagði til hennar: Gef þú mér að drekka, því hans lærisveinar voru inn gengnir í borgina að kaupa fæðslu. Þá segir sú samverska kona svo til hans: Hverninn beiðir þú mig drykkjar þar þú ert einn Júði, en eg em ein samversk kona. Því að eigi samneystast Júðar samverskum mönnum. Jesús svaraði og sagði til hennar: Ef þú vissir Guðs gjöf og hver hann væri, sá þér segði: Gef mér að drekka, má vera að þú beiddir af honum og hann gefi þér lifanda vatn. Þá sagði konan við hann: Herra, þú hefir eigi það sem þú getur með ausið, en hátt er ofan í brunninn. Eða hvaðan hefir þú lifanda vatn? Eður ertu meiri föður vorum Jakob, sá eð gaf oss þennan brunn, hann sjálfur drakk af honum, synir hans, hjörð hans?

Jesús svaraði og sagði henni: Allir þeir sem drekka af þessu vatni, þá þyrstir aftur, en hver hann drekkur af því vatni sem eg mun gefa honum, hann skal eigi þyrsta eilíflega, heldur það vatn, sem eg mun gefa honum, skal verða í honum brunnur uppsprettanda vats til eilífs lífs. Konan sagði þá til hans: Herra, gef mér þetta vatn svo að mig þyrsti eigi og að eg komi eigi hingað til vatsaustrar. Jesús sagði til hennar: Far þú, kalla á mann þinn og kom svo hingað. Konan svaraði og sagði: Eigi hefi eg mann. Jesús sagði til hennar: Þú sagðir vel: Eigi hefi eg mann, því að fimm menn hefir þú haft, og þann þú hefir nú, er eigi þinn maður. Þetta sagðir þú satt.

Konan sagði til hans: Herra, eg sé að þú ert spámaður. Feður vorir hafa á þessu fjalli tilbeiðið, en þér segið til Jerúsalem sé sá staður þar vær eigum til að biðja. Jesús sagði henni: Kona, trú þú mér. Sú stund kemur að hvorki á þessu fjalli né til Jerúsalem munu þér tilbiðja föðurinn. Þér tilbiðjið það þér vitið eigi. En vér vitum hvað vér tilbiðjum því að heillin er af Gyðingum. En sá tími kemur og er nú þegar nær að sannir tilbiðjendur munu tilbiðja föðurinn í anda og sannleika af því að faðirinn æskir slíkra er hann svo tilbiðja. Guð er andi, og hverjir hann tilbiðja, þeim heyrir í anda og sannleika að tilbiðja hann.

Konan sagði til hans: Eg veit að Messías kemur, sá sem Kristur kallast. Og nær hann kemur, þá mun hann undirvísa oss þetta allt. Jesús sagði henni: Eg em hann, sá sem við þig talar. Og í því bili komu hans lærisveinar og undruðust því hann talaði við konuna. Þó sagði enginn: Að hverju spyr þú? eður: Hvað mælir þú við hana? En konan skildist þar við sína skjólu og gekk inn í staðinn og sagði til þeirra manna: Komið og sjáið þann mann er mér sagði allt það eg hefi gjört, hvort að hann er eigi Kristur? Þá gengu þeir af staðnum og komu til hans.

En þess á milli báðu hans lærisveinar og sögðu: Meistari, neyt þú. En hann sagði til þeirra: Eg hefi þá fæðu til að neyta, af hverri þér vitið ekki. Þá sögðu lærisveinarnir sín í millum: Eða hefir nokkur fært honum að eta? Jesús sagði til þeirra: Minn matur er sá að eg gjöri hans vilja, þess mig hefur sent, að eg fullkomni svo hans verk. Segið þér eigi sjálfir að það eru enn fjórir mánuðir til kornskurðartíma? Sé, eg segi yður: Lyftið upp augum yðar og sjáið akurlöndin það þau hvítna nú þegar til kornskurðar. Og hver hann sár, sá tekur laun og safnar ávexti til eilífs lífs að sá sem sár, samfagni þeim er upp vinnur. Því sannast hér það orðtak að annar sé sá sem sár, en annar sá sem upp vinnur. Eg sendi yður upp að vinna það þér erfiðuð ekki. Aðrir hafa erfiðuð, en þér genguð inn í þeirra erfiði.

Margir samverskir menn af þeim sama stað trúðu á hann fyrir konunnar orð, það vitnandi að, -hann sagði mér allt hvað eg gjört hefi. En þá hinir samversku voru til hans komnir, báðu þeir hann að hann væri þar. Og hann var þar tvo daga. Og miklu fleiri trúðu fyrir hans orð. Þeir sögðu og svo til konunnar: Eigi trú vér fyrir þín orð því að vér sjálfir heyrðum og vitum að þessi er sannur lausnari heimsins.*

En eftir tvo daga fór hann þaðan og reisti til Galíleam því að Jesús vitnaði það sjálfur að einn spámaður hafi eigi heiður á sinni föðurleifð. Þá hann kom í Galíleam, meðtóku hann hinir galeisku menn sem séð höfðu allt það hann gjörði til Jerúsalem um hátíðardaginn því þeir höfðu og komið til hátíðardagsins. Hann kom og aftur til Kana í Galíleá þar hann hafði gjört vatn að víni.

Og þar var þá einn smákonungur, hvers sonur að lá sjúkur til Kaparnaum. Þá þessi heyrði það að Jesús var kominn af Gyðingalandi í Galíleam, fór hann til hans og bað hann að hann færi ofan og læknaði son hans því að hann væri að mestu látinn. Þá sagði Jesús til hans: Nema þér sjáið teikn og stórmerki, þá trúið þér eigi. Konungurinn sagði þá til hans: Herra, far ofan áður en sonur minn andast. Jesús sagði honum þá: Far þú, sonur þinn lifir. En maðurinn trúði þeim orðum er Jesús sagði honum og gekk þaðan. En þá hann fór ofan eftir, gengu hans þénarar í móti honum og kunngjöfðu honum segjandi að sonur hans lifði. Þá spurði hann þá að á hverjum tíma honum hafði batnað, og þeir sögðu honum að í gær um séttu stund hvarf frá honum kaldan. Þá fann faðirinn að það var um þann tíma, á hverjum Jesús sagði honum: Sonur þinn lifir. Hann trúði og allt hans hús. Þetta er að nýju annað það jarteikn Jesús gjörði þá hann kom af Gyðingalandi til Galíleam.

Fimmti kapítuli

Eftir það var hátíð Gyðinga, og Jesús fór upp til Jerúsalem. En í Jerúsalem hjá fjárhúsinu er vatsdiki sem kallast á ebresku † Betesda, hafandi fimm forbyrgi. Í þeim lá mikill fjöldi sjúkra manna, blindra, haltra, visnaðra, bíðandi eftir vatsins hræring. En engill Drottins sté ofan í tilsettan tíma í dikið og hrærði upp vatnið. Og hver sem fyrstur sté ofan í dikið eftir vatsins hræring, sá varð heill af hverri sótt sem hann var haldinn. Þar var einn sá maður sem þrjátígi og átta ár hafði sjúkur verið. Þá Jesús leit þennan liggjanda og fornam að hann hafði langan tíma sjúkur verið, segir til hans: Viltu heilbrigður verða? Hinn sjúki svaraði honum: Herra, eg hefi eigi þann mann, þá vatnið hrærist, að láti mig í dikið því nær eg kem að, þá stígur annar fyrr inn en eg.

Jesús sagði til hans: Rís upp, tak sæng þína og gakk. Og strax varð sá maður heilbrigður og bar sína sæng og gekk þaðan. En á þeim degi var þvottdagur. Þá sögðu Gyðingar honum sem heilbrigður var orðinn: Það er þvottdagur. Eigi hæfir þér að bera sæng þína. Hann svaraði þeim: Sá mig heilan gjörði, hann sagði mér: Tak sæng þína og gakk. Þeir spurðu hann: Hver er sá maður er þér sagði: Tak sæng

† (Betesda) það þýðist á norræu einn spítall eður það hús sem sjúkum mönnum er í þjónað og hagrætt.

þína og gakk? En sá sem heilbrigður var vorðinn vissi eigi hver hann var því að Jesús hafði vikið sér afvega fyrst að svo mikill mannfjöldi var í þeim stað. Eftir það hitti Jesús hann í musterinu og sagði til hans: Sé, nú ertu heill vorðinn. Syndga nú eigi oftast svo að þig hendi eigi annað verra. Sá maður fór og undirvísaði Gyðingum að Jesús væri sá sem hann hefði heilan gjört.* En fyrir það ofsóktu Gyðingar Jesúm og leituðust um að deyða hann af því að hann gjörði þetta á þvottdegi. Jesús svaraði þeim: Faðir minn verkar allt hegat til, eg verkar og. En fyrir þetta sóktu Gyðingar meir til að deyða hann því að hann braut eigi einasta þvottdaginn, heldur sagði hann og að Guð væri sinn faðir, gjörandi sig svo Guði jafnan.

Jesús svaraði og sagði til þeirra: Sannlega, sannlega segi eg yður að sonurinn fær ekkert af sjálfum sér gjört nema það hann sér föðurinn gjöra. Því að hvað helst hann gjörir, það gjörir og einninn sonurinn. Því faðirinn elskar soninn og sýnir honum allt það hann gjörir. Og enn mun hann sýna honum önnur verk þessum meiri svo þér munuð undrast. Því að svo sem faðirinn upp vekur dauða og lífgar, svo lífgar og sonurinn þá sem hann vill. Því eigi dæmir faðirinn nokkurn, heldur gaf hann syninum allan dóm að allir heiðri soninn svo sem þeir heiðra föðurinn. Hver hann heiðrar eigi soninn, sá heiðrar eigi föðurinn, sá sem hann sendi. Sannlega, sannlega segi eg yður: Hver mín orð heyrir og trúir þeim sem sendi mig, sá hefir eilíft líf, og eigi kemur hann í dóm, heldur líður hann úr dauða til lífs.

Sannlega, sannlega segi eg yður að sú stund kemur og er nú það dauðir munu heyra rödd Guðs sonar, og þeir sem heyra munu lifa. Því að líka sem faðirinn hefur lífið í sér sjálfum, svo gaf og hann syninum að hafa lífið í sjálfum sér. Hann gaf honum og vald til yfir að dæma af því að hann er mannsins sonur. Eigi skulu þér undrast þetta því að sú stund kemur, á hverri að allir þeir, sem í gröfunum eru, skulu heyra rödd Guðs sonar, og þeir munu þá fram ganga sem gjörðu til lífsins upprisu, en þeir sem illa gjörðu í dóms upprisu.*

Eigi fæ eg af mér sjálfum gjört nokkuð. Sem eg heyrir, svo dæmi eg, og minn dómur er réttur því að eg leita eigi míns vilja, heldur hans vilja sem mig sendi. Ef eg ber mér sjálfum vitni, þá er mitt vitni ekki satt. Annar er sá sem af mér ber vitni, og eg veit að hans vitni er satt, það hann ber mér.

Þér senduð til Jóhannis, og hann bar af sannleikum vitni. En eg tek eigi vitni af mönnum, heldur segi eg yður þetta uppá það þér hjálpist. Hann var skínanda og loganda ljós, en þér vilduð skamma stund gleðjast af hans ljósi. Eg hefi enn meira vitni en Jóhannes því að þau verk sem faðirinn gaf mér að eg fullkomni þau, því þau verk sem eg gjörir bera mér vitni það faðirinn hafi mig sent. Og faðirinn, sá sem mig sendi, hann sjálfur bar mér vitni. Eigi hafi þér nokkurn tíma heyrt hans rödd né séð hans ásýnd, og hans orð hafi þér eigi í yður blífandi því að þann hann sendi, honum trúið þér eigi.

Rannsakið ritningarnar því að þér meinið í þeim að hafa eilíft líf. Og þær eru það, hverjar af mér bera vitni. Og eigi vilji þér koma til mín svo að þér hefðuð líf. Eg tek öngva dýrð af mönnum af því eg kenni yður að þér hafið eigi Guðs ástsemd með yður. Eg kom í míns föðurs nafni, og þér meðtókuð mig eigi. Ef annar kemur í sínu eigin nafni, þann meðtakið þér. Hverninn megi þér trúna þar sem þér takið dýrð innbyrðis hver af öðrum, og þá dýrð sem af einum Guði er, hennar leiti þér eigi?

Eigi skulu þér það meina að eg muni klaga yður fyrir föðurnum. Þar er sá sem yður klagar, Moyses, á hvern þér vonið. Ef þér tryðuð Moysi svo tryðuð þér og mér því að af mér skrifaði hann. Því ef þér trúið eigi hans skrifti, hverninn megi þér þá mínum orðum trúna?*

Sétti kapituli

Eftir það fór Jesús burt yfir sjávarhaf Galílee til staðarins Tíberias. Og mikill mannfjöldi fylgdi honum eftir af því að þeir sáu þau jarteikn er hann gjörði á sjúkum. Jesús gekk þá upp á eitt fjall og settist þar sjálfur meðursinum lærisveinum. Þá var og páskahátíð Gyðinga nálæg. Jesús hóf þá upp sín augu og sá að margt fólk dreif að honum. Sagði hann við Filippum: Hvar kaupum vér brauð það þessir neyti? En þetta sagði hann af því að hann vildi reyna hann því að hann vissi sjálfur hvað hann vildi gjöra.

Filippus svaraði honum: Tvö hundruð peninga brauð nægjast þeim eigi þó að hver einn fái þá nokkuð lítið. Þá sagði honum einn af hans lærisveinum, Andrés, bróðir Símonar Petri: Hér er eitt ungmenni. Sá hefir fimm byggbrauð og tvo fiska. En hvað skal þetta á meðal svo margra? Þá sagði Jesús: Látið mennina setjast niður. Þar var í þeim stað mikið gras. Þá settust þar niður karlmenn að tölu nær fimm þúsundum. Jesús tók brauðin og gjörði þakkir, fékk sínum lærisveinum, en lærisveinarnir fengu þeim sem niður höfðu sest, líka einninn af fiskunum svo mikið sem þeir vildu.

En þá þeir voru mettir, sagði hann til sinna lærisveina. Safnið saman þær leifar sem af ganga svo ekki spillist. En þeir söfnuðu saman og fylltu upp tólf karfir meður þessar leifar af fimm byggbrauðum, hvert eð auk var þess sem þeir höfðu neytt. Þá er þessir menn sáu það að Jesús gjörði þetta teikn, sögðu þeir: Þessi er sannlega sá spámaður sem í heiminn skal koma.* En þá Jesús fann það að þeir mundu koma að grípa hann og kjósa til konungs, flýði hann einn upp aftur á fjallið.*

Að kveldi gengu hans lærisveinar ofan til sjávar, stigu þar á skip, og þá þeir komu yfir um þann sjó til Kaparnaum, var þegar myrkt vorðið. Jesús var þá eigi kominn til þeirra, en sjórinn tók að æsast upp af miklu veðri. Þeir höfðu þá róid svo nær sem fimm og tuttugu eður (xxx) skeiða. Þeir sáu þá Jesúm ganganda á sjónum og kominn nær skipinu. Þeir óttuðust þá, en hann sagði til þeirra: Eg em, óttist þér eigi. Þá vildu þeir hafa tekið hann inn á skipið, og jafnsnart var skipið komið að því landi sem þeir fóru til.

Annan dag eftir sá fólkið sem hinumegin sjávarins stóð að eigi var þar annað skip til nema það eina sem hans lærisveinar höfðu á stigið, og Jesús hafði eigi sjálfur stigið á það skip meður sínum lærisveinum, heldur voru hans lærisveinar einir af stað farnir. Þar komu og yfir um önnur skip frá Tiberias, hvar nærri er þeim stað sem þeir höfðu brauðin etið fyrir herrans þakkargjörð. Og þá er fólkið sá að Jesús var eigi þar og eigi heldur hans lærisveinar, steig það á skipin, komu til Kaparnaum og leituðu að Jesúm.

Og þá þeir höfðu fundið hann hinumegin sjávarins, sögðu þeir til hans: Rabbí, nær komt þú hingað? Jesús svaraði þeim og sagði: Sannlega, sannlega segi eg yður: Þér leitið mín eigi af því að þér sáuð teiknin, heldur af því að þér neyttuð af brauðunum og urðuð saddir. Verkið eigi þeirrar fæðu sem líst, heldur þeirrar sem stöðug blífur til eilífs lífs, hverja eð mannsins sonur mun gefa yður. Því að Guð faðir hefir hann innsiglað.

Þá sögðu þeir til hans: Hvað skulu vér þá gjöra svo vér gjörum Guðs verk? Jesús svaraði og sagði þeim: Það eru Guðs verk að þér trúid á hann, þann hann sendi. Þá sögðu þeir til hans: Hvert gjörir þú fyrir teikn svo að vér sjáum og trúum þér, eður hvað gjörir þú? Feður vorir átu himnabrauð í eyðimörku sem skrifað stendur: Hann gaf þeim að eta brauð af himni. Þá sagði Jesús til þeirra: Sannlega, sannlega segi eg yður að eigi gaf Moyses yður brauð af himni, heldur gefur faðir minn yður satt brauð af himni. Því að þetta er Guðs brauð það sem af himni sté ofan og heiminum gefur líf.

Þeir sögðu þá við hann: Herra, gef þú oss jafnan þetta brauð. En Jesús sagði þeim þá: Eg em það lífs brauð. Hver hann kemur til mín, þann mun eigi hungra, og sá hann trúir á mig, hann mun aldregi þyrsta.* Eg sagða yður það þér hafið mig sénan og trúid þó eigi. Allt hvað faðirinn gefur mér, það kemur til mín, og hvern þann sem til mín kemur, hann mun eg eigi út reka. Því að eg sté ofan af himni eigi upp á það að eg gjöri minn vilja, heldur hans vilja sem mig sendi. Þetta er föðursins vilji, þess mig senda að eg glati öngu af öllu því sem hann gaf mér, heldur skal eg upp vekja það á efsta degi. En það er míns föðurs vilji, þess mig sendi, að hver sá sem soninn sér og trúir á hann hafi eilíft líf, og eg mun upp vekja hann á efsta degi.

Þá mögluðu Júðar yfir því það hann sagði: Eg em það brauð, hvert eð ofan sté af himni. Og þeir sögðu svo: Er eigi Jesús þessi sonur Jósefs, hvers að vér þekkjum bæði föður og móður? Hverninn segir hann þá það eg em ofan stiginn af himni? Jesús svaraði þeim: Möglið eigi innbyrðis. Enginn fær til mín komið nema sá faðir, sem mig sendi, togi hann, og eg mun upp vekja hann á efsta degi. Svo er og skrifað á spámannaþókum að þeir munu allir verða af Guði lærdir. Hver helst sem heyrir af föðurnum og lærir það, sá kemur til mín. Eigi það að nokkur hafi föðurinn sénan nema sá sem er af Guði, hann hefir séð föðurinn.

Sannlega, sannlega þá segi eg yður að hver sem trúir á mig, hann hefir eilíft líf. Eg em lífsins brauð. Feður yðrir átu himnabrauð í eyðimörku og eru dauðir. Þessi er það brauð sem ofan sté af himni að hver sem etur af því, hann deyr eigi. Eg em það lifanda brauð sem af himni sté ofan. Hver sem etur af þessu brauði, sá lifir eilíflega. Og það brauð, sem eg mun gefa, er mitt hold, hvert að eg mun út gefa heiminum til lífs.*

Júðar þráttuðu þá sín á milli, svo segjandi: Hverninn fær þessi gefið oss sitt hold að eta? Jesús sagði til þeirra: Sannlega, sannlega segi eg yður: Nema ef þér etið hold mannsins sonar og drekkið hans blóð, þá hafi þér ekki lífið með yður. Hver hann etur mitt hold og drekkur mitt blóð, sá hefir eilíft líf, og eg mun upp vekja hann á efsta degi. Því að mitt hold er sönn fæða, og mitt blóð er sannur drykkur. Hver hann etur mitt hold og drekkur mitt blóð, sá blífur í mér og eg með honum. Líka sem að mig sendi lifandi faðir og eg lifi sakir föðursins, svo og hver hann etur mig, sá mun og lifa fyrir mínar sakir. Þetta er það brauð sem ofan sté af himni. Eigi svo sem það er yðrir feður höfðu himnabrauð etið og eru dauðir. Hver hann etur þetta brauð, sá lifir að eilífu.*

Þetta sagði hann kennandi í samkunduhúsinu til Kaparnaum. En margir af hans lærisveinum, sem þetta heyrðu, sögðu: Hörð er þessi ræða. Hver kann henni að heyra? En Jesús vissi meður sjálfum sér að hans lærisveinar mögðu af þessu. Þá sagði hann til þeirra: Misþokkar yður þetta? Hvað mun þá ef þér sæjuð mannsins son upp stíga þangað sem hann var fyrrum. Andinn er sá eð lífgar, holdið er til einskis neytt. Þau orð er eg tala fyrir yður, þau eru andi og líf. En nokkrir eru þeir af yður, hverjir eigi trúa. Því að Jesús vissi af upphafi hverjir eigi voru trúaðir og hver sá var er hann mundi svíkja. Og hann sagði: Fyrir því sagða eg yður það enginn fær til mín komið nema að honum sé það gefið af mínum föður.

Eftir það gengu margir af hans lærisveinum aftur til baka og gengu eigi lengur þaðan af meður honum. Þá sagði Jesús til þeirra tólf: Vilji þér og frá ganga? En honum svaraði Símon Petrus: Herra, hvert skulu vær fara? Þú hefir orð eilífs lífs, vér trúum og kennum það þú ert Kristur, sonur Guðs lifanda. Jesús svaraði þeim: Hefi eg eigi útvalið yður tólf, og einn af yður er fjandi. En hann sagði af Júdasi Símonssyni Ískariot því að hann sveik hann þó að hann væri einn af tólf.

Sjöundi kapítuli

Eftir þetta gekk Jesús um Galíleam því að hann vil eigi ganga um Júdeam af því að Gyðingar vildu helslá hann. Þá var og nálæg tjaldbúðarhátíð Gyðinga. Bræður hans sögðu þá til hans: Far þú héðan og gakk til Júðalands svo að þínir lærisveinar sjái þau verk eð þú gjörir. Því að sennilega gjörir enginn sá nokkuð leynilega sem sjálfur hann eftir leitar kunnur að verða. Ef þú gjörir það, þá opinbera þú sjálfan þig heiminum. Því hans bræður trúðu eigi á hann.

Jesús sagði til þeirra: Minn tími er eigi enn kominn, yðar tími er jafnan reiðubúinn. Heimurinn fær yður eigi hatað, en mig hatar hann því að eg ber vitnisburð af honum það hans verk eru vond. Fari þér upp til hátíðardagsins. Eg vil enn eigi fara upp til þessarar hátíðar því að minn tími er enn eigi upp fylltur. En þá hann hafði sagt þeim þetta, bleif hann samt í Galílea. Nú sem að hans bræður voru upp farnir, þá fór hann og sjálfur upp, eigi opinberlega heldur svo sem nokkur á laun. Júðar spurðu að honum um hátíðina og sögðu: Hvar er hann? Og mikill krytur var í lýðnum um hann því sumir sögðu: Góður er hann, en aðrir sögðu: Nei, að heldur leiði hann lýðinn afvega. Enginn talaði þó bert um hann fyrir hræðslu sakir við Gyðinga. En að hálfnaðri hátíðinni sté Jesús upp í musterið og lærði. Júðar undrudust, svo segjandi: Hverninn veit hann ritningarnar þar hann hefir þó eigi lært þær? Jesús svaraði þeim og sagði: Minn lærdómur er eigi minn, heldur hans sem mig sendi. Ef sá er nokkur sem gjöra vill hans vilja, hann reynir hvort þessi lærdómur er af Guði eður hvort eg tala af mér sjálfum. Því hver sem af sjálfum sér talar, sá leitar sinnar eiginnar dýrðar, en hver hann leitar þess dýrðar sem hann sendi, sá er sannur, og ekkert ranglæti er með honum.

Gaf Moyses yður eigi lög þó enginn yðar haldi lögin? Eður því sæki þér eftir að lífláta mig? Lýðurinn svaraði og sagði: Djöfulinn hefir þú. Hver sækir til að lífláta þig? Jesús svaraði og sagði: Eitt verk gjörða eg, og það undri þér allir. Moyses gaf yður því umskurðarskírni, eigi það hún væri af Moyse komin, heldur af forfeðrunum, og þó umskeri þér manninn á þvottdegi. Nú ef maðurinn meðtekur umskurðarskírni á þvottdegi svo að eigi brjótist Moyses lögmál, en þér afvirðið þó fyrir mér það eg gjörða allan manninn heilan á þvottdegi. Þér skuluð eigi dæma eftir yfirlitum, heldur dæmið réttum dómi.

Þá sögðu nokkrir af þeim sem voru af Jerúsalem: Er það ekki sá sem þeir sóktu til að lífláta? Sjáið, nú talar hann opinberlega, og enginn þeirra segir honum grand. Eða vita vorir höfðingjar það víst að þessi sé sannur Kristur? En vér vitum þó hvaðan þessi er. Þá Kristur kemur, veit enginn hvaðan hann er.

Þá kallaði Jesús í musterinu, lærandi og svo segjandi: Þér kennið mig og vitið hvaðan eg em. En eg kom eigi af sjálfum mér, heldur er hann sannorður, sá mig sendi, hvern þér þekkið eigi. Eg þekki hann vel því að eg em af honum, hann sjálfur sendi mig. Þá sóktu þeir til að grípa hann, en enginn lagði þó hendur á hann því að eigi var hans tími enn kominn. Margt af fólkinu trúði á hann* og sögðu: Þá Kristur kemur, mun hann nokkuð gjöra fleiri teikn en þessi gjörir?

Þá faríseis heyrðu nú lýðinn krytja þetta um hann, þá sendu prestahöfðingjar og faríseis þénara út að þeir handtæki hann. Jesús sagði þá til þeirra: Litla stund em eg enn hjá yður, og þá fer eg til hans sem mig sendi. Þér leitið mín og finnið mig eigi, og þar sem eg er, þangað fái þér eigi að koma. Þá sögðu Gyðingar sín á milli: Hvert vill hann fara svo að vér finnum hann eigi? Eður vill hann ganga í sundurdreifing heiðinna manna og læra þær heiðnar þjóðir? Hverninn er sú ræða sem hann sagði: Þér leitið mín og finnið eigi, og þar sem eg er, þangað fái þér eigi að koma?

Á síðasta degi hinnar miklu hátíðar stóð Jesús upp og kallaði, svo segjandi: Ef nokkurn þyrstir, komi hann til mín og drekki. Hver hann trúir á mig (svo sem ritningin segir), af hans kvíði skulu fram fljóta vötn hins lifanda vats. En þetta sagði hann af þeim anda, hvern þeir skyldu meðtaka sem á hann tryðu. Því heilagur andi var þá eigi út gefinn af því að Jesús var enn eigi auglýstur.

Og margir af lýðnum, sem heyrðu þessa hans ræðu, sögðu: Þessi er sannur spámaður. Aðrir sögðu: Hann er Kristur. En sumir sögðu: Skal Kristur nokkuð koma af Galílea? Segir eigi ritningin að Kristur komi af Davíðs sæði og úr kastalanum Betlehem þar sem Davíð var? Líka svo varð ein misgreining með fólkinu um hann. Nokkrir af þeim vildu hafa gripið hann, en enginn lagði þó hendur á hann. Þénararnir komu aftur til fariseis og prestahöfðingjanna, og þeir sögðu þá til þeirra: Því höfðu þér hann eigi hingað? Þénararnir svöruðu: Þar hefir aldri nokkur maður svo talað sem þessi maður. Þá svöruðu fariseis þeim: Eða eru þér og villtir? Trúir nokkurhöfðingianna eður af fariseis á hann, heldur það fólk sem ekkert veit af lögmálinu og bölvæð er? Níkódemus sagði þá til þeirra, sá sem kom til hans um nótt, hver eð einn var af þeim: Dæmir vort lögmál nokkuð manninn nema hann sé fyrri rannsakaður og sé vitað hvað hann gjörir? Þeir svöruðu og sögðu til hans: Eða ertu einn af Galíleis? Rannsaka þú ritningina og skoða það af Galílea mun ekki spámaður upp rísa. Og hver gekk heim til sinna húsa.*

Áttandi kapítuli

Jesús gekk þá í fjallið Oliveti. Og að morgni í dögum kom hann aftur í musterið, og allt fólkið kom til hans. Hann setti sig og lærði það.

En hinir lögklóku og farisear leiddu fram fyrir hann þá konu sem í hórdóm var fallin og settu hana þar í miðið, sögðu svo til hans: Meistari, þessi kona er nú fundin í hórdómi. En Moyses býður oss í lögmálinu að berja þess háttar menn grjóti. Eða hvað segir þú til? En þetta sögðu þeir af því þeir freistuðu hans að þeir mættu svo ákæra hann. En Jesús laut niður og páraði með fingrinum á jörðina. Og sem þeir létu eigi af að spyrja hann, þá rétti hann sig upp og sagði til þeirra: Hver yðar, sem er án syndar, kasti sá fyrstur steini á hana. Þá laut hann niður aftur og páraði á jörðina. Þá þeir heyrðu þetta, gekk einn eftir öðrum út, fyrstir þó öldungarnir. Jesús var þá einn eftir og konan þar standandi mitt fyrir honum. En þá Jesús rétti sig upp og sá þar öngvan nema konuna, sagði hann til hennar: Kona, hvar eru þeir sem þig áklaga? Hefir nokkur fordæmt þig? En hún sagði: Herra, enginn. Jesús sagði henni þá: Eigi mun eg fordæma þig. Gakk héðan og syndga nú ei oftar héðan af.

Jesús talaði enn aftur til þeirra, svo segjandi: Eg em ljós heimsins. Hver hann fylgir mér eftir, sá gengur eigi í myrkrunum, heldur hefir hann ljós lífsins. Þá sögðu farisei til hans: Þú ber vitni af sjálfum þér. Þinn vitnisburður er eigi sannur. Jesús svaraði og sagði til þeirra: Ef eg ber af sjálfum mér vitni, þá er minn vitnisburður sannur því að eg veit hvaðan eg kom og hvert að eg fer. En þér vitið eigi hvaðan eg kom eður hvert eg fer. Þér dæmið eftir holdinu. Eg dæmi öngvan. En ef eg dæmi, þá er minn dómur réttur því að eg er eigi einn saman, heldur eg og sá faðir sem mig sendi. Svo er og skrifað í lögum yðar að tveggja manna vitnisburður sé sannur. Eg em sá sem af mér sjálfum ber vitni, og faðirinn, sá mig sendi, hann ber og af mér vitni. Þá sögðu þeir til hans: Hver er faðir þinn? Jesús svaraði: Eigi kenni þér mig né minn föður. Ef þér þekktuð mig, þá þekktu þér og minn föður. Þessi orð talaði Jesús við ölmusukistuna þá hann kenndi í musterinu. Og enginn tók hann því að hans stund var enn eigi komin.*

Þá sagði Jesús enn til þeirra: Eg fer, og þér leitið mín, og í synd yðvarri deyi þér. Hvert eg fer, þangað fái þér eigi að koma. Þá sögðu Gyðingar: Mun hann vilja drepa sjálfan sig það hann segir: Hvert að eg fer, þangað fái þér eigi að koma? Þá sagði hann þeim: Þér eruð hér neðan að, eg em að ofan. Þér eruð af þessum heimi, eg em eigi af þessum heimi. Því segði eg yður að þér mynduð deyja í syndum yðrum. Þá sögðu þeir til hans: Hver ert þú? Jesús sagði til þeirra: Það upphaf sem nú talar við yður. Margt hefi eg að tala og dæma um yður, en sá mig sendi, hann er sannorður, og hvað eg heyrða af honum, það tala eg fyrir heiminum. En þeir skildu það eigi að hann sagði þeim af Guði föður.

Þá sagði Jesús til þeirra: Nær þér upp hefjið mannsins son, þá skilji þér að eg sé hann, og af mér sjálfum gjöri eg ekkert, heldur það sem lærði mig minn faðir, það tala eg. Og sá er mig sendi, hann er meður mér. Og eigi lét hann mig einn saman því að eg gjöri jafnan það honum er þægt.* Þá hann talaði þetta, trúðu margir á hann.

Þá sagði Jesús til þeirra Gyðinga sem á hann trúðu: Ef þér blifið við mína ræðu, þá eru þér mínir sannir lærisveinar, og þá þekki þér sannleikinn, og sannleikurinn mun yður frelsa. Þá svöruðu þeir honum: Vér erum Abrahams sæði, og aldri höfum vér nokkrum þjónað. Hverninn segir þú það þér skuluð frjálsir verða.

Jesús svaraði þeim og sagði: Sannlega, sannlega segi eg yður að hver helst sem syndina gjörir, hann er syndarinnar þræll. Þrællinn blífur eigi eilíflega í húsinu, en sonurinn blífur þar eilíflega. Nú ef sonurinn frelsar yður, þá eru þér réttlega frjálsir. Eg veit að þér eruð Abrahams synir. Þó sæki þér til að deyða mig því að mín ræða grípur öngvan stað hjá yður. Eg tala það sem eg séð hefi hjá mínum föður, og hvað þér sáuð hjá yðrum föður, það gjöri þér.

Þeir svöruðu og sögðu til hans: Abraham er vor faðir. Þá sagði Jesús þeim: Ef þér væruð Abrahams synir, þá gjörðu þér Abrahams verk. En nú leiti þér eftir að lífláta mig, þann mann þó sem sannleikinn talar fyrir yður. En þetta gjörði eigi Abraham. Þér gjörð yðars föðurs verk. Þá svöruðu þeir: Eigi erum vér í hórdómi bornir. Einn Guð höfum vér fyrir föður. Jesús sagði þá til þeirra: Ef Guð væri yðar faðir, þá elskuðu þér mig því að eg em af Guði kominn og fram stiginn. Því eigi kom eg af sjálfum mér, heldur sendi hann mig. Fyrir því þekki þér þá eigi mitt mál af því þér megid eigi heyra mína ræðu.

Þér eruð af föðurnum fjanda, og girndum yðars föðurs þá vilji þér eftir fylgja. Hann var einn morðingi þegar að upphafi, og eigi stóð hann í sannleikum því að sannleikurinn er eigi með honum. Þá hann talar lygi, talar hann af sínu eigin því að hann er einn ljúgari svo og þess hlutar faðir. En eg af því eg segi sannleikinn, þá vilji þér mér eigi trúa.

Hver yðar kann straffa mig af nokkurri synd? Nú ef eg segi sannleikinn, því trúi þér þá eigi á mig? Hver hann er af Guði, sá heyrir Guðs orð. Af því heyrir þér eigi að þér eruð eigi af Guði.

Þá svöruðu Júðar og sögðu honum: Segju vær eigi vel að þú ert samverskur og hefir djöfulinn? Jesús svaraði: Eigi hefi eg djöful, heldur vegsama eg föður minn, og þér vanheiðrið mig. En eg leita eigi að minni dýrð. Sá er sem leitar og dæmir. Sannlega, sannlega segi eg yður: Ef nokkur er sá sem geymir mín orð, hann mun eigi sjá dauðann að eilífu. Þá sögðu Júðar við hann: Nú finnu vær að þú hefir djöfulinn. Abraham er dauður og spámennirnir, og þú segir: Ef nokkur er sá eð geymir mín orð að hann muni eigi smakka dauðann að eilífu. Eður ert þú meiri feður vorum Abraham, hver framliðinn er, og spámennirnir eru og framliðnir? Hvern gjörir þú sjálfanþig?

Jesús svaraði: Ef eg vegsama mig sjálfur, þá er mín dýrð engin. Þar er minn faðir, sá mig vegsamar, hvern þér segið yðvarn Guð vera og þekkið hann þó eigi. En eg þekki hann. Og ef eg segða það eg þekkti hann eigi, þá væri eg einn ljúgari líkur yður, heldur þekki eg hann og geymi hans orð.

Abraham faðir yðar gladdist að hann skyldi sjá minn dag, og hann sá hann og varð glaður við. Þá sögðu Júðar til hans: Þú ert enn eigi fimmtugur, þó sátt þú Abraham. Jesús sagði til þeirra: Sannlega, sannlega segi eg yður: Áður en Abraham var, em eg. Þá tóku þeir upp steina að þeir köstuðu á hann. En Jesús forðaði sér og gekk úr musterinu.*

Níundi kapítuli

Og þá eð Jesús gekk fram hjá, sá hann þann einn mann sem blindur var borinn. Hans lærisveinar spurðu hann þá að og sögðu: Rabbí, hvort braut þessi eður hans foreldrar að hann fæddist svo blindur? Jesús svaraði: Eigi braut þessi né hans foreldrar, heldur að Guðs verk skulu auglýsast á honum. Mér byrjar að verka hans verk, þess mig sendi, á meðan að dagur er. Nóttin kemur nær enginn fær verkað. Svo lengi sem eg er í veröldinni, þá em eg ljós veraldar.

Þá hann hafði sagt þetta, spýtti hann á jörðina og gjörði sér hrákasaur og neri saurnum um augu hins blinda og sagði honum: Far þú til díkisins Sílóa, og hvað að þýðist sendur, og þvo þér. Þá gekk hann og þvó sér og kom sjáandi. Þá sögðu nágrennar hans og þeir sem hann höfðu áður þekkt að hann var bónarmaður: Er það eigi sá sem sat og beiddi? Sumir sögðu: Hann er það. En aðrir sögðu: Líkur er hann honum. Hann sjálfur sagði: Eg em sá. Þeir sögðu þá við hann: Hverninn eru þín augu upp lokin? Hann svaraði og sagði: Sá maður, sem nefndist Jesús, gjörði sér saur og reið á mín augu, og hann sagði mér: Far þú til díkisins Sílóa og þvo þér. Eg gekk að þvo mér og fékk sýnina. Þeir sögðu til hans: Hver er hann? Hann sagði: Eg veit ekki.

Þá leiddu þeir hann fyrir faríseos sem áður hafði blindur verið. En þá var þvottdagur er Jesús gjörði þann saurinn og opnaði hans augu. Þá spurðu farísei hann enn að hverninn hann hefði sýnina fengið, en hann sagði þeim: Saur lagði hann á mín augu, eg þvó og nú sé eg. Þá sögðu sumir af faríseis: Eigi er þessi maður af Guði því að hann heldur eigi þvottdaginn. En aðrir sögðu: Hverninn má syndugur maður gjöra þvilk teikn? Og þar varð sundurþykkja þeirra á milli. Þá sögðu þeir enn til hins blinda:

Hvað segir þú af honum því að hann opnaði þín augu? En hann sagði: Spámaður er hann.

Gyðingar trúðu eigi af honum að hann hefði blindur verið og væri nú skygginn vorðinn þangað til þeir kölluðu á hans foreldra, sem sýnina hafði aftur fengið, og spurðu þau að, svo segjandi: Er hann ykkar son, hvern þér segið blindan borinn vera? Eða hverninn sér hann nú? Hans foreldrar svöruðu þeim og sögðu: Við vitum að þessi er okkar sonur og það hann var blindur borinn. En með hverjum hætti hann sér nú, það vitum við ekki, eður hver hans augu opnaði, það vitu við og ekki. Hann hefir sjálfur aldur til að svara fyrir sig. Spyrjið hann að. Þetta sögðu hans feðgin, af því að þau óttuðust Gyðinga, því að Gyðingar höfðu þá þegar samblásið með sér það ef nokkur meðkenndi hann fyrir Kristum, að sá skyldi út rekinn af þeirra samkundum. Fyrir því sögðu hans feðgin að hann hefði aldur til, spyrjið hann að.

Þá kölluðu þeir aftur í öðru sinni á þann mann sem blindur hafði verið og sögðu honum: Gef Guði heiðurinn. Vér vitum að þessi maður er syndugur. Hann svaraði og sagði: Er hann syndugur? Það veit eg ekki. Eitt veit eg að eg var blindur og nú sé eg. Þeir sögðu þá enn til hans: Hvað gjörði hann þér? Eður hverninn lauk hann upp þínum augum? Hann svaraði þeim: Eg sagða yður það. Hafi þér ekki heyrt það? Til hvers vilji þér heyra það aftur? Eða vilji þér verða hans lærisveinar? Þá bölvuðu þeir honum og sögðu: Þú ert hans lærisveinn, en vær erum Moyses lærisveinar. Vér vitum að Guð talaði við Moyses, en vér vitum eigi hvaðan þessi er.

Sjá maður svaraði og sagði þeim: Það er undarlegt að þér vitið eigi hvaðan hann er, og þó lauk hann upp mínum augum. En vér vitum að Guð heyrir eigi synduga, heldur það ef nokkur er Guðs dyrkari og gjörir eftir hans vilja, þann heyrir hann. Um aldur hefir það eigi heyrt verið að nokkur hafi upp lokið þess manns augum sem blindur var borinn. Væri þessi maður eigi af Guði, þá mætti hann ekkert gjöra. Þá svöruðu þeir og sögðu til hans. Allur ert þú í synd alinn, og þú lærir oss. Og þá ráku þeir hann út.

Þá Jesús heyrði það að þeir höfðu hann út rekið og er hann fann hann, þá sagði hann til hans: Trúir þú á Guðs son? Hann svaraði og sagði: Herra, hvar er hann það eg trúir á hann? Jesús sagði til hans: Þú sátt hann, og hann sem við þig talar, sá er hann. Hinn svaraði: Herra, eg trúir. Og hann tilbað hann. Jesús sagði honum: Til dóms kom eg í þennan heim að þeir, sem eigi sjá, skyldu sjá og að þeir verði blindir sem sjá.* Og nokkrir af fariseis heyrðu þetta sem hjá honum voru og sögðu til hans: Eða eru vér þá blindir? Jesús sagði þeim: Ef þér væruð blindir, þá hefðu þér öngva synd. Nú fyrst þér segið: Vér sjáum, þá blífur yðar synd.

Tíundi kapítuli

Sannlega, sannlega segi eg yður: Hver hann gengur eigi inn um dyrnar í sauðahúsið, heldur stígur hann inn með öðrum hætti, sá er þjófur og spillvirki. En sá sem gengur inn um dyrnar, hann er hirðir sauðanna. Fyrir honum lýkur dyravörðurinn upp, og sauðirnir heyra hans rödd, og hann kallar sína sauði með nafni, leiðir þá og út. Og þá hann hefir sína sauði út látið, gengur hann frammi fyrir þeim, sauðirnir fylgja honum og eftir því að þeir þekkja hans rödd. En öðrum annarlegum fylgja þeir eigi eftir, heldur flýja þeir frá honum því að þeir kenna eigi annarlegra rödd. Þessa málsgrein talaði Jesús til þeirra, en þeir vissu eigi hvað hann sagði þeim.

Þá sagði Jesús enn aftur til þeirra: Sannlega, sannlega þá segi eg yður að eg em dyr sauðanna. Og allir hverjir helst fyrir mér komu, þeir eru þjófur og spillvirkjar, og sauðirnir hlýddu þeim eigi. Eg em dyrnar. Ef nokkur gengur inn um mig, sá mun frelsast. Hann mun og ganga út og inn, hann skal og finna sitt föður. Þjófurinn kemur ei til annars en hann steli, drepri og fordjarfi. En eg em kominn til þess að þeir skyldu hafa líf og fulla nægd.*

Eg em góður hirðir. Góður hirðir gefur sína önd út fyrir sína sauði. En leiguliðinn, sá eigi er hirðir og hvers sauðimír eru eigi eiginlegir, sér hann úlfinn komanda, yfirgefur hann sauðina og flýr, en úlfurinn grípur og stökkvir sauðunum. En leiguliðinn flýr af því að hann er leiguliði og gætir ekki sauðanna. Eg em góður hirðir, og eg þekki mína sauði, eg þekkjunst og af mínum svo sem að þekkir mig minn faðir, og eg þekki föðurinn. Og mína önd legg eg út fyrir mína sauði. Eg hefi og aðra sauði sem eigi eru af þessu sauðahúsi. Þá byrjar mér og hegat til að leiða, og þeir munu heyra mína rödd svo að það verði eitt sauðahús og einn hirðir.*

Fyrir því elskar mig minn faðir að eg legg út önd mína, eg tek hana og aftur. Enginn tekur hana og af mér, heldur legg eg hana út af sjálfum mér. Eg hefi vald til hana af að leggja, eg hefi og vald til hana aftur að taka. Þetta boðorð fékk eg af mínum föður. Þá varð enn sundurþykkja í millum Gyðinga fyrir sakir þessara orða. En margir af þeim sögðu: Djöfulinn hefir hann, og óður er hann. Til hvers heyrir þér honum? Aðrir sögðu: Þessi orð eru einskis óðs manns. Eða fær djöfullinn blinds manns augum upp lokið?

Þá gjörðist mustérisvígsla til Jerúsalem. Það var um vetur. Og Jesús gekk í musterinu í forbyrgi Salamonis. Þá umkringdu hann Júðar og sögðu til hans: Hversu lengi þá heldur þú vorri sálu upp? Ef þú ert Kristur, þá seg oss það berlega. Jesús svaraði þeim: Eg sagða yður það, en þér trúið eigi. Þau verk, er eg gjöri í míns föðurs nafni, bera vitni af mér, en þér trúið eigi því að þér eruð ei af mínum sauðum. Svo sem eg sagða yður að mínir sauðir heyra mína rödd, eg þekki þá og þeir fylgja mér eftir. Og eg gef þeim eilíft líf, og eigi skulu þeir fyrirfarast að eilífu, enginn skal þá og grípa úr minni hendi. Faðir minn, sá eð mér gaf, hann er öllum meiri, og enginn fær gripið af míns föðurs hendi. Eg og faðirinn erum eitt.

Þá tóku Gyðingar enn steina upp að grýta hann. Jesús svaraði þeim þá: Mörg góð verk sýndi eg yður af mínum föður. Fyrir hverra verka sakir þá vilji þér grýta mig? Gyðingar svöruðu honum þá, svo segjandi: Fyrir góð verk grýtu vér þig eigi, heldur fyrir þá guðlastan þar sem þú ert maður og gjörir þig sjálfan að Guði. Jesús svaraði þeim: Er eigi svo skrifað í yðru lögmáli: Eg sagða það þér eruð guðir? Nú ef það kallar þá guði, til hverra Guðs orð eru skeð og því ritningin má eigi rjúfast en við þann, sem faðirinn helgaði og í heiminn sendi, þá segi þér: Þú guðlastar, af því eg sagða: Eg em sonur Guðs? Ef eg gjöri ekki míns föðurs verk, þá trúið mér ekki. Nú fyrst eg gjöri þau, þá trúið verkunum þó þér viljið mér ekki trúa svo að þér kennið og trúið það faðirinn sé meður mér og eg meður honum.

Þá sóktu þeir enn til að grípa hann, en hann gekk út af þeirra höndum og fór aftur í þann stað hinumegin Jórdanar sem Jóhannes hafði áður skirt og var þar. Margir komu til hans og sögðu: Jóhannes gjörði að vísu ekkert teikn, en allt hvað Jóhannes sagði af þessum, þá er satt. Og margir trúðu þar á hann.

Ellefti kapítuli

Þar lá einn sjúkur maður, Lasarus að nafni af Betanía í híbýlum Maríu og hennar systur Marte. En María var sú sem herrann hafði smurt meður smyrslum og þurrkað hans fætur með sínum hárlökkum, hverrar bróðir var sá Lasarus sem sjúkur lá. Systur hans senda þá til Jesú, svo segjandi: Herra, sjá nú, sá þú elskar, hann er nú sjúkur. Þá Jesús heyrði það, sagði hann þeim: Þessi sótt er eigi til dauða, heldur til Guðs dýrðar svo að Guðs sonur verði fyrir hana dýrkaður. En Jesús elskaði Martam og systur hennar Maríu og svo Lasarum. Þá hann hafði það heyrð að hann var sjúkur, bleif hann samt tvo daga í þeim stað sem hann var þá.

Eftir það talar hann til sinna lærisveina: Göngu vér aftur í Júdeam. Þá sögðu hans lærisveinar við hann: Rabbí, næst þá (xii) stundir á degi? Hver hann gengur um daginn, sá steytir sig eigi því að hann sér þessa heims ljós. En hver hann gengur um nætur, sá steytir sig því að þar er ekkert ljós í honum. Þetta mælti hann, og eftir það sagði hann til þeirra: Lasarus, vinur vor, hann sefur, en eg fer að vekja hann af svefni. Þá sögðu hans lærisveinar: Herra, ef hann sefur, þá batnar honum. Jesús talaði um hans dauða, en þeir ætluðu að hann mundi segja af eðlilegum svefni. Þá sagði Jesús þeim opinberlega: Lasarus er látinn, og eg fagna fyrir yðrar sakir það eg var eigi þar svo að þér trúið. Og göngum nú til hans. Þá sagði Tómas, sem kallaðist tortrygginn, til lærisveinanna: Göngu vær til og deyjum með honum.

Jesús kom og þá og fann það hann hafði fjóra daga í gröfinni legið. En Betanía lá hart nærri Jerúsalem, svo sem xv renniskeið. Margir Gyðingar voru þar komnir til Martam og Maríu að þeir hugguðu þær um lát bróður síns. Sem Marta heyrir að Jesús kemur, rennur hún í móti honum, en María satheima.

Þá sagði Marta við Jesúm: Herra, ef þú hefðir hér verið, þá væri bróðir minn eigi látinn. En eg veit að hvers þú beiðist af Guði, það gefur Guð þér. Jesús sagði til hennar:

Bróðir þinn skal upp rísa. Marta sagði þá til hans: Eg veit að hann rís upp á efsta dags upprisu. Jesús sagði við hana: Eg em upprisa og líf. Hver hann trúir á mig, sá mun lifa þótt nú væri dauður, og hver hann lifir og trúir á mig, sá skal eigi deyja að eilífu. Trúir þú þessu? Hún sagði þá til hans: Já, herra. Eg trúi að þú sért sá Kristur, sonur Guðs, sem í heiminn skyldi koma.

Þá hún hafði þetta sagt, fór hún og kallaði Meistarinn er hér nær og kallar á þig. Þá hin heyrði það, stóð hún fljótt upp og kom til hans. Því að Jesús var enn eigi kominn til kastalans, heldur var hann enn í þeim stað sem Marta hafði í móti honum komið. En þeir Júðar, sem í húsinu voru og hana hugguðu, sáu það að hún stóð svo fljótt upp og gekk út. Fylgdu þeir henni eftir og sögðu: Hún fer til grafarinnar að gráta þar.

Þá María kom þangað sem Jesús var og hún leit hann, féll hún til fóta hans og sagði honum: Herra, ef þú hefst hér verið, þá væri bróðir minn eigi látinn. Sem Jesús sá hana nú gráta og þá Gyðingar grátandi er með henni komu, byrstist hann við í sínum anda og hryggðist með sjálfum sér og sagði: Hvar hafi þér lagt hann? Þeir sögðu honum: Herra, kom og skoða. En þá tárfeildi Jesús. Þá sögðu Gyðingar: Sjáid, hversu kæran hann hefir haft hann. En aðrir af þeim sögðu: Mátti hann, sem opnaði blinda manns augu, eigi gjöra við því að þessi hefði ekki dáid? Jesús sturlaðist þá enn með sjálfum sér, og þá kom hann til grafarinnar, en það var einn jarðmunnur, steinn var þar og yfir lagður.

Jesús sagði: Takið af steininn. Þá sagði Marta, systir hins dauða, til hans: Herra, hann lyktar nú því að hann er ferdagaður. Jesús sagði til hennar: Sagði eg þér ekki að ef þú tryðir, þá mundir þú sjá Guðs dýrd? Þá tóku þeir steininn ofan af þeim stað sem hinn dauði var í lagður. En Jesús hóf þá sín augu upp og sagði: Faðir, eg þakka þér það þú heyrðir mig, en eg veit þó að þú heyrir mig jafnan, heldur fyrir fólksins sakir sem hér stendur í kring, þá sagði eg það svo að það trúir því að þú sendir mig.

Þá hann hafði þetta sagt, kallaði hann hárra röddu: Lasari, kom þú út. Og þá strax kom sá út sem dauður hafði verið, reyrður með líkböndum að höndum og fótum, og um hans ásjón var sveipað meður sveitadúki. Jesús sagði til þeirra: Leysið hann, látið burt ganga. Margir af Gyðingum, sem komið höfðu til Mariam og sáu hvað Jesús gjörði, þá trúðu á hann.* En sumir af þeim gengu burt til fariseis og sögðu þeim hvað Jesús hafði gjört.

Þá samtóku biskupar og farisei eitt ráð og sögðu: Hvað skulu vær til gjöra því að þessi maður gjörir mörg teikn? Ef vér sleppum honum svo, þá trúa allir á hann, og þá koma Rómverjar að taka vort land og lýði. En einn af þeim, Kaífas að nafni, sá sem það sama ár var biskup, sagði til þeirra: Þér vitið ekkert og hugleiðið ekkert að betra er fyrir oss að einn maður deyi fyrir fólkið svo að eigi tapist allur lýður. En þetta sagði hann ei af sjálfum sér, heldur af því að hann var þess árs biskup. Þá spáði hann að Jesús skyldi deyta fyrir það fólk, eigi einasta fyrir það fólk, heldur það að hann safnaði í eitt þeim Guðs börnum er sundur voru dreifð. Og upp frá þeim degi samtóku þeir með sér að lifláta hann.

Jesús gekk eigi þaðan af berlega hjá Gyðingum, heldur fór hann burt í eitt byggðarlag nærri eyðimörku, í þá borg sem kallaðist Efrem, og þar dvaldist hann meður sínum lærisveinum.* En þá var páskahátíð Gyðinga nálæg, og margir úr þeirri sveit gengu upp til Jerúsalem fyrir páskana að hreinsa sig. Þeir stóðu og spurðu eftir Jesú og töluðu sín á millum í musterinu: Hvað sýnist yður það hann kemur eigi til hátíðardagsins? En biskupar og fariseis gáfu út það boðorð að ef nokkur vissi hvar hann væri, þá skyldi undirvísa þeim svo að þeir mættu höndla hann.

Tólfti kapítuli

Sex dögum fyrir páska kom Jesús í Betaníam þar sem Lasarus hafði dauður verið, hvern eð Jesús hafði upp vakið af dauða. En þeir bjuggu honum þar eina kveldmáltíð, og Marta þjónaði. Lasarus var einn af þeim sem til borðsins sat með honum. Þá tók María eitt smyrslapund af hinu skærasta og dýrlegasta narden og smurði með fætunum á Jesú og þurrkaði svo hans fatur meður sínum hárlökkum. Húsið fylltist og upp af ilm smyrslanna. Þá sagði einn af hans lærisveinum, Júdas Símeonsson Ískariot, sá er hann sveik þar eftir: Fyrir því eru þessi smyrsl eigi seld fyrir þrjú hundruð peninga og gefið fátækum? Þetta sagði hann eigi af því að hann hirti um fátæka, heldur af því að hann var þjófur og hafði féþyngjuna og bar það sem gefið var. Þá sagði Jesús: Lofa henni því þetta geymdi hún til míns greftrunardags. Volaða hafi þér jafnan hjá yður, en mig hafi þér eigi að jafnaði.

En er fjöldi mikill af Gyðingum fornam að hann var þar sjálfur, komu þeir ei einasta þangað fyrir Jesús sakir, heldur að þeir sæi Lasarum, þann sem hann hafði af dauða reist.* En prestahöfðingjar samtóku og það að láta í hel slá Lasarum því að fyrir hans sakir gengu margir af Gyðingum þangað og trúðu á Jesúm.

Annan dag eftir þá eð lýðurinn heyrði sem til hátíðardagsins var kominn að Jesús kæmi til Jerúsalem, þá tóku þeir sér kvistu af pálmaviði og gengu út í móti honum og hrópuðu: Hósianna. Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins, konungur Íraels. En Jesús fékk eina ösnu og reið þar á svo sem skrifað er: Óttast eigi, þú dóttir Sión. Sé, þinn konungur kemur ríðandi á einum ösnufola. En þetta skildu eigi hans lærisveinar í fyrstu, heldur þá eð Jesús var auglýstur, þá hugleiddu þeir að þetta var af honum skrifað og þeir höfðu honum þetta gjört.

En það fólk bar honum vitni sem hjá var þá hann kallaði Lasarum úr gröfinni og af dauða upp vakti. Af því gekk múgafólkið út í móti honum, það heyrði að hann hafði gjört sodant teikn. En farisei sögðu sín á milli: Þér sjáið nú að vér afrekum ekkert. Sjáið, að allur heimur fer eftir honum.

Þar voru og nokkrir Grikkir meður þeim sem upp höfðu farið að tilbiðja um hátíðina. Þeir gengu til Filippo, hver eð var af Betsaida úr Galílea, báðu hann og sögðu: Herra, vér vildum fá að sjá Jesúm. Filippus kom og sagði það Andrea, en Andreas og Filippus sögðu það Jesú. En Jesús ansaði þeim: Sá tími er nú kominn að sonur mannsins auglýsist.

Sannlega, sannlega segi eg yður: Nema það að frækornið falli í jörðina og deyi, þá blífur það eitt saman. En ef það deyr, færir það mikinn ávöxt. Hver hann elskar sína önd, hann glatar henni, en hver hann hatar sína önd í þessum heimi, sá varðveitir hana til eilífs lífs. Ef nokkur vill mér þjóna, þá fylgi hann mér eftir, og hvar eg em, þar skal og minn þénari vera. Og ef nokkur þjónar mér, þá mun minn faðir hann heiðra.*

Mín sála er nú hrygg, og hvað skal eg segja? Faðir, frelsa þú mig af þessum tíma. En fyrir því kom eg þó í þennan tíma. Faðir, birt þú nafn þitt. Þá kom rödd af himni, svo segjandi: Eg hefi það upp birt, og eg skal það enn upp birta. Þá sagði fólkið sem hjá stóð og á heyrði: Þar urðu reiðarþrumur. Aðrir sögðu: Engill talaði við hann. Jesús svaraði og sagði: Eigi kom þessi rödd fyrir minar sakir, heldur fyrir sakir yðar.

Nú er kominn dómur þessa heims. Nú mun og þessa heims höfðingi út rekast. Og fyrst eg verð upp hafinn af jörðu, þá mun eg draga allt til míns sjálfs. En þetta sagði hann teiknandi með hverjum dauða eð hann skyldi deyja. Þá svaraði fólkið honum: Vér höfum heyrt úr lögunum að Kristur blífi að eilífu. Hverninn segir þú þá að mannsins syni byrjar upp að hefjast? Hver er sá mannsins sonur? Þá sagði Jesús til þeirra: Ljósíð er stutta stund hjá yður. Gangið því á meðan þér hafið ljósíð svo að myrkrin höndli yður eigi. Því sá er gengur í myrkrunum, hann veit eigi hvert hann fer. Og á meðan þér hafið ljósíð, þá trúið á ljósíð upp á það þér séuð synir ljóssins.

Þetta talaði Jesús og gekk burt síðan og huldi sig fyrir þeim. Þótt hann gjörði mörg teikn fyrir þeim, þá trúðu þeir þó eigi á hann svo að uppfylltist orðsaga Esæa spámanns, þá hann sagði: Herra, hver trúir vorri predikan, og hverjum er armleggur Drottins opinberaður? Fyrir það máttu þeir eigi trúa að Esæas segir enn í öðrum stað: Alblindaði hann augu þeirra og ofherti hjörtu þeirra svo að þeir sæi eigi með augunum né skildu með hjartanu að þeir umsnúist svo eg græði þá. Þetta sagði Esæas þá hann leit hans dýrð og talaði af honum. Margir af höfðingjum trúðu einninn á hann, en fyrir sakir faríseis þá meðkenndu þeir það eigi svo að þeir væri eigi forboðaðir af samkomum því að þeir elskuðu meir vegsemd manna en Guðs dýrð.

Jesús kallaði þá og sagði: Hver sem á mig trúir, hann trúir eigi á mig, heldur á hann sem mig sendi, en hver hann sér mig, hann sér þann sem mig sendi. Eg em ljós í heiminn kominn svo að hver sem á mig trúir, blífi eigi í myrkrunum. Og ef nokkur heyrir mín orð og trúir eigi, hann mun eg eigi dæma því að eg kom eigi til að dæma heiminn, heldur að frelsa heiminn. Hver hann fyrirlítur mig og meðtekur eigi mín orð, hann hefir þann eð hann dæmir. Það orð sem eg talaði, það mun dæma hann á efsta degi. Því að eg talaði eigi af sjálfum mér, heldur faðirinn sá mig sendi, hann gaf mér sjálfur boðorð til hvað eg skyldi segja eður mæla, og eg veit að hans boðorð er eilíft líf. Það eg tala, það tala eg svo sem faðirinn sagði mér.

Þrettánda kapítuli

Fyrir páskahátíðina, og Jesús vissi að hans tími var kominn að hann gengi úr þessum heimi til föðursins. Og líka sem hann elskaði sína þá er hér voru í heimi, svo elskaði hann þá og allt til enda. Og að gjörðri kveldmáltíðinni (því djöfullinn hafði þá þegar sent í hjarta Júdasar Símonssonar Ískariot, að hann sviki hann) vissi Jesús það faðirinn hafði allt gefið honum í hendur og það að hann var af Guði út kominn og til Guðs færi hann. Stóð hann upp frá kveldmáltíðinni, lagði af sér klæðin og tók eitt línklæði, gyrti um sig. Eftir það hellti hann vatni í eina munnlaug og tók til að þvo fæturna á lærisveinunum og þurrkaði meður því línklæði er hann var með gyrtur.

Þá kom hann til Símonar Petri. En Pétur sagði til hans: Herra, átt þú að þvo á mér fætur? Jesús svaraði og sagði honum: Hvað eg gjöri, það veist þú nú eigi, en seinna veist þú það. Þá sagði Pétur til hans: Aldri um ævi skalt þú mína fætur þvo. Jesús svaraði honum: Ef eg skal eigi þvo þér, þá hefir þú ekki hlutdeild meður mér. Símon Petrus sagði þá: Herra, ei einasta fæturna, heldur jafnvel höfuð og hendur. Jesús sagði til hans: Sá þveginn er, hann þarf eigi að þvo nema fæturnar því hann er allur hreinn. Þér eruð og hreinir, en eigi allir. Því hann vissi fyrir hver sá var er hann mundi svíkja. Fyrir það sagði hann: Þér eruð ei allir hreinir.

En eftir það hann hafði þvegið fætur þeirra, tók hann sín klæði, settist niður aftur og sagði þá enn til þeirra: Viti þér hvað eg gjörða yður? Þér kallið mig meistara og herra, þér segið það og rétt því að eg er hann, og nú ef eg, herra og meistari, þvo yðra fætur, þá skulu þér og innbyrðis þvo hver annars fætur. Þetta gaf eg yður til eftirdæmis svo þér gjörði líka sem eg gjörða við yður. Sannlega, sannlega segi eg yður að þjóninn er eigi meir sínum herra né sendiboðinn æðri þeim er hann út sendi.

Ef þér vitið þetta, þá eru þér sælir ef þér gjörði þetta. Eigi segi eg af yður öllum. Eg veit hverja eg hefi út valið, heldur það að uppfyllist ritningin: Sá sem að etur brauð meður mér, hann treður mig undir fætur. Nú segi eg yður það áður en það sker svo að þér trúið þá það er skeð að eg em hann. Sannlega, sannlega þá segi eg yður: Hver hann meðtekur þann er eg sendi, sá meðtekur mig, en hver hann meðtekur mig, hann meðtekur þann sem mig sendi.

Þá Jesús hafði þetta sagt, hryggðist hann í sínum anda, vottaði og sagði: Sannlega, sannlega segi eg yður það einn af yður mun forráða mig. Þá leit hver lærisveinanna til annars uggandi við af hverjum hann segði. En þar var einn af hans lærisveinum sem sat til borðsins í faðmi Jesú, hvern er Jesús elskaði mjög. Honum benti Símon Petrus að hann spyrdi hann hver sá væri er hann hefði til talað. Af því að hann lá þá á brjósti Jesú sagði hann til hans: Herra, hver er sá? Jesús svaraði: Sá er hann, að hverjum eg rétti vökvaðan brauðbita. Og þá hann vökvaði brauðið, gaf hann það Júdasi Símonssyni Ískariót, og eftir þann bita fór andskotinn í hann.

Þá sagði Jesús til hans: Hvað þú gjörir, þá gjör það snart. En enginn af þeim sem til borðsins sátu, vissi til hvers hann talaði. Sumir ætluðu það af því að Júdas hafði fepungana að Jesús mundi segja honum: Kaup þú það er oss gjörist þörf til hátíðardagsins, eða að hann gæfi nokkuð fátækum. Og þá hann hafði bitann tekið, gekk hann strax út, og þá var nótt. En þá hann var út genginn, sagði Jesús: Nú er mannsins sonur auglýstur, og Guð er auglýstur með honum. Fyrst Guð er auglýstur með honum, þá mun Guð auglýsa hann í sjálfum sér, og snarlega mun hann auglýsa hann.

Sonakorn mín, eg em enn litla stund hjá yður. Þér leitið mín, og líka sem eg sagði við Gyðinga: Hvert eg fer, þangað kunni þér eigi að koma, svo segi eg yður nú. Eitt nýtt boðorð þá gef eg yður að þér elskið hver annan. Líka sem eg elskaði yður, svo skulu þér og elskast innbyrðis, og af því kenna allir að þér eruð mínir lærisveinar ef þér hafið kærleikann yðar í milli. Símon Petrus segir til hans: Herra, hvert fer þú? Jesús svaraði honum: Þangað sem eg fer, máttu nú að sinni eigi fylgja mér, en seinna meir þá muntu fylgja mér. Pétur segir til hans: Herra, því má eg nú ekki fylgja þér? Eg vil setja mitt líf út fyrir þig. Jesús svaraði honum: Hvað mundir þú setja þitt líf út fyrir mig? Sannlega, sannlega þá segi eg þér að haninn gelur ei áður en þú hefir neitað mér þrisvar.

Fjórtdandi kapítuli

Þá sagði hann til sinna lærisveina: Hryggvist eigi í yðru hjarta. Trúi þér á Guð, þá trúið og á mig. Í míns föðurs húsi eru margar verur, en ef eigi svo væri, þá segði eg að eg færa að tilbúa yður staði. Og ef eg fer héðan að tilbúa yður stað, þá vil eg þó aftur koma og taka yður til mín sjálfs svo þér séuð þar sem eg er. Og hvert eg fer, það viti þér, og veginn viti þér.

Tómas sagði til hans: Herra, vér vitum eigi hvert þú fer, eða hverninn megu vér þá veginn vita? Jesús sagði til hans: Eg em vegurinn, sannleikurinn og lífið. Enginn kemur til míns föðurs nema fyrir mig. Því ef þér þekkið mig, þá þekki þér og minn föður, og nú héðan frá þá þekki þér og svo sáu þér hann.

Filippus sagði til hans: Herra, sýn oss föðurinn. Þá nægir oss. Jesús sagði þá til hans: Svo lengi em eg í hjá yður, og þú þekkir mig eigi, Filippe? Hver mig sér, sá sér og föðurinn. Og hverninn segir þú þá: Sýn oss föðurinn? Trúi þú eigi að eg em með föðurnum og faðirinn með mér? Þau orð er eg tala til yðar, þau tala eg eigi af sjálfum mér. Faðirinn, sá sem meður mér byggir, hann sjálfur gjörir þau verk. Trúið mér að eg sé með föðurnum og faðirinn meður mér. Ef eigi annars þá trúið mér þó fyrir verkanna sakir.

Sannlega, sannlega segi eg yður: Hver hann trúir á mig, sá mun gjöra þau verk sem eg gjöri. Hann mun og gjöra þessum meiri því að eg fer til míns föðurs. Og hversþér biðjið föðurinn í mínu nafni, það vil eg gjöra svo að faðirinn dýrkist í syninum. Og hvers þér biðjið í mínu nafni, það vil eg gjöra.*

Ef þér elskið mig, þá haldið mín boðorð. Og eg mun biðja föðurinn að hann gefi yður annan huggara, þann er blífur með yður eilíflega, þann sannleiksanda, hvern heimurinn fær eigi meðtekið því hann sér hann eigi og þekkir hann eigi. En þér þekkið hann því að hann blífur hjá yður og mun vera með yður. Eigi læt eg yður föðurlausa. Eg kem til yðar.

Innan skamms tíma þá mun heimurinn ei sjá mig meir. En þér skuluð sjá mig því að eg lifi og þér munuð og lifa. Á þeim degi kenni þér að eg em með föðurnum og faðirinn með mér og eg með yður.

Hver hann hefir mín boðorð og heldur þau, hann er sá sem mig elskar. En hver hann elskar mig, sá elskast af mínum föður, og eg mun elska hann, eg mun og opinbera mig honum. Þá sagði Júdas eigi Skariot til hans: Herra, hvað verður þess gjört að þú munt vilja opinbera sjálfan þig fyrir oss, en eigi heiminum? Jesús svaraði og sagði til hans: Hver hann elskar mig, sá varðveitir mín orð, og minn faðir mun elska hann. Og við komum til hans og gjörum okkur í hjá honum vistarveru. En hver hann elskar eigi mig, sá varðveitir eigi mín orð. Og það orð, er þér heyrð, er eigi mitt, heldur föðursins, þess er mig sendi.

Þetta* sagði eg yður á meðan eg var hjá yður. En huggarinn, hinn heilagi andi, þann er minn faðir mun senda yður í mínu nafni, hann sjálfur mun læra yður alla hluti og áminna yður á allt það hvað eg sagða yður.

Minn frið læt eg hjá yður, minn frið gef eg yður. Eigi svo sem heimurinn gefur, þá gef eg yður. Yðart hjarta hryggvist eigi né skelfist. Þér heyrðuð það eg sagða yður: Eg fer og kem til yðar. Ef þér elskuðuð mig, þá gleddust þér við það eg sagða: Eg fer til föðursins, því að faðirinn er mér meiri. Og nú sagði eg yður það fyrir en það sker svo að þér trúið þá það erskeð.

Hér eftir mun eg eigi tala margt við yður því að höfðingi þessa heims kemur og með mig hefur hann ekkert, heldur það að heimurinn kenni það eg elska föðurinn og það eg gjöri svo sem faðirinn hefir mér boðið.* Stöndum upp og göngum héðan.

Fimmtándi kapítuli

Eg em sannur vínviður, og minn faðir er vingarðsvörðurinn. Hvern þann kvist á mér, er eigi færir ávöxt, mun hann af kvista. Hvern þann, sem ávöxt færir, mun hann hreinsa svo að hann færi meira ávöxt. Þér eruð nú hreinir fyrir sakir þess orðs er eg talaði við yður. Blífið í mér og eg með yður. Líka sem vínkvisturinn fær eigi fært ávöxt af sjálfum sér nema hann sé á vínviðartrénu, svo og eigi heldur þér nema þér blífið á mér.

Eg em vínviðartréið, en þér eruð vínviðarkvistirnir. Hver hann blífur í mér og eg meður honum, sá færir mikinn ávöxt því að án mín fái þér einskis orkað. Hver sá er eigi blífur í mér, hann er út kastaður sem annar vínviðarkvistur og uppþornar. Og þeir saman lesa þá og kasta á eld og brenna. Nú ef þér blífið í mér og mín orð blífa í yður, biðjið þá hvers þér viljið, og það skal yður veitast. Því verður minn faðir dýrkaður að þér færið mikinn ávöxt og verðið mínir lærisveinar.

Svo sem elskaði mig minn faðir, líka svo elska eg og yður. Blífið í minni ástsemd. Ef þér varðveitið mín boðorð, þá blífi þér í minni ástsemd, líka svo sem eg varðveiti míns föðurs boðorð, og eg blíf í hans ástsemd. Þetta tala eg því til yðar að minn fögnuður blífi hjá yður og yðar fögnuður uppfylltist.* Það er mitt boðorð að þér elskist yðar í milli svo sem eg elskaði yður. Enginn hefir meiri ástsemd en sá er hann setur sitt líf út fyrir sína vini. Þér eruð mínir vinir ef þér gjörðið það eg býð yður. Og héðan af kalla eg yður eigi þénara því að þjónninn veit eigi af hvað hans herra gjörir. En yður segi eg vini því að allt hvað eg heyrða af mínum föður það kunngjörða eg yður. Eigi útvöldu þér mig, heldur hefi eg útvalið yður. Og eg skikkaði yður til að þér genguð og færðuð ávöxt svo að yðar ávöxtur blífi til þess að hvers þér biðjið föðurinn í mínu nafni, þá gefi hann yður. Það býð eg yður að þér elskið hver annan. Ef heimurinn hatar yður, þá vitið að hann hefir hatað mig fyrri en yður. Ef þér væruð af þessum heimi, þá elskaði heimurinn það hans væri. Því sennilega eruð þér eigi af heiminum, heldur útvalda eg yður úr heiminum, fyrir það hatar yður heimurinn. Minnst á mín orð er eg sagða: Þjónninn er eigi meiri sínum herra. Ef þeir hafa ofsókt mig, þá munu þeir og ofsækja yður. Hafa þeir geymt mín orð, þá munu þeir og geyma yðar orð.

En allt þetta munu þeir gjöra yður fyrir míns nafns sakir því að þeir þekkja eigi hann, þann er mig sendi. Ef eg væri eigi kominn og hefði eigi sagt þeim það, þá hefði þeir öngva synd. Nú hafa þeir ekkert það þeir vernda sína synd með. Hver sem mig hatar, sá hatar og minn föður. Ef eg hefða eigi gjört þau verk á meðal þeirra sem enginn hefir annar gjört, þá hefðu þeir öngva synd. En nú hafa þeir séð og hata þó bæði mig og minn föður, heldur það að sú málsgrein, sem skrifuð er í þeirra lögmáli, uppfylltist: Fyrir ekkert höfðu þeir mig að hatri.* En þá sá huggari kemur er eg mun senda yður af mínum föður sem er sannleiksandi, hver af föðurnum framgengur, hann mun bera vitni af mér. Þér munuð og bera mér vitni því að þér hafði frá upphafi hjá mér verið.

Sextándi kapítuli

En þetta tala eg til yðar svo að þér blygðist eigi því þeir munu forboða yður. Og sá tími kemur að hver yður líflætur, hann meinar sig gjöra þægt verk Guði. Og þetta gjöra þeir yður af því að þeir þekja hvorki föðurinn né mig. En þetta tala eg því til yðar að nær sú stund kemur, þá skulu þér minnst þar á því að eg sagða yður það. En þetta sagða eg yður eigi í upphafi því eg var hjá yður.* Og nú fer eg til hans sem mig sendi, og enginn yðar spyr mig að: Hvert fer þú? heldur að því eg talaði þetta til yðar, þá uppfylltist yðart hjarta af hryggð. En eg segi yður þó sannleikinn að það batar yður að eg fari héðan því að ef eg fer eigi héðan, þá kemur eigi huggarinn til yðar. En ef eg fer héðan, þá mun eg senda hann til yðar. Og þá hann kemur, straffar hann heiminn fyrir synd og fyrir réttlæti og fyrir dóm, - fyrir syndina því þeir trúu eigi á mig, en fyrir réttlætið því að eg fer til föðursins, og þaðan af sjái þér mig eigi, en fyrir dóminn því að þessa heims höfðingi er dæmdur.

Enn hefi eg margt að segja yður, en þér fáið eigi allt borið að sinni. Nær að kemur sá sannleiksandi, þá mun hann kenna yður allan sannleik því að eigi talar hann af sjálfum sér, heldur hvað hann heyrði, það talar hann, og hvað ókomið er, það kunngjörir hann yður. Hann sami mun og auglýsa mig því að af mínu mun hann það taka og kunngjöra yður. Allt hvað minn faðir hefur, það er mitt. Fyrir því sagða eg að af mínu mun hann það taka og kunngjöra yður.*

Og innan skamms þá munu þér eigi sjá mig, og enn aftur innan skamms þá munu þér sjá mig því að eg fer til föðursins. Þá sögðu hans lærisveinar sín á milli: Hvað er það að hann sagði oss: Innan skamms þá munu þér eigi sjá mig, og þá aftur innan skamms munu þér sjá mig því að eg fer til föðursins? Þá sögðu þeir: Hvað er það: Innan skamms? Vér vitum eigi hvað hann segir. Þá fornam Jesús að þeir vildu spyrja hann að og sagði til þeirra: Þér spyrjið að því yðar í milli: Innan skamms þá munu þér eigi sjá mig, og þá aftur innan skamms munu þér sjá mig. Sannlega, sannlega segi eg yður: Þér munuð gráta og kveina, en heimurinn mun fagna. Þér verðið og hryggvir, en yðar hryggð skal snúast í fögnuð.

Konan, nær hún skal fæða, þá hefir hún hryggð því að hennar stund er komin. En þá hún hefir barnið fætt, minnst hún eigi þess harmkvælis fyrir fagnaðar sakir því maður var í heiminn borinn. Þér hafið nú hryggð, en eg skal sjá yður aftur, og yðart hjarta skal fagna, og yðvarn fögnuð skal enginn af yður taka. Á þeim degi munu þér mig og einskis spyrja.* Sannlega, sannlega segi eg yður: Hvers þér biðjið föðurinn í mínu nafni, það mun hann gefa yður. Hingað til hafi þér einskis beðið í mínu nafni. Biðjið, þá munu þér meðtaka svo að yðar fögnuður fullkomnist.

Þetta hefi eg talað í orðskviðum til yðar. Sá tími kemur að eg tala eigi lengur orðskviði til yðar, heldur kunngjöri eg yður berlega af mínum föður. Á þeim degi munu þér og biðja í mínu nafni. Og eigi segi eg yður að eg muni biðja föðurinn fyrir yður því að sjálfur faðirinn elskar yður af því þér elskið mig og trúið það eg sé af Guði út genginn. Eg em af föðurnum út genginn og kominn í þennan heim. Eg fyrirlæt og aftur þennan heim og fer til föðursins.

Hans lærisveinar segja þá til hans: Sé, nú talar þú berlega og mælir öngva orðskviðu. Nú vitum vær að þú veist alla luti, og þú þarft eigi að nokkur spyrji þig. Fyrir það trúum vér að þú sért af Guði út genginn.* Jesús svaraði þeim: Nú trúi þér. Sjáið, sú stund kemur og er nú þegar komin að þér sundrist hver til sinna og látið mig einan saman. En eg er þó eigi einn saman því að faðirinn er með mér.

Þetta tala eg því til yðar að þér hefðuð frið í mér því í heiminum hafi þér hörmung. En verið þó hughraustir því að eg yfirvann heiminn.

Seytjándi kapítuli

En þetta talaði Jesús og hóf upp sín augu til himins og sagði: Faðir, stundin er komin að þú auglýsir son þinn svo að þinn sonur auglýsi og þig svo sem þú gaft honum yfir vald alls holds að hann gefi þeim öllum er þú gaft honum eilíft líf. En það er eilíft líf að þeir játi þig einan og sannan Guð vera og þann þú út sendir, Jesús Krists. Eg auglýsti þig á jörðu og fullkomnaði það verk er þú fékkst mér að gjöra. Og nú auglýs þú mig faðir hjá sjálfum þér meður þeirri dýrd er eg hafða hjá þér áður en heimurinn var. Eg hefi opinberað nafn þitt fyrir mönnum þeim er þú gaft mér af heiminum. Þeir voru þínir, og þú gaft mér þá, og þeir geymdu þín orð. Nú vita þeir að allt, hvað þú gaft mér, sé af þér því að þau orð er þú gaft mér, þá gaf eg þeim. Og þeir hafa þau meðtekið og sennilega viðurkennt það eg em af þér út genginn og trúu því að þú sendir mig.

Eg bið fyrir þeim. Eigi bið eg fyrir heiminum, heldur fyrir þeim, hverja þú gaft mér því að þeir eru þínir, og hvað mitt er, það er þitt, og hvað þitt er, það er mitt, og í þeim er eg auglýstur. Og eigi em eg nú meir í heiminum, en þeir eru í heiminum, og eg kem til þín. Heilagur faðir, geym þá í þínu nafni, hverja þú gaft mér, að þeir sé eitt svo sem við. Á meðan eg var hjá þeim í heiminum, þá geymdi eg þá í þínu nafni, hverja þú gaft mér, þá varðveitti eg, og enginn af þeim er glataður nema sá einn glatanar sonur svo að ritningin uppfylltist.

En eg kem nú til þín, og þetta tala eg í heiminum svo að þeir hafi minn fullan fögnuð meður sjálfum sér. Eg gaf þeim mín orð, og heimurinn hatar þá því að þeir eru eigi af heiminum, líka sem það að eg er eigi af heiminum. Eg bið eigi að þú takir þá af heiminum, heldur að þú geymir þá frá illu. Þeir eru eigi af heiminum svo sem að eg er eigi af heiminum. Helga þú þá í þínum sannleik. Þín orð eru sannleikur. Líka sem þú sendir mig í heiminn, svo sendi eg þá í heiminn, og fyrir þá helga eg sjálfan mig svo að þeir sé og helgaðir í sannleikum.

Eg bið eigi einasta fyrir þeim, heldur og jafnvel fyrir þeim sem trúa munu á mig fyrir þeirra orð svo að þeir sé allir eitt, svo sem þú, faðir, ert meður mér og eg meður þér að þeir séu og eitt með okkur svo að heimurinn trúir það þú sendir mig. Og þá dýrð sem þú gaft mér, þá gaf eg þeim að þeir séu og eitt svo sem að vér erum eitt, eg með þeim og þú með mér, svo að þeir sé fullkomnir í eitt og það að heimurinn kenni að þú sendir mig og það þú elskaðir þá svo sem þú elskaðir mig. Faðir, hverja er þú gaft mér (vil eg) að hvar sem eg er, þá sé þeir meður mér svo þeir sjái mína dýrð, þá þú gaft mér því að þú elskaðir mig fyrir en heimurinn var skapaður. Réttvísi faðir, heimurinn kennir þig eigi, en eg kenni þig, og þessir kenna það þú sendir mig. Og þitt nafn gjörða eg þeim kunnigt, og eg vil gjöra þeim það kunnigt svo að sú ástæmd, með hverri þú elskaðir mig, sé í þeim og eg meður þeim.

Átjándi kapítuli

Þá Jesús hafði nú þetta talað, gekk hann út með sína lærisveina yfir um lækinn Kedron þangað sem einn grasgarður var. Og Jesús gekk þar inn með sína lærisveina. En Júdas, sá er hann sveik, vissi og þennan stað því að oft kom Jesús þangað með sína lærisveina. Þá Júdas hafði nú til sín tekið flokk manna og einninn af biskupanna og fariseis þénurum, kom hann þangað meður lyktum logbröndum og hervopnum. Nú því að Jesús vissi allthvað yfir hann átti að koma, þá gekk hann fram og sagði til þeirra: Að hverjum spyrji þér? Þeir svöruðu honum: Að Jesú af Nasaret. Þá sagði Jesús til þeirra: Eg em hann.

En Júdas, sá er hann seldi, stóð þar hjá þeim. Og þá er Jesús sagði það til þeirra: Eg em hann, hörfuðu þeir á bak aftur og dattu til jarðar. Hann spurði þá enn aftur að: Að hverjum spyrji þér? En þeir sögðu: Að Jesú hinum naðverska. Jesús svaraði: Eg sagða yður það eg er hann. Og ef þér spyrjið að mér, þá leyfið þessum burt að ganga, svo að uppfylltist það orð er hann sagði: Öngum glataði eg af þeim sem þú gaft mér.

Símon Petrus hafði hjá sér eitt sverð, dró það út og sló til eins biskupsþénara og hjó af hans hægri eyra. En þénarinn hét Malkus að nafni. Þá sagði Jesús til Péturs: Stiktu þínu sverði í slíðir. Skal eg eigi drekka þann kalek sem mér gaf minn faðir?

En flokkurinn og hershöfðinginn og Gyðingapénarar höndluðu Jesúm, bundu hann og leiddu fyrst burt til Annas (er var mágur Kaífas), sá er þá var þess árs biskup. En Kaífas var sá er Gyðingum gaf það ráð að betur færi það einn maður dæi fyrir lýðinn.

Símon Petrus fylgdi Jesú eftir. Og enn annar lærisveinn var kunnigur biskupinum og gekk inn með Jesú í biskupsins herbergi, en Pétur stóð fyrir dyrum úti. Þá gekk út hinn annar lærisveinn sem biskupinum var kunnigur og talaði við hana er dyrnar geymdi og leiddi Petrum inn. Þá sagði ambáttin, sú dyrnar geymdi, til Péturs: Ert þú eigi einn af þess manns lærisveinum? Hann sagði: Eigi er eg. En þénarar og undirmenn stóðu við eldsglæður og vermdu sig því að kuldi var. Pétur stóð þar hjá þeim og vermdi sig.

Biskupinn spurði Jesúm þá að um hans lærisveina og um hans kenning. Jesús svaraði honum: Eg hefi opinberlega talað fyrir heiminum. Eg kenndi og jafnan í samkunduhúsum og í musterinu þar sem allir Gyðingar komu saman, og á laun hefi eg ekkert talað. Því spyr þú mig þar að? Spyr þú þá þar að sem heyrta hafa hvað eg hefi talað fyrir þeim. Sjá, þeir vita hvað eg hefi sagt. En sem hann sagði þetta, þá gaf einn þeirra þénaranna sem nær stóð Jesúpústur og sagði: Skalt þú svo svara biskupinum? Jesús svaraði: Ef eg talaði illa, þá vitna þú það vont vera, en ef eg talaði satt, því slær þú mig þá? Og Annas sendi hann þá bundinn til Kaífam biskups.

Og er Símon Petrus stóð þar og vermdi sig, þá töluðu þeir til hans: Ert þú eigi einn af hans lærisveinum? Hann neitaði og sagði: Eigi er eg. Þá sagði honum einn af biskupsins þénurum, frændi hins sem Pétur hjó eyrað af: Sá eg þig eigi í grasgarðinum hjá honum? Þá neitaði Pétur því enn einu sinni, og þá strax gól haninn.

Þá leiddu þeir Jesúm frá Kaífas og í þinghúsið, en það var snemma morguns. Og þeir gengu eigi sjálfir inn í þinghúsið að þeir saurguðust ekki, heldur svo þeir mætti neyta páskanna. Pílatus gekk þá út til þeirra og sagði: Hverja ákæru færi þér í gegn þessum manni? Þeir svöruðu og sögðu til hans: Ef þessi væri eigi illræðismaður, þá hefðu vér eigi selt þér hann. Þá sagði Pílatus til þeirra: Taki þér hann þá og dæmið eftir yðrum lögum. Gyðingar sögðu þá til hans: Eigi hæfir oss að lífláta nokkurn svo að það orð uppfylltist er hann sagði, teiknandi til með hverjum dauða hann ætti að deyja.

Pílatus gekk þá inn aftur í þinghúsið, kallaði á Jesúm og sagði til hans: Ert þú Gyðingakonungur? Jesús svaraði: Talar þú það af sjálfum þér eða hafa aðrir sagt þér frá mér? Þá svaraði Pílatus: Er eg nokkuð Gyðingur? Þín þjóð og biskuparnir seldu þig mér. Hvað gjörðir þú? Jesús svaraði: Mitt ríki er eigi af þessum heimi. Ef að mitt ríki væri af þessum heimi, þá mundi mínir þénarar stríða í mót svo að eg seldist eigi Gyðingum. En nú er mitt ríki eigi héðan. Þá sagði Pílatus til hans: Þá ert þú þó konungur? Jesús svaraði: Þú segir það. Eg em og konungur. Til þess em eg fæddur og til þess em eg í heiminn kominn að eg beri vitni sannleiknum. Og allir sem eru af sannleiknum, þeir heyra mína rödd. Pílatus sagði til hans: Hvað er sannleikur?

Og þá hann hafði þetta sagt, gekk hann út aftur til Gyðinga og sagði til þeirra: Eg finn öngva sök með honum. En það er yðar siðvenja að eg gefi yður einn lausan á páskum. Vilji þér að eg gefi yður nú lausan sjálfan Gyðingakonunginn? Þá kölluðu allir aftur í móti, segjandi: Eigi þennan, heldur Barrabam. En Barrabas var spillvirki.

Nítjándi kapítuli

Pílatus tók þá Jesúm og lét strýkja. Stríðsmenn fléttuðu kórónu af þyrnum og settu á hans höfuð, færðu hann og í purpuraklæði og sögðu: Heill sértu, konungur Gyðinga, og gáfu honum pústra. Þá gekk Pílatus út aftur og sagði til þeirra: Sjáið, eg leiði hann nú út til yðar svo að þér vitið það eg finn öngva sök með honum. Þá gekk Jesús út, berandi þyrnikórónu og eitt purpuraklæði. Og hann sagði til þeirra: Sjáið manninn. Þá er biskuparnir og þénararnir sáu hann, kölluðu þeir, svo segjandi: Krossfestið, krossfestið. Pílatus sagði til þeirra: Taki þér hann og krossfestið því að eg finn öngva sök með honum. Þá svöruðu honum Gyðingar: Vér höfum lög, og eftir vorum lögum skal hann deyja því að hann gjörði sig að Guðs syni.

Þá Pílatus heyrði þessi orð, óttaðist hann enn meir og gekk inn aftur í þinghúsið og sagði til Jesú: Hvaðan ert þú? En Jesús gaf honum eigi svar. Þá sagði Pílatus til hans: Talar þú eigi við mig? Veist þú eigi að eg hefi vald til að láta krossfesta þig og eg hefi vald til að gefa þig lausan? Jesús svaraði: Eigi hefðir þú nokkuð vald yfir mér nema þér væri það gefið hér ofan að. Fyrir því hefir sá meiri synd er mig selda þér. Og eftir það leitaði Pílatus við að láta hann lausan. En Gyðingar hrópuðu og sögðu: Ef þú lætur þennan lausan, þá ert þú ekki keisarans vinur. Því að hver sem sig gjörir konung, hann mælir í móti keisaranum.

Þá Pílatus heyrði þessi orð, leiddi hann Jesúm út og setti sig á dómstól í þeim stað sem kallaðist Hávi flötur, en á ebresku Gabbata. En það var á aðfangadegi páska, nærri séttu stund. Þá segir hann og til Gyðinga: Sjáið konung yðvarn. En þeir kölluðu: Taki burt. Krossfestu hann. Pílatus sagði til þeirra: Skal eg krossfesta konung yðvarn? Þá svöruðu biskuparnir: Öngvan höfu vær konung nema keisarann. Þá seldi hann þeim hann að hann krossfestist.

Þá tóku þeir Jesúm og leiddu hann þaðan. Hann sjálfur bar sinn kross og gekk út í þann stað sem kallaðist Höfuðskeljarstaður, en á ebresku Golgata, hvar þeir krossfestu hann og tvo aðra með honum, sinn til hvorrar handar, en Jesúm í miðið. Pílatus skrifaði eina yfirskrift og setti hana upp yfir krossinum. En svo var skrifað: Jesús af Naðaret, Gyðingakonungur. Þessa yfirskrift lásu margir af Gyðingum því að sá staður var nærri borginni er Jesús var krossfestur á, en það var skrifað á ebresku, girsku og latínu. Þá sögðu biskupar Gyðinga við Pílatum: Skrifa þú eigi konung Gyðinga, heldur það hann hefði sagt: Eg em konungur Gyðinga. Pílatus svaraði: Hvað eg skrifaði, það hefi eg skrifað.

Þá stríðsmenn höfðu krossfest Jesúm, tóku þeir hans klæðnað og gjörðu á fjögur hluta skipti, sérhverjum stríðsmanni sinn hlut, og þar með kyrtillinn. En kyrtillinn var eigi saumaður, heldur frá ofanverðu allur ofinn. Þá töluðu þeir sín á milli: Skeru vær hann eigi, hlutumst heldur um eð hvers hann skal vera, svo að ritningin uppfylltist er segir: Þeir skiptu sér klæðum mínum, og á mitt fat þá lögðu þeir hlutkesti. Og þetta gjörðu nú stríðsmennirnir.

En þar stóðu við krossinn hjá Jesú móðir hans og móðirsystir hans, María, húsfrú Kleófas, og María Magdalena. Þá Jesús sá nú sína móður og þann lærisvein nær standanda er hann elskaði, segir hann til sinnar móður: Kona, sjá þú, þar er þinn sonur. Eftir það segir hann til lærisveinsins: Sé, það er þín móðir. Og upp frá þeirri stundu tók lærisveinninn hana að sér.

Eftir það þá Jesús vissi að allt var nú fullkomnað og að ritningin uppfylltist, þá segir hann: Þyrstir mig. Þar var sett eitt ker fullt af ediki. En þeir tóku og fylltu einn njarðarvött með edik og lögðu í ýsóp, settu síðan fyrir munn honum. En þá Jesús hafði edikið til sín tekið, sagði hann: Fullkomnað er. Og að hneigðu höfði, þá lét hann sinn anda.

En af því að tilfangadagur Gyðinga var og að líkamarnir væri eigi á krossunum um þvottdaginn, því að það var hinn mikli dagur þvottdagshelginnar, þá báðu þeir Pílatum að þeirra bein brytust og í burt tækjust. Þá komu stríðsmenn og brutu sundur bein hins fyrra og svo þess annars sem með honum var krossfestur. En þá þeir komu til Jesú, sáu hann nú dauðan, þá brutu þeir eigi hans bein, heldur lagði einn af stríðsmönnum í hans síðu með spjóti, og strax þá rann út blóð og vatn.

Og sá er það hefir séð, ber þar vitni um, og hans vitnisburður er réttur, og hann sami veit það að hann segir satt svo að þér tryðuð. Því að þetta var og gjört svo að ritningin uppfylltist: Eigi skulu þér brjóta nokkuð hans bein. Og enn aftur segir önnur ritning: Þeir munu sjá þann í hvern þeir stungu.

En eftir þetta það Jósef af Arímaþea (hver eð var lærisveinn Jesú, þó heimuglegur fyrir ótta sakir við Gyðinga) Pílatum um að hann mætti taka burt líkama Jesú. Það leyfði og Pílatus. Þar kom og Nikódemus, sá er fyrri kom um nótt til Jesú, færandi samblandaða myrru við alóe, nær hundrað punda. Þá tóku þeir líkama Jesú og sveipuðu í líni með ilmandi smyrslum svo sem síður er til Gyðinga að grefta. En þar í þeim stað, sem hann var krossfestur, var grasgarður, og í grasgarðinum var ný steinþró, í hverja að enginn hafði enn verið lagður. Þangað lögðu þeir Jesúm fyrir sakir aðfangadags Gyðinga því að sú gróf var svo nær.

xx. kapítuli

Á einum þvottdeginum þá kemur María Magdalena snemma, þá að enn var myrkur, til grafarinnar, og sér að steinninn er burt tekinn af gröfnni. Þá hleypur hún og kemur til Símonar Petrus og til hins annars lærisveins, þann er Jesús elskaði, og segir til þeirra: Þeir hafa tekið burt herrann úr gröfnni, og vér vitum eigi hvar þeir hafa lagt hann. Þá gekk Pétur út og hinn annar lærisveinn og komu til grafarinnar. En þau tvö hlupu jafnt því hinn annar lærisveinn hljóp vakrara fram en Pétur og kom fyrst til grafarinnar. Og er hann laut niður, þá sá hann línlökin lögð þar, en þá gekk hann eigi inn. Þá kemur Símon Petrus eftir honum, stígur í gröfina og sér að línlökin eru lögð þar og þann sveitadúk, er var um hans höfuð, eigi lagðan með línökunum, heldur sérdeilis saman undinn í einum öðrum stað. Þá sté og hinn annar lærisveinn inn, sá er fyrri kom til grafarinnar, sá það og trúði því því að þeir kunnu þá eigi enn ritningina það honum byrjaði upp að rísa af dauða. Og þá gengu lærisveinarnir aftur til sjálfra sinna. En María stóð við gröfina úti og grét. Og er hún grét, þá laut hún niður í gröfina og sá tvo engla hvítklædda sitjandi þar, einn til höfða, en annan til fóta, sem þeir höfðu lagt líkama Jesú. Og þeir sögðu til hennar: Kona, hvað grætur þú? Hún sagði þeim: Þeir hafa tekið burt herrann minn, og eg veit eigi hvar þeir hafa lagt hann. Þá hún hafði þetta sagt, snerist hún við og leit Jesúm standa þar og veit þó eigi að það er Jesús. Þá sagði Jesús til hennar: Kona, hvað grætur þú? Að hverjum spyr þú? En hún ætlaði garðvörðinn vera og sagði til hans: Herra, ef þú bart hann burt, þá seg þú mér hvar þú hefir lagt hann svo eg taki hann í burt þaðan. Jesús sagði til hennar: María. Hún snerist við og sagði til hans: Rabboní. Það kallast meistari. Jesús sagði til hennar: Snert þú mig eigi því að eg er eigi enn uppstiginn til míns föðurs. Far heldur til bræðra minna og seg Antiokkia þeim að eg stígi upp til míns föðurs og til yðars föðurs, til míns Guðs og til yðvars Guðs. María Magdalena kom og kunngjörði lærisveinunum: Eg hefi séð herrann, og þetta sagði hann mér.

En að kveldi þess hins sama þvottdags, þar er lærisveinarnir voru saman komnir að luktum dyrum fyrir hræðslu sakir við Gyðinga, kom Jesús þar og stóð í miðið og sagði til þeirra: Friður sé með yður. Og þá hann sagði þetta, sýndi hann þeim hendurnar og sína síðu. Þá glöddust lærisveinarnir við þeir sáu herrann. Þá sagði Jesús enn aftur til þeirra: Friður sé með yður. Líka sem faðirinn sendi mig, svo sendi

eg og yður. Og er hann sagði þetta, blés hann á þá og sagði til þeirra: Meðtakið þér heilagan anda. Hverjum helst þér fyrirgefið syndirnar, þá eru þær fyrirgefnar. Og hverjum helst þér þær aftur haldið, þá eru þær aftur haldnar.*

En Tómas, einn af tólf, sá er kallaðist tortryggur, var eigi meður þeim þá Jesús kom. Þá sögðu aðrir lærisveinarnir til hans: Vér höfum séð herrann. En hann sagði til þeirra: Nema eg sjái naglaförin í hans höndum og eg láti minn finger í naglaförin og eg leggi mína hönd í hans síðu, þá trúi eg eigi. Og átta dögum eftir það þá voru hans lærisveinar þar aftur enn inni og Tómas meður þeim. Þá kom Jesús að luktum dyrum, stóð í miðið og sagði: Friður sé með yður. Eftir á þá segir hann til Tómas: Réttu þinn finger hingað og skoða mínar hendur, lyft upp þinni hendi og legg í mína síðu og vert eigi vantrúaður, heldur trúður. Tómas svaraði og sagði til hans: Drottinn minn og Guð minn. Jesús sagði til hans: Því að þú sátt mig Tóma, þá trúir þú. Sælir eru þeir er eigi sjá og trúa þó.*

Mörg önnur teikn þá gjörði Jesús í augliti sinna lærisveina, hver eigi eru skrifuð í þessari bók. En þetta er því skrifað að þér trúið það Jesús sé Kristur, Guðs sonur, svo að þér trúaðir hefðuð eilíft líf í hans nafni.

xxi. kapítuli

Eftir það opinberaði sig Jesús við staðinn Tiberiadis. En hann opinberaði sig svo að þar voru til samans Símon Petrus og Tómas, sá er kallaðist tortryggur, og Natanael, sá er var af Kana úr Galíleahéraði, og synir Sebedei og enn aðrir tveir af lærisveinunum. Símon Petrus segir til þeirra: Eg vil fara að fiska. Þeir sögðu honum: Vér viljum og koma með þér. Þeir gengu út og stigu strax á skip. Og á þeirri nótt fengu þeir ekkert, en að morgni komnum, þá stóð Jesús í sjávarfjörinni. Lærisveinarnir vissu eigi að það var Jesús. Þá sagði Jesús til þeirra: Börn, hafi þér ekki til matar? Þeir svöruðu honum: EKKI. En hann sagði til þeirra: Kastið út netinu til hægri handar við skipið, og þá munu þér nokkuð finna. Þá köstuðu þeir út og gátu eigi dregið fyrir fjölda sakir fiskanna. Þá sagði sá lærisveinn til Petrus sem Jesús elskaði: Herrann er það.

En þá Símon Petrus heyrði það að herrann væri það, vafði hann um sig möttlinum, því að hann var nakinn, og varpaði sér út á sjáinn. En aðrir lærisveinarnir komu á skipi því að þeir voru eigi langt frá landi, svo nær sem tvö hundruð álna, og drógu netið með fiskunum. Og þá þeir stigu á land, sáu þeir eldsglæður og fisk yfir lagðan og brauð. Jesús segir til þeirra: Færið hingað af þeim fiskunum þér fenguð nú. Símon Petrus sté upp og dró netið að landi fullt af stórum fiskum, hundrað þrjá og fimmtigir. Og þótt þeir væri svo margir, þá rifnaði þó eigi netið. Jesús segir til þeirra: Komi þér og snæðið. En enginn lærisveinanna þorði að spyrja hann að: Hver ert þú? því að þeir vissu að það var herrann. Þá kom Jesús og tók brauðið, gaf þeim það og líka einninn fiskinn. Og þetta er nú hið þriðja sinn er Jesús opinberaði sig sínum lærisveinum eftir það hann var upprisinn af dauða.*

Þá þeir höfðu nú snætt, segir Jesús til Símonar Péturs: Símon Jónasson, elskar þú mig meir en þessir? Hann sagði honum: Já, herra, þú veist að eg elska þig. Hann sagði þá til hans: Fæð þú lömb mín. Enn segir hann aftur í öðru sinni til hans: Símon Jónasson, elskar þú mig? Hann segir honum: Já, herra, þú veist að eg elska þig. Hann segir þá til hans: Fæð þú sauði mína. Hann segir enn aftur í þriðja sinni til hans: Símon Jónasson, elskar þú mig? Þá hryggðist Pétur við því hann sagði þrisvar: Elskar þú mig? og sagði til hans: Herra, þú kennir alla hluti. Þú veist að eg elska þig. Jesús segir til hans: Al þú þá sauði mína.

Sannlega, sannlega segi eg þér: Þá þú vart yngri, gyrtir þú sjálfur þig og gekkst þangað þú vildir, en þá þú eldist, munt þú þínar hendur út breiða, og annar mun þá gyrða þig og þangað leiða sem þú vilt eigi. En þetta sagði hann, teiknandi með hverjum dauða að hann skyldi Guð dýrka.

Og þá hann hafði þetta sagt, segir hann til hans: Fylg þú mér eftir. Pétur sneri sér við og leit þann lærisvein eftir fylgjanda sem að Jesús elskaði, sá er og um kveldmáltíðina hafði á hans brjósti legið og sagt: Herra, hver er sá er þig forræður? Þá Pétur leit nú þennan, segir hann til Jesús: Herra, hvað skal þessi? Jesús segir til hans: Ef eg vil að hann blífi til þess að eg kem, hvað kemur það við þig? Fylg þú mér eftir. Þá gekk sú orðræða á meðal bræðranna: Þessi lærisveinn deyr eigi. Og Jesús sagði eigi til hans: Hann deyr eigi, heldur: En eg vil að hann blífi til þess að eg kem, hvað kemur það við þig? Þessi er sá lærisveinn er um þetta ber vitni og þetta skrifaði. Og vér vitum að hans vitnisburður er sannur.*

Þar eru og margir aðrir hlutir sem Jesús gjörði, hverjir ef þeir skyldu allir skrifast hver eftir öðrum (þá held eg) að heimurinn mundi eigi yfir grípa þær bækur sem skrifast mættu.

Hér endast S. Jóhannis guðsspjöll.

Hér hefst upp sá annar partur S. Lúkas guðsspjalla sem er út af postula gjörðum

Fyrsti kapítuli

Hinn fyrri bókmála gjörða eg að sönnu um allt það (þú Teófilí) sem Jesús hóf upp að gjöra og læra, allt til þess dags er hann varð upp numinn, eftir því hann hafði fyrir heilagan anda kunngjört postulunum, hverja hann hafði og útvalið, þeim er hann tjáði og sjálfan sig lifanda eftir písl sína í margháttuðum auðsýningum og lét þá sjá sig um (xl daga), talandi fyrir þeim af Guðs ríki. Og sem hann hafði þá saman safnað, bauð hann þeim að þeir færi eigi út af Jerúsalem, heldur að þeir skyldu eftir bíða fyrirheiti föðursins, sem þér (sagði hann) hafið af mér heyrt. Því að sannlega skírði Jóhannes með vatni, en þér skuluð með heilögum anda skírðir verða eigi langt eftir þessa daga.

En þeir sem þar voru til samans komnir, spurðu hann að og sögðu: Herra, viltu nú á þessum tíma upp rétta Íraels ríki? En hann sagði til þeirra: Það er eigi yðart að vita stundir eður punkta tímanna, hverja faðirinn setti í sjálfs síns valdi, heldur munu þér öðlast kraft heilags anda, þess er yfir yður mun koma, og þér skuluð mínir vottar verða til Jerúsalem og í öllu Júdea og Samaría og allt til ins yðsta jarðarenda.

Og er hann hafði þetta sagt, var hann þeim ásjáöndum upp numinn, og skýið tók hann upp í burt frá þeirra augum. Og er þeir horfðu upp eftir honum til himins faranda, sjá, að tveir menn stóðu hjá þeim í hvítum klæðum, hverjir og sögðu: Þér menn út af Galílea, til hvers standi þér og horfið upp í himininn? Þessi Jesús, sem upp numinn er frá yður til himins, mun koma líka svo sem þér sáuð hann til himins fara.*

Þá sneru þeir aftur til Jerúsalem af fjallinu því sem kallaðist Viðsmjörsviðarfjall, hvert eð í burt frá Jerúsalem er, nær þvottdagsgöngu. Og er þeir komu inn, gengu þeir upp í þann sal hvar eð vanir voru að vera Pétur og Jakobus, Jóhannes, Andreas, Filippus, Tómas, Bartalameus og Matteus, Jakobus Alfeí, Símon Selotes og Júdas Jakobus bróðir. Þessir voru með einum huga stöðugir í bæn og ákalli með kvinnunum og með Maríu móðir Jesú og hans bræðrum.

Og á þeim dögum stóð upp Pétur á milli lærisveinanna og sagði (en flokkur þeirra manna er þar voru til samans komnir var nærri tuttugum og hundrað): Þér menn og bræður, þeirri ritningu byrjaði upp að fyllast, hverja eð heilagur andi áður fyrir sagði fyrir munn Davíðs út af Júdasi, hver eð var þeirra leiðtogari sem Jesúm höndluðu, sá er og talinn var meður oss, og honum hlotnaðist hlutdeild þessa vors embættis. Hann hefir að sönnu eignast akurinn út af ranglætisins verðaurum og hengdi sig sjálfan upp og er í miðju sundur í tvo hluti brostinn og hans innyfli eru og öll út hlaupin. Og það er öllum kunnigt vorðið þeim er í Jerúsalem byggja svo að sami akur verður kallaður á þeirra tungu Akeldama, það er blóðsakur.

Því að svo er skrifað í sálmabókinni: Hans setur skal í eyði verða, og eigi sé sá nokkur sem þar inni byggir og hans biskupsdóm meðtaki annar. Fyrir því hæfir það að af þeim mönnum, sem alla tíma hafa í bland oss verið frá því er Drottinn Jesús tók að ganga út og inn vor í milli, uppbyrjandi í fráskírn Jóhannis allt til þess dags er hann var upp numinn í frá oss, að einn af þeim verði vottur hans upprisú meður oss.

Og þeir settu til tvo, Jósef, þann er hét Barsabas, að viðurnefni Júst, og Matthíam, báðu og sögðu: Þú Drottinn, sem veist allra manna hjörtu, sýn hvorn þú út velur af þessum tveimur svo að einn meðtaki það þjónusturúm og postullegt embætti, í frá hverju Júdas er af fallinn það hann burt færi í sinn stað. Og þeir lögðu hluti yfir þá. Hluturinn féll yfir Matthíam, og var hann reiknaður til tölu þeirra ellifu postula.

Annar kapítuli

Og þá er fullkomnuðust hvítasunnudagar, voru þeir allir með einum huga í þeim sama stað. Og þar varð skyndilega þytur af himni líka sem mikils tilkomandi vindar og fyllti upp allt húsið þar þeir sátu í. Og á þeim saúst sundurgreiningar tungur svo sem að væri þær glóandi. Hann setti sig og yfir sérhvorn þeirra. Og þeir urðu allir fullir af heilögum anda og tóku að mæla ýmislegar tungur eftir því sem heilagur andi gaf þeim til út að tala.

En þar voru Gyðingar byggjandi til Jerúsalem, guðlegir menn út af allra handa þjóð þeirri sem undir himninum er. Og er þessi rödd skeði, kom mannfjöldinn til samans og varð óttasleginn því að hver einn heyrði þá tala síns tungu svo það að allir tóku að óttast og undrast og sögðu: Sjá, eru þessir eigi allir, sem þar tala, út af Galílea? Hverninn heyrum vér þá hver einn sitt tungumál þar eð vér erum inni fæddir, Parti og Medi og Elamíti og þeir sem byggja í Mesópótanía, Júdea, Kapadokia, Ponto og Asía, Frýgia og Pamfýlia á Egyptalandi og í álfum Líbýe, hverjar að eru nærri Kýrenia, og útlenskir af Róma, Gyðingar og þeir sem Júðar höfðu gjörst, Kretar og Arabíar, og vér heyrum þá tala vorum tungum Guðs stórmerki.* En allir urðu óttaslegnir og undrudust það, segjandi sín á millum: Hvað man þetta vilja verða? En aðrir dárðu þá og sögðu að þeir væri fullir af nýju víni.

Þá stóð upp Pétur meður þeim ellifu, hóf upp sína raust og talaði til þeirra: Þér Gyðingar, góðir menn og þér allir sem búid til Jerúsalem, það sé yður kunnigt, og látið yður mín orð í eyrum loða því að þessir eru eigi drukknir sem þér meintuð, á meðan það er ei meir en þriðja stund dags, heldur er það að hvað sagt var áður fyrir spámanninn Jóel: Það skal ske á síðustu dögum, segir Drottinn, að eg skal út hella af mínum anda yfir allt hold. Og synir yðrir og dætur yðrar skulu fyrir spá, og ungmenni yðar skulu sjónir sjá, og yðrir öldungar skulu drauma dreyma. Og eg skal að vísu út hella af mínum anda á þeim dögum yfir mína þræla og yfir mínar ambáttir, og þær skulu fyrir spá. Og eg skal gefa stórmerki á himnum uppi og teikn á jörðu niðri, blóð og eld og reykswælu. Sólin skal snúast í myrkur, en tunglið í blóð áður en sá hinn mikli og alkunni dagur Drottins kemur. Og það skal og ske að hver sem ákallar nafn Drottins, sá skal hólpinn verða.

Þér Íraelsmenn, heyrði þessi orð: Jesúm af Naðaret, einn mann af Guði við yður auglýstan með kraftaverkum, stórmerkjum og táknum, þau er Guð gjörði fyrir hann á meðal yðar svo sem þér sjálfir vel vitið. Þann sama (eftir það hann var af tilsettu ráði og Guðs fyrirhugsan ofurseldur) hafi þér tekið hann fyrir hendur ranglátra og krossfest hann og líflátið. Hvern Guð hefir uppreistan að uppleystum dauðans hörmum fyrir því að það var ómögulegt að hann skyldi af honum haldinn verða því að Davíð segir svo af honum: Eg hefi alla tíma Drottin fyrir minni auglýsni settan því að hann er mér til hægri handar svo að eg skelfunst eigi. Fyrir það er mitt hjarta glaðvært, og tunga mín gleðst af því að mitt hold man hvílast í voninni. Því að þú munt eigi forlata mína önd í helvíti, og eigi leyfir þú það að þinn heilagi skuli rotnan sjá. Kunna gjörðir þú mér lífsins vega. Þú munt mig meður gleði fylla fyrir þínu augliti.

Þér menn, góðir bræður, leyfið mér með frelsi til yðar að tala af forföðurnum Davíð. Því hann er framliðinn og greftraður, og hans gróf er hér hjá oss allt til þessa dags. Af því að hann var nú spámaður og vissi það að Guð hafði honum með eiði fyrirheitið það frjóvgun hans lenda skyldi á hans stóli sitja, hefir hann það áður fyrir séð og talað af Kristis upprisnu að hans sála sé eigi í helvíti forlátin og ei hafi hann rotnan séð. Þennan Jesúm upp vakti Guð, hvers vottar vér erum allir.

Nú hann er fyrir Guðs hægri hönd upphafinn og að meðteknu heilags anda fyrirheiti af föðurnum, úthellti hann þessu það þér sjáið og heyrðið. Því að Davíð er eigi upp stiginn til himna, en hann segir: Drottinn sagði drottinni mínum: Sit þú til minnar hægri handar þar til eg set óvini þína til skarar þinna fóta. Því vitið það nú fyrir sann allt Íraels hús að Guð gjörði þennan Jesúm, hvern þér krossfestuð, að einum herra og Kristi.

En er þeir höfðu þetta heyrt, samstungust þeir í hjartanu og sögðu til Péturs og til annarra postulanna: Þér menn og góðir bræður, hvað skulu vér gjöra? Pétur sagði til þeirra: Gjörði yfirbót og hver yðar einn láti skíra sig í nafni Jesú Kristi til fyrirgefningar yðvarra synda, og þá munu þér meðtaka heilags anda gjöf. Því að yðart og yðvarra barna er fyrirheitið og allra þeirra sem í fjarska eru, hverja helst eð Guð Drottinn vor hér til kallar. Og með mörgum öðrum orðum vitnaði hann fyrir þeim, áminnti þá og sagði: Látið frelsa yður í frá þessari vondri slekt. Og þeir sem fúsir meðtóku hans orð, voru skírðir, og þar urðu á þeim degi víðauknir nær þrim þúsundum sálna.

Þeir blifu og allir stöðugir í postulanna kenningu og í samneyti og brauðsins brotningu og í bænahaldi. Og allra sálir urðu óttaslegnar, og þar gjörðust mörg tákni og stórmerki fyrir postulana. En allir þeir, sem trúaðir voru vorðnir, voru til samans og höfðu alla hluti sameiginlega. Eignir sínar og fastagóss seldu þeir og sundur skiptu því meðal allra eftir því sem hverjum var þörf á. Og jafnan voru þeir daglega með einum huga hver hjá öðrum í musterinu og brutu brauðin í ýmsum húsum, tóku fæðslu og lofuðu Guð með fagnaði og einföldu hjarta og höfðu náð hjá öllu fólki. En Drottinn lagði daglega til söfnuðsins þá er hjálpast áttu.

Þriðji kapítuli

En þeir Pétur og Jóhannes gengu til samans upp til mustersins um ix. stund sem vanalegt var að biðjast fyrir. Og þar var þess konar maður sem haltur hafði ver ið frá sinnar móður kviði. Sá lét bera sig, og þeir settu hann daglega fyrir mustersins dyr, þær eð kölluðust inar föguru, svo að hann bæði ölmusu af þeim er inn í musterið gengu. Þá hann sá það Pétur og Jóhannes vildu inn ganga í musterið, bað hann að honum gæfist ölmusa. En Pétur horfði á hann með Jóhanni og sagði: Horf þú á okkur. En hann horfði á

þá vonandi að hann mundi fá nokkuð af þeim, en Pétur sagði: Silfur og gull hefi eg eigi, en það eg hefi, það gef eg þér: Í nafni Jesú Kristi af Naðaret stutt upp og gakk, og tók í hans hægri hönd og reisti hann upp. Og jafnsnart styrktust hans leggir og iljar, spratt upp, gat gengið og staðið og gekk inn með þeim í musterið, stökk upp og gekklofandi Guð.

Og allt fólk sá hann ganga og lofa Guð. Þeir þekktu hann og það hann væri sá sem fyrir ölmusu hafði setið fyrir Fögrudrum mustérisins. Og þeir fylltust af undran og hræðslu yfir því er honum hafði gjörst. En sem þessi hinn halt, er heilbrigður var vorðinn, hélt sig að Pétri og Jóni, hljóp allt fólkið til þeirra í það forbyrgi sem heitir Salamonis, undrandi þetta.

En er Pétur sá það, andsvaraði hann fólkinu: Þér Íraelsmenn, hvað undrar yður þetta eða hvar fyrir sprosetji þér okkur svo sem hefði við gjört þennan ganganda fyrir vorn eiginn kraft og verðskuldan? Guð Abrahams, Guð Ísaks, Guð Jakobs, Guð fedra vorra hefir vegsamað sinn son Jesúm, hvern þér að sönnu ofurselduð og neituðuð fyrir augliti Pílati þá hann dæmdi þó að hann skyldi laus látast. En þér afneituðu hinu heilaga og réttláta og beiddust að sá manndrápamaður skyldi yður gefast. Að vísu lífsins gjafara aflífuðu þér, hvern eð Guð upp vakti af dauða, hvers vottar að vér erum. Og fyrir þá trú, sem á hans nafn er, hefir hann þennan sem þér sjáið og þekkið styrkt í sínu nafni. Og sú trú, sem er fyrir hann, hefir þessum gefið heilbrigði í allra yðvarra auglýs.

Nú veit eg, góðir bræður, að þér hafið gjört það af óvísu svo sem að yðrir höfðingjar. En sá Guð sem fyrir munn allra sinna spámanna hefir áður kunnigjóra látið hverninn Kristur átti að líða og fullkomnaði það svo. Fyrir því gjörði yfirbót og snúist svo að afmáist syndir yðrar.* Svo að sá endurlífgunartími komi af herrans auglýs nær hann sendir þann sem yður verður nú fyrir fram boðaður, Jesús Kristur, hverjum að sönnu byrjar himininn til sín að taka allt til þeirra stunda þá allir hlutir skulu endurskikkaðir verða, hverja hluti Guð hefir áður talað fyrir munn allra sinna heilagra spámanna í frá veraldar upphafi.

Því að Moyses hefir sagt til fedranna: Spámann mun Guð, Drottinn yðar, upp vekja yður út af bræðrum yðar, mér líkan. Honum skulu þér heyra og öllu því er hann mun segja til yðar. Og það mun og ske að hver sú önd, sem eigi heyrir þeim sama spámanni, skal útskúfuð verða frá fólkinu. Og allir spámenn í frá Samúel og þar eftir svo margir sem talað hafa, þeir hafa af þessum dögum kunnigjört.

Þér eruð spámannanna og sáttmálans börn, hvern eð Guð gjörði við fedur yðra þá er hann sagði svo til Abrahams: Í þínu sæði skulu blessast allar þjóðir jarðar. Yður þá hefir Guð upp vaktan sinn son Jesúm og hefir hann til yðar sent yður að blessa svo að hver yðar einn snerist í frá sinni illsku.

Fjórði kapítuli

En sem þeir töluðu til fólksins, komu til þeirra prestar og yfirboðarar mustérisins og saddúkei. Þeim mislíkaði það að þeir skyldu læra fólkið og það þeir boðuðu í nafni Jesú upprisu af dauða, lögðu hendur á þá og settu þá í varðhald til næsta morguns því að kveld var komið. En margir af þeim, er orðið heyrðu, gjörðust trúaðir, og tala þeirra manna varð nær fimm þúsundum.

En að morgni komnum samansöfnuðust höfðingjar þeirra og öldungar og skriflærðir í Jerúsalem. Og Annas kennimannahöfðingi og Kaífas, Jóhannes og Alexander og svo margir, sem þeir voru út af kennimannakyninu, skikkuðu þá mitt fram fyrir sig og spurðu þá að: Af hverjum krafti eða í hvers nafni gjörðuð þér þetta? Pétur, fullur af heilögum anda, sagði þá til þeirra: Heyri þér höfðingjar lýðsins og öldungar í Írael, þótt vér rannsökuð í dag um það er vér gjörðum vel til þessum sjúka manni og af hverju skjali hann var heilbrigður gjör, þá sé yður það og öllu fólki í Írael kunnigt það þessi stendur (í nafni Jesú Kristi af Naðaret, þann þér krossfestuð, hvern er Guð upp vakti af dauða) hér fyrir yður heilbrigður. Hann er og sá steinn sem útskúfaður er af yður uppbyggjurum, hver eð gjörður er að höfði hyrningar. Og eigi er í nokkrum öðrum heilsugjöf. Því að þar er ekkert annað nafn gefið himnum undir á meðal manna, í hverju oss byrjar heilum að verða.

En sem þeir sáu stöðugleik þeirra Péturs og Jóhannis, undraði þá því þeir vissu fyrir sann það þeir voru ólærðir og leikmenn og þekktu þá það þeir höfðu verið með Jesú. En þeir sáu manninn, þann sem heill var orðinn, standa hjá þeim og kunnu þar ekkert í mót að segja. Þá skipuðu þeir þeim að víkja út í burt frá ráðinu og tóku þá að ráðgast um sín á milli og sögðu: Hvað skulu vér gjöra þessum mönnum? Því að það teikn, sem af þeim var gjört, er kunnigt öllum þeim sem í Jerúsalem byggja, og vær getum því eigi neitað. En svo að það skuli eigi víðara út spyrjast meðal fólksins, þá ógnum þeim alvarlega að þeir segi eigi neinum manni héðan í frá af þessu nafni.

Og þeir létu kalla á þá og buðu þeim að þeir töluðu með öngu móti né heldur kenndu í nafni Jesú. En Pétur og Jóhannes svöruðu og sögðu til þeirra: Dæmi þér sjálfir hvort það er rétt í Guðs augliti að vér skulum frammar hlýða yður en Guði. Því að það megu vær eigi að vér skulum eigi tala það hvað vér höfum heyrt og séð. En þeir ógnuðu þeim og létu þá lausa og fundu eigi hverninn þeir gæti þá pínt fyrir fólksins sakir af því að allir lofuðu Guð yfir því sem til hafði borið. Því að sá maður var meir en (xl ára), á hverjum eð skeð var þetta heilsuteikn.

Og sem þessir voru lausir látnir, komu þeir til sinna, kunnngjörðu þeim hvað helst að prestahöfðingjar og öldungarnir höfðu til þeirra sagt. Þá þeir heyrðu það, hófu þeir upp með einum huga sína rödd til Guðs og sögðu: Þú Drottinn sem ert sá Guð er gjörðir himin og jörð, sjóinn og alla hluti, hverjir í þeim eru, sá þú sagðir fyrir munn þjóns þíns, Davíðs: Fyrir því æddu svo hinir heiðnu og fólkið ásetti það hvað hégómlegt var? Konungar jarðarinnar héldu til sama, og höfðingjar samansöfnuðust í eitt gegn Drottni og í gegn hans Kristi.

Því að sennilega komu þeir til samans í þessari borg í gegn þínum heilaga syni, Jesú, þann þú smurt hafðir, Heródes og pontverskur Pílatus samt öðrum heiðingjum og Íraels fólki að gjöra hvað þín hönd og þitt ráð hafði áður fyrir hugsað hvað ske skyldi. Og nú, Drottinn, lít þú á þeirra heitingar og gef þínum þjónum með allri alúð að tala þitt orð og rétt út þína hönd svo að þar ske teikn, heilsur manna, stórmerki fyrir nafn þíns heilaga sonar, Jesú. Og sem þeir höfðu beðist fyrir, hrærðist sá staður, í hverjum þeir voru til samans safnaðir, og þeir urðu allir fullir af heilögum anda og töluðu Guðs orð með allri alúð.

En mannmörg þeirri, er trúði, var eitt hjarta og ein önd, og eigi sagði nokkur þeirra að það væri sitt er hann átti, heldur voru þeim allir hlutir sameiginlegir. Og af miklum krafti gáfu postularnir vitnisburð af upprisu Drottins vors, Jesú Kristi, og mikil náð var meður þeim öllum. Þar var og enginn þeirra þurfsandi því að svo margir sem þeir voru er akra eður hús áttu, þeir seldu það og fluttu verðkaup þeirra peninga sem þeir höfðu selt og lögðu fram fyrir fætur postulanna. Og sérhverjum skiptist eftir því hann hafði þörf til. En Jósef, sá er auknefndur var af postulunum Barnabas, hvað er þýðist huggunar sonur, levíti að ætt út af Kýprien, hann hafði akur og seldi hann, bar verðið og lagði fyrir fætur postulanna.

Fimmti kapítuli

En þess konar maður sem Ananías var að nafni meður húsfreyju sinni, Safira, seldi eignir sínar og duld af verðinu að vitand sinnar húsfreyju, en færði suman hlut og lagði til fóta postulanna. Þá sagði Pétur: Ananía, því uppfyllti andskotinn hjarta þitt svo að þú lygir að heilögum anda og duldir sumu af verðaurum akursins? Var hann eigi þinn að öllu, og þá hann var seldur, var hann í þínu valdi? Fyrir því settir þú slíkan hlut þér í hjarta? Eigi hefir þú logið að mönnum, heldur að Guði. En þá Ananías heyrði þessi orð, datt hann niður og gaf upp öndina, og hræðsla mikil kom yfir alla þá sem það heyrðu. En ungmennin stóðu upp og tóku hann í burt, báru hann út, grófu hann.

Og það skeði innan skamms nærri þrim stundum að hans húsfreyja kom þar inn og vissi eigi hvað þar hafði gjörst. En Pétur segir til hennar: Seg þú mér, kona, hvort þið selduð akurinn svo dýrt. Hún sagði: Einninn svo dýran. Þá sagði Pétur til hennar: Fyrir því eru þið samþykk orðin að freista anda Drottins? Sjáðu, að fætur þeirra, sem jörðuðu mann þinn, eru fyrir dyrum úti, og þeir munu þig út bera. Og jafnsnart datt hún niður fyrir fætur honum og gaf upp öndina. En ungmennin komu inn og fundu hana dauða, báru út og grófu hana hjá manni sínum. Og miklum ótta sló yfir allan söfnuðinn og yfir alla þá er það heyrðu.

En mörg ták og stórmerki gjörðust með lýðnum fyrir postulanna hendur. Og allir voru þeir ásamt með einum huga í forbyrgi Salamonis. Og öngvir aðrir dirfðust meir að samlaga sig þeim, heldur miklaði þá lýðurinn. Þar tók og enn meir að aukast fjöld þeirra karla og kvenna sem á Drottin trúðu svo að þeir báru út vanfæra menn á strætin og lögðu þá á sængur eður börur svo þá að Pétur þeim borgum sem í nánd voru við Jerúsalem og færðu með sér sjúka menn og þá sem af óhreinum öndum kvaldir voru, hverjir eð allir urðu heilbrigðir.*

Þá stóð upp kennimannahöfðinginn og þeir allir sem með honum voru, hverjir eð eru villuflokkur saddúkeorum, og uppfylltust af hatri og lögðu hendur á postulana og settu þá inn í almennileg varðhöld. En engill Drottins kom um nótt og lauk upp dyr myrkvastofunnar, leiddi þá út og sagði: Farið, stígið upp og talið til fólksins í musterinu öll þessi lífsins orð. Þá þeir höfðu það heyrð, gengu þeir enn í dögum í musterid og tóku að kenna.

En er kennimannahöfðinginn kom til og þeir er með honum voru, kölluðu þeir saman ráðið og alla öldunga Íraelssona og sendu til myrkvastofunnar þá að sækja. En þá þénararnir komu þar og fundu þá eigi í myrkvastofunni, hurfu þeir aftur og kunnngjörðu þeim það og sögðu: Myrkvastofuna fundu vær að sönnu lukta með allri athygli og varðmennina standandi þar framan fyrir dyrum, en þá vér lukum upp, fundu vér öngvan þar inni. En er kennimaðurinn og yfirstjórnari musterisins og aðrir fleiri kennimannahöfðingjar heyrðu þessi orð, tóku þeir að verða efa blandnir um þá hvað af þeim mundi mega verða.

Þá kom þar nokkur sá undirvísaði þeim: Sjáið, að þeir menn, sem þér settuð í myrkvastofu, eru í musterinu, standa og kenna þar fólkinu. Þá fór yfirboðarinn burt með þénurunum og sóktu þá fyrir utan ofurvald því að þeir óttuðus verða. Og sem þeir sóktu þá, skikkuðu þeir þeim fyrir ráðið. Kennimannahöfðinginn spurði þá að og sagði: Höfu vær eigi af allri alvöru boðið yður að þér skylduð

eigi læra í þessu nafni, og sjáið, að þér hafið uppfyllt Jerúsalem meður yðra kenning og þér viljið svo leiða yfir oss þessa manns blóð. En Pétur svaraði og þeir postularnir og sögðu: Framar ber að hlýða Guði en mönnunum. Guð feðra vorra upp vakti Jesúm, hvern þér lífi sviptuð og upp hengduð á tréið. Þennan hefir Guð með sinni hægri hendi upphafið til eins höfðinga og lausnara að veita Írael yfirbót og syndanna fyrirgefning. Og vér erum hans vottar til þessara orða, og heilagur andi, hvern eð Guð gaf öllum þeim er honum hlýða. En þá þeir heyrðu það, skárust þeir innan og hugsuðu sér að lífláta þá.

Þá stóð upp nokkur faríseus af ráðinu, Gamalíel að nafni, einn lögvitringur mikils virtur af öllu fólki, og bauð að postularnir skyldu víkja út um stundar sakir og sagði til þeirra: Þér Íraelsmenn, takið yður í vakt hvað þér skuluð gjöra viður þessa menn. Því að fyrir þessa daga reis upp Tevdas, segjandi sig nokkurn vera, hverjum að samsinnti tal manna nær fjórum hundruðum, hver að í hel er sleginn og allir þeir, sem honum trúðu, eru í sundur dreifðir og að öngu gjörðir. Eftir hann stóð upp Júdas af Galílea á sköttunardögum og um sneri miklu fólki eftir sér. Og hann fyrirförst, og allir svo margir, sem honum samsinntu, eru í sundur tvístraðir.

Og nú segi eg yður: Víkið frá þessum mönnum og látið þá kyrra. Því að ef þetta ráð eður verk er af mönnum til, þá forgengst það, en ef það er af Guði, þá megi þér það eigi kefja svo að eigi sýnust þér berjast Guði í móti. Þá samsinntu þeir honum og kölluðu á postulana, strýktu þá og buðu þeim að þeir töluðu með öngu móti í nafni Jesú og forlétu þá.

En þeir gengu að sönnu glaðir í burt frá ráðsins ásján það þeir höfðu þess verðugir verið að líða háðung fyrir Jesú nafns sakir. Og hvern dag í mustérinu og í öðrum fleiri húsum gáfu þeir eigi upp að kenna og predika evangelium út af Jesú Kristo.

Sétti kapítulum

En á þeim dögum, sem að vóx tala lærisveinanna, gjörðist mögl meður þeim girskum í gegn hinum ebreskum af því að ekkjur þeirra fyrirlétust í daglegri þjónustu. Þeir tólf kölluðu þá til samans fjöldann lærisveinanna og sögðu: Það er eigi hæfilegt að vér forlátum Guðs orð og þjónum fyrir borðum. Fyrir því, góðir bræður, skyggnist um yðar í milli eftir þeim sjö mönnum sem gott mannorð hafa og fullir eru með visku og helgan anda, hverja vér megum skikka yfir þessa nauðsyn af því vér viljum í bæninni og orðsins þjónustu staðnæmast. Og þessi orð þókknaðist öllum múganum og útvöldu Stefanum, einn mann fullan trúar og heilags anda, Filippum og Prókoron, Níkanor og Tímon, Parmenan og Nikolaum sem Gyðingur hafði gjörst út af Antiokkía. Þessa skikkudu þeir fram fyrir postulanna augsyn, báðust fyrir og lögðu hendur yfir þá.

Og Guðs orð tók að vaxa og lærisveinanna tala margfaldaðist næsta til Jerúsalem. Þar gjörðist mikill kennimannahópur trúnni hlýðugur. En Stefanus, fullur af náð og styrkleika, tók að gjöra stórmerki og tákn mikil meðal fólksins. Þá stóðu upp nokkrir af þeirri samkundu, sem kallaðist libertinorum, Kýrenorum og Alexandrinorum og þeirra sem voru úr Kilíkía og Asía, þreytandi spurningar við Stefanum. Og þeir gátu eigi mótstaðið þeirri speki né þeim anda, af hverjum hann talaði. Þá sendu þeir út menn sem segja skyldu sig hafa heyrt hann mæla háðungarorð á móti Guði og Moysen og æstu svo upp lýðinn og öldungana og hina skriflærðu, hlupu að og gripu hann, burt leiddu fyrir ráðið og settu til ljúgvotta sem segja skyldu: Þessi maður lætur eigi af að tala háðyrði í gegn þessum heilaga stað og lögmálinu. Því að vér heyrðum hann segja það Jesús af Naðaret mundi þennan stað niður brjóta og umhverfa þeim setningum er Moyses hefir oss gefið. Og allir þeir, sem í ráðinu sátu, horfðu á hann og sáu að hans ásjána var svo sem önnur engils ásjóna.*

Sjöundi kapítuli

Þá sagði kennimannahöfðinginn: Er þessu svo varið? En hann sagði: Þér menn, góðir bræður og feður, þá heyrði til.

Guð dýrðarinnar birtist föður vorum Abraham þá hann var enn í Mesópótanía áður fyrir en hann bjó í Karram og sagði til hans: Far þú út af þinni jörðu og í frá ættleifð þinni og kom til þeirrar jarðar sem eg mun sýna þér. Þá gekk hann út af Kaldealandi og var látinn, flutti hann hann hingað yfir á þetta land, í hverju þér byggði nú og gaf honum þar öngva arftöku inni og ekkert fótspor, en hét þó að gefa honum það til eignar og hans sæði eftir hann þá hann hafði þó öngvan son.

En svo talaði Guð að hans sæði mundi útlægt verða á annarlegri jörðu og það þeir mundu þjá það í þrældómi og þvinga það illa í fjögur hundruð ára. Og þá þjóð, sem þeir munu þjóna, skal eg afmá, sagði Guð, og eftir það munu þeir ganga út þaðan, þjóna mér í þessum stað, -og gaf honum sáttmálann umskurðarins. Og hann gat Ísak og umskar hann á áttanda degi, en Ísak Jakob, en Jakob þá tólf forfeður.

Og forfeðurnir, hrærðir af öfund, seldu Jósef í Egyptaland. En Guð var með honum og frelsaði hann úr öllum hans harmkvælum og gaf honum náð og vísdom í augliti Faraonis, konungsins af Egyptalandi, og hann setti hann höfuðsmann yfir Egyptaland og yfir allt sitt hús.

Þar kom hungur og harmkvæli mikið yfir allt Egyptaland og Kanansjörð, og vorir feður fundu öngva fæðslu. En er Jakob heyrði að korn var á Egyptalandi, sendi hann út í fyrstu feður vora. Og er hann sendi þá út í annað sinn, varð Jósef þekktur af sínum bræðrum, og Faraoni gjörðist kunnigt Jósefs slekti. En Jósef sendi út og lét sækja föður sinn, Jakob, og alla sína ættkvísl, fimm og sjötigir sálna. Og Jakob fór ofan til Egyptalands og er andaður, hann og feður vorir, og eru fluttir yfir um til Síkem og lagðir í þá gröf sem Abraham keypti meður silfri af sonum Hemor, sonar Síkem.

En þá er nálgast tók fyrirheitsins tími, sá er Guð hafði svarið Abraham, óx fólkið upp og tók að aukast á Egyptalandi allt þangað til að annar konungur kom, sá er eigi vissi út af Jósef. Hann niðraði voru kyni og þjáði feður vora að þeir bæri út börn sín svo þau lifðu eigi. Á þeim tíma fæddist Moyses og var Guði þekkur og var þrjá mánuði föstraður í síns föðurs húsi. En er hann var út borinn, tók hann upp dóttir Faraonis og ól sér upp fyrir son. Og Moyses varð menntur í allri speki egypskra manna og var voldugur í orðum sínum og verkum.

En þá hann var fjörutígi ára gamall, fló honum í hjarta að finna bræður sína, Íraels sonu. Og hann leit þann er órétt þoldi, stóð hann hjá honum og hefndi hans sem órétt þoldi og vó þann hinn egypska mann því hann meinti að sínir bræður skyldu undirstanda það Guð mundi gefa þeim heill fyrir hans hönd, en þeir undirstóðu það eigi.

Og enn annars dags eftir kom hann til þeirra þar þeir voru að þrátta sín á milli og tók að semja frið meður þeim og sagði: Þér, góðir menn, eruð bræður, fyrir hví gjörir hvor yðar öðrum órétt? En sá er sínum náunga gjörði órétt, stakaði honum frá sér og sagði: Hver setti þig höfðingja eður dómara yfir oss? Eða viltu drepa mig svo sem þú drapst í gær hinn egypska mann? En Moyses flýði fyrir þeirri ræðu og gjörði sig útlendan á jörðu Madían, hvar eð hann ól tvo sonu.

Og að fullkomnuðum (xl) árum birtist honum í eyðimörku á fjallinu Sínaí engill Drottins í eldsloga í rjóðrinu. En er Moyses sá það, undraðist hann sýnina, og er hann gekk til og vildi hyggja, að kom rödd Drottins að honum og sagði: Eg em Guð fedra þinna, Guð Abrahams, Guð Ísaks, Guð Jakobs. En Moyses varð óttasleginn og þorði eigi að að hyggja. En Drottinn sagði til hans: Leys þú af þér skóklæði föta þinna því að sá staður, þú stendur á, er heilög jörð. Algjörlega hefi eg séð harmkvæli míns lýðs, þess sem að er á Egyptalandi, og þeirra kveinan hefi eg heyrt, og eg em ofan kominn þá að frelsa. Far nú hingað, og man eg senda þig til Egyptalands.

Þennan Moyses, hverjum þeir afneituðu og sögðu: Hver setti þig yfirmann og dómara? Þann sama sendi Guð þeim til höfðingja og frelsara fyrir hönd engilsins, þess er honum birtist í rjóðrinu. Þessi leiddi þá út, gjörandi tákni og stórmerki á Egyptalandi og í hafinu rauða og svo á eyðimörkinni í fjörutígi ár. Þessi er og sá Moyses sem sagði til Íraels sona: Spámann mun Guð upp vekja yður af bræðrum yðar líkan mér, honum skulu þér heyra.

Þessi er sá sem var á eyðimörku í samkundunni með englinum, hver eð talaði við hann á fjallinu Sínaí og við feður vora. Þessi meðtók lífsins orð svo að hann gæfi oss það, hverjum að eigi vildu hlýða yðrir feður, heldur skúfuðu þeir honum í frá sér og snerust í sínum hjörtum til Egyptalands, segjandi til Arons: Gjör þú oss Guði, þá fyrir oss skulu ganga því að vér vitum eigi hvað út af þeim Moyses er orðið sem oss leiddi út af Egyptalandi, og gjörðu sér á þeim dögum kálf og offruðu honum skurgoðafórnir og tóku að gleðjast af sínum handaverkum.

En Guð sneri sér frá þeim og gaf þá ofur svo að þeir dýrkuðu himinins herskap eftir því sem skrifað er í spámannabókinni: Hafi þér nokkurn tíma af Íraels húsi í þau fjörutígi ára á eyðimörkinni offrað mér siguroffri eður fórnunum? Og þér meðtókud tjaldbúð Móloks og himinteikn Guðs yðvars Rempa og þær myndir sem þér gjörduð yður til á að kalla. Og eg man burt flytja yður allt út yfir Babylon.

Vorir feður höfðu sáttmálans tjaldbúð á eyðimörkinni svo sem Guð hafði þeim fyrirskipað þá hann sagði til Moysen að hann skyldi hana gjöra eftir þeirri mynd er hann hafði séð, hverja eð vorir feður meðtóku og fluttu hana meður Jósúa í það land er heiðingjar héldu, hverjum Guð útskúfaði af auglýsning feðra vorra allt til daga Davíðs, hver eð fann náð hjá Guði og bað að hann mætti tjaldbúð finna Guði Jakobs. En Salamon byggði honum upp hús.

En sá hinn hæðsti byggir eigi í þeim mustérum er með höndum eru gjörð svo sem hann segir fyrir spámanninn: Himinninn er minn stóll, en jörðin er skör minna föta. Hvaða húsi vilji þér upp byggja mér, segir Drottinn, eða hver er staður minnar hvíldar? Hefir eigi mín hönd gjört allt þetta?

Þér harðsvíraðir og óumskornir í hjörtum og eyrum stríðið jafnan í móti heilögum anda, svo sem feður yðrir, líka einninn þér. Hvern spámanna hafa yðrir feður eigi ofsókt og þá í hel slegið sem fyrir fram boðuðu til komu ins réttláta, hve meðtekið lögmálið fyrir englanna tilskikkan og haldið eigi. Sem þeir heyrðu þetta, skárust þeir í sínum hjörtum og nístu tönnum yfir honum. En með því hann var fullur af heilögum anda, hóf hann upp sín augu til himins og sá Guðs dýrð og Jesúm standa til hægri handar Guði og sagði: Sjáið, að eg sé himnana opna og mannsins son standa til Guðs hægri handar. En þeir kölluðu upp hárrí röddu og saman luktu sín eyru og gjörðu honum árás með einu samdrætti, hnepptu hann út af borginni og grýttu hann. En vottarnir lögðu hans klæði til fóta þess ungmennis er Sál hét og lömdu Stefanum grjóti. Hann kallaði upp og sagði: Herra Jesús, meðtak þú minn anda. En hann kraup niður og kallaði hárrí röddu: Legg eigi þeim til þessa synd. Og sem hann hafði það sagt, sæfðist hann.*

Áttandi kapítuli

En Sál var samsinnandi hans dauða. Þá gjörðist og mikill ófriður þeim safnaði sem var til Jerúsalem. Og þeir tvístruðust allir burt um héruð Júdee og Samaría fyrir utan postularnir. En guðhræddir menn bjuggu um Stefanum og báru yfir honum trega mikinn. En Sál tók að eyða söfnuðinum, gangandi inn í ýmsra hús, draganda út menn og kvinnur og setti í varðhöld.

En þeir, sem tvístraðir voru, fóru um kring og predikuðu Guðs orð. Filippus fór og ofan til borgarinnar í Samaría og predikaði þeim út af Kristi. Og fólkíð tók með einu samheldi að heyra og gætur að því að gefa sem af Filippo sagðist, sjáandi og þau teikn er hann gjörði því að óhreindir andar fóru út af mörgum þeim, er óðir voru, með ópi miklu, margir iktsjúkir og haltir urðu og heilbrigðir og mikill fögnuður gjörðist í þeirri borg.

En þar var áður fyrir í þeirri borg sá nokkur sem Símon hét, töframaður, og tældi með því hina samversku þjóð eð hann sagði sig vera nokkurs háttar mikinn, hverjum þeir hlýddu allir frá hinum minnsta til ins mesta, segjandi: Þessi er kraftur Guðs, sá er kallast hinn mikli. En þeir lutu honum af því að hann hafði í langa tíma ært þá með sinni fjölkynngi. Og þá þeir trúðu nú Filippo sem hann predikaði af Guðs ríki og af nafni Jesú Krists, skírðust bæði menn og konur, þá trúði og Símon sjálfur. Og er hann var skírður, hélt hann sig að Filippo. En þá hann sá þau tákn og kraftaverk sem skeðu, tók hann felmsfullur að undrast.

En er postularnir, þeir sem til Jerúsalem voru, heyrðu það að Samaría hefði meðtekið Guðs orð, sendu þeir til þeirra Petrum og Jóhannem. Og þá þeir ofan komu, báðu þeir fyrir þeim svo að þeir meðtæki heilagan anda því að hann var eigi enn kominn yfir nokkurn þeirra nema það þeir voru aðeins skírðir í nafni Drottins Jesú Krists. Þeir lögðu þá hendur yfir þá, og þeir meðtöku heilagan anda.*

En er Símon sá það að heilagur andi varð gefinn fyrir handa upplegging postulanna, færði hann þeim peninga og sagði: Gefi þér mér og þetta vald svo að yfir hvern er eg legg hendur að hann meðtaki heilagan anda. En Pétur sagði til hans: Peningur þinn sé meður þér til glötunar því að þú meintir Guðs gáfu með pening eignast. Ekkert hlutskipti né gæfulag verður þér af þessu orði því að þitt hjarta er eigi réttferdugt fyrir Guði. Fyrir því gjör iðran fyrir þessa þína illsku og bið Guð um ef verða mætti að þér fyrirgefist þessi hugsan þins hjarta því að eg sé þig vera í galli beiskjunnar og í fjöttri ranglætisins.

Þá svaraði Símon og sagði: Biðji þér fyrir mér til Drottins svo að ekkert komi yfir mig út af því sem þér sögðuð. En þeir, þá er þeir höfðu vitnað og talað orð Drottins, sneru þeir aftur til Jerúsalem og predikuðu guðsspjöllin í mörgum samverskum kaupþunum.

En engill Drottins talaði til Filippo og sagði: Statt upp og gakk í suður á þann veg sem liggur frá Jerúsalem ofan til Gasa, þeirrar sem í eyði er. Hann stóð upp og gekk í burt. Og sjáðu, að blálenskur maður, geldingur og vildarmenni drottningarinnar, Kandakes af Blálandi, hver eð yfir var settur allar hennar fjárhirslur, hann var farinn til Jerúsalem að tilbiðja og fór nú heim í veg og sat í sínum vagni lesandi Esaíam spámann.

En andinn sagði til Filippo: Gakktu þangað að og teng þig að þeim vagni. Þá skundaði Filippus þangað að og heyrði að hann var að lesa Esaíam spámann og sagði: Skilur þú ekki hvað þú les? En hann svaraði: Hverninn má eg kunna það nema að nokkur leiðrétti mig? Þá bað hann Filippum að hann stigi upp og sæti hjá sér. En ritningarinnar innihald, það hann las, var þetta: Svo sem sauður er hann til dráps leiddur, og þegjandi sem lamb fyrir þeim er það klippir, líka svo hefir hann og eigi upp lokið sínum munn. Í hans lækkan er hans dómur burt hafinn. En hver mun hans aldur út mega segja? Því að hans lífdagar eru af jörðunni í burt teknir. Þá svaraði geldingurinn Filippo og sagði: Eg beiði þig: Af hverjum talar spámaðurinn þetta, sjálfum sér eða um nokkurn annan?

En Filippus lauk upp sínum munn og tók til í frá þessari skrift og boðaði honum af Jesú. Og sem þeir fóru um veginn, komu þeir að vatni nokkru, og geldingurinn sagði: Sjáðu vatnið, hvað hamlar mér það eg skírunst eigi? En Filippo sagði: Ef þú trúir af öllu hjarta, þá hæfir það. Hann svaraði og sagði: Eg trúi

að Jesús Kristur sé Guðs sonur. Og hann bauð að vagninn staðnæmdest, og þeir stigu báðir ofan í vatnið, Filippus og geldingurinn, og hann veitti honum skírn. En er þeir voru upp komnir úr vatninu, greip andi Drottins Filippum í burt, og geldingurinn sá hann eigi meira. Með það fór hann glaður sína götu. En Filippus fannst til Asdód, gekk um kring og tók að predika guðsspjöllin í öllum stöðum þar til hann kom til Kaparnaum.

Níundi kapítuli

Sál blés enn ógnum og aldurtila í gegn lærisveinum Drottins, gekk til kennimannahöfðingjans og beiddist af honum bréfa til samkundunnar í Damasko svo að ef hann fyndi þar nokkra þess vegar, karla eða kvinnur, að hann færði þá bundna til Jerúsalem. Og sem hann var á veg kominn, skeði það svo er hann tók að nálgast Damaskum að í skyndingu leiftraði um hann ljós af himni, og hann féll til jarðar og heyrði röddina er til hans sagði: Sál, Sál, því ofsækir þú mig? En hann sagði: Hver ertu, lávarður? Drottinn sagði: Eg em Jesús, hvern þú ofsækir. Hart er þér að bakspyrna í mót broddunum. En hann, skjálfandi og felmsfullur, sagði: Drottinn, hvað viltu að eg gjöri? Drottinn sagði til hans: Statt upp og gakk inn í borgina, og þar mun þér sagt verða hvað þér byrjar að gjöra.

En þeir menn, sem með honum fóru, stóðu felmsfullir, heyrðu að vísu röddina, en sáu þó öngvan. Sál stóð þá upp frá jörðunni, og með uppluktum augum sá hann ekkert. En þeir héldu um hönd hans og leiddu hann inn í Damaskum. Og svo var hann í þrjá daga að hann sá eigi, og eigi át hann né drakk.

En í Damasko var sá lærisveinn sem hét Ananíás. Og í sýn þá sagði Drottinn til hans: Þú Ananíá. En hann ansaði: Sé, hér em eg, herra. Drottinn sagði til hans: Statt upp og gakk í það stræti sem kallast hið rétta og spyr að í húsi Júða eftir þeim sem Sál er að nafni út af Tarsen, því, sjá nú, að hann biður. Og í sjón sá hann mann inn til sín koma, Ananíam að nafni, leggjandi hönd yfir sig svo að hann yrði sjáandi aftur.

Ananíás svaraði: Drottinn, út af mörgum hefi eg heyrt um þenna mann hvað mikið illt hann hefir gjört þínum heilögum til Jerúsalem. Og hér hefir hann út af kennimannahöfðingjum vald til að binda þá alla sem þitt nafn ákalla. En Drottinn sagði til hans: Far þú því að þessi er mér útvalið ker að hann beri mitt nafn fyrir heiðinn lýð og konunga og fyrir Íraels sonu. Eg mun og sýna honum hversu mikið honum ber að líða fyrir míns nafns sakir.

Ananíás fór þangað og gekk inn í húsið, lagði yfir hann hendur og sagði: Sál, bróðir, Drottinn Jesús sendi mig hingað, hver eð þér birtist á veginum þeim er þú komt hér svo að þú fengir sýn aftur og uppfylltist heilögum anda. Og jafnskjótt féll af hans augum svo sem annað fiskihreistur, og hann fékk sýn aftur. Hann stóð upp og lét skíra sig, tók síðan fæðslu til sín og styrkti sig.

Sál var þá nokkra daga hjá þeim lærisveinum er voru í Damasko, og jafnsnart gekk hann í Gyðingasamkundur og tók að predika þeim Jesúm það hann sami væri Guðs sonur. En þeim blöskraði öllum, er honum heyrðu, og tóku að segja: Er þessi eigi sá sem til Jerúsalem stríddi á alla þá sem þetta nafn ákölluðu og hingað kominn til þess að leiða þá bundna fyrir kennimannahöfðingja? En Sál tók að styrkjast miklu fram og hnekkti þeim Gyðingum sem í Damasko bjuggu, fülleflandi það að sjá væri Kristur.*

Og mörgum dögum þar eftir héldu Gyðingar samstefnu sín á milli að þeir aflífuðu hann. En þeirra vélræði urðu Sáló undirvísuð. En þeir varðveittu nótt og dag portin svo að þeir fengi hann í hel slegið. Þá tóku hann lærisveinarnir um nótt og slepptu honum yfir múrinn og létu í körf ofan síga.

En þá Sál kom til Jerúsalem freistaði hann þess að samlaga sig til lærisveinanna, og þeir óttuðust hann allir, trúandi eigi því að hann væri lærisveinn. En Barnabas tók hann og leiddi til postulanna og sagði þeim í frá hversu hann hefði séð Drottin á veginum og það hann hefði talað við hann og hverninn hann hafði til Damasko trúlega predikað nafn Jesú. Og hann var hjá þeim, gekk út og inn til Jerúsalem og predikaði nafn Drottins Jesú trúlegana. Þá tók hann að tala og heyja spurningar við hina girsku, en þeir leituðu við að lífláta hann. Þá bræðurnir fornumu það, leiddu þeir hann út til Sesaream og sendu hann til Tarsen. Og svo hafði söfnuðurinn að sönnu frið um allt Júdeam og Galíleam og Samariam, hresstust upp og gengu í ótta Drottins og margfölduðust í huggan heilags anda.

Það skeði og þá Pétur ferðaðist um kring allra að vitja það hann kom einninn til þeirra heilagra sem bjuggu í Lýdda. Þar fann hann þann mann sem Eneas var að nafni, hver eð legið hafði í rekkju meir en í átta ár. Hann var sjúkur í kveisu. Pétur sagði til hans: Eneas, Jesús Kristur gjöri þig heilan, statt upp og reið upp sjálfur um þig. Og hann stóð jafnsnart upp. Og allir sáu hann þeir sem bjuggu í Lýdda og í Assarona, hverjir og snerust til Drottins.

En í Joppe var sú lærdómsins þjónustukvinna sem Tabíta var að nafni, hvað er útleggst Dorkas, það heitir skógargeit. Hún var full góðra verka og meður ölmusugjörðir sem hún veitti. En á þeim dögum bar svo til að hún tók sótt og andaðist. Og sem þeir höfðu þvegið hana, settu þeir hana í borðstofuna. En með því að Lýdda liggur í grennd við Joppen, og þá lærisveinarnir heyrðu það að Pétur væri þar, sendu þeir til hans og báðu hann um að hann léti sér ekki þungt þykja til þeirra að koma.

En Pétur stóð upp og fór með þeim. Og er hann kom þar, leiddu þeir hann í borðstofuna, og allar ekkjurnar flyktust utan um kring hann grátandi og sýndu honum þá kyrtla og klæðnað sem Dorkas hafði gjört meðan hún var hjá þeim. Og er Pétur hafði þá alla út drifið, féll hann á knéin, baðst fyrir og snerist að líkamanum og sagði: Tabíta, státt upp. En hún lauk upp sínum augum, og er hún sá Petrum, setti hún sig upp. En hann rétti henni höndina og reisti hana upp og kallaði á hina heilögu og ekkjurnar og afhenti þeim hana lifandi. Og það kunngjörðist um alla Joppen, og margir trúðu á Drottin. Það skeði og svo að hann bleif marga daga í Joppen hjá Símoni þeim nokkrum sem var einn sútari.

Tíundi kapítuli

En sá maður nokkur í Sesarea sem Kornelius var að nafni, höfuðsmaður yfir þeim selskap er kölluðust valir, guðlegur mann og guðhræddur með öllu sínu húsi, gefandi fólkinu miklar ölmusur og var jafnan á bæn til Guðs. Hann sá opinberlega í sýn nær níundu stund dags engil Guðs ganga inn til sín er sagði til hans: Korneli. En hann horfði á hann óttasleginn og sagði: Hvað er þá, herra? Hann sagði honum þá: Bænir þínar og ölmusugjörðir eru upp stignar til minnis fyrir Guði. Og send nú út menn til Joppen og lát sækja Símon, þann kallaður er Petrus. Hann herbergjar hjá Símoni, sútara einum, hvers hús að leggur við sjóinn. Hann mun segja þér hvað þér byrjar að gjöra. En er engillinn, sá við hann talaði, var í burt genginn, kallaði hann á tvo sína þjónustumenn og einn guðlegan stríðsmann út af þeim er að honum lutu, hverjum hann sagði allt frá og sendi þá til Joppen.

En daginn eftir er þeir voru á leiðinni og tóku að nálgast borgina, sté Pétur upp á loftið að hann bæðist fyrir nær séttu stund. Og er hann hungraði, vildi hann matar neyta. En á meðan þeir voru að búa til, leið yfir hann brjósthöfgi og sá himininn opinn og ofan fara að sér disk nokkurn mikinn svo sem línak í fjórum hyrningum upp bundinn. Og hann varð af himni ofan látinn á jörðina, í hverjum eð voru allar ferfættar kindur, skógdýr og skriðkvikindi og fuglar himins. Og þar skeði rödd til hans: Státt upp, Pétur, slátra og et. En Pétur sagði: Öngvaneginn, herra, því að eg hefi enn aldri nokkuð almennilegt eður óhreint etið. Og röddin sagði aftur í annað sinn til hans: Hvað Guð hreinsaði, það seg þú eigi almennilegt. Þetta skeði þrisvar sinnum, og diskurinn varð upp numinn aftur til himins.

Og er Pétur var efablandinn um með sjálfum sér hver þessi sýn mundi vera sem hann hafði séð, sjáðu, að þá spurðu þeir menn er út voru sendir frá Kornelio eftir húsi Símonar og stóðu úti við hurðina. Og að útkölluðum nokkrum spurðu þeir að hvort Símon, að viðurnefni Petrus, hefði þar herbergi. En er Pétur hugleiddi um sýnina, sagði andi til hans: Sjáðu, þessir menn leita að þér. Státt upp, far ofan og gakk með þeim og efa ekkert því að eg senda þá hingað. Þá sté Pétur ofan til þeirra manna, sem sendir voru til hans frá Kornelio, og sagði: Sjáið, eg em þann sami þér spytjið að. Hver efni eru til þess að þér eruð hér komnir? Þeir sögðu Kornelius, sá höfðingi, frómur maður og guðhræddur, hafandi góðan orðstír af öllu Gyðingafólki, er með vitran áminntur af heilögum engli að hann kallaði þig í sitt hús svo hann heyrði orð af þér. Og þá kallaði hann þá inn og veitti þeim herbergi.

Annan dag eftir ferðaðist Pétur með þeim, og nokkrir bræður af Joppen fylgdu honum. Og annars dags eftir komu þeir til Sesaream. En Kornelius beið þeirra og saman kallaði sína frændur og virktavini. Og er það skeði að Pétur kom inn, gekk Kornelius í móti honum og féll til fóta hans og tilbað hann. En Pétur reisti hann upp og sagði: Státt upp, eg em og maður. Og er hann hafði haft samtál við þá, gekk hann inn og fann þá marga er þar voru saman komnir og sagði til þeirra: Þér vitið að það er eigi leyfilegt þeim manni, sem Gyðingur er, að fella sig við eður ganga til útlendra manna. En Guð sýndi mér að eg segða öngvan mann almennan eður óhreinan, fyrir hvað eg kom utan dvöl þá eg var til kvaddur. Því spyg er yður nú að hvar til þér létuð kalla mig.

Kornelius sagði: Í fjóra daga hefi eg fastað allt til þessarar stundar. Og um (ix) stund sem eg baðst fyrir í mínu húsi, og sjá, þá stóð maður fram fyrir mér í skínanda klæði og sagði: Korneli, þín bæn er alheyrð og þínar ölmusur eru í minni settar fyrir Guðs augliti. Af því send þú til Joppen og lát kalla Símon, þann auknefndur er Petrus. Hann herbergjar í húsi Símonar sútara við sjóinn. Því þá hann kemur, mun hann tala fyrir þér. Þá senda eg jafnsnart til þín, og þú gjörðir vel það þú komt hingað því að vær erum (að Guðs vitni) hér allir að vér heyrum alla þá hluti sem þér eru af Guði boðnir.

En Pétur lauk sinn munn upp og sagði: Nú reyni eg í sannleika það ekki er manngreinar munur hjá Guði, heldur á öllu fólki sem hann óttast og gjörir réttvísi, þá er honum þökknan.

Þér vitið af þeirri predikan sem Guð sendi til Íraelssona, boðandi þeim frið fyrir Jesúm Kristum (hver að er Drottinn allra), af hverri predikan ryktið út barst um allt Gyðingaland, sú er fyrst hófst upp í Galílea eftir þá skírn sem Jóhannes predikaði það Guð hefði smurt Jesúm af Naðaret með heilögum anda og krafti, hver eð um kring gekk, gjörði gott og græddi alla þá sem af djöflinum voru undirþrykkir af því Guð var með honum. Og vér erum vottar alls þess hann gjörði á Gyðingalandi og í Jerúsalem, hvern þeir aflífuðu og á tréið upp hengdu.*

Pennan upp vakti Guð á þriðja degi og lét opinberan verða, eigi öllu fólki, heldur oss sem áður voru hans útvaldir vottar af Guði, vér sem átum og drukkum með honum eftir það hann var upp risinn af dauða. Og hann bauð oss að predika fólkinu og vitni um bera það hann væri sá sem skikkaður er af Guði, dómari lifendra og dauðra. Af þessum bera allir spámenn vitni og fyrir hans nafn skuli allir þeir, sem á hans nafn trúa, meðtaka syndanna fyrirgefning.*

Þá Pétur talaði þessum orðum, féll heilagur andi yfir þá alla sem orðið heyrðu. Og þeir trúaðir, sem af umskurningunni voru og með Pétri höfðu komið, undruðust það að heilags anda gjöf væri úthellt yfir heiðna menn því þeir heyrðu þá tungur tala og vegsama Guð. Þá svaraði Pétur: Hver má fyrirbjóða þeim vatnið að þeir skírist eigi sem meðtekið hafa heilagan anda líka sem vér? Og hann bauð að skíra þá í nafni Drottins. Þeir báðu hann þá að hann væri hjá þeim nokkra daga.

Ellifti kapítuli

Og er það heyrðu postularnir og þeir bræður sem í Júdea voru að heiðingjar hefðu meðtekið Guðs orð og þá Pétur kom upp til Jerúsalem, tóku þeir að þrátta í móti honum sem voru af umskurningunni og sögðu: Þú gekkst inn til þeirra manna sem yfirhúð hafa og mataðist með þeim.

En Pétur tók til af upphafi og lagði út fyrir þeim eitt eftir annað og sagði: Eg var í borginni Joppen á bæn, og eg sá í leiðslu míns hugskots sýn þá að diskur nokkur leið ofan stór sem annað línlak meður fjórum hyrningum, ofan látinn af himnum og kom allt inn til mín, á hvern eg horfða. Hugða eg að og sá færfættar kindur jarðar, skógdýr, skriðkvikindi og fugla himins. Eg heyrða þá rödd sem til mín sagði: Statt upp, Pétur, slátra og neyt. En eg sagði: Herra, öngvaneginn því ekkert almennt eður óhreint hefir enn nokkurn tíma í minn munn inn gengið. En röddin svaraði mér í annað sinn af himni: Hvað Guð hreinsaði, það seg þú eigi almennt. Og þetta skeði þrisvar, og þá var allt upp numið aftur til himins.

Og sjáið, að jafnsnart stóðu þrír menn úti fyrir húsinu þar eg var inni, sendir af Sesarea til mín. En andinn sagði mér að eg skyldi ganga með þeim og efa ekkert. En mér fylgdu þessir sex bræður, og vær gengu inn í þess manns hús. Hann kunngjörði oss hverninn hann hefði séð engil í sínu húsi, hver eð staðið hafði fyrir honum og sagt til hans: Send þú út menn til Joppen og lát kalla til þín Símon, þann kallaður er Pétur. Hann mun segja þér þau orð, af hverjum þú munt hólpinn verða og allt þitt hús. En þá eg tók til að tala, féll heilagur andi yfir þá líka sem hann féll yfir oss í upphafi. Þá kom mér það í hug hvað Drottinn hafði sagt: Jóhannes skírði að sönnu í vatni, en þér skuluð með heilögum anda skírðir verða. Því fyrst Guð hefir gefið þeim líkar gjafir sem oss þann tíð vér trúðum á Drottin Jesúm Krist, hver var eg þess eg mætta það Guði banna? Þá þeir heyrðu það, þögnuðu þeir út af, vegsömuðu Guð og sögðu: Það Guð hefði og unnt heiðingjum iðran til lífs.

Og sennilega þeir, sem í sundur höfðu dreifst af þeirri hörmung er bar til um Stefanum, gengu um kring allt til Feniken og Kýpríam og Antiokkíam, talandi orðið fyrir öngum nema Gyðingum einum. Þar voru og nokkrir út af þeim sem voru af Kýpría og Kýrenía, hverjir þann tíð þeir gengu inn í Antiokkíam, tóku að tala til þeirra Grikkja, boðandi þeim Drottin Jesúm. Og hönd Drottins var meður þeim, og mikil tala trúaðra manna snerist til Drottins.

En það orð flaug sem af þeim fór til eyrna safnaðarins sem var til Jerúsalem, og þeir sendu út Barnabam það hann gengi til Antiokkíam. Og sem hann kom þar og sá Guðs náð, varð hann glaður og réð þeim öllum að þeir skyldu með öruggu hjarta hjá Guði staðnæmast. Því hann var góður maður og fullur af heilögum anda og trúar. Og margt fólk jókst þar Drottin. En Barnabas fór til Tarsen að hann frétti upp Sálum. Og er hann hafði fundið hann, fylgdi hann honum í Antiokkíam. Og það skeði svo að þeir voru til samans árið allt hjá þeim söfnuði, kenndu þar og mörgu fólki svo að lærisveinarnir kölluðust fyrst í Antiokkía kristnir.

En á þeim dögum komu spámenn af Jerúsalem til Antiokkíam. Og einn af þeim stóð upp, Agabus að nafni. Hann tilteiknaði fyrir andann mikið hungur er koma skyldi í öllum veraldar heimi, hvert eð skeði undir Kládío keisara. En lærisveinarnir lögðu til, hver eftir því sem hann formátti, og sendu þeim bræðrum til bjargar er bjuggu í Júdea, hvað þeir gjörðu og sendu til þeirra öldunga fyrir hendur Barnabe og Sáls.

Tólfti kapítuli

En á þeim tíma lagði Heródes konungur hendur á nokkra af safnaðinum að þína þá. Hann lét þá drepa Jakob, bróður Jóhannis, með sverði. Og er hann sá að það þekktist Gyðingum, fór hann til og lét höndla Petrum. En þetta var um páska. Og sem hann hafði hann grípa látið, lét hann setja hann í myrkvastofu og fékk hann í hendur inum fjórða parti fjórðungastaðaskiptis hermanna til varðveislu, viljandi eftir páskana fram leiða hann fólkinu. Og Pétur geymdist að sönnu í myrkvastofu, en söfnuðurinn bað í ákafa fyrir honum til Guðs. Og þá er Heródes vildi hann fram leiða láta, svaf Pétur á þeirri nótt meðal tveggja stríðsmanna, bundinn tveimur járnhlekkjum, en varðmennirnir forvöruðu úti fyrir dyrunum myrkvastofuna.

Og sjá, að engill Drottins stóð þar, og ljós skein í húsinu. Hann laust á síðu Péturs, upp vakti hann og sagði: Statt upp skyndilega. Og hlekkirnir féllu af hans höndum. Engillinn sagði þá til hans: Gyrt þig og lát skó þína á þig. Og hann gjörði svo. Hann sagði og til hans: Legg þinn kyrtil yfir þig og fylg mér. Og hann gekk út og fylgdi honum. Og eigi vissi hann það til sanns sem fyrir engillinn gjörðist, heldur meinti hann sig sýn sjá. Og þeir gengu um hið fyrsta og annað varðhald og komu til járnhlíðsins er lá til borgarinnar, en það lauk sér upp sjálft, og þeir gengu út. En sem þeir reikuðu fram eitt stræti, veik engillinn sér jafnsnart frá honum.

Og er Pétur kom til sjálfs síns sagði hann: Nú veit eg sennilega það Drottinn sendi engil sinn og frelsaði mig af hendi Heródis og af allri eftirvæntan Gyðingalyðs.* Og sem hann gætti sín, kom hann til húsa Maríu, móður Jóhannis, þess sem kallaður var Markús, hvar eð margir voru til samans komnir og báðust fyrir. En sem Pétur laust á dyrahurðina, gekk stúlka fram að sjá til, sú Róde var að nafni. Og er hún þekkti hljóð Péturs, lauk hún eigi upp hurðinni fyrir feginleika, heldur hljóp hún inn og sagði að Pétur stæði úti fyrir hurðinni. En þeir sögðu til hennar: Ertu galin? Hún hélt því fastara á að það væri svo. Þeir sögðu: Það er hans engill. En Pétur klappaði því tíðara á, og er þeir luku upp, sáu þeir hann og undruðust. En hann benti þeim með hendinni að þeir þegði og sagði frá hverninn Drottinn hefði leitt hann út úr myrkvastofunni og sagði: Kunngjörið þetta Jakobi og bræðrunum. Hann gekk út þaðan og fór burt í annan stað.

En þá dagur kom, var eigi lítil angursemi á milli stríðsmannanna hvað vorðið hafði af Pétri. En er Heródes heimti hann og fann eigi, lét hann forheyra varðmennina og skipaði þá burt leiða, fór síðan af Júdea ofan til Sesarea, og þar dvaldist hann. En Heródes var missáttur við þá í Týro og Sídon. En þeir komu með einu samheldi til hans og ráðguðust um við Blastum, hver eð var konungsins dróttseti, og beiddust friðar af því að þeirra byggðarlög nærðust af konungsins landi. En á tilsettum degi klæddist Heródes konunglegum skrudá, settist á dómstólinn og hóf sér ræðu til þeirra. En fólkið tók að kalla: Guðs rödd er þetta, en eigi manns. Jafnskjótt sló hann engill Drottins af því hann gaf eigi Guði heidurinn. Varð hann etinn af möðkum og andaðist.

Orð Drottins tóku að vaxa og margfaldast. En þeir Barnabas og Sálus komu til Jerúsalem aftur og afentu þeim þær vistir og tóku með sér Jóhannem, þann er að viðurnefni hét Markús.

Þrettándi kapítuli

Og í þeim söfnuði, sem var í Antiokkia, voru spámenn og lærifeður, meðal hverra var Barnabas og Símon, er kallaðist Níger, og Lútíus hinn sýrlenski og Manaen, sá eð var samfóstri Heródis tetrarka, og Sálus. Og þann tíð þeir þjónuðu Drottni og föstuðu, sagði heilagur andi: Útveljið mér Barnabam og Sálum í það verk sem eg hefi þá til kjörið. Þeir föstuðu þá og báðust fyrir, lögðu hendur yfir þá og létu í burt fara. Og sem þeir voru að sönnu út sendir af heilögum anda, gengu þeir burt til Selevkía, og þaðan sigldu þeir til Kýpría. Og þá þeir komu til Salmínuborgar, tóku þeir að predika Guðs orð í samkundum Gyðinga. En þeir höfðu Jóhannem til þjónustu.

Og sem þeir gengu yfir eyrna, allt inn til Pafosborgar, þar fundu þeir nokkurn fjölkynnngismann og falsprofeta, þann Gyðingur var, hvers nafn eð var Barjetis. Sá var hjá Sergío Pálo, landstjórnara og forsjálegum manni. Hann kallaði fyrir sig Barnabam og Sálum, og hann fýsti að heyra Guðs orð. Þá stóð þeim í mót sá galdramaður, Elýmas, því að svo verður hans nafn útlagt, sækjandi eftir að snúa landstjórnaranum frá trúnni. En Sálus, sá er og hét Pálus, fullur af heilögum anda, leit á hann og sagði: Ó, þú djöfuls son, fullur alls táls og fláræðis og óvinur allrar réttvísi, þú lætur eigi af að umsnúa réttum vegum Drottins. Og sjá nú, að hönd Drottins kemur yfir þig, og þú skalt blindur vera og sjá ekki sól um nokkra tíma. Og jafnsnart féll á hann dimma og myrkur, fálmaði um kring sig og leitaði að þeim eð hann vildi leiða. Þá landstjórnarinn sá hvað gjörðist, undraðist hann yfir kenning Drottins.

En þá Páll og þeir, sem með honum voru, sigldu frá Pafó, komu þeir til Pergén í Pamfýlalandi, en Jóhannes skildi við þá og fór aftur til Jerúsalem. En þeir fóru þar þvert yfir frá Pergén og komu til Antiokkía í Pisíðralandi og gengu inn í þeirra samkundu á þvottdegi og settust niður. En eftir lögmálslesturinn og spámannanna sendu yfirmenn samkundunnar og létu segja þeim: Þér menn og bræður, ef nokkur áminningarsaga er hjá yður til fólksins, þá segið fram.

Þá stóð Páll upp og benti til hljóðs með hendinni og sagði: Þér Íraelsmenn og þér sem óttist Guð, þá heyrið. Guð Íraelslýðs út valdi feður vora og hóf upp fólk þetta þá þegar það var útlægt á Egyptalandi, og með hávum armlegg út leiddi hann það þaðan. Og mestu í fjörutigir ár umleið hann þeirra siðvenjur og afmáði (vii) þjóðir á Kanaansjörðu og skipti með þeim eftir hlutfalli þeirra landi. Eftir það gaf hann þeim dómendur í fjögur hundruð og fimmtigir ára, allt til Samúel spámanns. Eftir það æsktu þeir sér konungs, og Guð gaf þeim Sál, son Kís, mann af Benjamíns kyni, í (xl) ár. Og er hann af setti þann, uppvakti hann Davíð þeim til konungs, af hverjum hann vitnaði og sagði: Eg hefi fundið Davíð, son Jessa, mann eftir mínu hjarta, hver gjöra skal allan minn vilja.

Af hvers sæði Guð framleiddi eftir fyrirheitinu Jesúm Íraelslausnara eftir því sem Jóhannes predikaði áður iðranarskírni fyrir hans auglits hingaðkomu öllu Íraelsfólki. En sem Jóhannes hafði lyktað sitt skeið, sagði hann: Eg em eigi hann, hvern þér meinið mig vera, heldur sjáið, að sá kemur eftir mig, hvers skóklæði eg em eigi verðugur að leysa.

Þér menn, góðir bræður og þér synir Abrahams slektis og þeir sem yðar á milli óttast Guð, yður er þetta hjálpræðisorð sent. Því að þeir sem bjuggu í Jerúsalem og þeirra höfðingjar, með því þeir þekktu hann eigi né spámannaraddirnar (hverjar lesnar verða hvern þvottdag), hafa þeir með sínu dómsatkvæði uppfyllt. Og þó þeir myndi öngva dauðasök með honum, beiddu þeir af Pílató að hann léti aflífa hann. En sem hann hafði fullkomnað allt hvað af honum var skrifað, tóku þeir hann ofan af trénu og lögðu í gróf. En Guð upp vakti hann af dauða, hver og séður er um marga daga af þeim sem með honum fóru af Galílea upp til Jerúsalem, hverjir að eru hans vottar hjá fólkinu.

Og vér boðum yður það fyrirheit sem til feðra vorra er skeð að það sama hefir Guð uppfyllt oss þeirra sonum í því hann uppvakti Jesúm;* svo sem í fyrsta sálmi skrifað er: Þú ert minn son, í dag ól eg þig. En það Guð upp vakti hann af dauða að hann kæmi eigi fram til rotnanar aftur, þá sagði hann svo: Trúlega skal eg halda við yður þá náð er Davíð var lofuð. Fyrir því segir hann enn í öðrum stað: Þú munt eigi leyfa það þinn heilagi skuli rotnan sjá. Því að sennilega þá Davíð hafði sinn aldur út þjónað og að Guðs forsjó sofnaði hann og er lagður til feðra sinna og hefir rotnan séð. En sá, hvern Guð upp vakti, hefir eigi rotnan séna.

Fyrir því sé yður viturlegt, góðir menn og bræður, það yður boðast fyrir þennan syndanna fyrirgefning og af öllu því, hverju þér gátuð ekki réttlátir orðið fyrir Moyses lögmál, og hver hann trúir á þennan, sá er réttlættur. Því sjáið svo til að eigi komi það yfir yður, hvað sagt er fyrir spámenninga: Sjái þér forsmánarar, undrið yður og verðið að öngu því að eg gjöri það verk á yðrum dögum, hverju þér trúið eigi þó ef nokkur talaði yður það út.

En að út gengnum Gyðingum af samkundunni báðu hinir heiðnu það þeir segði þeim þessi orð á eftir komanda þvottdegi. Og er samkundan í sundur dreifðist, fylgdu Páli og Barnaba margir Gyðingar eftir og guðræknir menn sem Júðar höfðu gjörst. Og þeir sögðu þeim og áminntu þá að þeir skyldi stöðugir blífa í Guðs náð. En að eftirkomanda þvottdegi kom til samans næsta allur borgarmúgur að heyra Guðs orð. Og er Gyðingar sáu fólkið, fylltust þeir fjandskapar og tóku að mæla í gegn því sem Páll sagði, mót kastandi það og háðungarorðum lastandi. Þeir Páll og Barnabas sögðu þá sköruglega: Það byrjaði að yður skyldi Guðs orð fyrst segjast. En af því þér rekið það frá yður og dæmið yður sjálfa óverðuga eilífs lífs, sjáið, það vér snúust þá til heiðinna þjóða. Því að svo hefir Drottinn boðið oss: Eg setta þig heiðnum þjóðum til ljóss svo að þú sért hjálpráð allt til yðsta jarðar enda.

Og þá hinir heiðnu heyrðu það, glöddust þeir og vegsömuðu orð Drottins, og svo margir urðu trúaðir sem til eilífs lífs voru skikkaðir. Og orð Drottins tóku út að berast um öll héruð. En Gyðingar hvöttu þá upp guðræknar og hæverskar kvinnur og hina æðstu menn borgarinnar og upp kveiktu svo ofsókn í móti Páli og Barnaba og ráku þá burt úr sínum landsálfum. En þeir hristu duft föta sinna á þá og komu til Íkonían. Og lærisveinarnir fylltust af fagnaði og heilögum anda.

Fjórtándi kapítuli

Og það skeði í Íkonía að þeir gengu til líka inn í Gyðingasamkundu og töluðu svo að mikill mannfjöldi trúði, bæði Júðar og Grikkir. En þeir Gyðingar, sem mistrúa voru, upp vöktu og til reiði hvöttu í móti bræðrunum hugi heiðinna manna. Þó dvöldu þeir þar um langan tíma styrklega erfiðandi með herrans fulltingi, hver eð sjálfur vitni bar orðum sinnar náðar og veitti að tákn og stórmerki skeðu fyrir þeirra hendur. En borgarmúgurinn tvískiptist í sundur svo að sumir héldu að sönnu með Gyðingum, en sumir með postulunum.

En er gjörðist upphlaup með heiðingjum og líka einninn með Gyðingum og þeirra yfirboðurum að þeir færi til með valdi og grýttu þá grjóti, það fornumu þeir og flýðu í þær borgir sem liggja í Lýkoníalandi, Lýstra og Derben, og alls staðar í þeirra umliggjandi landsálfur og predikuðu þar guðsspjöll. Og maður nokkur í Lýstra sat fótahrumur og var haltur frá sinnar móður kvíði, sá er aldri hafði enn gengið, hann heyrði Pál mæla. Og sem hann leit á hann og sá að hann trúði, það honum mætti hjálpa, sagði hann með hárrí röddu: Statt uppréttur á þína fætur. Og hann spratt upp og gekk. En er lýðurinn leit hvað Páll hafði gjört, hófu þeir upp hljóð sín á Lýkaónisku og sögðu: Guðin eru mönnum lík vorðin og til vor ofan stigin. Og Barnabam kölluðu þeir Júpiter, en Pál Merkúrium af því hann var frameri orðsins. En Júpíters prestur, sá er fyrir borginni var, flutti bæði yxn og kransa fyrir dyrnar og vildi fórnfæra þeim með fólkinu.

Þá er postularnir, Páll og Barnabas, heyrði það, hrifu þeir klæði sín, stukku upp á milli fólksins, kölluðu og sögðu: Þér menn, hví gjöri þér þetta? Við erum og dauðlegir menn líka sem þér og bjóðum yður að snúast frá þessum hégómum til lifanda Guðs, sá er gjörði himin og jörð, sjó og allt hvað í þeim er, hver er um liðnar aldir hefir allar þjóðir ganga látið sína sjálfs vegu. Og þó að sönnu hefir hann eigi forlátið sjálfan sig án vitnisburðar þá hann veitir gott og gefur oss dög af himni og frjósama tíma, uppfyllandi vor hjörtu með fæðslu og fagnað. Og er þeir sögðu þetta, gátu þeir þó varla stillt lýðinn svo að þeir fórnðu þeim eigi.

Þá komu þar nokkrir Gyðingar frá Antiokkía og Íkonía, hverjir að umtöldu lýðinn svo að þeir grýttu Pál og drógu út af borginni, meinandi hann dauðan vera. En þá lærisveinarnir umkringdu hann, stóð hann upp og gekk inn í borgina. Og deginum eftir fór hann með Barnaba til Derben og predikaði guðsspjöll í þeirri borg og lærði þar margan, vendi síðan aftur til Lýstram, Íkonía og Antiokkiam, styrkjandi andir lærisveinanna, þá áminnandi að þeir væri staðfastir í trúnni og það að oss byrjar fyrir margar hrellingar inn að ganga í Guðs ríki. Og þeir skikkuðu þeim öldunga í sérhverja samkundu, báðust fyrir og föstuðu og fólu þá síðan þeim Drottni á hendi, á hvern þeir trúðu.

Og er þeir höfðu gengið um Pisidíam, komu þeir í Pamfýlíam og töluðu orð Drottins til Pergan og fóru ofan til Attalíam. Þaðan sigldu þeir til Antiokkiam, hvaðan þeir voru af Guðs náð til fengnir í það verk, hvert þeir höfðu fullkomnað. Og sem þeir voru komnir og saman safnað söfnuðinum, töldu þeir fram hve mikið Guð hefði gjört meður þeim og hverninn hann hefði dyrum trúarinnar upp lokið fyrir heiðingjum. Og þar dvöldu þeir eigi skamma stund hjá lærisveinunum.

Fimmtándi kapítuli

Og þeir nokkrir, sem ofan komu af Júdea, lærðu bræðurna það, nema ef þeir léti umskera sig eftir siðvenju Moyses, þá kunni þér ekki að hjálpast. Og af því gjörðist þar rugl og misþykki eigi lítið. Páll og Barnabas settu sig fast í móti þeim. Þá skikkuðu þeir Pál og Barnabam til og nokkra aðra af þeim að þeir færi upp til postulanna og yfirprestanna í Jerúsalem um þetta þrætumál. Og sem þeir voru af safnaðinum á leið leiddir, gengu þeir um Feniken og Samaríam, segjandi heiðinna þjóða umvending og gjörðu öllum bræðrum mikinn fögnuð. En þá þeir komu til Jerúsalem, meðtókust þeir af söfnuðinum og af postulunum og svo af öldungunum, og þeir kunngjörðu þeim frá hversu mikið Guð hefði gjört meður þeim. Þá risu upp nokkrir út af faríseis selskap, þeir við trú höfðu tekið, segjandi að það byrjaði að umskera þá og buðu að halda Moyses lögmál. En postularnir og prestarnir komu til samans að þeir liti á þetta mál.

Og er mikil þráttan hafði verið, stóð Pétur upp og sagði til þeirra: Góðir menn og bræður, þér vitið að fyrir langri ævi, það Guð hefir útvalið vor á milli að heiðnir menn skyldu heyra fyrir minn munn guðsspjallsins orð og svo að trúa. Og Guð, sá hjörtun kennir, bar vitnisburð um, gefandi þeim heilagan anda svo sem oss og gjörði öngvan mun á milli þeirra og vor, hreinsandi með trú þeirra hjörtu. Fyrir hvað freisti þér nú Guðs það þér leggið ok yfir lærisveinanna háls, hvert að ei gátu borið hvorki vér né feður vorir, heldur trúum vér að frelsast fyrir náð Drottins vors Jesú Kristi með sama hætti og þeir. Þá þagði allur múgurinn og hlýddu þeim Barnaba og Páli er þeir sögðu frá hver tákn og stórmerki eð Guð hefði gjört meðal heiðinna þjóða fyrir þá.

Eftir það þeir þögnuðu, svaraði Jakob og sagði: Þér menn og bræður, heyrið mig. Símon sagði fram með hverjum hætti Guð hefði í fyrstu vitnað og meðtekið sér fólk út af heiðnum þjóðum í sínu nafni og þessu samhljóða spámanaorðin svo sem að skrifað er: Eftir þetta mun eg aftur koma og uppbyggja tjaldbúð Davíðs, hver að fallin er. Og hennar niðurbrot skal eg endurbyggja og hana upprétta svo að þeir menn, sem eftir blífa, skulu Drottins leita og þar til allar heiðnar þjóðir, yfir hverjar mitt nafn ákallað er, segir Drottinn, sá er þetta gjörir allt. Guði eru öll sín verk kunnig frá veraldar upphafi. Fyrir því órskurða eg það vér gjörum öngva þvingan þeim sem snúast frá heiðni til Guðs, heldur skrifum þeim til að þeir haldi sig frá óhreisleik skurgoðadýrkanar og frá frillulífnaði og köfnuðu og af blóði. Því að Moyses hefir fyrir langri ævi til sett í öllum borgum það hann skuli predikast í samkundum, hvar hann verður og lesinn alla þvottdaga.

Það hagaði þá postulunum og öldungunum með öllum safnaðinum að þeir útveldi af þeim menn og sendi til Antiokkiam með Páli og Barnaba tileinkaðan Júdam, þann kallaður var Barsabbas, og Sílam, inir æðstu menn meðal bræðranna, og sendu rit fyrir þeirra hendur með þessu atkvæði:

Vér postular, prestar og bræður heilsum þeim bræðrum er út af heiðingjum og í Antiokkia, Sýria og Kilitia eru með því að vér höfum heyrt að nokkrir af oss eru út gengnir sem hafa sturlað yður með orðum og flekkað andir yðrar, þjóðandi yður að umskerast og lögmálið að halda, hverjum vér höfum ekki slíkt boðið. Því hefir oss litist með eindregni saman komnum að senda til yðar valinkunna menn með vorum elskulegum Barnaba og Páli, hverjir menn eð út hafa sett sínar sálir fyrir nafn Drottins vors Jesú Kristi. Fyrir því sendu vér Júdam og Sílam, hverjir eð sjálfir mega með orðum segja yður hið sama. Því að það list heilögum anda og oss að vér skyldum öngvar byrðir leggja á yður fyrir utan þessa þarflega hluti, það þér haldið yður af því sem skurgoðum er fórnað og blóði og fráköfnuðu og frillulífi, af hverju ef þér varðveitið sjálfa yður, gjöri þér rétt. Lífið sælir.

Þá þessir voru af stað sendir, komu þeir til Antiokkiam og saman söfnuðu safnaðinum og fengu þeim bréfið. Þá þeir lásu það, urðu þeir af þeirri huggan glaðir. En Júdas og Síla, hverjir að spámenn voru, áminntu bræðurna með nógu orðum og styrktu þá. Og þeir dvöldu þar um stundar sakir og voru síðan með friði af bræðrunum sendir til postulanna aftur, en Síla leist á að vera þar. Páll og Barnabas dvöldust í Antiokkia, kenndu og boðuðu samt öðrum fleirum orð Drottins.

En eftir nokkra daga sagði Páll til Barnaba: Föru við aftur og vitjum bræðra vorra um allar borgir, í hverjum við höfum boðað orð Drottins, hverninn að þeir haga sér. En Barnabas gaf til ráð að þeir tæki með sér Jóhannem, sá er auknefndist Markús. En Páll vildi ekki að sá, sem frá þeim hafði snúið úr Pamfýlía og gekk eigi með þeim í verk, skyldi eigi með fylgja. Og svo hart sundurþykki varð þeirra á milli að hvor skildi við annan. Og Barnabas tók að sönnu Markum með sér og sigldi í Kýpríam. En Páll kjöri sér Sílam og var af bræðrunum Guðs náð bifalaður. Og hann gekk um Sýriam og Kilitiam styrkjandi söfnuðina.

Sextándi kapítuli

En er hann kom til Derben og Lýstran, og sjá, að lærisveinn nokkur var þar, Tímóteus að nafni, sonur einrar trúaðrar Gyðingakonu, en að federni girskur. Þessum báru þeir bræður gott vitni sem voru í Lýstram og Íkonía. Þennan vildi Páll með sér fara láta, tók að sér og umskar hann fyrir sakir þeirra Gyðinga sem voru í þeim stöðum því að þeir vissu allir það hans faðir var girskur. En þar þeir fóru um borgir, buðu þeir í þeim að varðveita þær setningar sem skikkaðar höfðu verið af postulunum og prestum þeim sem til Jerúsalem voru, og svo styrktust söfnuðurnir í trúnni og fjölguðust daglega að tölu.

Og þá þeir gengu um Frýgíam og Galítíuríki, var þeim forboðið af helgum anda að tala Guðs orð í Asía. En sem þeir komu til Mýsías, freistuðu þeir að ganga í Bitíníam, og andinn lofaði þeim það eigi. En þá þeir gengu yfir um Mýsías, fóru þeir ofan til Tróaden. Og Páli var sjón sýnd um nóttina að maður nokkur af Makedónía stóð og bað hann og sagði: Far þú í Makedóníam og hjálpa oss. En sem hann hafði sjónina séð, stunduðum vér strax að reisa í Makedónía fullgjörðir í því það Drottinn kallaði oss að predika þeim guðsspjöll. En þá vér leystum frá Tróada, komu vær á réttu skeiði til Samótíation og annars dags til Neapólin og þaðan til Filippis, hver að er hin æðsta og frelsis höfuðborg í Makedónía.

Og vær dvöldust í sömu borg nokkra daga. Og á þvottdeginum gengu vér út af borginni að því vatni, hvar þeir plöguðu að biðjast fyrir, settum oss og töluðum til þeirra kvenna er þar komu til samans. Og kona nokkur guðrækin, Lýdía að nafni, hver eð purpura seldi, verandi út af Tíatírísborg, heyrði til, hverrar hjarta Drottinn opnaði svo að hún gætti að því hvað af Páli sagðist. En sem hún og hennar hús var skírt, beiddi hún oss og sagði: Ef þér haldið mig trúaða vera í Drottni, þá gangið inn í mitt hús og blífið þar. Og hún neyddi oss.

En það skeði þá vér gengum til bænar að stúlka nokkur, sú er hafði sannsagnaranda, hljóp í móti oss, hver eð gjörði sínum lánardrottnum mikinn bata í sannsögli. Þessi sama fylgdi Páli og oss alls staðar eftir, kallaði og sagði: Þessir menn eru þjónar Guðs hins hæðsta, þeir eð boða yður hjálpræðisgötu. Þetta gjörði hún um marga daga. En það gramdist Páli. Því snerist hann við og sagði til andans: Eg býð þér í nafni Jesú Kristi að þú farir út frá henni. Og hann fór út á samri stund.

En er drottinn hennar sáu það að von sinnar ábatanar var úti, gripu þeir Pál og Sílam og leiddu þá á torg til höfðingjanna og færðu þá fyrir yfirboðarana og sögðu: Þessir menn gjöra styrjöld í borg vorri með því þó þeir eru Gyðingar og boða þá venju er oss hæfir eigi með að taka né að gjöra með því vér erum rómverskir. Og fólkið æstist upp í móti þeim, yfirboðaranir létu þá af fötum færa og buðu að strýkja þá. Og er þeir höfðu veitt þeim stóra húðstroku, snöruðu þeir þeim í myrkvastofu og buðu myrkvastofuverðinum að geyma þá grandvarlega. Og hann tók slíkt boð að sér og kastaði þeim í hið innsta varðhald og setti þeirra fætur í stokk.

En um miðnætti báðust þeir fyrir, Páll og Sílas, og lofuðu Guð, og þeir heyrðu til þeirra sem í varðhaldinu voru. En jafnsnart varð mikill jarðskjálfti svo að hræðist allur grundvöllur myrkvastofunnar. Og jafnsnart opnuðust allar dyr og allra þeirra fjötur upp leystust. En sem myrkvastofuvörðurinn vaknaði og sá myrkvastofudyrnar opnar, dró hann út sverð og vildi fyrirfara sér, meinandi bandingjana burt flýða. En Páll kallaði hárrí röddu og sagði: Gjör þér ekkert vont það vér erum hér allir.

En hann heimti ljós, gekk inn og af ótta sleginn féll hann Páli og Síla til föta, leiðandi þá út og sagði: Herrar mínir, hvað byrjar mér að gjöra það eg verði frelsaður? En þeir sögðu: Trú þú á Drottin Jesúm, svo verður þú hólpinn og þitt hús. Og þeir sögðu honum orð Drottins og öllum þeim er í hans húsi voru. Hann tók þá að sér á sömu stund nætur og þerrði benjar þeirra. Hann lét þá og skíra jafnsnart sjálfan sig og allt sitt hús. Og þá leiddi hann þá í sitt hús, reisti upp borð fyrir þeim, og hann gladdist með öllu sínu húsi það hann var á Guð trúaður vorðinn.

Og er dagaði, sendu yfirboðaranir þénara staðarins þangað og sögðu: Láttu þessa menn lausa. En myrkvastofuvörðurinn kunngjörði þessi orð Páli að yfirboðaranir hefði þangað sent, að þér skylduð lausir láta. Því gangið nú út og farið í friði. En Páll sagði til þeirra: Þeir hafa almennilega án dóms látið húðfletta oss rómverska menn og í myrkvastofu kastað, og nú vilja þeir reka oss út heimuglegana. Eigi skal svo, heldur komi þeir sjálfir og reki oss út. En þessi orð kunngjörðu staðarins þénarar yfirboðurunum. Og er þeir heyrðu það að þeir voru rómverskir, óttuðust þeir, komu síðan, beiddu þá og út leiddu og báðu að þeir færi burt úr borginni. Þeir gengu þá af myrkvastofunni og komu til Lýdíá. Og er þeir höfðu bræðurna séð og hugsvalað þeim, ferðuðust þeir í burt.

Seytjándi kapítuli

En þá þeir fóru um Amfípólin og Apollóníam, komu þeir til Tessaloníuborgar, hvar eð var Gyðinga samkund. En Páll gekk inn eftir venju sinni til þeirra og sagði þeim um þrjá þvottdaga úr ritningunum, opnandi fyrir þeim og sannandi það Kristi byrjaði að líða og af dauða upp að rísa og að þessi Jesús, hvern eg boða yður (sagði hann), sé sá Kristur. Og nokkrir af þeim trúðu og samlöguðu sig Páli og Síla og mikill fjöldi guðlegra Grikkja, þar með hinar æstu kvinnur eigi allfáar.

En þeir vantrúuðu Gyðingar fylltust fjandskapar og fengu með sér nokkra illþýðismenn. Og er þeir höfðu dregið flokk saman, gjörðu þeir uppþaup í borginni og æddu fyrir hús Jasonis og sóktu eftir að leiða þá fram fyrir alþýðufólkið. En er þeir fundu þá eigi, drógu þeir Jasonem og nokkra bræður til höfðingjanna borgarinnar og kölluðu: Þeir eð villa alla jarðarkringlu, eru hér komnir, hverja Jason hýsir. Og þessir allir gjöra í móti keisarans boði, segjandi annan kóng vera Jesúm. En þeir æstu upp lýðinn og höfðingjana borgarinnar þá er þeir heyrðu þetta. Og sem þeir höfðu borgan tekið af Jasoni og þeim öðrum, létu þeir þá lausa.

En bræðurnir létu Pál og Sílam í burt fara um nótt til Beróa. Og er þeir komu þar, gengu þeir inn í Gyðinga samkundu. En þeir voru hinir eðlubornustu meðal þeirra sem voru í Tessalonía, hverjir orðið meðtöku af öllum hugarins tilbúnaði, rannsakandi daglegana ritningarnar hvort það væri svo. Og margir af þeim gjörðust trúaðir og einninn erlegar kvinnur girskar og eigi allfáir kallmenn. Og er það fengu að vita þeir Gyðingar sem voru til Tessaloníu að Guðs orð voru boðuð af Páli í Berea, komu þeir og þangað og æstu upp lýðinn. En jafnsnart sendu bræðurnir Pál þá í burt það hann gengi allt út til sjávarins, en Sílas og Tímóteus blifu þar eftir. Og þeir eð leiddu Pál á veg, fylgdu honum allt til Aþenu. Og sem þeir fengu þann bífalning af honum til Síla og Tímóteo það þeir kæmi sem snarast til hans, fóru þeir aftur.

En á meðan Páll beið þeirra til Aþena, gramdist hans andi með sjálfum honum er hann sá borgina svo mjög hneigða til skurgoðadýrkanar. Af því hafði hann spurningar frammi við Gyðinga og guðrækna menn í samkundunni og alla daga á torgi til þeirra manna sem til hans komu. En nokkrir Epikúrei og Stóiki, veraldlegir spekingar, þráttuðu við hann. Og sumir sögðu: Hvað vill þessi

orðsnápur til segja? En aðrir mæltu: Það sýnist sem hann vilji nýrra guða boðari vera, -fyrir því hann hafði boðað þeim Jesúm og af upprisunni. Og þeir gripu hann höndum og leiddu á dómflötinn segiandi: Megu vær ekki fá að vita hver þessi nýja kenning er sem af þér segist? Því að nokkuð nýtt flytur þú fyrir vor eyru. Fyrir því vildu vér vita hvað það væri. En allir Aþenuborgarmenn og svo útlendingar og gestir stunduðu ekkert annað nema að segja eður heyra nýtt nokkuð.

En Páll sté upp á miðjan dómflötinn og sagði: Þér menn Aþenuborgar, eg sé það þér eruð í öllum hlutum næsta hjátrúaðir því að eg hefi gengið hér um og séð yðra skurguðadýrkan. Eg fann og altari, á hverju upp var skrifað: Hinn ókenndi guð. Fyrir því boða eg yður þann sama, hverjum þér óvitandi dýrkan gjörði. Sá Guð sem gjörði heiminn og allt hvað í honum er fyrir því að hann er Drottinn himins og jarðar. Eigi byggir hann í mustérum þeim sem með höndum eru smíðuð og eigi heldur fágast hann í mannlegum höndum. Hann þarf og einskis við með því hann gefur sjálfur öllum líf og andardrátt á allan hátt. Hann gjörði og af einu blóði allt mannkyn það er byggja skyldi yfir allri augsýn jarðar og ályktaði forskikkaða tíma, og takmörk þeirra byggingar hefir hann staðfest svo að þeir skyldu Guðs leita ef verða kynni að þeir mætti á honum þreifa og á hann finna með því þó að hann er eigi langt frá einum sérhverjum vorra. Því að fyrir hann lífum vær, hrærunst og erum svo sem nokkrir yðars lands dikttrar hafa sagt að vér erum og hans kyns. Nú með því vér erum Guðs slekti, skulu vér eigi meina guðdóminn líkan vera gulli og silfri eður út höggnum steinum af manna fyndingum gjörða.

Og að sönnu hefir Guð tíma þessarar óvisku líða látið, en nú býður hann öllum mönnum hvar helst þeir eru að allir gjöri yfirbót fyrir því hann hefir dag til sett, á hverjum hann vill dæma alla heimskringluna með réttvísi fyrir þann mann, fyrir hvern hann hafði það og ályktað trú að veita öllum eftir það hann upp vakti hann af dauða.

En er þeir heyrðu af upprisu framliðinna, hæddu sumir að því, en sumir sögðu: Vér skulum heyrja þig aftur enn um þetta. Svo gekk Páll út mitt á milli þeirra. Og nokkrir menn héldu með honum og urðu trúaðir, meðal hverra var Díónýsius, einn af ráðinu, og kona, Damaris af nafni, og fleiri aðrir með þeim.

Átjándi kapítuli

Og eftir það gekk Páll burt af Aþenu og kom til Korintio og fann þar Gyðing, Akvílam að nafni, ættaðan úr Pontía, sá er nýlegana var kominn af Vallandi, og hans húsfrú Priskilla, af því að keisari Kládíus hafði boðið öllum Gyðingum fara af Róm. Til þessa hins sama gekk hann inn, og með því að þeir voru eins handverksmenn, bleif hann hjá þeim og erfiðaði. En þeirra handverk var tjaldvefnaður. Og alla þvottdaga kenndi hann í samkunduhúsi og hafði fortölur fyrir Gyðingum og einninn líka fyrir Grikkjum.

En er Sílas og Tímóteus komu af Makedónía, þrengdi andinn Páli til að vitna fyrir Gyðingum það Jesús væri Kristur. En sem þeir mæltu í móti því og töluðu háðungarorð, fleygði hann af sér fötum og sagði til þeirra: Yðvart blóð sé yfir yðru höfði. Hreinn geng eg eftir þetta til heiðinna þjóða. Og hann veik þaðan og gekk inn í hús nokkurs þess er Júst var að nafni. Hann heiðraði Guð. Hans hús var og hið næsta samkundunni. En Krispus, hver eð var foringi samkundunnar, trúði á Drottin með sínu öllu hyski, og margir Korintumenn, þeir eð til heyrðu, urðu trúaðir og létu skíra sig.

En Drottinn sagði fyrir sýn um nótt til Páls: Óttast eigi, heldur tala þú og þeg ekki því að eg em með þér. Og enginn skal þér til leggja að þig megi skaða því að margt fólk er mitt í þessari borg. En hann sat þar árið um kring og sex mánaði og kenndi þeim Guðs orð.

En er Gallío var landstjórnari í Antiokkia risu Gyðingar upp með einum huga í móti Páli og leiddu hann fyrir dómstólinn og sögðu: Þessi ræður mönnum að dýrka Guð í móti lögmálinu. En þá Páll bjó sig til að lúka upp munninn, sagði Gallío til Gyðinga: Júðar mínir, ef það væri um nokkur rangindi eður vansemd, þá umliði eg yður gjarnan. En með því það eru spurningar af orðum og nöfnum yðvars lögmáls, megi þér sjálfir til sjá því að eg vil eigi þeirra dómari vera, og rak þá frá dómstólinum. Þá gripu allir Grikkir Sóstenem, samkundunnar höfðingja, og slógu hann fyrir dómstólinum, en Gallío gaf sér þar alls ekki að.

Páll dvaldi þar sjálfur í marga daga. Síðan kvaddi hann bræðurna og sigldi til Sýriam og Priskilla og Akvíla meður honum eftir það hann rakaði höfuð sitt í Kenrea því að hann hafði heit á hendi. Hann kom þá ofan til Efeso, og þar skildi hann þau eftir, en hann gekk sjálfur inn í samkunduna og þreytti spurningar við Gyðinga. En þeir báðu hann að hann blifi þar enn lengra tíma hjá sér, en hann samsinnti því eigi, heldur kvaddi hann þá og sagði: Mér byrjar með algjörvi á þeirri hátíð, sem til stendur, að vera til Jerúsalem. Heldur skal eg að Guðs vilja koma til yðar aftur. Og er hann leysti frá Efeso, kom hann til Sesarea, gekk upp og heilsaði safnaðinum og fór ofan til Antiokkiam og dvaldist þar nokkra stund, fór burt síðan og gekk hvað eftir öðru um Galítúríki og Frýgíam styrkjandi alla lærisveina.

En þar kom til Efeso Gyðingur nokkur, Apollo að nafni, fæddur í Alexandría, mælskumaður og máttugur í ritningunum. Þessi var formenntur í vegi Drottins og talaði með glóanda anda og tók að kenna allkappsamlega það hvað Drottins er, vitandi einasta af skírn Jóhannis. Þessi tók trúlega að predika í samkundunni. En er Priskilla og Akvíla heyrðu honum, tóku þau hann að sér og lögðu enn innilegar út fyrir honum veg Drottins. Og þá hann vildi reisa í Akkaíam, skrifuðu bræðurnir og réðu lærisveinunum að þeir meðtæki hann. Og sem hann var þar kominn, bætti hann um fyrir mörgum þeim er trúaður var vorðinn fyrir náðina því að hann yfirvann Gyðinga allsköruglega, sýnandi þeim opinberlega fyrir ritningarnar það Jesús væri Kristur.

Nítjándi kapítuli

Og það skeði er Apollo var til Korintíu að Páll gekk þá um upplönd og kom til Korintíu og fann nokkra lærisveina og sagði til þeirra: Hafi þér nokkuð meðtekið heilagan anda síðan þér urðuð trúaðir? En þeir sögðu til hans: Vær höfum enn eigi heyrt hvort að nokkur heilagur andi væri. Hann sagði til þeirra: Upp á hvað eru þér þá skírðir? En þeir sögðu: Upp á skírn Jóhannis. Páll sagði: Jóhannes skírði að sönnu með iðranarskírn og sagði fyrir fólkinu að þeir skyldi trú á þann sem eftir hann mundi koma, það er Jesúm það hann sé Kristur. Sem þeir heyrðu það, létu þeir skírast í nafni Drottins Jesú Kristi. Og er Páll hafði haft hendur yfir þeim, kom heilagur andi yfir þá, og þeir töluðu tungur og tóku að spá. En þeir menn voru alls nær tólf.

Hann gekk inn í samkunduhúsið og predikaði í frelsi um þrjá mánaði, kenndi og þeim fortölur setti af Guðs ríki. En þá þeir nökkir sem harðsýldir voru og eigi trúðu, talandi illt af vegi Drottins fyrir alþýðu, veik hann frá þeim og aðskildi lærisveinana, daglegana spurningar fremjandi í kennsluhúsi þess manns er Týrannus hét. Og þetta gjörðist um tvö ár svo að þeir allir, sem bjuggu í Asía, heyrðu orð Drottins, bæði Gyðingar og Grikkir. Og Guð gjörði eigi lítil kraftaverk fyrir hendur Páls svo að ef einninn sveitadúkar eður nærklæði af hans líkama báru það krankdæmin hurfu af þeim, og illskuandar út fóru frá þeim.

En nökkir freistuðu út af umhleypingsjúðum særingamenn að kalla á nafn Drottins Jesú yfir þeim sem illskuanda höfðu með sér og sögðu: Vér særum yður fyrir Jesúm, þann Páll predíkar. En þessir voru ví er þetta frömdu, synir þess Gyðings og prestahöfðingja er Skeva hét. En illskuandinn svaraði og sagði: Jesúm kenni eg og Pál veit eg, en hverjir eru þér? Og sá maður, í hverjum illskuandinn var, stökk upp á þá, varð þeim öflugri og varpaði þeim undir sig svo að þeir flýðu nöktir og sárir úr því sama húsi. Þetta varð öllum kunnigt sem bjuggu í Efeso, bæði Gyðingum og Grikkjum, og yfir þá alla sló ótta, og nafn Drottins Jesú var næsta miklað.

Þar komu og margir sem trúaðir voru vorðnir, viðurkenndu og kunngjörðu hvað þeir hefðu afrekað. Og margir af þeim, sem forneskjulistir höfðu framið, báru bækurnar saman og brenndu þær öllum hjá veranda. Og að saman reiknuðu þeirra verði fundu þeir þess fjár fimmtígi þúsund peninga. Svo öfluglega tók að vaxa orð Drottins og að eflast. Nú sem þetta var út gjört, setti Páll sér í anda að ferðast um Makedóníam og Akkaíam og að ganga til Jerúsalem og sagði: Því eftir það, er eg hefi þar verið, byrjar mér að sjá Rómam. Og hann sendi tvo af þeim er honum þjónuðu, Tímó sjálfur um stundar sakir í Asía.

En í þann tíma hófst eigi lítill uppblástur af þessum vegi því að nokkur gullsmiður, sá Demetríus var að nafni, hver eð gjörði silfurhuldir Díanu, og það gjörði þeim embættismönnum eigi lítinn ábata, hverja hann saman kallaði sem þess háttar verkmennt voru og sagði: Góðir menn, þér vitið að vér höfum mikinn gróða af þessu verklagi. Og þér sjáið og heyrði eigi alleinasta í Efeso, heldur og næsta um alla Asíam það þessi Páll umhverfir miklu fólki, teljandi um fyrir því og segir að það sé öngvir guðir sem með höndum verða gjörðir. En þetta hlutskipti kemur eigi einasta oss til tjóns og voru verklagi til niðranar, heldur mun mustéri hinnar miklu gyðju Díanu einskis virt þar til mun hennar tign niðurbrotin verða, hverja öll Asía og heimskringlan vegsamar.

Sem þeir heyrðu það, fylltust þeir reiði, æptu upp og sögðu: Hin mikla Díána í Efeso. Og öll borgin fyllt ist af sneypan, og þeir gjörðu með einu hugarfári áhlaup til sjónarflötsins og gripu þá Gaium og Aristarkum af Makedónía, förunauta Páls. En Páll vildi þá ganga inn að fólkinu, og lærisveinarnir leyfðu honum það ekki. Og nökkir yfirmenn úr Asía, þeir eð Páls góðir vinir voru, sendu til hans og báðu að hann gæfi sig eigi fram á sjónarflötinn. Sumir kölluðu svo, en aðrir annað því að alþýðan var vill vorðin, og flestir vissu eigi af hverju efni þeir voru til samans komnir. En sumir af fólkinu drógu fram Alexandrum, þeim er Gyðingar fram ýttu, en Alexander benti hendinni sér til hljóðs, viljandi forsvara sig fyrir fólkinu. Og er þeir formerktu það hann var Gyðingur, hófst upp eitt kall af öllum nær tveim stundum: Hin mikla Díána í Efeso.

Og sem kansalerinn fékk stöðvað fólkið, sagði hann: Þér menn í Efeso, hver er sá manna eð eigi veit það borg in Efeso sé dýrkanarinnar hinnar miklu gyðju Dianu og hennar líkneskju af himni ofan fallna? Nú með því að þessu segir enginn í móti, þá byrjar yður spökum að vera og ekkert af bráðræði að gjöra. Þér hafið nú þessa menn hingað dregið sem hvorki eru ræningjar kirkna né háðsmenn yðrar gyðju. Þótt Demétríus og þeir embættismenn, sem með honum eru, hafi kærúmal við nokkurn, þá gjörist hér lög um, og þar eru borgmeistarar. Klagist þeir innbyrðis fyrir þeim. En ef þér leitið nokkuð eftir um aðra hluti, þá látið það upp leysast á annarri löglegri samkomu. Því það er háskasamlegt að ef vér skulum sekir verða fyrir þessa dags upphlaup með því þó að engin sök er undir niðri, hvaðan vér megum skjál af gefa þessa upphlaups. Og er hann hafði þetta sagt, sleit hann safnaðinum.

xx. kapítuli

En eftir það er upphlaupinu linnti, kallaði Páll lærisveinana til sín og bað þá vel lifa, ferðaðist síðan. En þá hann hafði þær sömu landsálfur yfir farið og þeim áminning veitt með mörgum orðum, kom hann til Grikklands og tafði þar þrjá mánaði. En með því honum voru umsát gjörð af Gyðingum er hann vildi sigla í Sýriam, varð hann þess sinnis að snúa aftur um Makedóniam. Og þessir fóru með honum allt til Asíam: Sópater af Berrohen, en af Tessaloniu Aristarkus og Sekúndus og Gaius af Derben og Tímóteus, en úr Asía Týkikon og Trófimás. Þessir gengu undan og biðu vor í Tróada. En vér sigldum eftir páskana af Filippis og komum til þeirra í Tróade innan fimm daga og dvöldum þar í (vii) daga.

En einn þvottadaga, þá lærisveinarnir voru til samans komnir brauð að brjóta, talaði Páll við þá, því annars dags vildi hann ferðast, og teygði ræðuna allt til miðrar nætur. Og í þeim loftsál voru mörg ljós sem vær vorum saman komnir. Og nokkurt ungmenni, Eytíkos að nafni, sat í vindauganu og sökk í djúpan svefn. Og með því að Páll talaði svo lengi, þá þyngdist hann því meir af svefni og hrapaði ofan úr hinum þriðja loftsál og var dauður upp tekinn. En er Páll gekk ofan, lagði hann sig fram yfir hann og hélt um hann og sagði: Gjörið engvan hávaða því að hans önd er með honum. Hann gekk þá upp aftur, braut brauðið og bergði og talaði margt við þá allt til þess dagur rann, og svo ferðaðist hann. En þeir leiddu sveininn upp lifanda, og þeir hugsvöluðust við það eigi alllitt.

En vér stigum á skip og sigldum til Asson. Þar vildu vér hafa tekið inn Pál því að hann hafði svo ásett það hann vildi yfir land fara. En sem hann kom til Asson, tóku vær hann til vor og komum til Mitýlen. Þaðan sigldu vér og komum annars dags gegnt Kíon. Og deginum eftir tóku vér höfn við Samon og dvöldum í Trogilion. Og næsta daginn eftir komu vér til Míleto því að Páll hafði sett sér að sigla framhjá Efeso svo að hann hefði öngva dvöl í Asía. Af því flýtti hann sér, ef honum væri það mögulegt, að vera á hvítasunnu til Jerúsalem.

Í frá Míleto sendi hann til Efeso og lét kalla hina elstu presta af safnaðinum. Og sem þeir komu til hans, sagði hann til þeirra: Þér vitið að í frá þeim fyrsta degi er eg kom í Asíam hversu eg hefi um alla tíma hjá yður verið og Drottinn þjónað með öllu hugarins lítillæti og með miklu tárfeili og freistingum, hverjar mér hafa hlotnast af umsátum Gyðinga, og það ekkert undan dregið sem yður var bati í svo eg hafi það eigi kunngjört yður opinberlegana í ýmsum húsum og vitnað bæði Gyðingum og Grikkjum iðran til Guðs og trúna á Drottinn vorn Jesúm.

Og nú sjáið, það eg em bundinn í anda að ferðast til Jerúsalem, vitandi eigi hvað þar mun yfir mig koma nema það er heilagur andi vitnar um allar borgir segjandi að fjötur og harmkvæli munu mín þar verða. En eg gef því öngva vakt. Eg held og eigi sjálfs míns líf dýrmætt svo að eg fullkomni mitt hlaup með fagnaði og það embætti sem eg hefi meðtekið af herranum Jesú til vitnisburðar evangelio Guðs náðar.

Og sjáið, að nú veit eg að þér munuð allir eigi sjá mitt andlit meir, hverja eg hefi umgengið og predikað Guðs ríki. Fyrir því vitna eg yður á þessum degi það eg em hreinn af allra blóði því að eg hefi ekkert undan fara látið það eg hafi eigi kunngjört yður allt Guðs ráð. Af því hafið gát á sjálfum yður og á allri hjörðinni, meðal þeirra sem yður setti heilagur andi til biskupa að stjórna safnan Guðs, hverja hann hefir endurleyst sínu eigin blóði. Því að það veit eg að eftir mína burtför munu inn ganga meðal yðar ólmir vargar, þeir eð eigi munu þyrma hjörðinni. Og af yður sjálfum munu menn upp rísa er tala umhverfar kenningar að þeir teygji lærisveinana eftir sér. Fyrir því vaki þér og minnst á það að eg hefi um þrjú ár nótt og dag eigi aflátið að áminna einn og sérhvern yðvarn meður tárur.

Og nú, bræður, bífala eg yður Guði og orði hans náðar, hver máttugur er upp að byggja og yður arftöku að gefa meðal allra þeirra sem helgaðir verða. Eigi girntist eg nokkurs yðar silfur, gull eður klæðnað. Því að þér vitið sjálfir að þessar hendur hafa mér unnið til minnar nauðþurftar og þeirra sem með mér voru. Allt sýnda eg yður það að svo byrjaði oss að erfiða og vanfæra að meðtaka og minnast orða Drottins Jesú það hann sagði að sælla væri að gefa en þiggja.

Og er hann hafði þetta sagt, féll hann á kné og bað samt þeim öllum. En þeirra á milli gjörðist grátur mikill og lögðu hendur um háls Páli og kysstu hann, syrgandi mest af því orði eð hann sagði að þeir myndi eigi sjá hans andlit meir. Og þeir fylgdu honum til skips.

xxi. kapítuli

Sem það var skeð að vér leystum og hurfum frá þeim, komu vér beinleiðis til Kó og annars dags til Ródis og þaðan til Patara. Og þar fundu vér skip það er fara átti til Feniken, stigum þar á og sigldum þangað. En sem vér fengum að sjá Kýpriam, létu vér það til vinstri handar og sigldum í Sýriam og komu að Týro því þar átti skipið að leggja upp farminn. Og sem hann fann lærisveinana, blifu vær þar í sama stað (vii) daga, hverjir Páli sögðu fyrir andagift það hann skyldi eigi fara upp til Jerúsalem. Og það skeði sem þeir dagar voru liðnir, fóru vær og gengum af stað. Og þeir allir með húsfreyjum sínum og börnum fylgdu oss á veg út fyrir borgina og féllum á hné í fjörunni og báðunst fyrir. Og er vær höfðum kvatt hver annan, stigu vér á skip, en hinir sneru aftur til sinna heimkynna.

Og er vér höfðum lyktað vora sigling fyrir Týro, komu vær ofan til Ptólomaída og heilsuðum bræðrunum og vorum þar einn dag hjá þeim. En annars dags fóru vær í burt, þeir eð með Páli voru, og komu til Sesarea og gengum inn í hús Filippi guðsspjallara, hver eð var einn af sjö, og blifum hjá honum. Hann átti fjórar dætur, þær meyar voru og spáðu fyrir. Og sem vér dvöldunst þar nokkra daga, kemur spámaður sá af Júdea er Agabus var að nafni. Og þá hann kom til vor, tók hann linda Páls og batt hendur sínar og sagði: Þetta segir heilagur andi að þann mann, hvers eð þessi lindi er, munu Gyðingar svo binda í Jerúsalem og selja hann í heiðinna manna hendur.

En sem vér heyrðum það, báðu vér hann og þeir aðrir sem í þeim stað voru það hann færi eigi upp til Jerúsalem. En Páll svaraði þá og sagði: Hvað gjöri þér eð þér grátið og hrellið mitt hjarta? Því að eg em eigi alleinasta reiðubúinn að láta mig binda, heldur að deyja í Jerúsalem fyrir sakir nafns Drottins Jesú. Og með því vér gátum eigi talið um fyrir honum, þögnuðum vær og sögðum: Verði vilji Drottins. Og eftir þá daga fóru vær út, gengum upp til Jerúsalem. Þangað komu og nokkrir lærisveinar meður oss af Sesarea, hafandi þann nokkurn gamlan lærisvein meður sér úr Kýpria, Mnason að nafni, hjá hverjum vér herbergi tókum. Og þá vér komum til Jerúsalem, tóku bræðurnir feginsamlega við oss. En annars dags gekk Páll inn meður oss til Jakobum, allir öldungar komu þar og saman. Og sem hann hafði heilsað þeim, skýrði hann þeim frá hvað eftir annað það Guð hafði gjört á meðal heiðinna þjóða fyrir hans þjónkan.

Þá þeir höfðu það heyrð, vegsömuðu þeir Guð og sögðu til hans: Bróðir, þú sér hve mörg þúsund Gyðinga að þeir eru sem trúaðir hafa vorðið, en þeir allir eru þó vandlættingarmenn lögmálsins. Og þeir hafa heyrð sagt eftir þér það þú kenndir þeim Gyðingum öllum sem meðalheiðinna þjóða eru að snúa frá Moyse, segiandi þeir skyldu eigi umskera sonu sína og eigi eftir þeirri siðvenju ganga, hvað um það er. Byrjar safnaðinum allra helst til samans að koma því að þeir munu fá að heyra það þú ert kominn. Því gjör nú það hvað vér segjum þér.

Vér höfum hér fjóra menn, hverjir heit hafa fest yfir sig. Þá sömu tak að þér og hreinsa þig meður þeim og kosta þá að þeir raki sitt höfuð svo að allir viti að það, hvað þeir hafa heyrð um þig, sé ósannindi, heldur það þú gangir sjálfur og varðveitir lögmálið. Því þeim, sem trúaðir höfðu gjörst af heiðingum, skrifuðum vér og úrskurðuðum að þeir skyldu ekkert þess konar halda nema það þeir vöruðu sig við skurgoðafórnan og blóði, köfnuðu og frillulifnaði. Þá tók Páll þá menn að sér og lét annars dags hreinsa sig meður þeim og gekk inn í musterið og tjáði sig halda uppfylling hreinsanardaganna þar til að hver einn þeirra offraði fyrir sig sinni fórn.

En sem þeir sjö dagar voru liðnir, sáu hann þeir Gyðingar í musterinu er voru úr Asía og æstu upp allan lýðinn, lögðu hendur á hann og kölluðu: Þér Íraelsmenn, hjálpið til. Þessi er sá maður sem alls staðar kennir öllum mönnum í gegn þessu fólki og lögmáli og svo í mót þessum stað. Þar ofan á hefir hann innleitt heiðna menn í musterið og saurgað svo þennan heilaga stað. Því að þeir höfðu séð Trófimum af Efeso með honum í borginni. Þann meinuðu þeir að Páll hefði í musterið innleitt. Og öll borgin ókyrrðist og áhlaup varð af fólkinu, og þeir tóku Pál höndum og drógu út af musterinu. Og jafnsnart urðu dyrnar aftur læstar.

Sem þeir leituðu við að lífláta hann, kom sú fregn upp fyrir yfirhöfðingjann herliðsins það öll Jerúsalem væri uppvægð. Hann tók þá strax stríðssveinana og hershöfðingjana til sín og hljóp burt í milli þeirra. En sem þeir sáu hershöfðingjann og stríðsfólkið, gáfu þeir upp að berja á Páli. En hershöfðinginn gekk þar að og tók hann að sér og bauð að binda hann tveimur járnhlekkjum og spurði að hver hann væri og hvað

hann hefði gjört. En sitt kallaði hver af fólkinu. Og með því hann fékk ekki víst að vita fyrir upphlaupinu, bauð hann að leiða hann í kastalann. Og sem þeir komu að tröppunni, hlutu stríðsmennirnir að bera hann fyrir aðsúg fólksins því að mikill fólksfjöldi fylgdi eftir og kölluðu: Af skaf þú þennan.

Og sem Páll varð inn leiddur í kastalann, sagði hann til yfirhöfðingjans: Leyfist mér ekki að tala við þig? En hann sagði: Kannt þú girsku? Ertu eigi sá hinn egypski maður sem fyrir þessum dögum styrjöld upp vaktir og dróst út á eyðimörk fjórar þúsundir morðvarga? En Páll sagði: Eg em að sönnu maður Gyðingakyns af Tarson, en borgari út af nafnfrægri borg Kilitia. Eg bið þig lofa mér að tala til fólksins. Og er hann lofaði honum, sté Páll upp á tröppurnar og bandaði hendinni til lýðsins. Og er mikil þögn gjörðist, talaði hann til þeirra á ebreska tungu og sagði:

xxii. kapítuli

Þér menn, góðir bræður og feður, heyrðið nú mína afsakan til yðar. En sem þeir heyrðu hann talaði ebreska tungu til þeirra, gjörðust þeir enn tvistari. Og hann sagði: Eg em maður Gyðingakyns, fæddur í Tarsen í Kilitia, en upp alinn í þessari borg til föta Gamalíelis og af öllu kostgæfi lærður í föðurlegu lögmáli og laganna vandlætari líka sem þér eruð allir enn í dag. Eg hefi og þennan veg ofsókt allt til dauðans, eg batt og í varðhöld seldi bæði menn og konur svo sem kennimannahöfðinginn og allir öldungar bera mér vitni um, af hverjum eg meðtók bréf til bræðranna og fór til Damasko það eg drægi þá bundna til Jerúsalem sem þar væri svo að þeir mætti þíndir verða.

En það skeði þá eg þangað fór og tók að nálgast Damaskum nær miðjum degi að leiftraði um mig skyndilega ljós mikið af himni. Og eg féll til jarðar og heyrði rödd þá er til mín sagði: Sál, Sál, hvar til ofsækir þú mig? En eg svaraði: Hver ertu lávarður? Og hann sagði til mín: Eg em Jesús af Naðaret, hvern þú ofsækir. Og þeir sem með mér voru, sáu að sönnu ljósið og urðu felmsfullir, en röddina, þá er við mig talaði, heyrðu þeir eigi. Eg sagði: Herra, hvað skal eg gjöra? En Drottinn sagði til mín: Statt upp og gakk í Damaskum. Þar man þér sagt verða af öllu hvað þér tilskikkað er að gjöra. En sem eg gat eigi séð fyrir ljóssins bjartleik, varð eg handleiddur af mínum förunautum og kom til Damaskum.

En þar var guðhræddur mann eftir lögmálinu, Ananíás, sá góðan orðstír hafði af öllum Gyðingum er þar bjuggu. Hann kom til mín, gekk að mér og sagði: Sál, bróðir, líttu upp. Og eg leit til hans á samri stund. Hann sagði þá: Guð feðra vorra hefir skikkað þig til að þú skyldir viðurkenna hans vilja og áttir að sjá þann réttláta og heyra rödd af hans munn. Því að þú munt hans vottur verða til allra manna þeirra hluta sem þú hefir séð og heyrt. Og hvað tefur þig nú? Rís upp og lát skíra þig og af þvo svo þínar syndir að ákölluðu nafni Drottins.

Það skeði og þá eg kom aftur til Jerúsalem er eg var á bæn í musterinu að eg varð numinn frá mér og eg sá hann. Þá sagði hann til mín: Skunda þig og far burt af Jerúsalem því að þeir meðtaka eigi þinn vitnisburð um mig. En eg sagða: Lávarður, þeir vita sjálfir það eg dró í myrkvastofu og lét lemja í ýmsum samkunduhúsum þá sem á þig trúðu. Og þá er blóð Steffani, þíns vottar, út helltist, stóð eg þar hjá og var samsinnandi hans dauða því eg geymda þeirra fót sem hann í hel slógu. Og hann sagði til mín: Far héðan því að eg vil senda þig langt í burt meðal heiðinna þjóða.

En þeir heyrðu hann allt að því orði, hófu upp raddirnar og sögðu: Afmá þess háttar mann af jörðu því að honum er eigi leyfilegt að lifa. En sem þeir kölluðu, vörpuðu þeir af sér klæðunum og fleygðu moldu í loft upp. Yfirhöfðinginn bauð þá að hann skyldi leiðast inn í kastalann og skipaði þeim að forheyra hann og húðstrýkja svo hann fengi að vita fyrir hverja sök að þeir kölluðu svo yfir honum. Og er hann reyrði hann að með taugum, sagði Páll til undirhöfðingjans er stóð nær honum hvort þeim væri það leyfilegt að húðstreykja rómverskan mann ódæmdan. Og er undirhöfðinginn heyrði það, gekk hann til yfirhöfðingjans og undirvísaði honum það og sagði: Hvað viltu til gjöra? Þessi maður er rómverskur.

Þá kom yfirhöfðinginn þangað og sagði til hans: Seg mér ef þú ert rómverskur. En hann sagði já við. Undirhöfðinginn svaraði til: Þetta réttarfar hlaut eg ærnu fé að kaupa. Páll sagði: Eg em þar og fæddur. Jafnskjótt gengu þeir frá honum sem hann skyldu hafa forheyrt. Og yfirhöfðinginn óttaðist eð hann fornam það hann var rómverskur að hann hafði látið binda hann.

Annan daginn eftir vildi hann greinilegar vita fyrir hverja sök hann klagðist af Gyðingum og leysti hann úr höndum og bauð kennimannahöfðingjum og öllu þeirra ráði til samans að koma og leiddi síðan Pál fram og setti hann hjá þeim.

xxiii. kapítuli

En Páll horfði á ráðið og sagði: Þér menn og bræður, eg hefi af allri góðri samvisku gengið fyrir Guði allt til þessa. En Ananíás kennimannahöfðingi skipaði þeim er hjá honum stóðu að ljósta á hans munn. Þá sagði Páll til hans: Guð man slá þig, þú hvítfagaði veggur. Situr þú og dæmir mig eftir lögmálinu og býður að slá mig í móti lögunum. En þeir sem hjá stóðu, sögðu: Bölvar þú æðsta kennimanni Guðs? Páll sagði: Eg víska eigi bræður það hann var kennimannahöfðingi því að skrifað er að höfðingja þíns lýðs skalt þú eigi böls biðja.

Sem Páll vissi að þar voru af einni álfu saddúkei og af annarri farisei, kallaði hann upp fyrir ráðinu: Þér menn og bræður, eg em einn fariseus og sonur eins fariseara. Eg dæmunst fyrir von og upprisu framlíðinna. Og er hann sagði þetta, gjörðist sundurþykkja í milli fariseos og saddúkeos, og sá selskapur skildi sig að. Því að Saddúkei segja upprisu framlíðinna eigi vera, ei engil, né anda, en farisei viðurkenndu hvoru tveggja. En þá gjörðist hávaði mikill, og hinir ritklóku af fariseanna liði risu upp og stóðu í móti og sögðu: Vér finnum ekkert vondslegt á þessum manni. Þó eð andi eður engill hafi viður hann talað, þá kunnum vér eigi að stríða í móti Guði.

En sem mikil misgreining varð, uggaði yfirhöfðingjann að þeir mundi slíta Pál frá þeim og skipaði stríðsfólkinu ofan að fara að grípa hann mitt burt frá þeim og leiða í kastalann. En næstu nótt eftir stóð Drottinn hjá honum og sagði: Páll, vert með góðu geði. Því að líka sem þú hefir vitnað af mér í Jerúsalem, svo hlýtur þú og að vitna af mér í Róm.

En er dagur kom, samantóku sig nokkrir Gyðingar og strengdu það heit að eta hvorki né drekka þar til þeir hefði Páli í hel komið. En þeir voru fleiri en fjörutíg ir manna sem þetta samtak höfðu gjört. Þeir gengu til kennimannahöfðingjans og öldunganna og sögðu: Vér höfum heitstrenging strengda að bergja einskis þar til vér hefðum Pál af lífi tekið. Því undirvísið nú yfirhöfðingjanum og ráðinu það hann láti leiða hann á morgin til yðar líka sem þér vilduð nokkurs sannara vísir verða af honum. En vér erum áður en hann nálægist yður reiðubúnir að slá hann í hel.

Og er systursonur Páls heyrði það svikræði, kom hann og gekk inn í kastalann og undirvísaði það Páli. En Páll kallaði til sín einn af undirhöfðingjum og sagði: Leið þú þennan pilt til yfirhöfðingjans því að hann hefir nokkuð að kunngjöra honum. Og hann tók hann að sönnu að sér og leiddi hann til yfirhöfðingjans segjandi: Hinn bundni Páll kallaði mig til sín og bað mig að hafa þenna pilt til þín. Hann hefði að segja þér nokkuð.

Yfirhöfðinginn tók hann þá í hönd og veik honum út af, spurði hann að: Hvað er það þú hefir mér að segja? En hann sagði: Gyðingar hafa samblásið að biðja þig það þú hafir á morgin Pál fyrir ráðið svo sem þeir vilji nokkuð sannara af honum fregna. En trú þú þeim eigi því að meir en fjörutígir manna veita honum umsát, þeir eð heitstrengt hafa sér hvorki að eta né drekka þar til þeir gæti honum í hel komið. Og nú eru þeir reiðubúnir, bíðandi eftir þinni fyrirsögn.

Þá lét yfirhöfðinginn ungmennið í burt frá sér fara og bauð honum að hann segði það fyrir öngum að hann hefði honum kunngjört þetta og kallaði tvo hundraðshöfðingja til sín og sagði: Búið til tvö hundruð fótgönguliðs að þeir gangi til Sesaream og sjötígi riddara og tvö hundruð skotmanna um þriðju stund nætur. Og reiðið til þann fararskjóta sem Páll skal á sitja og færið hann vel forvaraðan til Feliken landstjórnara, og skrifaði bréf þessarar meiningar:

Kládius Lýsías heilsar hinum völdugasta landsstjórnara Felix. Þennan mann höfðu Gyðingar höndum tekið og vildu hann í hel hafa slegið. En eg kom þá að með stríðsfólkinu og sleit hann af þeim. Og er eg formerkti það hann var rómverskur, þá vildi eg vita fyrir hverja sök þeir áklöguðu hann og lét eg leiða hann fram í þeirra ráð. En eg fann þá að hann klagadist um spurningar þeirra lögmáls og öngva sök hafði þá dauða væri verð eður banda. Og þá mér voru undirvísuð þeirra svikræði er Gyðingar höfðu honum fyrir búið, senda eg hann strax til þín, bjóðandi hans áklögurum að hvað þeir hefði í móti honum, það mætti þeir segja fyrir þér. Far vel.

En stríðsmennirnir, eftir því sem þeim var boðið, tóku Pál að sér og færðu hann um nóttina í Antrípatiden. En annars dags létu þeir riddaraliðið með honum fara og sneru síðan aftur til kastalans. En sem þeir komu til Sesaream, fengu þeir landstjórnaranum bréfið og skikkuðu Pál þar fyrir hann. En er landstjórnarinn las bréfið, spurði hann að út af hverju landi hann væri. Og er hann fornam það hann var úr Kílitia, sagði hann: Eg skal forheyra þig nær þínir ákærendur koma. Og hann bauð að varðveita hann í dómhúsi Heródis.

xxiv. kapítuli

En eftir fimm daga fór Ananías kennimannahöfðingi og öldungarnir ofan og meður þeim Tertúllus mælskumaður, hverjir sig tjáðu fyrir landsdómaranum í gegn Páli. En að Páli fyrir kölluðum tók Tertúllus til að áklaga hann og sagði: Af því vér lifum í miklum friði undir þér og margar sæmdir veitast þessu fólki fyrir þína framsýni, ágætasti Felix, hvað vér jafnan og í hvern stað til vor kjósum með allri þakkargjörð. En að eg dragi það eigi langsamlega fyrir þér, bið eg þig fyrir þína manndyggð að þú heyrir oss fáein orð.

Þennan mann höfum vér fundið skaðlegan, þann sundurþykkju upp æsir meðal allra Gyðinga um allan heim og foringja hins naðverska villudóms. Hann hefir og einninn viðurleitað að saurga musterið, hvern vér gripum og vildum hafa dæmt hann eftir lögum vorum. En Lýsías yfirhöfðingi kom þar fram og greip hann með miklu ofurefli úr vorum höndum, bjóðandi hans áklögurum til þín að koma, af hverju þú mátt kenna ef sjálfur vilt eftirgrenslast alla þá hluti, um hverja vér áklögum hann. Þá lögðu Gyðingar til og sögðu það svo vera.

En Páll (þá er landstjórnarinn benti honum að tala) svaraði: Með því að eg veit þig nú um mörg ár dómara verið hafa þessarar þjóðar, vil eg sjálfur með óskelfðu hugarfari mína sök forvara. Því að þú mátt vita að það eru eigi meir en (xii dagar) það eg kom upp til Jerúsalem að biðjast fyrir. Og eigi hafa þeir fundið mig tala við nokkurn í musterinu eður gjörandi nokkurt upphlaup með fólkinu, hvorki í borgum né samkunduhúsum. Og eigi geta þeir þetta sannað, um hvað þeir kæra mig.

En það játa eg þér að eg þjóna (eftir þeim vegi hvern þeir kalla villudóm) svo Guði minna feðra að eg trúi öllu því hvað í lögmálinu skrifað er, hafandi þá von til Guðs, hveirrar þeir sjálfir vænta, einkum upprisu framliðinna, bæði réttláttra og rangláttra. En í þessu sama iðka eg sjálfan mig jafnan að hafa hindranarlausa samvisku bæði við Guð og menn. En mörgum árum eftir kom eg og færða mínu fólki ölmusugjafir og offur. Og þeir fundu mig með því er eg lét mig hreinsa í musterinu eigi með hávaða né nokkru upphlaupi. En þar voru Gyðingar nokkrir úr Asía, hverjir hér ættu að vera fyrir þér að áklaga mig ef þeir hefði eitthvað mér í móti. Elligar lát þessa sjálfa segja hvort þeir hafa nokkuð rangferðugt á mér fundið á meðan eg stend hér fyrir ráðinu nema alleinasta fyrir þessa eins orðs sakir þá er eg stóð þeirra á milli, hvað eg kallaði að um upprisu framliðinna verð eg í dag af yður áklagaður.

Og er Felix heyrði þetta, teygði hann fyrir þeim því að hann vissi grannt af þessum vegi og sagði: Nær Lýsías yfirhöfðingi kemur ofan, þá vil eg forheyra yðvar málefni. En hann skipaði undirhöfðingjanum að forvara Pál og láta honum þó liðugan gang og fyrirbaud að nokkur af hans liði þjónaði honum eður kæmi til hans.

Nokkrum dögum þar eftir kom Felix meður húsfreyju sinni Drúsilla, hver eð var Gyðingakyns. Þau kölluðu á Pál og heyrðu af honum um trúna sem að er á Kristum. En þá Páll talaði um réttvísni og hreinlífi og af eftirkomanda dómi, skelfdist Felix og ansaði: Gakk héðan að sinni. Nær eg hefi tómstund til, man eg þig kalla láta. Með því hann vænti jafnframmi það honum mundi peningar gefast af Páli svo að hann léti hann lausan. Fyrir því lét hann oftsinnis kalla á hann og átti tal við hann. En að liðnum tveimur árum kom Portíus Festus í Felix stað. Felix vildi þá sýna Gyðingum velsemd og lét þá Pál bundinn eftir sig.

xxv. kapítuli

Þá Festus var nú í land kominn, fór hann þrem dögum eftir af Sesarea upp til Jerúsalem. En fyrir honum tjáðu sig þá kennimannahöfðingjar og formenn Gyðinga í móti Páli, báðu hann og beiddu um liðveislu í móti honum að hann léti kalla hann til Jerúsalem, rekjandi svo sín umsát að þeir gætu honum í hel komið á veginum. Þá svaraði Festus að Páll yrði að sönnu varðveittur í Sesarea, en hann mundi þó innan skamms fara þangað aftur. Því þeir sem yðar á milli (sagði hann) hafa mátt til, fari þeir til líka ofan og áklagi þann mann ef nokkur valsemd finnst með honum.

En er hann hafði hjá þeim verið meir en tíu daga, fór hann ofan til Sesaream. Og annars dags eftir setti hann sig á dómstólinn og skipaði Pálum fram að leiða. Og sem hann var fram leiddur, gengu þeir Gyðingar kring um hann er komnir voru ofan frá Jerúsalem, berandi fram margar og þungar sakagiftir í gegn Páli, hverjar þeir gátu þó eigi sannað af því að Páll svaraði svo fyrir sig það hann hefði ekkert forbrotið, hvorki í mót Gyðingalögum né musterinu, og eigi heldur við keisarann.

Festus vildi þá sýna Gyðingum liðveislu, svaraði Páli og sagði: Viltu fara upp til Jerúsalem og dæmast þar af mér um þetta? En Páll sagði: Eg stend fyrir keisarans dómstól, þar byrjar mér að dæmast. Því Gyðingum hefi eg öngva vansemd gjörva svo sem þú sjálfur betur veist. En hafi eg nokkrum mein gjört eða nokkuð það aðhafst sem dauða sé vert, þá mæli eg eigi í móti dauða að þola. En ef ekkert finnst þeirra, af hverju þeir ákæra mig, þá má enginn mig þeim í hendur selja því eg skýt mér fyrir keisarann. Festus ráðgaðist þá um við ráðið og svaraði: Fyrir keisarann hefir þú þér skotið, til keisarans skalt þú og fara.

En er nokkrir dagar voru liðnir, fóru þau Agrippa konungur og Bernika ofan til Sesarea að segja Festum velkominn. Og er þau höfðu þar marga daga verið, skýrði Festus konunginum frá sakargiftum Páls og sagði: Nokkur mann er hér í fjötrum af Felix eftir látinn, hvers vegna eð prestahöfðingjar og öldungar Gyðinga komu fyrir mig þá eg var til Jerúsalem og báðu að refsing skyldi á hann ganga, hverjum eg svaraði að það væri eigi háttur Rómverja að nokkur maður væri til refsingar seldur fyrr en sá sem klagaðist hefði sína áklagendur nálæga og fái þar með tóm til sig undan að færa þeim lýtum sem honum verða til lögd. En þá þeir komu hér til samans, setta eg mig annars dags (án nokkrar dvalar) á dómstólinn og skipaði þann mann fram að leiða, af hverjum, þá áklagararnir komu til, báru þeir öngva þá sök fram um þessa hluti, hverja eg meinaði, heldur höfðu þeir nokkrar spurningar í móti honum um þeirra hjátrú og af nokkrum framliðnum Jesú, hvern Páll vottar lífa. En er eg undirstóð eigi þess háttar spurningar, sagði eg hvort hann vildi fara upp til Jerúsalem og dæmast þar um þetta. En þá Páll appelleraði að hann geymdist til keisarans rannsaks, bauð eg að varðveita hann þar til eg senda hann til keisarans.

Þá sagði Agrippa til Festo: Eg vilda og fá að heyra þennan mann. Hann sagði: Á morgin skalt þú hann heyra. En annars dags þá Agrippa og Bernika komu með miklu skrauti og gengu inn í ráðhúsið með yfirhöfðingjum og höfuðsmönnum borgarinnar. Og er Festus skipaði, var Páll fram leiddur. Festus sagði: Agrippa konungur og þér allir góðir menn sem hér eru meður oss, þar sjái þér þann mann, af hverjum allar Gyðingasveitir hafa til mín sagt, bæði til Jerúsalem og svo hér, og segja það honum byrjar eigi lengur að lífa. En þá eg fornam það hann hafði ekkert gjört þess dauða væri vert, með því að hann sjálfur skaut sér fyrir keisarann, þá hefi eg einsett mér að senda hann þangað, um hvern eg hefi þó ekkert sannarlegt það eg megi herranum til skrifa. Fyrir því hefi eg og látið leiða hann hér fram fyrir yður, og einna mest fyrir yður, Agrippa konungur, svo að eg eftir umliðna forheyrslu mætti það fá hvað eg skrifa skyldi. Því að það sýnist mér óvitmannlegt að senda nokkurn bandingja og teikna eigi upp hverjar sakir til hans verða kærðar.

xxvi. kapítuli

En Agrippa sagði til Páls: Þér leyfist sjálfum að tala fyrir þig. Þá svaraði Páll og rétti fram höndina: Sæll þykjunst eg þess, Agrippa konungur, að eg nái í dag að forsvara mig fyrir þér af því öllu sem eg áklagast af Gyðingum, mest það þú veist allar venjur og spurningar Gyðinga. Fyrir því bið eg þig að þú vildir þolinmóðlega heyra mig.

Að sönnu mín ævi í frá barnæsku, hver verið hefir þegar í uppruna hjá þessari þjóð í Jerúsalem, vita allir Gyðingar, þeir mig þekktu forðum í uppvexti, ef þeir vildu þar vitni um bera. Því að eg lifða eftir hinni hörðustu siðvenju vorrar guðsdýrkanar einn faríseari. Nú stend eg og verð áklagaður um þá von fyrirheitsins, þess skeð er af Guði til fedra vorra, til þeirrar vorar tólf kynkvíslir vona sér að koma með stöðugri guðsþjónkan nátt sem dag, af hverri von (herra konungur) þá klagast eg af Gyðingum. Fyrir hvað man það ótrúanlegt hjá yður dæmast mega það Guð geti framliðna menn upp vakið.

Eg meinaði að sönnu með sjálfum mér það eg mætta mikið í móti gjöra nafni Jesú af Naðaret, hvað eg og gjörða til Jerúsalem að eg lukta margan heilagan í myrkvastofu að fengnu yfirvaldi út af kennimannahöfðingjum. Og þá þeir voru af teknir, sagða eg dóminn upp. Og um öll samkunduhús kvalda eg þá oftlega og þvingaði þá til guðlastanar. Og eg var meir en hófi gegndi óður á þá og veitti þeim ofsókn allt í utanlandsborgir, fyrir hverra hluta sakir þann tíð eg fór til Damasko meður makt og boðskap prestahöfðingjanna það á miðjum degi sá eg (herra konungur) ljós af himni sólariskini bjartara það um mig leiftraði og um þá er með mér fóru.

En þá er vér duttum allir til jarðar, heyrða eg rödd til mín tala, sú er á ebreska tungu sagði: Sál, Sál, hvað ofsækir þú mig? Hart er þér að bakspyrna í mót broddinum. En eg sagða: Hver ert þú, lávarður? Hann sagði: Eg em Jesús, hvern þú ofsækir. Rís upp og statt á fætur þína. Því að til þess birtust eg þér það eg skikkaði þig til þénara og vitnismanns þeirra hluta, hverja þú sátst og þeirra sem eg skal þér enn birta, frelsandi þig af þessu fólki og heiðinni þjóð, á meðal hverra er eg mun þig út senda, þeirra augum upp að lúka svo að þeir snúist frá myrkrum til ljóssins og frá andskotans valdi til Guðs svo að þeir meðtæki syndanna fyrirgefning og arftöku meður þeim er helgaðir verða fyrir þá trú sem á Kristumer.

Fyrir því var eg ekki (herra konungur) himneskri birting vantrúaður, heldur boðaði eg hana í fyrstu þeim í Damasko og í Jerúsalem og um allar sveitir Gyðingalands og síðan heiðingjum að þeir gjörði yfirbót og sneri sér til Guðs og gjörandi verðug verk iðranarinnar. Fyrir þá sök gripu Gyðingar mig í musterinu og einsettu sér að lífláta mig. En fyrir Guðs fullting er mér bjargað það eg stend allt til þessa dags vitnandi bæði fyrir smáum og stórum, segjandi ekkert annað en það er spámennirnir og Moyses hafa fyrir sagt að ske ætti það Kristur skyldi líða og fyrstur vera út af upprisu framliðinna og sá sem ljósið skyldi lýðnum boða og svo heiðnum þjóðum.

En er hann hafði svarað þessu fyrir sig, sagði Festus hárra raust: Óður ertu vorðinn, Páll. Þitt mikla bókvit gjörir þig óðan. En hann sagði: Eigi em eg óður, minn góði Festus, heldur tala eg sannleiksins skirleiksorð. Því að herra konungurinn veit þetta vel, hjá hverjum eg ræði alls öruggur. Því eg meina að ekkert þessara muni fyrir honum fólgið vera af því að þetta er ekki í hymningum skeð. Trúir þú, Agrippa herra konungur, spámönnunum? Eg veit að þú trúir. En Agrippa sagði til Páls: Lítið vantar á að tala um fyrir mér svo eg gjörðust kristinn. En Páll sagði: Þess æski eg af Guði það brestur í miklu eður litlu eigi alleinasta þú, heldur og einninn allir þeir sem mig heyra í dag væri þvílíkir hvílikur eð eg em undanteknum þessum böndum. Og þá hann hafði þetta talað, stóð konungurinn upp og landstjórnarinn og Bernika og þeir eð hjá þeim sátu. En sem þeir viku sér afsíða, töluðu þeir sín á milli og sögðu: Þessi maður hefir ekkert gjört það dauða sé eður banda verður. Þá sagði Agrippa til Festo: Þessi maður hafði máttlaus verið látinn ef hann hefði ekki skotið sér fyrir keisarann.

xxvii. kapítuli

Sem það nú var úrskurðað að vér skyldum sigla í Valland, fengu þeir Pál og nokkra aðra bandingja þeim hundraðshöfðingja út af keisarans hirð sem Júlío var að nafni. Og vér stigum á það skip sem af Adramantinoviði var og skyldum sigla fyrir Asíam og létum síðan frá landi. Aristarkus úr Makedónía af Tessaloniu var meður oss og tókum annars dags land í Sídon. Júlíus birti sig og blíðan við Pál og lofaði honum að ganga til sinna góðra vina að sýsla sinna nauðpurfta. Þaðan leystu vér og sigldum undir Kýpriam fyrir því að vindarnir voru oss öndverðir og sigldum yfir það haf sem gegnt er Kilikia og Pamfýlia og komu til Mýra í Lýkia.

Þar fann undirhöfðinginn skip úr Alexandría það sigla átti í Valland. Á það setti hann oss. En er oss veitti tregt að sigla svo að vér komust varla um marga daga í gegnt Gnídon (því að vindurinn bægði), sigldu vér undir Krít til borgarinnar Salmone og gátum þó varla beitt fram hjá. Þá komu vér í nokkurt það lægi sem kallaðist Sæluhöfn. Þar lá og borgin Lasea í grennd við. En er miklir tímar voru umliðnir, með því að nú var þó hættumeiri siglingin, að fastan var þá umliðin, fyrir það ráðlagði Páll þeim þá og sagði til þeirra: Góðir menn, eg sé að vor sigling man verða bæði háskasöm og skaðamikil, eigi alleinasta fyrir farminn og skipið, heldur og einninn vorra lífdaga. En undirhöfðinginn trúði meir skiparanum og leiðsagnarmanninum en því er Páll sagði. Og er þar var engin höfn hæfileg til vetrarlegu, þótti flestum ráðlegt að sigla burt þaðan að ef þeir mættu komast til Feniken til vetrarlegu (sú höfn sem að er við Krít í gegn suðvestanog norðvestanvindi). En þá sunnanvindur tók að gusta og þeir meintu að halda sína leið, leystu þeir frá Asson og héldu fyrir framan Krít.

En eigi langt þar eftir hófst upp þvervindi í gegn skipinu, þann vér köllum norðaust. Og er skipið lá undir áföllum og gat eigi rétt sig við veðrinu, létu vér draga fyrir vind og svömluðum svo. En sem vér komum við ey nokkra, þá Kláda hét, gátum vér varla bátinn upp dregið. En vér neyttum þá orku og settum hann upp og bundum við borðið því að vær óttuðust að oss mundi bera á grynningarnar og létum út tunnudufl og drifum svo. Og er vér höfðum sterkan storm liðið, vörpuðu þeir annars dags út streng. Og á þriðja degi snöruðu vér út með sjálfs höndum reiðskapnum skipsins. Og í marga daga skein hvorki sól né stjörnur, en stormveðrátta eigi lítil var fyrir sjónum svo að öll von vors hjálpræðis var horfin.

Og er vér höfðum lengi einskis neytt, þá gekk Páll í miðið til þeirra og sagði: Góðir menn, þér skylduð hafa hlýtt mér og leyst eigi út af Krít. Svo hefðu vér eigi liðið þessa kvöl og skaða. Og nú ræð eg yður að þér séuð með góðu geði því að einskis vors fjör man tortýnast að fráteknu alleinasta skipinu, og því á þessari nótt stóð hjá mér engill Guðs, þess er eg em og þeim eg þjóna, og sagði: Óttast þú eigi, Páll, þér byrjar fyrir keisarann að koma. Og sjá, það Guð hefir veitt þér þá alla er með þér sigla. Fyrir því, góðir menn, verið með kátri lund. Því að eg trúi Guði að það muni svo ske sem mér er sagt. En til eyjar nokkurrar hljótu vér að koma.

En eftir það er hin fjórtánda nóttin var yfir komin, sigldu vér um miðnætti í Adríam. Skipmennina grunaði þá að sér mundi sýnast land nokkurt og vörpuðu grunnsökku og fundu tuttugu faðma djúp. Og skammt eitt þaðan köstuðu þeir sökkunni í annað sinn og fundu fimmtán faðma. Þá hræddust þeir að þá mundi mega steyta á skerjum og fleygðu úr bakskutnum fjórum akkerum, æsktu og þess að dagur kæmi. En er skipverjar leituðu við að umflýja skipið og létu bátinn á sjóinn síga undir þeirri hylmingu að þeir létust vilja úr framskipinu færa út akkeri, þá sagði Páll til undirhöfðingjans og stríðsmannanna: Nema að þessir blífi kyrrir í skipinu, geti þér eigi bjargast. Þá hjuggu stríðsmennirnir bátfestarnar og létu ofan detta.

Og þá er birta tók, réð Páll þeim að þeir tæki fæðslu til sín. Því það er í dag (sagði hann) fjórtánda dagur að þér hafið biðleikað við og fastandi verið og á öngvu bergt. Fyrir því ræð eg yður að þér takið fæðslu yður til hressingar. Því að einskis yðar hárlökkur mun af yðru höfði forglatast. Og er hann hafði þetta rætt, tók hann brauðið, gjörði Guði þakkir í allra þeirra augsyn, braut það síðan og át. Þeim tók þá og öllum að batna í skapi og tóku sér fæðslu. En vér vorum alls í skipinu tvö hundruð sjö og sjötigir sálna. Og er vér vorum mettir, létu vér af skipinu og köstuðum korninu í sjóinn.

En er dagur var, þekktu þeir eigi landið, en við hafnarsund nokkurt urðu þeir varir, það landtöku hafði, hvert þeir vildu vikja skipinu ef þeir mættu því við koma. Og er þeir drógu upp akkerin, slógu þeir sér til sjós og leystu upp stjórnböndin og settu rárseglid í ping fyrir veðrinu og héldu svo að landi. Og er vér komum að því rífi er sjór gekk umhverfis, steytti þar skipið á svo að framskipið stóð grunn óhræranlega, skuturinn lestist sundur af ofurefli bylgnanna.

En stríðsmennirnir lögðu það ráð til að bandingjarnir væri drepnir svo að enginn þeirra umhlypi þótt út kynni að sveima. En undirhöfðinginn vildi Páli eigi granda láta og tálmaði þeirra ásetningi og bauð að þeir sem synt gætu, skyldu fyrstir fleygja sér utan og leggjast að landi, en aðrir sumir á hlemmunum, en sumir á skipsbrotunum. Og það skeði svo að þeir komust allir hólpnir til lands.

xxviii. kapítuli

Og er vér komust af, þá vissum vér að eyin hét Míleto. En þeir lýðir sýndu oss eigi litla vináttu, kveiktu eld og meðtóku oss alla vegna þess hreggvíðris er yfir oss hafði drifið og fyrir kulda sakir. En þá Páll var að tína saman hrúgu með smáviðu og lagði á eldinn, en þá skreið naðra úr loganum og hrökkvist á hönd Páli. En er það sáu eyjarmenn að kvikvendið hékk á hendi hans, sögðu þeir sín á milli: Endilega man þessi manndrápari vera, hverjum hefndin úr sjóvarhásku leystan leyfir eigi að lifa. En hann slengdi nöðrunni á eldinn, og honum varð ekkert mein að. En þeir meintu að hann mundi upp þrútna eður jafnsnart dauður niður detta. Og sem þeir höfðu lengi eftir því beðið og sáu ekkert vont að honum verða, umhverfðu þeir sínu sinni og sögðu hann Guð vera.

En í þeim sömu takmörkum hafði foringi eyjarinnar sín híbýli, sá Públíus hét, hver oss meðtók og veitti um þrjá daga allvingjarnlega. En svo bar til það faðir Públíi lá kvalinn í köldu og blóðfalli, til hvers eð Páll inn gekk. Og meðan hann baðst fyrir, þá lagði hann hendur yfir hann og gjörði hann heilbrigðan. Þá það var skeð, komu og hinir aðrir á eyjunni þangað sem sóttir höfðu og létu sig lækna. Og þeir veittu oss miklar virðingar, og er vér sigldum þaðan, lögðu þeir til hvað oss var þarfsamlegt.

En eftir þrjá mánaði sigldu vér út þaðan á því skipi er var úr Alexandría, hvert að í eyjunni hafði legið um veturinn. Það hafði fyrir merki tviburateikn. Og er vér komum til Sýrakúsa, vorum vér þar í þrjá daga. Þaðan sigldu vér um kring og komum til Region. Og einum degi þar eftir sem sunnanvindur tók að blása, komu vér annars dags til Púteólon, hvar vér fundum bræðurna og urðum af þeim beðnir það vér tefðum hjá þeim um (vii) daga. Og svo komu vér í Rómam. Og er þeir bræður, sem þar voru, heyrðu af oss, gengu þeir út í móti oss allt til Appiser og Tetrabern. Og þá er Páll leit þá, gjörði hann Guði þakkir og fékk trúarefling. En þá vér komum í Rómam, afhenti hundraðshöfðinginn bandingjana þeim æðsta hershöfðingja. En Páli var lofað að vera, hvar honum líkaði, með þeim einum stríðsmanni sem á honum tók vakt.

Það skeði og þrim dögum þar eftir að Páll saman kallaði hina æðstu menn af Gyðingum. Þá þeir voru nú til saman komnir, sagði hann til þeirra: Þér menn, góðir bræður, eg hefi ekkert í gegn voru fólki gjört né í móti föðurlegri siðvenju og em þó bundinn Rómverjum í hendur fenginn hverjir mig vildu hafa lausan látið þá þeir höfðu mig forheyrt með því að þar fannst engin dauðasök með mér. En þá Gyðingar mæltu því í mót, neyddust eg til að skjóta mér fyrir keisarann, eigi svo það eg hefða um nokkuð að áklaga mitt fólk með. En fyrir það tilefni saman kallaði eg yður það eg mætta sjá og samtal hafa við yður því að fyrir sakir vonar Íraels em eg með þessari festi umvafður. Þeir sögðu til hans: Engin bréf höfu vér fengið þinna vegna af Gyðingalandi, og enginn bróðir er þaðan kominn, sá af þér hafi nokkuð vont kunngjört eður til þín talað. En þó fýsir oss að heyra af þér hvað þú heldur því að af þeim flokk er oss það kunngjört að honum verði alls staðar í móti mælt. Og sem þeir einkuðu honum dag til, þá komu margir til hans í

herbergið, hverjum hann útlagði og vitnaði Guðs ríki og taldi um fyrir þeim út af Jesú, úr Moyses lögmáli og spámönnunum í frá morgni allt til kvelds. Og nokkrir út af þeim trúðu því sem hann sagði, en sumir trúðu því eigi.

Og er þeir voru eigi samþykkir sín á milli, gengu þeir í burt sem Páll talaði eitt orð: Vel hefir heilagur andi sagt fyrir Esajam spámann til fedra vorra, svo mælandi: Far þú til þessa fólks og seg: Meður eyrunum munu þér það heyra og ekki undirstanda, og með augunum munu þér það sjá og eigi þekkja. Því að hjarta fólks þessa er forharðað, og með eyrunum heyra þeir þunglega, og sín augu hafa þeir saman kreist svo að þeir sæi ekki með augunum og heyrðu eigi með eyrunum og svo þeir skildi eigi með hjartanu og snerust það eg læknaði þá. Fyrir því sé yður kunnigt það heiðingjum er sent þetta Guðs hjálpræði, og þeir munu heyra. Og er hann talaði þetta, gengu Gyðingar út frá honum og höfðu þrætu mikla sín á milli.

En Páll bleif um tvö ár í sínu leiguhúsi og meðtók alla þá er til hans inn gengu, predikandi Guðs ríki og boðaði það hvað er var af Drottni Jesú Kristo með allri röksemd án fyrirboðunar.

Hér tekst endir á gjörðum postulanna, þær sem hinn heilagi Lúkas hefir skrifaða.

Formáli yfir S. Páls pistil til Rómverja

Þessi pistill, er hinn heilagi Páll skrifar til Rómverja, er réttur kjarni og höfuðmergur hins Nýja testaments og hið skærasta guðsspjall sem þess vel verðugur væri að hver kristinn mann kynni eigi alleinasta orð frá orði fyrir utan, heldur að hann um gengi hann hversdaglegana svo sem annað daglegt brauð sálarinnar. Því að hann kann aldregi of oft eður of vel lesinn né traktéraður verða, og því meir sem hann verður iðkaður, þess kostugri þykir hann og fær æ betra smekk. Fyrir því vil eg mína þjónustu þar til leggja og til reiða fyrir þennan minn formála eina inngöngu það fremsta sem Guð hefir mér fengið á gefið svo að hann verði þess gjörr undirstaðinn af öllum. Því að hingað til hefir hann með dimmri glóseran og margslungnu hjali fáneytrar orðmælgí næsta ómannlega myrkvaður verið sem þó er í sjálfum sér eitt skært ljós með öllu fullfenginn til uppirtu allrar ritningar.

Í fyrstu hljótu vér að fá kynning og rétta undirstöðu þeirra orða eða hvað hinn heilagi Páll meinar með þessi orð: lögmál, synd, náð, trú, réttlæti, hold, andi og önnur þeim lík, elligar er þar ei nokkur frjósamur lesningur að. Þetta orð, lögmál, máttu eigi undirstanda eftir líkamlegri skynsemd að það sé sá lærdómur sem einhver verk boðar að gjöra elligar við að sporna sem háttur er til veraldlegra laga, það vér skulum með verkum lögmálinu fullstétta, þótt hjartans góðfýsi sé víst fjarlæg. En Guð dæmir eftir hjartans grunni. Af því krefur hans lögmál grunn hjartans og lætur sér eigi að verkinu fullnægja, heldur straffar hann miklu framar þau verk sem ske án hjartans grunn svo sem að eru hræsni og lygar, hvar af allir verða lygimenn kallaðir (Sálm cxv). Fyrir því að enginn heldur né haldið getur af hjartans grunni Guðs lögmál því að hver maður finnur með sjálfum sér viðbjóð til ins góða, en lysting til hins vonda. Hvar nú er eigi frjálsgleg lysting til hins góða, þar er og ei heldur hjartans grunnur þótt að í augsýn skíni siðferðugt líferni margra góðra verka.

Hvaðan hinn heilagi Páll ályktar það hér í öðrum kapitula að allir Gyðingar sé syndabrotsmenn og segir að einasta sá sem uppfyllingarmaður er lögmálsins, sé réttlátur fyrir Guði, hvar með hann vill það enginn sé af álftu sjálfs sinna verka uppfyllingarmaður lögmálsins, heldur segir hann miklu framar svo til þeirra: Þú kennir að vér skulum eigi hórdóm drýgja, en sjálfur þá drýgir þú hór. Item hvar þú dæmir um einn annan, fordæmir þú sjálfan þig með því þú gjörir hið sama þar þú um dæmir, sem skyldi hann segja: Þú lifir finlega fyrir manna augli í lögmálsins verkum og dæmir aðra eigi svo lifa og að hverjum manni kannt þú að finna. Ögnina sér þú í annars auga, en vaglsins í þínu auga sjálfs verður þú eigi aðeins var. Þótt þú haldir nú vel fyrir augsýn laganna gjörðir af hræðslu hefndarinnar eður af ástúð verðlaunsins, þá gjörir þú þó það allt saman án frjálstrar lystingar og ástar við Guð og lögmálið, heldur gjörir þú þetta með ólyst og þvingan, vildir feginsamlegar öðruvísbreyta ef lögmálið væri eigi, hvaðan að ályktast það þú sért lögmálsins fhandmann af grunn þíns hjarta. Eða hvað hefir það að þýða, þú kennir öðrum að stela eigi, en ert þó sjálfur í hjartanu þjófur og augljóslega gjarnan værir ef þú þyrðir þótt að opinskár verk verði eigi lengi innibýrgð hjá þvílíkum hræsnurum. Svo lærir þú nú annan, en sjálfan þig kennir þú eigi, veist sjálfur eigi hvað þú annan lærir, hefur þar með og aldregi lögmálið réttlega undirstaðið. Já, með slíku foreykur nú lögmálið syndina, svo sem hann segir hér í fimmta kapitula að því gramari sem maðurinn er lögmálinu, því framar krefji það þess hann eigi orkar. Fyrir því segir hann í (vii) kapitula það lögmálið sé andlegt. Hvað er það annað? Nema ef lögmálið væri líkamlegt þá yrði því með verkum fullnægt. En fyrst það er andlegt, þá fullnægir því enginn með neinum verkum utan það verði allt af hjartans grunn hvað þú gott gjörir. En slíkt hjarta fær enginn gefið nema alleinasta heilagur Guðs andi. Hann gjörir manninn lögmálinuglíkan svo að hann fær í hjartanu lysting til lögmálsins og gjörir þaðan í frá ekki neitt fyrir ógn né þvingan, heldur alla hluti út af viljuglegu hjarta. Því að líka svo sem lögmálið er nú andlegt, svo vill það meður slíkum andlegum hjörtum elskað og uppfyllt vera æskjandi viðlíks eins anda. Því hvar hann er nú eigi í hjartanu, þá blífur þar synd, ólysting og fjandskapur í gegn lögmálinu og hvert þó er sjálft réttferðugt, gott og heilagt í sér.

Fyrir því ven þig á þessi máltæki að það er eigi eins að gjöra lögmálsins verk og það að uppfylla lögmálið. En það eru nú allt lögmálsins verk sem maðurinn gjörir eða gjört getur eftir lögmálsins skipan af sínum frjálsum vilja og eiginlegum formætti. En með því að undir og jafnframt slíkum verkum blífur viðbjóður og styggð í hjartanu til lögmálsins, þá eru þvílík verk öll forglötuð og einskis neyt. Það meinar og Páll postuli í hinum þriðja kapitula þar hann segir að fyrir lögmálsins verk verði enginn mann réttlátur fyrir Guði. Þar af sér þú nú að hinir til snotru og slægvitru Sófistiki eru sannir villumenn nær þeir kenna það maðurinn megi með verkum reiðubúa sig til náðarinnar. Hverninn má sá reiða sig með góðum verkum til náðarinnar sem ekkert gott verk gjörir án ólystingar og úlfbúðar í hjartanu? Eða hversu mega þess manns gjörðir Guði þekkjast sem ske af einu ólystugu og mótþróðu hjarta?

En það að uppfylla lögmálið, þá er meður lyst og ljúflæti að gjöra þess verk og frjálsglega án lögmálsins þvinganar vel að gjöra og guðlega líka sem þar væri ekkert lögmál né nokkur straffan fyrir

höndum. En slíka lyst frjállegs kærleika gefur hinn heilagi andi í mannsins hjarta sem hann segir í fimmta kápítula, það heilagur andi verði eigi gefinn nema alleinasta í, með og fyrir þá trú sem er á Jesúm Krist sem sjálfur hann útskýrir í sínum formála. Af því veitist sú trúa eigi nema alleinasta fyrir Guðs orð og evangelium það Kristum predikar að hann sé Guðs sonur og mann, dauða liðið og upprisinn aftur fyrir vorar sakir svo sem hann segir í hinum þriðja, iv. og x. kápítula.

Þaðan af kemur og það að trúan sé einasta sú sem réttlætir og lögmálið uppfyllir því að hún að sér laðar heilagan anda fyrir Jesú Kristi verðskuldan. En sá hinn heilagi andi skapar oss eitt góðsamt, lystugt og frjállegt hjarta eftir því sem sjálft lögmálið æskja vill og svo eftir fylgja þá sjálf góðverkin réttu trú. Það meinar hann í hinum þriðja kápítula þar hann skúfar út lögmálsins verkum með því yfirvarpi sem vilji hann lögmálið afmá og ónýta fyrir trúarinnar skyld, neitandi þó því (þar hann segir), heldur viðréttum vér lögmálið fyrir trúna. Það er vér uppfyljum það með trúnni.

Synd kallast í skrifinni eigi einasta það sýnilega líkamans látæði, heldur allt það náttúrlegt eðli er hann hreyfir sig með og hrærir til augljóslegrar verkunar, einkanlega sjálfur hjartans grunn, með öllum sínum formætti svo að þetta orð (synd drýgja) skuli þá kallast nær maðurinn fellur með öllu og hrasar í syndina. Því að enginn augsýnilegur gjörmingur syndarinnar skeður, sá það maðurinn hneið sig eigi allan með önd og líkama þangað að. Með því að heilög ritning rennir sérdeilis sínu sjáldri til hjartans og til þeirrar rótarog uppsprettu allra synda sem er sú vantrúa er í hjartans grunni byggir. Líka vís svo sem að trúan er alleinasta sú sem réttlátan gjörir manninn, heilagan anda veitir og lysting rétta til augsýnilegra góðra verka. Með sama móti syndgar og einasta vantrúan og teygir holdið til vondra augsýnilegra verka svo sem að þau Adam og Evu hentu í paradís (Genes. þriðja kápítula).

Þaðan kemur og það af að Kristur kallar vantrúna eina synd svo sem hann segir (Jóhann xvi. kápí.) það heilagur andi skuli heiminn straffa fyrir syndarinnar skuld af því hann trúir eigi á mig. Fyrir þá sök hlýtur nú annaðhvort fyrir hjartanu að búa trúan eður vantrúa áður en góð eður vond verk ske svo sem önnur góð eður vond frjóvgan. Því að vantrúan er rót, aðill og mergur allra synda, hvar fyrir hún kallast í heilagri ritningu höggormshaus og hið gamla drákons höfuð, hvert að kvinnunnar afspringi, sem var Jesús Kristur, hlaut í sundur að merja eftir því Adam var fyrirheitð.

Náðin og gjöfin hafa þann aðskilning að náðin kallast eiginlega föðursins mildi og vorkunn þá er hann ber til vor með sjálfum sér, af hverri hannhneigist að hella í vor hjörtu sjálfum Kristi og hans heilagan anda með sínum ástgjöfum sem klárlega birtist í hinum v. kápítula þar hann segir: Náð og gjöf í Kristo etc. En þótt að gjöfin og sá andi þróist daglegana með oss, þá eru vér enn eigi fullorðnir á meðan að syndir og vondar girndir eru hér í voru holdi, þær eð berjast í gegn andanum. Sem hann segir, vii. kápítula Gala. v, og svo sem Gensios í þriðja kápítula lofað er það óvinskapur skuli vera á millum konunnar sæðis og höggormsins sæðis. Náðin gjörir þó svo mikið að það vér erum með öllu og fullkomlega réttlátir fyrir Guði reiknaðir. Því að hans náð deilir sig eigi né í sundur partar svo sem að gáfurnar gjöra, heldur meðtekur hann oss algjörlega í faðm sinnar mildi fyrir Jesú Kristi sakir, vors ténaðarmanns og meðalrennara, og fyrir þá skuld að ástgjafirnar eru við oss upp teknar.

Svo undirstendur þú nú það vii. kápítula þar hinn heilagi Páll ávítar sig enn fyrir einn syndugan mann. Og þó segir hann í hinum átta að þar sé engin fordæming á þeim sem að eru í Kristo Jesú af þeirri álfu þótt að gáfan sé og andinn í oss enn ófullkomnaður því fyrir þess ódeydda holds sakir þá erum vér enn misgjörðamenn. En með því vér trúum á Jesúm Kristum og höfum andarins upptekju er Guð oss svo vorkunnigur og líksamur það hann vill eigi reikna né dæma slíkar syndir, heldur breytir hann við oss eftir mikilleik sinnar miskunnar fyrir þeirrar trúar sakir er vér höfum á Jesú Kristo þangað til að syndin sæfist með öllu. Trúan er eigi sá líkamlegur grunur og draumórar þann er sumir menn hafa fyrir trúnað. Og þá þeir sjá að engin betran lifnaðarins né góðra verka eftir fylgir (en kunna þó að heyra og margt að fleipra af trúnni) falla þeir í þann villudóm og segja það trúan nægist eigi. Því hljótu vér verkin að gjöra. Skulu vær annars frómir og hjálplegir verða? En þessu veldur að nær þeir heyra Guðs evangelia, fara þeir til og gjöra sér upp út af eiginlegum formætti þann þanka í hjartanu sem segja kann: Eg trúi, og halda það svo fyrir eina rétta trú. En líka svo sem það er ein líkamleg diktan og þanki þann er hjartans grunn kannar aldregi, því eflir hann og ekkert. Þar fylgir og engin bót né betran eftir.

En ein rétt trúa þá er Guðs verkan í vorum brjóstum, sú er umsnýr oss og að nýju endurfæðir í Guði heilögum anda (Jóhannes i) og deyðir svo hinn forna Adam, gjörandi oss algjörlegana að öðrum mönnum út af réttu hjarta, sinnu og siðferði og öllum formætti, færandi með sér hinn heilaga anda. Ó hó! hvað er til sagna? Eða er þetta eigi einn lifandi megn og máttugur dásemdar gripur, ein rétt trúa, hvað ómögulegt er að hún skyldi eigi ætíð eitthvað gott gjöra. Hún fréttir eigi að hvort góð verk eru til að gjöra, heldur hefir hún áður en vér til fregnum gjört þau og er æ iðin í góðri starfan. En hver hann gjörir eigi þvilík verk, sá er að sönnu trúarlaus, hvimar og fálmar umhverfis sig eftir réttu trú og góðum verkum, en veit þó eigi hvað ein rétt trúa og góð verk eru, þvættir þó margt og masar um átrúnað manna og góðar gjörðir.

Trúan er ein lifandi staðleg von til Guðs náðar, svo örugg að hann mundi eigi hirða þó hann ætti þúsund sinnum þar fyrir að deyja. Og þvilík von og viðurkenning guðlegrar náðar gjöri manninn gláðværan, djarfan og lystugan við Guð og allar skepnur úti frá, hvað heilagur andi verkar í trúnni, hvar af maðurinn verður án allrar þvinganar viljugur og fús, hverjum manni gott að gjöra og þéna að veita, alls háttað að líða Guði til lofs og ástar, hver honum hefir þvilíka náð augsýnda. Því líka svo er það ómögulegt að skilja góð verk frá réttu trú svo sem það er um megn að skilja ljósið og logann frá

eldsbálinu. Fyrir því gæt að þér vandlega að eigi tæli þig sjálfs þíns falslegur þanki og ónýtt orðaskvaldur annarra manna sem klókir látast vera að dikta og dæma um trúna og góð verk, en eru þó hinir mestu þussar í þeirri grein. Bið heldur Guð að hann eflí í þér trú rétta. Elligar blífur þú ævinlega án sannrar trúar, þú diktar og gjörir hvað þú kannt eður vilt.

En þvílík trú er réttlætið og kallast Guðs réttlæti eður það sem fyrir Guði gildir af því að það sjálft er Guðs gáfa og gjörir manninn svo auðveldan að hann gefur og gjörir hverjum einum hvað hann skyldugur er. Því að fyrir rétta trú veitist manninum það hann kvittast frá syndum og hreppir lysting til Guðs boðorða, hvar með hann gefur Guði sinn lofstír og geldur honum svo það hann er honum pliktugur. En náunganum þjónar hann í öllu því hann getur og geldur svo hverjum manni með því. En slíku réttlæti kann eigi náttúra né sjálfraeðisviljinn og eigi vorir kraftar af stað að koma. Því að líka sem enginn getur sjálfum sér rétta trú gefið svo fær og eigi nokkur vantrúna í burt tekið. Hverninn vilju vér þá inar smærri syndir eður hina allra minnstu synd í burt plána? Fyrir því er það allt fals, hræsni og synd, hvað án réttar trúar eður það sem í vantrú skeður (Róm. xiv) hversu skært sem skína þykir.

Hold eður anda máttu eigi hér svo skilja að það sé alleina hold er munaðlífi áhræir og það andi hvað hið innra skeður í hjartanu, heldur kallar hinn heilagi Páll það allt hold svo sem sjálfur lausnarinn gjörir (Jóhannes í þriðja kapit.) hvað af kjötlegum burði er fætt svo sem að er maðurinn allur með önd og líkama, skynsemd og öllu skilningarviti. Fyrir því að allt það, hvað með manninum traktéast, er eigi annað en það holdsins er, svo máttu nú það vita hver holdlegur má kallast, einkum sá sem er án heilags anda náðar, en diktar, lærir margt og þvættir um hávar andlegar greinir sem þú mátt vel skilja í holdsins verkum (Galat. v. kap.) þar hann kallar villudóm og fjandskap holdsins verk. Og til Róma í hinum áttanda kapit. segir hann að fyrir holdsins sakir verði lögmálið krenkt, hvað eigi er einasta talað um munaðlífi, heldur um allar syndir, en einna mest um vantrúna, hver að er hin allra svívirðilegasta Guðs háðung.

Þar í mót máttu þann andlegan kalla sem með allra augsynlegustum verkum um gengur svo sem að sjálfur græðarinn Jesús þvó fætur sinna lærisveina og Petrum þá er hann fór með skip að fiskum. Líka svo sem að hold er sá hinn innri maður og ytri sem lifir og alla holdsins þarflega hluti verkar til stundlegra nauðsynja. En andi er sá hinn innri maður og ytri sem lifir og verkar það sem til andlegra hluta og eftirkomandi lífdaga þénar. Án slíks skilnings þessara orða munt þú hvorki þennan sankti Páls pistil né nokkra aðra bók heilagrar ritningar réttlega undirstanda. Fyrir því vara þig við öllum þeim sem öðruvísi eður með annarlegri þýðingu útleggja þessi orð þótt það sé sjálfir höfuðdoktores og yfirspekingar svo sem Origines og aðrir hans jafningar.

Nú skal um sjálfan pistilinn ræða.

En með því að einum guðsspjalllegum predikara byrjar í fyrstu fyrir lögmálsins opinberan og syndarinnar það allt að straffa og að synd gjöra sem eigi verður lifað eftir sannri andagift og rétttri trú á Kristum svo að maðurinn játi sína eynd og komist til réttar viðurkenningar, litillætandi sig svo og hjálpar biðjandi.

Líka svo gjörir og hér hinn heilagi Páll þar hann byrjar í hinum fyrsta kapitula að straffa þær stórsyndir og vantrú sem augljósar voru og svo sem þá voru heiðinna manna stórglæpir og enn eru þeirra sem án Guðs náðar lifa og segir að Guðs reiði verði augljós af himnum yfir alla menn fyrir hans evangelium vegna þeirra óguðlegs líferniss og ódyggðar sakir. Því þótt þeir viti og daglegana viðurkenni að þar sé einn Guð, þá er þó náttúran í sjálfri sér án náðarinnar svo vond það hún hvorki þakkar honum né vegsóma gjörir, heldur forblindar hún sjálfa sig og fellur svo endalaust í verra líferni svo lengi að hún skammast eigi eftir skurgoðasmán að drýgja hinar skammsamlegustu syndir með allri háðung og þar með lætur hina aðra óstraffaða sem sömu skammir gjöra.

Í öðrum kapitula þenur hann slíka straffan víðara út upp á þess konar menn sem frómir skína í manna augliti eður heimuglega syndgast svo sem þá voru Gyðingar og enn nú eru allir hræsningar þeir sem án góðfýsni og ástsemdar vel látast lifa, en eru þó í hjartanu gramir Guðs lögmáli, hverjir fúsir dæma um annarra manna síðu svo sem hræsni manna háttur er til að þeir halda sig sjálfa skæra vera, en eru þó fullir með ágirnd, hat og dramb og alls vondsskapar (Matt. xxiii.). Þeir eru og það sem Guðs miskunnsemi forsmá og eftir sinni hjartans harðuð safna þeir og yfir sig hlaða Guðs reiði. Svo lætur nú hinn heilagi Páll sem einn réttur lögmáls útskýrari öngvan mann án syndar vera, heldur kynnir hann öllum Guðs reiði þeim sem vel vilja lifa af náttúrugiftinni eður af sjálfs síns frjállegum vilja. Og þá lætur hann öngum mun betri vera en opinbera stórsektamenn. Já, miklu heldur segir hann þá harðsinnaða, stokkhálsaða og óyfirbótarsama.

En í hinum þriðja varpar hann þeim báðum tveimur í eina kös og segir þann eina eigi betra en annan, allir samt syndugir fyrir Guði að einasta því undanteknu það Gyðingar höfðu haft Guðs orð þótt margir hafi þar eigi á trúað. En þó er eigi með því Guðs trú og sannleikur niðri byrgður og færir allsköruglega inn það máltæki úr hinum fimmtugasta sálmi það Guð sé réttferðugur í sínum orðum. En eftir það kemur hann aftur til ins sama og sannar með heilagri ritning að þeir sé allir syndbrotsmenn og það að fyrir lögmálsins verk verði enginn réttlátur, heldur það lögmálið sé til þess útgefið að þar læri menn að viðurkenna sínar syndir. En eftir það tekur hann til að kenna réttan veg, hverninn vér skulum frómir verða og hjálpast getað og segir að þeir sé allir syndugir menn og án Guðs vegsömunar og hljóta allir án eiginlegrar forþéningar réttlátir að verða fyrir þá trú sem er á Kristum Jesúm, sá er fyrir oss hefir það verðskuldað meður sinni blessaðri blóðsúthellingu og vorðinn svo oss einn náðarstóll af Guði föður,

hver allar vorar umliðnar syndir fyrirlætur upp á það hann auðsýni að oss hjálpi einasta hans réttlæti, hvert hann gefur í trúnni sem í þann tíma fyrir guðsspjöllin opinberaðist og það áður til forna var vitnað fyrir lögmálið og spámennina. Líka svo viðréttist nú lögmálið fyrir trúna þótt að lögmálsins verk með sinni hrósan verði undir lok lögð.

Í hinum fjórða, sem hann hefir nú fyrir hina yrstu þrjá kapitula opinberað hvað syndin er og kennt sannan trúarinnar veg til réttlætisins, hefur þá síðan upp að mæta nokkrum gegnyrðum og hjáræðum og tekur í fyrstu það fyrir sig (sem títt er þeim öllum er af trúnni heyra) það hann verði án verkanna réttlátur og þeir eð svo segja: Skulu vær þá engin góðverk gjöra? Því setur hann hér sjálfur Abraham fyrir sig og segir: Hverju hefir Abraham með sínum verkum af stað komið? Eða koma þau öll til einskis? Voru hans verk öngu neyt? Og lýktar það svo að Abraham sé án allra verka alleinasta fyrir rétta trú réttlátur vorðinn, þó svo algjörlega að hann varð áður en hann lét umskerast alleinasta sinnar trúar vegna í heilagri ritning réttlátur prisaður (Gene. xv). Hefir nú þetta verk umskurðarins öngu orkað til hans réttlætis það er Guð bauð honum þó og eitt gott verk var hlýðninnar. Sennilega mun þá ekkert annað gott verk til réttlætisins nokkru orka nema svo sem að var umskurðarskírni Abrahams eitt sýnilegt tákni, hvar með hann auðsýndi sína réttvísi í trúnni. Líka svo eru öll önnur góðverk ekki utan sýnilegt teikni, hver út af réttri trú koma og auglýsa sem önnur góð frjóvgan það maðurinn sé þegar hið innra réttlátur fyrir Guði.

Þar með staðfestir nú hinn heilagi Páll sem með einu öflugum eftirdæmi úr heilagri skrift sína áðursagða kenning í hinum þriðja kapitula um trúna og leiðir Davíð til vitnis í hinum xxxii. Sálm. Þar hann segir að maðurinn verði án verkanna réttlátur þótt hann sé eigi án góðra verka þá hann er réttlátur vorðinn. Eftir það teygir hann út það exemplum í gegn öllum öðrum lögmálsins verkum og ályktar það að Gyðingar fá eigi verið Abrahams arfar einasta fyrir það þeir eru hans afspringi, en miklu miður af álfi lögmálsins verka, heldur hljóta þeir að erfa Abrahams trú, vilji þeir annars réttir erfingjar vera með því þó að Abraham er áður fyrir trúarinnar skuld réttlátur vorðinn. En lögin voru sett, bæði Moyses og svo umskurðarins, og einn faðir kallaður allra réttrúaðra. Þar til aflar lögmálið miklu framar reiði en náðar með því að enginn gjörir þess verk af sannri góðfýsn og réttri ásts þar fyrir hlýtur einasta sú trú þá náð að öðlast sem Abraham var fyrir heitin. Því að slík eftirdæmi eru vorra vegna skrifuð það vér skyldum og trúna.

Í hinum fimmta kemur hann til ávaxtarins og trúarinnar verka sem að eru friður, fögnuður og ástsemd til Guðs og hvers manns, þar með öruggleika, djarfleika og stöðugleika, fremd og von í öllum hörmungum og mótkasti. Því að allir slíkir hlutir eftir fylgja einnri réttri trú og fyrir þeirra óumræðanlegra og yfirgnæfanlegra auðæfa sakir sem Guð faðir hefir oss auðsýnt í sínum syni Kristo Jesú það hann lét hann dauða líða fyrir vora skuld fyrr en vér kynnum hann þar um að biðja og þó þá þegar vér vorum hans fjandmenn. Af þessu megu vér skilja það trúan réttlætir án allra verka. En þó dregst það eigi þar af að vér skulum fyrir þann skuld engin góðverk gjöra, heldur að þau hinu réttskaplegu verk munu eigi lengi í hlé liggja, á hverjum hinir verkheilögu hafa ekkert skyn, hverjir sér dikta heldur upp sjálfir eiginleg verk þar hvorki er friður inni né fögnuður, ást eða öruggleiki, von eður djarfleiki og eigi nokkuð annað rétt kristilegt verk né trúarinnar dyggð.

Þar eftir á gjörir hann einn lystugan spátseruveg og telur fram hvaðan að kemur bæði syndin og réttlætið, lífið og dauðinn og setur þá tvo allsæmilega hvorn í gegn öðrum, Adam og Kristum, viljandi svo segja að fyrir þá skuld átti Kristur að koma, einn annar Adam, sá er oss hlaut að arfleiða til síns réttlætis fyrir eina nýja andlega fæðing í trúnni með sama hætti sem hinn forni Adam leiddi yfir oss arftekju syndarinnar fyrir hina gömlu kjötlegu fæðing. En með þessu verður það kunngjört og staðfest að enginn fær sér sjálfur úr syndinni til réttlætis meður verkunum hjálpað og þó miklu síður heldur en hann fær við því spornað það hann verði eigi líkamlega fæddur. Hér með auðsýnist það að guðlegt lögmál (hvað þó skaplegast væri að það hjálpaði ef nokkuð skyldi þó hjálpa til réttlætisins) er eigi alleinasta án styrks og hjálpar komið, heldur hefir það syndina foraukið fyrir það að hin vonda náttúra verður því þess gramari og vill sína lysting þess gjarnar drýgja sem lögmálið bannar henni meir. Og með slíku móti gjörir nú lögmálið Kristum oss enn miklu nytsamlegra, æskjandi af honum meiri náðar vorri náttúru til hjálpar.

Í hinum séttu áhrærir hann sérdeilis það trúarinnar verk sem er barátta andans við holdið með fullkomlegri deyðingu yfirblifna synda og vondra girnda sem eftir réttlættingina yfir verða í vorum limum og kennir oss það að vér séum eigi svo frelsaðir fyrir trúna frá syndunum það vér skulum iðjulausir, latir og sællífir vera svo sem að þar væri nú engin synd meir fyrir höndum. Að sönnu er enn synd yfirblifin í vorum líðum þó hún verði eigi til fordæmingar reiknuð fyrir þeirrar trúar sakir sem við hana stríðir. Fyrir því höfu vér ærið nóg að starfa við sjálfa oss um vora lífdaga það vér temjum vorn líkama til sínar girndir að deyða og sína limu að þvinga svo að hann verði andanum hlýðinn, en eigi sínum girndum upp á það vér séum líkir Krists dauða og upprisnu og fullkomnum vora skírni hver að merkir syndanna deyðing og eitt nýtt náðarinnar líferni þangað til vér verðum með öllu af syndunum skírir og líkamlega upp rísum með Kristo Jesú og að eilífu lífum.

En þetta getu vér gjört (segir hann) á meðan vér erum náðinni undirvornir, en eigi lögmálinu, hvað hann sjálfur út leggur það án lögmáls að vera sé eigi undir þá grein talað það vér skulum engin lög hafa og megi það gjörast hvað hvern einn lystir, heldur heitir það undir lögum að vera nær vér umgöngum (án náðar) laganna verk. Sé, svo drotnar þá sennilega syndin fyrir lögmálið fyrir því að enginn er

lögmálinu hollur af náttúru (hvað að er ein stór synd), en náðin gjörir oss lögmálinu ástfölgna. Sé, þá er þar engin synd meir fyrir höndum, og lögmálið er þá eigi meir í móti oss, heldur er það undir eins við oss vorðið.

En þetta sama er réttlegt frelsi af syndum og lögmálinu, út af hverju hann skrifar allt til enda þess ins sama kapitula að það sé eitt frelsi alleinasta með lyst og góðu líferni nokkuð gott að gjöra án lögmálsins þvinganar. Af því er þetta frelsi eitt andlegt frelsi það sem hvorki í burt skúfar né ónýtir lögmálið, heldur lætur það laust hvað er af lögmálinu krafið verður, einkum góðfýsni og ástsemi, hvar með lögmálið stillist og hefir öngva þján né kröfu meiri. Líka sem nær þú einum skyldugur værir og hefðir enga borgan. Við hann hlýtur þú með tvennu móti kvittur að verða. Einu með því að hann vildi ekkert af þér hafa og rífi sinn registrum í sundur. En með öðru móti svo að einhver góður mann borgaði fyrir þig og gæfi þér svo mikið að þú gjörðir hans registrum þar fullnægju með. Með þessum hætti hefir Kristur gjört oss frelsaða af lögmálinu. Af því er þetta ekkert villt né líkamlegt frelsi sem ekkert gott skuli gjöra, heldur það er allt og margháttað gott gjörir og er af lögmálsins kröfu og sakargift kvitt og ákærulaust.

Í hinum sjöunda staðfestir hann slíkt með einnri eftirlíkingu hjúskaparbandsins hvort laust og við annað skilið. Þó eigi svo að kvinnan megi, eigi né skuli annan mann eiga, heldur hitt það hún sé þá allra fyrsta réttlegana frí einum

öðrum að giftast hvað hún mátti eigi áður fyrr en hún varð hins annars laus. Líka svo er vor samviska forbundin lögmálinu undir þeim syndsamlegum gamla manni. Því nær hann deyðist fyrir heilagan anda þá er samviskan frí og hvort við annað laust. (Eigi svo) það samviskan skuli ekkert gott aðhafast, heldur nú hið allra fyrsta skuli hún réttlega þýðast Kristum, sinn annan eignarmann, og bera svo lifandi frjóvgan.

Eftir það teygir hann víðar út syndarinnar art og lögmálsins, hverninn réttlegast syndin fer að yppa sér og máttug að verða fyrir lögmálið. Einkum af því að hinn gamli maður verður lögmálinu þess grimmar á meðan hann getur eigi borgað það er lögmálið krefur. Því að hans náttúra er synd og getur eigi af sjálfri sér annað. Af því er lögmálið hans dauði og allt píslarvætti. Eigi svo að skilja það lögmálið sé vont, heldur að sú hin vonda náttúra kann eigi að líða hið góða svo að það krefji nokkurs góðs af henni. Líka sem einn sóttlera maður fær eigi liðið það hlaup eður steðjan sé að honum heimt og aðrir heilbrigðra manna fimleikar.

Fyrir því gengur hinn heilagi Páll hér fyrir enda um það hvar að lögmálið verður réttlegana kennt og allra best undirstaðið. Þar gjöri það eigi meir, en minnir oss á vorar syndir og deyði fyrir þær inu sömu, gjörandi oss seka eilífrar reiði svo sem vér fáum finlega lært og kannað í vorri samvisku þá hún verður réttlegana af lögmálinu snortin, svo að þá hljótu vér að hafa eitthvað annað og meira til en lögmálið eitt að gjöra manninn með fróman og hjálplegan. En hinir, sem lögmálið þekkja eigi, eru réttlega blindir, ana fram með sínu sérgæði og meina því meður verkunum fullnægju að gjöra. Því að þeir hafa eigi vitsmuni á hversu mikils að lögmálið krefur, einkanlega eitt frjálstlegt, viljigt og góðfúst hjarta. Fyrir því líta þeir eigi Moysen rétt undir augun að dúkurinn er þar enn fyrir hengdur og um hans ásján vafður.

Eftir það útvisar hann hverninn andinn og holdið stríða í mannum hvort mót öðru og setur sjálfan sig til eins eftirdæmis svo vér lærum það verk (syndina að deyða í sjálfum oss) réttlegana að kenna. En hann kallar þó bæði andann og svo holdið eitt lögmál. Því að svo sem guðlegs lögmáls háttur er til að þjá og krefja, líka svo þjár og krefur og æsist holdið í gegn andanum, viljandi sína lysting hafa. Þar þvert á mót þjár og krefur andinn í gegn holdinu og vill sína lysting hafa. En þessi ágreining varir í oss svo lengi sem vér lifum til, í einum meir en öðrum miður, eftir því hvort andinn eður holdið öflugra verður. En maðurinn allur er þó sjálfur hvorttveggja, bæði hold og andi, hver við sjálfan sig stríðir þar til hann verður með öllu andlegur.

Í hinum átta hugstyrkir hann slíka stríðendur að þá fordæmi eigi þvílíkt hold og útvisir frammar meir hver holdsins og andans art sé og það andinn komi fyrir Kristum, sá er oss hefir gefið sinn heilagan anda, hver oss andlega gjörir og holdið kefur, gjörandi oss allörugga svo að vér erum þó líka vel Guðs börn hversu hart sem syndin geisar í oss svo lengi sem vér fylgjum andanum eftir og syndinni í mót stöndum hana að deyða. En með því að enginn hlutur er svo góður til holdið að deyða eður kefja sem krossburður og pína, hugstyrkir hann oss í mótganginum fyrir hjástoð kærleiksins anda og allra skepna, einkum af því að vor andi ber oft þungan móð og það allar skepnur sampínast oss það vér mættum holdsins og syndarinnar kvittir verða. Svo sjáu vér nú það að þessir þrjár kapitular hljóða einkum upp á trúarinnar verk, hvað er kallast hinn forna Adam að deyða og holdið að þjá.

Í hinum níunda, x., xi. kapitula kennir hann út af eilífri Guðs útvalningu og fyrirhugsan, hvaðan það uppsprettanlega hér fljótandi kemur, hver rétt skal trúa eður eigi trúa og hver frá syndinni kann leysast og eigi leysast. Svo það sé með öllu oss úr greipum numið og Guði einum í hendur fengið það vér hjálplegir verðum. Er oss og það hin allra mesta nauðsyn. Því að vér erum breyskir og óstöðugir svo að ef undir oss væri komið yrði sennilega enginn mann hólpinn því djöfullinn mundi þá að sönnu alla yfirbuga. En fyrst Guð er nú stöðuglyndur og að honum má eigi sín fyrirhugsan bregðast og ei fær nokkur honum það varið, og af því höfu vér enn örugga von í mót syndinni.

En þeim ofbeldisöndum og djúpvitringum er hér eitt mál upp stungið, þeir eð sinni undirstöðu vilja sem fyrst hingað að víkja og hefja fyrst af upphafi að rannsaka undirdjúp Guðs fyrirhyggju, hvort þeir eru út valdir af Guði, angrandi sig með þessu til einskis, hvar með þeir steypa sér sjálfum í örvilnan eður sig með öllu yfirgefa. En þú fylg þessum pistli eftir sinni skikkan og stunda Jesúm Krist og hans

evangelia svo að þú mættir fá viðurkenning þinna synda og hans náðar og kunnir svo þaðan í frá við syndirnar að stríða eftir því sem hér hefir kennt hið fyrsta, ii., iii., iv., v., vi., vii., viii. kapitulum. En eftir það þú ert kominn í hið átta undir krossburð og kvellingar, þá mun það læra þig hvað réttleg Guðs fyrirhyggja er í hinum ix., x., xi. kapitula og hversu huggunarsamleg hún sé. Því að án pynktingar kross og dauðans hættu kunnu vær eigi þá guðlega forsjó að hantéra án tjóns og heimuglegrar reiði gegn Guði. Og af því hlýtur hinn forni Adam með gjörvöllu fyrirfram dauður að vera áður en þú líður þennan hlut og drekkur hið sterka vín. Fyrir því gæt þess vandlega að þú drekkir ekki vín meðan þú ert einn brjóstmylkingur því að hver lærdómur hefir sinn skammt, tíma og aldur.

Í hinum tólfta lærir hann rétta guðsþjónustu og gjörir alla kristna menn að prestum að þeir skuli offra hvorki gulli né kvikfé, heldur þeirra eiginlegu lífernir með deyðingu líkamlegra girnda. Eftir það skrifar hann um augsýnilegt dagfar kristinna manna í andlegri stjórn, hversu þeir eiga að predika, stjórna, þjóna, veita og líða, að elska, lifa og gjöra viður vini og óvini og hvern mann annan. Og þetta sé þau verk sem sérhver kristinn gjörir. Því að svo er mælt það trúan hafi ekkert helgihald.

Í þrettánda kapitula kennir hann, það vér skulum í heiðri hafa veraldar valdsmenn og þeim hlýðugir vera, hverjir fyrir það eru inn settir. Þótt eigi betri þeir oss fyrir Guði, þá gjöra þeir þó svo mikið að það góðir menn hafa stundlegan frið, vernd og forsvor og það vöndir menn mega eigi án hræðslu né með friði, frelsi eður hvíld nokkuð vont af sér gjöra. Fyrir því ber góðum mönnum þá að virða þótt þeir þurfi eigi þeirra við. En við niðurlagið lýkur hann þetta allt í kærleikanum og endar það meður Kristis eftirdæmi það vér skulum honum eftir fylgja og breyta líka svo sem hann hefir við oss breytt.

Í hinum fjórtánda kennir hann það vér skulum fagurlegana fara að við breyskar samviskur í trúnaði og fyrir þeim vægja svo að kristinna manna frelsi brúkst eigi til skaða, heldur breyskrúðuðum til betrunar. Því að hvar það gjörist eigi, þá fylgir þar sundurþykki og fyrirlitning guðsspjallanna eftir, hvar þó öll nauðsyn á liggur það betra sé að víkja veiktrúðuðum um lítinn mun þar til hann styrkvari verður en það að lærdómur guðsspjallanna skyldi með öllu í grunn ganga. Og því líkt verk er sérdeilis eitt kærleiksverk það á þessum tímum er vel nytsamlegt, hvar með kjótati og öðru kristilegu frelsi ofbeldislega og herfilega án allra nauðsynja hin breyska samviska verður skelfd og umturnuð áður en hún viðurkennir sannleikinn.

Í hinum fimmtánda setur hann Kristum til eftirdæmis það vér skulum við aðra breyskva menn hóglyndir verða svo sem við þá er hrasað hafa í opinberar stórsyndir og ótérlega breytni, hverja vér megum eigi strax forleggja, heldur þá umlíða þar til þeir betra sig. Því að svo hefir Kristur við oss gjört og enn daglegana gjörir það hann umlíður næsta margar ódyggðir og vonda breytni jafnframt öllum öðrum ófullkomleika á oss og endalausá hjálp veitir.

Eftir það til einrar ályktingar biður hann fyrir þeim, lofar þá og Guði á hendur felur og auðsýnir þeim sitt embætti og predikan, biður þá og næsta fagurlegana um hjálp og stuðning við fátæka til Jerúsalem. Og allt það hvar hann um talar og það hann fer með, er skær kærleiki. Svo finnu vér nú í þessum pistli hið allra ríklegasta hvað einum kristnum manni ber að vita, einkum hvað lögmál sé, evangelium, synd, straffan, náð, trú, réttlæti, Kristur, Guð, góðverk, kærleiki, von og kross og hversu vér skulum hegða við hvern mann, sé hann frómur eða brotlegur, styrkur eða breyskur, vin eður óvin, og hverninn vér skulum breyta í mót sjálfum oss. Þar til grundvallar hann allt þetta allsæmilega með skriftinni og með sjálfs síns og spámanna eftirdæmum út vísar svo að hér er einskis meir æskjandi. Fyrir því skín það svo sem hafi hinn heilagi Páll viljað í þessum pistli einu sinni í stuttu máli inni lykja allan kristilegan og guðsspjalllegan lærdóm og tilreiða svo einn inngang í allt hið gamla testamentum. Því að án efa, hver þennan pistil hefir vel í hjarta fest, sá hefir hins gamla testaments ljós og kraft hjá sér. Fyrir því gjöri hver kristinn mann hann sér alkunnan og láti jafnan í iðkan vera, hvar Guð unni oss sína náð til. Amen.

Hinn síðasti er einn heilsunar kapituli. En þar undir blandar hann einni næsta ágætri viðvarnan fyrir manna lærdómum, þeir eð jafnframt inn falla guðsspjalllegri kenningu og hindranir upp tendra. Mestu sem hann hefði að sönnu það fyrir séð að af Róm og fyrir hina rómversku skyldi koma þeir tælanlegir og hindranarsömu Kanones og Dekretales og sú svæla og maðkamor mannglegra setninga og boðorða, hverjir um þessa tíma drekkja allri veröld, hafa og þennan pistil og alla heilaga ritning, líka og einninn andann sem trúna afplánar svo að ekkert meira er yfir blifð en sá þeirra afguð er Magi heitir, hvers þénara hinn heilagi Páll segir þá hér vera. Guð frelsi oss frá þeim. Amen.

S. Páls pistill til Rómverja

Fyrsti kapítuli

Páll, þjón Jesú Kristi, kallaður til postula, útleinn til að predika Guðs evangelium, hverju hann hafði áður fyrirheitið fyrir sína spámenn í heilagri ritning af sínum syni, hver að fæddur er af Davíðs sæði eftir holdguninni, en voldulega auglýstur sonur Guðs eftir andanum, þeim er helgar allt í frá þeim tíma er Drottinn vor Jesús Kristur reis upp aftur af dauða, fyrir hvern vér höfum meðtekið náð og postullegt embætti á meðal allra heiðinna þjóða trúarinnar hlýðni upp að rétta undir hans nafni, af hverra tölu þér eruð sem kallaðir eru í Kristo Jesú.

Öllum þeim Guðs elskulegum og kölluðum heilögum sem eru í Róm. Náð og friður af Guði vorum, föður og Drottni, Jesú Kristo þá sé með yður.

Fyrst gjöri eg að sönnu þakkir mínum Guði fyrir Jesúm Kristum allra yðar vegna um það að yðvar trú berst út um allan heim. Því að Guð er minn vottur, hverjum eg þjóna í mínum anda út í guðsspjöllum hans sonar það að í sífelli minnust eg yðar og jafnan í mínum bænum, beiðandi það eg mætta einhvern tíma að Guðs vilja hafa það lukkusprang að koma til yðar. Því mig langar að sjá yður svo að eg býtta yður nokkurri andlegri gjöf yður til styrktar. Það er að eg mætti taka líka huggan yðar á milli fyrir yðra trú og mína sem vér höfum vor á millum.

En eg vil eigi dylja fyrir yður bræður það eg einsetta mér oft að koma til yðar (þó mér hafi bægt verið til þessa) svo að eg hefða fært nokkurn ávöxt yðar á milli líka sem á meðal annarra þjóða. Því eg em skuldunautur bæði girskra og ógirskra, spakra sem óspakra. Af því svo mikið sem eg formá em eg reiðubúinn til yðar sem eruð í Róm að predika guðsspjöllin.

Því að eg skammast mín eigi Krists evangelio því það er kraftur Guðs sem hjálplega gjörir alla þá sem þar á trú, fyrst Gyðinga og svo Grikki. Af því að þar opinberast inni það réttlæti sem Guðs er, hvert að kemur út af trúnni í trúna svo sem skrifað er það réttlátur muni af sinni trú lífa.

Því að Guðs reiði af himnum opinberast yfir allt ranglæti og óréttvísi manna, þeir eð sannleikinn afrækja í ranglætinu fyrir því, hvað af Guði mátti kunngjörast, er þeim opinberað. Því að Guð hefir þeim það opinberað. Með því að Guðs ósýnilegir hlutir sjást, það er hans eilífur kraftur og guddómur, ef gaum að verður gefið þeim verkum, einkum að heimsins sköpun, svo að þeir hafa öngva afsakan með því þeir vissu það að Guð er og hafa hann þó eigi dýrkað svo sem Guð né honum þakkir gjört, heldur eru þeir í sínum hugrenningum að hégóma vorðnir og þeirra fávíst hjarta er formyrkvað. Því þá þeir héldu sig vísa vera eru þeir að þussum vorðnir og hafa umsnúið dýrð óförgengilegs Guðs í líkneskjur forgengilegra manna, fugla og færfættra kinda og skriðkvikinda.

Af því hefir og Guð yfirgefið þá í þeirra hjartans girndum og óhreinmennsku að þeir skömmuðu svo sína eigin líkami á sjálfum sér, hverjir Guðs sannleika hafa um snúið í lygar og hafa meir dýrkað og þjónað skepnum en skapanum, hver lofaður sé um aldir. Amen. Fyrir hvað er Guð yfirgaf þá í skammsamlegum girndum. Því að konur þeirra hafa snúið náttúrlegri aðferð í ónáttúrlega. Slíkt hið sama hafa mennirnir yfirgefið eðlilega aðferð til konunnar og loguðu í sínum girndum hver til annars, og hefir svo maður með manni skömm framið og meðtekið svo verðkaup síns villudóms (eftir því sem verðugt var) á sjálfum sér.

Og líka sem þeir hafa eigi þess gætt það þeir skyldu af Guði kynning hafa, svo hefir og Guð yfirgefið þá í fráleitt sinni að gjöra það hvað eigi var hæfilegt, full ir upp alls ranglætis, frillulífnaðar, fláttskapar, ágirndar, fjandskapar, fullir öfundar, manndrápa, þrætu, svika, óheilinda, kvissamir, bakmálgir, Guðs forsmánarar, háðgjarnir, drambsamir, sjálfhælnir, hrekkvísir, foreldrunum óhlýðugir, skilningslausir, óhaldinorðir, ófriðsamir, harðsvíraðir, ómiskunnsamir, hverjir Guðs réttlæti þá vita (það þessir eru dauða verðugir sem þvílíkt gjöra). Nú gjöra þeir það ei aðeins, heldur eru þeir einninn þeim samsinnaðir sem það gjöra.

Annar kapítuli

Fyrir því kanntu eigi, ó maður, þig að afsaka, hver helst þú ert sem dæmir. Því hvar þú dæmir um annan, þar fordæmir þú sjálfan þig af því þú gjörir það sama hvað þú dæmir. Ef vér vitum það Guðs dómur er réttur yf ir þeim sem þvílíkt gjöra. En þenkir þú, ó maður, sem dæmir þá er þvílíkt gjöra og þú gjörir hið sama að þú munir umflýja Guðs dóm? Eða forsmár þú ríkdóm hans góðgimdar, þolinmæði og langlundargeð? Veistu eigi það að Guðs góðgirnir leiðir þig til yfirbótar? En þú eftir þinni harðúð og óyfirbótarsömu hjarta safnar þér sjálfum reiði upp á reiðinnar dag og uppbirtingar Guðs réttlætisdóms, sá er gjalda mun einum og sérhverjum eftir hans verkum. Þeim að sönnu heiður og vegsemd og ófallvalta veru sem með þolinmæði góðra verka eftir leita eilífu lífi. En hinum sem þrætugjarnir eru og hverjir eigi hlýða sannleikanum, en hlýða heldur ranglætinu, sneypa og reiði, hrellingar og harmkvæli yfir allar sálir þeirra manna sem illsku drýgja, fyrst Gyðingum og svo Grikkjum. En heiður, vegsemd og friður öllum þeim sem gott gjöra, fyrst Gyðingum og svo Grikkjum.

Því að ekkert manngreinarálit er fyrir Guði. Því þeir sem án lögmáls hafa syndgast, þeir munu og án lögmáls fyrirfarast, og þeir sem undir lögmálinu hafa syndgað, munu fyrir lögmálið dæmdir verða. Af því að áheyrendur lögmálsins eru eigi réttlátir fyrir Guði, heldur eru þeir réttlátir sem lögmálið fullgjöra. Því þær þjóðir sem eigi hafa lögmálið, en gjöra þó af náttúru hvað lögmálið inniheldur, þeir sömu, með því þeir hafa eigi lögmálið, eru þeir sér sjálfir lögmál, með hverju þeir útvísa það lögmálsins verk sé skrifuð í þeirra hjörtum sem þeirra samviska sjálf ber þeim um vitni og þeir þankar sem sín á milli áklaga sig eður afsaka á þeim degi nær Guð dæmir leynda kostu mannanna eftir mínu guðsspjalli fyrir Jesúm Kristum.

En sjá, þú kallast Gyðingur og forlætur þig upp á lögmálið og hrósar þig Guði og veist hans vilja. Og með því þú ert lærður í lögmálinu, reynir þú hvað að best sé að gjöra og formetur þig sjálfan að vera blindra manna leiðtogara og ljós þeirra sem í myrkurum eru, fávísra tyftunarmann og læriföður einfaldra, hafandi bæði viskunnar form og sannleikans í lögmálinu. Nú lærir þú annan, en sjálfan þig lærir þú eigi. Þú predikar að eigi skuli stolið vera, og þú stelur. Þú segir að eigi skuli hórdómur drýgjast, og þú drýgir hór. Þú svívirðir skurgoðin, rænir þó Guð sínu. Þú hrósar þér af lögmálinu og vanvirðir Guð fyrir yfirgöngu lögmálsins. Því að fyrir yðar skuld verður Guðs nafn lastað meðal heiðinna þjóða svo sem að skrifað er.

Umskurðurinn dugir að sönnu ef þú varðveitir lögmálið, en ef þú ert yfirtroðslumaður lögmálsins, þá er þín umskurn vorðin að yfirhúð. Því að ef yfirhúðin varðveitir réttlætningar lögmálsins, reiknast eigi þá hans yfirhúð fyrir umskurn? Og svo mun það þá sem af náttúru er yfirhúð og lögmálið fullkomnar dæma þig, sem ert undir bókstafnum og umskurninni, yfirtroðslumann lögmálsins. Því að sá sem augljóslega er Gyðingur, er eigi Gyðingur og eigi sú augljós holdsins umskurn, heldur er sá Gyðingur sem heimuglegur Gyðingur er, og umskurn hjartans er umskurn sú er sker í andanum, en eigi í bókstafnum, hvernar lofstír að eigi er af mönnum, heldur af Guði.

Þriðji kapítuli

Hvað hefir þá Gyðingur til þess að hann sé fremri? Eða hver nytsemd er að umskurninni? Næsta mikil á allan hátt. Sennilega fyrst það að þeim er til trúað hvað Guð hefir talað. Þótt að nokkurir út af þeim hafi því eigi trúað, hvað um það? Skyldi fyrir þeirra vantrúar sakir Guðs trú undir lok líða? Fjarri sé því, heldur blífur það svo að Guð sé sannsögull, en allir menn ljúgarar svo sem skrifað er að þú réttlátur sért í þínum ræðum og yfirvinnir nær þú dæmist.

En er það svo að vort ranglæti prísí Guðs réttlæti, hvað skulu vér segja? Er Guð þá ranglátur þótt hann leggi reiði á það? (Nú tala eg eftir plagsiðum manna). Fjarlægt sé því. Hverninn skyldi Guð elligar heiminn dæma? Því ef Guðs sannleikur verður fyrir mína lygn veglegri til hans dýrðar, hvar fyrir skyldi eg þá eftir það sem annar syndbrotismaður dæmdur verða og miklu framar svo breyta (sem illa verður til vor talað) og svo sem sumir segja það vér segjum: Gjörum illt svo að gott eftir komi, hverra fyrirdæming er réttleg.

Hvað beru vér þá af þeim? Alls ekki. Því að vér höfum áður útvísað bæði Gyðinga og Grikki alla undir synd vera eftir því sem skrifað er að eigi sé sá nokkur sem réttvís er og ekki einn og eigi sá sem skynugur sé og engi sá er að Guði leiti. Allir eru þeir fráhnegir vorðnir og líka allir ónýtir gjörðir. Og engi er sá sem gott gjörir og eigi einn. Þeirra barki er opin gröf, og með sínum tungum hantéra þeir svíksamlega. Höggormaeitur er undir þeirra vörum og munnur þeirra fullur af bölván og beiskleika og fætur þeirra fljótir til blóðsúthellingar. Í þeirra vegum er eynd og hugarangur, og friðarins götu þekkjá þeir eigi. Og eigi er þar nokkur guðsótti fyrir þeirra augum.

En vér vitum hvað lögmálið segir. Það segir þeim sem undir lögmálinu eru svo að allra munnur verði til bygður og heimurinn allur við Guð sakaður fyrir því að ekkert hold af lögmálsins verkum getur fyrir honum réttlátt verið. Því að fyrir lögmálið kemur eigi utan viðurkenning syndarinnar.

En nú er án lögmálsins Guðs réttlæti opinberað og sannprófað fyrir vitnisburð lögmálsins og spámanna. En eg tala um það réttlæti sem fyrir Guði dugir, hvert að kemur fyrir trúna á Jesúm Krist til allra og yfir alla þá sem trúa. Því hér er enginn greinarmunur. Allir saman eru þeir syndugir, og þeim er skortur á þeirri hrósan sem þeir áttu á Guði að hafa og verða svo út af hans náð án verðskuldanar réttlátir fyrir þá endurlausn sem vorðin er fyrir Jesúm Kristum, hvern Guð skikkaði til forlíkunarmanns fyrir trúna í hans blóði til ávísingar þess réttlætis sem fyrir honum er fullt, í hverju hann fyrirgefur syndirnar, þær áður eru umliðnar, undir þeirri guðlegri þolinmæði sem hann hafði það hann á þessum tíma ávísaði það réttlæti sem fyrir honum er fullt upp á það að hann sé alleina réttlátur og gjöri þann réttlátan sem þeirrar trúar er á Jesúm Kristum.

Hvar er nú þín hrósan? Er henni lokið? Fyrir hvert lögmál? Fyrir verkanna lögmál? Ekki svo, heldur fyrir trúarinnar lögmál.

Því að vér höldum manninn réttlætast án lögmálsins verka fyrir trúna. Eða er hann alleinasta Guð Gyðinga? Er hann og eigi Guð heiðinna manna? Að vísu er hann og Guð heiðinna þjóða. Nú með því að það er einn Guð, sá er umskurnina réttlætir af trúnni og yfirhúðina fyrir trúna, hversu niðurbjótum vér þá lögmálið fyrir trúna? Fjarri sé því, heldur uppréttum vér lögmálið.

Fjórði kapítuli

Hvað segjum vér þá af föður vorum, Abraham, það hann hafi fundið eftir holdinu? Það segjum vér: Ef Abraham er af verkunum réttlátur, þá hefir hann lofstír, en eigi hjá Guði. Því hvað segir ritningin: Abraham trúði Guði, og það er honum reiknað til réttlætis. En þeim sem með verkin fæst, verða launin eigi út af náðinni til reiknuð, heldur eftir verðskuldan. En honum að sönnu sem eigi um gengur verkin, en trúir á þann sem réttlætir ranglátan, þeim verður sín trúa reiknuð til réttlætis eftir því móti sem Davíð segir, það farsældin sé alleinasta þess manns, hverjum Guð til reiknar réttlætið án tillögu verkanna svo sem hann segir að þeir sé sælir, hverjum sínar ranglætningar eru fyrirgefnar og hverjum sínar syndir eru huldar. Sæll er sá maður, hverjum Guð til reiknar ekki syndina.

Nú þessi farsæld, snertur hún einasta umskurnina eða einninn líka yfirhúðina? Því vér hljóttum að segja það Abraham sé sín trúa til réttlætis reiknuð. En hvort er hún honum þá til reiknuð í umskurninni eða í yfirhúðinni? Án efa eigi í umskurninni, heldur í yfirhúðinni. En það teikn umskurnarinnar meðtók hann til merkis þess réttlætis sem kemur fyrir trúna, hverja hann hafði í yfirhúðinni, svo að hann yrði og faðir allra trúaðra í yfirhúðinni svo að þeim yrði og slíkt reiknað til réttlætis og það að hann yrði faðir umskurnarinnar, eigi einasta þeirra sem af umskurðarkyni eru, heldur jafnvel og þeirra sem ganga í fótsporun þeirrar trúar sem var í yfirhúð föður vors Abrahams.

Því að fyrirheitð það hann skyldi vera veraldarinnar erfingi skeði eigi til Abrahams eður hans sæðis fyrir lögmálið, heldur fyrir trúarinnar réttlæti. Því ef þeir af lögmálinu eru erfingjar, þá er trúan einskis verð og fyrirheitð ónýtt gjört. Af því að lögmálið afrekar eigi annað en reiði. Því hvar lögmálið er ekki, þar er og engin yfirtroðning. Fyrir þess sakir hlýtur réttlætið af trúnni að koma svo að það sé út af náðinni og það fyrirheit blífi stöðugt öllu sæði, eigi einasta því sem undir lögmálinu er, heldur og því sem er Abrahams trúar, hver að er allra vor faðir eftir því sem skrifað er, að þig hefi eg settan til föður margra þjóða fyrir Guði, hverjum þú trúðir, og sá er dauða lífgar og kallar það sem ekki er, líka sem það hvað að er.

Og hann trúði upp á von þar engin von var þó á það að hann yrði faðir margra heiðinna þjóða eftir því sem til hans er sagt: Svo skal þitt sæði verða sem stjörnur himins og sjávarsandur. En hann varð eigi veikur í trúnni, gaf og eigi vakt að sínum eigin líkama, þeim dáinn var af því að hann var að mestu hundrað vetra, og eigi dáins kviðar Sáru. Því hann efaði ekki Guðs fyrirheit vegna vantrúar, heldur varð hann styrkur í trúnni, gefandi Guði dýrðina, vitandi það fyrir fullan sann að hverju sem Guð lofaði það var hann máttugur að gjöra. Og fyrir því var honum það reiknað til réttlætis.

En það er eigi einasta skrifað fyrir hans sakir það sé honum til reiknað, heldur fyrir vorar sakir, þeim það skal til reiknað verða. Ef vér trúum á þann sem Drottin vorn, Jesúm Krist, upp vakti af dauða, sá er fyrir vorar syndir var yfirgefinn og fyrir vors réttlætis sakir upp vaktur.

Fimmti kapítuli

Af því vér erum nú réttlættir fyrir trúna, þá höfum vér frið hjá Guði fyrir Drottin vorn, Jesúm Kristum, fyrir hvern að vér höfum og tilgöngu í trúnni til þessarar náðar þar vér inni stöndum og hrósum oss í voninni þeirrar tilkomandi dýrðar er Guð mun gefa. En eigi einasta það, heldur hrósum vér oss einninn líka í hörmungunum af því vér vitum það hörmung aflar þolinmæði, en þolinmæði aflar raunar, en raun aflar vonar. En vonin lætur eigi að hneykslum verða því að Guðs kærleiki er út hellingur í vor hjörtu fyrir heilagan anda, þann oss er veittur.

Því að þá vér vorum enn breysklegir eftir tíðinni, hefir Kristur fyrir oss rangláta dáíð. En nú deyr varla nokkur fyrir réttlátan, og má vera að sá sé trautt sem fyrir góðan dirfist að deyja. Fyrir það þrisaði Guð sinn kærleika viður oss í því að Kristur hefir fyrir oss dáíð þá þegar vér vorum syndugir. Fyrir það verðum vér og miklu meir frelsaðir af reiðinni fyrir sjálfan hann af því að vér erum réttlættir í hans blóði.

Því ef vér erum nú Guði forlíktir fyrir hans sonar dauða þá vér vorum enn óvinir, miklu meir verðum vér frelsaðir fyrir hans líf sem forlíktir eru. En eigi alleinasta þetta, heldur það að vér hrósum oss og í Guði fyrir Drottin vorn, Jesúm Krist, fyrir hvern að vér höfum forlíkunina meðtekið. Fyrir því að líka sem syndin er fyrir einn mann komin í þennan heim og dauðinn fyrir syndina og svo er dauðinn til allra manna inn smoginn af því að allir hafa syndgast. Því að syndin var í heiminum allt til lögmálsins, en hvar ekki er lögmálið, þar verður og ekki syndinni skeytt, heldur drottnaði dauðinn frá Adam allt til Moysen og einninn yfir þeim sem ekki höfðu syndgast með því líkri yfirtroðslu sem Adam, hver að er ein fyrirmynd þess sem koma átti.

En það er eigi svo fallið með gjöfinni sem með syndinni. Því ef margir eru dauðir fyrir sakir eins manns syndar, þá gnæfir þó miklu meir Guðs náð og gjafir yfir fleirum fyrir eins manns náð Jesú Kristi.

Og gjöfin er eigi einasta yfir einni synd, líka sem að er fyrir einn syndugan eilíf synd allra fordjarf. Því að svo sem dómsáfallið er komið af eins manns synd til fordæmingar, líka er gjöfin fyrir eins manns réttlæti af mörgum syndum til réttlættingar gefin. Því ef dauðinn ríkir vegna einrar syndar fyrir einn, miklu meir munu þeir, sem öðlast gnægð náðarinnar og gjöf réttlætisins, ríkja í lífinu fyrir einn Jesúm Krist.

Líka sem að fordæmingin er komin fyrir eins manns synd yfir alla menn, svo er og komið fyrir eins réttlæti lífsréttlætið yfir alla menn. Því að líka sem fyrir eins manns óhlýðni eru margir syndugir vorðnir, svo verða og fyrir eins hlýðni margir réttlátir.

En lögmálið er þó jafnframt inn komið svo að syndin skyldi yfirgnæfa. En hvar syndin gnæfir, þar yfirgnæfir náðin enn miklu framar að með sama hætti sem syndin ríkti til dauðans, svo líka ríkir náðin fyrir réttlætið til eilífs lífs fyrir Jesúm Krist.

Sétti kapítuli

Hvað eigu vér hér til að segja? Skulu vér þá í syndinni blífa svo að náðin megi yfirgnæfa? Fjarri er því. Hverninn skyldum vér það vilja að lifa í syndinni eftir það vér erum henni frá deyddir? Viti þér eigi að allir vér sem skírðir eru í Jesú Kristo það vér erum í hans dauða skírðir. Því erum vér og líka með honum greftraðir fyrir skírminna í dauðann upp á það líka sem Kristur er upp vakinn af dauða fyrir dýrð föðursins. Líka svo skulu vér ganga í nýjungu lífdaganna. Því fyrst vér verðum honum samplantaðir í eftirlíkjanlegum dauða, svo verðum vér honum og líkir í upprisunni. Með því vér vitum það að vor gamli maður er með honum krossfestur svo að af skæfist líkamí syndarinnar að eftir það þjónuðu væri eigi syndinni. Því að hver sem deyddur er, hann er réttlættur af syndinni.

En fyrst vér erum með Kristi deyddir þá trúum vér það vér munum og með honum lifa. En vér vitum það Kristur er upp vakinn af dauða og deyr eigi meir. Dauðinn mun og eigi meir drottna yfir honum. Því það hann dó, það er hann eitt sinn syndinni dáinn, en það hann lifir, það lifir hann Guði. Svo og líka þér skuluð halda yður sjálfa þar fyrir að þér séuð og deyddir frá syndinni, en lifið Guði í Drottinni vorum, Jesúm Kristo. Fyrir því látið nú syndina eigi drottna í yðrum dauðlegum líkama svo að þér séuð honum hlýðugir í hans girndum. Og ljáið eigi yðra limu syndinni til ranglætis herklæða, heldur ljáið sjálfa yður Guði líka, sem af dauða upp lifnaða, og yðra limu Guði til réttlætis herskrúða. Því að syndin fær eigi drottnað yfir yður af því að þér eruð eigi undir lögmálinu, heldur undir náðinni.

Hverninn þá? Skulu vér því syndir drýgja það vér erum eigi undir lögmálinu, en erum undir náðinni? Fjarri sé það. Eða viti þér eigi að hverjum sem þér gefið yður til þjónustumanna undir hlýðni hans þjónar eru þér, hverjum þér hlýðugir eruð, hvort það er syndinni til dauðans eður hlýðninni til réttlætis? En Guði sé þakkir það þér voruð syndarinnar þjónustumenn, en nú hlýðugir vorðnir af hjarta þeirri lærdómsins ímynd sem þér eruð til gefnir. Því fyrst þér urðuð frelsaðir af syndinni, þá eru þér vorðnir réttlætisins þjónustumenn.

Eg hlýt líkamlega hér af að segja fyrir yðvars holds breyskleika sakir. Því líka sem þér hafið yðra limu léð til að þjóna óhrleinleikanum í frá öðru ranglæti í annað, líka svo skulu þér nú ljá yðra limu til að þjóna réttlætinu til helgunar. Því þá þér voruð þjónustumenn syndarinnar, voru þér frí fyrir réttlætinu. Hvern ávöxt höfðu þér þann tíma? Þann þér skammist yðar nú af því að endalok þeirra hluta er dauðinn. En nú þér frelsaðir af syndinni og vorðnir Guðs þjónustumenn, hafi þér yðvarn ávöxt til helgunar, en að endalokum eilíft líf. Því að verðlaunin syndarinnar er dauðinn, en Guðs gjöf er eilíft líf í Drottin vorum, Jesú Kristo.

Sjöundi kapítuli

Víti þér ekki, bræður (því við þá tala eg sem lögmálið vita), það að lögmálið drottinn yfir mannum æ svo lengi hann lifir? Því að sú kona, sem manni er undirgefin, hún er að mannum lifanda lögmálinu undirvörpin. En ef hennar maður deyr, þá er hún laus af því lögmáli sem manni áhrærir. Nú ef hún er hjá öðrum að mannum lifanda, verður hún horkona kölluð. En ef hennar maður deyr, þá er hún frelsuð af lögmálinu það manni áhrærir svo að hún er eigi horkona þó hún sé hjá öðrum manni.

Líka svo eru þér, bræður mínir, deyddir lögmálinu fyrir Kristi líkama svo að þér séuð hjá öðrum, einkum hjá þeim sem af dauða er upp vakinn upp á það vér færum Guði ávöxt. Því þá vér vorum í holdinu, voru syndsamlegar girndir völdugar (þær sér hreyfðu upp fyrir lögmálið) í vorum limum dauðanum ávöxt að færa. En nú eru vér lausir af lögmálinu og frá því deyddir sem oss hélt hertekna svo að vér þjónum í nýjungu andans, en ekki í fornri veru bókstafsins.

Hvað skulu vér segja? Er lögmálið synd? Fjarri er því, heldur það eg kennir ekki syndina nema fyrir lögmálið. Því eg víska eigi hvað girnd væri ef lögmálið hefði ekki sagt: Ei skaltu girnast. En er syndin tók tilefni af boðorðinu og ól upp í mér allsháttadar girndir því að án lögmálsins var syndin dauð. En eg lifða forðum án lögmáls, og er boðorðið kom, endurlifnaði syndin, en eg deyða. Og það skeði svo að það boðorð varð mér að dauða sem mér var til lífs gefið. Því að syndin tók tilefni af boðorðinu, tældi mig og deyddi fyrir það sama boðorð. Lögmálið sjálf er þó sennilega heilagt, og boðorðið er og heilagt, gott og réttvíst.

Er þá það, sem gott er, mér að dauða vorðið? Fjarri er því, heldur svo það syndin auglýstist það hún væri synd og það hún hefði mér fyrir hið góða dauða aflað svo að syndin yrði yfirmáta syndsöm fyrir boðorðið. Því að vér vitum það að lögmálið er andlegt, en eg em kjötlegur undir syndina seldur af því eg veit eigi hvað eg gjöri. Því að eg gjöri eigi hvað eg vil, heldur það eg hata, það gjöri eg. En fyrst eg gjöri það hvað eg vil, eigi samþykki eg það að lögmálið sé gott. Svo gjöri eg nú eigi það sama, heldur sú synd sem í mér byggir. Því eg veit að í mér, það er í mínu holdi, byggir enginn góði. Viljann hefi eg, en að fullkomna hið góða finn eg eigi. Því að það góða, sem eg vil, gjöri eg eigi, heldur það vonda, hvað eg vil eigi, það gjöri eg. En fyrst eg gjöri það hvað eg vil eigi, þá gjöri eg eigi það sama, heldur sú synd sem í mér byggir.

Því finn eg í mér það lögmál: þá eg vil gjöra hið góða, loðir við mig það vonda. Því að mig lystir til Guðs lögmáls eftir hinum innra mannum, en eg sé þó annað lögmál í mínum limum það er í mót stríðir mínu hugskotslögmáli og færir mig herleiddan í syndarinnar lögmál, hvert að er í mínum limum. Eg vesall maður! Hver mun frelsa mig af líkama þess dauðans? Eg þakka Guði fyrir Jesúm Kristum, Drottin vorn. Svo þjóna eg nú í mínu hugskoti Guðs lögmáli, en í holdinu syndarinnar lögmáli.

Áttandi kapítuli

Svo er nú ekkert fordæmilegt á þeim sem í Kristo Jesú eru, þeir sem eigi ganga eftir holdinu, heldur eftir andanum. Því að lögmál þess anda, sem lífgar í Kristo Jesú, hefir gjört mig frjálsan af lögmáli syndarinnar og dauðans. Því hvað lögmálinu var ómögulegt (með því það krenkist fyrir holdið), það efldi Guð og sendi sinn son í líking syndugs holds og fordæmdi syndina í holdinu fyrir syndina svo að réttlætningin, sem af lögmálinu heimtist, uppfylltist í oss sem eigi ganga eftir holdinu, heldur eftir andanum.

Því að þeir sem líkamlegir eru, þeir rækta það hvað holdsins er, en hinir, sem andlegir eru, rækja það sem andlegt er. Því holdsins fýst er dauði, en andarins vilji er líf og friður. Þar fyrir er holdsins girnd fjandskapur gegn Guði af því að það er ekki Guðs lögmáli undirvörpið. Það fær þess og eigi orkað því þeir, sem líkamlegir eru, geta eigi Guði þóknast.

En þér eruð ekki líkamlegir, heldur andlegir ef Guðs andi byggir annars í yður. Og hver hann hefir eigi Kristi anda, sá er eigi hans. En ef Kristur er með yður, þá er líkaminn að sönnu dauður syndarinnar vegna, en andinn er lífið fyrir réttlætningarinnar sakir. Því ef hans andi, sem Jesúm upp vakti af dauða, byggir í yður, þá mun og sá sami, sem Jesúm Kristum upp vakti af dauða, lífga og yðra dauðlegu líkami vegna þess að hans andi byggir í yður.

Þar fyrir erum vér, kærir bræður, nú eigi holdsins skuldunautar það vér eigum eftir holdinu að lifa. Því ef þér lifið eftir holdinu, munu þér deyja, en ef þér deyðið fyrir andann holdsins gjörðir, munu þér lifa. Því þeir sem af Guðs anda drifnir verða, þeir eru Guðs synir. Því þér hafið eigi meðtekið þrælkunaranda svo þér þurfið nú aftur að ugga um yður, heldur hafi þér meðtekið sonarlegan anda, fyrir hvern vér köllum: Abba, elskanlegur faðir. Sá sami andi ber vitnisburð með vorum anda það vér erum Guðs synir. En fyrst vér erum synir svo erum vér og erfingjar, sennilega Guðs erfingjar, og samarfar Kristis ef vér líðum annars meður honum upp á það að vér verðum einninn með honum upp hafnir til dýrðarinnar.*

Því að eg held það þar fyrir að mótlæting þessara tíma sé ekki verð til þeirrar dýrðar sem við oss mun opinberuð verða. Því að áhyggjusamlegt eftirbið skepnunnar stundar eftir uppbirtingu Guðs barna með því þó að skepnan er hégómanum undirgefin án hennar vilja, heldur fyrir hans sakir sem hana hefir undir lagt upp á vonina. Því að sjálf skepnan mun frelsuð verða af þrælkan fallvaltrar veru til dýrðarlegs frelsis Guðs barna. Því vér vitum það alla skepnu forlengir og ber sótt með oss allt til þess tíma.

Eigi alleinasta hún, heldur vér sjálfir, sem höfum andarins frumtök, berum móð í sjálfum oss eftir þeirri arfleifð og væntum eftir lausn vors líkama.* Sennilega erum vér hjálplegir vorðnir í voninni. Því sú von sem sést, er eigi von, eða hversu kunnum vér þess að vona sem vér sjáum? En ef vér vonum á það sem vér sjáum ekki, þá biðum vér þess fyrirþolinmæði.

Svo hjálpar og andinn einninn líka vorum breyskleik. Því að vér vitum ekki hvað vér skulum biðja sem þó byrjaði, heldur biður sá andi sjálfur fyrir oss með óumræðanlegri andvarpan. En hann, sem hjörtun rannsakar, veit hvað andarins meining er því að hann biður fyrir heilögum eftir því eð Guði hagar.

En vér vitum að þeim, sem Guð elska, tekst allt til betranar, einkum þeim sem eftir fyrirhyggjunn kallaðir eru. Því að hverja hann hefir áður fyrirhugaða, þá hefir hann og til skikkað það þeir skyldu verða samlíkir hans sonar ímynd svo að hann sjálfur sé frumgetningur meðal margra bræðra. En hverja hann hefir fyrirhugaða, þá hefir hann og kallað, en hverja hann hefir kallað, þá hefir hann og réttláta gjört, en hverja hann hefir réttlætt, þá hefir hann og dýrðarlega gjört.

Hvað eigum vér til að segja? Er Guð fyrir oss, hver er þá á móti oss? Hver og eigi þyrmdi sínum eiginlegum syni, heldur gaf hann út fyrir oss alla, hverninn skyldi hann þá eigi veita oss alla hluti með honum? Hver vill nú þá ásaka Guðs útvalda menn? Guð er sá sem réttlætir. Hver er hann sem þá fordæmir? Kristur er hann sem dáðið hefur og einninn sá sem upp vaktur er, hver að er til hægri handar Guði og biður fyrir oss.

Hver vill þá skilja frá Guðs elsku? Hörmung eður mótlæti, ofsókn eða hungur, volað eður háski? Svo sem að skrifað er það að fyrir þig verðum vér deyddir allan dag og erum reiknaðir sem sauður til dráps ætlaður. Sennilega berum vér langt af í þessu öllu vegna hans er oss elskaði. Því að eg em þess fullöruggur að hvorki dauði né líf, englar né höfðingsstéttir eða yfirvald og eigi hið nálæga né hið ókomna, eigi hæð eða dýpt né nokkur önnur skepna fær oss skilið frá Guðs kærleika, hver að er í Drottinni vorum, Jesú Kristo.*

Níundi kapítuli

Eg segi sannleik í Kristo Jesú og lýg eigi, þess mér ber vitni mín samvíska í heilögum anda að eg hefi stóran harm og iðulega hryggð í mínu hjarta. Eg hefi og æskst mér þess að vera bölvauður af Kristi fyrir mína bræður, hverjir að eru mínir frændur eftir holdinu, sem eru af Írael, hverjum arfleifðin tilheyrir og svo vegsóminn, sáttmálinn og lögmálið, guðspjónustan og fyrirheitið, hverra feður að eru og þeir sem Kristur er út af kominn eftir holdinu, sá sem að er Guð yfir öllum hlutum, blessaður um aldir. Amen.

En eg tala eigi þetta til þess að Guðs orð skyldu þar fyrir niður falla. Því það eru eigi allt Íraelsmenn sem af Írael eru og ekki allir þeir synir sem af Abrahams sæði eru, heldur skal þér í Ísak það sæði nefnt verða. Það er að þeir eru ekki Guðs börn sem eftir holdinu eru börn, heldur verða þeir, sem eru fyrirheitsins börn, fyrir sáð reiknaðir. Því að þetta er fyrirheitsorðið þar hann segir: Á þeim tíma man eg koma, og þá skal Sara son hafa.

Þetta er enn eigi aðeins með þeim, heldur og þá Rebekka varð þunguð af föður vorum Ísak áður en börnin voru fædd. Og þau höfðu hvorki gjört gott né vont svo að Guðs fyrirhyggja stöðug stæði eftir útvalningunni. Því að henni var til sagt eigi út af verðskuldun verkanna, heldur út af náð æskjarans svo það hinn meiri skyldi þjóna hinum minna eftir því sem skrifað stendur: Jakob elskaði eg, en Esau hafði eg að hatri.

Hvað eigu vér hér til að segja? Er Guð ranglátur? Langt frá því. Því að hann segir til Moysen: Hvern eg náða, þeim em eg náðugur, og hverjum eg miskunna, þeim em eg miskunnssamur. Því er það eigi komið undir nokkurs vilja eður tilhlaupi, heldur undir Guðs miskunnsemd. Því að ritningin segir til Farao: Til þess upp vakta eg þig að eg sýnda á þér minn kraft. Svo miskunnar hann nú þeim hann vill og forherðir þann hvern hann vill.

Þú segir svo til mín: Hverja skuld gefur hann oss þá? Hver fær hans vilja í móti staðið? Já, góður maður, hver ertu þá ef þú vilt þreyta andsvör við Guð? Segir nokkuð efnid svo til smiðsins: Hvar fyrir gjörðir þú mig svo? Eða hefir ekki leirkerasmiðurinn vald til út af sömum leirmó að gjöra annað kerid til heiðurs, en annað til smánar? Því þá Guð vildi auðsýna sína reiði og kunnngjöra sína makt, hefir hann með mikilli þolinmæði umliðið kerin reiðinnar sem búin eru til fordæmingar upp á það hann sýndi ríkdóm sinnar dýrðar á kerum miskunnarinnar, þau hann hefir út reitt til dýrðarinnar og þau hann hefir kallað? Einkanlega oss, eigi einasta þá sem út af Gyðingum eru, heldur jafnvel þá sem af heiðingjum eru. Svo sem hann segir fyrir Osea spámann: Eg mun það kalla mitt fólk sem ekki var mitt fólk og þá mína unnustu sem ekki var mín unnasta, og það mun vera í þeim stað, hvar til þeirra var sagt: Þér eruð ekki mitt fólk, skulu þeir kallaðir verða börn Guðs lifanda.

En Esaias kallar yfir Írael: Þótt tala Íraelssona yrði sem sjávarsandur, þá mundi þó það eina, sem afgangurinn er, hólpið verða. Því að sína ræðu mun hann fyrir þeim stytta og þó algjöra til réttlætis af því að Drottinn mun forstokkótt orð gjöra á jörðu. Og svo sem Esaias sagði áður fyrri: Nema ef Drottinn Sabaut hefði oss sæði yfir látið, þá værum vér vorðnir sem Sódóma og líka sem Gómorra.

Hvað eigu vér nú að segja? Það eigu vér að segja að þeir heiðingjar, sem ekki hafa réttlætinu eftir fylgt, hafa réttlætið höndlað eg segi af því réttlæti sem út af trúnni kemur. En Írael hefir lögmálsins réttlæti eftir fylgt og hefir þó ekki komist til réttlætisins lögmáls, hvar fyrir því að þeir hafa eigi leitað þess út af trúnni, heldur svo sem út af lögmálsins verkum. Því að þeir hafa rekið sig á þann hindrunarstein, eftir því sem skrifað er: Sjáið, að eg set í Sion hindrunarstein og hneykslunarhellu. Og hver hann trúir á hann, sá skal ekki að hneykslan verða.

Tíundi kapítuli

Kærir bræður, sennilega er það ósk míns hjarta og grátleg bæn til Guðs fyrir Írael að þeir hjálpuðust. Því eg ber þeim vitni að þeir vandlæta um Guð, en eigi af skynsemd. Því að þeir þekkja eigi það réttlæti, sem Guðs er, og leita við upp að rétta sínar eiginlegar réttlætningar og eru svo því réttlæti, sem Guðs er, ekki undirgefni. Því að endalok lögmálsins er Kristur til réttlætis öllum þeim á hann trúa.

Moyses skrifar um það réttlæti sem kemur út af lögmálinu: Hver sá mann sem það gjörir, hann lifir þar inni. Ef það réttlæti, sem út af trúnni kemur, segir svo: Seg þú ekki í þínu hjarta: Hver vill upp stíga í himininn? það er eigi annað en Kristum af hæðinni ofan aftur að toga eða: Hver vill niður stíga í undirdjúpið? það er eigi annað en Kristum af dauða upp aftur að teygja. En hvað segir ritningin? Orðið er þér nær, einkum í þínum munni og í þínu hjarta.

Þetta er trúarinnar orð, hvert vér predikum. Því ef þú viðurkennir Jesúm með þínum munni það hann sé Drottinn og trúir í þínu hjarta það Guð hafi hann upp vakið af dauða, þá muntu hjálpast. Því að nær vér trúum af hjarta, verðum vér réttlátir, og þá vér viðurkennum með munnum, verðum vér hjálplegir. Því hvað segir ritningin að hver á hann trúir, sá mun eigi að hneykslan verða.

Því að enginn greinarmunur er á millum Gyðings og hins girska af því að einn er Drottinn allra, ríkur út yfir öllum þeim hann ákalla. Því hver hann ákallar nafn Drottins, sá mun hólpinn verða. En hverninn skulu þeir kalla á þann, hvern þeir trúa eigi? Eða hverninn skulu þeir nú trúa á þann, af hverjum þeir hafa eigi heyrt? En hverninn skulu þeir heyra án predikaranna? Eða hverninn skulu þeir mega predika nema þeir sé sendir? Svo sem skrifað er: Hversu prýðilegir eru fætur þeirra sem friðinn boða og þeirra er boða hið góða. En þeir eru þó eigi allir guðsspjallinu hlýðugir. Því að Esaias segir: Hver trúir vorri predikan? Fyrir því kemur trúin út af predikuninni, en predikunin fyrir Guðs orð. En eg segi: Hafa þeir eigi heyrt það? Sennilega er þeirra hljómur um öll lönd út genginn og þeirra orð í allar heimsins álfur.*

En eg segi að Írael hefir það eigi þekkt. Í fyrstu segir Moyses: Eg man æsa yður upp til vandlætningar yfir þeim sem ekkert fólk er, og yfir skynlausri þjóð mun eg etja yður til reiði. En Esaias er máldjarfur og segir: Eg em af þeim fundinn sem eigi hafa mín leitað og þeim auglýstur sem eigi hafa að mér spurt. En til Írael segir hann: Allan dag hefi eg mínar hendur út breitt til fólks þessa er eigi vill trúa, heldur mér í móti mælandi.

Ellifti kapítuli

Svo segi eg nú: Hvort hefir Guð þá sitt fólk frá sér rekið? Fjarri er því. Því að eg em og Íraelsmaður út af Abrahams sæði, af kyni Benjamíns. Guð hefir ekki sitt fólk frá sér rekið því að hann hefir áður fyrirhugað. Eða viti þér eigi hvað ritningin segir af Elía hverninn hann bað fyrir Guði í gegn Írael og sagði: Drottinn, spámenn þína hafa þeir í hel slegið og þínum ölturum um velt, en eg em einn eftir blifinn, og þeir umsitja mitt líf. En hvað segir honum guðlegt andsvar? Sjó þúsundir manna hefi eg látið mér yfir blífa, þeir sem eigi hafa beygt sín kné fyrir Baal. Svo gengur það og nú til á þessum tímum með þeim

sem umfram eru blifnir eftir útvalningu náðarinnar. En fyrst það er út af náðinni skeð, svo er verðskuldanin engin, annars væri náðin engin náð. En er það út af verðskuldaninni, þá er náðin ekkert, elligar væri verðskuldan engin verðskuldan.

Hvað er nú þá? Það Írael eftir leitaði, það hefir hún eigi öðlast, en útvalningin öðlaðist það. En þeir aðrir, er umfram voru, eru forblindaðir eftir því sem skrifað er að Guð gaf þeim þann þverúðaranda og augu að þeir sjá eigi og eyru að þeir heyri eigi allt til þessa dags. Davíð segir og þeirra borðlát þeim verða að snöru til fjötrunar og hneyksla og þeim til endurgjalds, forblinda og þeirra augu svo þeir sjái eigi og beyg jafnan þeirra hrygg.

Svo segi eg nú: Hafa þeir þar fyrir rekið sig á að þeir skyldu falla? Langt frá því, heldur er út af þeirra hrasan heiðingjum heilsugjöf vorðin svo að þeir hvettu þá til vandlættingar. Því ef þeirra fall er heimsins auðlegð og þeirra minnkan heiðinna manna ríkdómur, hversu mikið meir væri það svo ef þeirra fullnan þar væri? Við yður heiðingja tala eg: Með því að eg em postuli heiðinna manna, vil eg mitt embætti heiðra. Ef eg gæta þá einhverneginn hvatt þá sem mitt hold eru til vandlættingar og nokkra af þeim hjálplega gjört. Því ef þeirra glatan er heimsins forlíkun hvað væri það annað en vér öðluðunst lífið af dauðum? Því ef sneiðirnar eru heilagar, þá er og deigið heilagt. Og ef rótin er heilög, þá eru og kvistirnir heilagir.

Því að ef nokkrir af kvistunum eru af brotnir, en þú, sem vart villur viðsmjörsviður, ert á millum þeirra inn plantaður og vorðinn hluttakari þeirrar rótar og feitleiki þess viðsmjörsviðar, fyrir því skaltu eigi meta þig í gegn kvistunum. En ef þú metur þig í gegn þeim, þá máttu vita að þú ber eigi rótina, heldur ber rótin þig. Því þú segir að kvistirnir eru því af brotnir að eg yrði inn plantaður. Það er og sannatalað. Fyrir vantrúar sakir eru þeir af brotnir, en þú stendur fyrir trúna. Vert þú eigi metnugur, heldur óttasleginn. Því ef Guð hefir ekki þyrmt náttúrlegum kvistum, verða má að hann þyrmi þér eigi heldur.

Þar fyrir sjá þú góðgirni Guðs og harðúð, harðúðina á þeim sem fallnir eru, en góðgirnina á þér ef þú stöðugt blífur í góðgirninni, elligar verður þú og einninn af höggvinn. Og hinir aðrir, ef þeir blífa eigi í vantrúnni, þá verða þeir inn plantaðir því að Guð er máttugur til að rótsetja þá inn aftur. Því ef þú, sem af náttúru er villur viðsmjörsviður, ert afsniðinn og í mót náttúrunni ert inn plantaður á hið góða viðsmjörstréið, miklu frammar munu þeir þá, sem eftir náttúrunni eru, innplantast sínum viðsmjörsviði.

Eg vil eigi dylja fyrir yður, góðir bræður, þann leyndan dóm svo að þér séuð eigi metnaðarfullir með sjálfum yður það blindleiki er í suman máta Írael yfir fallinn þangað til að fylling heiðinnar þjóðar er inn komin og öll Írael verði svo hólpin eftir því sem skrifað er: Ut af Síon mun koma sá sem frelsar og umsnýr óguðlegu athæfi af Jakob. Og þessi er minn sáttmáli við þá nær eg burt tek þeirra syndir. Eg held þá að sönnu fyrir óvini eftir guðsspjallinu fyrir yðar sakir, en eftir útvalningunni hefi eg þá kæra fyrir feðranna sakir.

Guðs gjafir og kallan eru þess háttar að þær fá hann eigi iðrað. Því að líka svo sem þér hafið eigi forðum trúað á Guð, en nú hafi þér miskunn öðlast fyrir þeirra vantrúar skuld, svo hafa og hinir nú eigi viljað trúna á þá miskunn sem þér hafið hlotið svo að þeir mættu og miskunnsemi öðlast. Því að Guð luktí alla undir vantrúnni upp á það að hann miskunnaði öllum.

Ó hvílik dýpt auðæfanna, bæði spekinna og svo Guðs viðurkenningar! Hversu óumræðanlegir eru og hans dómar og ófinnanlegir hans vegir! Því hver hefir þekkt Herrans sinni? Eða hver hefir hans ráðgjafi verið? Eður hver hefir honum nokkuð fyrri gefið svo að honum mætti það verða endurgoldið? Því að af honum og fyrir hann og í honum eru allir hlutir. Honum sé og heiður og dýrð að eilífu! Amen.*

Tólfti kapítuli

Fyrir því beiði eg yður, góðir bræður, fyrir miskunn Guðs að þér gefið yðra líkami til þess offurs sem lifandi er og heilagt og Guði þakknæmið, hvert að er yðar skynsamleg guðsþjónusta. Og hegðið yður eigi eftir þessum heimi, heldur gjörið yður umskiptilega í endurnýjung yðvars hugskots svo að þér megðið reyna hver að sé góður, þægur og algjörður Guðs vilji. Því að eg segi fyrir þá náð sem mér er gefin hverjum sem einum yðar á milli það enginn haldi meir út af sér en honum byrjar af sér að halda, heldur haldi hann svo út af sér það hann sé kyrrlátur og sparlífur eftir því sem Guð hefir hverjum hlutað mæling trúarinnar.

Því að líka svo sem að vér höfum marga limu á einum líkama, en allir limirnir hafa eigi líka hegðan, líka svo eru vér og margir einn líkami í Kristo, en vor á milli eru vér hver annars limur* og höfum margháttaðar gjafir eftir þeirri náð sem oss er gefin. Hafi nokkur spádóm, þá sé hann trúnni líkur. Hefir nokkur embætti, þá gæti hann þess embættis. Kennir nokkur, þá vakti hann þá kenning. Áminnir nokkur, þá byggi hann að þeirri áminning. Gefur nokkur, þá gefi hann einfaldlega. Stjórnar nokkur, þá stjórni hann með áhyggju. Fremur og nokkur miskunnsemi, þá gjöri hann hana með góðfýsi.

Elskan sé flærðarlaus. Og hatið hið vonða, en loðið á hinu góða. Bróðurlegur kærleiki sé ástúðlegur yðar á milli. Hafi hver annan sér í virðingum æðra. Verið og eigi latir í því þér skuluð vinna. Verið glóandi í andanum, hegðið yður eftir tíðinni, verið glaðir í voninni, en þolinmóðir í kvölinni, staðfastir í bæninni. Annist nauðþurftir volaðra, kostgæfið gestrisni. Blessið þá er yður ofsækja, blessið, en bölvíð eigi. Fagnið með fögnundum, en grátið með grátundum. Verið samhuga innbyrðis, stundið eigi það hvað hátt er, heldur lítið að því sem lágt er.* Verið eigi sérklókir. Gjaldið öngum illt móti illu. Leggið kapp á að vera siðsamir það mögulegt er við hvern mann, og það þér formegið, þá hafið frið við alla menn.

Hefnið yðar eigi sjálfir (mínir elskanlegir), heldur gefið
rúm reiði því að skrifað er: Mín er hefndin, eg vil endurgjalda, segir Drottinn.

Nú er óvin þinn hungrar, þá gef honum fæðu, þyrstir hann, gef honum að drekka. En nær þú gjörir þetta, þá safnar þú glóðum elds yfir höfuð honum. Lát eigi yfirstíga þig hið vonða, heldur yfirvinn þú hið vonða með góðu.*

Prettáandi kapítuli

Hver maður þá sé valdsstjórninni undirgefinn, þeirri sem yfir honum stjórnar. Því að sú er eigi nokkur valdsstjórn utan hún sé af Guði, en hvar valdsstjórnin er, þá er hún af Guði skikkuð. Og hver hann mótstendur valdsstjórnina, sá stendur í móti Guðs skikkan, en þeir, sem í móti standa, munu yfir sig taka dómsáfelli. Því að valdið er eigi góðum verkum, heldur vondum til skelfingar. En viltu eigi óttast valdsstjórnina, þá gjör hvað gott er, og muntu lofstír af henni hafa. Því að hún er Guðs þénari þér til góða. En ef þú gjörir hvað vont er, máttu óttast. Því að hún ber eigi sverðið forgefins því hún er Guðs þénari og hefningarmaður að aga þann sem illa gjörir, hvar fyrir byrjar undirgefnum að vera, eigi alleinasta hirtingarinnar vegna, heldur og líka einninn fyrir samviskunnar sakir. Þar fyrir hljóti þér og skatt að gjalda því að þeir eru Guðs þénarar sem slíkar verndanir skulu hantéra. Því gefið það hverjum sem þér pliktugir eruð, þeim skatt sem skattur heyrir, þeim toll er tollur heyrir, þeim ótta er ótti heyrir, þeim heiður sem heiðran heyrir. Verið öngum skyldugir nema það þér elskið hver annan því hver hann elskar sinn náunga, sá hefir lögmálið uppfyllt. Því að þar segist þú skulir eigi hór drýgja, eigi mann vega, eigi stela, eigi ljúgvitni mæla, þú skalt og eigi girnast. Og ef þar er nokkurt annað boðorð, þá felst það í þessum orðum: Elska skaltu náunga þinn sem sjálfan þig. Elskan gjörir náunganum ekki mein. Því er nú elskan lögmálsins fylling.*

Og með því að vér vitum einkum þá stund það tími er upp að rísa af svefninum af því að vor heill er nú nær heldur en þá vér trúðum það nóttin er um liðin, en dagurinn tekur að nálgast. Leggjum því af verkin myrkvanna og ískryðunst herklæðum ljóssins svo að vér göngum siðsamlega sem á degi, eigi í ofáti eða ofdrykkju, eigi í legukofum og munaðlífi, eigi í þráttan og öfundsyki, heldur íklæðist þér Drottni Jesú Kristo og gjörið eigi eftir holdsins brekvísi þess girndir að rækja.*

Fjórtaði kapítuli

En hann sem breyskur er í trúnni, þá annist, og skelfið ekki samviskurnar. Því annar trúir hann megi alls neyta, en hinn sem breyskur er, eti hann kálgresi. En hver eð etur, hann forsmái eigi þann sem ekki etur, og hann sem ekki etur, dæmi eigi þann sem etur því að Guð annaðist hann. Hver ert þú sem annarlegan þjón dæmir? Hann stendur eða fellur sínum lávarði. En hann fær hann vel við rétt því að Guð er máttugur hann upp að rétta. Annar heldur meir af öðrum degi en öðrum, hinn annar heldur alla daga jafna. Hverjum einum láti sér sitt hugskot fullnægja. Hann sem af deginum heldur, gjörir það Drottni. Og hinn sem þar heldur ekkið af, hann gjörir það og Drottni. Og hver eð etur, sá etur í Drottni því að hann gjörir Guði þakkir. Og hinn sem ekki etur, hann etur eigi í Drottni og gjörir Guði þakkir. Því að enginn vor lifir sjálfum sér, og enginn deyr sér sjálfum. Því ef vér lifum, þá lifum vér Drottni, deyjum vér, þá deyjum vér Drottni. Og hvort vér lifum eða deyjum, þá erum vér Drottins. Því að þar fyrir hefir Kristur dáið, upp aftur risið og endurlífnað það hann sé Drottinn yfir lifendum og dauðum. En þú, hvað dæmir þú bróður þinn? Eða þú hinn annar, hvar fyrir forsmár þú þinn bróðir? Því vér munum allir standa fyrir Kristis dómstóli eftir því sem skrifað er: Svo sennilega sem eg lifi, segir Drottinn, skulu mér öll kné beygjast, og allar tungur skulu Guð viðurkenna. Þá mun og hver sem einn fyrir sjálfan sig gjalda Guði reikningsskap. Fyrir því látum oss nú eigi meir dæma hver um annan héðan í frá.

Heldur dæmið miklu framar um það að bróðurnum leggist eigi til nokkur hindran eður hrasanarefni. Eg veit það og em þess fullvís í Drottni Jesú að þar er ekkert almennilegt í sjálfum sér nema þeim sem það reiknar fyrir almennt, honum er það almennilegt. Nú ef bróðir þinn sturlast upp fyrir þinnar fæðu sakir,

þá gengur þú þegar eigi eftir kærleikanum. Minn kæri, fordjarfa eigi þann með þínum mat, fyrir hvern Kristur er dáinn. Fyrir því kostið kapps um að yðvar auður verði eigi lastaður. Því að Guðs ríki er ekki matur og drykkur, heldur réttlæti, friður og fögnuður í heilögum anda. Hver hann þjónar Kristi þar með, sá er Guði þekkur og mönnum geðfelldur.

Fyrir því látum oss því eftir fylgja sem til friðarins heyrir og varðveitum það sem til betrunar er vor á meðal. Fordjarfa þú eigi Guðs verk fyrir matarins sakir. Allir hlutir eru að sönnu hreinir, en það er þeim eigi gott sem það etur með gnagan sinnar samvisku. Miklu betra er að þú etir ekki kjöt og drekkir ekki vín eða það nokkuð sem þinn bróðir rekur sig á eða argast af eða veikist við. Hafir þú trúna þá, haf hana hjá sjálfum þér fyrir Guði. Sæll er sá sem öngva samvisku gjörir sjálfum sér í því hann neytir. En hann sem efablandinn er og etur sem áður, sá er fordæmdur því að það sker ekki af trú. En hvað ekki er út af trúnni, það ersynd.

Fimmtánda kapítuli

En vér sem styrkvir erum, skulum umlíða vanmættingar þeirra sem breysklegir eru og hafa eigi geðþekkní á sjálfum oss. Og hver sem einn vorra hegði sér svo það hann þökknist sínum náunga í góðu til betrunar. Því að Kristur hafði ekki geðþekkní á sjálfum sér, heldur eftir því sem skrifað er að þær smánir, sem þig lýttu, féllu yfir mig. En hvað sem skrifað er, þá er það skrifað oss til lærdóms svo að vér fyrir þolinmæði og huggan ritninganna hefðum vonina. En Guð þolinmæðinnar og hugganarinnar gefi yður það að þér séuð samlyndir yðar á milli eftir Jesú Kristo svo að þér mættuð með einu samheldi og einum munni dýrka Guð og föður vors Drottins Jesú Kristi. Þar fyrir annist hver annan innbyrðis líka sem Kristur annaðist yður Guði til heiðurs.

Eg segi Kristum verið hafa þjónustumann umskurnarinnar fyrir Guðs sannleika sakir til staðfestu fyrirheitanna sem til feðranna eru skeð, en það að heiðinn lýður heiðrar Guð er fyrir miskunnsemdina vorðið eftir því sem skrifað er: Fyrir það vil eg, Drottinn, vegsama þig meðal heiðinna þjóða og þínu nafni syngja lof. Og í annað sinn segir hann: Fagni þér, heiðingjar, meður hans fólki. Og enn aftur: Lofi þér Drottin, allar þjóðir, og mikli hann allur lýður. Og enn aftur segir Ysaías: Það mun ske að rót Jesse og hann sem upprís til að stjórna heiðnum þjóðum það á hann muni heiðnir menn vona. En Guð vonarinnar fylli yður með öllum fagnaði og friði í trúnni svo að þér hafið gnægð í voninni fyrir kraft heilags anda.

En eg em fullvís í því, bræður mínir, það þér sjálfir eruð fullir góðgírni, uppfylltir allrar visku svo að þér getið leiðrétt hver fyrir öðrum. Og fyrir þá sök skrifaði eg, bræður mínir, þess djarflegar til yðar svo sem yður áminnandi af álfu þeirrar náðar sem mér er af Guði gefin það eg skuli vera Krists þenari meðal heiðinna þjóða, förnfærandi Guðs evangelium svo að heiðinn lýður yrði Guði þægilegt offur, helgað fyrir hans heilagan anda. Þaðan hefi eg það, hvar af eg má hrósa mér í Kristo Jesú í því sem Guði tilheyrir. Því að eg dirfðist eigi nokkuð að tala af þessu ef Kristur eflði ekki það sama fyrir mig að koma heiðinni þjóð til hlýðinnar fyrir orð og gjörðir, fyrir kraft táknaða og stórmerkjanna og fyrir mátt Guðs anda. Svo að eg hefi í frá Jerúsalem og þar um kring liggjandi lönd allt til Illyrikon uppfyllt með Krists guðsspjalli og sérdeilis lagt kapp á að predika Guðs evangelium þar hvar nafn Krists var eigi kunnigt svo að eg byggja eigi upp á annarlegan grundvöll, heldur eftir því sem skrifað er að þeim sem ekki er af honum boðað, þeir skulu það sjá, og hinir er það hafa eigi heyrt, þeir skulu það skilja.

Það er og tilefnið, hvert mér hefir oftsinnis tálmað til yðar að koma. Og fyrst eg hefi nú eigi rúm meir í þessum löndum, en eg hefi þó haft lysting á um mörg ár að koma til yðar, en þá eg reisi í Spáníam mun eg koma til yðar. Því að eg vænti að eg muni þar um fara og sjá yður þar og af yður út þaðan á veg leiddur verða þó svo að eg taki áður hvíld hjá yður um stundar sakir.

En nú reisi eg til Jerúsalem þeim heilögum til þjónustu er þar eru því Akkaia hafa viljanlega til samans lagt nokkra almennilega lífsnæring þeim voluðum heilögum til bjargar sem eru í Jerúsalem. Það hafa þeir viljanlega gjört, þeir eru og þeirra skuldamenn. Því fyrst hinir heiðnu eru hluttakarar vorðnir þeirra andlegra auðæfa, þá væri skaffilegt að þeir sýndi þeim björg í líkamlegum auðæfum. En nær eg hefi þetta fullkomnað og innsiglað þeim þann ávöxt, mun eg ferðast fyrir yður í Spáníam. En eg veit nær eg kem til yðar það eg mun koma með blessanar fylling Krists guðsspjalla.

En eg beiði yður, bræður mínir, fyrir vorn Drottin Jesúm Krists og fyrir andarins kærleika að þér hjálpið til í yðrum bænum fyrir mér til Guðs svo að eg frelsist frá þeim vantrúuðum sem á Gyðingalandi eru og það mín þjónusta, sem eg gjöri til Jerúsalem, verði þeim heilögum þakknæm svo að eg mætta fyrir Guðs vilja til yðar koma í fagnaði að eg endurnærða mig með yður. En Guð friðarins sé með öllum yður. Amen.

Sextándi kapituli

Vora systur, Feben, fel eg yður á hendi, hver að er þjónustukvinna safnaðarins til Kenkrea, það þér meðtakið hana í Drottni svo sem heilögum hæfir og gjörði henni hjástoð í hverri nauðþurft sem hún kann yðar við að þurfa því að hún hefir mörgum hjástoð gjört og mér sjálfum. Heilsíð Priskam og Akvílan, mínum hjálparmönnum í Kristo Jesú, þeir eð sína hálsa hafa út sett fyrir mitt líf, hverjum ekki alleinasta eg gjöri þakkir, heldur allir söfnuðir heiðinnar þjóðar. Og heilsíð þeim safnaði sem í þeirra húsi er. Heilsíð Efeneto, mínum elskanlegum, sá sem að fyrstur er þeirra úr Akkaia í Kristo. Heilsíð Mariam, hver mikið erfiði hefir haft með oss. Heilsíð Andróniko og Júlíon, mínum náfrændum og sambandingjum, hverjir að frægir eru á meðal postulanna og fyrir mér voru í Kristo Jesú. Heilsíð Amplían, mínum elskulegasta í Drottni. Heilsíð Urbano, vorum hjálparmanni í Kristo Jesú, og Stakkýn, mínum elskulegum. Heilsíð hinum mæta Apellen í Kristo. Heilsíð þeim sem eru af heimkynnum Aristóbóli. Heilsíð og mínum frænda, Heródíonem. Heilsíð og þeim sem eru af heimkynni Narkissi í Drottni. Heilsíð Trýfena og hinum Trýfesa, hverjir erfiðað hafa í Drottni. Heilsíð Persída, minni elskulegri, hver að mikið erfiði hefir haft í Drottni. Heilsíð Rúfo, hinum útvalda í Drottni, og hans móður og minni. Heilsíð Asýnkriton, Flegontem, Herman, Patróban, Hermen og þeim bræðrum sem hjá þeim eru. Heilsíð Filologen og Júlían, Nereum og systur hans og Olympan og öllum heilögum sem hjá þeim eru. Heilsíð hver öðrum yðar á milli með heilögum kossi. Yður heilsa allir Krists söfnuðir.

En eg minni yður á, góðir bræður, að þér hafið gát á þeim sem rugl og hindranir upp byrja í gegn þeim lærdómi sem þér hafið lært og snúið frá þeim sömum. Því að þess háttar menn þjóna eigi Drottni Jesú Kristo, heldur sínum kviði, og fyrir sætleg orð og fagurlegt máltæki tæla þeir hjörtu meinlausra. Því að yðvar hlýðni er í bland alla út komin. Fyrir það fagna eg yfir yður, en eg vil að þér séuð vitrir upp á hið góða og lítilsinnaðir upp á hið vonða. En Guð friðarins mun innan skamms sundurnísta þann andskota undir yðra fætur. Náð Drottins vors Jesú Kristi sé með yður.

Yður heilsar Tímóteus, minn hjálparmann, og Lúkíus og Jason og Sósípater, mínir náfrændur. Og eg, Tertíus, sem þetta bréf skrifaði, heilsar yður í Drottni. Yður heilsar Gaius, minn og alls safnaðarins húsbóndi. Yður heilsar Erastus, borgarinnar fjarrentuvörður og Kvartus bróðir. Náð Drottins vors Jesú Kristi sé með yður öllum. Amen.

En honum sem máttugur er yður að styrkja eftir mínu guðsspjalli og predikan út af Jesú Kristo, fyrir hverja leyndardómurinn er upp birtur sem í langa tíma hefir yfir verið þagað, en nú opinberaður og auglýstur fyrir ritningar spámannanna, eftir boði eilíflegs Guðs, trúarinnar hlýðni til uppreisningar meðal allra heiðinna þjóða, þeim sjálfum Guði sem alleina er vitur sé dýrð fyrir Jesúm Krist að eilífu. Amen.

Til Rómverja sem sendur var af Korintio fyrir Feben sem þjónustukvinna var safnaðarins til Kenkrea.

Formáli hins fyrra pistils til Korintios

Í þessum pistli áminnr hinn heilagi Páll þá í Korintuborg það þeir skulu samlyndir vera í trúnni og í lærdóminum, hafandi vakt á því að þeir lærðu vel þessa höfuðgrein, einkum (það Kristur sé allra vor þrífgrjóf), á hverja grein allar mannlegar skynsemdir og vísdómar hafa sig á rekið. Því að líka sem nú upphefja sig um vora daga í frá því eð evangelium kom í augljós margir fávisir sjálfbirgingar (þá vér köllum fluguanda, svælur og fordæður), hverjir allt forsnemma eru klókir og lærðir vorðnir og eigi fá fyrir miklum meistaraskap og vísdómi haldið sig líka við nokkurn eður samlynda. Því þann eini vill hingað, hinn annar þangað svo sem að væri það stór smán nær eð hver einn skyldi eigi nokkuð sérlegt fyrir sig leggja og sínum eiginlegum vísdómi upp fleygja, hverja enginn fær umvent aftur til síns viskuleysis. En þó vita þeir í þelið niðri alls ekki né undirstanda út af hinum réttu höfuðgreinum þótt þeir rausi, gjálfri og þvætti margt um þetta með munninum.

Líka svo skeði á dögum hins heilaga Páls þá er hann hafði kennt sínum ástvinum í Korintíu kristilega trú og frelsið af lögmálinu að þá hófu sig og upp hinir fávisu sjálfbirgingar og ótíðigir vitringar í sundur slítandi þann samlundaðan lærdóm, gjörandi svo sundurþykkan flokkadrátt meðal trúaðra manna. Þann eini, hann vildi vera Páls, hinn annar Appollints, þann eini Péturs, en annar Kristis. Einn vildi umskerast láta, en annar ekki. Þann eini vildi giftast, hinn annar ekki. Þann eini vildi eta skurgoðaförnir, en annar ekki. Sumir vildu og vera líkamlega frjálsir, og nokkrar konur vildu í hárlæðum ganga og slíkt annað þessu líkt þar til að þeir komu svo fjarri niður það einn drýgði svívirðilegan misverknað í móti frelsinu, takandi sína stjúpmóður til eiginorðs. Og það sumir héldu alls ekki út af upprisunni dauðra manna, en aðrir næsta lítið af holdtekju Drottins. Og það gekk mjög undarlega og næsta óskikkanlega til svo að hver einn vildi meistari vera og kenningar drýgja og það eina gjöra með guðsspjöllin, sakramentistrúna hvað þeim gott þótti og létu á meðan þessa höfuðgrein fara og undir fótum liggja (það Kristur sé vor þrífgrjóf, réttlæti og endurlausn) líka svo sem hefði þeir þessa grein fyrir löngu með sólum sinna skófata forslitið af því að svoddant stykki fær ekki á flötum blifið, hvar vér sjálfir upphefjum klókir og vitrir að þykjast. Öllu deili eins, líka svo sem það gengur nú til meður oss síðan vér opinberuðum í þýðverskunni (segir meistarinn) þetta evangelium út af guðlegri náð að þar vill hver einn hinn æðsti meistari vera og hafa hinn heilaga anda alleina. Líka sem væri evangelium fyrir þann skuld predikað það vér skyldum leita vorrar hrósanar, auðsýnandi vorn klókleik og skynsemd þar inni. Svo að þessir Korintuborgarmenn mega vel vera ein fyrirlíking vorrar þjóðar á þessum tímum, hver eð þörf hefði eins þvilíks pistils. En svo hlýtur það að vera og svo á það guðsspjöllunum að ganga það hinir heimsku sjálfbirgingar og ótíðugir vitringar eigu upp að byrja flokkadrátt og hindranir svo að þeir sem reyndir eru (eftir því að hér segir hinn heilagi Páll) opinberir verði.

Fyrir því straffar og fordæmir hinn heilagi Páll slíkan skaðsamlegan vísdóm næsta alvarlega og gjörir þvilíka heilaga nefvitringa aftur að vitleysingum og segir með sléttum orðum að þeir viti ekkert af Kristi né af hans anda og ástgjöfum, þær oss eru í Kristo Jesú veittar, og eigi skulu þeir kenningar upp byrja því þeir hljóta andlegir að vera sem það skulu undirstanda. En vilja vitur vera og klókleik sýna meður evangelio er ein rétt hindran og hamlan Guð og Kristum að viðurkenna. En flokkadrátt og sundurþykki upp að byrja, þar er klókleg skynsemd og vísdómur vel tilhæfilegur svo að þeir verði aðeins heimskir sjálfbirgingar og kristnir villingar. En Drottin vorn Jesúm Kristum fá þeir aldregi réttlega viðurkennt nema þeir snúist aftur í hið forna viskuleysi og láti sig svo lítillátlegana færa og læra fyrir það hógværa og einfaldlega Guðs orð. Slíkt gjörir hann og um hönd hefur í hinum fyrstum fjórum kapitulum.

Í hinum fimmta straffar hann þá miklu vansemd þess hins sama sem sína stjúpmóðir hafði til eignar tekið og vill bannfæra hann og djöflinum gefa, gefandi þar með að skilja eina rétta undirvísan hverninn bannið ætti að hantérast svo að það skuli ske meður einu samþykki alls safnaðarins, þeirra sem rétttrúaðir eru yfir opinberum stórsyndum svo sem að Kristur kennir og sjálfur (Matt. xviii).

Í setta straffar hann það agg og þrætumál fyrir dómstólum, sérdeilis fyrir heiðnum mönnum og vantrúuðum, og kennir að þeir skuli sjálfir innbyrðis sakimar skilja og sléttar gjöra elligar rangindi líða.

Í hinum sjöunda undirvísar hann af hreinlífinu og hjúskaparbandinu, lofar fast hreinlífið og júngfrúrdóminn það hann sé nytsamlegur. Svo því framur og betur geti hann guðsspjallanna gætt svo sem að sjálfur Kristur kennir (Matt. xix) af þeim hreinlífismönnum sem vegna guðsspjallanna eður himnaríkis vilja hreinlífir vera. En Páll vill ónauðugan og óþvingaðan júngfrúrdóm haldinn hafa utan alls háska meiri syndar. Annars sé hjúskaparbandið betra en hreinlífisbindindið það iðulega veikist í stöðugum bruna og jafnan hefir heimuglega vansemi.

Í hinum átta allt til hins tólfta höndlar hann margvíslega hverninn að vér skulum líða og hantéra við breyskvar samviskur í augsýnilegum málaferlum svo sem að er í matarnautn, drykkju og klæðaburði og í bergingu Guðs líkama, fyrirbjóðandi í öllum stöðum það hinir styrkvu skulu eigi forsmá hina breysktrúuðu. Af því að hann sjálfur, þótt hann væri einn postuli, þá hafi hann sem áður haldið sig í frá mörgum þeim hlutum þar hann hafði þó góðan rétt til. Þar til mega vel hinir styrkvu vera óttaslegnir um sig af því að forðum daga eru svo margir af Íraelsfólki forgengnir sem þó voru áður allir saman útleiddir fyrir dásendarverkin af Egyptalandi. En jafnframt þessu gjörir hann nokkur úthlaup hjálpsamlegrar kenningar.

Í hinum tólfta allt til hins fjórtánda höndlar hann hversu margháttaðar að ástgjafir Guðs eru, á meðal hveftra það ástsemin sé þó hin besta því að hún upphefur sig eigi, heldur innbyrðis samþykkilega þjónandi með því að þar er einn Guð, einn Drottinn, einn andi og allir hlutir eins hversu margháttaðir að eru.

Í fjórtánda kennir hann predikurum, profetum og söngmönnum það þeir skulu skikkanlega iðka sínar gáfur og alleinasta til betrunar, en eigi til eiginlegrar dýrðar sína predikan, list eður skynsemd þar með að auðsýna.

Í fimmtánda straffar hann þá sömu sem ranglega hafa lært og trúað um holdsins uppris.

Í hinum síðasta minnir hann þá á um bróðurlega hjálp og stundlega styrking líkamlegrar næringar við hina þurftugu.

Hinn fyrri S. Páls pistill til Korintios

Hið fyrsta kapítuli

Páll, kallaður til postula Jesú Kristi, og Sóstenes bróðir. Þeirri Guðs safnan sem er í Korintíu og þeir helgaðir eru í Kristo Jesú, þeim kölluðum heilögum samt öllum þeim sem ákalla nafn Drottins vors Jesú Kristi í öllum þeirra landsálfum og vorum.

Nád og friður af Guði vorum, föður og Drottni Jesú Kristo sé með yður. Þakkir gjöri eg Guði mínum iðulega yðar vegna fyrir þá Guðs náð sem yður er gefin í Kristo Jesú það þér eruð fyrir hann í öllum hlutum auðgaðir í allri kunnáttu og allri viðurkenningu eftir því sem sú vottan af Kristo Jesú er kröftug vorðin í yður svo að þér hafið öngvan brest í nokkurri gjöf, eftir bíðandi auglýsingu vors Drottins Jesú Kristi, sá er yður man staðfesta allt að lokum svo að þér séuð óstraffanlegir á degi Drottins vors Jesú Kristi. Því að Guð er trúr, fyrir hvern þér kallaðir eruð til samlags sonar hans Jesú Kristi, vors Drottins.*

En eg beiði yður, bræður, fyrir nafn Drottins vors Jesú Kristi það þér hafið allir hinn sama orðróm og eigi sé þar nokkurt sundurlyndi yðar á milli, heldur það þér séuð fullkomnir í samlíkri lund og líkri meiningu. Því að mér er svo kunnigjört, bræður mínir, af þeim sem af Klóes eru út af yður að þrætur sé yðar á milli. En eg segi þar af það hver yðar einn skuli segja: Eg em Páls, sá annar: Eg em Appolines, hinn að sönnu: Eg em Kefas, þann annar: Eg em Kristis. Hversu er Kristur nú þá í sundur skiptur? Er nokkuð Páll fyrir yður krossfestur? Eða eru þér skírðir í Páls nafni? Eg þakka Guði það eg hefi öngvan yðvarn skírt utan Krispum og Gaium svo að enginn þurfi það að segja að þér séuð skírðir í mínu nafni. Eg skírða og heimamenn Stefanu. Framar veit eg ekki hvort eg hefi nokkurn yðvarn annan skírt.

Því að Kristur sendi mig eigi til að skíra, heldur að boða Guðs evangelion, eigi meður orðasnilld svo að eigi yrði kross Kristi að hégóma. Því að þetta orð af krossinum er fíflska þeim sem fortapaðir verða, en oss sem hjálpast, er það Guðs kraftur. Því að svo er skrifað: Eyða man eg visku vitringanna, og skilning skynsamra mun eg forleggja. Hvar er nú spekingurinn? Hvar er ritningsmeistarinn? Hvar er veraldarvitringurinn? Hefir Guð ekki gjört speki heims þessa að heimsku?

Því að á meðan heimurinn fyrir sína visku þekkti ekki Guð í sínum vísðómi, þókknaðist Guði það vel fyrir fávíslega predikan hjálplega að gjöra þá sem þar á trúa. Nú, með því að Gyðingar æskja teikns og Grikkir spyrja að speki, en vér predikum Krist hinn krossfesta, Gyðingum að sönnu hneykslan, en Grikkjum heimsku, en þeim sem kallaðir eru, bæði Gyðingum og Grikkjum, boðum vér Krist, einn guðlegan kraft og guðlega speki. Því að Guðs fávíska er mönnum hyggjari, og það Guðs máttleysi er mönnum styrkvara.

Fyrir því álítið, góðir bræður, yðra kallan það eigi eru margir spekingar eftir holdinu, eigi margir völdugir, eigi margir eðlabornir kallaðir, heldur það hvað heimskulegt er fyrir heiminum, þá hefir Guð útvalið upp á það að hann gjörði vitringana að hneykslan. Og það sem veiklegt var fyrir heiminum, það útvaldi Guð svo að hann gjörði að hneykslan það hvað öflugt er. Og það sem óeðla var fyrir heiminum og forsmáð, þá hefir Guð útvalið, og það sem ekki er svo að hann niðurþrykkti það hvað nokkurs háttar er svo að ekkert hold mætti sér fyrir hans augsýn hrósa, út af hverjum þér eruð komnir í Kristo Jesú, hver oss er af Guði gjörður til vísðóms, til réttlætis, til helgunar og til endurlausnar svo að hver (eftir því eð skrifað er) sem sér hrósar, sá hrósi sér í Drottni.

Annar kapituli

Og eg, góðir bræður, þá eg kom til yðar, kom eg ekki meður orðahæð eður hárrí visku til yðar að boða Guðs predíkan. Því að eg hélt mig ekkið vita yðvar á milli utan Jesúm Krist, þann hinn krossfesta. Og eg var hjá yður meður veikleíka og með ugg og ótta miklum. Mín ræða og mín predíkan var eígi í snílldarorðum mannlegrar visku, heldur í auðsýningu andans og kraftaríns svo að yðvar trú sé eígi af mannlegrí visku, heldur af Guðs kraftí.

En þar vér ræðum um, þá er það speki á meðal þeirra sem algjörðír eru, en þó engin þessa heíms speki og eígi þessa heíms höfðingjum, hverjír eð forganga, heldur segju vér af þeirrí heimuglegrí hulínni Guðs speki, hverja Guð hefír fyrirhugað fyrir aldir til vorrar dýrðar, hverja enginn þessara heíms höfðingja hefír þekkt. Því ef þeir hefðu þekkt hana, þá hefðu þeir eígi krossfest Drottín dýrðarínna, heldur eftír því sem skrifað er það eígi hafi auga séð og eígi eyra heyrð og ekki í mannsíns hjarta komið hvað Guð hefír fyrirbúið þeim er hann elska.

En oss hefír Guð það opinberað fyrir sinn anda því að andinn rannsakar alla hluti, einninn djúpleík guðdómsíns. Hver manna er sá eð víti hvað í manninum er utan alleínasta sá andi sem með sjálfum honum er? Svo líka veit og enginn hvað Guðs er nema Guðs andi. En vér höfum eígi meðtekið þessa heíms anda, heldur þann anda sem af Guði er svo að vér vítum hvað oss er af Guði gefið, hvar vér og af segjum, eígi meður þeim orðum sem mannleg víska kennír, heldur meður þeim orðum sem heilagur andi lærír, samlíkjandi svo andleg efni andlegana. En líkamlegur maður skynjar ekkert þeirra sem er af Guðs anda af því að það er honum heímska, og hann fær það eígi skilið því að það hlýtur andlegana að úrskurðast. En sá andlegur er, úrskurðar alla hluti, og hann verður af öngum úrskurðaður. Því að hver hefír þekkt hugskot Drottíns eða hver lagði honum nokkuð ráð? En vér höfum Krísts hugskot.

Þriðji kapituli

Og eg, góðir bræður, mátti eígi tala við yður svo sem við andlega, heldur svo sem við líkamlega og líka sem við önnur ungbérni í Krísto. Mjólík hefí eg yður til drykkjar að gefa, en eígi megnan mat því að þér formáttuð það ekki. Svo formegi þér það nú eígi heldur því að þér eruð enn líkamlegír. Og á meðan að agg og þrætur eru yðar á milli, eru þér þá eígi líkamlegír og gangið eftír mannlegrí síðvenju? Því ef nokkur yðar segír: Eg em Páls, hinn annar: Eg em Appollínís, eru þér þá eígi líkamlegír? Hvað er Páll eða hver er Appollo utan þjónustumenn, fyrir hverja þér eruð trúaðír vorðnír og það sama eftír því sem Drottinn hefír hverjum einum veitt? Eg plantaði, Appollo vökvaði, en Guð hefír frjóvgunína gefið. Svo er nú hvorkí eg sá sem plantar né sá eð vökvar nokkuð, heldur Guð, sá er frjóvgunína gefur.

En sá sem plantar og hinn sem vökvar, þeir eru eíns. En hver eínn mun sítt eíginlegt verðkaup öðlast eftír sínu erfíði. Því að vér erum Guðs atvínnumenn, þér eruð Guðs akurvínna og Guðs uppbygging. Eg hefí út af þeirrí Guðs náð, sem mér er gefín, grundvöllinn lagt svo sem eínn hygginn húsasmiður, en eínn annar byggi þar yfír. Hver eínn hafi og gát á hverninn hann byggír þar yfír. Því að enginn fær annan grundvöll lagt, heldur en þann sem áður er lagður, hver að er Krístur Jesús. En ef nokkur byggír upp á þennan grundvöll gull, sílfur, gimsteína, trjáhark, hey, stráhálm, og þá mun hvers eíns verknaður opinber verða. Og dagurinn mun hann augljósan gjöra því að hann man með eldi opinberaður verða og hvílíkú að hvers eíns verknaður sé, þá man eldurinn reynslu á gjöra. Ef nokkurs verknaður blífur, sá hann hefír þar yfír byggt, þá mun hann laun öðlast. En hvers verknaður sem forbrennur, þá mun hann skaðsemi líða. En hann sjálfur mun hólpinn verða, þó svo líka sem það sé fyrir eldinn.

Víti þér ekki það þér eruð Guðs mustéri og það Guðs andi byggír í yður? En hver hann skammar Guðs musteri, þeim mun Guð fortýna því að Guðs musteri er heílagt, hvert þér eruð. Tæli enginn sjálfan síg. Og ef nokkur er sá yðar á milli sem vítur þykíst vera, verði hann að þessa heíms óvíttríngrí svo að hann mætti vítur vera. Því að þessa heíms speki er heímska hjá Guði. Því að svo er skrifað: Höndla man eg spekinga í slægvisku þeirra. Og enn aftur: Drottinn veit hugsanír spekinganna það þær eru hégómlegar. Fyrír því metí síg enginn af mönnum. Allt er það yðvart. Sé það Páll eða sé það Appollo, sé það Kefas eða heimurinn, sé það lífíð eða dauðinn, sé það híð nálæga eða híð ókomna, allt er það yðvart. En þér eruð Krísts, Krístur er Guðs.

Fjórhúsi kapitúli

Þar haldi oss hver mann fyrir, einkum fyrir Guðs þénara og verkstjórnara yfir Guðs leynda dóma. Nú heimtu vær eigi meir af verkstjórunum en það þeir finnast trúir. Því er mér það fyrir minnsta kosti að eg skuli af yður dæmast eður af jarðlegum degi. En þó dæmi eg ekki sjálfur mig. Því að öngvaneginn em eg mér sjálfum samráður, en í því em eg þó eigi réttlátur. Drottinn er sá sem dæmir. Fyrir því dæmið ekki fyrir tímanna þangað til að Drottinn kemur, sá er auglýsa mun það í myrkrunum er hulið og opinber gjöra ráðin hjartanna og mun þá hverjum sem einum lofstír ske af Guði.*

En þetta, góðir bræður, hefi eg myndað upp á sjálfan mig og Appollinem yðar vegna svo að þér lærdúð af okkur það enginn haldi meir af sér en svo sem nú er skrifað upp á það að enginn hrósi sig upp mót öðrum fyrir nokkurs sakir. Því hver heldur þér fram? Eða hvað hefir þú það að þú hafir eigi meðtekið? En fyrst þú hefir það meðtekið, hvað metur þú þig þá sem sá það hefði ekki meðtekið? Þér eruð nú saddir, þér eruð nú þegar auðugir vorðnir, þér ríkið án vor. Gæfi það og Guð að þér ríktuð svo að vér mættum og ríkja með yður.

En eg meina það Guð hafi auðsýnt oss fyrir hina allra síðustu postula svo sem dauðanum ofurfengna því að vér erum sjónhending vorðnir heiminum, og svo englum og mönnum. Vér erum þessar fyrir Krists sakir, en þér forhyggjir í Kristo, vér veikir, en þér styrkvir, þér dýrðlegir, vér háðulegir. Því að allt til þessa dags þolum vér svengd og þorsta og erum klæðfáir og verðum hnefum barðir, höfum öngvan samastað, erfíðum og verkum meður vorum eigin höndum. Og nær oss er formælt, blessu vér, eru vér ofsóktir, þá líðu vér, eru vér lastaðir, þá beiðu vér. Og jafnan eru vér svo sem hrak þessarar veraldar og hreinsunaroffur allra manna allt til þessa.

Þetta skrifa eg eigi upp á það eg hneyksli yður, heldur áminni eg yður svo sem mína kærustu syni. Því þótt þér hefðuð tíu þúsundir lærimeistara í Kristo, þá hafi þér þó eigi feðurna marga. Því að í Kristo Jesú fyrir guðsspjöllin þá hefi eg alið yður. Fyrir því áminni eg yður að þér séuð mínir eftirfylgjara. Þar fyrir sendi eg Tímóteum til yðar, hver að er minn kærasti sonur í Drottni, að hann undirvísi yður mína vega þá sem að eru í Kristo líka svo sem eg í öllum samkundum og alls staðar kenni. Þar hroka sér nú nokkrir upp líka sem eg munda eigi koma til yðar, en eg mun þó næsta snarlega koma til yðar ef Drottinn vill að eg reyni, eigi orð þeirra sem upphrokaðir eru, heldur kraft. Því að Guðs ríki er eigi fólgið í orðum, heldur í krafti. Hvað vilji þér? Skal eg meður vendi til yðar koma eða með kærleik og hógværum anda?

Fimmti kapitúli

Algjörlegana heyrast það að þar sé hóranir yðar á milli og þó slík hóran sem eigi er getið á meðal heiðinna þjóða því að nokkur skyldi hafa síns föðurs eiginkonu. Og þó eru þér upp hrokaðir og hafid ekki miklu framar önn um alið svo að sá sem það verk hefir drýgt yrði í miðið burt tekinn frá yður. Að sönnu eg, fráverandi að líkama, þó nálægur í anda, hefi svo sem þar nærverandi dæmt yfir honum sem slíkt hefir gjört í nafn Drottins vors Jesú Kristi að yður samankomnum meður mínum anda og með krafti vors Drottins Jesú Kristi hann ofur að selja andskotanum til holdsins fordjörfunar svo að andinn sé hjálplegur á degi Drottins vors Jesú.

Yðvar hrósan er eigi góð. Viti þér ekki að lítið súrdeig sýrir allt deigið? Fyrir því hreinsið burt hið gamla súrdeigið svo að þér séuð nýtt deig svo sem þér eruð ósýrðir. Því að vort páskalamb er Kristur fyrir oss offraður. Fyrir því neytum vorra páska eigi í gömlu súrdeigi og eigi í súrdeigi illskunnar og prettvísinnar, heldur í sætu deigi skírleiksins og sannleiksins.* Eg skrifaði yður í bréfinu að þér skylduð ekki samblandast hóranarmönnum. Öngvaneginn meina eg þessa heims hóranarmenn eða ágirndarmenn, ræningja né blótmenn skurgoða. Annars hlyti þér veröldina að rýma. En nú skrifa eg yður það þér skuluð eigi samblandast, einkum ef sá er nokkur sem sig lætur bróður kalla og er frillulífismaður eða ágirndarmaður, blótmaður skurgoða eða brigslunarmaður, ofdrykkjumaður eður ræningi. Og með þess konar mönnum skulu þér ekki matar neyta. Því hvað koma þeir við mig sem þar fyrir utan eru það eg skyldi þá dæma? Er eigi svo að þér dæmið þá sem hér fyrir innan eru, en Guð mun dæma þá sem fyrir utan eru? Keyrið þann burt frá yður sem vondur er.

Sétti kapitúli

Hverninn dirfist nokkur af yður þótt hann hafi eitthvað kærúmal í móti öðrum að láta dæma það hjá ranglátum og eigi heldur hjá heilögum? Eða viti þér ekki það heilagir munu heiminn dæma? Og fyrst heimurinn skal dæmast af yður, eru þér þá óverðugir til að dæma um það sem minni háttar er? Viti þér eigi það vér munum yfir englum dæma? Hversu miklu meir þá yfir stundlegum auðæfum? En þér, nær

þér hafið nokkur málaferli um stundlegan auð, þá taki þér þá sem hjá söfnuðinum forsmáðir eru og setjið þá til yfirdómara. Yður til smánar segi eg þetta. Er þar þá með öllu enginn svo vitur yðar á milli það að dæma kunní millum bróðurs síns og bróður? Heldur deilir bróðir við bróður, þar ofan á fyrir vantrúuðum.

Því er þar sennilega fullkomlegt brot í bland yður það þér hafið lagadeilur yðvar á milli. Hvar fyrir líði þér ekki miklu heldur órétt? Eða hví láti þér ekki svíkja yður heldur? Þér gjörið heldur rangt og svíkið og þó það við bræðurna. Eða viti þér ekki það ranglátir munu eigi eignast Guðs ríki? Því villist eigi að hvorki frillulífismenn né blótmenn skurguða, eigi hórdómsmenn né sælgætingar, eigi heldur þeir sem skömm drýgja með karlmönnum, eigi þjófar né ágirndarmenn, eigi ofdrykkjumenn, eigi hneykslarar né ræningjar munu Guðs ríki eignast. Og því líkir hafa forðum daga nokkrir út af yður verið. En þér eruð nú af þvegnir, þér eruð nú helgaðir, þér eruð og réttlættir í nafni Drottins Jesú og fyrir anda Guðs vors.

Allt leyfist mér, en eigi batar það mig allt. Eg hefi allra hluta vald, en mig skal ekkert yfirbuga. Fæðslan maganum og maginn fæðslunni, en Guð man þetta og hitt slétt gjöra. Líkamann að sönnu eigi frillulífnaðinum, heldur Drottni og Drottinn líkamanum. Sennilega hefir Guð Drottin upp vakið og svo mun hann oss upp vekja fyrir sinn kraft. Eða viti þér ekki það yðrir líkamir eru Krists limir? Skylda eg nú taka Krists limu og gjöra þar af skækjunnar limu? Það sé fjarri. Eða viti þér ekki að hver hann samtengir sig skækjunni að sá er einn líkami meður henni? Því að þau munu (segir hann) tvö í einu holdi vera. En hver hann samtengir sig Guði, sá er einn andi meður honum.

Flýið frillulífnaðinn. Því að allar syndir, hverjar maðurinn drýgir, eru utan hans líkama. En hver eð frillulífnaðinn drýgir, sá syndgar á sinn eigin líkama. Eða viti þér ekki að yðrir limir eru mustéri þess heilags anda sem í yður er, þann þér hafið af Guði? Þér eruð og eigi yðrir sjálfs. Því að þér eruð dýru verði keyptir. Þar fyrir vegsamið Guð í yðrum líkama og yðrum anda hverjir Guðs eru.

Sjöundi kapítuli

En um aðra þá hluti þér skrifuðuð mér til andsvara eg það mannum sé gott að hann snerti eigi neina konu. En fyrir frillulífnaðar sakir þá hafi hver einn sína eiginkvon og hver ein hafi sinn eignarmann. Maðurinn gjöri kvinnunni sitt skyldugt atlot, slikt hið sama kvinnan mannum. Konan hefir eigi vald síns líkama, heldur maðurinn. Líka og einninn maðurinn hefir eigi vald síns líkama, heldur konan. Tæli hvorki yðart annað nema það sé af beggja samþykkt um stundar sakir svo að þér séuð þess liðugri til föstu og bænahalds, og komið síðan aftur til samans svo að andskotinn freisti yðar ekki fyrir yðvars óstöðugleiks sakir.

Þetta segi eg af vorkunnsemi og eigi eftir skipan. En eg vilda að allir menn væri svo sem að eg em, hver einn hefir sína eiginlega gjöf af Guði, einn að sönnu svo, en annar svo. En það segi eg þeim ógiftum ekkjum að þeim er gott ef þær blífa svo sem eg. En ef þær fá sér eigi haldið, giftist þær þá því að betra er að giftast en að brenna.

En þeim sem giftir eru, býður eigi eg, heldur Drottinn það konan skilji sig eigi við manninn, en ef hún skilur, þá blífi hún utan hjúskapar eða forlíki sig við sinn mann og maðurinn forleggi ekki sína eiginkonu.

Hinum öðrum segi eg, en ekki Drottinn, að ef einhver bróðir hefir vantrúaða konu og henni hagar að búa við hann, þá skilji hann eigi við hana. Og ef sú kona er sem vantrúaðan mann hefir og það hagar honum hjá henni að búa, þá skilji hún eigi við hann. Því að vantrúaður maður er helgaður fyrir konuna, og vantrúuð kona er helguð fyrir manninn. Annars væri börn yðar saurug, en nú eru þau heilög. En ef hinn vantrúaði vill skiljast, þá látið hann skiljast. Því bróðir eða systir er eigi forbundin af þess háttar efni, heldur hefir Guð oss í friði kallað. Eða hvað veistu það, kona, nema að þú kunnir að gjöra manninn hólpinn? Eða þú, maður, hvað veistu nema þú getir gjört konuna hjálplega? Þó eftir því sem Guð hefir hverjum einum úthlutað.

Hver og einn eftir því sem að Drottinn hefir hann kallað, þá gangi hann. Og svo skikka eg það til í öllum söfnuðum. Er nokkur umskorinn kallaður, sá æski eigi yfirhúðar. Er og nokkur kallaður í yfirhúðinni, láti sá eigi umskera sig. Umskurnin er ekkert, yfirhúðin er og ekkert, heldur varðveiting Guðs boðorða. Hver einn blífi nú í þeirri kallas sem hann er inni kallaður. Og ef þú ert einn þjón kallaður, þá haf þar eigi áhyggju fyrir, en getur þú fjáls vorðið, þá kostgæf þess heldur. Því að hver hann er þjón kallaður í Drottni, sá er frelsingi Drottins. Líka og einninn hver hann er frelsingi kallaður, sá er þjón Krists. Þér eruð dýrkeyptir, verðið eigi þrælar mannanna. Hver og einn, góðir bræður, í hverri stétt sem hann er kallaður, þar blífi hann inni hjá Guði.

En af meyjum hefi eg ekkert boðorð Drottins. Þó gef eg til ráð eftir því sem eg hefi miskunnsemi öðlast af Drottni að eg sé trúur. Því meina eg nú það gott vera fyrir nálægrar nauðþurftar sakir það manningum sé gott svo að blífa. Ertu við konuna bundinn? Þá sæk eigi eftir laus að verða. En ertu konulaus? Þá leita eigi kvonfangs. Þótt þú giftist, syndgar þú ekki, og þó að ein mey giftist, syndgar hún eigi. Þó munu þess konar holdsins harmkvæli hafa eiga, en eg þyrmda yður gjarnan.

Það segi eg, góðir bræður, að tíminn er naufur. Framar er það þó meiningin að þeir sem eiginkvæntir eru það þeir sé svo sem að þeir hefði eigi neinar, og þeir eð harma svo sem að hörmuðu þeir eigi, og þeir eð fagna svo sem að fögnuðu þeir eigi, og þeir eð kaupa svo sem að eignuðust þeir það eigi, og þeir sem tíðka þennan heim svo sem að tíðkuðu þeir hann eigi. Því að þessa heims athöfn forgengur.

En eg vilda að þér væruð utan áhyggju. Hver ókvæntur er, sá beri áhyggju um það hvað Drottins er, hverninn hann megi Drottni þóknast. En hver eiginkvæntur er, sá ber áhyggju um það hvað heimsins er og hversu hann megi húsfreyjunni þóknast. Aðskiljanleg grein er á millum meyar og manns konu. Hin ógifta ber áhyggju um það hvað Drottins er svo að hún sé heilög í líkama og anda. En sú sem gift er, ber áhyggju um það hvað heimsins er og hverninn hún megi manningum þóknast. En þetta tala eg til yðrar gagnsemi, eigi upp á það eg leggi snöru fyrir yður, heldur til þess sem siðsamlegt er svo að þér mættuð jafnan óforhindraðir Drottni þjóna.

En ef nokkur þykist sjá það sér muni torveldur vera sinn meydómur, ef gjafordstíminn líður þó og svo ef það vill eigi öðruvíis verða, þá gjörri hann hvort honum líkar. Giftir hann sig, þá syndgar hann eigi. En hver það setur stöðugt sér í hjarta og hefir þar með eigi neina þvingan, hafandi svo vald síns eiginlegs vilja og staðfestir í sínu hjarta að varðveita sinn meydóm, hann gjörir vel. Og hver eð giftist, sá gjörir og vel. En hann sem giftir sig ekki, sá gjörir betur. Kvinnan er lögmálinu undirbundin svo lengi sem hennar maður lifir. En nær hennar maður er látinn, svo er hún frjáls sig að gifta hverjum hún vill, utan það skal ske í Drottni. En þó er hún sælli ef hún blifur sem mitt ráð er til. En eg held það að eg muni og hafa Guðs anda.

Áttandi kapítuli

En um það sem skurguðum offrast, vitu vér það vér allir höfum skynsemina. Skynsemin, hún blæs upp, en ástsemin bætir um. Nú ef einhver lætur sér þykja það hann viti nokkuð, sá veit enn eigi svo sem honum ber að vita. En ef sá er einhver sem elskar Guð, hann er af honum þekktur.

Svo vitu vér nú af þeirri fæðslu sem skurguðunum offrast og það skurgoðið sé einskis vert í heiminum því enginn er Guð nema einn. Og þó að þar sé nokkrir þeir sem guðir kallast, hvort það er á himni eður á jörðu (með því að margir eru guðir og margir drottmar), en þó höfum vér ekki utan einn Guð föður, af hverjum að allir hlutir eru og vér í honum og einn Drottin Jesúm Kristum, fyrir hvern allir hlutir eru og vér fyrir hann.

En þessa skynsemi hafa eigi allir. Því að nokkrir hafa gjört sér samvisku hér til yfir því skurgoði og átu það fyrir skurgoðaförnir. Og með því að þeir voru svo veikir, þá flekkaðist þeirra samviska í þessu. Því fæðan batar oss ekki fyrir Guði. Etu vér, þá eru vér eigi betri fyrir það, etu vér og ekki, þá verðum vér eigi verri fyrir það.

En sjáid svo til að þetta yðvart frelsi verði eigi til hindranar hinum veiktrúuðum. Því ef nokkur sæi þig (þann sem skynsemina hefir) sitja til borðs í goðahúsi, verður þá eigi hans samviska, með því hann er breyskur, hvött upp að eta skurgoðaförnir? Og svo forferst þinn breyskvi bróðir í þinni skynsemi, fyrir hvern að Kristur er líflátinn. Og nær þér syndgist svo við bræðurna og sláid þeirra breyskva samvisku, þá syndgist þér við Krist. Hvar fyrir ef að fæðan hindrar bróður minn, skylda eg aldri kjöt eta svo að eg gjörða öngva hindran mínum bróður.

Níundi kapítuli

Er eg ekki postuli? Em eg eigi frjáls? Hefi eg ekki séð Drottin vorn Jesúm Krist? Eru þér ekki mitt verk í Drottni? Og þó eg sé eigi annarra postuli, þá em eg þó yðar. Því að innsigli míns postullegs embættis eru þér í Drottni. En andsvar mitt við þá, sem mig að spyra, er þetta: Höfum vér eigi vald til að eta og drekka? Höfum vér eigi vald til einhverja systur að eignarkonu um að fytja líka sem aðrir postular og bræður Drottins og svo sem Kefas? Eða höfum við ekki, eg og Barnabas, makt til þetta að gjöra. Hver slæst upp á sitt eigið verðkaup? Hver plantar víngarðinn og etur ekki af hans ávexti? Eða hver fóðrar hjörðina og neytir ekki af mjólk hjarðarinnar?

En eftir mannlegri siðvenju tala eg þetta. Segir og ekki lögmálið þetta? Því að svo er skrifað í Moyses lögmáli að eigi skaltu múlbinda nautið það sem erjar. Hvort ber Guð áhyggju fyrir nautunum? Eða segir hann ekki þetta alls kostar vorra vegna? Því að fyrir vorar sakir er þetta ritað af því þann sem plægir, skal plægja á vonina og sá sem erjar, hann skal erja á vonina svo að hann verði hluttakari sinnar vonar. Fyrst vér sáðum yður hið andlega, er það mikilsvert þó vér upp yrkjum yðvarð hið líkamlega? Og ef hinir aðrir eru hluttakandi þessarar yðrar maktar, hvar fyrir skyldu vér eigi miklu framar? En vér höfum eigi tíðkað þessa makt, heldur umliðu vér allra handa svo að vér gjörðum Krists evangelio öngva hindran. Viti þér ekki það þeir sem förninnar færa, eta af því sem förnfært er, og þeir sem altarinu þjóna, eru altarisins hluttakarar? Líka svo hefir og Drottinn til skikkað að þeir sem guðsspjöllin kunngjöra, skulu af guðsspjöllunum sitt fæði hafa. En ekkert þessara hefi eg tíðkað.

En eg skrifa eigi þetta þar fyrir að svo skuli við mig vera gjört. Því betra væri mér heldur dauðum að vera en það að nokkur skyldi mína vegsemd ónýta gjöra. Því þó að eg prediki Guðs evangelion, þá má eg ekki vegsama mig um það því að nauðsynin rekur mig þar til. Og svei sé mér þá ef eg predika ekki guðsspjöllin. Nú ef eg gjöri það viljugur, þá mun mér launað, en þó eg gjöri það óviljugur, þá er mér þó embættið á hendur fólgið. Hvað er nú þá mín laun? Einkum það eg prediki evangelion Krists og gjöri það sama viljanlega fyrir ekkið svo að eg misbrúki ekki mitt veldi á guðsspjöllunum.

Því þótt eg sé frjálss fyrir öllum, þá hefi eg þó gjört sjálfan mig að hvers manns þjón svo að eg yfirvinni þá marga. Og Gyðingum em eg vorðinn svo sem Gyðingur upp á það eg yfirvinni Gyðinga. Og þeim sem undir lögmálinu eru, em eg vorðinn svo sem undir lögmáli svo að eg yfirvinni þá sem undir lögmálinu eru. Og þeim sem án lögmáls eru, em eg vorðinn svo sem án lögmáls sem eg em þó eigi án Guðs lögmáls, heldur em eg í Krists lögmáli svo að eg yfirvinni þá hinu sömu sem án lögmáls eru. Og þeim sem breyskvir eru, em eg vorðinn sem væra eg breyskur svo að eg yfirvinni hina breyskvu. Hverjum manni em eg vorðinn að öllu deili svo að eg gjörða alls staðar einhverja hjálplega. En allt þetta gjöri eg vegna Guðs evangelií svo að eg verði þess hluttakari.

Eða viti þér ekki að þeir sem á skeiðið hlaupa það þeir hlaupa allir, en einn er sá sem hnossið tekur? Hlaupið nú og svo að þér höndlið það. En hver sá sem slæst, hann varar sig við öllu, þeir að sönnu upp á það þeir öðlist forgengilega kórúnu, en vér óforgengilega. En eg hleyp, líka svo eigi sem upp á hið óvísa. Eg slæst, eigi svo sem sá er í vindinn slær. Heldur þjái eg minn líkama og tem hann svo að eg prediki það eigi öðrum og verði sjálfur rækur.

Tíundi kapítuli

En eg vil eigi dylja fyrir yður, góðir bræður, það að vorir feður voru allir undir skýinu og allir gengu þeir yfir hafíð. Allir eru þeir og skírðir af Moysen í skýinu og í sjánum. Og allir hafa þeir neytt hinnar sömu andlegrar fæðslu, og allir hafa þeir hinn sama andlega drykk drukkið. Þeir drukku og af þeirri andlegri hellu sem þeim með fylgdi, hver hella eð var Kristur. En á þeim vel flestum hafði Guð öngva þókknan. Því eru þeir niður slegnir á eyðimörku.*

En þetta er skeð oss til fyrirmyndar svo að vér skulum eigi girnast hvað illt er svo sem að þeir girtust. Gjörist og eigi blótmenn skurgoða líka svo sem nokkrir af þeim urðu eftir því sem skrifað er: Fólkið settist niður að eta og drekka og stóð upp að dansa. Drýgjum eigi hóranir svo sem nokkrir út af þeim drýgðu hóranir og féllu á einum degi þrjár þúsundir og tuttugu. Freistum og eigi Krists svo sem nokkrir út af þeim freistuðu hans og fyrirfórust af höggormum. Möglið og ekki líka svo sem nokkrir út af þeim mögluðu og fyrirfórust af vanvirðaranum.

Þetta allt skeði þá til fyrirmyndar, en það er skrifað oss til viðvörunar, yfir hverja að þessa heims endi er kominn. Fyrir því hver hann lætur sér þykja það hann standi, gefi sá gaum að hann falli eigi. Yður hefir enn ekki höndlað utan alleinasta mannleg freistni. En Guð er trúr, sá eigi umliður það yðar sé freistað framar en þér formegið, heldur gjörir hann það að freistnin fái þann einn enda að þér getið vel staðist.* Hvar fyrir, mínir kærustu, flýið frá skurguðadýrkan.

Svo sem við vitringa tala eg. Dæmið þér hvað eg segi. Sá blessanarkalekur, hvern vér blessum, er hann ekki samnautn Krists blóði? Og brauðið, hvert vér brjótum, er það eigi hluttekning Krists líkama? Því að það er eitt brauð, og vér margir erum einn líkami með því að vér verðum allir eins brauðs hluttakarar. Hyggið að þeim í Írael eftir holdinu það þeir sem förninnar eta, eru þeir ekki altarisins hluttakarar?

Hvað skal eg nú þá segja? Eða skal eg segja það skurgoðið sé nokkurs vert? Eða það skurgoðafórnir sé nokkurs verðar? En eg segi að það hvað hinir heiðnu offra, það offra þeir djöflinum og eigi Guði. Nú vil eg eigi að þér verðið samlagsmenn djöflanna. Eigi fái þér í senn drukkið kalek Drottins og djöfulsins. Þér getið og ekki í senn hluttakarar verið matborði Drottins og djöfulsins matborði. Eða vilju vér reita Drottin? Hvort eru vér honum sterkari? Mér leyfast sennilega allir hlutir, en þeir bata eigi allir. Mér leyfist allt, en það er eigi allt til uppreistar. Enginn spyrji að því hvað hans er, heldur að því hvað annars er.

Allt hvað í kjötmangarahúsinu er til sölu, það etið, eftir spyrjandi að öngu upp á það þér vægið samviskunnri. Því að jörðin er Drottins og hennar fylling. En ef einhver af vantrúaðum býður yður til snæðings og þér viljið þangað ganga, þá etið það allt hvað fyrir yður verður sett og spyrjið einskis upp á það þér vægið samviskunnri. En ef nokkur segir til yðar: Þetta er skurgoðaoffur, þá etið ekki fyrir þess sakir sem það segir yður upp á það þér vægið samviskunnri. Því að jörðin er að sönnu Drottins og hennar fylling. En eg segi af samviskunnri, eigi af þinni sjálfs, heldur hins annars. Því að hvar fyrir skylda eg mitt frelsi dæmast láta af annarlegrri samvisku? Því ef eg neyti þess með þakklæti hvar fyrir skal eg þá lastaður verða um það sem eg gjöri þakkir fyrir?

Hvort þér etið eður drekkið eða hvað þér gjörið, þá gjörið það allt til Guðs dýrðar. Verið utan hindran bæði Gyðingum og Grikkjum og Guðs safnaði líka svo sem eg gjörði mig hverjum manni þægilegan í öllu, eigi aðspyrjandi hvað mér, heldur hvað mörgum er gagnlegt svo að þeir hjálplegir yði. Verið því mínir eftirfylgjjarar svo sem eg em Krists.

Ellefti kapítuli

Eg lofa yður, góðir bræður, það þér leggið mig í minni á allan hátt og haldið þann siðvana er eg setta yður. En það vil eg að þér vitið að Kristur er hvers manns höfuð, en konunnar höfuð er maðurinn, en höfuð Krists er Guð. Og hver sá maður sem biður eða spár með skýldu höfði, hann óvirðir sitt höfuð. Og hver sú kona sem biður eða spár með beru höfði, hún óvirðir sitt höfuð. Því að það er eins sem væri hennar höfuðhár burt rakað. Vill hún eigi skauta sér, þá rakist af hennar höfuðhár. En fyrst það er ljótt fyrir konuna að hafa af rekið hár eða sköllótt höfuð, þá faldi hún sér.

En karlmaðurinn skal eigi falda höfuð sitt með því hann er Guðs mynd og sómi, en konan er mannsins sómi. Því að maðurinn er eigi af konunni, heldur konan af mannum. Maðurinn er eigi skapaður vegna konunnar, heldur konan vegna mannsins. Þar fyrir skal konan hafa † veldi á sínu höfði fyrir englanna sakir. En þó er hvorki maðurinn án konunnar né konan án mannsins í Drottinni því að líka svo sem konan er af mannum, svo kemur og maðurinn fyrir konuna, en allir hlutir af Guði.

Dæmi þér sjálfir yðar á milli hvort það hæfir konunni að biðja fyrir Guði óskautuð. Eða kennir yður það ekki náttúran sjálf að það sé lýti fyrir karlmanninn hann hafi sítt hár, en konunni að sönnu sómi það hún hafi síða lokka af því að hárið er henni til skýlingar gefið? En ef sá er einhver yðar á milli sem þrætusamur vill vera, hann viti það vér höfum eigi þvilíkan siðvana og eigi heldur Guðs söfnuður.

En þetta hlýt eg að bjóða, ekki hrósandi því það þér komið saman til betrunar, heldur til versunar. Í fyrstu þá þér komið til samans í samkundunum, heyrir eg að þar er sundranir yðar á milli, og eg trúir það sé og nokkurn deild. Því að þar hljóta ágreiningar að vera yðar á milli svo að þeir sem kjörnir eru, opinberir verði yðar á milli. Þá þér komið nú til samans, þá höldum vér þar eigi Drottins kveldmáltíð því að nær þér skuluð halda kveldmáltíðina, þá tekur hver yðar sína eiginlega fæðu áður fram, en annar er hungraður, hinn annar er drukkin. Hvort hafi þér engin hús þar þér kunnið að eta og drekka inni? Eða forsmái þér Guðs söfnuð og skammið þá sem ekkert hafa? Hvað skal eg segja yður? Skal eg lofa yður? Í þessu lofa eg yður ekki.

Því það hvað eg hefi af Drottinni meðtekið, það hefi eg yður fengið af því að Drottinn Jesús, á þeirri nótt er hann var svikinn, tók hann brauðið, gjörandi þakkir, braut það og sagði: Takið, etið. Þetta er minn líkami, sá fyrir yður verður gefinn. Gjörði það í mína minning. Líka einninn kalekinn eftir það hann hafði kveldmáltíðina etið, segjandi: Þessi kalekur er nýtt testament í mínu blóði. Gjörði þetta svo oft sem þér drekkið þar af í mína minning.

Því að svo oft sem þér bergið af þessu brauði og drekkið af þessum kalek, skulu þér kunngjöra þar með dauða Drottins þangað til hann kemur. Hver hann etur nú af þessu brauði og drekkur af þessum kalek Drottins óverðugt, sá er sekur við hold og blóð Drottins. En hver maður prófi sig sjálfur og eti svo af þessu brauði og drekki af þessum kalek. Því að hver hann etur og drekkur óverðugur, sá etur og drekkur sjálfum sér dóm með því hann gjörði eigi greinarmun Drottins líkama.

† (veldi) það meinar hann skautið eða trafíð hvað af að merkjast skal, það hún sé undir karlmannsins valdi.

Fyrir það eru svo margir sjúkir og veiklegir yðar á milli og þeir margir sem sofnaðir eru. Því ef vér dæmdum oss sjálfir, þá yrðu vér eigi dæmdir. En nær vér dæmunst, þá verðu vér af Drottni tyftaðir upp á það vér fyrirdæmunst eigi meður þessum heimi.* Fyrir því, bræður mínir, nær þér komið til samans að neyta, þá bíði hver annars. En ef einhvern hungrar, þá eti sá heima svo að þér komið eigi saman til dómsáfallis. En hitt annað vil eg skikka þá eg kem.

Tólfti kapítuli

Og af þeim andlegum gjöfum vil eg eigi dylja fyrir yður, góðir bræður. Þér vitið það þér voruð heiðnir og genguð burt til mállausra skurgoða sem þér urðuð til leiddir. Fyrir því kunngjöri eg yður það enginn sá sem fyrir Guðs anda talar, formælir Jesú, og enginn fær Jesúm Drottin kallað utan alleinasta fyrir heilagan anda.

Sennilega eru gjafirnar margvíslegar, en hinn sami er andinn. Þar eru og margháttuð embætti, en hinn sami Drottinn. Þar eru margháttuðar verkanir, en hinn sami Guð er sem verkar alla hluti í öllum. En í sérhverjum einum auðsýna sig gjafir andans til allrar nytsemdar. Einum verður gefið fyrir anda að mæla af visku, en öðrum verður gefið að tala af skynsemi af hinum sama anda, öðrum trúan í sömum anda, en hinum gjafir lækninganna í sömum anda, öðrum kraftaverk að gjöra, en öðrum að gjöra aðskiljanlega grein andanna, hinum öðrum margháttuð tungumál, en öðrum útlekking sagnanna. En allt þetta verkar einn og hinn sami andi, skiptandi sérhverjum eftir því sem hann vill.*

Því að líka svo sem einn líkami er og hefir þó marga limu, en allir limir eins líkama, hversu margir sem að eru, þá eru þeir þó einn líkami, líka svo er Kristur. Því að vér erum í einum anda allir í einn líkama skírðir hvort vér erum Gyðingar eður Grikkir, þrælur eður frelsingjar, og erum svo allir í einum anda drykkjaðir. Því að líkaminn er eigi einn limur, heldur margir. Og ef fóturinn segði: Engin hönd er eg, þar fyrir er eg ekki limur líkamans, skyldi hann nú því ekki vera líkamans limur? Og ef eyrað segði: Eg er eigi augað, þar fyrir er eg ekki limur líkamans, skyldi það sakir þess ekki vera líkamans limur? Því ef allur líkaminn væri augað, hvar væri þá heyrnin, hvar væri þá ilmingin?

En nú hefir Guð sett limuna og hvern einn þeirra á líkamann svo sem hann hefir viljað. Og ef allir limirnir væri einn limur, hvar væri þá líkaminn? En nú eru limirnir margir, en líkaminn einn. Því að augað má eigi segja hendinni: Eg þarf þín eigi við, eða þar í mót höfuðið til fótanna: Eg þarf eigi yðar. Miklu heldur þeir limir líkamans sem oss sýnast breyskvastir vera, þeir eru nauðsynlegastir, og þá vér reiknum ótérugasta, þeim sömum leggjum vér mestan sóma til. Og þeir eð oss eru lýti að, virðu vér mest því að þeir sem oss prýða, þurfa þess eigi við. En Guð hefir líkamann svo saman tengt og gefið þeim nauðsynja limum hinn mesta sóma svo að engin ágreining sé á líkamanum, heldur það hver limurinn ber áhyggju fyrir öðrum. Og ef einn limurinn líður, þá líða allir limirnir með og ef einum limnum verður sómi veittur, þá samfagna honum allir limirnir. En þér eruð Krists líkami og útlimir hver eftir sinni deild. Og Guð hefir sett í söfnuðinn í fyrstu postula, þá spámenn, í þriðja máta lærifeður, eftir það þá sem kraftaverkin gjöra, þar næst þá með lækningsgjafirnar, þá viðhjálparana, þá stjórnarana, þá margháttuð tungumálin. eru þeir allir postular? eru þeir allir spámenn? eru þeir allir lærifeður? eru þeir allir þeir menn sem kraftaverkin gjöra eða þeir sem lækningsgjöfina hafa? Tala þeir allir margháttuð tungumál? Kunna þeir allir út að leggja? Eftir fylgið nú hinum bestu gjöfunum. Og þar til vil eg vísa yður veg þessum æðra.

Þrettándi kapítuli

Þó að eg talaði tungur mannanna og englanna, en hefða ekki kærleikann, þá væri eg sem annar hljómandi málmur eður hvellandi bjalla. Og þó að eg hefða spádóm og vissi alla leynda hluti og alla skynsemi og hefði alla trú svo að eg fjöllin úr stað færði, en hefða ekki kærleikann, þá væri eg ekkert. Og þó að eg gæfa allar mínar eigur fátækum og eg yfirgæfi minn líkama svo að eg brynni og hefða ekki kærleikann, þá væri mér það engin nytsemd. Kærleikurinn er þolinmóður og góðviljaður. Kærleikurinn er eigi meinbæginn. Kærleikurinn gjörir ekkert illmannlega. Eigi blæs hann sig upp, eigi stærir hann sig. Eigi leitar hann þess hvað hans er. Eigi verður hann til ills egndur, hann hugsar ekki vondslegt. Eigi fagnar hann yfir ranglætinu, en fagnar sannleikanum. Hann umber alla hluti, hann trúir öllu, hann vonar allt, hann umlíður alla hluti. Kærleikurinn hann doðnar aldri þótt spádómurinn hjaðni og tungumálunum sloti og skynseminni linni.

Því að vorir vitsmunir er sjónhending, og vorar spásagnir er sjónhending. En nær það kemur, sem algjört er, þá hjaðnar það sem sjónhendingin er. Þá eg var barn, talaði eg sem barn, og eg var forsjáll sem barn, og eg hugsaði sem barn. En þá eg gjörðust maður, lagða eg af hvað barnslegt var. Nú sjáu vér fyrir spegilinn að ráðgátu, en þá auglit að augliti. Nú kenni eg af sjónhending, en þá man eg kenna svo sem eg em kenndur. Nú blífa þó þessi þrjú: trúan, vonin, kærleikinn, en kærleikurinn er mestur af þessum.

Fjórtaði kapítuli

Eftirfylgið kærleikanum og kostgæfist í andlegum gjöfum, en þó mest í því að þér mættuð spádóma fyrir segja. Því að hann sem tunguna talar, hann talar eigi mönnum, heldur Guði. Því að honum heyrir enginn, en í andanum talar hann leynda dóma. En hann sem spádóma segir fyrir, sá talar mönnum til betrunar og til áminningar og til hugganar. Sá tunguna talar, hann forbetrar sjálfan sig, en sá sem spádóma segir fyrir, hann forbetrar Guðs söfnuð. Eg vilda að þér kynnið allir tungur að tala, en þó miklu heldur þér segðuð spádóma fyrir. Því að sá sem spádóma segir fyrir, hann er þeim meiri sem tunguna talar, utan að svo sé hann leggi það út svo að söfnuðurinn fái þar af forbetran. En nú, góðir bræður, þótt eg kæmi til yðar og talaði tungur hvað væra eg yður gagnlegur nema eg talaði til yðar annaðhvort fyrir opinberan eða fyrir skynsemi eða fyrir spásagnir eða fyrir lærdóm? Er þeim hlutum eigi svo háttáð sem hljóða, en lifa eigi, hvort það er nú pípa eður harpa, fyrst það gefur öngvan greinilegan hljóð af sér? Hverninn má þá vitast hvað pípað er eða hvað harpað er? Og ef lúðurinn hefur óskilmerkilegt hljóð, hver man þá vilja búast til bardagans? Líka og þér nær þér talið tungur, utan þér gefið fram skilmerkilega ræðu, hverninn má vitast hvað að talað er. Því að þér talið þá í vind.

Sennilega er margt raddarkyn í þessum heimi, og þó er ekkert þeirra mállaust. Og fyrst eg veit ekki þýðing málsins, þá verð eg þeim sem talar óskiljanlegur, og hann sem talar verður mér óskiljanlegur. Svo og líka þér. Og fyrst þér eruð eftirfylgjjar andlegra gjafa, þá leitid eftir því að forbetra söfnuðinn upp á það þér gefið og fulla nægð.

Hvar fyrir sá sem tungu talar, hann biðji svo að hann útleggi það. Því fyrst eg bið með muninum, þá biður og minn andi, en mitt hugskot færir öngvan ávöxt. Hverninn fer þá? Einkum svo það eg vil með andanum biðja, og eg vil biðja í hugskotinu. Sálmana vil eg syngja með andanum, og eg vil sálmana syngja með hugskotinu.

En þá þú blessar í andanum, hverninn skal þá sá sem í leikmannsins stað stendur amen segja yfir þinni blessan með því hann veit eigi hvað þú segir? Sennilega gjörir þú góðar þakkir, en hinn annar betrast þar eigi af. Eg þakka Guði mínum það eg tala meir tungur en allir þér, og heldur vil eg tala fimm orð í söfnuðum með mínu sinni svo að eg lærði aðra, heldur en tíu þúsundir orða með tungunni.

Góðir bræður, verðið engin börn í skilningarsinnunum, heldur verðið börn í illskunni, en verðið algjörðir í skilningarsinnunum. Því að í lögmálinu er svo ritað það eg mun með annarlegum tungum og annarlegum vörum tala til lýðs þessa, og eigi munu þeir heldur mig heyra, segir Drottinn. Þar fyrir eru tungurnar til teikns, eigi þeim sem trúa, heldur vantrúuðum. En spádómurinn er eigi vantrúuðum, heldur trúuðum. Þótt nú allur söfnuðurinn kæmi til samans í einn stað og töluðu allir tungur, en þar gengi inn ólærður leikmaður eða vantrúaður, segðu þeir ekki að þér væruð galdir? En ef þér segðuð allir spádóma fyrir og þar gengi inn einhver vantrúaður eða ólærður, sá yrði þegar af öllum þeim straffaður og af öllum dæmdur. Og þá yrði svo leyndir dómar hans hjarta opinberir og svo væri hann fram fallandi á sitt andlit Guð að tilbiðja, sannarlega það viðurkennandi að Guð sé með yður.

Hversu á þá að fara, góðir bræður? Nú svo oft sem þér komið til samans þá hafi hver yðar einn lofsálm, eða hafi hann lærdóma, eða hafi hann tungur, eða hafi opinberanir, eða hafi útlekking. Og látið allt ske til betrunar. Og ef einhver talar tungur, þá verði það annað hvort af tveimur eða mest af þrimur og það sín á milli svo að einn leggi það út. En ef hann er enginn útleggjari, þá þegi hann í söfnuðinum, tali sér sjálfum og Guði.

En spámenn tali tveir eða þrír, og hinir aðrir dæmi um. En ef öðrum birtist, þeim er hjá situr, þá þegi hinn fyrri. Því að allir megi þér spádóma fyrir segja, hver eftir annan, svo að allir læri og allir verði áminntir. Og andi spámanna er spámönnum undirvorpinn því að Guð er eigi Guð vanheiðursins, heldur friðarins svo sem í öllum söfnuðum heilagra. Yðrar húsfreyjur látið þegja í söfnuðinum því að þeim má eigi leyfast að tala, heldur undirgefnað að vera eftir því sem lögmálið vottar. En ef þær vilja nokkuð læra, þá spyrji þær menn sína að því heima. Því að konunni eru það lýti að tala í safnaðinum. Eða er Guðs orð af yður út komið? Eða er það til yðra einnra saman komið? Ef nokkrum þykir það hann sé spásagnamaður eða andlegur, þá viðurkenni sá hvað eg skrifa yður því að það eru boðorð Drottins. En ef nokkur er skynlaus, þá sé hann skynlaus. Fyrir því, góðir bræður, kostgæfið spádómana að segja og fyrirbjóðið ekki tungurnar að tala. Látið allt siðsamlega og eftir skikkan ske yðar á milli.

Fimmtánda kapítuli

En eg minni yður (góðir bræður) á það evangelium sem eg predikaði yður, hvert þér og meðtókud, í hverju þér og standið, fyrir hvert þér verðið og hjálplegir meður þeim hætti sem eg kunngjörða það yður ef þér hafið því haldið, utan að svo sé þér hafið til ónýts trúað.

Því að eg gaf yður í fyrstu hvað eg meðtók, það að Kristur sé líflátinn fyrir vorar syndir eftir ritningunum og það hann sé grafinn og upp aftur risinn á þriðja degi eftir ritningunum og það hann er séður af Kefas og eftir það af hinum tólf. Og enn eftir á var hann séður meir en af fimm hundruð bræðra í senn, af hverjum margir enn lifa til, en nokkrir eru sofnaðir. Og eftir það er hann séður af Jakobo og síðan af öllum postulunum.

En síðast allra, svo sem af öðrum óskaplegum burði, er hann séður af mér. Því að eg em síðstur postulanna, því að eg em eigi verðugur það eg skuli postuli heita fyrir það eg ofsókn veitti Guðs söfnuði. En af náð Guðs er eg það eg er, og hans náð í mér hefir eigi iðjulaus verið,* heldur hefi eg miklu meira erfíðað en allir þeir, ekki eg, heldur sú Guðs náð sem meður mér er. Það sé nú eg eður þeir, þá predikum vér svo, þér hafið og svo trúað.

En fyrst að Kristur verður svo predikaður það hann sé upprisinn af dauða, hverninn segja þá nokkrir af yður það upprisa framliðinna sé ekki? Og fyrst upprisa framliðinna er ekki, þá er Kristur og ekki upp aftur risinn. En fyrst að Kristur er ekki upp aftur risinn, svo er vor predikan ónýt. Þá er og yðvar trúa ónýt, en vér fyndust ljúgvottar Guðs með því vér hefðum vitnað í gegn Guði það hann hefði Kristum upp vakið, þann hann hefði ekki upp vakið, fyrst hinir framliðnu skulu eigi upp rísa. Því ef framliðnir skulu eigi upp rísa, þá er og Kristur ekki upp aftur risinn. En ef Kristur er eigi upp aftur risinn, þá er yðar trúa ónýt, svo eru þér þá enn í yðrum syndum. Þá eru og hinir, sem sofnaðir eru í Kristo, fortapaðir. Og ef vér vonum alleinasta í þessu lífi á Kristum, svo erum vér hinir vesulustu allra manna.

En nú er Kristur upp aftur risinn af dauða og frumkveðill vorðinn þeirra sem sofnaðir voru. Af því að fyrir manninn kom dauðinn, og fyrir manninn kom upprisa framliðinna. Því að líka svo sem þér dóu allir fyrir Adam, svo verða þér og allir lifgaðir fyrir Kristum. En hver einn í sinni skikkan: frumkveðillinn er Kristur og þar næst þér sem Krists eru í hans tilkomu, þar næst endalokin, þá hann hefir ofurgefíð ríkið Guði feður. Og þá mun hann afmá allan höfðingsskap, herrastétt og valdsstjórn. En honum byrjar að ríkja þar til hann leggur alla óvini undir sína fætur. En þann síðasti óvin, sem afmáður verður, er dauðinn. Því að honum hefir hann alla hluti undir sína fætur gefið. Og þá hann segir það að allt sé undirlagt, þá er það opinbert að sá er undantekinn sem honum hefir alla hluti undirlagt. En nær honum eru allir hlutir undirgefni, þá mun og sjálfur sonurinn undirgefast þeim sem honum undirgaf alla hluti svo að Guð sé allt í öllum hlutum. Hvað gjöra þér elligar sem skírast upp yfir framliðnum? Ef að hinir framliðnu skulu öngvaneginn upp aftur rísa, hvar fyrir skírast þér þá upp yfir þeim? Og hvar fyrir eru vér þá allar stundir í háskasemd? Daglegana dey eg fyrir vora hrósan, hverja eg hefi í Drottnei vorum Jesú Kristo. Því hafi eg eftir mannlegri venju barist við skógdýrin í Efeso, hver nytsemd er mér það þá ef að hinir framliðnu skulu eigi upp aftur rísa? Etu vær og drekkum því að á morgun deyju vér. Látið eigi tæla yður. Því vont samtal spillir góðum síðum. Vaknið réttlega og syndgíst ekki. Því að sumir þér vitið ekkert af Guði, en yður til vanvirðu tala eg þetta.

Nú mætti einhver segja: Hverninn munu hinir framliðnu upp rísa? Og með hvílíkum líkama munu þér koma? Þú drussi, það er þú sáir, lifnar ekki utan það deyi áður. Og það þú sáir, er ekki sá líkami sem verða skal, heldur bert korn, annað hvort hveitis eða einhvers annarra. En Guð gefur því líkam eftir því hann vill og sérhverju einu af fráínu eiginlegan líkama.

Allt hold er eigi líka háttað hold, heldur er annað hold mannanna, annað dýranna, annað fiskanna, enn annað fuglanna. Þar eru og himneskir líkamar og jarðneskir líkamar. Enn aðra dýrð hafa hinir himnesku, enn aðra hinir jarðnesku. Annan bjartleik hefir sólin, en annan bjartleik tunglið, annan bjartleik hafa og stjörnurnar því að önnur stjarnan yfirvinnur aðra í bjartleika. Svo og upprisa framliðinna. Því að það sem sáð verður forgengilegt, mun upp aftur rísa óforgengilegt. Og það sáð verður í vansemd, mun upp aftur rísa í vegsemd. Það sáð verður í breyskleika, mun upp aftur rísa í krafti. Og það sáð verður kjötlegur líkami, mun upp aftur rísa andlegur líkami.

Höfum vér nú kjötlegan líkama, þá höfu vér og andlegan líkama svo sem að skrifað er það hinn fyrsti maður, Adam, sé gjörður í eðlilegt líferni og hinn síðari Adam í andlegt líferni. En hinn fyrsti er eigi andlegur líkami, heldur eðlilegur og eftir það er hinn andlegi. Hinn fyrsti maður af jörðunni er jarðlegur, en hinn annar maður er Drottinn af himnum. Og hvílíkur hinn jarðneski er, svo eru og hinir jarðnesku, og hvílíkur hinn himneski er, svo eru og hinir himnesku. Og líka svo sem vér höfum borið líking hins jarðneska, svo munu vér og bera líking hins himneska.

En þar segi eg af, góðir bræður, það hold og blóð getur eigi eignast Guðs ríki, og hið forgengilega mun eigi eignast hið óforgengilega. Sjáið, að eg segi yður leyndan dóm það vér munum eigi allir sofna, en þó munu vér allir umskiptilegir verða og það næsta skyndilega á einu augabragði við hinn síðasta lúðurþyt. Því að lúðurinn mun gjalla, og hinir framliðnu munu upp rísa óforgengilegir, og vér hinir munum umskiptilegir verða. Því að þetta hið forgengilega hlýtur að klæðast því hinu óforgengilega, og þetta hið dauðlega hlýtur að skryðast hinu ódauðlega.

En þá þetta hið forgengilega skryðist hinu óforgengilega og þetta hið dauðlega klæðist hinu ódauðlega, uppfyllist það mál sem skrifað er að dauði er forsveldur í sigran. Dauði, hvar er þinn broddur? Helvíti, hvar er þín sigran? En dauðans broddur er syndin. Kraftur syndarinnar er lögmálið. En Guði sé þakkir sem oss hefir sigurinn gefið fyrir Drottin vorn Jesúm Kristum. Fyrir því, bræður mínir, verið staðfastir og óhræranlegir og aukist ætíð í verki Drottins með því þér vitið að yðvar erfíði er eigi ónýtt í Drottni.

Sextándi kapítuli

En af þeirri stuðning sem ske skal við hina heilögu, svo sem að eg hefi boðið söfnuðunum í Galatia, þá gjöri þér og líka. Og einhvern þvottadaga þá leggi hver yðar hjá sjálfum sér og saman safni hvað honum er bærillegt svo að eigi þurfi, þá eð fyrsta er eg kem til, þessari stuðning saman að safna. En þá er eg kem þar, vil eg senda þá þaðan hverja helst þér kjósið til með bréfin svo að þeir flytji yðra góðvild til Jerúsalem. Og ef þess gjörist þörf að eg ferðist þangað, þá skulu þeir með mér fara. En eg mun koma til yðar þá eg fer um Makedóníam því að um Makedóníam mun eg ferðast. En má vera að eg blífi hjá yður og sé þar einninn um veturinn svo að þér gjörði mína útför hvert sem eg kann ferðast.

Nú vil eg eigi sjá yður í þessari yfirferð því að eg vona það eg muni um stundar sakir teftja hjá yður ef Drottinn lofar. En í Efeso mun eg dveljast allt til hvítasunnunnu því að mér er þar miklar dyr opnaðar og þeir eru kostgæfnir, en margir eru þar mótmælendur. Og þá Tímóteus kemur til yðar, sjáið svo til hann sé utan ótta hjá yður því að hann rekur Drottins eyrindi svo sem að eg. Fyrir því forsmái hann enginn, heldur leiðið hann út í friði svo að hannkomi til mín. Því að eg bíð hans með bræðrunum.

En af Appollo bróður (þá vitið) það eg hefi áminnt hann marga vega að hann kæmi til yðar með bræðrunum. En það var með öngu móti hans vilji það hann kæmi nú, en hann mun koma þá hann fær tómt til. Vakið og standið í trúnni, berið yður karlmannlega að og verið styrkvir. Alla yðra hluti látið ske í kærleika.

En eg áminni yður, góðir bræður. Þér kenið heimkynni Stefani það þeir eru frumburðir þeirra í Akkaia, og sjálfir hafa þeir skikkað sig til þjónustu við heilaga upp á það þér séuð og þvílíkum undirgefni og öllum sem þeim samverka og erfíða. En eg fagna af tilkomu Stefana og Fortunati og Akkaíki því hvað mig vantaði á hjá yður, það uppfylltu þeir því að þeir endurnærðu minn anda og yðvarn. Fyrir því viðurkennið þá fyrir þess háttar menn.

Yður heilsar söfnuðurinn í Asía. Yður heilsar mikillega í Drottni Akvílas og Priskilla með þeim söfnuði í þeirra húsi. Yður heilsa allir bræður. Heilsid hver öðrum með heilögum kossi. Eg, Páll, heilsa yður með minni hendi. Og ef sá er nokkur hann elski ekki Drottin vorn Jesúm Kristum, þá sé hann †anathema maharam motha. Náð Drottins vors Jesú Kristi sé með yður. Minn kærleiki sé með yður öllum í Kristo Jesú. Amen.

Hinn fyrri pistill til þeirra í Korintuborg, sendur út af Asía fyrir Stefanon og Fortunatum og Akkaikon og Tímóteon.

† (anathema) það þýðist á norrænu bann, anathema upp á girsku, maharam upp á ebresku er hið sama moth, en það kallast dauði. Nú vill S. Páll segja hver hann elskar ekki Kristum, sá er bölvauður til dauða.

Formáli yfir annan S. Páls pistil til þeirra í Korintíu

Í þeim hinum fyrra pistli hefir hinn heilagi Páll harðlega straffað þá í Korintíu í mörgum greinum, hrellandi snörpu víni í benjarnar og hræðandi þá svo. En nú sem einum postula og huggunarsamlegum predikara ber að vera, viðréttandi hinar bljúgu og skelfðu samviskur frammar en hrellandi. Fyrir því þrísar hann þá nú aftur í þessum pistli, hrellandi svo viðsmjörvi í sárin, tjáandi sig þeim næsta vingjarnlegan og bjóðandi þeim að meðtaka hinn synduga aftur meður kærleika.

Í hinum fyrsta og öðrum kapítula auglýsir hann sinn kærleika viður þá, hversu að hann hefir alla hluti sagt, gjört og liðið þeim til nytsemdar og heilsugjafar svo að þeir mættu því heldur alls hins besta til hans vænta.

Eftir það þrísar hann guðsspjalllegt embætti, hvert að sé hið allra hæðsta og hugganarsamlegasta verk samviskunum til nytsemdar og hjálpræðis, og útvísar að það sama sé öllu betra en lögmálsins embætti og það verði og ofsóknum sókt, en ávaxtist þó hjá trúuðum og afli fyrir krossburðinn von eilífrar dýrðar. En jafnframt þessu öllu afstingur hann þá falspostula, þeir eð lögmálið harðlega hnúðu fram í gegn Guðs evangelio, hverjir ekki utan augsýnisheilagleik (það er hræsni) boðuðu og létu hinar innri skammir vantrúarinnar kyrrar vera. Þetta gjörir hann nú í hinum þriðja, fjórða og fimmta kapítula.

Í hinum sétta og sjöunda áminnir hann þá það þeir eftirfylgi slíkri predikan með verkum og líðingu og lyktar það meður þeirra lofsögn upp á það að hann hvetji þá svo til meiri ákefðar.

Í átta og níunda áminnir hann þá það þeir veiti í þeirri dýrri tíð hjálp og stuðning þeim heilögum sem til Jerúsalem höfðu í upphafi öll sín auðæfi ofurgesið (Akt. iv. kapítu.).

Í hinum tíunda, ellefta og tólfta hefir hann að skaffa viður þá falspostula.

Í þrettánda heitir hann þeim harðindum sem syndgað höfðu og ekki betruðu sig.

Annar S. Páls pistill til Korintios

Fyrsti kapítuli

Páll postuli Jesú Kristi fyrir Guðs vilja og Tímóteus bróðir. Þeirri Guðs safnan í Korintio samt öllum heilögum þeim að eru í öllu Akkaia.

Sé náð og friður með yður af Guði vorum föður og Drottni Jesú Kristo. Blessaður sé Guð, faðir vors Drottins Jesú Kristi, hver að er faðir miskunnsemdanna og Guð allrar hugganar, sá oss huggar í allri vorri hryggðan svo að vér getum og huggað þá, sem eru í allsháttuðum hryggðum, meður þeirri huggan þar vér verðum með af Guði huggaðir. Því að líka svo sem að gnæfa harmkvælingar Kristis í orr, svo og líka gnæfir vor huggan fyrir Kristum.

En hvort að vér höfum hryggð eður huggan, þá sker það yður til góða. Er það hrygging, þá sker það yður til hugganar og heilsugjafar (hver heilsugjöf að auðsýnir sig ef þér á þann máta meður þolinmæði líðið líka sem það vér líðum). Er það huggan, svo sker það yður til hugganar og hjálpræðis. Og vor von er staðföst fyrir yður af því að vér vitum það að líka sem þér eruð hluttakarar vorðnir hryggðanna, svo munu þér og verða hluttakendur hugganarinnar.

Því að vér viljum eigi dylja fyrir yður, góðir bræður, vora hryggð, hverja oss skeði í Asía. Því að vér vorum ódæmilega forþyngdir og yfir megn fram svo að vér örvæntum einninn lífi að halda, órskurðandi það með sjálfum oss að vér ættum að deyja. En það skeði þar fyrir að vér settum ekki vorn trúskap á sjálfa oss, heldur upp á þann Guð er dauða upp vekur, hver oss hefir frelsað af því líkum dauða og nú daglega frelsar og enn vonum það að hann muni oss frelsa hér eftir fyrir tilstyrk yðrar fyrirbónar fyrir oss svo að fyrir þá gáfu, sem oss er gefin, fyrir margar persónur ske mikil þakkargjörð.

Því að vor hrósan er það: Vitnan vorrar samvisku það vér höfum í einfaldleik og Guðs skærleika, eigi í holdlegri visku, heldur í Guðs náð gengið í heiminum, en einna mest hjá yður. Því að vér skrifum yður ekki annað en það þér vitið áður þá þér lesið það. En eg vona það þér munuð kenna oss svo allt til endaloka svo sem þér hafið og kennt oss af nokkri álfu. Því að vér erum yðar hrósan líka svo sem að þér eruð og vor hrósan á degi Drottins Jesú. Og upp á því líkan trúskap þenkta eg nú síðast að koma til yðar upp á það þér öðluðust tvefaldar velgjörðir, og eg ferðaðist fyrir yður í Makedóníam og kæmi úr Makedónía aftur til yðar og verði svo af yður á veg leiddur í Júdeam.

En hafi eg léttferli framið, þá er eg hugleidda slíkt, eða er mín fyrirhugsan kjötleg? Eigi svo, heldur hjá mér er já já og nei er nei. En trúlyndur er Guð því að vor orð voru eigi til yðar já og nei. Því að sonur Guðs, Jesús Kristur, sá að fyrir oss er á meðal yðar predikaður fyrir mig og Silvanum og Tímóteum, hann var eigi nei og já, heldur var það já í honum. Því að öll Guðs fyrirheit eru já í honum og eru

amen í honum Guði til dýrðar fyrir oss. En Guð er það sem oss staðfestir samt yður í Kristo og oss hefir smurt og innsiglað og í vor hjörtu gefið vissu andarins.

Annar kapítuli

En eg ákalla Guð til vitnis upp á mína sál það eg þyrmda yður í því að eg em ekki kominn aftur til K erum vér tilhjálpændur yðvars fagnaðar. Því að þér standið í trúnni. Eg þenkta og með sjálfum mér það að koma eigi aftur til yðar meður hryggð. Því ef svo er að eg hryggi yður hver er hann þá, sá að mig gleður utan einasta sá sem af mér verður hryggur gjör? Og það hið sama skrifaði eg yður svo að eg þyrfti eigi hryggur að vera þá eð eg kæma, af hverju eg ætta þó glaður að vera með því að eg treysti þess til yðar allra það að minn fögnuður sé allra yðar fögnuður. Því að eg skrifaði yður til í mikilli hryggð og hjartans trega með mörgum tárköllum, eigi það þér skylduð hryggvir verða, heldur það þér skylduð kenna þann kærleika sem eg hefi sérdeilis til yðar.

En þótt einhver hafi hryggðan upp byrjað, sá hefir ekki mig hryggt, heldur einasta í nokkurn máta upp á það að eg þyngda yður eigi alla. En það nægir að sá sami er af mörgum svo straffaður upp á það þér fyrirgefið honum nú héðan af því framar og huggan veitið svo að hann sökkvist ekki í of miklan hryggleik. Hvar fyrir að eg beiði yður það þér auðsýnið á honum kærleik. Því fyrir það skrifaði eg yður til, það eg kenna yðra raun, hvort að þér væruð hlýðugir í öllum greinum. Og hverjum sem þér fyrirgefið nokkuð, þeim fyrirgef eg og. Því eg einninn, svo ef eg fyrirgef nokkrum eitthvað, það fyrirgef eg yðar vegna í Kristis augliti svo að vér verðum eigi tældir af andskotanum því að oss er eigi óvitanlegt hvað hann hefir í skapi.

En þá er eg kom til Tróada að predika Krists evangelium og mér voru dyr upp loknar í Drottni, hafða eg eigi hvíld í mínum anda það eg fann ekki Títón, minn bróður, heldur gjörði eg minn skilnað viður þá og fór burt í Makedóníam. En Guði sé þakkir, sá eð alla tíma gefur sigurinn í Kristo og fyrir oss opinber að ilming sinnar kynningar í öllum áttum. Því að vér erum Guði góð ilming í Kristo bæði á meðal þeirra, sem hjálpast og meðal þeirra, sem fortapaðir verða, þessum ilmur dauðans til dauða, en hinum ilmur lífsins til lífs. Og hver er hæfilegur til þessa? Því að vér erum ekki svo sem margir aðrir, þeir eð Guðs orð forblanda, heldur svo sem af skærleika og svo sem af Guði tölum vér fyrir Guðs augliti í Kristo.

Þriðji kapítuli

Tökum vér enn aftur til að hæla sjálfum oss? Eða þurfu vér líka svo sem að nokkrir hólsbréfanna til yðar eður hólsbréfin af yður? Þér eruð vort bréf, skrifað í vorum hjörtum, sem auðkennt og lesið verður af öllum mönnum. Þér sem augljósir eruð vorðnir það þér eruð bréf Kristi til reiddir fyrir predikunarembætti og af oss skrifaðir, eigi meður bleki, heldur meður anda Guðs lifanda, eigi á steinsspöldum, heldur á holdlegum spöldum hjartans. En slíkan trúskap þá höfum vér fyrir Kristum til Guðs, eigi svo það vér séum af sjálfum oss neytir nokkuð að hugleiða svo sem af sjálfum oss til, heldur ef vér erum nokkuð neytir, þá er það af Guði, sá að oss gjörði neyta fram að flytja embætti hins nýja testamenti, eigi bókstafsins, heldur andans. Því að bókstafurinn deyðir, en andinn lifgar.

En fyrst það embætti, sem fyrir bókstafinn deyðir og á steinum er grafið, hafði bjartleik svo að Íraelssynir gátu eigi litið í ásjánu Moysi fyrir bjartleika sakir hans andlits, sem þó tekur enda, hverninn skyldi þá ekki miklu meir það embætti, sem andann gefur bjartleik, hafa. Því fyrst það embætti, sem fyrirdæmingina boðar, hefir birti, miklu framar hefir þá það embætti, er réttlætið boðar, yfirgnæfanlegan bjartleik.* Því að í suman máta það sem birt var, þá er fyrir öngva birti haldanda í gegn þessari yfirgnæfanlegri birti. Því fyrst það hafði birti, sem enda tekur, miklu framar mun þá það hafa birti sem stöðugt blifur.

Af því vér höfum nú slíka von, þá erum vér djarfir í nóg og gjörum eigi svo sem Moyses gjörði, hver eð fortjald hengdi fyrir sína ásján svo að Íraelssynir fengu eigi litið ending þess er enda tók, heldur eru þeirra hugskot forblinduð. Því að allt til þessa dags blifur það sama fortjald tillukt yfir því gamla testamento þann tíð sem þeir lesa það, hvert að fyrir Kristum tók enda. Því að enn allt til þessa dags þá Moyses verður lesinn, hengur það fortjald fyrir þeirra hjörtum. En ef þeir snerust til Drottins, svo yrði það fortjald í burt tekið. Því að Drottinn er andi, en hvar andi Drottins er, þar er frelsi. Og nú speglar sér í öllum oss bjartleiki Drottins meður óhuldri ásján, og vér verðum svo í þeirri samri mynd upp birtir frá birtu til birtu svo sem af anda Drottins.

Fjórði kapítuli

Hvar fyrir á meðan vér höfum nú svoddant embætti svo sem að vér höfum miskunnsemi til öðlast, þá tregumst vér ekki, heldur afsegjum vér einninn heimuglegar skammir og förum eigi með fláttskap, forblöndum og ekki Guðs orð, heldur með opinberum sannindum og auðsýnum oss hægan viður allar samviskur manna fyrir Guði.

Er nú vort evangelium hulið, þá er það hulið í þeim sem fortapaðir verða, í hverjum að Guð þessarar veraldar þá hefir forblindað hugskot vantrúaðra svo þeim skíni eigi uppbirting þessa evangelií Krists dýrðar, hvert að er Guðs ímynd. Því að vér predikum ekki sjálfa oss, heldur Jesúm Kristum það hann sé Drottinn, en vér yðrir þjónar Jesús vegna. Því að sá Guð er ljósinu bauð úr myrkrinu að skína, hann hefir birtuna gefið í vor hjörtu til uppbirtingar og viðurkenningar Guðs bjartleika í andliti Kristi Jesú.

En þennan tesaur höfu vér í jarðlegum kerum svo að hæðin kraftarins sé Guðs og eigi af oss. Alla vega líðum vér hryggðanir, en vér hryggjunst þó eigi, oss veitir torvelt, en vér örvílust eigi, vér líðum ofsókn, en vér verðum eigi fyrirlátnir, vér verðum niðurbrykktir, en vér fyrirförunst eigi. Og ætíð beru vér um kring deyðing Drottins Jesú á vorum líkama svo að einninn og það líf Drottins Jesú opinskárt verði á vorum líkama.

Því að vér, sem lifum, verðum jafnan í dauða seldir Jesús vegna svo að einninn það líf Jesú opinskárt verði á voru dauðlegu holdi. Fyrir því verkar nú dauðinn í oss, en lífið í yður. En á meðan það vér höfum þann sama anda (eftir því að skrifað er: Eg trúði, og fyrir það tala eg) og vér trúum, fyrir því tölum vér einninn og vitum það að sá sem Drottin Jesúm hefir upp vakið að hann muni oss og upp vekja fyrir Jesúm og mun skikka oss þar meður yður. Því að allt þetta sker yðar vegna svo að sú yfirgnæfanlega náð fyrir margra þakkagjörð vegsami Guð ríkulegana.

Fyrir því letjunst vér ekki, heldur þótt það minn ytri maður fordjarfist, þá mun þó sá hinn innri dag frá degi endurnýjast. Því að vor hryggð, sem stundleg og létt er, útvegar oss yfir allan máta eina eilífa dýrðarvog er eigi álitum hið sýnilega, heldur á hið ósýnilega. Því að hvað sýnilegt er, það er stundlegt, en hvað ósýnilegt er, það er eilíft.

Fimmti kapítuli

Því vér vitum þótt vort jarðneska hús þessarar byggingar verði niður brotið það að vér höfum bygging af Guði upp byggða, hús eigi með höndum gjört það ævinlegt er á himnum. Því að þar eftir forlengir oss einninn vorri íbygging, sem er af himni, girnandist henni að yfirklæðast svo að vér finnst klæddir og eigi nöktir. Því á meðan vér erum í þessu hreysi, þá forlengir oss og erum þyngdir að því vér vildum fegnir eigi nöktir, heldur yfirklæddir verða upp á það hið dauðlega burt svelgdist af lífinu. En hann, sem oss býr til þess hins sama, er sá Guð sem oss hefir gefið pantinn andarins.

En jafnan þá erum vér með góðum huga og vitum það á meðan vér byggjum í þessum líkam, þá eru vér ekki heima hjá Drottni. Því göngu vér í trúnni og ekki í augsjón. En vér erum með góðum huga og höfum miklu meiri góðvild til að vera fjarlægir af líkamanum og nálægir hjá Drottni. Fyrir því kostgæfum vér og einninn hvort vér erum heima nálægir eða í fráverum fjarlægir það vér þökkust honum. Því vér hljótum allir að opinberast fyrir dómstóli Krists upp á það að hver einn öðlist það á sínum líkam eftir því hann hefir aðhafst, sé það gott eða illt.

Því vér vitum það Drottinn er óttandi, þá föru vér í hægð að við lýðinn. En Guði erum vér opinberir, eg vona og einninn það vér séum og í yðrum samviskum opinberir svo að vér lofum eigi sjálfa oss að nýju, heldur það að vér gefum yður tilefni að hrósa af oss upp á það þér hafið nokkru að hrósa í móti þeim sem hrósa sér eftir yfirlitum og ekki eftir hjartanu.

Því eru vér æðismiklir, svo eru vér það Guði, eru vér gæfir, þá eru vér yður gæfir. Því að Krists kærleiki þvingar oss af því vér höldum það þar fyrir. Fyrst að einn hefir fyrir alla dáíð, þá sé þeir allir dauðir. Og því hefir hann fyrir alla dáíð svo að þeir, sem lifa, lifi eigi sjálfum sér, heldur honum sem fyrir þá hefir dáíð og upp aftur risinn.

Þar fyrir kennum vér nú hér eftir öngvan eftir holdinu. Þótt að vér höfum einninn kennt Kristum eftir holdinu, þá kennu vér hann þó nú eigi svo lengur af því. Er nokkur í Kristo, þá er hann ný skepna, hið gamla er umliðið. Sjáið, allt er það nýtt vordið, en allt það af Guði, hver oss forlíkti við sjálfan sig fyrir Jesúm Kristum og gefið oss það embætti sem forlíkunina predikar. Því að Guð var í Kristi og forlíkti veröldina viður sjálfan sig, tilreiknandi henni eigi sínar syndir og hefir upp reist vor á meðal orðið af forlíkuninni.

Svo eru vér nú sendiboð af Krists álfu því að Guð áminnur fyrir oss. Þar fyrir biðjum vér yður fyrir Kristum. Látið forlíka yður við Guð því hann hefir þann sem af öngri synd vissi fyrir oss að synd gjört upp á það vér yrðum það réttlæti sem fyrir Guði dugir.

Sétti kapítuli

En vér áminnum yður svo sem meðhjálpara það þér meðtakið ekki Guðs náð til ónýtis. Því hann segir: Í þægan tíma heyrða eg þig, og á degi hjálpræðisins hjálpaði eg þér. Sjáið, nú er sá þægilegi tími, nú er dagur hjálpræðisins. Látum oss því gefa öngum hindran upp á það vort embætti verði eigi lastað, heldur augsýnum oss sjálfa í öllum hlutum svo sem Guðs þénara.

Í mikilli þolinmæði, í harmkvælum, í háskasemdum, í þyngslum, í húðstrokum, í fjötrum, í upphlaupum, í erfiði, í vöku, í föstu, í hreinlífi, í viðurkenning, í biðlundargæði, í hógværi, í helgum anda, falslausum kærleika, sannleiksins orði, í Guðs krafti, fyrir herklæði réttlætisins til hægri og vinstri handar, fyrir vegsemd og vansemd, fyrir vanrykti og gott rykti, svo sem falsarar og þó sannarlegir, svo sem ókunnigir og þó kunnigir, líka svo sem þeir eð deyja, og sjáið, það vér lifum, svo sem hegndir og eigi líflátir, svo sem syrgjendur, þó jafnan glaðir, svo sem volaðir, en þó sá margan auðgar, líka sem þeir eð ekkert hafa og þó eignast alla hluti.*

Ó, þér í Korintíu, vor munur hefir sig opnað til yðar. Vort hjarta er glatt. Vorra vegna þurfi þér ekki tvistir að vera. En það þér eruð tvistir, það gjörði þér út af hjartgróinni meiningu. Við yður tala eg svo sem við börn mín að þér hegðið yður svo og einninn viður mig og séuð líka glaðir.

Togið ekki okið meður vantrúuðum. Því að hverja hluttöku hefir réttlætið með ranglætinu? Eða hvert sam lag hefir ljósið við myrkrin? Eða hverja samtengd hefir Kristur við Belíal? Eða hvert hlutskipti hefir trúaður með vantrúaðum? Hverja samlíking hefir Guðs musteri við skurgoðahús? En þér eruð musteri Guðs lifanda eftir því sem Guð segir: Eg man byggja í þeim og ganga þeirra á meðal, eg man og vera þeirra Guð, og þeir skulu minn lýður vera. Þar fyrir gangið út frá þeim og fráskiljið yður, segir Drottinn. Og snertið ekki það óklárt er, þá mun eg meðtaka yður og vera yðar faðir, og þér skuluð vera mínir synir og dætur, segir Drottinn almáttugur.

Sjöundi kapítuli

Á meðan vér höfum nú þvílík fyrirheit, kærustu vinir, þá förum til og hreinsum oss af allri saurgan holdsins og andans og áfram förum meður helguninni í guðshræðslu. Höndlið oss. Öngum gjörðu vér mein, öngum gjörðu vér skaða, öngvan drögu vér á talar. Þetta segi eg ekki yður til fordæmingar. Því að eg hefi áður sagt það þér eruð í voru hjarta samt til að deyja með og að lifa með. Gláður tala eg við yður, mörgu hrósa eg af yður. Uppfylltur em eg hugganar, yfirgnæfanlegur em eg í allri vorri hryggðan. Því þá vér komum í Makedónía, hafði vort hold öngva ró, heldur í öllu liðu vér hryggðan, hið ytra í baráttu, hið innra í óttablendni. En Guð, sá er huggar lítilmagnana, hann huggaði oss fyrir tilkomu Títi.

En eigi alleinasta fyrir hans tilkomu, heldur einninn fyrir þá huggan þar hann var af yður meðhuggaður, kunngjörandi oss yðra forlenging, yðvarn ekka, yðra kostgæfni um mig svo að eg gleð mig enn meir. Því það eg hryggða yður fyrir bréfið, iðrar mig ekki. Og þótt mig iðraði það, kann vera fyrst að eg sé að það bréf hefir aðeins um stundarsakir hryggt yður, svo gleð eg mig nú þó, eigi af því það þér voruð hryggvir, heldur það þér voruð hryggvir til iðranar. Því að þér eruð guðlega hryggvir vorðnir svo að þér fenguð öngvan skaða af oss í neinu. Því að guðleg hryggðan verkar iðran til hjálpræðis þá er öngvan iðrar, en þessa heims hryggðan verkar dauða.

Sjáið, það þér eruð guðlega hryggvir vorðnir, hverja alúð það hefir með yður verkað, þar að auk forsvar, heift, ótta, forlengtan, vandlætan, hefnd. Og í öllum hlutum þá hafi þér auðsýnt yður að þér eruð skírir þess verks. Fyrir því þó að eg skrifaði yður, þá er það ekki hans vegna skeð, sem reitingina framdi, og ekki hans vegna, sem reittur er, heldur þess vegna það yðar kostgæfni við oss opinber yrði hjá yður fyrir Guði. Af því þá erum vér vorðnir huggaðir það þér eruð huggaðir. En þó höfum vér enn yfir allt fram glatt oss meir yfir fögnuði Títi því að hans andi er á nýju endurnærður til allra yðar. Því hvað eg hefi hrósað af yður fyrir honum, í því verð eg eigi vanvirtur, heldur líka svo sem að allt það er sannleiki hvað eg hefi við yður talað, svo er og einninn vor hrósan hjá Títo sannleikur vorðinn. Og honum er af hjarta öldungis vel til yðar þá er hann hugleiðir hlýðni allra yðarra, hverninn þér hafið af ótta og skjálfta hann meðtekið. Eg gleð mig og það eg má alls góðs til yðar treysta.

Áttandi kapítuli

Eg kunngjóri yður, kærir bræður, þá Guðs náð, sem gefin er safnaðinum í Makedónía, því að þeirra fögnuður var þá yfirgnæfanlegur. Þann tíð þeir urðu fyrir mörg harmkvæli reyndir og þótt að þeir voru næsta fáskrúðaðir, þá hafa þeir þó ríkulega gefið í öllum einfaldleik. Því að eftir öllu megni (það vitna eg) og yfir megn fram voru þeir sjálfviljugir og beiddu oss með mörgum áminningum það vér meðtækjum þá góðgjörð og samlag nauðþurftarinnar, sem þeim heilögum veittist, og eigi sem vér vonuðum, heldur gáfu þeir í fyrstu sjálfa sig Drottni og oss eftir það fyrir Guðs vilja sakir það vér hlutum að áminna Títum eftir því hann hafði áður upphafið, svo skyldi hann og fullenda slíka velgjörð yðar á milli.

En líka sem þér yfirgnæfið í öllum greinum, í trúnni, í orðum, í viðurkenningunni og í allri kostgæfni og í yðrum kærleika til vor, svo afrekið einninn það þér yfirgnæfið og í þessari velgjörð. Eg segi ekki sem bjóði eg það, heldur á meðan það að hinir aðrir eru svo kostgæfnir, þá reyni eg yðvarn kærleika hvort hann er af réttum huga í því þér vitið náð vors Drottins Jesú Kristi, þá, þótt hann væri ríkur, varð hann þó volaður yðar vegna upp á það þér yrðuð fyrir hans fátækt auðugir. Og mína ráðþægni gef eg í þessu því að þetta er yður nytsamlegt. Þér sem upp hafið byrjað fyrir tólf mánuðum eigi einasta gjörninginn, heldur jafnvel viljann, því fullkomnið nú og einninn gjörninginn upp á það líka sem að þar er hneigilegur hugur til viljans svo sé þar og einninn hneigilegur hugur til gjörningsins af því sem þér hafið til. Því fyrst hann er góðviljaður, þá er hann þakknæmur eftir því sem hann hefir til, en eigi eftir því hann hefir ekki.

Eigi sker það í þá meining það aðrir hafi hvíld, en þér hrelling, heldur að það sé líka svo að yðar gnægð þjóni þeirra þurft í þessari hallæristíð upp á það að þeirra gnægð eftir á þjóni yðvarri þurft og það ske hvað líkt er, sem að skrifað er: Þann er miklu safnaði hafði ekkert afgangs, og sá er litlu safnaði, hann hafði öngvan brest. En Guði sé þakkir sem slíka fyrirhyggju hefir gefið í hjarta Títi til yðar. Því að hann meðtók að sönnu þá áminning, en með því hann var svo mjög kostgæfinn er hann af sínum eigin vilja til yðar farinn.

En vér sendum með honum vorn bróður, þann er lof hefir í evangelio um allar samkundur. Og eigi alleinasta það, heldur er hann einninn skikkaður út af samkundunum oss til förunauts til þessarar velgjörðar, sem fyrir oss verður saman söfnuð Drottni til sæmdar, og að gæta þess það enginn mætti eftir oss segja nokkuð vont slíkrar auðigrar næringar hálfu, sem fyrir oss verður saman dregin, og vakta að það færi sæmilega, eigi alleinasta fyrir Drottni, heldur einninn líka fyrir mönnum.

Svo höfum vér og sent með þeim bróður vorn, þann vér höfum oft reynt í mörgum greinum það hann sé kostgæfinn, en nú miklu kostgæfnari. Og vér höfum mikið traust á yður, sé það Títus vegna (sem er minn lagsmann og hjálparmaður yðar á milli) eður vegna vorra bræðra (hverjir að eru postular samkundanna og dýrðar Krists) fyrir því hafið í ljósi auðsýning yðvars kærleika og vorrar hrósanar um yður viður þessa einninn í augliti safnaðanna.

Níundi kapítuli

Því af þessari næringarbjörg, sem þeim heilögum sker, er mér eigi þörf á að skrifa yður til um því að eg veit yðvarn góðan vilja, hvar af eg hrósa hjá þeim úr Makedónía og segi það Akkaia er fyrir tólf mánuðum reiðubúin. Og yðart eftirdæmi hefir marga til knúid. En eg hefi af því þessa bræður hingað sent svo það vor hrósan út af yður yrði ei að öngu í þeirri grein og þér séuð reiðubúnir líka svo sem að eg hefi sagt út af yður svo að ef þeir úr Makedónía kæmu meður mér og myndi yður óviðurbúna svo vér (eg vil eigi segja þér) verðum ekki skammaðir með slíkri hrósan.

En eg hefi álitid það fyrir nauðsyn að áminna bræðurna það þeir færi fyrst til yðar að reiðubúa þessa áðurlofaða blessan það hún sé til reiðu svo sem það sé blessan, en engin ágirni. En eg segi það hver hann sáir sparlega, sá mun sparlega uppskera, og hver hann sáir niður í blessanum, sá mun og einninn í blessanum uppskera, hver einn eftir sínu hugboði, eigi meður óvilja eður kúgan því að hýran gjafara hefir Guð sér kæran.

Því Guð er máttugur að gjöra það allsháttuð náð sé gnógleg meðal yðar svo að þér hafið allsgnægð í öllum hlutum og yfirgnæfið í öllum góðum verkum. Svo sem að skrifað er: Hann útdreifði og gaf fátækum, hans réttlæti blífur um aldir alda. En sá er sæðið gefur kornsæðaranum, sá mun og gefa brauðið til fæðslunnar, hann mun og margfalda yðvart sæði og aukast láta fjjóvngan yðvars réttlætis það þér séuð auðugir í öllum hlutum með allan einfaldleik sem fyrir oss verkar þakkargjörð Guði.*

Því að sú næringarstoð þessarar bjargar uppfyllir ekki alleinasta þá nauðþurft heilagra, heldur yfirgnæfir einninn í því það margir þakka Guði fyrir þessa vora trúa þjónustu og prisa Guð yfir yðvarri hlýðugri viðurkenningu Krists guðsspjalla og yfir yðvarri einfaldlegri hjálparstoð til þeirra og til allra og yfir þeirra bænum fyrir yður, hverja að forlengir eftir yður fyrir sakir þeirrar yfirgnæfanlegrar Guðs náðar í yður. En Guði sé þakkir fyrir sína óumræðilega gáfu.

Tíundi kapítuli

En eg, Páll, beiði yður fyrir góðgirnd og hógværi Krists, sá sem að í nálægð er lágur yðar á milli, en í fjarska em eg þanninn djarfur við yður. Því bið eg yður það mér sé ekki þörf nálægum djarflega að höndla og þá djörfung frammi hafi sem mér verður til lögð viður suma þeir oss akta sem gengu vér eftir holdsins plagsið. Því þótt vér göngum í holdinu, þá skríðum vér þó eigi eftir holdlegum plagsið því að herskrúði vors riddaraskapar er eigi holdlegur, heldur máttugur fyrir Guði til niðurbrots þeirri staðfestu, hvar með vér niður brjótum þá ásetning og alla hæð sem að sig upp hefur í gegn Guðs viðurkenningu og að herfangi tekur alla skynsemd undir Krists hlýðni og erum reiðubúnir að hefna allrar óhlýðni þá er yðar hlýðni er uppfyllt. Dæmi þér eftir álitu.

Treystir nokkur þar upp á það hann sé Krists, þá þenki sá einninn þetta hjá sjálfum sér, það líka sem að hann heyrir Kristi til, svo heyru vér einninn Kristi til. Og þó að eg hrósaði mér nokkuð framar út af þeirri vorri makt sem Drottinn hefir oss gefið yður til betrunar og ekki til fordjörfunar, þá munda eg þó ekki til skammar verða. En þetta segi eg upp á það þér látið yður ei þykja sem hefða eg viljað skelfa yður með bréfum. Því að þau bréfin (segja þeir) eru þung og sterk, en nálægð líkamans er veik og málið forsmánarlegt. Hver þess konar er, hann þenki það líka sem vér erum með orðin í bréfunum í fráverunni, svo dirfunst vér einninn að vera með gjörninginum í nálægðinni.

Því að vér dirfunst ekki að reikna oss eður telja meðal þeirra sem sig sjálfir lofa. En með því þeir meta sig hjá sjálfum sér og halda svo einasta nokkuð út af sér sjálfum, þá undirstanda þeir ekkert. En vér hrósum oss ekki yfir mál fram, heldur alleinasta eftir skammti þeirrar reglu þar eð Guð hefir oss þann skammt með afmetið: Að geta náð einninn allt til yðar. Því að vér förum ekki of langt í frá svo sem að hefðu vér eigi náð getað allt til yðar. Því vér erum komnir allt til yðar meður Krists guðsspjöllum og hrósum oss ekki fram yfir það mál í annarlegu erfiði og vonum nú nær yðar trú frjövast í yður það vér munum víðara komast eftir vorri reglu og predika einninn þetta evangelium þeim sem hinumegin yðar búa og hrósa oss ekki í því sem með annarlegri reglu er tilbúið.

Ellifti kapítuli

En hver sér hrósar, sá hrósi sér í Drottni. Því fyrir það er enginn reyndur það hann lofar sig sjálfur, heldur það Drottinn lofar hann. Gæfi Guð þér þylduð mér litla eina fávisku til góða, að sönnu þolið þér mér hana til góða. Því eg vanda um við yður með guðlegu vandlæti því að eg hefi fastnað yður einum manni svo að eg í hendur selda Kristi skírlífa mey. En það óttunst eg að líka sem höggormurinn tældi Evu með sinni fláræði, svo líka megi og fordjarfast yðar hugskot og af falla í frá þeim einfaldleik, sem að er í Kristo, í því ef sá sami, sem til yðar kemur, predikaði einn annan Jesúm, þann vér höfum ei predikað, eða ef þér meðtækið annan anda, þann þér höfðuð ekki meðtekið, elligar annað evangelium, það þér höfðuð ekki meðtekið, þá umliðu þér þá réttlega.

Því að eg held það eg sé eigi minni heldur en þeir hinir æðstu postular eru. Og þótt eg sé fáfróður í málinu, þá em eg þó eigi fáfróður í viðurkenningunni því eg em hjá yður öldungis vel kenndur. Eða hefi eg syndgast í því það eg minnkaða mig svo að þér upphéðust því að eg hefi kunngjört yður þetta evangelium fyrir ekkert? Og því hefi eg svipt aðrar samkundur og verðlaunin frá þeim tekið, það eg predikaði yður. Og þann tíð eg var hjá yður nálægur og mig skorti, var eg öngum þungur því mína nauðþurft uppfylltu þeir bræður sem komu af Makedónía. Og í öllum hlutum gætta eg mín að vera utan þyngsla við yður, og svo vil eg gæta mín héðan í frá.

Því svo sannarlega sem Krists sannleikur er í mér, þá skal mér þessi hrósan í héruðum Akkaia ekki tilstíflid verða. Hverninn þá það? Að eg skylda eigi elska yður? Guð veit það. En hvað eg gjöri og vil gjöra, það gjöri eg fyrir það að eg afkvisti þeim það tilefni, sem tilefnis fara á leit, það þeir mættu hrósa sér að þeir sé svo sem vér. Því að þess háttar falspostular og sviksamlegir erfiðismenn umvenda sér til Krists postula. Og það er eigi undur því sjálfur andskotinn umsnýr sér stundum til ljóssins engils. Fyrir því er það eigi mikils vert þótt hans þénarar umvendi sér einninn til réttlætisins predikara, hverra endalok munu verða eftir þeirra verkum.

Eg segi nú enn aftur það enginn meini það eg sé fávís. En ef eigi þá meðtækið mig sem annan fávísan svo það eg hrósi mér einninn nokkuð lítið. Hvað eg tala nú, það tala eg eigi svo sem í Drottni, heldur svo sem í fávisku. Með því vér erum í hrósunina komnir, að því margir hrósa sér eftir holdinu, vil eg einninn hrósa mér því að þér umlíðið gjarnan fáfróða með því þér eruð sjálfir vitrir. Þér umlíðið þótt nokkur hneppi yður í þrælkan, þótt nokkur skammyrði yður, þótt nokkur taki frá yður, þótt nokkur hrokist upp við yður, þótt nokkur slái yðra ásjánu. Þetta segi eg eftir óvirðing svo sem að væru vér breyskvir vorðnir.

Í hverju helst sem það nokkur er djarfur (eg tala í heimsku), þá em eg einninn djarfur. Þeir eru ebreskir, eg einninn. Þeir eru Íraelíti, eg einninn. Þeir eru Abrahams sæði, eg einninn. Þeir eru Krists þénarar (eg tala heimskulega). Eg em miklu framar. Eg hefi meir erfiðað, eg hefi meiri högg liðið, eg em oftast fanginn verið, oftast í dauðans hættu. Af Gyðingum hefi eg fimm sinnum fengið xl slög einu færra, þrisvar sinnum em eg húðstrýktur, einu sinni grýttur, þrisvar hefi eg skipbrot liðið, dag og nótt var eg í sjávardjúpi. Oft þá hefi eg í ferðum verið, eg em verinn í háskasemdum til vats, í háskasemdum meðal morðingja, í háskasemdum millum Gyðinga, í háskasemdum meðal heiðinna, í háskasemdum í borgum, í háskasemdum á eyðimörku, í háskasemdum á sjó, í háskasemdum meðal falskra bræðra, í eyndum og erfiði, í miklum vökum, í hungri og þorsta, í miklum föstum, í kulda og klæðleysi.

Fyrir utan það sem hið innra kann við að bera, einkum það eg daglega verð yfirrunninn, berandi áhyggju fyrir öllum söfnuðum. Hver er veikur og að eg verði eigi veikur? Hver verður svo hneykslaður að eg stikna ekki? Ef eg skal þó hrósa mér, þá vil eg hrósa mér míns breyskleika. Guð og faðir vors Drottins Jesú Kristi, sá blessaður er um aldir, veit það eg lýg ekki að til Damasko það landstjórnari konungsins Areta lét geyma borgina Damaskum og vildi láta gripa mig. Og eg varð látinn út um vindaugað í ofan fyrir múrinn og svo flýða eg úr hans höndum.

Tólfti kapítuli

Þó að hrósunin sé mér ekki nytsamleg, þá vil eg þó koma við sjónirnar og opinberingar Drottins. Eg þekki mann í Kristo. Fyrir fjórtán árum var hann í líkamanum? Það veit eg eigi. Eða var hann utan líkama? Veit eg eigi. Guð veit það. Sá sami varð rykktur allt upp í hinn þriðja himin. Og eg þekki glögggt þann mann hvort hann var í líkama eður utan líkama, veit eg eigi, Guð veit það -hann varð upp rykktur í Paradís og heyrði óumræðileg orð, þau sem enginn mann fær út talað. Af þessu vil eg mér hrósa, en af sjálfum mér til vil eg eigi hrósa mér nema einasta míns breyskleika. Og þótt að eg vilda mér hrósa, gjörða eg ekki fyrir það fíflslegana því að eg vil segja sannleikinn. En eg sporna við því þar fyrir það enginn haldi mig æðra en svo sem hann á mér sér eða af mér heyrir.

Og svo að eg stæri mig ekki af mikilleik þessara opinberinga er mér gefinn fleinn í holdið, einkum andskotans eyrindreki, hver mig með knefum slær upp á það eg stæri mig ekki, um hvað eg hefi beðið Drottin þrisvar það hann víki í burt frá mér, og hann sagði til mín: Lát þér nægja mína náð því að minn kraftur er í breyskum máttugur. Fyrir það vil eg sem fegnastur hrósa mér míns breyskleika svo að kraftur Krists byggi meður mér.* Fyrir því em eg góðhugaður í breyskleikum, í vanvirðingum, í nauðum, í ofsóknum, í þrengingum Krists vegna. Því nær eg em breyskur, þá em eg öflugur.

Eg em fífl vorðinn af þeirri hrósan. Þar hafi þér þvingað mig til. Því að eg skylda lofast af yður af því að eg em öngvan mun minni en hinir æðstu postular hverninn þó að eg sé ekkert af því þar eru postulateikn gjörð yðar á milli í allri þolinmæði, í táknum, í stórmerkjum og kraftaverkum. Því í hverju er það að þér eruð minni háttar en aðrar samkundur nema alleinasta í því það eg veitta yður eigi sjálfur neinn þunga? Fyrirlátið mér þann glæp. Sjáið, eg em reiðubúinn í þriðja sinn að koma til yðar, og eg vil eigi vera yður þungur að því eg spyr eigi eftir yðru, heldur að yður. Því börnin eiga öngvar nægtir foreldrunum saman að draga, heldur foreldrarnir börnunum.

En eg vil sem fegnastur gefa mig út og útgefinn verða fyrir yðrar sálir hversu sem eg elska yður mjög og eg þó lítt elskaður verð. En látið svo vera það eg hafi ekki gjört yður þyngsl, heldur með því eg var slægur, veidda eg yður með slægðum. En hefi eg nokkurn á talar dregið fyrir einhvern þeirra sem eg senda til yðar? Eg áminnta Títum og sendi með honum einn bróður. Hefir Títus nokkuð tælt yður? Höfu vér ekki í einum anda og í sömu fótsporum gengið? Látið yður nú þykja aftur það vér forsvörum oss við yður. Vér tölum í Kristo fyrir Guði.

En allt þetta sker yður, mínir kærustu, til betranar. Því eg óttunst, ef að eg kem, það eg finni yður ekki svo sem að eg vil og þér finnið mig ekki einninn sem þér viljið svo þar sé ekkert hat, agg, reiði, þræta, bakmælg, kvis, hrokaskapur og órói yðar á milli svo að þá er eg kem það Guð niðurlægi mig enn aftur að nýju hjá yður og eg hljóti ekki að líða yfir mörgum þeim er áður höfðu syndgast og öngva yfirbót gjörðu fyrir þann óhreinkleik, hóránir og óráðvendi sem þeir hafa framið.

Þrettándi kapítuli

Komi eg í þriðja sinn til yðar, svo skal í tveggja eður þriggja votta munni standa öll málaferli. Eg sagða yður það áður fyrir, og eg segi yður það fyrirfram svo sem nálægur í annað sinn og skrifa yður það nú til fjarlægur sem áður til forna höfðu syndgast og öllum hinum öðrum: Því ef eg kem aftur í annað sinn, vil eg eigi spara af því þér leitið eftir það þér einnhvern tíma verðið varir þess sem í mér talar, einkanlega Krists sem ekki er breyskur yðar í milli, heldur máttugur er meðal yðar. Og þótt hann sé krossfestur í breyskleika, þá lifir hann þó af Guðs krafti. Og þó að vér séum einninn breyskvir í honum, þá lifum vér þó með honum í Guðs krafti meðal yðar.

Reynið yður sjálfir hvort þér eruð í trúnni. Reynið yður sjálfir eða þekki þér ekki sjálfir yður það Jesús Kristur er í yður? Nema það sé að þér séuð gæskulausir. En eg vona að þér þekkið það vér erum eigi gæskulausir. En eg bið þess Guð að þér hafist ekkert vont að, eigi upp á það að vér sýnunst gæskufullir, heldur upp á það þér gjörði hið góða og vér séum svo sem þeir hinir gæskulausir. Því að vér megum ei nokkuð í gegn sannleikanum, heldur fyrir sannleikinn. Því gleðju vér oss, þá vér erum breyskir, en þér eruð máttugir. Og það sama æskjum vér einninn, einkum yðra algjörvi, hvar fyrir eg skrifa slíkt

fráverandi svo að eg þurfi ekki, þá eg em nálægur, harðindi fram að hafa eftir þeirri makt sem Drottinn hefir mér til betrunar, en ekki til fordjörfunar gefið.

Hvað að auk er, góðir bræður, gleðjið yður. Verið fullkomnir, hugstyrkið yður, verið samlyndir, verið friðsamir. Þá man Guð friðarins og ástseminnar vera með yður. Heilsað hver öðrum innbyrðis með heilögum kossi. Yður heilsa allir helgir. Náð vors Drottins Jesú Kristi og Guðs kærleiki og samtenging heilags anda sé með yður öllum. Amen.

Sá annar pistill til þeirra í Korintíu, sendur frá Filippen í Makedónía fyrir Títón og Lúkám.

Formáli yfir pistlinum til Galatas

Hinir í Galatía voru fyrir hinn heilaga Pál snúnir til rétrar kristilegrar trúar og til guðsspjallanna í frá lögmálinu. En eftir hans burtför komu falspostular, hverjir þó voru lærisveinar réttferðugra postula, og sneru þeim í Galatía um aftur svo það þeir trúðu að þeir hlyti fyrir lögmálsins verk hjálplegir að verða, og þeir syndguðu ef þeir héldi ekki lögmálsins verkin svo sem (Act. xv) til Jerúsalem einninn nokkrir mætamenn fram báru.

Þessum að gegna hefir hinn heilagi Páll sitt embætti hátt upp og vill sig eigi minna stéttar mann haldinn hafa en einn annan postula og hrósar alleinasta af Guði sínum lærdómi og embætti svo að hann þessa hrósan hinna fólsku postula, sem sig meður þeirra réttferðugra postula verkum og nafni studdu, niðurkefði og segir það sé ekki rétt þótt að einninn einn engill öðruvís predikaði eða eg sjálfur. En eg þegi um það nær postula lærisveinar eða þeir sjálfir öðruvís lærðu. Þetta gjörir hann í fyrsta og öðrum kapitula og ályktar það að hver einn hljóti alleinasta fyrir Kristum án verðskuldanar, án verka og án lögmáls réttlátur að verða.

Í hinum þriðja og fjórða sannprófar hann það allt með skriftinni, eftirdæmum og líkingum og bívísar það að lögmálið afli miklu meir synda og fyrirmælingar og bölvana heldur en réttlætis, hvert alleinasta út af náðinni af Guði til sögð, fyrir Kristum án lögmáls er uppfyllt og oss gefið. Í fimmta og séttá lærir hann þá kærleiksins verk sem trúnni skulu eftir fylgja

S. Páls pistill til Galatas

Fyrsti kapítuli

Þáll einn apostuli, eigi af mönnum né heldur fyrir manninn, heldur fyrir Jesúm Kristum og Guð föður, sá hann upp vakti af dauða, og allir þeir bræður sem meður mér eru.

P Söfnuðunum í Galatia. Náð sé með yður og friður af Guði föður og vorum Drottni Jesú Kristo sem sjálfan sig hefir út gefið fyrir vorar syndir það hann frelsaði oss í frá þessari nálægri vondri veröld eftir Guðs vilja og vors föðurs, hverjum að sé dýrð um aldir alda, amen.

Mig undrar það að þér létuð svo snart snúa yður í frá þeim sem yður kallaði í náðina Krists upp á annað evangelium sem þar er þó ekkert annað utan það að þar eru þeir nokkrir sem yður villa og umsnúa vilja Krists evangelio. En þó að vér eða engill af himni predikaði yður annað evangelium en það vér höfum predikað yður, sá sé bölvauður. Svo sem vér sögðum nú í stað, svo segjum vér enn aftur að nýju það ef nokkur predikar yður annað evangelium en það þér hafið meðtekið, sé sá bölvauður. Predika eg það nú mönnum eða Guði til þjónustu? Eða þenki eg mönnum þekkur að vera? Því ef eg hefði hingað til mönnum þekkur verið, þá væri eg ekki Krists þénari.

En eg kunngjóri yður, kærir bræður, að það evangelium, sem af mér er predikað, er ekki af mönnum. Því að eg hefi það af öngum manni meðtekið né lært, heldur fyrir opinberan Jesú Kristi. Því að þér hafið vel heyrt mitt athæfi forðum daga í júdeadómnum það eg ofsókti yfirmáta Guðs safnan og fram yfir marga mína jafningja í mínu kyni og vandlætti yfirmáta um feðranna setninga. En þá það þókknaðist Guði, sá mig hefir skilið í frá minnar móður kviði og kallað fyrir sína náð, það hann opinberaði í mér sinn son svo að eg skylda kunngjóra hann meðal heiðinna þjóða. Og jafnsnart fór eg eigi til og hafða tal af holdi og blóði og eigi kom eg aftur í Jerúsalem til þeirra sem fyrri mér voru postular, heldur fór eg burt í Arabíam og kom svo aftur til Damasko. Eftir það að þremur árum liðnum kom eg til Jerúsalem að sjá Petrum, og eg staðnæmdest hjá honum fimmtán daga. En annan af postulunum sá eg öngvan nema Jakobum, bróður Drottins. Og það eg skrifa yður, sjáið, Guð veit það eg lýg ekki.

Eftir það kom eg í landsálfur Sírie og Kilitie. En eg var ókenndur að yfirliti Krists söfnuðum í Júdea. En þeir höfðu alleinasta heyrt það, sá oss áður til forna ofsókti, hann predikar nú trúna, hverja hann áður sturlaði, og vegsömuðu Guð yfir mér.

Annar kapítuli

Síðan eftir fjórtán ár dró eg upp aftur til Jerúsalem meður Barnaba og tók einninn Títum meður mér. En eg fór upp þangað eftir opinberan og hafði tal við þá um það evangelion eð eg predikaði meðal heiðinna þjóða, en sérlega þó við þá sem álitid höfðu svo að eg hlypa ekki forgefins eða hlaupið hefði. Og Títus, sá meður mér var, þrengdist eigi heldur til að láta umskera sig þótt hann væri girskur. Því að þá eð nokkrir falskir bræður höfðu sér með innþrengt og þar jafnframt innlæðst til að skoða vort frelsi, hvert vér höfum í Jesú Kristo, svo það þeir þrælkuðu oss, þá viku vér þeim ekki til stundar undirgefinn að vera upp á það að sannleikurinn evangeliu staðnæmdest hjá yður.

En af þeim sem álitid höfðu hvað þeir voru fyrir meir, varðar mig öngu því að Guð skeytir ekki álitni mannsins en mig hafa þeir, sem álitid höfðu, ekki annað lært. Heldur þar í mót þann tíð þeir sáu það mér var tiltrúað það evangelion til yfirhúðarinnar líka svo sem Pétri það evangelion til umskurnarinnar því að sá með Pétri er verinn kröftugur til postulaembættis meðal umskurnarinnar, sá sami er einninn meður mér kröftugur verinn meðal heiðinna þjóða. Og þeir Jakobus, Kefas og Jóhannes (viðurkenndu þá náð sem mér var gefin) sem fyrir stöplana voru álitni, gáfu mér og Barnaba hendur og samtóku með oss það vér predikuðum á meðal heiðinna þjóða, en þeir á meðal umskurðarins, utan einasta það vér hugleiddum volaða, hvað eg lagða allt kapp á að gjöra.

En þá Pétur kom til Antiokkiam í mót, stóð eg hann undir augum því að sakferli var yfir hann komið. Af því að áður til forna en það nokkrir komu í frá Jakobo, þá át hann með heiðingjum, en þá þeir komu, forðaði hann sér og fráskildi sig þeim af því hann óttaðist þá af umskurninni. Og þeir aðrir Gyðingar hræsnuðu með honum svo það Barnabas varð einninn afvegaleiddur í þeirra hræsni. En þá eg sá það þeir gengu eigi rétt eftir sannleik guðsspjallsins, sagða eg til Péturs fyrir öllum opinberlega: Fyrst þú, sá sem ert Gyðingur, lifir sem heiðingjar og eigi sem Gyðingar, hvar fyrir þvingar þú þá hina heiðnu til að lifa sem Gyðingar? Þótt að vér séum af náttúru Gyðingar og öngvir syndarar út af heiðnum þjóðum, en á meðan vér vitum það maðurinn verður ekki réttlátur fyrir lögmálsins verk, heldur fyrir trúna á Jesúm Kristum, svo trúum vér og einninn á Kristum Jesúm upp á það vér verðum réttlátir fyrir trúna á Kristum og ekki fyrir verkin lögmálsins.

Fyrir því verður fyrir verkin lögmálsins ekkert hold réttferðugt. En skyldu vér, hverjir eftirleitum fyrir Kristum réttlátir að verða, nú einninn sjálfir syndugir fundnir verða, þá væri Kristur einn syndabénari. Það sé fjarri. Því ef eg byggji það upp aftur hvað eg hefi niðurbrotið, þá gjöri eg mig sjálfan að yfirtroðslumanni. Því eg em fyrir lögmálið lögmálinu dáinn svo að eg lifi Guði. Eg em með Kristi krossfestur, en eg lifi, nú þó ekki eg, heldur lifir Kristur í mér. Því hvað eg lifi nú í holdinu, það lifi eg í trúnni Guðs sonar, sá mig hefir elskað og sjálfan sig út gefið fyrir mig. Eigi snara eg Guðs náð á burt. Því ef fyrir lögmálið kemur réttlætið, þá er Kristur forgefins dáinn.

Þriðji kapítuli

Þér skynsemdarlausir Galati, hver hefir töfrað yður það þér hlýdduð ekki sannleiknum, hverjum þó Jesús Kristus var fyrir augum málaður og nú á meðal yðar krossfestur er? Það alleinasta vil eg nema af yður hvort þér hafið meðtekið andann fyrir verkin lögmálsins eða fyrir predikunina af trúnni. Eru þér svo skynlausir? Hvað þér hafið upp byrjað í andanum, því vilji þér nú í holdinu áfram halda. Hafi þér þá liðið svo margt fyrir ekki? - ef það er annars fyrir ekki. Sá sem yður gefur nú andann og gjörir slíka gjörninga meðal yðar, gjörir hann þá fyrir verkin lögmálsins eða fyrir predikunina af trúnni? Líka svo sem Abraham trúði Guði og það er honum reiknað til réttlætis. Svo viti þér nú þá það þeir sem trúarinnar eru að þeir eru Abrahams börn.

En ritningin hefir þetta áður til forna fyrir séð það Guð réttláta gjörir hina heiðnu fyrir trúna. Af því kunngjörði hún það Abraham fyrirfram: Í þér skulu allar þjóðir blessaðar verða. Líka svo munu þeir, sem trúarinnar eru, blessast meður hinum trúaða Abraham. Því svo margir sem við lögmálsins verkin fást, þeir eru undir bölvanninni því að skrifað er: Bölvauður sé sá hver sem ekki blifur í öllu því eð skrifað er í lögmálsbókinni svo hann gjöri það. En það að fyrir lögmálið verði enginn réttlátur fyrir Guði, þá er opinbert því að réttlátur lifir af trú sinni. En lögmálið er ekki af trúnni, heldur sá maður, sem það gjörir, man lifa þar fyrir. En Kristur hefir leyst oss frá bölvann lögmálsins þann tíð hann varð bölvann fyrir oss því að skrifað er: Bölvauður sé sá hver sem á tré hangir, svo að blessan Abrahe kæmi meðal heiðinna þjóða í Kristo Jesú og að vér meðtækjum svo fyrirheitið andans fyrir trúna.

Kærir bræður, eg vil tala eftir mannlegum plagsið. Enginn vanrækir mannsins testament (nær það er staðfest) né eykur þar við. Nú eru þó fyrirheitin Abrahe og hans sæði til sögd. Eigi segir hann sæðunum svo sem fyrir mörg, heldur svo sem fyrir eitt, fyrir þitt sáð, hvert að er Kristur. En eg segi þar af að það testament, sem áður til forna er staðfest upp á Kristum, verður ekki ónýtt gjört svo það fyrirheitið skyldi fyrir lögmálið enda taka, hvert að gefið er fyrir fjórum hundruðum og þrjátígi árum þar eftir. Því ef að arfleifðin yrði fyrir lögmálið afrekuð, þá yrði hún ekki fyrir fyrirheitið gefin, en Guð hefir fyrirheitsins vegna gefið hana Abraham. Hvar til skal þá lögmálið? Það er vegna yfirtroðslunnar tilsett þangað til það sæðið kæmi, hverju fyrirheitið var skeð og er tilsett af englunum fyrir hönd † meðalgöngumansins. En meðalgöngumaðurinn er eigi aðeins einkameðalgöngumaður, en Guð er einn.

Hverninn þá? Er lögmálið nú í gegn Guðs fyrirheiti? Það sé fjarri. Því ef þar væri það lögmál út gefið sem lífgað gæti, sannarlega þá kæmi réttlætið út af lögmálinu. En ritningin hefir það allt innilukt undir syndinni svo að það fyrirheit, sem kemur fyrir trúna á Jesúm Kristum, gæfist trúuðum. En áður sú trúa kom, varðveittust vér undir lögmálinu og inniluktir upp á þá trú sem opinber skyldi verða.

Líka svo var lögmálið vor hegningarmaður til Krists svo að vér réttlættust fyrir trúna. En nú eð trúan er komin, þá erum vér eigi lengur undir þeim tyftunarmanni. Því að þér eruð allir Guðs börn fyrir trúna á Jesúm Krist. Því að svo margir af yður sem eruð skírðir, þér hafið Kristi íklæðst. Hér er eigi Gyðingur né girskur, hér er eigi þræll né frelsingi, hér er eigi kall né kvinna. Því að þér eruð allir eitt í Kristo Jesú. En fyrst þér eruð Krists, þá eru þér Abrahams sæði og eftir fyrirheitinu erfingjar.*

† Þessi meðalgöngumaður er Moyses.

Fjórði kapítuli

En eg segi: Svo lengi sem erfinginn er barn, þá er á milli hans og þjónsins enginn greinarmunur þó að hann sé herra alls góssins, heldur er hann undir forverurunum og fjárhaldsmönnum allt til ásetts tíma af föðurnum. Líka vér einninn þá vér vorum börn, voru vér þrælkaðir undir þessa heims setningum. En þá uppfylling tímans var komin, útsendi Guð sinn son, fæddan af kvinnu og lögmálinu undirvorpinn, upp á það að hann frelsaði þá sem undir lögmálinu voru svo að vér meðtækjum sonarleifðina. En með því þér eruð börnin, hefir Guð sent anda síns sonar í yðar hjörtu, kallandi: Abba, kærri faðir. Svo er hér nú enginn þræll meir, heldur börn ein. En eru það börn, þá eru það einninn arfar Guðs fyrir Kristum.

En þá þér þekktuð ekki Guð, þjónuðu þér þeim sem af náttúru eru öngvir guðir. En nú þér hafið Guð þekkt (já miklu framar eruð af Guði þekktir) hverninn vendi þér yður þá um aftur til þeirra breyskra og nauðþurftugra setninga, hverjum þér viljið nú aftur að nýju þjóna? Þér haldið daga og mánuði, helgihöld og ártíðir. Eg em óttasleginn um yður það eg hafi (kann vera) til einskis erfiðað hjá yður. Verið svo sem að eg em því að eg em svo sem þér.

Kærir bræður, (eg beiði yður) þér hafið ekki neitt mein mér gjört. Því að þér vitið það eg predikaði yður evangelion í fyrsta sinn í veikleika eftir holdinu. Og mína freistni, sem eg leið eftir holdinu, fyrirlitu þér ekki né forsmáðuð, heldur svo sem annan Guðs engil meðtóku þér mig, já, líka sem Kristum Jesúm. Ó, hó, hve sælir voru þér í það sinni. Því eg ber yður það vitni ef mögulegt hefði verið að þér hefðuð yðar augu út slitið og gefið mér. Em eg þá svo vorðinn yðar óvin það eg segi yður sannindin?

Þeir vanda eigi vel um yður, heldur vilja þeir gjöra yður mér frásnúna svo að þér skuluð vanda um þá. Umvandani er góð nær hún sker ætíð um hið góða, og ekki alleinasta þá eg em nálægur í hjá yður. Mín kær barnakorn, þau eð eg enn nú aftur í annað sinn með angist fæði þangað til að Kristur ímyndast yður. En eg vilda það eg væra nú hjá yður og gæti minni raust umskipt því að eg em sorgbitinn yfir yður.

Segið mér, þér sem undir lögmálinu viljið vera, hafi þér ekki heyrt lögmálið? Því að skrifað er það Abraham hafði tvo sonu, einn af ambáttinni og einn af eiginkonunni. En sá af ambáttinni var, er fæddur eftir holdinu, en hann af eiginkonunni, er fyrir fyrirheitið fæddur, hver orð eð hafa andlega meining því að þetta eru þau tvö testamenta, eitt af fjallinu Sína það er til þrælkunar fæðir, hver að er Agar. Því að Agar heitir í Arabía fjallið Sína og strekkir sig allt þangað sem nú í þennan tíma er Jerúsalem og er í þrælkan með sinumbörnum.

En hin Jerúsalem sem er þar uppi, hún er eiginkonan, hver að er móðir vor því að skrifað er: Vert glöð, hin óbyrja, þú sem ekki fæðir. Brjóst fram og kalla sem ekki ert þunguð. Því að hin einsama hefir miklu fleiri börn en hún er manninn hefur. En vér, kærir bræður, erum Ísaks börn eftir fyrirheitinu.

En líka sem í þann tíma að sá eftir holdinu var fæddur, ofsókti þann sem eftir andanum var fæddur svo er það nú einninn. En hvað segir ritningin? Rek burt ambáttina og son hennar því að ambáttarsonurinn skal ekki erfa með syni eiginkonunnar. Svo erum vér nú, kærir bræður, ekki ambáttarinnar börn, heldur eiginkonunnar.*

Fimmti kapítuli

Svo standið nú í því frelsi þar Kristur hefir frelsað oss með, og látið ekki færa yður aftur í það þrældómsokið. Sjáið, eg, Páll, segi yður það ef svo er að þér látið umskera yður, þá er Kristur ekki yður nytsamur. Eg vitna enn sérhverjum manna það aftur sem sig lætur umskera að hann er enn nú allt lögmálið skyldugur að gjöra. Þér eruð Kristi fráskildir sem fyrir lögmálið viljið réttlátir vera og eruð náðinni fráfallnir. En vér vonum í andanum fyrir réttlætisins trúna, hverja vér hljótum að vona. Því að í Kristo Jesú gildir hvorki umskurn né yfirhúð nokkuð, heldur sú trú sem fyrir kærleikinn verkar. Þér hlupuð finlega. Hver aftraði yður sannleiknum eigi að hlýða? Þessi fortala er eigi af honum sem yður hefir kallað. Lítið súrdeig sýrir allt deigið.

Eg forsé mig þess til yðar í Drottini það þér munuð ekki öðruvís sinnaðir vera. En hver yður villir, sá mun bera sinn dóm. Hann sé hver hann vill. En eg, kærir bræður, ef eg predika nú umskurnina, hvar fyrir líð eg þá ofsóknina? Þá er og af skafin krossins hneykslan. Gæfa Guð það þeir yrði og afsniðnir sem yður sturla. En þér, kærir bræður, eruð til frelsisins kallaðir. Einasta sjáið svo til það þér gefið fyrir frelsið holdinu ekkert tilefni, heldur fyrir kærleikann, þá þjóni hver öðrum. Því að öll lög verða í einu orði uppfyllt, í því: Elska þinn náunga sem sjálfan þig. En ef svo er það þér tönlið og tyggið hver annan innbyrðis, þá sjáið til það hver yðar svelgist ekki af öðrum.

En eg segi: Gangið í andanum. Þá munu þér ekki fullkomna holdsins girndir. Því að líkaminn girnist í móti andanum og andinn í móti líkamanum. Og þessir eru hvor í móti öðrum svo þér gjörið ekki hvað þér viljið. En ef andinn stjórnar yður, þá eru þér ekki undir lögmálinu. Því holdsins verk eru opinber svo sem að er hórdómur, frillulífnaður, saurlífi, lausung, skurgoðadýrkan, fjölkyngi, fjandskapur, hat, agg, reiði, þræta, sundurþykkja, tvídrægni, öfundskapur, manndráp, ofdrykkja, ofát og þessu líkt, út af hverjum eg hefi áður fyrri sagt og segi enn nú fyrir það þeir sömu sem þetta gjöra, erfa ekki Guðs ríki. En hér í gegn er ávöxtur andarins, kærleiki, fögnuður, friður, þolinmæði, blíðleiki, góðgirni, trú, hógværd, hreinlífi. Í gegn slíkum er ekki lögmálið. Því þeir sem Kristi tilheyra, krossfesta sitt hold með girndum og tilhneigingum.*

Sétti kapituli

Fyrst vér lifum í andanum, þá göngum og einninn í andanum og verum eigi ágjarnir hégómadyrðar hver annan innbyrðis að reita og að öfunda. Kærir bræður, ef maðurinn verður í einhverjum glæp hindraður, þá leiðréttið hann með hógværum anda, þér sem eruð andlegir. Og haf gát á sjálfum þér það þú verðir ekki freistaður. Einn beri annars byrði og svo munu þér uppfylla Krists lögmál. En ef einhver lætur sér þykja það hann sé nokkuð (sem hann er þó ekkert), sá tælir sjálfan sig. Hver einn reyni sín eigin verk, og þá man hann á sjálfum sér hrósan hafa, og eigi á einum öðrum því að hver einn man sína byrði bera.

En sá er leiðréttur verður með orðinu, hann býti honum allsháttuðum auðæfum sem hann leiðréttir. Farið eigi villir vega. Guð lætur ekki að sér hæða. Því hvað maðurinn sáir niður, það man hann uppskera. Hver á holdið sáir niður, sá man af holdinu skaðsemi uppskera, en hver í andanum niður sáir, sá mun af andanum uppskera eilíft líf. Preytunst vér eigi gott að gjöra því að sínum tíma munu vér einninn óþrotnandi uppskera. Fyrst vér höfum nú tíðina, þá gjörum gott hverjum manni, einna mest þeim sem er trúarinnar heimkynni.*

Sjáið, hve mörg orð eg skrifaði yður með eiginni hendi. Þeir eð sig vilja þakknæma gjöra eftir holdinu, þeir þvinga yður til að umskerast einasta upp það þeir verði eigi með krossi Krists ofsóktir. Því að þeir sjálfir sem sig láta umskera, halda ekki lögmálið, heldur vilja þeir það að þér látið umskera yður svo að þeir megi hrósa sér af yðru holdi. En fjarri mér sé að hrósast nema einasta í krossi vors Drottins Jesú Kristi, fyrir hvern mér er heimurinn festur og eg heiminum. Því að í Kristo Jesú dugir hvorki umskurn né yfirhúð nokkuð, heldur ný skepna. Og svo margir sem eftir þessari reglu ganga, yfir þeim sé friður og miskunn og yfir Írael Guðs. Hér eftir gjöri mér enginn meiri mæðu því að eg ber jafnan benjar Drottins á mínum líkama. Náð vors Drottins Jesú Kristi sé með yðrum anda, kærir bræður. Amen.

Til þeirra í Galatia sendur af Róma.

Formáli yfir S. Páls pistil til Efesios

Í þessum pistli kennir hinn heilagi Páll í fyrstu hvað evangelium er, að það sé alleinasta af Guði fyrir eilífar aldir fyrirhugað og fyrir Kristum forþénað og útgengið svo að allir þeir, sem þar á trúna, verði réttferðugir, frómir, lifandi, hjálplegir og af lögmálinu, syndinni og dauðanum frjálsir. Þetta gjörir hann nú fyrir þá þrjá hina fyrstu kapitula.

Eftir það kennir hann að forðast þá hjálæru og mannaboðorð, þau sem með innfærð verða, upp það að vér blífum við eitt höfuð öruggir, réttfallnir og verðum alleina fullkominir í Kristo, af hverjum vér höfum það algjörlega svo að vér þurfum einskis utan hans. Það gjörir hann í fjórða kapitula.

Síðan kennir hann að iðka trúna og auðsýna með góðum verkum og syndir að forðast og með andlegum vopnum að berjast í gegn djöflinum upp á það vér gætum fyrir krossinn stöðugir staðist í voninni.

S. Páls pistill til Efesios

Fyrsti kapítuli

Þá apostuli Jesú Kristi fyrir Guðs vilja þeim heilögum sem eru til Efeso og trúuðum á Kristum Jesúm.

P Náð sé með yður og friður af Guði vorum föður og Drottni Jesú Kristo.

Blessaður sé Guð og faðir vors Drottins Jesú Kristi, sá oss hefir blessað með alls háttadri andlegri blessan í himneskri auðlegð fyrir Kristum svo sem hann útvaldi oss fyrir þann sama áður en veröldin var grundvölluð það vér skyldum vera heilagir og óstraffanlegir fyrir honum í kærleikanum og hefir fyrirhugað oss í sonarleifðina til sjálfs síns fyrir Jesúm Kristum eftir þökknan síns vilja til lofs sinni dýrðarlegri náð, fyrir hverja hann hefir oss þakknæma gjört í sínum elskulega syni.

Í hverjum vér höfum endurlausnina fyrir hans blóð sem er syndanna fyrirgefning eftir ríkdómi hans náðar sem oss er gnólegana út skipt í alls háttuðum vísdómi og forsjáleik og hefir oss vita látið leyndan dóm síns vilja eftir sinni þökknan og hefir þann sama hér fram flutt fyrir hann það hann yrði predikaður þá uppfylling tímanna væri komin upp á það að hann upprétti alla hluti í Kristo, bæði þá sem á himnum og á jörðu eru, fyrir hann sjálfan, fyrir hvern vér erum einninn til arfskiptis komnir, vér sem erum áður fyrirfram fyrirhugaðir eftir forsjó þess sem alla hluti verkar eftir ráði síns vilja upp á það vér séum hans dýrð til lofs sem áður fyrirfram vonum upp á Kristum.

Fyrir hvern þér hafið heyrt sannleiksins orð sem er evangelium af yðvarri sáluhjálp, fyrir hvert (ef þér trúið) eruð innsiglaðir með heilögum fyrir heitsins anda, sá sem að er pantur vorrar arfleifðar til endurlausnar svo að vér erum vorðnir hans fasta eign til lofs hans dýrðar.

Hvar fyrir eg einninn, eftir því að eg hefi heyrt hjá yður út af þeirri trú á Drottin Jesúm og af yðrum kærleika til allra heilagra, þá læt eg eigi af þakkir að gjöra fyrir yður og minnust yðar í mínum bænum það Guð vors Drottins Jesú Kristi, dýrðarinnar faðir, gefi yður vísdómsins og uppbirtingaranda til hans eiginnar viðurkenningar og upplýsi augu yðvars hugskots það þér megið vita hver þar sé von yðrar kallarar og hver þar sé ríkdómur hans dýrðarfullrar arfleifðar til sinna heilagra og hver þar sé hin yfirgnæfanlega stærð hans kraftar við oss, vér sem trúum, eftir verkan hans völduga styrkleiks sem hann hefir verkað í Kristo þá hann uppvakti hann af dauða og setti til sinnar hægri handar á himnum yfir allan höfðingskap, valdsstétt, makt og herradóm og allt hvað nefnast má, eigi einasta í þessari veröld, heldur jafnvel í tilkomandi. Og alla hluti hefir hann honum undir fætur lagt og sett hann höfuð yfir allan söfnuðinn, hver að er hans líkami og fylling hans sem alla hluti í öllum uppfyllir.

Annar kapítuli

Og einninn yður þá þér voruð dauðir fyrir afbrot og syndir, í hverjum þér hafið forðum daga gengið eftir hætti þessarar veraldar og eftir þeim höfðingja sem í loftinu drottnar sem er eftir þeim anda er á þessari tíð hefir sína verkan í börnum vantrúarinnar, meðal hverra vér höfum allir forðum haft vort athæfi í girndum vors holds, fremjandi holdsins og hugskotsins vilja og vorum af náttúru börn reiðinnar líka svo sem hinir aðrir.

En Guð sá auðigur er af miskunn fyrir sína mikla elsku þar hann hefir oss með elskað þá vér vorum dauðir í syndunum, hefir hann gjört oss lifandi meður Kristi (því að af náðinni eru þér hjálplegir vorðnir) og uppvakt oss meður honum og sett oss meður honum meðal himneskra í Kristo Jesú upp á það hann auðsýndi í eftirkomandi öld yfirgnæfanlegan ríkdóm sinnar náðar fyrir sína góðgirni viður oss í Kristo Jesú. Því að af náðinni eru þér hjálplegir vorðnir fyrir trúna, og það ekki af yður. Guðs gáfa er það, eigi af verkunum svo að enginn hrósi sér. Því að vér erum hans verk, skapaðir í Kristo Jesú til góðra verka, til hverra að Guð hefir oss áður forðum fyrir búið það vér skyldum þar inni ganga.

Hvar fyrir að verið þess minnugir það þér sem forðum daga voruð heiðnar þjóðir eftir holdinu og yfirhúð kölluð af þeim sem kallaðir eru umskurn eftir holdinu sem með hendinni sker það þér voruð í þann sama tíma án Krists framandi og fráskildir borgarrétti Ísraels og ókenndir af testamento fyrirheitsins af því þér höfðuð ekkert hop og voruð án Guðs í þessum heimi. En þér sem í Kristo Jesú eruð og forðum voruð í fjarska, þá eruð nú nálægir vorðnir fyrir blóð Kristi.

Því að hann er vor friður, sá út af hvoru tveggja gjörir eitt og af hefir brotið þann túngarð sem þar var milli í því það hann burt tók fyrir sitt hold þann óvinskap sem fyrir lögmálið var í boðorðunum til settur svo að hann skapaði af tveimur einn nýjan mann í sjálfum sér og gjörði svo frið það hann forlíkti hvoru tveggju við Guð í einum líkama fyrir krossinn og deyddi svo óvinskapinn fyrir sig sjálfan og er kominn og kunngjörði yður í evangelio þann frið, yður sem voruð fjarri og hinum sem nærri voru. Því að fyrir hann höfum vér hvorir tveggju aðgang í einum anda til föðursins.

Svo eru þér nú eigi meir gestir og framandi, heldur samborgarmenn heilagra og Guðs heimamenn, uppbyggðir yfir grundvöll postula og spámanna þar Jesús Kristus er hyrningarsteinninn, á hverjum öll uppbyggingin í eitt saman sett vex til heilags mustéris í Drottni, upp á hvern þér verðið einninn með upp á byggðir til Guðs íbúðar í andanum.

Þriðji kapítuli

Hvar fyrir eg, Páll, bandingi Kristi Jesú fyrir yður heiðingja, að því þér hafið heyrt út af embætti Guðs náðar, þeirri mér er til yðar gefin, það mér er kunnur vorðinn þessi leyndur dómur fyrir opinberan (eftir því eg hefi áður hið allra stysta skrifað) það þér, ef þér læsuð það, kunnið að merkja minn skilning í leyndum dómi Kristi, hver ekki er forðum mannanna sonum kunngjörður svo sem nú er hann opinberaður hans heilögum postulum og spámönnum fyrir andann það að hinir heiðnu eru samarfar og samlifaðir og hluttakendur hans fyrirheits í Kristo fyrir evangelion, hvers þenari eg em vorðinn eftir gáfu Guðs náðar sem mér er gefin eftir hans völduga krafti.

Mér, hinum síðsta meðal allra heilagra, er gefin þessi náð það eg kunngjörða meðal heiðinna þjóða þann óútspyrjanlegan ríkdóm Kristi og upp að birta hverjum manni hver þar sé sameign leyndardómsins sem af veraldar upphafi er í Guði hulinn verið, sá alla hluti hefir skapað fyrir Jesúm Kristum upp á það hann kunngjörðist nú höfðingjum og herradómum á himnunum fyrir söfnuðinn þá margfalda speki Guðs eftir fyrirhyggjunni frá veraldar upphafi sem hann hefir auðsýnt í Kristo Jesú vorum Drottni, fyrir hvern vér höfum djörfung og aðgang í öllu trausti fyrir trúna á hann. Fyrir því bið eg það þér tregist ekki vegna minnar hörmungar sem eg þoli fyrir yður, hver yðar dýrð er.

Hvar fyrir eg beygi mín kné fyrir föður vors Drottins Jesú Kristi, sá sem réttur faðir er yfir allt, hvað faðir kallast á himnum og á jörðu, að hann gefi yður kraft eftir ríkdómi sinnar dýrðar, að styrkjast fyrir hans anda í hinum innra manni og láta Kristum fyrir trúna búa í yðrum hjörtum og fyrir kærleikinn innræstast og grundvallast svo að þér mættuð höndla með öllum helgum hver þar sé vídd og lengd, dýpt og hæð, og að vita einninn kærleika Krists sem þó alla viðurkenning yfirgengur svo að þér uppfylltust með alls háttadri Guðs gnægð.

En honum sem máttugur er alla hluti yfirgnæfanlegar að gjöra heldur en vér biðjum eður skiljum eftir þeim krafti sem í oss verkar, þeim sama sé dýrð í safnaðinum, sá í Kristo Jesú er um allar aldir alda að eilífu. Amen.*

Fjórdi kapítuli

Svo áminni eg yður nú, eg bandingi í Drottni, að þér gangið svo sem verðugt er yðvarri kallan þar þér eruð inni kallaðir með öllu lítillæti og hógværi og með þolinmæði og umlíðið hver annan í kærleika. Og verið kostgæfnir að halda eindregni í andanum fyrir band friðarins. Einn líkami og einn andi svo sem að þér eruð kallaðir upp á eina von yðrar kallanar. Einn Drottinn, ein trúa, ein skírn, einn Guð og faðir allra, sá sem að er yfir yður öllum og fyrir yður öllum og í yður öllum.*

En einum sérhverjum vorum er gefin náð eftir mæling gjafar Kristi, hvar fyrir að hann segir: Hann er upp farinn í hæðina og hefir herleiðingina að herfangi tekið og mönnum gáfur gefið. En það hann er upp farinn, hvað er það utan það hann er áður niður stiginn í hinar yðstu álfur jarðar? Sá er niður er stiginn, það er, hann er sá sami sem upp er farinn yfir alla himna upp á það hann alla hluti uppfyllti.

Og sumá hefir hann sett til postula, en sumá til spámanna, sumá til guðsspjallara, sumá til hirðara og lærifedra svo að hinir heilögu sé fullkomnir í verk þess embættis þar sem líkami Krists verður upp á byggður þar til vér komum allir í eindregni trúarinnar og viðurkenningar Guðs sonar og fullgjörður maður verðum, sá hann er í mæling fullkomins aldurs Kristi, svo að vér séum eigi lengur börn og látum hræra oss og feykja af allsháttuðum vindi lærdómsins fyrir prettskap og undirhyggju mannanna þar með þeir ástunda oss að villa.

Verum heldur sannleiknum eftirfylgjandi í kærleikanum og vöxum í öllu á honum sem að er höfuðið, Kristur, á hverjum allur líkaminn saman tengist og einn limur á öðrum hengur fyrir alla liðu, hvar af hver öðrum hjálp veitir eftir verki hvers sem eins lims í sinn máta og gjörir það að líkaminn vex til sinnar eiginnar betrunar og það allt í kærleika.

Svo segi eg nú og vitna í Drottni að þér gangið eigi lengur svo sem að hinir aðrir heiðingjar í hégómleik síns hugskots, hverra hugskot formyrkvað er og eru annarlegir frá því lífi sem af Guði er fyrir þá fávísku sem í þeim er og blindleik sjálfs þeirra hjarta, hverjir vonarlausr eru og sig gáfu í lausung og frömdu allsháttaðan óhreinleik með ágirni. En þér hafið ekki svo numið Kristum ef þér hafið annars af honum heyrt og eruð í honum lærðir hversu það sannindin eru í Jesú.

Svo afleggið í frá yður eftir fornri breytni hinn gamla mann sem sig fordjarfar í girndum villudómsins, en fornýðið yður í anda yðvars hugskots og klæðist þeim nýja manni sem eftir Guði er skapaður í sannarlegu réttlæti og heilagleik. Hvar fyrir afleggið lygar og talið sannleik hver við sinn náunga því að vér erum innbyrðis hver annars limur. Reiðist og syndgíst ekki. Látið eigi sólina undir ganga yfir yðvarri reiði. Gefið og ekkert rúm fjandanum. Hver stolið hefir, sá steli nú eigi meir, heldur erfiði og afli með höndunum hvað góðslegt er svo að hann hafi að gefa þeim sem þurftugir eru.*

Látið öngva vonða ræðu fram fara af yðrum munni, heldur hvað nytsamlegt er til betrunar þar sem þórist gjörist að það sé þakknæmilegt að heyra. Og hryggvið ekki heilagan anda Guðs þar þér eruð með innsiglaðir upp á dag endurlausnarinnar. Allur beiskleiki og grimmd, reiði, hrópan og guðlastan sé langt í frá yður samt allri illsku. En verið innbyrðis hver við annan vingjarnlegir og ástúðlegir og fyrirgefið hver öðrum líka svo sem að Guð hefir fyrirgefið yður í Kristo.

Fimmti kapítuli

Svo verið nú Guðs eftirfylgjarar svo sem kærustu börn og gangið í ástseminni líka svo sem að Kristur hefir oss elskað og sig sjálfan útgefið fyrir oss til förfæringar og offurs Guði í sætleiksilm. En frillulífi og allan óhreinleik eður ágirni látið eigi af yður segjast svo sem að heilögum hæfir, skammarleg orð og fíflslegt hjal eða keskni, hvað yður heyrir ekki, heldur miklu framar þakkargjörð. Því það skulu þér vita það enginn frillulífismaður eður óhrein eða ágjarn (hver að er skurgoðapénari) hefir arftöku í ríki Kristi o reiði Guðs yfir börn vantrúarinnar. Af því verið eigi þeirra hluttakarar. Því að þér voruð forðum myrkur, en nú eru þér ljós í Drottni.

Gangið svo sem börn ljóssins. Því ávöxtur ljóssins er allsháttuð góðgírni, réttlæti og sannleikur.* Og reynið hvað þar þakknæmt sé Drottni. Og hafið ekkert samlag við ófrjósamleg verk myrkvanna, en straffið þau miklu heldur. Því hvað heimulegt sker af þeim er skammarlegt að segja. En allt það verður opinbert nær það verður af ljósinu straffað. Því að allt hvað opinbert verður, það er ljós. Fyrir því segir hann: Vakna þú sem sefur og rís upp af dauða, og Kristur mun svo upplýsa þig.

Svo sjáið nú til það þér gangið grandvarlega, eigi svo sem fávísir, heldur svo sem vísir. Og skikkið yður í þeirri tíð því að það er vond tíð. Fyrir því verðið ekki gálausir, heldur skiljandi hvað vilji Drottins er. Og drekkið yður eigi vínrukkna því þar af kemur saurugt líferni, heldur uppfyllist í anda og talið hver við annan af sálmum og lofsöngum og andlegum kvæðum. Syngið og spilið Drottni í yðrum hjörtum og segið þakkir alla tíma Guði og föður fyrir alla hluti í nafni vors Drottins Jesú Kristi. Og verið hver öðrum undirgefnir í Guðs ótta.

Konunnar veri sínum bændum undirgefnar svo sem Drottni. Því að maðurinn er kvinnunnar höfuð líka svo sem Kristur er safnaðarins höfuð og hann er frelsari síns líkama. En líka svo sem söfnuðurinn er nú Kristi undirgefninn svo og einninn konunnar sínum bændum í öllu. Þér menn, elskið yðrar húsfréyjur líka svo sem Kristur elskaði söfnuðinn og gaf sig sjálfan út fyrir hann upp á það hann helgaði hann og hreinsaði fyrir skírnarsáinn í orðinu svo að hann tilbyggi sér sjálfum dýrðlega safnan sem öngva flekkan né hrukku eður þess konar hefði, heldur það hún sé heilög og óstraffanleg.

Svo skulu og mennirnir elska sínar eiginkonur sem sína eigin líkami. Hver sína eiginkonu e hold hatað, heldur nærir það og fóstur svo sem að Drottinn söfnuðinn. Því að vér erum limir hans líkama, af hans holdi og af hans beinum. Hvers vegna mun maðurinn forlata föður og móður og nálægjast sína eiginkonu, og þau tvö munu eitt hold vera. Leyndur dómurinn er stór. En eg segi af Kristi og safnaðinum. Þá elski þér þó hver sem einn sína eiginkonu sem sjálfan sig, en konan óttist manninn.

Sétti kapituli

Þér börn, verið hlýðug yðrum foreldrum í Drottni því að það er réttvíslegt. Heiðra þú föður þinn og móður, það er hið fyrsta boðorð sem fyrirheit hefir: svo að þér vegni vel og sért langær á jörðu. Og þér feður skuluð eigi egna yðar börn til reiði, heldur alið þau upp í siðsemd og áminningu til Drottins.

Þér þjónustumenn, verið hlýðugir yðrum líkamlegum drottnum með ótta og skjálfta í einfaldleik yðvars hjarta svo sem Kristi. Eigi alleinasta með þjónustu fyrir augum svo sem mönnum til þókkunar, heldur svo sem þjónar Kristi það þér gjörði þennan Guðs vilja af hjarta með góðum huga. Látið yður þykja svo sem þér þjónið Drottni og eigi mönnum. Og vitið að hvað sem hver einn gjörir gott, það mun hann af Drottni meðtaka hvort hann er þræll eður frelsingi. Og þér drottnannir, gjörið einninn þetta hið sama við þá og eftirlátið ógninnar, vitandi einninn það yðvar Drottinn er á himnum og það hjá honum er ekkert manngreinarálit.

Hvað að auk er, mínir bræður: Styrkist í Drottni og í mætti hans kraftar. Íklæðið yður Guðs herskrúða svo að þér getið staðið í gegn umsátum djöfulsins. Því að vér höfum eigi við hold og blóð að berjast, heldur við höfðingja og volduga sem er við drottna veraldarinnar, þeir eð í myrkurum þessarar veraldar drottna viður illskuandana undir himninum. Hvar fyrir þá höndlið Guðs hernesku svo að þér getið í móti staðið á hinum vonda degi og verið í öllum yðrum verkum fullgjörðir.

Svo standið nú, umgyrðið yðrar lendar með sannleiknum og ískryddir með brynju réttlætisins og um fæturna skófataðir meður evangelio friðarins upp á það þér séuð fyrirbúnir. En umfram alla hluti þá höndlið skjöld trúarinnar, með hverjum þér kunnið út að slökkva öll eldleg skeyti hins prettvísa. Og grípið hjálm hjálpræðisins og sverð andans, hvert að er Guðs orð.* Og biðjið iðulega í allri nauðpurft með bænum og beiðni í andanum. Og þar til vakið með öllu staðfesti og ákalli fyrir öllum heilögum og fyrir mér upp á það að mér gefist það orð með dristugri opnan míns munns svo að eg mætta kunnngjöra leyndan dóm evangelions, hvers sendiboði eg em í festinni, svo að eg megi djarflega þar inni höndla og svo að tala sem tilheyrilegt er.

En það að þér vitið einninn hversu háttað er um mig og hvað eg gjöri, það kann Týkikos, minn kæri bróðir og trúr þénari í Drottni, kunnngjöra yður allt saman. Því að eg hefi sent hann til yðar vegna þess að þér vissuð hverninn oss vegnaði og það hann hugsvalaði yðrum hjörtum. Friður sé bræðrunum og kærleiki með trúnni af Guði föður og Drottni Jesú Kristo. Náð sé með öllum þeim sem elska vorn Drottin Jesúm Kristum hreinferðuglega. Amen.

Skrifaður af Róm til þeirra í Efeso meður Týkikon.

Formáli yfir S. Páls pistil til Filippenses

Í þessum pistli lofar og áminnir hinn heilagi Páll þá Filippenses það þeir skulu blífa og áframt fara í trúnni og aukast í kærleikanum. En með því hinir fólsku postular og verkanna lærendur þá gjöra trúnni ætíð skaðsemi, varar hann þá við þeim inu sömum og tjár fyrir þeim margháttáða predikara, suma góða, suma vonda, einninn sjálfan sig og sína lærisveina, Tímóteum og Epafroditon. Þetta starfar hann nú í hinum fyrsta og öðrum kapítula.

Í hinum þriðja burtskúfar hann það sómalaust manna réttlæti sem fyrir hina fólsku postula kennt og haldið verður, setjandi sig sjálfan til eftirdæmis, sá sem í slíku réttlæti vegsamlega hefði lifað og haldi þar nú þó ekkert af fyrir Krists réttlætis sakir. Því að þeir hinir gjöra magann að Guði og eru óvinir krossins Kristi.

Í fjórða áminnir hann þá til friðar og til eins góðs auglýnilegs siðferðis hver við annan og þakkar þeim fyrir þeirra gáfur er þeir höfðu sent honum.

S. Páls pistill til Filippenses

Fyrsti kapítuli

Páll og Tímóteus, þjónustumenn Jesú Kristi. Öllum heilögum í Kristo Jesú til Filippenses samt biskupum og þénurum. Náð sé með yður og friður af Guði vorum föður og Drottni Jesú Kristo. Eg þakka Guði mínum svo oft sem eg hugsa yður, hvað eg gjöri alla tíma í mínum bænum fyrir öllum yður, og þá bæn gjöri eg með fögnuði (yfir yðru samlagi í evangelio) í frá hinum fyrsta degi allt til þessa. Og eg em þess hins sama í góðu trausti að sá sem í yður hefir upp byrjað hið góða verkið, hann muni það og einninn fullkomna allt á þann dag Jesú Kristi svo sem að mér er vel heyrilegt það eg haldi af yður öllum í þeim máta. Því að eg hefi yður í mínu hjarta í þessum mínum fjötrum, hvar inni eg forsvara og vernda þetta evangelium, hvar af að þér eruð allir náðarinnar hluttakarar meður mér.

Því að Guð er minn vottur hversu það mig forlengir af hjartans grunni í Kristo Jesú eftir yður öllum. Og þess sama bið eg það yðvar kærleiki auðgist æ meir og meir í allri viðurkenning og allri raun svo að þér megið reyna hvað best er upp á það þér séuð skírir og óhindrunarlegir allt upp á þann dag Kristi, uppfylltir ávexti réttlætisins sem er fyrir Jesúm Kristum í yður skeð til dýrðar og lofs Guði.*

En það læt eg yður vita, kærir bræður, hvað mig er yfir komið að það er til meiri algjörðar skeð evangelio svo að mín fjötur í Kristo eru opinskár vorðin í öllu þinghúsinu og hjá þeim öllum öðrum, og margir bræður í Drottni fengu hugarstyrk af mínum fjötrum þess djarflegar það orð að tala utan hræðslu. Sennilega sumir þá predika Kristum fyrir hatir og þrætu sakir, en sumir út af góðri meining. Þeir hinir kunngjöra Kristum af hatri og eigi hreinlega því að þeir meina það þeir geti mínum fjötrum nokkra hörmung til lagt, en þessir út af kærleika því að þeir vita það eg ligg hér til forsvars evangelii.

En hverninn skal það þá fara? Því að Kristur verður með allsháttuðu móti kunngjörður hvort það sker í réttan máta eða fyrir tilfellis sakir, þá gleð eg mig þó þar inni og vil mig einninn gleðja. Því að eg veit að það sama mun mér falla til hjálpræðis fyrir yðra bæn og fyrir tilstyrking Jesú Kristi anda sem eg öldungis vænti og vona það eg verði í öngri grein skammaður, heldur það Kristur með allri djörfung svo sem allt hingað til, líka og einninn nú miklaður verði á mínum líkama, sé það fyrir lífið eða fyrir dauðann. Því að Kristur er mitt líf og dauðinn er mín ávinning.

En með því það í holdinu að lifa þénar meir til ávaxtar að afla, þá veit eg eigi hvort eg skal kjósa. Því að hvorutveggja sturlar mig harðlega. Eg hefi girnd á frá að skiljast og hjá Kristi að vera, hvað einninn miklu betra væri. En það er miklu nauðsynlegra í holdinu að blífa fyrir yðar sakir, þess treystandi það eg muni blífa hjá yður og vera yður öllum til framkvæmdar og til trúarinnar gleði upp á það þér megið mjög hrósa yður í Kristo Jesú á mér fyrir mína tilkomu aftur til yðar.

Gangið sem verðugt er evangelio Kristi upp á það, hvort heldur eg kem að sjá yður eða em eg fjarlægur, að eg megi það af yður heyra að þér standið í einum anda og einni sálu og með oss berjist í trú þess evangelii og látið öngvaneginn blygða yður af mótstöndurunum, hvert að þeim er full sök fyrir dæmingarinnar, en yður heilsugjafarinnar og það sama af Guði. Því að yður er það gefið fyrir Kristus sakir, eigi alleinasta það að gjöra að þér á hann trúið, heldur einninn hans vegna liðið og hafið þá sömu baráttu sem þér hafið á mér séð og nú frá mér heyrðið.

Annar kapítuli

Því fyrst hjá yður er nú hugsvalan í Kristo, fyrst þar er huggan kærleiksins, fyrst þar er sameign andans, fyrst þar er hjartgróin ástsemi og miskunnsemi, svo uppfyllið minn fögnuð það þér séuð einnrar lundar, hafandi hinn sama kærleika, verandi samhugaðir og eins sinnaðir, ekkert gjörandi fyrir öfund eður hégómadrýrð, heldur fyrir lítillæti. Haldið hver sem einn annan æðra en sig sjálfan, og hver einn líti eigi upp á það hvað hans er, heldur upp á það hvað hins annars er.

Hver einn sé svo sinnaður sem Jesús Kristus var, hver þó eð var Guðs ímynd. Hélt hann það þó ekki fyrir neitt rán Guði líkur að vera, heldur minnkaði hann sig sjálfan og tók á sig mynd eins þjóns, varð líkur öðrum mönnum og að hegðan fundinn sem maður, lítillætti sig sjálfan og varð hlýðugur allt til dauða, já, allt til krossins dauða. Fyrir því hefir Guð upphafið hann og gaf honum nafn það yfir öllum nöfnum er svo að í nafni Jesú skulu sig beygja öll kné sem á himnum og á jörðu og undir jörðunni eru, og allar tungur skulu viðurkenna það Jesús Kristus sé Drottinn til dýrðar Guðs föðurs.*

Líka svo, mínir kærustu, sem þér hafið alla tíma hlýðugir verið, eigi alleinasta í minni náveru, heldur nú miklu meir í minni fráveru, verkið sjálfir yðvart hjálpraði með ugg og ótta. Því að Guð er hann sem í yður verkar bæði viljann og gjörninginn eftir sinni þökknan.

Gjörið alla hluti án möglunar og án örvæntingar upp á það þér séuð skuldalausir og skírir og óstraffanleg Guðs börn mitt í milli þeirrar vondrar og umsnúnnar kynslóðar, meðal hverra þér skínið svo sem ljós í heiminum, þar með ef þér blífið við ljóssins orð mér til hrósunar á degi Kristis svo að eg hafi ekki til ónýts hlaupið né forgefins erfiðað. Og ef svo er það eg verð fórnfærður yfir offri og guðsþjónustu yðrar trúar, gleð og mig með yður öllum. Þess skulu þér einninn gleðja yður og skuluð gleðja yður meður mér.

En eg vona í Drottni Jesú það eg muni innan skamms senda Tímóteum til yðar svo að eg glöddunst í huga þá eg fengi að vita hversu yður fer að. Því að eg hefi öngvan sem svo algjörlega sé míns sinnis, er svo af hjarta fyrir yður syrgir. Því að hinir allir leita þess hvað þeirra er, eigi hvað Jesú Kristi er. En vitið það hann er reyndur því að líka svo sem barnið föðurnum, þá hefir hann meður mér þjónað í evangelio. Þann sama vona eg það eg muni skjótlega þangað senda, þá að eg sé hvað mér líður. En eg treystunst í Drottni það eg muni einninn sjálfur innan skamms koma.

Mér leist nauðsynlegt það eg senda til yðar þann bróður Epafroditon, sá minn hjálpari og meðstríðari og yðar apostuli og nauðþurftarþénari er, af því að þér höfðuð heyrt það hann hefði sjúkur verið. Og hann var að sönnu dauðsjúkur, en Guð veitti honum miskunn, eigi einasta honum, heldur jafnvel mér svo að eg hefða eigi sorg á sorg ofan.

En eg hefi sent hann þess skjótara hingað svo að þér sæjuð hann og yrðuð glaðir aftur og það eg hefða þess minni sorg. Svo meðtakið hann nú í Drottni af allri gleði og hafið þess konar menn í heiðri. Því að fyrir sakir verks Kristi er hann dauðanum svo nær kominn það hann sitt líf feygði aktaði upp á það hann þjónaði mér í yðvarn stað.

Þriðji kapítuli

Framar (kærir bræður) þá gleðjið yður í Drottni. Því það eg skrifa yður jafnan, hið sama tregar mig ekki og gjöri yður þess öruggari. Gefið gætur að hundunum, gefið gætur að illum erfiðurum, gefið og gætur að tilsníðingunni. Því að vær erum umsníðing, vér sem Guði þjónum í andanum og hrósum oss af Kristo Jesú og forlátum oss ekki upp á holdið þó að eg hafi það eg megi mér af holdinu hrósa. Fyrst einn annar lætur sér þykja hann megi sér holdsins hrósa, en þá miklu framar eg sem á hinum átta degi em umskorinn einn út af Íraelsfólki, af ætt Benjamíns, ebreskur af ebreskum og eftir lögmáli fariseus, eftir vandlætinu ofsóknari safnaðarins, eftir réttlætinu í lögmálinu verið óstraffanlegur.

En hvað mín ávinning var, það hefi eg Kristus vegna fyrir skaða reiknað. Því að eg held alla hluti skaða vera í hjá þeirri yfirgnæfanlegri viðurkenningu Kristi Jesú vors Drottins, fyrir hvers sakir eg hefi alla hluti fyrir skaða reiknað og held þá fyrir þrek svo að eg ávinni Kristum og í honum fundinn verði, það eg hafi ekki mitt réttlæti út af lögmálinu, heldur það sem fyrir trúna á Kristum kemur sem er það réttlæti er af Guði í trúnni til reiknað verður, hann að kenna og kraft hans upprisu og sameign hans harmkvæla, það eg verði og hans dauða líkur svo að eg mætta honum í móti renna í upprisu framliðinna.

Ekki það eg hafi það þegar höndlað eður sé þegar fullkominn. Eg skunda honum eftir hvort að eg geta einninn höndlað eftir því að eg em af Kristo Jesú höndlaður. Mínir bræður, eg held mig eigi sjálfan fyrir þann að eg hafi það höndlað. En eitt vil eg segja það eg gleymi því hvað til baka er og dreg mig að því sem í fyrir er. Eg skunda að því uppsettu takmarki eftir því hnossi, hvert fram heldur þeirri himneskri kallan Guðs í Kristo Jesú. Svo margir sem af oss eru nú fullkomnir, þá verum svo sinnaddir. Og ef þér skuluð nokkuð annað halda, þá látið Guð yður það opinbera, þó svo framt það vér fram göngum eftir reglunni er vér erum inn komnir og verum líka sinnaddir.

Fylgið mér eftir, kærir bræður, og gætið að þeim sem svo ganga líka sem að þér hafið oss til fyrirmyndar. Því að margir ganga svo (af hverjum eg hefi oftsinnis sagt yður, en nú segi eg yður grátandi) þeir óvinir krossins Kristi, hverra ævilok er fyrirdæmingin, hverra Guð maginn er. Og þeirra vegsemd, sem jarðlega sinnaddir eru, verður til skammar, en vor starfan er á himnum, hvaðan vérvæntum frelsarans Drottins Jesú Kristi, sá vorn fáfengan líkama mun forklára það hann líkur verði hans forkláruðum líkama eftir þeirri verkan þar hann kann sér alla hluti með undirgefna að gjöra.

Fjórði kapítuli

Líka svo, mínir kærir og æskilegir bræður, minn fögnuður og mín kóróna, standið svo í Drottni elskanlegir. Hinn Evodían áminni eg, hinn Sýntýken áminni eg það þeir sé samlyndir í Drottni. Eg bið þig einninn, minn trúr lagsmaður, veit þeim hjástoð sem með mér strítt hafa yfir evangelio með Klemesi og hinum öðrum mínum hjálparmönnum, hverra nöfn að eru á lífsbókinni.* Gleðjið yður í Drottni alla tíma. Og enn aftur segi eg: Gleðjið yður. Yðra umgengni látið kunna vera öllum mönnum. Drottinn er nálægur. Syrgið ekki, heldur látið yðrar bænir í öllum hlutum í bænahaldi og ákalli með þakkargjörð fyrir Guði kunnar verða. Og friður Guðs, sá hærri er öllum skilningi, varðveiti yðar hjörtu og hugskot í Kristo Jesú.*

Framar, kærir bræður, hvað sannarlegt er, hvað heiðursamlegt er, hvað réttlegt er, hvað hreinferðugt er, hvað ástsamlegt er, hvað vel samir, er þar dyggð nokkur, er þar lof nokkuð, hugsíð þar eftir, hvert þér einninn lært og meðtekið, heyrt og séð hafið á mér, það gjörið. Þá mun Drottinn friðarins með yður vera. Eg em næsta mjög glaður vorðinn í Drottni það þér endurbíomguðust fyrir mér að syrgja sem þér hafið þó allt jafnt fyrir mér sorgað, en tíðin hefir það eigi viljað líða. Eigi segi eg það nauðþurftarinnar vegna því að eg hefi lært hjá þeim að eg em mér að nægja láta. Eg kann lágur og hár að vera. Eg em í öllum hlutum og hjá öllum skaffellegur, bæði saddur að vera og svo hungraður, bæði gnóg að hafa og vesöld líða. Eg formá alla hluti fyrir þann sem mig máttugan gjörir (Kristur). Þó hafi þér vel gjört það þér hafið mína hörmung á yður tekið.

En þér, Filippenses, vitið það að af upphafi evangelií þann tíð eg burt fór af Makedónía það enginn söfnuður hefir mér samlagað í reikningsskapnum úti að láta og inn að taka utan þér einir saman. Því að til Tessalonisen sendu þér nokkuð til minnar nauðþurftar eitt sinn og þar eftir enn einu sinni. Eigi það eg spyrji að gjöfinni, heldur spyr eg að ávextinum það hann sé gnóglegur í yðrum reikningskap. Því að eg hefi alla hluti og hefi gnólegana, eg fylltunst þann tíð eg meðtók fyrir Epafroditon það frá yður kom sætan ilm, þægilegt offur, Guði þakknæmt. En minn Guð uppfylli alla yðar nauðþurft eftir sínum dýrðarinnar ríkdómi í Kristo Jesú.

En Guði og vorum föður sé dýrð um aldur og ævi að eilífu. Amen. Heilsíð öllum heilögum í Kristo Jesú. Yður heilsa þeir bræður sem eru hjá mér. Yður heilsa allir bræður, sérdeilis þeir af keisarans húsi. Náð vors Drottins Jesú Kristi sé með yður öllum. Amen.

Skrifaður af Róm með Epafroditon.

Formáli yfir S. Páls pistil til Kolossia

Líka svo sem að sá pistill til þeirra í Galata térar sér og hegðan hefir eftir þeim pistli til Rómverja og það sama í stuttu máli innilykur hvað sá til Rómverja víðar og ríkulegar útbreiðir, svo térar sér og þessi pistill til Kolosenses eftir þeim til Efesios og inniheldur það sama í skömmu máli.

Í hinum fyrsta lofar postulinn þá og æskir þeim í Kolossia það þeir blífi í trúnni og áauki sig og útbreiðir hvað evangelium og trúan sé, einkum þá visku sem viðurkennir Kristum einn Drottin og Guð fyrir oss krossfestan sem af veraldar upphafi var hulinn, og nú sé hann fyrir sitt embætti auglýstur. Það er hinn fyrsti kapítuli.

Í öðrum kapítula varar hann þá við mannalærdómi sem ætíð er trúnni mótstaðlegur og uppkastar þá sömu svo réttlegana það þeir eru í skriftinni hvergi svo uppmálaðir, straffandi þá meistarlegana.

Í hinum þriðja áminnur hann þá það þeir sé ávaxtarsamir í skærri trú með allsháttuðum góðum verkum hver við annan og skrifar allsháttaðri stétt hennar eiginleg verk.

Í hinum fjórða bífalar hann sig í þeirra bænahald, heilsar þeim og styrkir þá.

S. Páls pistill til Kolossia

Fyrsti kapítuli

Þáll postuli Jesú Kristi fyrir Guðs vilja og Tímóteus bróðir. Þeim heilögum til Kolossia og þeim trúuðum bræðrum í Kristo. Náð sé með yður og friður af Guði vorum, föður og Drottni Jesú Kristo. Vér þökkum Guði og föður vors Drottins Jesú Kristi og biðjum alla tíma fyrir yður af því vér höfum heyrt af yðvarri trú á Jesúm Kristum og af kærleiknum til allra heilagra fyrir þeirrar vonar sakir sem yður er tillögð á himnum, af hverri þér hafið til forna heyrt fyrir sannleiksins orðið í evangelio það til yðar er komið svo sem það er um allan heiminn, grær og frjógast. Svo og einninn líka meðal yðar allt í frá þeim degi er þér höfðuð það heyrt og viðurkennt Guðs náð í sannleika svo sem þér lært hafið af Epafra, vorum kæra meðþénara, hver að er trúr þjón Kristi fyrir yður, sá oss einninn kunngjörði yðvarn kærleika í andanum.

Hvar fyrir vér einninn, allt í frá þeim degi þá vér höfðum það heyrt, gefu vér eigi upp fyrir yður að beiða og biðja það þér uppfyllist meður viðurkenning hans vilja í allsháttuðum vísdómi og skilningi svo að þér gangið Drottni verðuglegana til allrar þökkunar og verið ávaxtarsamir í öllum góðum verkum og að vaxa í Guðs játningu og styrkjast í öllum krafti eftir hans dýrðlegri makt í allri þolinmæði og langlundargeði meður fögnuði og þakkir gjöra föðurnum sem oss hefir skapfellega gjört til arfskiptis heilagra í ljósinu.

Sá að oss hefir frelsað af yfirvaldi myrkranna og hefir oss sett um í ríki síns elskulega, á hverjum vér höfum endurlausnina fyrir hans blóð sem er syndanna fyrirgefning.* Sá sem að er ímynd ósýnilegs Guðs, hinn frumgetni fyrir allar skepnur. Því að fyrir hann eru allir hlutir skapaðir það á himnum og á jörðu er, hið sýnilega og hið ósýnilega, bæði yfirkórar og drottanir, höfðingjadómar og valdsstéttir. Allt saman er það fyrir hann og í honum skapað. Og hann er fyrir öllum, og allir hlutir standast í honum.

Hann er höfuð líkamans sem er söfnuðurinn, hver að er upphafið og hinn frumgetni frá dauðum upp á það hann hafi í öllum hlutum fyrirgang. Því að það er svo þakknæmt verið að í honum skyldi öll fylling byggja og allir hlutir yrði fyrir hann forlíktir til hans sjálfs, það sé á jörðu eður á himnum, þar með að hann friðinn gjörði fyrir blóðið á sínum krossi fyrir sjálfan sig.

Og yður, þér sem forðum daga voruð framandi og óvinir fyrir hugskotið í vondum verkum, en nú hefir hann forlíkt yður meður líkama síns holds fyrir dauðann upp á það hann upprétti yður heilaga og óstraffanlega og sakalaus í sínu augliti ef þér blífið annars í trúnni grundvallaðir, staðfastir og óhræranlegir af voninni þessa evangelií sem þér hafið heyrt, hvert predikað er meðal allra skepna sem undir himninum er, þess þénari eg, Páll, em vorðinn.

Eg gleð mig nú í mínum harmkvælingum, þær eg líð fyrir yður, og uppfylli á mínu holdi hvað að vantar á þær harmkvælingar í Kristo fyrir hans líkama, hver að er söfnuðurinn, þess þénari eg em vorðinn eftir guðlegu predikunarembætti sem mér er gefið meðal yðar að eg það Guðs orð ríkulega predika skal, sem er leyndur dómurinn, hver hulinn er verið frá veraldar upphafi og um ævi, en nú opinberaður er hans heilögum, hverjum Guð hefir viljað kunngjöra hver að sé sá dýrðlegur ríkdómur þessa leyndardóms meðal heiðinna þjóða (hver að er Kristur) sem er vonin dýrðarinnar, hvern vér boðum, áminnandi alla menn og lærandi alla menn í allsháttadri speki upp á það vér uppréttuðum hvern mann algjörðan í Kristo Jesú, þar eg inni erfiða og stunda eftir verkan þess sem í mér kröftuglega verkar.

Annar kapítuli

Eg vil yður vita láta hverja áhyggju eg hefi fyrir yður og fyrir þeim í Laódíkea og öllum þeim sem mitt auglit hafa ei séð í holdinu svo að þeirra hjörtu hugsvöluðust og samlynduð yrði í kærleikanum og í allri auðgan fullkomins skilnings að viðurkenna leyndan dóm Guðs föðurs og Kristi, í hverjum huldri liggja allir sjóðar viskunnar og viðurkenningarinnar.

En eg segi þar af það enginn tæli yður með skynsamlegri ræðu því að þó eg sé þar ekki eftir holdinu, þá em eg þó í andanum hjá yður fagnandi það eg sé yðra skikkan og yðra staðfasta trú á Kristum. Líka svo sem þér hafið nú meðtekið Drottin, Kristum Jesúm, svo líka gangið í honum og verið innrættir og uppbyggðir í honum. Verið og staðfastir í trúnni sem þér eruð lærdir til og yfirgnæfið í honum með þakkargjörð.

Sjáið til það enginn herleiði yður fyrir filosófíam og hégómlegar tælingar eftir mannesetningi og veraldarinnar setningi, en eigi eftir Kristo Jesú. Því að í honum byggir öll gnægð guðdómsins líkamlega, og þér eruð fullkomnir í honum. Hann sem er höfuð alls höfðingjadóms, valdsstéttar, í hverjum þér eruð umskornir með umskurn án handa fyrir aflögu syndsamlegs líkama fyrir umskurning Kristi í því þar þér eruð með honum greftraðir fyrir skírnina, í hverri þér eruð upp aftur risnir fyrir trúna sem Guð verkar, hver eð hann uppvakti af dauða.

Og hefir yður einninn með honum lifandi gjört þann tíð þér voruð dauðir í syndum og í yfirhúð yðvars holds og hefir oss fyrirgefið allar vorar syndir og afskafið þá handskrift sem móti oss var, hver fyrir setningana sannaðist og oss gagnstaðleg var, og hefir hana mitt á burt frá oss tekið og á krossinn neglt og hefir afflett höfðingjadóma og völduga og til sýnis fram leitt opinberlega og sigri hrósað yfir þeim fyrir sig sjálfan.

Af því látið öngvan gjöra yður samvisku neina í mat eður drykk elligar með sérdeilis helgihöld eða tunglkomur eður þvottadaga, hvert að er skuggi af því sem tilkomandi var, en sjálfur kroppurinn er í Kristo. Látið öngvan svipta yður málteikninu af þeim sem eftir eigin þótta ganga í eyðmýkt og andlegleik englanna, hverja hann sá aldri og er til ónýts upphrokaður í sínu kjötlegu sinni og heldur sig ekki við höfuðið sem er Kristur, á hverjum allur líkaminn fyrir limu og liðanna samtenging öðlast styrking og samanhald og vex svo til guðlegrar stærðar.

Fyrst þér eruð nú dauðir með Kristi frá veraldarinnar setningum, hverninn láti þér þá veiða yður með setningum líka svo sem að lifðu þér enn nú í veröldinni? Hinir sem segja: Eigi skaltu á því taka, eigi skaltu því bergja, eigi skaltu það áhræra, hvert þó allt slitnar eður mást ef það er með höndum haft og eru manna boðorð og kenningar, hverjar eð hafa yfirlit viskunnar fyrir sjálfvaldan hugarins andlegleik og eyðmýkt og fyrir það þeir þyrma eigi líkamanum og gjöra eigi holdinu sína sæmd til sinnar nauðþurftar.

Þriðji kapítuli

Eru þér nú upp aftur risnir með Kristi, þá leitið þess hvað þar uppi er þar eð Kristur situr til Guðs hægri handar. Kostgæfið eftir því sem þar uppi er og ei eftir því sem á jörðu er. Því að þér eruð dauðir og yðart líf er fólgið með Kristo í Guði. En nær Kristur yðvart líf man sig opinbera, þá munu þér einninn meður honum opinberaðir verða í dýrðinni.* Svo deyðið nú yðra limu sem á jörðu eruð, hórdóma, fúlan lifnað, lostasemi, vondar girndir, saurlífi og ágirni (sem er skurgoðadýrkan), fyrir hvað að kemur Guðs reiði yfir börn vantrúarinnar, í hverjum þér hafið og forðum daga gengið þá þér lifðuð í þeim.

En afleggið nú allt í frá yður, reiði, grimmd, illsku, háðung, skemmileg orð af yðrum munn. Ljúgið ekki innbyrðis, afklæðist hinum gamla manni með sínum verkum og íklæðist hinum nýja, sá sem endurnýjast til viðurkenningar eftir þess ímynd sem hann hefir skapað þar enginn girskur, Gyðingur, umskorinn, yfirhúð, útlendur, Sýta, þræll og frelsingi að er, heldur allir hlutir og í öllum Kristur.

Svo íklæðist nú svo sem Guðs útvaldir, heilagir og elskanlegir hjartfölginni miskunnsemi, góðvilja, hógværi, þolinmæði og umlíðið hver annan. Og ef að nokkur hefir klögumál móti öðrum, þá fyrirgefið það hver öðrum innbyrðis. Líka svo sem Kristur hefir fyrirgefið yður, svo skulu þér einninn. En fram yfir allt þetta þá íklæðist kærleikanum, hver að er band algervileiksins. Og friður Guðs regeri í yðrum hjörtum, til hvers að þér eruð einninn kallaðir í einum líkama. Verið og þakklátir.

Látið Kristi orð gnóglega byggja meðal yðar í allri visku. Lærið og áminnið yður með sálum og lofsöngum og andlegum, ljúflegum kvæðum og syngið Drottin í yðrum hjörtum. Og allt hvað þér gjörið með orð eður verk, það gjörið allt í nafni Drottins Jesú og þakkið Guði föður fyrir hann.

Þér kvinnur, verið yðar bændum undirgefna í Drottin svo sem að byrjar. Þér menn, elskið yðrar eiginkonur og verið ekki harðúðugir viður þær. Þér börn, verið hlýðug foreldrunum í öllum hlutum því að það er Drottin þakknæmilegt. Þér feður, reitið ekki yðar börn til vanvirðu svo að þau verði ei of körg. Þér þénarar, verið hlýðugir í öllum hlutum yðrum líkamlegum herrum, eigi meður þjónustu fyrir augum svo sem mönnum til þókkunar, heldur með einfaldleik hjartans og meður Guðs ótta. Allt hvað þér gjörið, það gjörið af hjarta svo sem Drottin og eigi mönnum. Og vitið það þér munuð öðlast af Drottin verðlaun arftökunar. Því að þér þjónið Drottin Kristo. En hver órétt gjörir, sá mun það meðtaka hvað hann hefir órétt gjört, og ekkert manngreinarálit er hjá Guði. Þér drottinar, hvað rétt og heyrilegt er, það auðsýnið þénurunum, og vitið það þér hafið einninn Drottin á himni.

Fjórði kapítuli

Verið stöðugir í bænaákallinu og vakið í því hinu sama með þakkargjörð. Biðjið og einninn með fyrir oss svo að Guð upplúki oss orðsins dyr til að tala leyndan dóm Kristi, fyrir hvað eg em bundinn upp á það að eg opinbera það sama sem mér byrjar að tala. Gangið víslega í bland þeim sem að eru þar fyrir utan og skikkið yður í tíðina. Yðar ræða sé ætíð ljúffleg og með salti krydduð það þér vitið hverninn þér skulið hverjum sem einum andsvara.

Hverninn um mig er háttað, það mun yður allt saman kunngjóra Týkikos, kær bróðir og trúr þénari og meðþjón í Drottni, þann eg hefi þar fyrir til yðar sent það eg víska hverninn yður færi að og það hann hugsvalaði yðar hjörtum samt Onesímo, þeim trúa og kæra bróður, hver í frá yður er. Og allt hverninn hér fer að, munu þeir kunngjóra yður.

Yður heilsar Aristarkus, minn sambandingi, og Markús, systrungur Barnabe, af hverjum þér hafið nokkurn bifalning meðtekið. Ef svo er það hann kemur til yðar, þá meðtakið hann. Og Jesús, sá kallast Júst, hverjir út af umskurninni eru. Þessir eru alleinasta mínir hjálpendur á Guðs ríki, þeir mér eru huggan vorðnir. Yður heilsar Epafras, hver í frá yður er, einn þjón Kristi og jafnan fyrir yður áhyggju berandi í bænum upp á það þér standið fullkomnir og uppfylltir í öllum Guðs vilja. Eg ber honum það vitni að hann hefir stóra ástúð til yðar og til þeirra í Laódíkea og Hierapóli.

Yður heilsar Lúkas, læknir elskulegur, og Demas. Heilsað bræðrunum til Laódíkea og Nýmfan og söfnuðinum sem að er í hans húsi. Og nær pistillinn er lesinn hjá yður, þá útvegið það hann verði einninn og lesinn í samkundunni til Laódíkea og það þér lesið þann sem til þeirra í Laódíkea er ritaður. Og segið Arkippo það: Sjá upp á embættið það er þú meðtekið hefur í Drottni að þú fullkomnir það. Heilsan af minni hendi, Páls. Verið minnugir minna fjötra. Náðin sé með yður. Amen.

Skrifaður af Róm meður Týkikon og Onesímon.

Formáli yfir S. Páls pistil til Tessalonia

Þennan pistil skrifar S. Páll út af sérlegri ástsemi og postullegru umhyggju því að hann lofar þá fyrir tvo hina fyrstu kapitula það þeir hafi evangelium af honum með slíkri alvöru meðtekið að þeir einninn fyrir harmkvæli og ofsókn standa þar inni og eru alls staðar vorðnir öllum söfnuðum eitt ágætt eftirdæmi í trúnni líka sem að Kristur og hans postulum hafa af Gyðingum, þeirra náfrændum, ofsókn liðið svo sem hann sjálfur hafði og einninn hjá þeim liðið þeim til eftirdæmis, færandi hjá þeim eitt heilagt líferni, fyrir hvað hann þakkar Guði það hans evangelion hefir slíkan ávöxt hjá þeim afrekað.

Í hinum þriðja auðsýnir hann sína kostgæfni og umhyggju það slíkt hans erfiði og þeirra lofsamleg uppbyrjan verði ekki í eyði lögð fyrir djöfulinn og hans apostula með mannalærdómum. Fyrir því hafi hann áður fyrirfram Tímóteum til þeirra sent slíkt að prófa og þakkar Guði það hann hefir enn alla hluti réttlega hjá þeim fundið og æskir þeim viðuraukningar.

Í hinum fjórða áminnrir hann þá það þeir vakti sig við syndum og gjöri hvað gott er innbyrðis. Þar til andsvarar hann þeim upp á eitt spursmál sem þeir höfðu fyrir Tímóteum látið til hans bera af upprisú framliðinna, hvort þeir munu allir undir eins eða hver eftir öðrum upprisa.

Í hinum fimmta skrifar hann þeim af dómadegi hversu snögg og skyndilega hann skuli koma og gefur þar með nokkrar skikkanir hinum öðrum að stjórna og hverninn þeir skulu halda sig í gegn líferni og lærdómi hinna annarra.

Hinn fyrri S. Páls pistill til Tessalonia

Fyrsti kapítuli

Þá og Silvanus og Tímóteus. Þeim safnaði til Tessalonia í Guði föður og Drottni Jesú Kristo. Náð sé með yður og friður af Guði vorum föður og Drottni Jesú Kristo. Vér þökkum Guði alla tíma fyrir yður alla og þenkjum yðar óaflátanlega í vorum bænum, hugleiðandi yðar verk í trúnni og yðvart erfiði í kærleikanum og yðra þolinmæði í voninni, hver að er vor Drottinn Jesús Kristur fyrir Guði vorum föður. Því, kærir bræður af Guði elskaðir, vér vitum það þér eruð útvaldir. Því að vort evangelium er hjá yður verið, eigi alleinasta í orðinu, heldur hvorutveggja í krafti og helgum anda og í næsta miklum algjörvileik svo sem að þér vitið hvílíkir vér vorum meðal yðar fyrir yðar skuld.

Og þér eruð vorir eftirfylgjara vorðnir og Drottins og hafið orðið meðtekið í miklum mótgangi meður fögnuði í helgum anda svo að þér eruð fyrirmynd vorðnir allra trúaðra í Makedónía og Akkaia. Því að af yður er orð Drottins víðfrægt vorðið, eigi alleinasta í Makedónía og Akkaia, heldur í allar álfur er yðar trú til Guðs útdreifð svo að eigi er þörf yður nokkuð að segja. Því að þeir sjálfir kunngjöra af yður hvað vér höfum fyrir inngang haft til yðar og hverninn þér eruð umsnúnir til Guðs í frá skurguðum til að þjóna lifanda og sannarlegum Guði og eftir að bíða hans sonar af himnum, hvern hann uppvakti af dauða, Jesúm, sá oss hefir frelsað af tilkomandi reiði.

Annar kapítuli

Af því þér vitið, kærir bræður, vorn inngang til yðar það hann er eigi ónýtur verið, heldur svo sem vér höfðum áður til forna margt liðið og háðung þolað til Filippenses (sem að þér vitið), þó vorum vér samt og áður alldjarfir í vorum Guði hjá yður að tala evangelion Guðs í stórrí baráttu að vor áminning hefir eigi verið til villudóms né til óhreinleiks né með vél, heldur eftir því vér erum af Guði reyndir það oss er tiltrúað að predika evangelion, svo tölu vér, eigi sem vildu vér mönnum þóknast, heldur Guði sem vor hjörtu reynir.

Því að vér höfum aldri neitt sinn með smjaðrunarorðum umgengið sem að þér vitið og eigi með nokkru ágirndartilefni (Guð er þess vottur) og eigi heldur leitað neinnrar sæmdar af mönnum, hvorki af yður né af öðrum hefðu vér eigi mátt gjöra yður þyngsl sem aðrir apostular, heldur vorum vér ástúðlegir hjá yður. Líka sem önnur föstra þá elur börn sín, svo höfðu vér góðvild af hjarta til yðar og vorum fúsir til að hlutskipta við yður, eigi alleinasta Guðs evangelion, heldur jafnvel voru lífi fyrir því að vér höfum yður ástfólga.

Þér minnst vel, kærir bræður, vors erfiðis og vorrar mæðu. Því að dag og nótt erfiðuðum vér svo að vér veittum öngum nein þyngsl meðal yðar og predikuðum hjá yður evangelium Guðs. Þess eru þér vottar og Guð (þér sem trúaðir eru) hversu heilaglega, réttferðulega og óstraffanlega vér vorum hjá yður svo sem að þér vitið hverninn að vér höfum hvern sem einn af yður svo sem faðirinn sín börn áminnt og huggað og það vottað að þér skylduð verðulega ganga fyrir Guði, þeim yður hefir kallað til síns ríkis og sinnar dýrðar.

Fyrir það þökkum vér einninn Guði óaflátanlega það þér, þann tíð þér meðtókú af oss það orð guðlegrar predikunar, meðtókú þér það eigi svo sem mannanna orð, heldur (eftir því það sannarlega er) sem Guðs orð það einninn verkar í yður, þér sem trúid. Því að þér eruð eftirfylgjara vorðnir, kærir bræður, Guðs söfnuðum í Júdea í Kristo Jesú svo það þér hafið það sama liðið af yðrum náfrændum sem hinir af Gyðingum, hverjir einninn Drottin Jesúm hafa líflátið og þeirra eigin spámenn og hafa oss ofsókt og þóknast ekki Guði og eru öllum mönnum gagnstaðlegir, tálma oss að segja heiðingjum þar þeir megi af hjálpast svo að þeir uppfylli sínar syndir alls staðar. Því að reiði er óendaleg yfir þá komin.

En vér, kærir bræður, með því að oss er stíað verið í frá yður um stundarsakir eftir yfirliti og þó eigi eftir hjartanu, þá höfum vér þess framar flýtt oss yðart auglit að sjá af stórrí þreyjan. Fyrir það höfum vér viljað til yðar koma, eg, Páll, tvysar sinnum, og Satanas hefir hindrað oss. Því hver er vor von eða fögnuður eður kóróna hrósunarinnar? Eru þér það eigi fyrir vorum Drottni Jesú Kristo í hans tilkomu? Þér eruð vor vegsemd og fögnuður.

Þriðji kapítuli

Fyrir því höfum vér ekki lengur það viljað umlíða og létum oss þóknast það vér værum einir saman látnir til Aþenis og höfum útsent Tímóteum, vorn bróður og Guðs þénara og vorn hjálparmenn í evangelio Kristi, til að styrkja og á að minna yður í yðvarri trú svo að enginn yðar skelfdist í þessum hörmungum. Því að þér vitið að vér erum þar tilsettir. Og þá er vér vorum hjá yður, sögðu vér yður það fyrir það vér hlytum mótgang að hafa svo sem að skeð er og þér vitið. Þar fyrir að eg gat það eigi lengur liðið, þá útsenda eg svo að eg mætti reyna yðra trú upp á það að eigi mætti ske það freistarinn freistaði yðar og yrði vort erfiði svo til ónýts. En nú það Tímóteus er í frá yður til vor kominn og hefir kunngjört oss yðra trú og kærleika og það þér hugsíð til vor alltið til hins besta og það yður forlengir eftir að sjá oss svo sem oss einninn líka eftir yður, þá urðu vér, kærir bræður, huggaðir á yður í allri vorri hörmung og nauð fyrir yðra trú. Því að nú eru vér lifandi meðan þér standið í Drottinni. Því hverja þakkargjörð getu vér Guði endurgoldið fyrir yður, fyrir allan þann fögnuð sem vér höfum yðar vegna fyrir vorum Guði? Vér biðjum dag og nótt allharðlega það vér mættum sjá yðart auglit og uppfylla svo það hvað á brestur yðra trú.

En Guð vor faðir og Drottinn Jesús Kristus greiði vorn veg til yðar. En Drottinn margfaldi yður og láti kærleikinn yfirgnæfa innbyrðis hjá yður og við hvern mann (svo sem að vér erum einninn við yður) svo að yðart hjarta sé styrkt og óstraffanlegt í heilagleik fyrir Guði vorum föður í tilkomu vors Drottins Jesú Kristi með öllum hans heilögum.

Fjórði kapítuli

Framar, kærir bræður, biðjum vér yður og áminnum í Drottinni Jesú að því þér hafið af oss meðtekið hverninn þér skuluð ganga og Guði þóknast svo að þér æ meir og meir fullkomnari verðið í trúnni. Því að þér vitið hvað fyrir boðorð vér höfum gefið yður fyrir Drottin Jesúm. Því að það er vilji Guðs yðvarrar helgunar að þér haldið yður í frá frillulífi og hver yðar sem einn kunni að eignast sitt ker í helgan og heiðri og ekki í girndarbruna sem heiðingjar, þeir af Guði ekkert vita, og það enginn niðurbrykki né svíki sinn bróður í nokkri höndlan. Því að Drottinn er hann sem hefir alls þessa sem að vér höfum áður fyrri sagt og yður vottað. Því að Guð hefir ekki kallað oss til óhreinleiks, heldur til helgunar.* Því hver hann forsmár nú, hann forsmár öngvan mann, heldur Guð, sá sinn heilaga anda hefir í yður gefið.

En af bróðurlegum kærleika er ekki þörf yður að skrifa því að þér eruð sjálfir af Guði lærðir yður innbyrðis að elska. Og það gjöri þér einninn við alla bræður sem í öllu Makedónía eru. En vér beiðum yður, kærir bræður, það þér verðið enn algjörðari og kostgæfið spakferðugir að vera og yðvart eigið að stunda og erfiðið með yðar eigin höndum svo sem að vér höfum boðið yður upp á það þér mættuð ærlega ganga hjá þeim sem þar fyrir utan eru og einskis þeirra við þurfandi.

En vér viljum (kærir bræður) eigi dylja fyrir yður af þeim sem sofa upp á það þér séuð eigi hryggvir sem þeir aðrir er öngva von hafa. Því fyrst vér vitum það Jesús er dáinn og upp aftur risinn, svo mun Guð og einninn þá sem sofnaðir eru fyrir Jesúm með honum fram leiða. Því segjum vér yður svo sem orð Drottins það vér, hverjir vér lifum og yfirblífum í tilkomu Drottins, það vér munum eigi fyrir þeim koma sem sofa. Því að Drottinn sjálfur mun með herópi og höfuðengilsins raust og Guðs lúðri ofan koma af himnum, og hinir dauðu í Kristo munu fyrst upp aftur rísa. Eftir á vér, þeir vér lifum og yfirblífum, verðum til líka uppnunnir með þeim sömum í skýin til móts við Drottin í loftið og munum svo hjá Drottinni vera alla tíma. Svo huggið nú hver annan innbyrðis með þessum orðum.

Fimmti kapítuli

En af tímanum og stundunni, kærir bræður, er ekki þörf yður að skrifa. Því að þér vitið sjálfir glögglega það dagur Drottins mun koma sem þjófur um nótt af því nær þeir munu segja: Það er friður og allt er utan hættu, þá mun fordjörfunin snögg yfir þá koma líka svo sem kveinan jóðsjúkrar konu. Og eigi skulu þeir umflúið geta. En þér, kærir bræður, verið ekki í myrkrinu svo að sá dagur gripi yður ekki sem þjóf. Þér eruð allir saman ljóssins börn og dagsins börn. Vér erum eigi af nóttinni né myrkrinum.

Fyrir því látum oss eigi sofa svo sem hina aðra. Því að þeir sem sofa, þeir sofa á nóttinni, og þeir sem drukknir eru, þeir drekka á nóttinni. En vér, þeir vér erum dagsins, skulum sparlífir vera, íklæddir brynju trúarinnar og kærleiksins og með hjálmi vonarinnar til hjálpræðisins. Því að Guð hefir eigi sett oss til reiði, heldur það vér skyldum hjálpræðið öðlast fyrir vorn Drottin Jesúm Kristum, sá fyrir oss hefir dáíð, svo hvort að vér vökum eður sofum, skulum til samans með honum lifa. Fyrir því áminni hver yðar annan innbyrðis og leiðréttið hver annan svo sem að þér og gjörðið.

En vér biðjum yður, kærir bræður, það þér þekkið þá sem erfiða meðal yðar og forstöðu veita í Drottni og áminna yður að hafa þá þess kærari fyrir þeirra verks sakir. Og verið friðsamir við þá.* En vér biðjum yður, kærir bræður, að þér áminnið óráðvanda, huggið vesala, umlíðið breyskva, verið þolinmóðir við alla. Sjáið til að þar enginn gjaldi nokkrum illt fyrir illt, heldur eftirfylgið alla tíma hinu góða, bæði innbyrðis og við alla. Verið jafnan glaðir. Biðjið óaflátanlega. Verið þakklátir í öllum hlutum því að það er Guðs vilji í Kristo Jesú til yðar.

Andann þá kefjið ekki. Spádómana forsmáið ekki. Reynið alla hluti og bihaldið því hvað gott er. Forðist alla vonda þryði. En sjálfur Guð friðarins helgi yður allt í gegnum, og yðar andi samt sálunni og líkamanum megi algjörlega varðveittur vera óstraffanlegur í tilkomu vors Drottins Jesú Kristi.* Trúr er hann sem yður kallaði, hann mun það og einninn gjöra. Kærir bræður, biðjið fyrir oss. Heilsað öllum bræðrum með heilögum kossi. Náð vors Drottins Jesú Kristi sé með yður. Amen.

Til þeirra Tessaloníkenses, hinn fyrsti skrifaður frá Aþene.

Formáli yfir annan S. Páls pistil til Tessalonia

Í hinum fyrra pistli hafði S. Páll þeim í Tessalonia uppleyst eina spurning af dómsdegi það hann mundi koma sem þjófur á náttarþeli. Og líka svo sem nú plagar að koma, það ein spurning elur ætíð aðra út af falslegum skilningi, svo undirstóðu þeir í Tessalonia það dómadagur mundi þegar fyrir höndum vera. Fyrir það skrifar hann þennan pistil og forklárar sig sjálfan.

Í hinum fyrsta kapítula huggar hann þá með eilífu verðkaupi þeirra trúarþolinmæðu í alls háttaðri hörmung og með straffan þeirra ofsóknara.

Í hinum öðrum lærir hann það að fyrir dómadag hljóti áður fyrri hið rómverska ríkið undir að ganga og það Antikristur upphefji sig fyrir einn Guð í kristindóminum og með fólkskum lærdómi og jarðteiknum villi hann hina vantrúuðu veröld þar til að Kristur kemur og niðurbýtur hann fyrir sína dýrðarlega tilkomu og deydur hann áður fyrirfram með einni andlegri predikan.

Í hinum þriðja gjörir hann nokkrar áminningar og sérdeilis það þeir straffi þá sem iðjulausir ganga og sér vilja eigi bjarga með eiginlegu handaflí. Og ef þeir betra sig eigi, þá skulu þeir firrast þá, hvað næsta harðlega hljóðar í gegn andlegri stétt á þessum tímum.

Annar S. Páls pistill til Tessalonikenses

Fyrsti kapítuli

Páll og Silvanus og Tímóteus. Þeim söfnuði til Tessalonia í Guði, vorum föður, og Drottni Jesú Kristo. Náð sé með yður og friður af Guði, vorum föður, og Drottni Jesú Kristo. Vér skulum alltjafnt gjöra Guði þakkir fyrir yður, kærir bræður, sem að verðugt er því að yðar trúa vex að næsta og kærleikurinn sérhvers meðal yðar allra yfirgnæfir innbyrðis hver við annan svo það vér hrósum oss í Guðs söfnuði yðrar þolinmæði og trúar í öllum yðar ofsóknum og hörmungum, hverjar þér þolið, til útvísingar það Guð muni réttferðuglega dæma og það þér verðugir verðið til Guðs ríkis, fyrir hvert þér og líðið. Að því er það rétt hjá Guði að endurgjalda þeim hörmung sem yður hörmung veita, en yður, þér sem hörmung líðið, hvíld meður oss þá er Drottinn Jesús mun opinberast af himni meður englum síns kraftar og með eldsins loga, hefnad að gefa yfir þá sem ekki kenna Guð og yfir þá sem ekki eru hlýðugir evangelio vors Drottins Jesú Kristi, hverjir þeir munu líða, ævinlega fordjörfun af augliti Drottins og af hans dýrðarlegri makt þá hann mun koma og vegsamlegur birtast meður sínum heilögum og dásamlegur með öllum trúuðum. Því að vorum vitnisburði til yðar af þeim sama degi hafi þér trúað. Og sakir þess biðjum vér einninn alla tíma fyrir yður það vor Guð gjöri yður verðuga sinni kallan og uppfylli alla góðvild náðarinnar og trúarinnar verk í kraftinum svo að á yður verði prísað nafn vors Drottins Jesú Kristi og þér á honum eftir þeirri náð vors Guðs og Drottins Jesú Kristi.

Annar kapítuli

En vegna þeirrar tilkomu vors Drottins Jesú Kristi og vorrar samansöfnunar til hans biðjum vér yður, kærir bræður, það þér látið ekki skjótlega hræra yður af yðru sinni né skelfa, hvorki fyrir anda eða fyrir orð né bréf svo sem af oss send, það að dagur Kristi sé þegar fyrir höndum. Látið öngvan villa yður með neinu móti. Því að hann kemur ekki nema að sé, það áður fyrri komi það fráfall og opinskár verði maður syndarinnar og glatanarsonur, sá sem að er mótstandari og sig forhefur upp yfir allt hvað Guð eður Guðs dýrkan heitir, svo það hann setur sig í Guðs mustéri svo sem Guð og það útvísandi að hann sé Guð.

Minnist þér ekki á það eg sagða yður þetta þann tíð eg var í hjá yður? Og hvað það nú inniheldur, viti þér það hann muni opinberast á sínum tíma. Því að sú vonska hreyfir sér allareidu heimuglega utan það alleinasta sá sem því nú inniheldur, hlýtur burt tekinn að verða. Og svo mun þá hinn vondi opinskár verða, hverjum Drottinn mun steypa með anda síns munns og honum endalok gjöra fyrir sinnar uppbirtingar tilkomu, hvers tilkoma að sker eftir verkan andskotans með allsháttuðum lygilegum krafti, táknum og stórmerkjum og með allsháttuðu fláræði til ranglætis meðal þeirra sem tapaðir verða fyrir það þeir hafa eigi meðtekið kærleikann sannleiksins svo þeir hjálpuðust. Því mun Guð senda þeim megnan villudóm það þeir trúi lyginni upp á það þeir verði allir dæmdir sem sannleiknum eigi trúa og heldur samþykkjast ranglætinu.

En vér skulum þakka Guði alla tíma fyrir yður, elskanlegir bræður af Drottni, það Guð hefir útvalið yður allt frá upphafi til hjálpráðsins í helgun andans og í trú sannleiksins þar hann hefir yður í kallað fyrir evangelion til vegsamlegs eigindóms vors Drottins Jesú Kristi.

Svo standið nú, kærir bræður, og haldið þá setninga sem þér eruð til lærdir, sé það fyrir vor orð eður bréf. En sjálfur vor Drottinn Jesús Kristur og Guð, vor faðir, sá oss hefir elskað og gefið eilífa huggan og góða von fyrir náðina, hann huggi yðar hjörtu og staðfesti yður í öllum lærdómi og góðum verkum.

Þriðji kapítuli

Framar, kærir bræður, biðjið fyrir oss svo að orð Drottins hlaupi og vegsamað verði líka svo sem hjá yður og það vér verðum frelsaðir í frá óráðvöndum og illgjörnum mönnum. Því að trúan er ekki hvers manns. En sá Drottinn er trúr sem yður mun styrkja og varðveita frá illu. En vér væntum til yðar í Drottni það þér gjörðið og gjöra munið hvað vér bjóðum yður. Og Drottinn greiði yðar hjörtu til Guðs kærleika og til þolinmæði Kristi.

En vér bjóðum yður, kærir bræður, í nafni vors Drottins Jesú Kristi það þér burt takið yður í frá sérhverjum þeim bróður sem óráðvandlega gengur og ei eftir þeim setningi sem hann hefir meðtekið af oss. Því að þér vitið hverninn þér skuluð oss eftir fylgja. Því vér vorum ekki ótérugir á meðal yðar, höfum einninn ekki brauðið fyrir ekkert út af nokkrum tekið, heldur með erfiði og mæðu dag og nótt þá höfum vér verkað svo að vér veittum öngum yðar nein þyngsl. Eigi fyrir það svo sem að vér hefðum þar öngva makt til, heldur það vér gefum oss sjálfa yður til fyrirmyndar oss eftir að fylgja. Og þá vér vorum hjá yður, boðuðum vér yður það að ef nokkur vill eigi erfiða, sá skal og ekki heldur eta.

Því að vér heyrum, það nokkrir meðal yðar ganga óráðvandlega og erfiða ekkert, drýgjandi heldur slenskap. En þess háttar boðum vér og áminnum þá fyrir vorn Drottin Jesúm Kristum það þeir erfiði með spaklæti og eti sitt eigið brauð. En þér, kærir bræður, þreytist ekki nokkuð gott að gjöra. En ef nokkur er eigi hlýðinn voru orði, þann teiknið upp fyrir bréf og hafid ekkert með honum að gjöra svo að hann verði blygðaður. Haldið hann þó ekki sem óvin, heldur áminnið hann sem bróður.

En sjálfur Drottinn friðarins gefi yður ætíð frið í öllum stöðum. Drottinn sé með yður öllum. Heilsan með minni hendi, Páls, hvert að er það merki í öllum þeim bréfum sem skrifa eg. Náð vors Drottins Jesú Kristi sé með yður öllum. AMEN.

Skrifaður frá Aþenu.

Formáli yfir fyrra S. Páls pistil til Tímóteo

Þennan pistil skrifar S. Páll til fyrirmyndar öllum biskupum hvað þeir eiga að kenna og hverninn þeir skulu kristninni stjórna í allsháttuðum stéttum upp á það að engin nauðsyn sé, það út af eiginlegum mannsins þótta sé kristninni stjórnað.

Í fyrsta kaþítula býður hann það biskup sé staðheldinn og blífi við réttan trúnað og kærleika og standi í mót þeim fölskum lögmálsins predikurum, hverjir jafnframt Kristi og evangelio einninn vilja fram drífa verkin lögmálsins og innilykur svo í stuttri summa allan kristilegan lærdóm og hvar til að lögmálið þénar og hvað Guðs evangelion er og setur sig sjálfan til eins huggunarsamlegs eftirdæmis öllum syndurum og harmþrungnum samviskum. Í öðrum bifalar hann að biðja fyrir allsháttuðum stéttum og býður það konunnar prediki ekki, beri einninn öngvan dýrmætan búnað, heldur að þær sé sínum bændum hlýðugar.

Í hinum þriðja skrifar hann hvað biskupar eður prestar og þeirra eiginkonur fyrir persónur vera skulu, item hvað djáknar og þeirra kvinnur, og lofar það ef nokkur gírnist biskup að vera eftir slíkum hætti.

Í hinum fjórða kunngjörir hann þann falsbiskup og andlega stétt sem hinum fyrrsögðum er móttstaðlegur og það að þær persónur munu þar ekki inni vera, heldur sem fyrirbjóða hjúskap og matarnautn og svo munu drífa allt það mótkast meður mannalærdómum í þá mynd sem hann fyrr skrifað hefir. Í fimmta bifalar hann hverninn ekkjum og ungum konum skuli umsjón veitast og hverjar ekkjur vær skulum framfæði veita út af safnaðarins hjálp og samlagi og hverninn vér skulum fróma biskupa eða presta í heiðri halda og þá straffa sem ströffunar eru verðir.

Í hinum sétta áminnir hann biskupana að þeir áhengi í skæru Guðs evangelio það hið sama með predikan og líferni að reka og firra sig ónýtum slenslegum spurningum, þær til veraldlegrar hrósunar og ríkdóms að leita upp byrjaðar verða.

Hinn fyrri S. Páls pistill til Tímóteo

Fyrsti kapítuli

áll postuli Jesú Kristi eftir boðan Guðs, vors frelsara, og Drottins Jesú Kristi, sá vor von er.

P Tímóteo, mínum ástúðlegum syni í trúnni. Náð, miskunn, friður af Guði, vorum föður og vorum Drottni Jesú Kristo. Svo sem að eg beidda þig það þú blifir til Efeso meðan eg færa í Makedóníam og boðaðir það sumum það þeir ekkert annað kenndu og gæfir öngvan gaum að þeim ævintýrum og ættartölusögum sem öngvan enda taka, þær meir afla spurninga en betrunar til Guðs í trúnni. Því að uppfylling boðorðsins er kærleikurinn af hreinu hjarta og af góðri samvisku og af ómengaðri trú, í frá hverri sumir hafa villst og eru umsnúnir til ónýtrar þvættunar, vilja vera ritningsmeistarar, skilja þó ekki hvað þeir segja eða hvað þeir setja.

En vér vitum það lögmálið er gott fyrst nokkur tíðkar það réttlega, vitandi það að hinum réttláta er ekkert lögmál sett, heldur ranglátum og óhlýðugum, ómildum og syndurum, illhrifsingum og illskufullum, föðurdrápurum og móðurbönnum, mannlögurum, frillulífismönnum, þeim sem skömm drýgir með karlmanni og þeim mönnum í burt stelur og ljúgurum, meinsærismönnum og svo það hvað heilsusamlegum lærdómi mótstaðlegt er eftir dýrðlegu evangelion hins sæla Guðs það mér tiltrúað er.

Og eg þakka vorum Drottni Kristo Jesú sem mig styrkvan gjörir og mig trúlyndan aktað hefir, setjandi í þetta embætti sem eg var þó fyrr meir forsmánari, ofsóknari og háðungarmaður. En mér er miskunnsemi yfirkominn því að það gjörða eg af viskuleysi í vantrú. En náð vors Drottins er þess gnæfanlegri verið fyrir trúna og þann kærleika sem að er í Kristo Jesú.

Því að það er vissileg sannindi og dýrmætt, verðugt orð það Kristus Jesús er kominn í þennan heim synduga hjálplega að gjöra meðal hverra eg em hinn fremsti. En mér er því miskunnsemi yfirkominn upp á það Kristus Jesús auðsýndi á mér fyrstum alla þolinmæði þeim til eftirdæmis sem á hann skyldu trúna til eilífs lífs. En Guði eilíflegum konungi, ódaudlegum og alleina vísun sé lof og dýrð að eilífu. AMEN.

Þetta boðorð bifala eg þér, son minn, Tímóte, eftir hinum fyrri spádómum yfir þér að þú fremjir í þeim góðan riddaraskap, hafandi trúna og góða samvisku, hverri sumir hafa frá sér skúfað og á trúnni skipbrott liðið, meðal hverra er Hýmeneus og Alexander, hverja eg hefi andskotanum ofurselt svo að þeim yrði kennt að guðlasta eigi meir.

Annar kapítuli

Svo áminni eg nú það vér umfram alla hluti gjörum í fyrstu bónir, bænir, fyrirbeiðslur, þakkargjörðir fyrir öllum mönnum, fyrir konungum og fyrir öllum yfirboðurum upp á það vér mættum hafa spakt og rósamt líferni í allri mildi og siðsemð. Því að slíkt er gott, þar til einninn þakknæmt fyrir Guði, vorum hjálpara, sá sem vill það allir menn hjálpist og til viðurkenningar sannleiksins komist. Því að þar er einn Guð og einn meðalgangari milli Guðs og mannanna sem er sá maður, Kristus Jesús, hver sjálfan sig hefir útgefið fyrir alla til endurlausnar það þetta yrði predikað í hans tíð þar eg em predikari og postuli tilsettur (eg segi sannleik í Kristo og lýg ekki), lærari heiðinna í trúnni og í sannleiknum.

Svo vil eg nú það að mennirnir biðji í öllum stöðum og upphefji heilagar hendur án reiði og örvilnunar. Slíkt hið sama konunnar að þær prýði sig í sómasamlegum búnaði með blygð og hreinferði, eigi meður hárflektan eða gulli eður perlum eða dýrmætum klæðnaði, heldur svo sem það konunum hæfir, auðsýnandi mildi fyrir góð verk. Kvinnurnar læri í þögn með allri undirgefni. En það tilsteðju vér ekki kvinnunni það hún kenni, ekki einninn það hún sé mannsins herra, heldur það hún sé þögn. Því að Adam er fyrri skapaður, eftir það Eva. Og Adam varð eigi svikinn, en konan varð svikin og hefir yfirtröðsluna innleitt. En hún mun hjálpast fyrir barnburð ef hún blífur í trúnni og í kærleikanum og í helguninni með hreinferði.

Þriðji kapítuli

Það er vissileg sannindi ef að nokkur girnist biskupsembætti, sá girnist ágætt verk. En biskupi byrjar að vera óstraffanlegum, einnrar kvinnu eiginmanni, sparneytnum, hóglátum, siðsömum, gestrisnum, kenningasömum, enginn vínsvelgjari, eigi baráttusömum, einskis ljótlegs ávinnings girugum, heldur vingjarnlegum, eigi þráttunarsömum, eigi ágjörnum, sá góða fyrirsjón veitir sínu húsi, hver hlýðug börn hefir með allri virðing (svo að ef nokkur kann ekki í sínu húsi forstöðu að sýna, hverninn má hann þá Guðs söfnuði umsjón veita?), eigi nýnæmum svo að hann upphrokist ekki og hrazi svo í forsmánarans úrskurð. Hann hlýtur og einninn að hafa góðan vitnisburð af þeim sem þar utan eru upp á það hann hrazi ekki í svívirðing og snöru spéarans.

Líka einninn skulu djáknarnir vera heiðarsamlegir, eigi tvítungaðir, öngvir vínsvelgir, einskis skemmilegs ávinnings girugir. Þeir eð hafa heimugleik trúarinnar í hreinnri samvisku. Þá hina sömu lát áður reyna, eftir það lát þá þjóna nær þeir eru óstraffanlegir.

Svo og líka skulu þeirra eiginkvinnur vera hóglátar, eigi spésamar, hreinferðugar og trúlyndar í öllum hlutum. Djáknana hvern sem einn lát vera einnrar kvinnu eiginmann, sá vel forstendur sín börn og sín eigin hús. En þeir eð vel þjóna, verðskulda sér sjálfum góðan stig og mikla framkvæmd í trúnni í Kristo Jesú.

Þetta skrifa eg þér og vona sem fyrst til þín að koma, en ef mér seinkar að þú vitir hverninn þú skalt ganga í Guðs húsi, hvert að er söfnuður Guðs lifanda, stólpi og grundvallan sannleiksins. Og ómótmælanlega mikil er mildi heimugleikans: Sá sem að opinberaður er í holdinu, réttlættur í andanum, auglýstur englum, predikaður heiðingjum, trúður er af heiminum, meðtekinn í vegsemd.

Fjórdi kapítuli

En andinn segir skilmerkilega það á síðustum tímum munu nokkrir af falla frá trúnni og gætur gefa að sviksamlegum öndum og djöflalærdómum fyrir þá sem í smjáðran lygimælendur eru og forbrenndar samviskur hafa, fyrirbjóðandi að giftast og bindast þeirrar fæðu sem Guð hefir skapað til meðtöku trúuðum meður þakkargjörð og þeim sem sannleikinn viðurkenna. Því að öll Guðs skepna er góð og ekkert burtkastanlegt það með þakkargjörð meðtekið verður. Því að það helgast fyrir Guðs orð og bænina. Nær þú ert þetta bræðrunum fyrirleggjandi, mantu vera góður þénari Jesú Kristi sem uppallinn ert í orðum trúarinnar og góðum lærdómum, hverjum þú hefir hér til eftir fylgt. En aldraðra kvenna skröksögur forðast þú.

En sjálfan þig heldur vekra til mildinnar. Því að líkamleg vekran er til lítills nytsamleg, en mildin er til allra hluta nytsöm, hafandi þessa lífsins fyrirheit og svo hins eftirkomanda. Þetta er vissileg sannindi og dýrmætt verðugt orð. Því að til þess sama erfíðum vér einninn og verðum formæltir um það vér höfum vonað upp á lifanda Guð, sá sem að er frelsari allra manna, en sérdeilis trúaðra. Þetta boða og kenn. Enginn forsmái þína æsku, heldur vert fyrirmynd trúaðra í orðinu, í breytninni, í kærleikanum, í andanum, í trúnni, í hreinlífinu.

Vert þrifinn með lesningum, með áminningum, með kenningum þangað til það eg kem. Gleym ekki þeirri gáfu sem þér er gefin fyrir spádóma með handaupplegging öldungsins. Iðka þetta og umgakk svo að þinn frami sé opinber hverjum manni. Haf gætur á sjálfum þér og á lærdóminum, og blif í þessum greinum. Því ef þú gjörir þetta, muntu sjálfan þig hjálplegan gjöra og þá sem þér heyra.

Fimmti kapítuli

Gamlan lasta ekki, heldur áminn hann sem föður, unga sem bræður, aldraðar konur sem mæður, ungar sem systur með öllu hreinlífi. Ekkjurnar heiðra, þær sem réttar ekkjur eru. En ef ekkja hefir börn eður barnabörn, þá lát hana fyrst læra sitt eigið hús guðlega að stjórna og foreldrunum líkt aftur að gjalda því að það er vel gjört og þakknæmt fyrir Guði. En það er sannarleg ekkja sem einsaman er og sína von setur upp á Guð og staðnæmist í bænum og ákalli dag og nótt. En hún, sem í girndum lifir, er lifandi dauð. Og bjóð þetta upp á það þær sé óstraffanlegar. En ef einhver rækir ekki sitt, sérdeilis sín hjú, sá hefir afneitað trúnni og er vantrúuðum verri.

Lát öngva ekkju út gefast sem sextigi ára er og verið hefir eins manns eiginkvon og hefir vitnan góðra verka, það hún hafi sín börn vel uppalið, það hún hafi gestrisin verið, það hún hafi heilagra fætur þvegið, það hún hafi harmþrungnum lífsnæring veitt, það hún hafi til allra góðra verka kostgæfin verið. En ungar ekkjur varast þú. Því nær þær taka lostasamar að gjörast í gegn Kristo, þá vilja þær giftast, hafandi sinn dóm það þær hafi hina fyrstu trú brotið. En jafnframt þessu eru þær gagnlausar og læra um hús að hlaupa, en þær eru eigi alleinasta gagnlausar, heldur einninn örðugar og ávítunarsamar og tala það sem ekki hæfir.

Því vil eg það ungar ekkjur giftist, ali börn, heimilinu forstöðu veiti og gefi mótstandaranum ekkert tilefni það hann megi formælingarsök með hafa. Því að þar eru þegar nokkrar frá horfnar, andskotanum eftirfylgjandi. En ef einhver trúaður maður eða trúuð kvinna hefir ekkjur, veiti hann þeim sömum framfærslu og láti söfnuðinn ekki þyngdan verða svo að þær, sem sannar ekkjur eru, mættu nægð hafa.

Þeir öldungar, sem vel forstanda, haldist tvefaldlegs heiðurs verðugir, sérdeilis þeir sem erfiða í orðinu og í lærdóminum. Því að ritningin segir: Eigi skaltu til binda múlann á erjanda nauti, og: Verkmaðurinn er síns kaups verðugur. Í móti öldungi átakst ekkert klögumál nema tveggja eður þriggja vitnisburði. Þá sem syndgast, straffa fyrir öllum upp á það hinir aðrir hafi ótta af.

Eg votta fyrir Guði og Drottni Jesú Kristo og útvöldum englum það þú varðveitir þetta án eiginlegs hugboðs, ekkert gjörandi eftir vorkunnmælum. Legg eigi bráðlega hendur yfir nokkurn. Samlaga þig ekki annarlegum syndum, geym þig sjálfan hreinferðugan. Hér eftir drekk ekki vatn, heldur iðka lítills vins fyrir þíns maga sakir og það þú oftsinnis ert sjúkur.

Sumra manna syndir eru opinberar svo að vér kunnum þær fyrir fram að dæma. En sumra verða hér eftir á opinberar. Líka einninn sumra góðverk eru fyrir fram opinber og hinna annarra blífa ekki niðri byrgð.

Sétti kapituli

Þér þjónustumenn, sem undir okinu eru, skulu halda sína drottna í öllum heiðri upp á það að Guðs nafn og lærdómurinn verði ekki lastaður. En þeir sem trúaða drottna hafa, skulu ekki forsmá þá hinu sömu fyrir það þeir eru bræður, heldur skulu þeir því þénugri vera með því það hinir eru trúaddir og elskanlegir og velgjörningsins hluttakarar.

Þetta kenn og áminn. Ef að nokkur kennir öðruvís og blifur ekki við heilsusamleg orð vors Drottins Jesú Kristi og við þann mildileiksins lærdóm, sá er uppbeldgur og veit ekkert, heldur er sóttlera í spurningum og orðadeilum, af hverjum uppsprettur öfund, þrætur, guðlastanir, illar óvenjur, misgreiningar þeirra manna sem fordjörfuð hugskot hafa, þeir eð sannleiknum sviptir eru, hverjir það meina að mildileikurinn muni fjárafli vera. Forða þig þeim sem þess konar eru. En það er mikill afli, hver mildilegur er, og lætur sér sína lukku nægja. Því að vér höfum ekkert innflutt í þennan heim, af því er það opinbert að vér munum ekkert í burt hafa. En nær vér höfum fæði og klæðnað, svo látum oss nægja. Því að þeir, sem ríkir vilja verða, falla í freistni og snöru og í margar fávíslegar og skaðsamlegar girndir, þær eð mannum drekkja í fordjarf og fyrirdæming. Því að ágirnd er rót alls ills, þeirrar sumir girntust og eru trúnni frávalltir og gjöra sér svo sjálfum margar meinsemdir. En þú, Guðs maður, flý þetta og eftir fylg réttlætinu, mildinni, trúnni, kærleikanum, þolinmæðinni, hógværdinni. Berst góðri baráttu trúarinnar, höndla svo eilíft líf, þar þú einninn ert til kallaður og játað hefir góða játning fyrir mörgum vottum.

Eg býð þér fyrir Guði sem alla hluti lífgar og fyrir Kristo Jesú, sá undir pontverskum Pílato vottað hefir góða játning, það þú varðveitir þetta boðorð án flekkunar, óstraffanlegur, allt til auglýsingar vors Drottins Jesú Kristi, hverja sá hinn sæli og alleinasta völdugur man auglýsa á sínum tímum, konungur konunganna, Drottinn drottanna. Hann sem einsamall ódauðleikinn hefir, sá sem byggir í ljósinu þar enginn kann til að komast, hvern enginn maður hefir séð né sjá kann, hverjum að sé heiður og ævinlegt veldi. Amen. Ríkum þessarar veraldar bjóð þú það þeir sé ekki mikillátir og leggi öngva von upp á þenna fallvaltan ríkidóm, heldur upp á lifanda Guð sem oss gnóglega gefur allsháttáð til notunar og það þeir gjöri nokkuð gott, það þeir auðgíst í góðum verkum, sé gjafmildir, vinsælir, safnandi sér sjálfum í svo að þeir höndli eilíft líf.

Ó, Tímóte, varðveit það þér er tiltrúað og varast fáfengilegt hégómahjal og kappdeilur falsfrægðaðrar listar, hverri að nokkrir frammi haldi og eru trúnni frávalltir. Náðin sé með þér. Amen.

Skrifaður frá Laódíkea sem að er ein höfuðborg landsins Frýgia og Pakatiane.

Formáli yfir annan S. Páls pistil til Tímóteo

Þessi pistill er eitt burtfararminnisbréf þar S. Páll áminnir inni Tímóteum það hann samt áfram haldi svo sem hann hefir uppbyrjað evangelions eyrindi að reka það einninn vel nytsamlegt er af því þeir eru og lærindur í öllum áttum. Fyrir því heyrir einum biskupi til iðulega að vaka og erfiða í Guðs evangelio.

En sérdeilis þá kunngjörir hann í hinum þriðja og fjórða kapítula þá háskasamlegu tíð í enda veraldarinnar það hið falska andlega líferni, hvar alla veröldina mun villa með augsýnilegri fegran, hvar allsháttuð illska og ódyggð sína breytni undirbyrgir svo sem að sjá má í þenna tíð á vorum andlegum þennan S. Páls spádóm næsta gnóglega uppfylltan verða.

Annar S. Páls pistill til Tímóteo

Fyrsti kapítuli

Áll postuli Jesú Kristi fyrir Guðs vilja að predika fyrirheitið lífsins í Kristo Jesú.

P Mínum elskulega syni, Tímóteo.

Náð, miskunn, friður af Guði föður og Kristo Jesú, vorum Drottni.

Eg þakka Guði, þeim eg þjóna í frá langfeðgum mínum í hreinnri samvisku, það eg óaflátanlega minnst þín í mínum bænnum dag og nótt og það mig forlengir eftir þig að sjá (nær eg hugleiði þín tárþöll) upp á það eg uppfylltist fögnuði, ihugandi þá flekklausa trú sem í þér er og áður fyrri byggði með þinni ömmu, Laide, og með þinni móður, Evnike, eg em þess fullviss það einninn með þér.

Hvar fyrir eg áminni þig það þú uppvekir þá Guðs gjöf, sem í þér er, fyrir upplegging minna handa. Því að Guð hefir ekki gefið oss hræðslunnar anda, heldur sannleiksins og kærleiksins og bindindis. Fyrir því skammast þín ekki vors Drottins vitnisburðar né míns, hans bandingja, heldur meðþolugur vert evangelio svo sem að eg eftir Guðs krafti þeim oss hefir hjálplega gjört og kallað með heilagri kallan, ekki eftir vorum verkum, heldur eftir sinni fyrirhyggju og náð, hver oss er gefin í Kristo Jesú fyrir ver en nú opinberuð fyrir auglýsing vors lausnara, Jesú Kristi, sá sem dauðann hefir af skafið, en lífið og ódauðleikinn í ljós leitt fyrir evangelium, í hvert eg em settur predikari, postuli, lærari heiðinna þjóða, hvers vegna er eg líð þetta. En eg skömmunst mín þess ekki því að eg veit á hvern eg trúi og em fullviss það hann kann það að varðveita hvað mér er tiltrúað allt til hins sama dags.

Hegða þér eftir fyrirmynd þeirra heilsusamlegra orða sem þú hefir heyrt af mér út af trúnni og kærleikum í Kristo Jesú. Það hið góða sem þér er tiltrúað, það varðveit fyrir heilagan anda sem í oss byggir. Því að þú veist það þeir hafa allir frásnúist mér sem í Asía eru, meðal hverra er Fýgelus og Hermogenes. Drottinn gefi miskunn heimkynni Ónesifori því að hann hefir oft sinnis mig endurnært, og af minni járnviðju hefir hann ekki sér feilað, heldur þá hann var í Róm, leitaði hann mín sem innilegast og fann mig. Herrann gefi honum það hann finni miskunn hjá Drottni á þeim degi. Og í hversu mörgu hann hefir mér þjónustu veitt til Efeso, það veist þú allra best.

Annar kapítuli

Svo styrk þig nú, son minn, í náðinni sem er fyrir Kristum Jesúm. Og í því sem þú hefir af mér heyrt fyrir marga vitnisburða, bifala það trúuðum mönnum, þeim sem tilhæfilegir eru að læra aðra. En þú vert herkinn sem góður kappi Jesú Kristi. Enginn stríðsmanna samblandar sig neinum næringarafla upp á það hann þökknist þeim hinum sama sem meðtók hann. Og þótt nokkur berjist, verður hann ekki jafnsnart kórónaður nema hann berjist réttlega. En sá akurkallinn, sem akurinn erjar, skal fyrstur neyta af ávextinum. Merk hvað eg segi. En Drottinn mun gefa þér skilning í öllum hlutum.

Haf í minni Jesúm Kristum, hver upp aftur er risinn í frá dauðum út af sæði Davíðs eftir mínu evangelio, yfir hverju eg kveljunst allt til bandanna sem illvirki. En Guðs orð eru ekki bundin. Fyrir því allt hvað eg þoli, það er sakir útvaldra upp á það þeir öðlist einninn hjálpræðið í Kristo Jesú með eilífri dýrð.

Þetta er sannarlega satt: Því ef vér deyjum með, þá munu vér með lifa. Þölu vér, svo munu vér með ríkja. Ef vér afneitum, þá mun hann einninn afneita oss. Trúum vér ekki, þá blífur hann þó trúfastur því hann kann ekki sér sjálfum að afneita. Þetta áminni þú og vitna fyrir Drottni það þeir hafi ekkert orðgjálfur, hvert öngu neytt er nema til fráhverfingar þeim sem til heyra.

Kostgæf að auðsýna þig Guði réttlegan og óstraffanlegan verkmann, sá er rétt í sundur klýfur orðið sannleiksins. Fáfengilegt hegómahjal flý þú því að það styrk ir mikið til óguðlegs athæfis, og þeirra orð þá eta um sig líka sem annar krabbi, meðal hverra er Hýmeneus og Fíletus, hverjir sannleikum hafa frávíllst, segjandi upprisuna skeðna vera og hafa svo sumra trú umsnúið.

En styrk Guðs grundvallan stendur stöðug, hafandi þetta merki það Drottinn kenni þá sem að hans eru og að hver sá fráskiljst ranglætinu sem ákallar nafn Kristi. En í stóru húsi eru ekki alleinasta kerin af gulli og silfri, heldur einninn af tré og leiri, sum til heiðurs, sum til vanæru. Og ef að nokkur hreinsar sig í frá þvilkum, sá man vera heilagt ker húsherranum til heiðurs hantéranda og til alls góðs verks reiðubúið.

Flý þú girndir æskunnar, en eftir fylg réttlætinu, trúnni, kærleiknum, friðinum með þeim öllum sem ákalla Drottin af hreinu hjarta. En fávíslegar og vanvirðilegar spurningar flý þú því að þú veist að þær ala þráttanir. En þjónustumanni Drottins tilheyrir ekki að þrátta, heldur vingjarnlegum að vera við alla og kenningasömum, sá er vonda umliðið getur með hógværi og straffa þá sem þrálátir eru ef að Guð gæfi þeim eitthvað sinn yfirbót sannleikinn að viðurkenna og endurvitkaðir verða úr djöfulsins snöru, af þeirri þeir herleiddir eru til hans vilja.

Þriðji kapítuli

En það skaltu vita það á síðustum dögum tilstanda háskasamlegar tíðir. Því að þeir menn munu verða sem eru sérgóðir, ágjarnir, mikillátir, dramblátir, háðgjarnir, foreldrunum óhlýðugir, óþakklátir, óguðlegir, óhýrlegir, ófriðsamir, spélnir, lostasamir, manndyggðarlausir, svikulir, illúðlegir, hrokafullir, þeir eð meir elska munaðlífi en Guð, hverjir eð hafa yfirlit guðlegs athæfis, en þess krafti afneita þeir. Forðast þú slíka. Af þessum eru og þeir sem læðast hér og hvar í húsum og að herfangi leiða kvendiskornin, hlaðnar af syndum og með margvíslegar girndir fjatraðar eru, lærandi jafnlega, en geta þó aldregi til sannleiksins viðurkenningar komist.

Eins álíka sem þeir Jannes og Jambres mótstöðu Moyses, svo mótstanda þessir einninn sannleiknum, eru menn fordjarfaðs hugskots, torveldir til trúarinnar og komast eigi framár áleiðis. Því að þeirra fiflska mun augljós verða hverjum manni líka sem einninn það hinna var. En þú hefir reynt minn lærdóm, minn vana, mína fyrirætlan, mína trú, mitt langlundargeð, minn kærleika, mína þolinmæði, mínar ofsóknir, mínar hrakningar, þær eð mér tilfelli í Antiokkia, í Íkonía, í Ístran, hverja ofsókn eg leið þar og út af öllum hefir Drottinn mig frelsað. Og allir þeir sem guðlega vilja lifa í Kristo Jesú, þeir hljóta ofsókn að líða. En hinir vondu menn og svikarar framleiðast æ til hins verra því að þeir villa og verða villtir.

En þú, staðnæmst í því sem þú hefir lært og þér er til trúað af því þú veist af hverjum þú hefir lært. Með því þér er kunnug heilög ritning allt í frá barndómi, getur þú sjálfur leiðrétt fyrir þér til hjálpræðisins fyrir trúna á Jesúm Kristum. Því að öll ritning, guðdómlega innblásin, er nytsamleg til lærdóms, til umvandanar, til betrunar, til leiðréttingar í réttlætinu svo að Guðs maður sé algjör, til alls góðs verks hæfilegur.

Fjórdi kapítuli

Svo vitna eg nú fyrir Guði og Drottni Jesú Kristo, sá sem að koma skal til að dæma lifendur og dauða með sinni auglýsing og sínu ríki. Predika þú orðið, halt að hvort það sker í haglegan tíma eða óhaglegan. Straffa, ógna, áminn með allri þolinmæði og kenningu. Því að sá tími mun koma það þeir munu ekki umliða heilsusamlegan lærdóm, heldur munu þeir eftir sínum eiginlegum fýsnum samanhruða sér sjálfum lærendur eftir því þeim eyrun klæja og munu eyrunum í frá sannleiknum vanda og sér snúa til lygi. En þú, vert skirlífur og herkinn í hrakningunum, gjör verk guðsspjalllegs predikara og útykta þitt embætti virðulega.

Því að eg verð snart fórnfærður, og tími minnar burtfarar til stendur. Eg hefi góða hildi háíð, eg hefi hlaupið fullkomnað, eg hefi trúna geymt. Og nú héðan í frá er mér til lögð kóróna réttlætisins sem að Drottinn, hinn réttláti dómari, mun mér á þeim degi gefa. En eigi alleinasta mér, heldur jafnvel öllum þeim sem hans tilkomu elska. Legg kapp á að koma til mín sem skjótast.

Því að Demas hefir mig yfirgefið, elskandi þennan heim, og er burt farinn til Tessaloniam, Kreskens í Galatiam, Títus í Dalmatiam, Lúkas er einn saman hjá mér. Markús tak til þín og haf með þér því að hann er mér nytsamlegur til þjónustu. Týkikon hefi eg til Efeso sent. Þann möttul, sem eg lét eftir til Tróada hjá Karpo, haf með nær þú kemur og svo bækurnar, en einkum það bókfelli. Alexander járnsmiður hefir auðsýnt mér margt vont. Drottinn ömbuni honum eftir sínum verkum, fyrir hverjum vakta þú þig einninn því að hann hefir mjög í móti staðið vorum orðum.

Í mínu fyrsta forsvari stóð enginn hjá mér, heldur yfirgáfu þeir mig allir. En eigi sé þeim það til átölu því Drottinn stóð hjá mér og styrkti mig upp á það sú predikan fyrir mig staðfestuð yrði svo að það allir heiðingjar heyrðu. Og eg em frelsaður af gini leónsins. En Drottinn mun frelsa mig af öllu illu og hjálpa til síns himneska ríkis, hverjum að sé dýrð um aldur og ævi. Amen.

Heilsa þú Priskan og Akvílam og heimkynni Ónesifori. Erastus bleif til Korintíu, en Trófinon lét eg eftir til Míleto sjúkan. Haf kapp á það þú komir til mín fyrir veturinn. Þér heilsa Evbúlus og Púd allir bræður. Drottinn Jesús Kristus sé með þínum anda. Náðin sé með þér. Amen.

Hinn annar pistill til Tímóteo skrifaður í frá Róm þá er S. Páll var í annað sinn hafður fyrir keisarann Nero.

Formáli yfir S. Páls pistil til Títo

Þetta er einn stuttur pistill, en er þó ein summa kristilegs lærdóms, hvar eð allsháttað innilukt verður og fólgið er hvað einum rétt kristnum þarflegt er að vita og læra.

Í fyrsta kennir hann hvað biskup eða sóknarprestur skal fyrir mann vera, einkum sá sem valinkunnur er og lærður vel evangelion til að predika og mótstöðu veita fólkskum lærdómi verkanna og mannaþingum sem alla tíma stríða í gegn trúnni og samviskurnar villa í frá kristilegu frelsi í herfjötran mannlegra setninga svo sem skyldi þeir mönnum björg veita til sálhjálp, hverjir þó ekkert stoða til eilífrar sælu.

Í öðrum kapítula lærir hann allsháttáðar stéttir, unga og gamla, meyjar og manna konur, karlmenn, herra og undirmenn, hverninn þeir skulu sér hegða svo sem þeir er Kristur hefir fyrir sinn dauða aflað sér sjálfum til eigindóms.

Í hinum þriðja lærir hann í heiðri að hafa veraldar valdsstéttarmenn og þeim eftirlátir og hlýðugir að vera og áhrærir enn aftur í annað sinn þá náð sem Kristur hefir oss afrekað, upp á það enginn gjöri sér í hugarlund að það nægi til sálhjálp, valdsstéttinni hlýðugur að vera, af því að allt vort réttlæti er einkisvert fyrir Guði og bífalar honum síðan að forðast hina harðsvíruðu og fordæðumenn.

S. Páls pistill til Títum

Fyrsti kapítuli

Páll, þjón Guðs, en postuli Jesú Kristi til að predika trúna Guðs útvaldra og viðurkenning sannleiksins sem til mildleiksins leiðir upp á von eilífs lífs, hverja til sagt hefir sá ekkert lýgur, Guð, fyrir ævinlegar aldir, en opinberað hefur í sinni tíð sín orð fyrir þá predikan sem mér er til trúuð eftir bifalan Guðs, vors lausnara. Títo, mínum réttilegum syni, eftir beggja vorra trú. Náð, miskunn, friður af Guði föður og Drottni Jesú Kristo, vorum frelsara. Vegna þess lét eg þig eftir í Krít það þú skyldir bæta um það hvað brest hafði og öldungana niður setja um borgirnar svo sem eg bifalaða þér. Svo það ef nokkur er óstraffanlegur einnrar kvinnu eiginmaður, hver eð trúlynd börn hefir, eigi orðræmdir það þeir sé ofeyðslumenn eður óhlýðugir. Því að biskupi byrjar að vera óstraffanlegum svo sem Guðs tilsjónarmanni, eigi einsinnaður, eigi reiðinn, enginn vinsvelgur, eigi baráttusamur, eigi neins skemmilegs ávinnings girugur, heldur gestrisinn, góðlyndur, skírlífur, réttferðugur, guðrækinn, hreinlífur, sá sem fastheldinn er þess orðs sem sannarlegur lærdómur er og sá aðra kann læra svo að hann sé máttugur til á að minna fyrir heilsusamlegan lærdóm og að straffa þá sem á móti mæla.

Því að þar eru margir kargir hégómaþvættarar og villumenn, einna mest út af umskurninni, á hverjum vér hljótum munninn til að byrgja, hverjir nálega öllum húsum umvelta og kenna það sem ekki hæfir fyrir skemmilegs ávinnings sakir. Nokkur út af þeim, sjálfra þeirra spámaður, sagði: Kítarmenn eru jafnlega lygigjarnir, ill kvikindi og letisamir margar. Þessi vitnisburður er sannur, hvers vegna þú straffa þá snarplega upp á það þeir sé heilbrigðir í trúnni og gef öngvar gætur að þeim gyðingslegum ævintýrum og mannaboðorðum sem í burt snúa frá sannleikum. Hreinum eru allir hlutir hreinir, en saurugum og vantrúuðum er ekkert hreint, heldur eru saurug þeirra hugskot og samviska. Þeir segjast þekkja Guð, en með verkunum afneita þeir því að því þeir eru bölvanlegir og vantrúaðir og til allra góðra verka ótérugir.

Annar kapítuli

En þú tala svo sem það hæfir heilsusamlegum lærdómi. Öldruðum það þeir sé skírlífir, heiðarlegir, hæfilátir, heilbrigðir í trúnni, í kærleikanum, í polinmæðinni. Líka einninn rosknum konum að þær hegði sér sem guðræknum hæfir, ekki lastanarsamar, ekki vinsvelgjur, góðar lærimæður, að þær læri ungar konur hæfilátar að vera og það að þær hafi kæra sína bændur og elski sín börn, sé skírlífar, hreinferðugar, umsjónasamar, góðlyndar, sínum bændum undirgefna upp á það Guðs orð verði ekki lastað. Slíkt líka áminn ungmennin það þeir sé skírlífir.

En alla vega set þig sjálfan til fyrirmyndar góðra verka með ómengudu lærdómi, með stöðuglyndi, með heilsusamlegu og óstraffanlegu orði upp á það mótstandarinn óvirðist og ekkert hafi það hann kunni vont frá oss að segja. Þjónustumönnunum það þeir sé sínum drottnum undirgefna og í öllu viljugir, veri eigi svörugir, eigi ótrúir, heldur sýni allan góðan trúnað svo að þeir prýði lærdóm Guðs, vors lausnara, í öllum greinum.

Því að heilsusamleg náð Guðs er auglýst öllum mönnum og lærir oss það vér skulum afneita óguðlegu athæfi og veraldlegum girndum og lifa sparlega, réttferðulega og guðlega í þessum heimi og vakta upp á þá sælunon og dýrðarinnar auglýsing hins mikla Guðs og vors lausnara Jesú Kristi sem sjálfan sig hefir gefið út fyrir oss upp á það hann endurleysti oss í frá öllu óréttlæti og hreinsaði sér sjálfum fólk til eignar það kostgæfið væri til góðra verka. Þetta tala þú og áminn* og straffa með allri alvöru. Lát öngvan mega forsmá þig.

Þriðji kapítuli

Áminn þá það þeir sé höfðingjunum og valdsstéttunum undirgefnir og hlýðugir til allra góðra verka reiðubúnir, öngvan lastandi, eigi deilugjarna, heldur veri hæverskir, auðsýnandi alla hógværi við hvern mann. Því að vér vorum forðum daga gálausir, óhlýðugir, ófyrirlátsamir, þjónandi girndum og margvíslegum lostasemdum, gengum í illsku og öfundskap og hötuðum hver annan innbyrðis.

En þá er birtist góðgirnd og mannljúflegleiki Guðs, vors lausnara, eigi fyrir réttlætisverkanna sakir sem vér höfðum gjört, heldur eftir sinni miskunnsemi, frelsaði hann oss fyrir þann endurfæðingar vatssá og nýjung heilags anda, hverjum hann hefir yfirgnæfanlega úthellt yfir oss fyrir Jesúm Kristum, vorn lausnara, svo að vér, réttlættir fyrir sjálfs hans náð, værum erfingjar eilífs lífs eftir voninni.* Þessi ræða er sönn og trúanleg.

Þetta vil eg þú kennir svo sem það staðfast sé svo að þeir sem trúaðir eru vorðnir, kostgæfist í góðum verkum fordildarlegir að vera. Þetta er gott og mönnum nytsamlegt. En fávíslegar spurningar og ættarpulur, þráttanir og laganna deilur forðast þú. Því að þær eru óþarfar og fáfengar. Fordæðumann eftir eina og aðra áminning flý þú. Og vit það, sá er umsnúinn sem þess konar er og synd drýgir svo sem að sá sig sjálfan fordæmir.

Nær eg sendi Arteman elligar Týkikon til þín, þá skunda þú sem skjótast að koma til mín til Nikapólim því að þar hefi eg ásett í vetur að vera. Senam lögvitring og Apollon af stað send með athygli svo að þá bresti ekkert. Lát þá einninn læra í góðum verkum fordildarlegir að vera þar þörf gjörist svo að þeir sé ekki ávaxtanarlausir. Þér heilsa allir þeir með mér eru. Heilsa þú öllum þeim oss elska í trúnni. Náðin sé með yður öllum. Amen.

Skrifaður frá Nikópóli í Makedónía.

Formáli yfir S. Páls pistil til Fílemonem

Þessi pistill auðsýnir oss eitt meistarlegt ljúflegt eftirdæmi kristilegs kærleika því að þar sjáu vér hversu S. Páll í forsvar tekur hinn fíráða Onesímon og fortíðir fyrir hann viður hans herra allt hvað hann getur og skikkar sér eigi öðruvíis en svo sem sé hann sjálfur Onesímos, hver er brotlegur hafði vorðið. Þó gjörir hann það ekki með ofríki eður kúgan sem hann hefði vel rétt til haft, heldur yfirgefur hann sinn rétt, hvar með hann nauðþrokar það Fílemon hljóti einninn að hafa síns réttar fordrag. Líka ámynt sem það Kristur hefir gjört fyrir Guði föður, svo gjörir einninn S. Páll við Onesímon fyrir Fílemoni. Því að Kristur hefir sinn rétt yfirgefið og meður ljúfleik og lítillæti föðurinn sigrað það hann hefir sinn rétt og reiði hlotið niður að leggja og oss til náðar að taka fyrir Kristus sakir, sá oss svo alvarlega fortíðar og svo af öllu hjarta að sér tekur. Því að vér erum allir hans Onesími ef vér trúum það.

S. Páls pistill til Fílemonem

áall, bandingi Jesú Kristi og Tímóteus bróðir. Fílemoni ástsamlegum og vorum meðhjálpara og ástúðlegri Appía og Arkippo, vorum samherjara, og söfnuðinum í þínu húsi.

P Náð sé með yður og friður af Guði, vorum föður, og Drottni Jesú Kristo. Eg þakka mínum Guði og hugleiðandi þig jafnlega í mínum bænum að því eg heyri út af þeim kærleika og trú sem þú hefir við Drottin Jesúm og við alla heilaga það að þín trúa, hverja vér sameiginlega höfum, verði kröftug í þér fyrir viðurkenning alls hins góða sem þér hafið í Kristo Jesú. En eg hefi fögnuð mikinn og huggan í þínum kærleika því að hinir heilögu eru af hjarta næsta vel endurnærðir fyrir þig, kæri bróðir.

Fyrir því þótt eg hafi stórt vald til þér að bjóða í Kristo, hvað þér sæmir, þá vil eg þó fyrir kærleiksins sakir einasta áminna þig. Eg sem þesslegur er, einkanlega hinn gamli Páll, en nú einninn bandingi Jesú Kristi, þá beiði eg fyrir son minn, Onesímon, þann eg alið hefi í mínum böndum, hver þér var forðum óþarfur, en nú þér og mér næsta þarfsamlegur, hvern eg sendi þér nú aftur, en þú vildir hann meðtaka sem mitt hjarta. Því að eg vilda hafa haldið honum hjá mér að hann þjónaði mér í staðinn þinn í böndum guðsspjallsins. En utan þinn vilja vilda eg ekkert gjöra svo að þinn góði væri ekki neyddur, heldur sjálfráður.

Því vera má það hann sé þar fyrir um stundarsakir frá þér farinn það þú hann aftur fengir eilíflega, nú eigi lengur sem þjón, heldur framar en þjón, einn kæran bróður, einkanlega minn. En hversu miklu meir þá þinn, bæði eftir holdinu og eftir Drottni? Ef þú heldur mig nú fyrir þinn lagsmann, þá muntu vilja meðtaka hann svo sem sjálfan mig. En hafi hann gjört þér nokkurt tjón eða sé þér nokkuð skyldugur, það reikna mér til. Eg, Páll, skrifaði þetta með minni hendi: Eg vil bítala. Eg þegi það þú sért mér sjálfan þig skyldugur. Minn kæri bróðir, unn mér þess það eg endurnæri mig á þér í Drottni, endurnær þú mitt hjarta í Drottni.

Eg hefi þér út af góðum trúskap til skrifað því að eg veit það þú munir framar gjöra en eg segi. En jafnframt þessu reiðubú þú mér herbergi því að eg vona það eg verði yður fyrir yðra bón veittur. Þér heilsar Epafras, minn sambandingi í Kristo Jesú, Markús, Aristarkus, Demas, Lúkas, mínir hjálpendur. Náð vors Drottins Jesú Kristi sé með yðrum anda. AMEN.

Skrifaður frá Róm með Onesímo.

Formáli yfir pistilinn til Ebreos

Súmir doktores vilja segja það þessi pistill til ebreskra manna sé hvorki S. Páls né nokkurs annars postula og bívísa það með þeirri grein sem hér eftir stendur í öðrum kapítula, svo segjandi það þessi lærdómur sé fyrir þá sem það sjálfir heyrðu af Drottni, yfir sig kominn og staðnæmdur, hvar með þeim sýnist augljóst það hann tali um postulana svo sem sé hann þeirra lærisveinn, á hvern slíkur lærdómur frá postulunum sé kominn, má vera löngu seinna, af því að S. Páll (Galatas i.) vottar mektuglega það hann hafi sitt evangelion af öngum manni né fyrir manninn, heldur af Guði sjálfum.

En yfir það fram hefir hann einn harðan hnút þar hann í hinum vi. og x. kapítula þverlega neitar og afsegir þeim yfirbótar sem syndgast eftir skírmina. Og í hinum xii. segir hann það Esau hafi yfirbótar leitað og þó ekki fundið, hvert að list eftir því það hljóðar að vera í gegn öllum evangelia og S. Páls pistlum. Og þó þar mætti eina glóseran yfir gjöra, þá hljóða orðin sjálf svo klárlega (segir meistarinn) það eg veit ekki hvort það muni nægja. En mér þykir sem það sé einn pistill af mörgum greinum samansettur og ekki einháttanarleg skikkanleg höndlan.

Það sé nú hvað eð vill. Þá er það þó einn mektugur, djúpsuttur, ágætur pistill, sá sem kennimansdóm Kristi meistarlega og grundvalllega útskýrir úr ritningunni þar til það hið gamla testamentum ágætlegana og gnóglegana útleggur svo að það er ljóslegt að hann er af einum frábærlega lærðum manni samsettur, hver að lærisveinn postulanna hafi verið og margt numið af þeim og örugglega í trúnni forsóktur og í ritningunni iðkaður. Og þótt hann leggi ekki grundvöll trúarinnar svo sem sjálfur hann vottar (vi. kapi.), hvað þó er postullegt embætti, þá byggir hann þó fordildarlega þar upp á gull, silfur, gimsteina svo sem að S. Páll (í Korinti iii.) segir. Þar fyrir skal oss ekki neina hindran gjöra þótt að þar verði (má vera nokkuð trjáhark, hálmur og hey með innblandað), heldur skulu vær þennan hans lærdóm með allri vegsemd meðtaka utan það vér megum ekki jafna honum í öllum hlutum víður postullega pistla. En þó að nokkrir vilji tilgeta það S. Páll skuli skrifað hafa þennan pistil til þeirra ebreskra manna sem kristnast höfðu og því eigi skrifað sinn postullegan titil eður heiti af því að Gyðingum misþóknaði það hann kallaði sig postula og læriföður heiðinna þjóða og hafi sent hann með sínum lærisveini Tímóteo, hvað mér óvitanlegt er. Og hver hann hefir skrifað, er óvitanlegt, vill og einninn fyrst um stundir óvitanlegt blífa. Þar liggur og engin makt upp á. Oss skal nægja sá lærdómur sem hann svo staðfastlega grundvallar í og út af ritningunni og jafnframt eina rétta, ágæta venju, tak og máta lærir og ávísar að lesa og stunda ritningina.

Pistillinn til Ebreos

Fyrsti kapítuli

Með því að Guð hefir forðum mörgu sinni og margháttaðlega talað til feðranna fyrir spámennina, hefir hann allra síðast á þessum dögum til oss talað fyrir soninn, þann hann setti til erfingja yfir alla hluti, fyrir hvern hann hefir einninn veröldina skapað, hver helst (með því hann er ljómi hans dýrðar og ímynd hans staðfestu) að ber alla hluti með orði síns kraftar og gjörir hreinsan vorra synda fyrir sig sjálfan, sett sig til hægri handar tigninni á hæðunum, svo miklu æðri gjörður englunum sem hann hefir miklu framar þeim erft eitt hærra nafn.

Því að til hvers engils þá hefir hann nokkurt sinni það sagt: Þú ert minn sonur, í dag ól eg þig. Og enn annað sinn: Eg man hans faðir vera, og hann man minn sonur vera. Og enn aftur sem hann innleiðir þann frumgetna í heiminn, segir hann: Og hann skulu allir Guðs englar tilbiðja. Af englunum segir hann að sönnu: Sína engla gjörir hann anda og sína þénara eldsloga. En af syninum: Guð, þitt sæti er æ og að eilífu, stjórnarvöndur þíns ríkis er réttlætisvöndur. Þú hefir elskað réttlætið, en hatað ranglætið. Fyrir því hefir Guð, þinn Guð, smurt þig meður viðsmjörvi fagnaðarins fram yfir þína hlutskiptara.

Og: Þú, Drottinn, hefir af upphafi jörðina grundvallað, og himnarnir eru þín handaverk. Þeir sömu munu forganga, en þú munt blífa. Og allir munu þeir eldast sem annað fat, og svo sem klæði munt þú þeim umhverfa, og þeir munu umhverfast. En þú ert sjálfur hinn sami, og þín ár munu ekki þrotna.* En til hvers engils hefir hann nokkurn tíma sagt: Set þig til minnar hægri handar þar til það eg þína óvini legg til skarar þinna fóta? Eru þeir ekki allir saman þjónustusamlegir andar, útsendir til þjónustu vegna þeirra sem erfa skulu sáluhjálpinna?

Annar kapítuli

Þar fyrir byrjar oss að gefa þess framar gaum að því það vér heyrum svo að vér fordjörfunst ekki. Því ef það orð er stöðugt vordíð sem fyrir englana er talað og hver yfirtroðning og óhlýðni hefir meðtekið sín réttferðug laun, hverninn vilju vér þá umflý ef vér gætum ekki slíkrar heilsugjafar, hver helst að hafði sitt predikanarupphaf fyrir Drottin? En hún er komin til vor af þeim sem það heyrðu, Guði vitnanda með táknum og dásemdum og kraftaverkum og með útskiptingu heilags anda eftir sinni vild.

Því að hann hefir ekki englunum undirgefið þá eftirkomandi veröld þar vér af segjum. Það vottar enn nokkur í einhverjum stað, svo segjandi: Hvað er maðurinn að þú minnst hans? Og mannsins son að þú vitjir hans? Litla stund hefir þú hann englanna þarfnast látið. Með dýrð og heiðri kórónaðir þú hann og settir hann yfir verk þinna handa. Og alla hluti hefir þú undirlagt hans fótum. Í því það hann undirlagði honum alla hluti hefir hann ekkert fráskilið það honum sé eigi undirgefið. En nú fyrst að sinni sjáu vér ekki það honum sé allir hlutir undirgefnir. En þann sem um stundar sakir hefir englanna þarfnast, sjáum vér að það er Jesús fyrir þíslan dauðans kórónaður með dýrð og heiðri upp á það að hann af Guðs náð fyrir alla dauðann smakkaði.

Því að það sæmdi þeim, hvers vegna allir eru og fyrir þann allir hlutir eru, sá mörg börn hefir til dýrðarinnar laðað, það hann höfðingjann þeirra sáluhjálpar fyrir þíslina fullkominn gjörði með því þeir koma allir út af einum, bæði sá sem helgar og þeir sem helgaðir verða. Fyrir því blýgist hann ekki einninn þá bræður að kalla og segir: Kunngjöra man eg nafn þitt mínum bræðrum og mitt í söfnuðinum þér lof syngja. Og enn aftur: Upp á hann mun eg minn átrúnað setja. Og enn annað sinn: Sjá þar, eg og þau börn sem Guð hefir mér gefið.

Nú með því að börnin hafa til samans hold og blóð er hann líka einninn þess sama máta hluttakari vordinn upp á það hann maktina tæki fyrir dauðann þeim sem dauðans makt hafði, það er djöflinum, og endurleysti þá sem fyrir ógn dauðans hlutu um alla ævi í þrælkan að vera. Því að eigi neins staðar annast hann englana, heldur annast hann það sæði Abrahams, hvaðan af hann hlaut fyrir alla hluti sínum bræðrum líkur að verða upp á það hann miskunnsamur yrði og trúlyndur biskup fyrir Guði til að forlíka fólksins syndir. Því að þar sem hann hefir sjálfur inni liðið og freistaður er, þar kann hann þeim inni að hjálpa sem freistaðir verða.

Þriðji kapítuli

Hvar af þér, heilagir bræður, hverjir hluttakarar eruð þeirrar himneskrar kallarar, gefið gætur að þeim sendiboða og biskupi, þann vör viðurkennum, Kristum Jesúm, sá trúlyndur er, hvern hann hefir fyrir settan (líka sem Moysen) í öllu sínu húsi. En þessi er meiri dýrðar verður en Moyses af því að sá hefir meiri heiðran af húsinu sem það smíðaði en húsið sjálft. Því að sérhvert hús verð ur af einhverjum, en sá alla hluti smíðar, það er Guð. Moyses var að sönnu trúlyndur í öllu hans húsi svo sem þjónustumaður til vitnisburðar þess sem sagt skyldi verða, en Kristur svo sem sonur yfir sínu húsi, hvers hús að eru vér ef vér annars átrúnaðinum og hrósan vonarinnar (allt til enda) fastlega höldum.

Hvar fyrir svo sem segir heilagur andi: Í dag, ef verður, þér heyrirð hans rödd, þá forherðið ekki yðar hjörtu svo sem í beiskuninni á freistingardegi í eyðimörk, hvar að freistuðu mig yðrir feður. Þeir reyndu og sáu mín verk í fjörtig ára. Fyrir það varð eg reiður þessari kynslóð og sagði: Jafnlega eru þeir villir í hjarta. Og eigi þekktu þeir mína vegu, hverjum eg einninn svór í minni reiði að eigi skyldu þeir koma til minnar hvíldar. Sjáið til, kærir bræður, það ei nokkur meðal yðar hafi vont vantrúað hjarta það frágangandi er Guði lifanda, heldur áminnið yður sjálfá alla daga svo lengi sem það í dag kallast að þar enginn meðal yðar forherðist af svikræði syndarinnar.

Því vér erum Krists hluttakarar vorðnir ef vér annars uppbyrjaðri trú (allt til enda) fastlega höldum. Svo lengi sem sagt verður: Í dag, ef verður, þér heyrirð hans rödd, þá forherðið ekki yðar hjörtu svo sem í þeirri beiskuninni. Því að sumir, sem hana heyrðu, forbeiskuðu hana (þó eigi allir), þeir eð út gengu af Egyptalandi fyrir Moysen. En hverjum reiddist hann í xl ára? Er eigi svo þeim sem syndguðust, hverra hræ að niður hrundi á eyðimörku? En hverjum svór hann það þeir skyldu eigi koma til hans hvíldar nema þeim sem vantrúaðir voru? Og vér sjáum það þeir hafa eigi kunnað inn að ganga vantrúarinnar vegna.

Fjórði kapítuli

Því látum oss hræðast það vér forsómum ekki það fyrirheit inn að koma til hans hvíldar og enginn vorra eftir verði. Því að það er oss einninn kunngjört svo sem hinum. En orðið predikunarinnar hjálpaði hinum ekkert nær þeir trúðu ekki sem það heyrðu. Því að vér, hverjir trúum, inngöngum í hvíldina svo sem að hann segir: Eg svór í minni reiði það eigi skyldu þeir til minnarhvíldar koma.

Og að sönnu þá þau verkin í upphafi veraldarinnar gjörðust, sagði hann í nokkrum stað af hinum sjöunda degi líka svo: Og Guð hvíldist á sjöunda degi af öllum sínum verkum. Og hér í þessum stað enn aftur að þeir skulu eigi koma til minnarhvíldar.

Með því að það er enn fyrir höndum að nokkrir skulu til þeirrar sömu koma og þeir, hverjum það í fyrstu kunngjört er, eru þar ekki til komnir fyrir þeirra vantrúar sakir, þá ásetur hann enn aftur nokkurn dag eftir slíkan langan tíma og segir fyrir Davíð: Í dag. Svo sem að sagt er: Í dag, ef að þér heyrirð hans rödd, þá forherðið ekki yð ar hjörtu. Því að ef Jósue hefði þá til hvíldar leitt, hefði hann aldregi eftir það af nokkrum öðrum degi sagt. Fyrir því er þar enn hvíld fyrir höndum fólki Guðs. Því að hver til hans hvíldar er kominn, hann hvílist einninn af sínum verkum svo sem Guð af sínum.

Svo látum oss nú kapp á leggja inn að komast til þessarar hvíldar upp á það að enginn falli í það sama eftirdæmi vantrúarinnar. Því að Guðs orð er lifandi og kröftugt og hverju tvíeggjuðu sverði hvassara og gegnumsmýgur allt þar til það í sundur skilur sálina og anda, einninn brjósk og bein og er dómari hugrenninganna og hjartans hugarlundar. Og þar er engin skepna fyrir honum ósýnileg, en allir hlutir eru nöktir og óhuldir fyrir hans augum, til hverra vér tölum.

Fimmti kapítuli

Með því vér höfum máttkan biskup, Jesúm son Guðs, hver til himins er farinn, svo látum oss halda fast þeirri viðurkenning. Því að vér höfum eigi þann biskup sem ekki kann samþining hafa með vorum breyskleika, heldur sá sem freistaður er á allan hátt líka svo sem að vér, þó án synda. Fyrir því látum oss þar að ganga með hugarhreysti til þess náðarinnar veldisstóls svo að vér öðlumst miskunnsemi og náð finnum á þeim tíma nær vér þurfum fulltings við.

Því að hver biskup af mönnum til kjörinn, sá verður fyrir mennina settur í þeim hlutum sem að eru fyrir Guði upp á það hann förnfæri gáfur og helgioffur fyrir syndirnar. Sá sem samharma kann þeim sem fávísir eru og villir fara og með því hann er sjálfur umgefinn með breyskleika, fyrir það hlýtur hann jafnt líka sem fyrir fólkið einninn fyrir sig sjálfan að offra fyrir syndirnar. Og enginn tekur sér sjálfum heiður til, heldur hann sem kallaður verður af Guði svo sem Aron.

Svo hefir Kristur ekki einninn sig sjálfan innsett í heiðurinn það hann yrði biskup, heldur sá sem til hans hefir sagt: Þú ert minn sonur, í dag ól eg þig, sem hann einninn enn í öðrum stað segir: Þú ert eilíflega kennimaður eftir skikkan Melkisedeks. Og hann hefir á degi síns holds bænir og beiðni með öflugum kalli og tárþöllum offrað til hans sem af dauðanum bjarga kunni og er einninn heyrður fyrir það að hann vegsamar Guð. Og þótt hann væri Guðs son, hefir hann þó, í því hann leið, hlýðni lært. Og þá hann fullkomnaður er, er hann vorðinn öllum, hverjir honum hlýðugir eru, tilefni eilífrar sáluhjálpar, af Guði biskup kallaður eftir skikkan Melkisedeks.

Par út af höfðu vér margt að segja, en það er þungt á meðan þér svo skilningslitlir eruð. Og þér sem fyrir löngu skylduð meistarar vera, þurfið nú við aftur það vér lærum yður þann fyrsta bókstaf guðlegs orðs og það vér gefum yður mjólk og öngvan orðinn mat. Því að hverjum vér hljótum mjólk að gefa, sá er óreyndur í orði réttlætisins því að hann er ungbarni. En hinum fullkomnum heyrir megn matur sem af síðvana hafa iðkuð sinni til frágreiningar góðs og ills.

Sétti kapítuli

Fyrir því vilju vér þann lærdóm af upphafi kristilegs lífernis nú fara láta og til algjörvileiksins að grípa (eigi aftur að nýju grundvöll leggjandi iðranarinnar dauðra verka og trúarinnar á Guð, skírnarinnar, lærdómsins, handauppleggingunnar, upprisunnar framliðinna, eilíflegs dóms). Og þetta vilju vér gjöra ef Guð vill annars til stæðja.

Því að það er ómögulegt að hinu sömu sem eitt sinn uppbirtir eru og smakkað hafa himneska gáfu og hluttakarar eru vorðnir heilags anda og smakkað hafa hið góða Guðs orð og kraft eftirkomandi veraldar og ef þeir affalla aftur að nýju og krossfesta á sjálfum sér son Guðs og fyrir skimp halda það þeir skyldu aftur endurnýjaðir verða til yfirbótar.

Því að jörðin, sem regnið drekkur það oftsinnis á hana kemur og hagkvæmilegt gras ber þeim sem hana yrkja, meðtekur blessan af Guði. En sú sem þistla og þyrna ber, hún dugir ekki og er bölvanninni næst, hver að síðustu uppbrennd verður. En vér treystum, elskulegir, nokkru betur til yðar það þér sáluhjálpinni nánari sé þó að vér tölum svo. Því að Guð er ekki ranglátur það hann gleymi yðvars gjörnings og kærleikans erfiðis sem þér auðsýnduð við hans nafn þá þér þjónuðuð heilögum og enn þjónið. En vér bígerum það hver einn yðvarra auðsýni það sama kostgæfi í voninni fast að halda allt til enda að þér lejtist eigi, heldur eftirfylgjarar þeirra sem fyrir trúna og þolinmæði fyrirheitið erfa. Því að líka sem Guð fyrirhét Abraham þá hann við öngvan æðra hafði að sverja, svór hann við sjálfan sig og sagði: Sannlega skal eg blessa og margfalda þig. Og með því hann bar þolinmóðlega biðlund öðlaðist hann fyrirheitið. Mennirnir sverja við annan æðra en þeir eru, og sá eiður gjörir enda allrar sundurþykkju svo að trútt blífur milli þeirra. En þá Guð vildi yfirgnæfanlega auðsýna erfingjum fyrirheitsins að sitt ráð er óumskiptilegt, hefir hann þar til eið á lagt upp á það vér hefðum fyrir tvær greinir, þær óumskiptilegar eru (því það er ómögulegt að Guð ljúgi), öruggt traust, vér sem tilflótta höfum og fastlega höldum þeirri fyrirsettri von, hverja vér höfum sem annað fast og öruggt akkeri sálarinnar, sú einninn inngengur í hið innra fortjaldsins þar eð fyrirrennarinn er fyrir oss inngenginn, Jesús, að eilífu biskup vorðinn eftir skikkan Melkisedek.

Sjöundi kapítuli

En þessi Melkisedek var konungur til Salem, kennimaður Guðs hins hæðsta, hver Abraham í móti gekk þann tíð hann kom frá orrustu konunganna og blessaði hann, hverjum Abraham gaf tíund af öllu gósi. Í fyrstu útleggst hann konungur réttlætisins. Eftir það er hann einninn konungur Salem, það er konungur friðarins, utan föður, utan móður, án slektis, hafandi hvorki upphaf daganna né endalok lífsins. Hann er og samjafnaður syni Guðs og blífur kennimaður að eilífu.

En gætið að hversu mikill að hann er, hverjum Abraham, sá patriarki, gaf tíund af herfanginu. Og að sönnu synir Leví þann tíð þeir meðtaka kennimannsskapinn, hafa þeir boðorð til tíundina inn að taka af fólkinu (það er af þeirra bræðrum) eftir lögmálinu þó að þeir eru einninn sjálfir af Abrahams lendum komnir. En hann, hvers kynferði eigi nefnt verður meðal þeirra, sá tók tíund af Abraham og blessaði þann sem fyrirheitið hafði. En án alls mótmælis er það svo að sá hinn minni verður af hinum æðra blessaður.

Og hér taka tíund dauðlegir menn, en þar burtu vottar hann það hann lifi og það eg segi svo það Leví, sá tíundina inntekur, er einninn tíundaður fyrir Abraham þá þegar hann var í lendum föðursins þann tíð Melkisedek gekk honum á móti.

Því ef að fullkomnan væri vorðin fyrir levítískan kennimannsskap (því að undir þeim hinum sama hefir lýðurinn lögmálið meðtekið), hvað væri þá þörf frammar meir að segja að þar annar kennimaður skyldi koma eftir skikkkan Melkisedek og eigi eftir skikkkan Arons? Því hvar kennimannskapurinn umskiptist, þar hlýtur einninn lögmálið um að skiptast. Því þar slíkt er af sagt, sá er af öðru slekti, út af því sem enginn nokkurn tíma altarinu þjónað hefir. Því það er þó opinbert að vor Drottinn er kominn frá Júda, til hvers slektis Moyses hefir ekkert talað af kennimannsskapnum.

Og svo er það enn ljóslegar ef annar kennimaður uppkemur eftir líking Melkisedek, sá ekki er gjörður eftir lögmáli líkamlegs boðorðs, heldur eftir kraft óendilegs lífs. Því að hann vitnar: Þú ert kennimaður að eilífu eftir skikkkan Melkisedek. Því þar fyrir aftekst hið fyrra lögmálsboðorð (með því það var veikt og ógagnsamtt því lögmálið kunni ekkert fullkomið að gjöra), og innleiddist önnur betri von, fyrir hverja vér nálægjunst Guði.

Og það hið mikla er ekki án eiðs. Því að hinir eru án eiðs kennimenn vorðnir, en þessi meður eiði fyrir þann sem til hans sagði: Drottinn svór, og það mun eigi iðra hann: Þú ert kennimaður að eilífu eftir skikkkan Melkisedek. Svo næsta mikils betra testamentis tilsagnari er Jesús vorðinn.

Og hinir eru margir sem kennimenn urðu fyrir það að dauðinn leyfði þeim eigi að blífa. En þessi, fyrir því hann eilíflega blífur, hefir hann óförgengilegan kennimannsskap. Þar fyrir kann hann og einninn að hjálpa eilíflega þeim sem fyrir hann koma til Guðs og lifir ævinlega og biður fyrir þeim.

Því að slíkan biskup sæmði oss að hafa, sá sem væri heilagur, saklaus, óflekkaður, syndugum fráskilinn og herra en að himinninn er, hverjum daglega eigi þörf gjörist svo sem að hinum öðrum biskupum í fyrstu fyrir sínar eiginlegar syndir að förnfæra, eftir það fyrir fólksins syndir. Því það gjörði hann einu sinni þá hann sjálfan sig förnfærði. Því þá menn sem lögmálið setur til presta hafa breyskleik. En þetta eiðsins orð, það eftir lögmálinu er sagt, setur soninn eilífan og fullkominn.

Átti kapítuli

Það er nú upphæðin þess þar vér afsegjum það vér höfum þann biskup sem að situr til hægri handar í tignarstólinum á himnum og heilagra auðæfa og sannarlegar tjaldbúðar handverksmaður, hverja Guð hefir uppbyggt og eigi maðurinn. Því að hver biskup verður til settur að offra gjafir og förnir. Fyrir því hlýtur þessi einninn nokkuð að hafa það hann offri. Og ef væri hann nú á jörðu, þá væri hann eigi prestur á meðan að þar eru þeir nokkrir sem eftir lögmálinu gjafir offra, hverjir að þjóna þeirri fyrirmynd og skugga himneskra auðæfa svo sem það guðlega andsvar til Moyses sagði þá hann tjaldbúðina fullkomna skyldi: Sjá til (sagði hann) að þú alla hluti gjörir eftir þeirri fyrirmynd sem þér er á fjallinu sýnd.

En nú hefir hann annað æðra embætti öðlast svo sem hann annars miklu æðra testamentis meðalrennari er, hver einninn á æðra fyrirheit stendur. Því ef hitt fyrra hafði óstraffanlegt verið, þá hefði ekkert rúm leitað verið hinu öðru. Því að hann straffar þá, svo segjandi: Sjáið, þeir dagar munu koma (segir Drottinn) það eg man yfir hús Íraels og yfir hús Júda setja nýtt testament, eigi eftir því testamento er eg gjörða við feður þeirra á þeim degi þá eg greip þeirra hönd í þann tíð eg útleidda þá af Egyptalandi. Og með því þeir blifu ekki í mínu testamento, þá hefi eg þá úr minni líða látið, segir Drottinn.

Því að þetta er það testament það eg nú mun setja húsi Íraels eftir þessa daga (segir Drottinn): Mín lög mun eg gefa í þeirra hugskot og í þeirra hjörtu mun eg þau skrifa. Og eg mun þeirra Guð vera, og þeir skulu mitt fólk vera. Og eigi skal nokkur þurfa sinn náung að læra né sinn bróður og segja: Viðurkenn þú Drottin. Því að þeir skulu mig allir kenna í frá hinum minnsta til hins stærsta. Því að eg mun líknsamur vera þeirra afgjörðum, og syndir þeirra og ranglæti vil eg eigi í minni leggja. Í því sem hann sagði hið nýja, gjörði hann það fyrra gamalt. En hvað gamalt og aldrað er, það er nærri sínum ævilokum.

Níundi kapítuli

Hið fyrra hafði að sönnu sínar réttlætningar, dýrkanir og veraldlegan heilagleik. Því að hinn fremri hlutur tjaldbúðarinnar var upp gjörður, í hverjum að var kertastikan, borðið og förnarbrauðin, og þessi kallaðist hinn heilagi. En á bak öðru fortjaldinu var tjaldbúðin, sú sem kallaðist hin allra heilagasta, hver eð hafði reyksisgullkerið og testamentsörkina alla vega með gulli roðna, í hverri var gullfatan sem himnabrauðið hafði og vöndinn Arons sem blómgaðist og testamentisspjöldin, hvar upp yfir voru kerúbíni dýrðarinnar yfirskyggjandi líknarsætið, af hverju nú er ekki neitt sérlegt að segja.

Þá þetta var nú svo til búið, gengu kennimennirnir iðulega í hið fremra tjaldbúðarhúsið og afluku þar förnaembættinu. En í hitt annað inn gekk einu sinni á árinu alleinasta biskupinn, eigi án blóðs, hverju hann offraði fyrir sínar eiginlegar og fólksins syndir þar hinn heilagi andi með merktist að vegurinn til

heilagleiksins væri þá enn eigi opinberaður á meðan hið fremra tjaldbúðarhúsið stæði, hvert að hlaut í þann sama tíma fyrirlíking að vera, í hverju gjafir og förnfæringar offraðar urðu, hvað þó eigi kunní fullkomið að gjöra eftir samviskunní þann sem guðsþjónustuna framdi alleinasta með mat og drykk og margvíslegarskírningar og holdsins réttlætíngarsemallt til tíma betrunarinnar voru uppálagðar.

En Kristur er kominn það hann sé biskup eftirkomandi auðæfa, fyrir stærri og algjörðari tjaldbúð, þá sem ekki er með höndum gjörð, það er þá sem ekki er þeirrar sköpunar, ekki einninn fyrir hafrablóð né kálfa, heldur er hann fyrir sitt eigið blóð eitt sinn inngenginn í hið heilaga og fann eilífa endurlausn.

Því ef uxanna og hafranna blóð og askan kvígunnar á dreifð helgar hina saurugu til holdsins hreinsunar, hversu miklu framar mun þá blóðið Kristi sem sjálfan sig hefir án flekkunar fyrir heilagan anda Guði offrað að hann hreinsaði vorar samviskur af dauðum verkum til að þjóna Guði lifanda.

Og þar fyrir er hann einninn meðalgöngumaður hins nýja testamentis svo að fyrir þann dauða sem skeður er til frelsunar út af þeim yfirtroðningum (þær sem undir hinu fyrri testamentinu voru) svo að þeir meðteki eilífa arfleifð fyrirheitsins.*

Því hvar eð testamentið er, þá hlýtur þar þess dauði að ske sem testamentið gjörir. Því að testamentið verður staðfest fyrir dauðann, elligar dugir það ekki meðan hann nú lifir sem það hefir gjört, hvar fyrir hið fyrri var eigi án blóðs til stiktað. Því þann tíð Moyses út talað hafði af öllum boðorðum lögmálsins fyrir öllu fólkinu tók hann kálfa og hafrablóð með vatni og purpuraulli og ísópo og stökkti á bókina og allt fólkið, segjandi: Þetta blóð er þess testamentis, hvert Guð hefir boðið yður. Og líka einninn tjaldbúðina og öll gögn guðsdýrkunar stökkti hann með blóðinu. Og allir hlutir verða sem helst með blóði hreinsaðir eftir lögmálinu, og án blóðsúthellingar sker engin fyrirgefning.

Svo hlaut nú fyrirlíking himneskra hluta með slíku hreinsuð að verða. En hinir himnesku sjálfir hljóta betri fórnir að hafa en eð hinar voru. Því að Kristur er eigi inn genginn í það hið heilaga sem með höndum er gjört (hvert að er samlíking hins réttferðuga), heldur í himininn sjálfan svo hann auglýsist nú fyrir Guðs augliti fyrir oss. Ekki það hann fórn líka svo oft sem hinir aðrir biskupar, þeir á hverju ári inngengu í hið heilaga með annarlegu blóði (annars hefði hann oftast hlotið að líða í frá veraldar upphafi). En nú í endalok veraldarinnar birtist hann eitt sinn fyrir sína eigin förnfæring til burttöku syndarinnar.

Líka svo sem það mönnum er til skikkað einu sinni að deyja og eftir það er dómurinn, svo er Kristur einu sinni offraður til í burt að taka margra syndir. En í annað sinn mun hann birtast utan synd öllum þeim sem hans vænta til sálhjálp.

Tíundi kapítuli

Því að lögmálið hefir skuggann eftirkomandi auðæfa, ekki líkneskjuna sjálfra auðæfanna. Því hvert ár hlaut að offrast hinar sömu offranir og kunní þó eigi þá sem offruðu fullkomna að gjöra (annars hefði offrið af lagst). Því þeir höfðu öngva samvisku meir syndarinnar sem guðsdýrkunarmenn voru eitt sinn hreinsaðir, heldur sker fyrir það sama hugleiðing syndanna hvert ár. Því að það er ómögulegt að fyrir uxa og hafrablóð syndir í burtu að taka.

Fyrir því sem hann kemur í veröldina segir hann: Offran og fórnir vildir þú eigi, en líkamann tilreiddir þú mér. Brennifórnir og syndoffur þökkast þér ekki. Þá sagða eg: Sjá, að eg kem, fyrst í bókinni er skrifað af mér, það eg skuli gjöra, Guð, þinn vilja. En þar fyrri sem hann sagði: Offranir, fórnir, brennifórnir og syndoffur vildir þú eigi, þær þökknuðust þér einninn ekki, hverjar eftir lögmálinu offraðar verða. Þá sagði hann: Sjá, það eg kem að gjöra, Guð, þinn vilja. Þar af tekur hann hið fyrri svo að hann inn setji hitt annað, í hverjum vilja það vér erum helgaðir einu sinni, skeðnum fyrir offran líkamans Jesú Kristi.

Og hver einn kennimaður er til settur það hann alla daga guðsdýrkan ræki og oflega samháttaðar offranir gjöri, hverjar eigi kunna syndirnar af að taka. En þessi fórnadi eina förnfæring fyrir syndirnar þá ævinlega dugir, situr nú til hægri handar Guðs og eftir bíður héðan í frá þar til hans óvinir verða lagðir til skarar hans fóta. Því að með einni offran hefir hann að eilífu fullkomna gjört þá sem helgaðir verða.

En það vitnar oss einninn hinn heilagi andi eftir því hann áður fyrri sagði: Þetta er það testament sem eg man þeim setja eftir þá daga, segir Drottinn. Mín lög mun eg gefa í þeirra hjörtu, og í þeirra hugskotum mun eg þau skrifa. Og þeirra syndir og ranglætíngar vil eg ekki meir í minni leggja. Hvar hin sama fyrirgefning er, þar er engin offran meir fyrir syndirnar.

Fyrst vér höfum nú, kærir bræður, þann tryggleik til inngöngu í hið heilaga fyrir blóðið Jesú, í hverju hann tilreiddi oss nýjan og lifandi veg fyrir fortjaldið, það er fyrir sitt hold, hafandi svo máttkan kennimann yfir Guðs húsi, því látum oss þar að ganga með sannarlegu hjarta í algjörvileik trúarinnar dreifðum í vorum hjörtum, viðskildir vondri samvisku og þvegins líkama með hreinu vatni. Og látum oss fastlega halda viðurkenning trúarinnar og örvænta eigi því að hann er tryggur, sá henni hefir fyrirheitið. Og það vér stundum oss sjálfa innbyrðis með tíðkan kærleiksins og ekki forlata vora samsafnan svo sem sumra er siður, heldur að áminna hver annan, og því miklu framar svo miklu sem þér sjáið daginn taka að nálægjast.

Því ef vér mótþróanlega syndir drýgjum eftir það vér höfum meðtekið kynning sannleiksins, þá höfu vér öngva offran þaðan í frá fyrir syndirnar, heldur hræðilegt eftirbið dómsins og eldsins aga sem mótstandarana svelgja mun.

Því hver hann brýtur Moyses lögmál, sá hlýtur að deyjja utan nokkra miskunnsemd fyrir tveggja eður þriggja vitnan. Hversu miklu meiri píslir meini þér sá muni verðskulda sem son Guðs með fótum treður og testamentisblóðið saurugt reiknar, fyrir hvert að hann er helgaður, og svívirðir svo náðarinnar anda? Því að vér vitum þann sem segir: Mín er hefndin, eg man aftur gjalda, segir Drottinn. Og enn annað sinn: Drottinn mun dæma fólk sitt. Hryggilegt er að falla í hendur lifanda Guðs.

Leggið í minni þá hinu fyrri daga, á hverjum þér uppbirtust þolandí einninn nokkurn deild sjálfir, mikið áhlaup píslanna fyrir svívirðan og hrakningar og að býsnum gjörðir og í sumri deild lagsmenn verið þeirra sem svo hefir gengið. Því að þér hafið sampínst mínum böndum og ræning yðvarra auðæfa með fagnaði umliðið, vitandi yður að hafa með sjálfum yður aðra betri og blifanlegri fastaeign á himnum. Látið ekki yðvart traust í burt sleppa, hvert að mikið verðkaup hefir. En þolinmæði er yður nauðsynleg svo að þér gjöri Guðs vilja og meðtakið fyrirheitið. Því að innan skamms tíma mun koma sá eð koma skal og mun eigi seinka. En réttlátur mun af trúnni lifa, en sá sig í hlé dregur, á þeim mun sála mín hafa öngva þókknan. En vér erum ekki af þeim sem sig í hlé draga og fyrirdæmdir verða, heldur þeir sem trúa og sálunni bjarga.

Ellefti kapituli

En trúan er örugg staðfesta þeirra hluta sem vér vonum og efum eigi hvað vér sjáum ekki. Fyrir hana fengu hinir gömlu vitnisburðinn. Fyrir trúna undirstöndum vér heiminn gjörðan vera með Guðs orði og það hvað sýnilegt er út af hinu ósýnilegu vorðið.

Fyrir trúna hefir Abel Guði meiri offran gjört en Kain, fyrir hverja hann hefir vitnisburðinn fengið það hann réttlátur sé þá Guð gaf vitnan af hans gjöfum. Og um þá sömu talar hann enn þótt hinn sé látinn.

Fyrir trúna varð Enok burt numinn að hann sæi eigi dauðann og varð eigi fundinn af því það Guð tók hann á burt. Því áður fyrri en hann var í burt numinn hefir hann vitnisburðinn haft það hann þókknaðist Guði af því að án trúarinnar er ómögulegt Guði að þókknast. Því hver hann vill koma til Guðs, sá hlýtur að trúna það að hann sé og það hann muni endurlaunari verða þeirra sem hans leita.

Fyrir trúna hefir Nói vegsamað Guð og örkina fyrirbúið til hjálpræðis sínu húsi þá hann meðtók guðlegan bifalning um það hvað eigi var enn séð, fyrir hvert hann veröldina fordæmdi og er erfingi vorðinn þess réttlætis sem fyrir trúna kemur.

Fyrir trúna varð Abraham hlýðinn þá hann kallaður varð út að ganga á þá jörð sem hann erfa skyldi. Og hann gekk út og vissi eigi hvert út hann mundi koma.

Fyrir trúna er hann framandi verinn á fyrirheits jörðunni svo sem á annarlegri og búið í hreysum með Ísak og Jakob, meðerfingjum sama fyrirheitsins. Því að hann vonaði upp á þá borgina sem grundvöllinn hafði, hværrar uppbyggingar smiður og skapari er Guð.

Fyrir trúna meðtók hin óbyrja Sara kraft það hún varð frjóvsöm og fæddi fram yfir tíma hennars aldurs. Því að hún hélt hann trúfastan sem henni hafði það til sagt.

Fyrir hvað að margir eru upp runnir af einum (þótt að dáins líkama væri) líka sem stjörnur himins og svo sem sandur við sjávarströnd, hvað óteljanlegt er.

Þessir allir eru í trúnni undir lok liðnir og hafa ekki fyrirheitið með tekið, heldur það af fjarska til séð og hafa þar á treyst og sér nægja látið og viðurkennt það þeir væri á jörðu gestir og framandi. Því að þeir sem þetta segja, þeir gefa til að skilja það þeir annarrar föðurleifðar leiti. Og að sönnu ef þeir hefðu meint hana, af hverri þeir voru út farnir, hefði þeir nógan tíma til aftur um að snúa. En nú girntust þeir aðra betri, það er himneska. Fyrir því óvirðist ekki Guð að kalla sig þeirra Guð því að hann hefir þeim borg fyrirbúið.

Fyrir trúna förnfærði Abraham Ísak þá hann varð freistaður og fram gaf hinn eingetna, þann sem hann hafði þó í fyrirheitinu með tekið, út af hverjum að sagt var: Í Ísak skal þér hans sæði kallað verða, ihugandi það Guð kynni af dauða upp að vekja, fyrir hvað hann einninn aftur fékk hann til fyrirlíkingar.

Fyrir trúna blessaði Ísak af því hvað eftirkomanda var Jakob og Esau. Fyrir trúna blessaði Jakob, þá hann deyði, báða sonu Jósefs og gjörði lotning hnýfli hans sprota.

Fyrir trúna talaði Jósef af útgöngu Íraelssona þá hann deyði og bifalning gjörði um sín bein.

Fyrir trúna varð Moyses, þá hann var fæddur í þrjá mánuði, falinn af sínum foreldrum fyrir því þau sáu það hann var ágætlegt barn og hræddunst ekki kóngsins boð.

Fyrir trúna afneitaði Moyses, þá hann gjörðist stór, sig að vera son dóttur Faraonis og kjöri miklu heldur meður fólki Guðs ómak að þola en að hafa stundlegt eftirlæti syndarinnar og hélt vanvirðing Kristi fyrir stærra ríkið en fésjóðu egypskra því að hann leit á verðlaunin.

Fyrir trúna forlét hann Egyptaland og óttaðist ekki kóngsins grimmd því að hann hélt sig að þeim, hvern hann sá ekki líka svo sem að hann sæi hann.

Fyrir trúna hélt hann páskana og blóðsúthellinguna upp á það að eigi snyrti þá sá sem frumburðina drap.

Fyrir trúna gengu þeir í gegnum hafið rauða svo sem um þurrlendi, hvers einninn hinir egypsku freistuðu og drekkust.

Fyrir trúna niður hrundu múrveggir Jeríkó, þá er þeir höfðu sjö daga um kring hana gengið.

Fyrir trúna varð Rahab, sú hórkona, ei fortöpuð meður vantrúuðum þá hún meðtók þá njósarmenn vinsamlega.

Og hvað skal eg meir segja? Tíminn verður mér of stuttur nær eg skylda fram þylja af Gídeon, Barak, Samson, Jeftahe, Davíð og Samúel og spámönnunum, hverjir eð hafa fyrir trúna kóngaríkin yfirunnið, réttlætið verkað, fyrirheitið öðlast, leónamunnana til byrgt, eldsins magn útslökkt, sverðsins eggjar umflýð, kröftugir vorðnir úr breyskleikanum, öflgir gjörst í stríðinu, annarlegra herbúðum um velt. Kvinnurnar hafa sína dauðingja af upprisunni aftur fengið.

En hinir aðrir eru lemstraðir og gabbaðir og hafa öngva frelsan meðþekkt svo að þeir öðluðust hina betri upprisuna. Sumir hafa háðung og húðstrokur liðið, þar ofan á bönd og fjötranir og steinum grýttir, skammhöggur, í gegnum stungur, fyrir sverði vegnir. Þeir eð um hafa farið í sauðafeldum og geitskinnum með eymdum, með harmkvælum, með ómaki, hverra heimurinn var ekki verðugur, hafa og villir gengið á eyðmörkum, á fjöllum, um fylgsni og hella jarðarinnar.

Þessir allir fengu vitnisburðinn fyrir trúna og hafa ekki meðtekið fyrirheitið, fyrir því það Guð hefir eitthvað betra áður til forna um oss fyrirhugað svo að þeir fyrir utan oss yrði ekki fullkomnir gjörðir.*

Tólfti kapítuli

Fyrir því á meðan vér höfum einninn slíkan skýjaklafa vottanna umkring oss, þá látum oss afleggja syndirnar, þær oss jafnan við loða og þyngja, og hlaupum fyrir þolinmæði í þeirri orrustu sem oss er tilskikkuð og álitum Jesúm þann hertuga og fullkomnara trúarinnar, hver eð þann tíð hann hefði vel mátt hafa fögnuð, þoldi hann krossinn og virti forsmánina einskis, og sett sig til hægri hliðar upp á Guðs stóli. Minnst á þann sem þvílík mótmæli í gegn sér af syndurunum þoldi svo að þér letjist ekki né veilst í hugskotunum. Því að þér hafið enn ekki allt til blóðsins viðstaðið í stríðinu mót syndinni og hafið þegar gleymt þess huggunar sem til yðar segir svo sem til barnanna: Son minn, virt eigi lítils tyftan Drottins, og örvílast ekki þótt þú verðir af honum straffaður. Því að hvern eð Drottinn elskar, þann agar hann, en hvern þann son sem hann að sér tekur, þá strýkir hann.

Ef þér tyftunina þolið, þá mun Guð tjá sig yður sem sonum. Því hver sonur er sá, þann er faðirinn tyftar eigi? En ef að þér eruð án tyftanar, hverrar hinir allir eru hluttakarar vorðnir, þá eru þér hjábörn, en ekki synir. Nú með því einninn vér höfum haft vora líkamlega feður til tyftunarmanna og þá hræðst, skyldum vér þá ekki miklu meir undirgefnir vera hinum andlega föður svo að vér lifðum? Og hinir hafa sennilega fáeina daga oss agað eftir sínum geðþótta, en þessi til nytsemdar svo að vér öðluðunst hans helgan. En öll tyftan nær hún á liggur, þá þykir oss hún engin gleði, heldur hryggð vera, en eftir á mun hún gefa friðsamlegastan ávöxt réttlætisins þeim sem þar fyrir iðkaðir eru.

Fyrir því upphefjið aftur tregar hendur og hin þreyttu kné, og gjörið réttan gang með yðrum fótum, svo að enginn afvega skeiki, líka sem þann er haltrar, heldur miklu framar veri sem heilbrigður. Eftir fylgið friðinum við hvern mann og helguninni, án hveðrar það enginn man Drottin sjá. Sjáið og svo til það enginn forsómi Guðs náð svo að þar engin beiskirót í staðinn upp spretti og hindran gjöri og það margir fyrir þá hinu sömu saurugir verði og að þar sé enginn frillulífismaður eður óguðrækinn sem Esau, sá sem að fyrir matar sakir seldi sinn frumburð. Fyrir því þá vitið að hann þar eftir á, þá hann blessunina erfa vildi, er hann útskúfaður. Því að hann fann ekkert rúm iðranarinnar þótt hann hennar með grátandi tárum leitaði.

Því að þér eruð eigi gengnir til þess fjalls sem áþreifanlegt er og með eldi brennur né til þoku eða myrkurs, til hreggviðris, til lúðrarþyts og til raddar orðanna, og þeir, hverjir hana heyrðu, undantöldust það eigi yrði til þeirra orðið talað. Því að þeir kunnu eigi það að standast hvað þar var sagt. Og ef skógdýr snyrti fjallið, þá skyldi það steinum grýtast eða með skeyti í hel skotið verða. Og svo ógurleg var sú sýn það Moyses sagði: Eg em óttasleginn og felmsfullur.

Heldur eru þér gengnir til fjallsins Síon og til borgar Guðs lifanda, til himneskrar Jerúsalem og til margra þúsundir englaflokka og til samkundu hins frumgetna, hver á himnum uppskrifuð er, og til Guðs allra dómara og til andanna algjörvilega réttláttra og til meðalgangarans hins nýja testamenti, Jesú, og til blóðsins yfirdreifingar það meir hefir að segja en Abels.

Sjáið til að þér undan teljist ekki þeim sem við yður talar. Því ef hinir eru eigi umflýðir sem honum undantöldust þá hann á jörðu talaði, miklu miður þá vér ef vér undan teljunst þeim sem af himnum talar, hvers rödd þann tíma jörðina bifaði. En nú heitir hann fyrir og segir: Enn eitt sinn mun eg hræra eigi alleinasta jörðina, heldur einninn himnana. En það hann segir eitt sinn, merk að það hið hræranlega skal umskiptilegt verða líka sem annað smíði svo að það hvað óhræranlegt er, stöðugt blífi, hvar fyrir á meðan vér meðtókum óhræranlegt ríki, þá höfum vér náðina, fyrir hverja vér skulum Guði þjóna honum til þökkunar með hræðslu og siðsemi. Því að vor Guð er mýgjandi eldur.

Þrettándi kapítuli

Verið staðfastir í bróðurlegum kærleika og gestrisni, forgleymið ekki því að fyrir hana hafa margir þeim óvitandi englunum herbergi veitt. Hugleiðið bandingjana líka sem aðrir sambandingjar og þeirra sem mótgöngu líða svo sem að þér séuð einninn limir þess sama líkama. Hjúskapurinn skal heiðarlegur haldinn vera hjá öllum og hjónabandssængin óflekkuð því að frillulífs og hórurnarmenn mun Guð dæma. Lífernið sé án ágirni og látið yður það nægja sem í nánd er. Því að hann hefir sagt: Eg vil eigi yfirgefa þig né hjá fara láta, svo að vér megum traustlega segja: Drottinn er minn hjálpari, eg man eigi óttast hvað maðurinn mun mér gjöra. Þenkið á yðra lærifeður, þeir eð Guðs orð hafa sagt yður, hveðra ævilokum þá aðhyggið og eftir fylgið þeirra trú.

Jesús Kristur gær og í dag og einninn sjálfur hinn sami að eilífu. Látið því eigi afleiða yður með margvíslegum og framandi lærdómum. Því að það er ágætlegt að hjartað sé staðfast, hvað helst að sker fyrir náðina, eigi fyrir ir fæðsluna, hvar út af öngva nytsemd hafa þeir sem þar með vilja Guði þjóna. Vér höfum það altari, hvar þeir sem tjaldbúðina rækja hafa ekkert vald til af að eta. Því að hveðra dýra blóð sem innborið verður af biskupinum í hið heilaga fyrir syndirnar, þeirra sömu hræ verða uppbrennd utan herbúðanna. Fyrir því hefir einninn Jesús (upp á það hann helgaði það fólk fyrir sitt eigið blóð) utan borgarhlíðs líðið. Því látum oss út ganga til hans af herbúðunum og bera hans vanvirðing. Því að hér höfu vér öngvan blífanlegan stað, heldur leitu vér hins tilkomanda.

Því látum oss nú offra fyrir hann lofsins offur Guði alla tíma, það er ávöxt varanna sem viðurkenna hans nafn. Gott að gjöra og með að skipta þá forgleymið ekki því að slíkt offur þökknastr Guði vel. Hlýðið yðrum lærurum og fylgið þeim. Því að þeir vaka yfir yðrum sálum líka sem að þeir eð reikningsskap þar fyrirgefa, skulu svo að þeir gjöri það með gleði og eigi með andvarpan því að það er yður ógagnsamlegt. Biðjið fyrir oss.

Vort traust er það að vér höfum góða samvisku og kostgæfum oss til vel um að sýslast hjá öllum. En eg meir en beiði yður þar til þvílíkt að gjöra upp á það eg kæmunst hið allra fyrsta aftur til yðar.

En Guð friðarins, sá sem út hefir leitt í frá dauðum hinn mikla hirðir sauðanna fyrir blóðið hins nýja testamenti, vorn Drottin Jesúm, hann gjöri yður skikkanlega í öllu góðu verki til að gjöra hans vilja og effi það með yður, hvað fyrir honum þakknæmt er fyrir Jesúm Kristum, hverjum að sé dýrð um aldir og að eilífu. AMEN.

Eg beiði yður, kærir bræður, haldið mér það áminningarorð til góða. Því að eg hefi fátt eitt skrifað yður. Vitið það bróðir vor, Tímóteus, er laus aftur, með hverjum ef hann skjótlega kemur, man eg sjá yður. Heilsid öllum yðar lærurum og öllum heilögum. Yður heilsa bræðurnir af Vallandi. Náðin sé með yður öllum. AMEN.

Skrifaður úr Vallandi með Tímóteo.

Formáli yfir S. Jakobs pistil

Þennan pistil hins heilaga Jakobi, þótt að hann sé af hinum gömlu fyrir ódal lagður, þá lofa eg hann þó og held góðan vera, helst þar fyrir það hann öngva mannaþingningu innsetur og Guðs lögmál allharðlega rekur. En það eg segi mína meining þar um, en öngum þó til villu né hjátrúar neinnrar, þá þyki mér sem hann sé eigi nokkurs postula ritning, og er þetta mitt tilefni.

Í fyrstu það hann svo strengilega í gegn S. Páls og allri annarri ritning réttlætið verkunum tileignar og segir það Abraham sé af sínum verkum réttlátur vorðinn þann tíð hann son sinn offraði sem að S. Páll (Ró. iii) þar í gegn lærir og segir það Abraham sé án verka réttlátur vorðinn alleinasta fyrir trú sína og útvísar það meður Moysen (Gene. xv) löngu áður en hann syni sínum offraði. Nú þótt þessum pistli yrði við hjálpað og ein glóseran fyndist yfir slíkt réttlæti verkanna, þá kann hann þó ekki þar inni að forsvarast sem hann þá málgrein Moysi (Gene. xv) (hver eð alleinasta um Abrahams trú og ekki um hans verk talar eftir því sem S. Páll, Róma. iv, útskýrir) verkunum tileignar. Fyrir því úrskurðar það þessi brestur það hann varla megi vera nokkurs postula. Í annarri grein það hann vill kristnum lýð kenna og getur ekki eitt sinn í svo langri orðræðu þínunnar og Kristis upprisnu né hans náðarinnar anda. Hann nefnir þó Kristum í sumum stöðum, en kennir ekki grandíð af honum utan segir af almennilegri trú á Guð. Því að embætti eins réttilegs postula þá er það hann af písl og upprisnu Kristi og hans embætti prediki og leggja þess sama grundvöll svo sem að sjálfur hann segir (Jóh. xv): Þér munuð vitnisburð af mér gefa. Í því verða allar þær sem réttilega heilagar bækur eru inni samhljóðandi að þær allar saman predika Kristum og eyrindi reka. Svo er það og einninn rétt próf til allar bækur að straffa nær vér sjáum hvort þær reka Kristis eyrindi eður ekki eftir því að öll ritningin tjáir og lærir eigi annað en Kristum líka sem hinn heilagi Páll, Ró. iii, vill eigi af öðru vita utan alleinasta Kristo sem hann segir í Korint. ii: Hvað Kristum ekki lærir, það er ei postullegs embættis þótt það einninn sjálfir höfuðspekingarnir kenndu. En þar í mót hvað helst Kristum predikar, það sé postullegt þótt það síðstur manna segði.

En þessi Jakobus gjörir eigi meir utan hann drífur til lögmálsins og þess verka og fleygir svo óskikkanlega einu í annað svo að mér þykir sem hann muni verið hafa einn góður, dugandi mann, sá er stöku greinir út af lærisveinum postulanna hafi höndlað og hafi svo upp á bókfelli ritað. Elligar kann að ske að það sé út af predikan hins heilaga Jakobi uppskrifað af einum öðrum til. Hann kallar og lögmálið eitt lögmál frelsisins, hvert að S. Páll kallar þó eitt lögmál þrælkunarinnar og reiðinnar, syndarinnar og dauðans.

Fram yfir það þá iðkar hann málgreinir hins heilaga Petri, það að kærleikurinn hylji syndafjöldann, ítem: Lítillætið yður undir Guðs hönd, ítem málgrein S. Páls (Galatas v) það andann lysti í gegn holdinu. Svo þó að hinn heilagi Jakobus var langri ævi af Heródes til Jerúsalem (fyrir en S. Pétur) líflátinn, hvað að þó sýnist það hann hafi löngu seinni verið en þeir Pétur og Páll.

Summan er það þessi hefir viljað verja þeim sem sig upp á trúna án verkanna forléttu og hefir til þeirrar málsvarnar næsta bjúgur verið og viljandi því með lögmálsre postularnir með hvatning til kærleiksins útvega. Fyrir því kann eg hann (segir doktorinn) ekki að telja meðal réttra höfuðbóka, viljandi þó öngum þar með hamla það hann telji hann setji og upphefji svo hátt sem honum sjálfum vel líkar. Því að þar eru margar ágætar og góðar greinir inni skrifaðar.

S. Jakobs pistill

Fyrsti kapítuli

Jakob, þjón Guðs vors Drottins Jesú Kristi, þeim tólf kynkvíslum, sem sundurdreifð fögnuð nær þér í margvíslegar freistanir íhratið. Og vitið það að reynslan yðvarrar trúar verkar þolinmæði, en þolinmæðin hefir fullkomið verk svo að þér séuð fullkomnir og algjörðir og í öngu brest hafandi.

Og ef einhver yðar þarf við vísdoms, hann biðji af Guði, sá er nóglega gefur hverjum manni og útdrepur það öngum, svo og einninn mun honum það gefast. En hann biðji í trúnni og efi ekki. Því að sá sem efablandinn er, hann er líka sem sjávarbylgja, sú er af vindi verður drifin og uppvægd. Þvílíkur maður þenki ekki það hann muni af Guði nokkuð öðlast því efablandinn maður er óstöðugur í öllum sínum vegum.

En sá bróðir, sem sig lækkar, hann hrósast í sinni upphafning. Og hann sem ríkur er, hann hrósast í sinni lítillæting. Því að líka svo sem blómstur grassins mun hann forganga s og blómstrið affellur og þess fagra álit fordjarfast. Líka svo man auðigur í ríkdæmi sínu upþorna.

Sæll er sá maður sem freistingina þolinmóðlega líður því þar með hann verður reyndur mun hann öðlast lífsins kórónu, hverri Guð hefir fyrirheitið þeim sem hann elska. Enginn segi nær hann freistast það hann af Guði freistaður verði. Því að Guð er enginn freistari hins vonða, og einskis freistar hann, heldur freistast hver einn nær hann tilteygist af sinni eigin girnd og lokkaður verður. Og síðan, það girndin hefir getið, fæðir hún syndina, en nær syndin er fullkomnuð, fæðir hún dauðann. Villist eigi, kærir bræður. Öll góð gjöf og öll fullkomin gjöf kemur að ofan frá föðurnum ljóssins, í hjá hverjum er engin umskipting né býting ljóssins og myrkursins. Því hann hefir oss getið eftir sinni vild fyrir sannleiksins orð upp á það vér værum frumburðir hans skepna.

Fyrir því, kærir bræður, sé hver maður fljótur að heyra, en tregur að tala og til reiði tregur. Því að mannsins reiði gjörir það eigi, hvað fyrir Guði réttferdugt er.

Þar fyrir afleggið allan óhreinleik og illsku og viðtakið orðið með hógværi, það í yður er rótsett, hvað er kann yðrar sálir hjálplegar gjöra.* Verið og einninn gjörendur orðsins, en eigi alleinasta tilheyrendur, hvar þér sjálfa yður með á talar dragið. Því ef einhver er orðsins tilheyrari og enginn gjörari, sá er líkur þeim manni sem sína líkamlega ásjánu í spegli skoðar. Því eftir það hann hefir skoðað sig og jafnskjótt sem hann gengur burt þaðan, þá gleymir hann hverninn hans yfirlit var. En hver í gegnum skoðar hið algjörða lögmál frelsisins og staðnæmist þar inni og er enginn forgleymanlegur heyrari, heldur gjörningsins gjörari, sá sami mun hjálplegur vera í sínu verki.

En ef einhverjum á meðal yðar lætur sér þykja það hann þjóni Guði og teymir eigi sína tungu, heldur forvillir sitt hjarta, þess guðrækni er hégómi. En skær og óflekkuð guðrækni hjá Guði föður er hún sem vitjar ekkna og föðurlausra í þeirra hörmungum og sig óflekkaðan af heiminum varðveitir.*

Annar kapítuli

Bræður mínir, þér skuluð eigi meina það trúan á Jesúm Kristum, vorn Drottin dýrðarinnar, hafi manngreinarálit. Því þó að inngangi í yðra samkund maður berandi gullbaug og í kostulegum klæðum, en þar kæmi einninn fátækur í ljótum klæðnaði og þér sæjuð á þann sem dýrlegan klæðnað bæri, segðuð til hans: Sit þú hér í góðum sessi, - og til hins fátæka segðuð: Statt þú þarna, eða: Set þig hér á skör föta minna, það úrskurðið þér ekki rétt með sjálfum yður, heldur verðið þér dómamar vondra hugrenninga.

Heyrið til, bræður mínir elskulegir. Hefir Guð ekki útvalið fátæka þessarar veraldar, þá í trúnni ríkir eru og erfingjar ríkisins, hverju hann hefir fyrirheitið þeim sem hann elska? En þér hafið vanheidrað hina fátæku. Eru hinir ríku eigi þeir sem með yfiringi niðurbrykkja yður og þeir eð framdraga yður fyrir dómstóla? Hæðaþeir ekki það hið góða nafn sem þér eruð afkallaðir.

Og ef þér fullkomnið það konunglega lögmál eftir ritningunum það elska skulir þú náunga þinn svo sem sjálfan þig, þá gjöri þér vel. En ef þér hafið manngreinarálit, þá drýgi þér synd og verðið ávítaðir af lögmálinu svo sem yfirtroðslumenn. Því þótt að einhver héldi allt lögmálið og brotlegur verður í einu, þá er sá þegar alls þess sekur. Því að hann sem sagt hefir það eigi skulir þú hór drýgja, sá hefir einninn sagt það eigi skulir þú í hel slá. Þótt að þú drýgir nú eigi hór, en í hel slær, þá ert þú yfirtroðslumaður hins lögmálsins. Líka svo talið og svo gjörð sem að þeir eð skulu fyrir lögmál frelsisins dæmdir verða. En þar mun ómiskunnssamur dómur yfir þann ganga sem öngva miskunnsemi hefir gjörða, og miskunnin, hún hrósar sér í móti dóminum.

Hvað stoðar það, kærir bræður, þótt einhver segi hann hafi trúna og hefir eigi verkin? Getur trúan gjört hann hjálplegan? En ef nokkur bróðir eða systir væri nakin og þörf hefði daglegrar næringar og þó einhver yðar segi til þeirra: Farið í friði, gjörð yður heitt og mettið yður, en gefi þeim ekki hvað líkamans nauðþurft er, hvað hjálpaði þeim það? Svo og líka trúan nær eð hún hefir engin verkin, þá er hún dauð í sjálfri sér.

En þar mætti einhver segja: Þú hefir trúna, og eg hefi verkin. Sýn þú mér trú þína út af verkum þínum, og man eg sýna þér mína trú af mínum verkum. Þú trúir að einn sé Guð. Það gjörir þú vel. Djöflarnir trú einninn og eru þó óttaslegnir.

En viltu vita, þú hégómamaður, það trúan án verkanna sé dauð? Er eigi Abraham, faðir vor, af verkunum réttlátur vorðinn þá hann offraði syni sínum, Ísak, yfir altarið? Þar sér þú það trúan hefir samverkað hans gjörðum, og út af verkunum er trúan fullkomleg vorðin. Og ritningin er uppfyllt sem að segir: Abraham trúði Guði, og það er honum talið til réttlætis, og er Guðs vin kallaður. Svo sjái þér nú það maðurinn verður af verkunum réttlátur og eigi alleinasta út af trúnni. Svo og einninn portkonan Rahab. Er hún ekki af verkunum réttlát vorðin þá hún meðtók sendiboðana og lét þá um annan veg í burt fara? Því að líka sem líkaminn er án andans dauður, svo er og einninn trúan án verkanna dauð.

Þriðji kapítuli

Hirðið eigi, bræður mínir, fleiri lærimeistarar að vera. Og vitið það vér munum þess meira dóm fá því að allir vér brjótum margfaldlega. En hver hann verður eigi brotlegur í neinu orði, sá er algjörður maður og kann öllum líkamanum í taumi að halda. Sjáið það vér beislum hestana svo að þeir hlýði oss og snúum um öllum þeirra líkam. Sjáið skipin, þó að þau sé stór og verða af megnum vindi rekin, þá verður þeim þó vent af litlu stýri, hvert út sem sá vill er stýrir. Svo er einninn tungan lítill limur og uppbyrjar þó stóra hluti.

Sjáið hverninn svo lítill eldur, hversu mikinn skóg hann kann upp að tendra. Tungan er einninn eldur, veröld full ranglætis. Svo er tungan meðal vorra lima og flekkar allan líkamann og uppkveikir alla vora sýslan nær hún af helvískum upptendruð er.

Því að allar náttúru dýra, fugla og orma og sjóskrímslanna verða tamdar og eru tamdar af mannlegri náttúru, en tunguna getur enginn manna tamið, hið óspakláta, illt, fullt dauðlegs eiturs. Meður henni dýrkum vér Guð föður og með henni formælu vér náunganum, eftir Guðs mynd gjörðum. Af hinum sama munni framgengur blessan og bölván. Það skal eigi svo vera, kærir bræður. Útvellir nokkuð brunnurinn af samri upprás sætu og beisku vatni? Getur nokkuð, bræður mínir, fikjutré, viðsmjör eða vínviður fikjur borið? Líka svo kann ekki hinn sami brunnur salt vatn og sætt að gefa.

Hver hann er vitur og forsóktur á meðal yðar, hann auðsýni af góðri umsýslan sín verk í hógværð og hyggindi. En ef hafi þér beiska öfund og hatur í yðrum hjörtum, svo hrósið yður ekki og ljúgið ekki í gegn sannleikanum. Því að það er ekki sú viska sem af ofan kemur, heldur jarðleg, líkamleg og djöfulleg. Því hvar öfund og hatur er, þar er óstaðfesti og allir hlutir illir. En sú viska, sem af ofan kemur, er fyrst hreinlíf, þar næst friðsöm, hóglát, máhlýðin, góðu samlunduð, full miskunnsemda og góðs ávaxtar, óaggreiningarsöm, án smjaðurs. En réttlætisins ávöxtur verður þeim í friði sáður sem friðinn halda.

Fjórdi kapítuli

Hvaðan koma stríð og baráttur á meðal yðar? Koma þær eigi af yðar girndum sem stríða í yðrum limum? Þér eruð lostagjarnir og öðlist þar með ekkert, þér hatið og öfunduð og vinnið þar með ekki. Þér sláist og berjist og hafið ekki því þér biðjið ekki. Þér biðjið og öðlist ekki af því þér biðjið vondslega svo að þér sóið því í yðrum lostagirndum. Þér hór unarmenn og hór dómskonur, viti þér ekki það veraldarinnar vinfengi er Guðs óvinskapur. Hver veraldarvinur vill vera, sá man Guðs óvin vera. Eða meini þér það ritningin segi til ónýts það að þann anda sem í yður byggir það hann lysti í gegn öfundinni og gefur náðina meiri?

Hvar fyrir segir hann: Guð mótstendur dramblátum, en lítillátum gefur hann náð. Því verið Guði undirgefni, standið í mót djöflinum, svo flýr hann frá yður. Nálægið yður að Guði, svo nálægir hann sig til yðar. Hreinsið yðar hendur, þér syndugir, og hreinferðug gjörið yðar hjörtu, þér efunarsamir. Verið vesallegir, sýtið og harmið. Því yðar hlátur skal umsnúast í grát og yðvar gleði í hryggð. Lækkið yður fyrir Guði, þá mun hann upphefja yður. Bakbítið ekki hver annan, kærir bræður. Því hver hann bakmælir bróður sínum og hjalar um hann, sá bakmælir lögmálinu og dæmir um lögmálið. En dæmir þú um lögmálið, þá ert þú ekki gjörningsmaður lögmálsins, heldur dómari. Því einn er sá lögmálsgjafari og dómari sem að um náunga þinn dæmir?

Sjáið nú til, þér sem segið: Í dag elligar á morgun munum vér ganga í þessa eður þá borg og viljum þar árið um dveljast og kaupskap fremja og ávinning gjöra. Þér sem þó eigi vitið hvað á morgun ske mun.

Því hvað er yðart líf? Ryk er það sem litla stund varir, en síðan hjaðnar það. Þar fyrir skulu þér segja: Ef að vér lifum og ef Guð vill, þá viljum vér þetta eður það gjöra. En nú metni þér yður í yðvarri drambssemi. Öll svoddan metnan er vond. Því að hann sem kann nokkuð gott gjöra og gjörir það ekki, þeim er það synd.

Fimmti kapítuli

Nú vel, þér auðgír, ýlið og æpið yfir yðar vesöldum, þeim yfir yður skulu koma. Yðvar rikidæmi eru úlnuð og klæði yðar eru mólétin, gull yðvart og silfur er forryðgað og þeirra ryð mun yður til vitnisburðar vera og man tæra yðru holdi sem eldur. Þér hafið yður reiðisjóðum safnað á síðustu dögum. Sjáið að launin verkmannanna, þeirra sem yðar akurlönd hafa uppyrkt, og hvað þér hafið þá umsvikið, það hrópar, og það þeirra hróp er komið til eyrna Drottins Sabaots. Þér hafið kræsilega lifað á jörðu og yðrar lostasemdir drýgt og kappalið yðar hjörtu svo sem til slátrunardags. Hinn réttláta hafi þér fordæmt og í hel slegið. Og hann hefir eigi mótstaðið yður.

Fyrir því verið þolinmóðir, kærir bræður, allt upp á tilkomu Drottins. Sjáið það akurkallinn væntir ágætlegs ávaxtar jarðarinnar, það þolinmóðlega umliðandi þar til hann fær morgunregn og kveldskúra. Veri þér einninn þolinmóðir og styrkið yðar hjörtu því að tilkoma Drottins er í nánd. Mótblásið ekki hver annan, kærir bræður, svo að þér fordæmist eigi. Sjáið, að dómari er fyrir dyrum. Takið, mínir kærir bræður, til eftirdæmis mótgöngunnar og þolinmæðinnar spámennina, þeir til yðar hafa talað í nafni Drottins. Sjáið, vér þrúsum þá sem liðið hafa. Þolan Jobs hafi þér heyrt, og ending Drottins hafi þér séð. Því að Drottinn er miskunnsamur og miskunnari.

En fram um alla hluti, bræður mínir, þá sverjið hvorki við himin né við jörð né nokkurn annan eið. En yðar orð sé já það já er, og nei það nei er svo að þér fallið ekki í skrópasemd. Hryggist nokkur meðal yðar, sá biðji. En hver í góðu geði er, sá syngi sálma. En hver sjúkur er, sá kalli til sín öldungana safnaðarins og láti þá biðja yfir sér og sig viðsmjóri smyrja í nafni Drottins. Og bæninn trúarinnar mun frelsa hinn sjúka, og Drottinn mun viðréttta hann. Og þó hann hafi syndir gjört, munu þær honum fyrirgefast.

Játi hver öðrum sínar syndir og biðjið hver fyrir öðrum það þér heilbrigðir verðið. Því að iðuleg réttferðugs bæn má mikið. Elías var maður líka svo sem vér, og hann bað bænir að það skyldi eigi rigna, og það rigndi ekki yfir jörðina í þrjú ár og sex mánaði. Í annað sinn bað hann aftur, og himinninn gaf regn, og jörðin bar sinn ávöxt.

Kærir bræður, ef að nokkur meðal yðar villist frá sannleikanum og umsnýr honum einhver, sá skal vita það hver eð syndarann umsnýr í frá villu hans vegar, hefir frelsað önd frá dauða og mun niðri byrgja fjöldann syndanna.

Formáli yfir fyrra S. Péturs pistil

Þennan pistil hefir S. Pétur skrifað til þeirra heiðinna manna sem snúist höfðu til rétrar trúar og áminnir þá stöðuga að vera í trúnni og margfaldast fyrir allsháttáða liðing og góð verk.

Í fyrsta kapítula styrkir hann þeirra trú með guðlegu fyrirheiti og krafti þeirrar tilkomandi farsælu og bívísar það að hún sé eigi af oss forþénuð, heldur áður fyrirfram af spámönnunum tilboðuð. Og fyrir því skulu þeir nú í nýju dagfari heilaglega lifa og þess hins gamla forgleyma svo sem þeir eð nýfæddir eru fyrir eilíflegt lifanda Guðs orð.

Í öðrum lærir hann höfuðið og hyrningarsteininn, Kristum, að kenna og það þeir offri sjálfa sig (svo sem réttilegir prestar) Guði líka sem það Kristur hefir sig offrað og tiltekur síðan allsháttáðar stéttir að leiðrétta. Í fyrstu lærir hann yfir allt veraldlegri valdsstjórn undirgefnum að vera, en síðan sérdeilis það þjónustumennirnir skuli þeirra eiginlegum lánardrottnum undirvornir vera og það órétt er af þeim líða fyrir Kristus sakir, sá að einninn hefir fyrir oss órétt liðið.

Í hinum þriðja lærir hann það konunnar sé hlýðugar, einninn líka þeim mönnum sem vantrúaðir eru, og prýði sig heilaglegana. Ítem það mennirnir sé þolinmóðir og þýðir við sínar konur og síðan þar eftir á til allra það þeir innbyrðis veri hver við annan ljúfir, lítillátir og þolinmóðir líka svo sem það Kristur hefir fyrir vorar syndir verið.

Í hinum fjórða lærir hann holdið að þvinga með sparneytni, vökum, bindindi, bænahaldi og meður pínungu Kristi að huggast og styrkjast og undirvísan ágjörir hvað andlegt vald og hverninn það skuli alleinasta rekast með Guðs orði og verkum meðal kristinna manna og hver einn veri öðrum þjónustusamur með sinni gáfu, eigi undranarsamir vera, heldur glaðværir þótt að vér hljótum að líða fyrir Krists nafns sakir.

Í hinum fimmta áminnir hann biskupana og prestana hverninn þeir skulu lifa og fólkinu fósttran veita og tekur oss vara fyrir djöflinum það hann í sífelli veiti oss eftirgöngu allavegana.

Hinn fyrri S. Péturs pistill

Fyrsti kapítuli

Pétur postuli Jesú Kristi. Þeim útvöldum örlendingum og í sundur tvístruðum í Ponto, Galakía, Kappadókía, Asía, Bípýnía eftir Guðs föðurs fyrirhyggju fyrir helgun andans, til hlýðni og til ádreifningar blóðsins Jesú Kristi.

Nád og friður margfaldist yður.

Blessaður sé Guð og faðir vors Drottins Jesú Kristi, sá oss eftir sinni mikilli miskunnsemd hefir endurgetið til lifandi vonar fyrir upprisu Jesú Kristi frá dauðum til ófallvaltrar, óflekkaðrar og óumskiptilegrar arfleifðar sem varðveitist á himnum. Yður, þér sem af Guðs makt fyrir trúna varðveittir verðið til sáluhjálpar þeirrar sem tilreidd er það hún opinberist á síðustum tímum, í hverri þér munuð gleðjast. Þér sem nú litla stund (hvað að byrjar) hryggvir eruð í margvíslegum freistingum upp á það að yðvar trú réttilegri og dýrðmætari fundin yrði (en það hið forgengilega gull sem í eldi reynt verður) til lofs, dýrðar og heiðurs nær eð nú Jesús Kristus man opinberast,* þann þér sáuð ekki og þó elskið og nú á hann trúið. Þó að þér sjáið hann eigi, svo munu þér og einninn gleðjast með óumræðanlegri og dýrðarsamlegri gleði og endalok yðvarrar trúar þar af berandi sem er hjálpræði yðvarra sálna.

Eftir hverju hjálpræði hafa sókt og grennslast spámennirnir sem upp á yður af þeirri tilkomandi náð hafa fyrir spád og rannsakað á hverjum eður hvílíkum tíma sem að andi Krists, sá með þeim var, tilteiknaði og áður fyrirfram hefir kunngjört þær píslanir sem að í Kristo eru og eftirkomandi dýrðir, hverjum það opinberað er. Því að eigi hafa þeir sjálfum sér, heldur oss þar inni þjónað hvað yður er nú kunngjört fyrir þá sem yður hafa guðsspjöllin boðað fyrir heilagan anda af himnum sendan, á hvern einninn englarnir fýsast að horfa.

Þar fyrir gyrðið yðrar hugskotslendrar. Verið sparneytnir og setjið algjörlega yðra von upp á þá náð sem yður er boðuð fyrir opinberan Jesú Kristi svo sem hlýðugum börnum og hagið yður ekki líka sem áður fyrri þá þér í heimsku yðvarri eftir girndunum lifðuð, heldur eftir þeim sem yður hefir kallað og heilagur er. Svo verið þér og einninn heilagir í öllu yðar dagfari. Því að skrifað er: Vera skulu þér heilagir, því eg em heilagur.

Og með því þér ákallið þann föðurinn sem án manngreinarálits dæmir eftir hvers sem eins verknaði, því hagið yðru dagfari svo lengi sem þér hér gangið með óttablendni. Og vitið að þér eruð eigi með forgengilegu gulli eður silfri endurleystir í frá yðru hégómaathæfi eftir feðranna uppsetningi, heldur með dýrðmætu blóði Kristi svo sem hins óflekkaða og saklausa lambs, hver fyrirhugaður er fyrir veraldarinnar grundvallan, en opinberaður á síðustum tímum yðar vegna. Þér sem fyrir hann trúið á Guð, hver eð hann uppvakti í frá dauðum og honum dýrðina gefið upp á það að yðvar trú og von væri á Guði.

Og gjörið yðrar sálir hreinferðugar í hlýðni sannleiksins fyrir andann til bróðurlegs kærleika af allri smjaðran annarlegan. Og yður innbyrðis glóandi elskið af hreinu hjarta svo sem þeir, hverjir endurbornir eru, eigi af forgengilegu, heldur út af óforgengilegu sæði sem er út af orði Guðs lifanda það ævinlegana blífur. Því að allt hold er sem gras og öll dýrð mannsins svo sem blómstur grassins. Grasið er uppþornað og þess blómstur er affallið. En orð Drottins blífur að eilífu. En þetta er það orð, hvert á meðal yðar kunngjört er.

Annar kapítuli

Því leggið nú af alla illsku og allt svikræði og smjaður, öfund og alla bakmælggi og girnist þeirrar skynsamlegrar og vélalausrar mjólkur svo sem að nýfædd börn upp á það að þér greruð fyrir þá sömu ef þér hafið annars smakkað það Drottinn er ljúfur, til hvers helst þér eruð komnir svo sem til lifanda steins, hver af mönnum er burtkastaður, en hjá Guði útvalinn og dýrðmætur er. Svo og þér einninn uppbyggðið yður líka sem lifandi steina til andlegs húss og til heilags prestdæmis að offra andlegar offranir, þær Guði þakknæmar eru fyrir Jesúm Kristum.

Hvar fyrir það ritningin svo inniheldur: Sjáid, að eg legg í Síon útvaldan dýrðmætan hyrningarstein. Og hver á hann trúir, sá skal ekki að hneykslan verða. Yður, þér sem trúid, er hann dýrðmætur, en hinum vantrúuðum er hann sá steinn sem uppbyggjendur í burt fleygðu og gjörður er að höfði hyrningar og að ásteytingarsteini vorðinn og hneykslunarhellu þeim sem reka sig á orðið og þar eigi á trúa, hvar þeir eru upp á settir. En þér eruð það útvalda slekti og konunglegur kennimannsskapur, hin heilaga þjóð, fólk eigindómsins, svo að þér skuluð kunngjöra dyggðir hans sem yður hefir kallað af myrkrunum til síns undranarsamlega ljóss. Þér sem forðum daga ekkert fólk voruð, en nú eruð Guðs fólk. Og hverjir forðum ekki í náðinni voruð, en nú í náðinni eruð.

Kærir bræður, eg beiði yður líka sem framandi og vegfarendur að haldið yður af holdlegum girndum, hverjar í gegn sálunni stríða. Og hafið góða umgengni meðal heiðinna þjóða svo að þeir sem um yður á bak tala svo sem af illgjörðurum sjái yðar góðverk, dýrki Guð á vitjunardegi.

Verið undirgefnir allri mannlegri tilskikkan fyrir herrans sakir, sé það konunginum svo sem hinum ypparsta, og landsstjórnurunum svo sem af honum skikkuðum til hefndar yfir illvirkjana og góðum til lofs. Því að það er vilji Guðs að þér með velgjörningi niðurþaggið óviturleik heimskra manna svo sem frelsingjar og ekki svo sem hefði þér frelsið illskunni til yfirhylmingar, heldur svo sem Guðs þjónustumenn. Gjörði virðing hverjummanni, bræðurna elskið, óttist Guð, konunginn heiðrið.

Þér þjónustumenn, verið herrunum undirgefnir með allri óttasemi, eigi alleinasta góðum og spakferðugum, heldur einninn hrekkvísium. Því það er náð ef nokkur fyrir samviskunnar sakir til Guðs þolir hið illa og umlíður það óréttá. Því hver hrósan er það ef þér fyrir misgjörninga sakir slög líðið? En nær þér umlíðið og þolið fyrir velgjörða sakir, það er náð hjá Guði.*

Því að þar til eru þér kallaðir með því að Kristur hef ir einninn sjálfur þolað og oss til eftirdæmis látið að þér skylduð svo eftirfylgja hans fótsporunum sem öngva synd gjörði, eigi heldur nein flærð er fundin í hans munn, sá ekki formælti í gegn þá honum varð formælt, eigi ógnandi þá hann leið, en hann ofurgaf það honum sem rétt dæmir, sá er sjálfur hefir vorar syndir offrað á sínum líkama upp á trénu svo að vér, í frá syndunum deyddir, lifðum réttlætunni, fyrir hvers benjar vér erum heilbrigðir vorðnir. Því að þér voruð svo sem villir, ráfandi sauðir, en nú eru þér umvendir til hirðis og biskups yðvarra sálna.*

Þriðji kapítuli

Líka einninn skulu konunnar vera undirgefnar sínum mönnum svo að einninn þeir, sem ekki trúá orðið, verði fyrir konunnar umgengni utan orð yfirunnir nær þeir sjá yðart hreinlíft siðferði í óttasemi. Hver skartsemi eigi skal vera hin ytri meður hárflettan og gulli umhengjanda eður klæðaburði, heldur þann hulda mann hjartans, óspjallaðan með hógværum og kyrrlátum anda, hver að er dýrðmætur í Guðs augliti. Því að svo hafa forðum heilagar konur prýtt sig, þær sem á Guð vonuðu og undirgefnar voru sínum eiginmönnum líka sem að Sara var Abraham hlýðug og kallaði hann herra, hverjar dætur þér eruð vorðnar ef þér vel gjörðið og eruð eigi svo staðlitlar.

Líka einninn þér mennirnir, búið við þær meður skynsemi og gefið því kvenlegu breyskvara kerkorni sína heiðran svo sem einninn samerfingjum náðarinnar og lífsins svo að yðart bænahald verði eigi hindrað.

En að ályktan þá verið allir einhugaðir, samþolugir, bróðurlegir, miskunnsamir, ljúfir, lítillátir. Endurgjaldið ekki illt með illu, engin skammarorð fyrir skammaryrði, heldur þar í gegn blessið og vitið að þér eruð þar tilkallaðir það þér blessunina að erfð eignist. Því hver hann vill lifa og að sjá góða daga, sá stilli sína tungu af vondu og sínar varir að þær eigi flærð tali. Hann hneigi sig í frá illu og gjöri hið góða, leiti friðarins og honum eftirfylgi. Því að augu Drottins eru yfir réttlátum og hans eyru til þeirra bæna. En auglit Drottins er yfir þeim sem illa gjöra.

Hver er sá yður geti grandað ef þér eftirfylgið hinu góða? Og þótt að þér líðið fyrir réttlætisins sakir, þá eru þér þó sælir. Og hræðist eigi þeirra ógnan og skelfist ekki. En helgið Guð Drottin í yðar hjörtum.* Verið jafnlega reiðubúnir andsvar að veita hverjum manni þeim sem skjals krefja af þeirri von sem í yður er. Og það þó með hógværi og óttablendni, hafandi góða samvisku svo að þeir, hverjir af yður á bak tala svo sem af illgjörðurum, til skammar verði það þeir hafa dárað yðra góða umgengni í Kristo.

Því að það er betra fyrst það er Guðs vilji að þér heldur fyrir velgjörða en illgjörða sakir líðið. Af því að Kristur hefir og eitt sinn fyrir vorar syndir líðið, hinn réttláti fyrir rangláta, upp á það hann förnfærði oss Guði og deyddur er eftir holdinu, en lifandi gjörður eftir andanum.

Í því hinu sama er hann einninn í burt genginn og hefir þeim öndunum predikað sem í herfjötrum voru, hverjir forðum daga eigi trúðu, þann tíð Guð eitt sinn eftirbeið og þolinmæði hafði á dögum Nóa nær örkin smíðaðist, í hverri fáir, það er átta sálir, hjálpuðust fyrir vatnið, hvert að nú einninn oss hjálplega gjörir í skirninni, hvað fyrir hitt er tilmyndað, ekki það holdsins saurleiki afleggist, heldur samningur góðrar samvisku hjá Guði fyrir upprisu Jesú Kristi, sá sem að er í heiminum upp farinn til Guðs hægri handar, og englarnir og hinir voldugu og kraftarnir eru honum undirgefnir.

Fjórði kapítuli

Með því það Kristur hefir nú fyrir oss líðið í holdinu, þá brynjið yður einninn meður því sama hugskoti. Því hver á holdinu líður, sá firrist frá syndunum svo að hann þaðan í frá, hvað eftirfarandar ævi er í holdinu, lifi eigi girndum mannsins, heldur vilja Guðs. Því að það gnægir að vér höfum þann umliðna tíma lífdaganna uppsvarplað eftir heiðinglegum vilja þá vér gengum í lausung, lostasemdum, drykkjuskap, í ofáti og ofdrykkjum og í herfilegum skurgoðadýrkanum.

Hvað eð þá undrar það þér eigi meður þeim hlaup ið í þeirri samri saurlifnaðarhneisu og guðlastið, hverjir reikningsskap skulu gjalda honum sem reiðubúinn er að dæma lifendur og dauða. Því að fyrir það er einn inn hinum dauðum evangelion kunngjört upp á það þeir dæmdir verði eftir mönnunum á holdinu, en í andanum lifi Guði. Því að endir allra hluta tekur að nálgast.

Fyrir því verið sparneytnir og árvakrir til bænanna. En umfram alla hluti hafið innbyrðis glóanda kærleik því að kærleikurinn hylur fjöld syndanna. Verið gestrisnir innbyrðis án möglunar. Og þjóni hver öðrum, hver einn með þeirri gjöf sem hann hefir öðlast svo sem góðir forstjórnarmenn margfaldlegrar Guðs náðar. Ef nokkur talar, hann tali það svo sem Guðs orð. Og ef þjónar nokkur, hann þjóni eftir þeirri orku sem Guð gefur svo að í öllum hlutum verði Guð dýrkaður fyrir Jesúm Kristum, hverjum sé dýrð og vald um aldir og að eilífu.*

Hinir kærustu, eigi skulu þér láta yður þann bruna sjaldsýnan vera, hver yður hendir nær þér freistaðir verðið svo sem að henti yður nokkuð sjaldsýnlegt, heldur gleðjið yður það þér með Kristi líðið upp á það þér einninn á opinberingartíma hans dýrðar mættuð gleðjast og fagna. Sælir eru þér ef þér vanvirtir verðið yfir nafni Kristi því að andinn, sá sem að er andi Guðs og dýrðarinnar, hvílist yfir yður. Hjá hinum verður hann lastaður, en í hjá yður vegsamaður.

En enginn yðar líði svo sem manndrápari, þjófur eða illvirki eða þeir sem gripdeildasamir eru annarlegra hluta. En að líði hann svo sem annar kristinn, þá skammist hann sín eigi, en dýrki Guð í slíkri deild. Af því að tími er það dómurinn tiltaki á Guðs húsi. En ef fyrst á oss, hver mun þá endir verða þeirra sem Guðs evangelio ekki trúá? Og ef hinn réttláti frelsast varla, hvar mun þá hinn ómildi og syndugi birtast? Þar fyrir skulu þeir sem líða (eftir Guðs vilja) honum sínar sálir á hendi fela svo sem trúlyndum skapara í góðum verkum.

Fimmti kapítuli

Öldungana, sem á meðal yðar eru, áminni eg, samöldungur og vottur píslanna sem eru í Kristi og hluttakari dýrðarinnar sem opinberuð skal verða. Alið þá hjörð Krists sem hjá yður er. Og gætið hennar, eigi nauðugir, heldur sjálfviljugir, eigi fyrir sleimilegs ávinnings sakir, heldur af góðum vilja, eigi svo sem þeir er yfir sinni tildeild drottna, heldur verðið fyrirmynd hjarðarinnar. Svo munu þér (nær hinn æðsti hirðir mun birtast) ófallvalta kórúnu dýrðarinnar meðtaka.

Líka einninn þér, hverjir ungir eruð, verið öldungunum undirgefni. Allir saman þá verið innbyrðis undirgefni. Hafið lítillætið fastlega innvafið því að Guð mótstendur dramblátum, en lítillátum gefur hann náð. Fyrir því lítillætið yður undir volduga Guðs hönd svo að hann upphefji yður á vitjunartíma. Allri yðar áhyggju varpið á hann því að hann ber umhyggju fyrir yður.

Verið sparneytnir og vakið. Því að yðar mótstandari, djöfullinn, gengur um kring sem grenjanda León, eftirleitandi þeim hann svelgi, hverjum þér örugglega í mót standið í trúnni, og vitið það yðrir bræður, þeir sem í heiminum eru, hafa þá sömu ánauð.

En sá Guð allrar náðar sem yður hefir kallað til sinnar eilífrar dýrðar í Kristo Jesú, hann sami mun yður, þér sem um litla stund líðið, fullnægja, tilreiða, styrkja, efla og staðfesta. Þeim hinum sama sé dýrð og veldi um aldur og að eilífu. Amen.*

Fyrir Silvanum, yðvarn trúan bróður (að því eg meina), hefi eg fátt eina skrifað yður til áminningar og til vottunar að þetta er hin sanna Guðs náð þar þér inni standið. Yður heilsa þeir sem samt yður útvaldir eru í Babylonia og minn sonur, Markús. Heilsað yður innbyrðis með heilögum kærleikskossi. Friður sé með öllum yður sem að eru í Kristo Jesú. Amen.

Formáli yfir hinn annan S. Péturs pistil

Þessi pistill er mót þeim skrifaður sem það meina að kristileg trúa megi án góðra verka vera. Fyrir því áminnir hann þá það þeir reyni sig fyrir góð verk og verði svo fullgjörðir í trúnni, líka svo sem það út af ávextinum þekkist tréið og uppbyrjar svo síðan þar eftir á evangelium að prisa í gegn mannalærdómum og það vér skulum alleinasta það heiðra, en öngva mannalærdóma, með því hann segir að þar sé eigi nokkurn tíma neinn spádómur skeður af mannsins vilja.

Fyrir því varar hann við í öðrum kapitula fyrir þeim fólkskum eftirkomandi lærurum er með verkin umganga og þar fyrir Kristi afneita og straffar þá hina sömu harðlega með ógnunarlegum eftirdæmum og þá svo réttilega afmálað og tilmyndað meður þeirra ágirndum, drambsemi, hæðni, frillulifnaði, hræsni svo að þreifa má að hann meinar hina andlegu stétt á þessum tímum sem alla veröldhefir með sinni ágirnd sólgíð og eitt sjálfrátt, holdlegt, veraldlegt líferni háðulega framið.

Í hinum þriðja lærir hann og gefur að skilja það hinn efsti dagur muni bráðlega koma, og þó að það þyki fyrir mönnum þúsund ár vera, þá er það þó fyrir Guði svo sem einn dagur, og skrifar hverninn það muni tilganga á dómadegi það að allir hlutir skulu með eldi verða fortærðir. Hann spár og einninn fyrir það fólkið muni á þeirri sömu tíð næsta háðgjarnt vera og út af trúnni ekkið halda líka sem að hinir epikúrei.

En alls þá útvísar hinn fyrsti kapituli hverninn kristnin skuli standa á tímum hins skæra Guðs evangelii. Hinn annar kapituli útvísar hverninn hún á til reika að vera á tímum páfanna og mannanna uppsetninga. Hinn þriðji kapituli ávísar hverninn héðan í frá muni fólkið bæði evangelium forsmá og alla aðra lærdóma og ekki neinu trúa munu. Og nú gengur það í fullri sveifing og allri makt þangað til það Kristur kemur.

Hinn annar S. Péturs pistill

Fyrsti kapítuli

ímon Petrus, þjón og postuli Jesú Kristi.

S þeim sem meður oss samlíka trú hafa hlotnað í réttlætinu því sem að Guð gefur og lausnarinn Jesús Kristus.

Náð og friður áaukist yður fyrir kynning Guðs og Jesú Kristi, vors Drottins.

Af því oss eru allsháttaðir hans guðlegir kraftar veittir, hverjir til lífsins og guðlegs líferniss henta, fyrir viðurkenning þess sem oss hefir kallað fyrir sína dýrð og dyggð, fyrir hverja hið dýrðmæta, og hið allra stærsta fyrirheit er oss veitt svo að þér fyrir það sama hluttakarar yrðuð guðlegrar náttúru ef þér flýið forgengilegar girndir veraldarinnar.

Því hafið þar alla yðar kappsmuni á og auðsýnið í yðvarri trú dyggðina, og í dyggðinni vitsmunina, og í vitsmununum hófsemina og í hófseminni þolinmæðina, og í þolinmæðinni guðræknina, og í guðrækninni bróðurlegan kærleika, og í bróðurlegum kærleika almennilega ástúð. Því ef þetta er gnóglegt hjá yður, þá mun það ekki yður iðjulausa né óávaxtarsama vera láta í viðurkenningu vors Drottins Jesú Kristi. En hann sem þetta hefir ekki, sá er blindur og forgleymir hreinsun sinna fyrru synda.

Fyrir því, kærir bræður, leggið þess meiri kappsmuni á yðra kallan og útvalning stöðugri að gjöra. Því ef þér gjörðið það, munu þér eigi misfalla og mun yður svo inngangurinn gnólegana gefinn verða í ævinlegt ríki vors Drottins og lausnarans Jesú Kristi.

Fyrir því vil eg eigi afláta að áminna yður jafnlega um þetta þó að þér vitið það og eruð styrkvir í nærveranlegum sannleika. Því að eg held það réttilegast svo lengi sem að eg em í þessu hreysi að uppvekja og á að minna yður. Því eg veit það eg hlýt snarlega mitt hreysi af að leggja að því eð Jesús Kristus hefir mér opinberað. En eg vil kapps um kosta það þér alla vega (eftir mína útför) hefðuð slíkt til minnis að halda.

Því að eigi höfum vér þeim dæmafróðum frásögum eftirfylgt þá vér gjörðum yður kunnan kraft og hingaðkomu vors Drottins Jesú Kristi, heldur höfum vér sjálfir séð hans dýrð þann tíð hann af Guði föður meðtók dýrð og heiðran fyrir raustina sem til hans skeði í mikilli dýrð þess háttar: Þessi er minn elskulegur sonur, á hverjum eg hefi þókknan. Og þessa raust heyrðu vér af hinnum verða þá er vér vorum með honum upp á fjallinu helga.

Vér höfum öflugt spádómsorð. Og þér gjörðið vel þér hafið þar gát á svo sem að því ljósi þar lýsir í myrkum stað þar til dagurinn birtir og morgunstjarnan upprennur í yðrum hjörtum. Og það skulu þér fyrst vita að enginn spádómur í ritninginni sker af eiginlegri útlekkingu. Því að þar er eigi nokkurn tíma neinn spádómur eftir mannsins vilja framfluttur verið, heldur af heilögum anda tilknúðir hafa þeir Guðs heilagir menn talað.

Annar kapítuli

En þar voru falsspámenn meðal fólksins. Svo munu og einninn meðal yðar verða lygisamir lærendur sem jafnframt innleiða munu háskasamlegar tvídrægnir og afneita Drottni, þeim sem þá hefir endurkeypt, og munu yfir sjálfa sig leiða snöggva glatan. Og margir munu eftirfylgja þeirra munaðlífi, fyrir hverja sannleiksvegurinn mun lastaður verða. Og fyrir ágirnd upploginna orða munu þeir á yður græða, hverra dómsáfelli þegar fyrir löngu mun eigi þrotna og þeirra fyrirdæming sæfir eigi.

Því ef Guð hefir eigi þyrmt englunum þeim sem syndguðust, heldur hefir steipt þeim meður hlekkjum myrkranna til helvítis og ofurgefíð það þeir til dómsins varðveittust og hefir eigi þyrmt hinni fornu veröld, heldur varðveitti Nóha, þann réttlætis predikara, sjálfan áttanda og innleiddi svo flóðið yfir veröld hinna ómildra og hefir borgirnar Sódóme og Gómorre að ösku gjört, umturnað og fordæmt, setjandi þar með þeim ómildum eftirdæmi sem seinna meir koma munu og frelsaði hinn réttláta Lot, hverjum sá skammsamlegur lýður alla meinbægni gjörði meður þeirra saurljótu lífni. Með því hann var réttlátur og byggði á meðal þeirra svo að hann hlaut að sjá það og heyra, þá kvöldu þeir daglegana réttláta sálu meður þeirra ranglátum verkum. Drottinn kann milda úr freistninni að frelsa, en hina ranglátu að varðveita til kvalanna á dag dómsins.

En einna mest þá sem holdinu eftirfylgja og saurugum girndum og herradóminn forsmá eru dristugir, sérgóðir, eigi ægjandi tignarveldið að lasta sem þó englarnir, þeir eð meira mátt og kraft hafa, eigi borið geta þann löstunardóm í gegn sér af Drottni. En þeir eru líka sem skynlaus kvikindi, hver af náttúru eru þar til alin það þau veidd og slátruð verði. Þeir lasta það hvað þeir ekkert af vita og munu svo fyrirfarast í þeirra fortöpun og ranglætisins verðlaun þar afhljóta.

Þeir halda fyrir sælgæti daglegar kræsingar. Þeir eru óþekkt og flekkanir, bramla af yðar þurfagiöfum í sínum afvegum og rússéra út af yðru, hafa augun full hórdóma og að syndgast kunna þeir ekki að linna og ginna að sér staðlitlar sálir, hafa gegnumsmogið hjarta af ágirni, bölvánarsynir, yfirgefandi réttan veg og fara villir og eftirfylgja vegi Balam, sonar Bósor, hver að elskaði verðlaun ranglætisins. En hann hafði straffan sinnar yfirtroðningar sem var að það hið mállausa, klyfbærilega dýr talaði mannlegri raust og aftraði svo spámannsins fávisku. Þeir eru brunnar án vats og ský af vindi drifin, hverjum að varðveitist myrkvanna þoka að eilífu. Því að þeir tala dramsóm orð hégiljunnar og teygja fyrir munaðsemi til holdlegra girnda þá hina sem réttlæga umflýðir voru og nú vegarvillir ganga og heita þeim frelsi sem þeir eru þó sjálfir fortöpunarinnar þrælar. Því hvar af sem nokkur er yfirunninn, þess þjón er hann vorðinn. Því fyrst þeir eru umflýðir saurendum veraldarinnar fyrir viðurkenning Drottins og lausnarans Jesú Kristi, en verða síðan aftur í hið sama vafðir og yfirunnir, þá er hjá þeim síðara vorðið verra hinu fyrra. Því að betra væri þeim það þeir hefðu ekki þekkt réttlætisins götu en það þeir þekki hana og umvenda sér í frá því heilaga boðorði sem þeim er gefið. Sannlega hendir þá það hvað í sönnum orðskviði plagar að segjast að hundurinn er aftur horfinn til sinnar spýju, og: Þvegið svín veltir sér aftur í sömum saur.

Þriðji kapítuli

Þessi er sá annar pistill sem eg skrifa yður, hinir kærustu í hverjum eg upphvet og áminni yðvart skært hugskot svo að þér hugleiðið þau orð sem yður áður fyrirfram eru sögð af heilögum spámönnum og af vorum boðburði, vér sem erum postular Drottins og lausnarans.

Og í fyrstu þá vitið það á síðustum dögum munu koma spottarar, hverjir eftir þeirra eiginlegum girndum munu ganga og segja: Hvar er fyrirheit hans tilkomu? Því þaðan í frá feðurnir söfnuðu, blífa allir hlutir svo sem af upphafi sköpunarinnar verið er. Því viljandi lást þeir eigi vita það að himnarnir einninn voru forðum tíð, þar með það jörðin af vatninu og í vatninu stóðst fyrir Guðs orð. Þó varð söm áður veröldin í þann tíð fyrir þau sömu með vatsflóðinu fordjörfuð. Svo og einninn sá himinn og jörð, sem nú er, verða fyrir hans orð spöruð svo það þau eldinum varðveitt verði á dómsins dag og til fyrirdæmingar ómildra manna.

En eitt sé óhulið fyrir yður, hinir kærustu, það einn dagur fyrir Drottni er sem þúsund ára og þúsund ár svo sem einn dagur. Drottinn seinkar eigi því hann fyrirhét svo sem það sumir halda, heldur hefir hann þolinmæði við oss og vill eigi það nokkur fortapist, heldur það hver maður snúi sér til yfirbótar. En dagur Drottins man koma sem þjófur um nótt, á hverjum himnarnir munu forganga meður stórbrestum, en himintunglin af hita bráðna, og jörðin og þau verk, sem þar eru inni, munu uppbrenna.

Með því að allt þetta skal nú forganga, hvílíku byrjar yður þá að vera með heilögu athæfi og mildiverkum, þér sem eftirbíðið og skundið að þeirri tilkomu þess drottinsdagsins, á hverjum himinninn af eldi forgengur og himintunglin af hita bráðna. En vér væntum nýs himins og nýrrar jarðar eftir hans fyrirheiti, í hverjum að réttlæti byggir.

Fyrir því, mínir kærustu, meðan þér skuluð þess vænta, þá kostgæfið það þér fyrir honum óflekkaðir og óstraffanlegir í friðinum fundnir verðið. Og þolinmæði vors Drottins haldið fyrir yðra sálhjálp sem yður einninn vor elskulegur bróðir, Páll, eftir þeirri speki eð honum er gefin, skrifað hefir svo sem að hann í öllum bréfum þar um ræðir, í hverjum að eru sumir hlutir þungir að skilja, hverja hinir ófróðu og staðlausu lýta svo sem einninn aðrarritningar til þeirra eiginlegrar fyrirdæmingar.

En þér, mínir elskulegir, á meðan þér fyrirfram vitið, þá vaktið yður það þér ekki fyrir villu dáðlausra manna fráleiddir verðið og affallið í frá yðrum eiginlegum staðleik. En vaxið í náðinni og viðurkenningu vors Drottins og lausnarans Jesú Kristi. Þeim sama sé dýrð nú og um eilífleg dægur. Amen.

Formáli yfir þeim þrimur S. Jóhannis pistlum

Þessi hinn fyrsti pistill sankti Jóhannis er réttilega einn postullegur pistill og skyldi með réttu strax hans guðsspjöllum eftirfylgja. Því að líka svo sem hann út í guðsspjöllum trúna framknýir, líka svo mætir hann hér í þessum pistli þeim sem sér hrósa trúarinnar án verkanna og lærir margfaldlega það verkin eigi eftirblífi, hvar eð trúan er. En ef verkin verða eigi, þá er sú trú ekki réttileg, heldur lygi og myrkur. En þetta sama gjörir hann eigi með rekstri upp á lögmálið líka sem Jakobs pistill gjörir, heldur með tillokkan það vér einninn skulum elska líka svo sem Guð hefir oss elskað.

Hann skrifar hér og einninn inni hart í gegn þeim Kerinter og í gegn anda hins Antikrists sem þá þegar í það sinni upphóf Kristum að afneita það hann hefði holdgan á sig tekið, hvað nú allra fyrst rétt í sveifing gengur. Því þótt vær nú um stundir ekki opinskárlega afneitum með munnum það Kristur hafi holdgan á sig tekið, þá afneita þeir þó það með hjartanu, með lærdóminum og með lifnaðinum. Því að hver eð fyrir sín verk og gjörðir vill frómur og hjálplegur verða, hann gjörir jafnt líka svo mikið sem sá er Kristum afneitar af því að Kristur hefir þar fyrir holdgan á sig tekið það hann oss án vorra verka alleinasta fyrir sitt blóð fráma og hjálplega gjörði.

Svo stríðir nú þessi pistill í gegn báðum pörtum, sem er í gegn þeim er algjörlega án verkanna vilja í trúnni vera og í gegn þeim sem með sínumverkum vilja frómur verða og heldur oss svo upp á þeirri rétttri miðgötu það vér fyrir trúna verðum frómur og syndalausir. Og þar eftir á, nær vér erum frómur, þá iðkum sjálfkrafa kærleikann og góð verk fyrir Guðs sakir án alla eftirleiting vors ábata.

Hinir aðrir tveir pistlarnir eru öngvir lærdómpistlar, heldur eftirdæmi kærleiksins og trúarinnar og hafa einninn einn réttan postullegan anda.

Hinn fyrsti S. Jóhannis pistill

Fyrsti kapítuli

Það er var af upphafi, hvað vér heyrðum, hvað vér sáum vorum augum, á hvað vér horfðum og vorar hendur á tóku, af orði lífsins. Og lífið auðbirtist, og vér sáum og vottum og boðum yður lífið það ævinlegt er, hvert eð var hjá föðurnum og birtist oss. Hvað vér sáum og heyrðum, það boðum vér yður svo að þér hefðuð samfélag meður oss og vort samfélag sé meður föðurnum og meður hans syni Jesú Kristo. Og þetta skrifum vér yður upp á það yðar fögnuður sé fullkomlegur.

Og þessi er boðskapurinn, hvern vér heyrðum af honum og boðum yður, það Guð er ljós og engin myrkrur eru í honum. Ef að vér segjum það vér höfum samfélag með honum og göngum í myrkrinu, þá ljúgu vér og gjörum ekki sannleik. En ef vér göngum í ljósinu líka sem hann sjálfur í ljósinu er, þá höfum vér samfélag innbyrðis, og blóðið Jesú Kristi, hans sonar, hreinsar oss af allri synd.

Ef að vér segjum: Vér höfum öngva synd, - villu vér sjálfa oss og sannleikurinn er ekki í oss. En ef vér viðurkennum vorar syndir, þá er hann trúr og réttlátur svo að hann fyrirgefur oss vorar syndir og hreinsar oss af öllu ranglæti. Ef vér segjum að eigi syndguðum vér, þá gjöru vér hann að ljúgara, og hans orð eru þá ekki í oss.

Annar kapítuli

Mín sonakorn, þetta skrifa eg yður svo að þér syndgið eigi. Og ef einhver misgjörir, þá höfum vér árnáðarmann hjá föðurnum Jesú Kristum, sá réttvís er. Og hann sami er forlíkun fyrir vorar syndir, en eigi einasta fyrir vorum, heldur einninn fyrir allrar veraldarinnar. Og þar af vitum vér það vér kennum hann ef að vér varðveitum hans boðorð. Hver eð segir sig kenna hann og heldur ekki hans boðorð, sá er ljúgari, og í því líkum er ekki sannleikurinn. En hver hans orð varðveitir, í þeim er sannarlega Guðs kærleiki fullkomlegur. Þar af þekkjum vér það vér í honum eru. Hver hann segir sig í honum vera, sá skal og ganga líka sem hann hefir gengið.

Kærir bræður, eg skrifa yður ekki nýtt boðorð, heldur gamalt boðorð það þér hafið frá upphafi haft. Og enn aftur skrifa eg yður nýtt boðorð það sannarlegt er hjá honum og hjá yður því að myrkrin eru forgengin, og hið sanna ljósið skín nú. Hver hann segir sig í ljósinu vera og hatar sinn bróður, sá er enn allt hér til í myrkrunum. Hver sinn bróður elskar, hann blífur í ljósinu, og í hjá honum er engin hneykslan. En hver sinn bróður hatar, sá er í myrkrinu og ráfar í myrkrinu og veit eigi hvert hann gengur því að myrkrin hafa hans augu forblindað.

Sonakorn mín, eg skrifa yður það að yður verða syndinar fyrirgefna fyrir hans nafn. Eg skrifa yður, feðrunum, því að þér kenið þann sem af upphafi er. Eg skrifa yður, æskumönnum, því að þér hafið illskufjanda yfirunnið. Eg skrifa yður, smábörnunum, því að þér kenið föðurinn. Eg skrifaði yður, feðrunum, það þér þekktuð þann sem af upphafi er. Eg skrifaði yður, æskumönnum, að þér styrkvir eruð og það Guðs orð blífur hjá yður og illskufjandann hafið yfirunnið.

Eigi skulu þér heiminn elska né neitt það í honum er. Ef nokkur elskar heiminn, í honum er ekki kærleiki föðursins. Því allt það í heiminum er, sem að er fýsn holdsins og girnd augnanna og dramsamt líferni, það ekki er af föðurnum, heldur af heiminum. Og heimurinn forgengur og hans girnd, en hver að Guðs vilja gjörir, sá blífur að eilífu.

Sonakorn, það er hin síðasta stund. Og sem þér hafið heyrt það Antakristur kemur, og nú eru margir Antakristar vorðnir, hvar af vér vitum að það er hin síðasta stund. Þeir eru af oss útgengnir, en þeir voru ekki af oss. Því ef væri þeir út af oss, þá hefði þeir hjá oss blifið. En upp á það þeir augljósir verði það þeir eru eigi allir af oss.

Og þér hafið smurningina af þeim sem heilagur er og kennið allt. Eg skrifaði yður eigi svo sem það vissi þér eigi sannleikinn, heldur vitið þér hann og vitið það engin lygi út af sannleikanum kemur. Hver er ljúgarinn, utan sá sem neitar það að Jesús sé Kristur? Það er sá Antakristur sem föðurinn og soninn neitar. Og hver syninum afneitar, hann hefir og ekki föðurinn. Hvað þér hafið nú heyrt af upphafi, það blífi hjá yður. Ef það blífur hjá yður hvað þér af upphafi hafið heyrt, þá munu þér hjá syninum og hjá föðurnum blífa. Og þetta er fyrirheitið, hvert hann hefir oss veitt, sem er: Eilíft líf.

Þetta hefi eg skrifað yður af þeim, hverjir yður afvegaleiða. Og smurningin sem þér af honum hafið meðtekið, blífur hjá yður og þurfið ekki það neinn læri yður, heldur svo sem sú smurning lærir yður alla hluti, þá er það sannindi og engin lygn. Og sem hún hefir yður lært, þá blífið hjá þeirri sömu. Og nú, sonakorn, blífið hjá honum upp á það nær hann man opinberast að vér höfum öruggt traust og verðum eigi fyrir honum að hneykslan í hans tilkomu. Fyrst þér vitið hann er réttvís, þá vitið einninn það hver réttvísina gjörir, sá er af honum fæddur.

Þriðji kapítuli

Sjáið, hvílíkan kærleika það faðirinn hefir oss auðsýnt að vér skulum Guðs börn kallast. Fyrir því þekkir yður heimurinn ekki því að hann kennir hann eigi. Mínir kærustu, vér erum nú Guðs börn, og það er enn eigi birst það að vér það erum. En vér vitum, þá birtast man það vér munum honum líkir vera því vér munum hann sjá svo sem að hann er. Og hver einn er þvílíka von hefur til hans, sá hreinsar sig líka sem að hann er hreinn. Hver synd gjörir, sá gjörir rangt. Og syndin er hið ranga. Og þér vitið það hann birtist upp á það hann vorar syndir burttæki. Og engin synd er í honum. Hver í honum blífur, sá syndgar ekki. Hver hann syndgast, sá hefir eigi hann séð né þekkt.

Sonakorn, látið öngvan villa yður. Hver réttvísina gjörir, sá er réttvís líka sem hann er réttvís. Hver syndina gjörir, sá er af djöflinum því að djöfullinn syndgaðist af upphafi. Þar fyrir birtist Guðs son það hann uppleysti djöfulsins verk. Hver af Guði er fæddur, sá gjörir eigi synd því að hans sáð blífur hjá honum. Og hann getur eigi syndgast því að hann er af Guði fæddur. Þar af eru augljós Guðs börn og djöfulsins börn. Hver hann er eigi réttvís, sá er ekki af Guði, og hver eigi elskar sinn bróður.

Því að það er sá boðskapur sem þér hafið heyrt frá upphafi það vér skulum elska oss innbyrðis. Ekki sem Kain, sá af hinum vonda var og í hel sló sinn bróður og fyrir það í hel sló hann honum það hans verk voru vond og hans bróðurs réttferðug. Undrist ekki, bræður mínir, þótt heimurinn hati yður. Vér vitum það vér úr dauðanum erum komnir til lífsins því að vér elskum bræðurna. Hver hann elskar eigi bræðurna, sá blífur í dauðanum. Hver sinn bróður hatar, sá er manndrápari, og þér vitið það manndrápari hefir eigi eilíft líf í sérblifandi.

Á því þekkjum vér hans kærleika að hann hefir sett sitt líf út fyrir oss, og vér skulum einninn setja lífið út fyrir bræðurna. En nær að einhver hefir þessarar veraldar auðæfi og sér sinn bróður nauð líða og lýkur sitt hjarta til fyrir honum, hverninn blífur Guðs kærleiki hjá honum? Mín sonakorn, elskum eigi með orði og tungu, heldur með verki og sannleika.*

Þar af þekkjum vér það vér erum af sannleikanum og kunnum að haga vorum hjörtum fyrir hans augliti. Svo þó að vort hjarta fordæmi oss að Guð er meiri voru hjarta og þekkir alla hluti. Þér ástsamlegir, ef vort hjarta fordæmir oss eigi, þá höfum vér traustleik til Guðs. Og hvað vér biðjum, það munu vér af honum öðlast því að vér geymum hans boðorð og gjörum hvað fyrir honum þægilegt er.

Og það er hans boðorð það vér trúum á nafn hans sonar Jesú Kristi og elskum hver annan svo sem það hann gaf oss boðorðið. Og hver hann varðveitir hans boðorð, sá blífur í honum. Og þar af vitu vér það hann blífur í oss út af þeim anda, hvern hann hefir gefið oss.

Fjórði kapítuli

Þér ástsamlegir, trúið eigi hverjum sem einum anda, heldur reynið andana hvort þeir eru af Guði. Því að þar eru margir falsspámenn í veröldina útgengnir. Þar af skulu þér Guðs anda kenna, að hver andi sem viðurkennir það Jesús Kristus sé í holdgan kominn, sá er af Guði. Og hver andi sem eigi viðurkennir það Jesús Kristus sé í holdgan kominn, sá er ekki af Guði, og það er sá andi þess Antakrists, af hverjum þér hafið heyrt það hann mundi koma og er nú þegar í heiminum.

Sonakorn, þér eruð af Guði og hafið hina yfirunnið því að sá í yður er, hann er hinum meiri sem í heiminum er. Þeir eru af heiminum. Fyrir því tala þeir út af heiminum, og heimurinn heyrir þeim. Vér erum af Guði. Hver hann viðurkennir Guð, sá heyrir oss. Hver hann er eigi af Guði, sá heyrir oss ekki. Og þar af kennum vér andann sannleiksins og andann villudómsins.

Þér ástsamlegir, elskum oss innbyrðis því að kærleikurinn er af Guði, og hver hann elskar, sá er af Guði fæddur og kennir Guð. Hver hann elskar ekki, sá kennir eigi Guð því að Guð er kærleikurinn. Í því auðbirtist kærleiki Guðs viður oss það Guð sendi sinn eingetinn son í heiminn að vér skyldum fyrir hann lífa. Þar inni er kærleikurinn: Eigi það vér elskuðum Guð, heldur það hann elskaði oss og sent sinn son til endurlausnar fyrir vorar syndir.

Þér ástsamlegir, fyrst það Guð hefir oss svo elskað, þá skulu vér einninn elska oss innbyrðis. Enginn hefir Guð neinu sinni sénan. Ef að vér elskum oss innbyrðis, þá blífur Guð í oss og hans kærleiki er fullkomlegur í oss. Þar af þekkjum vér það vér blífum í honum og hann í oss því að hann hefir gefið oss af sínum anda. Og vér sáum og vitum það faðirinn hefir sent soninn til heimsins lausnara. Hver nú viðurkennir það Jesús er Guðs sonur, í þeim blífur Guð og hann í Guði. Og vér höfum þekkt og trúað þeim kærleika sem Guð hefir til vor.

Guð er kærleiki, og hver í kærleikanum blífur, sá blífur í Guði og Guð í honum. Í því er kærleikurinn fullkomlegur hjá oss að vér höfum traustleik á degi dómsins. Því að líka sem hann er, svo eru vér einninn í þessum heimi. Uggur er eigi kærleiki, heldur útdrífur fullkomlegur kærleiki hræðsluna. Því að hræðslan hefir kvöl, en hver hann hræðist, sá er ekki fullkomlegur í kærleikanum.

Látum oss hann elska því að hann hefir elskað oss fyrri. Ef einhver segir: Eg elska Guð, -og hatar sinn bróður, sá er ljúgari. Því hver hann elskar ekki sinn bróður, hvern hann sér, hverninn getur sá Guð elskað, þann er hann sér eigi? Og þetta boðorð höfum vér af Guði það hver hann elskar Guð, hann elski og einninn sinn bróður.*

Fimmti kapítuli

Hver hann trúir það Jesús sé Kristur, sá er af Guði fæddur, og hver eð elskar þann sem hann hefir getið, sá elskar og einninn þann sem af honum er fæddur. Þar af þekkjum vér það vér Guðs börn elskum nær vér elskum Guð og höldum hans boðorð. Því að það er kærleiki til Guðs það vér varðveitum hans boðorð. Og hans boðorð eru eigi þung því allt hvað af Guði er fætt, það yfirvinnur heiminn, og vor trú er yfirvinningin, hver veröldina hefir yfirunnið. En hver er hann, sem veröldina yfirvinnur utan alleinasta sá er trúir það Jesús er Guðs sonur?

Þessi er hann, sá sem kemur með vatni og blóði, Jesús Kristus. Eigi með vatni alleinasta, heldur með vatni og blóði. Og andinn er sá sem vitnar það andinn er sannleiki. Því að þrír eru sem vitnisburðinn gefa á himni: Faðirinn, sonurinn og heilagur andi, og þeir þrír eru eitt. Og þrír eru sem vitnisburðinn gefa á jörðu: Andinn, vatnið og blóðið, og þau þrjú eru eitt. Ef vér meðtökum manna vitnisburð, þá er þó Guðs vitnisburður meiri. Því að Guðs vitnisburður er sá það hann hefir vitnað af sínum syni. Hver hann trúir á Guðs son, sá hefir þennan vitnisburð í sér.* Hver hann trúir ekki Guði, sá gjörir hann að ljúgara því að hann trúir ekki vitnisburðinum, þeim Guð fvitnar af sínum syni. Og þetta er vitnisburðurinn það Guð hefir gefið oss eilíft líf og þetta líf er í hans syni. Hver Guðs son hefir, sá hefir lífið. Hver hann hefir eigi Guðs son, sá hefir og eigi lífið.

Þetta skrifaði eg yður, þér sem trúði á nafn Guðs sonar, svo að þér vitið það þér hafið eilíft líf og það þér trúði á nafn Guðs sonar. Því að það er sá traustleiki sem vér höfum til hans, sá ef vér biðjum nokkurs að eftir sínum vilja heyrir hann oss. Og fyrst vér vitum það hann heyrir oss hvað vér biðjum, þá vitu vér það vér þær bænir höfum, hverjar vér höfum beðið af honum.

Ef nokkur sér sinn bróður syndgast einhverri synd eigi til dauða, sá má biðja og man hann gefa þeim lífið sem syndgaði ekki til dauða. Þar er synd til dauða. Eg segi ekki að nokkur þar fyrir biðji. Allt ranglæti er synd, og þar er synd ekki til dauða.

Vér vitum það hver af Guði er fæddur, sá syndgar ekki, heldur sá af Guði er fæddur, hann varðveitir sig, og hinn vondi man eigi snerta hann. Vér vitum það vér erum af Guði og það allur heimurinn er skikkaður í vondu. En vér vitum það Guðs sonur er kominn og hefir gefið oss það sinni að vér kennum þann sem sannarlegur er og erum í hinum sannarlega, hans syni Jesú Kristo. Þessi er sannur Guð og eilíft líf. Sonakorn, varðveitið yður frá skurðgöðum. Amen.

Annar S. Jóhannis pistill

Hinni eldri útvaldri frú og hennar börnum, hver eg elska í sannleika. Og eigi einasta eg, heldur einninn allir þeir sem viðurkennt hafa sannleikinn fyrir sannleikans sakir sem í oss blífur og í hjá oss mun vera að eilífu.

Náð, miskunn, friður af Guði föður og af Drottni Jesú Kristo, syni föðursins, í sannleik og kærleika sé yður með.

Næsta glaður em eg það eg hefi fundið meðal þinna barna þá í sannleiknum ganga svo sem það vér höfum boðorðið af föðurnum meðtekið. Og nú bið eg þig, frúa, eigi sem skrifi eg þér nýtt boðorð, heldur það hvað vér höfum haft frá upphafi að vér elskum oss innbyrðis. Og það er kærleikurinn að vér göngum eftir hans boðorði.

Þetta er það boðorð sem þér hafið heyrt af upphafi upp á það þér gangið þar inni. Því að margir svikarar eru útfarnir í heiminn sem ekki viðurkenna Jesúm Kristum í holdgan kominn vera. Þessi svikari er sá Antakristur. Sjáið yður fyrir að þér glatið ekki því hvað þér hafið verkað, heldur svo að þér meðtakið full verðlaun. Hver hann skrikar og blífur ekki í lærdómi Krists, sá hefir öngvan Guð. Hver eð blífur í lærdóminum, sá hefir bæði föðurinn og soninn.

Ef einhver kemur til yðar og meðflytur eigi þennan lærdóm, hann meðtakið ekki í húsið og heilsað honum einninn ekki. Því hver honum heilsar, sá gjörir sig hluttakara hans vondra verka. Eg hefði margt að skrifa yður, en eg vil eigi með bókfelli og bleki, heldur vona eg að koma til yðar og það munnur við munn mæli upp á það vor fögnuður fullkomlegur sé. Þér heilsa börn systur þinnar, hinnar útvöldu. Amen.

Þriðji S. Jóhannis pistill

Þeim eldra Gaio, hinum elskulega, hvern eg elska í sannleika. Minn kærasti, eg æski í öllum greinum það að þér vel vegni og heilbrigður sért svo sem það nær þinni sálu vel vegnar. Eg gladdist næsta þá bræðurnir komu og gáfu vitnisburð af þínum sannleika svo sem þú þá gengur í sannleika. Eg hefi eigi nokkurn fögnuð meiri en þann það eg heyrir það mín börn ganga í sannleikanum.

Minn ástsamlegi, þú gjörir trúlega hvað þú gjörir við bræðurna og gestina, hverjir af þínum kærleika hafa vitnisburð gefið fyrir söfnuðinum. Og það hefir þú vel gjört að þú hefir þeim fyrir Guði verðuglega til vegar komið. Því fyrir hans nafns sakir eru þeir útfarnir og hafa af heiðingjum ekkert tekið. Því skulu vér þess háttar meðtaka upp á það vér séum samverkendur sannleiksins.

Eg skrifaði safnaðinum, en Díótrefes, sá meðal þeirra vill mikils metinn vera, meðtekur oss eigi. Fyrir því, nær eg kem, vil eg áminna hann sinna verka er hann gjörir og þvættir með vondum orðum í gegn oss og lætur sér eigi nægja það hann meðtekur eigi sjálfur bræðurna og fyrirbýður þeim sem það vilja gjöra og útrekur þá af söfnuðinum.

Minn kærasti, eftirfylg eigi hinu vonða, heldur því hinu góða. Hver illa gjörir, sá sér eigi Guð. Demetríus, hann hefir vitnisburð af hverjum manni og af sannleiknum sjálfum. Og vér berum einninn vitni, og þér vitið það vor vitnisburður er sannur. Eg hefða vel margt að skrifa, en eg vilda eigi með bleki og penna til þín skrifa. En eg vænti það eg muni snarlega sjá þig, og mun þá munnur við munn mæla. Friður sé þér. Þér heilsa vinirnir. Heilsa þú vinunum með nafni.

Pistill hins heilaga Júde

Júdas, þjón Jesú Kristi, en bróðir Jakobi. Þeim kölluðum sem helgaðir eru í Guði föður og varðveittir í Jesú Kristo. Miskunnsemi, friður og kærleiki margfaldist yður.

Hinir kærustu, með því eg hafða allan setning á yður að skrifa út af almennilegu voru hjálpræði, virtist mér nauðsynlegt með skrifi að áminna það þér yfir þeirri trú stríðið sem hinum heilögu er eitt sinn ofurfengin. Því að þar eru nokkrir menn, þeir jafnframt inn hafa læðst, út af hverjum forðum tíð skrifað er til þessa dómsáfallis. Þeir eru ómildir og umvenda náð Guðs vors í munaðlífi og afneita Guði og vorn Drottin Jesúm Kristum, þann einkunnardrottinara.

En eg vil undirvísa yður að þér eitt sinn vitið það Drottinn þann tíð hann frelsaði fólkið af Egyptalandi að í annað sinn glataði hann þeim sem eigi trúðu. Líka einninn englana, hverjir ekki geymdu þeirra höfðingjadóm, heldur forlétu sitt heimili, hefir hann varðveitt í dóm þess hins mikla dags undir ævinlegum böndum myrkursins. Svo sem einninn Sódóma og Gómorra og umliggjandi borgir er með sama hætti og þær úthórast höfðu og eftir öðru holdi gengnir eru og gjörðir eru að eftirdæmi og þola kvöl ævinlegs elds. Slíkt hið sama eru einninn þessir draumfífl, hverjir holdið saurga, en herrastéttina forsmá og tignina hæða.

En Mikael, sá höfuðengill, þá hann við djöfulinn barðist og við hann þrátaði um líkama Moysi, dirfðist hann ekki dómsatkvæði háðungarinnar á að fella, heldur sagði hann: Drottinn straffi þig. En þessir lasta þar þeir ekkert af vita, en hvað þeir af náttúru svo sem önnur skynlaus dýr vita, þá spilla þeir sér þar inni. Svei þeim því að þeir ganga veg Kains og falla í villudóm Balams fyrir verðkaups sakir og fyrirfarast í mót mögla Kóre.

Þeir eru óþekktir, bramlandi meðal sín af yðar ástgjöfum, án ótta gæðandi sig sjálfa. Þeir eru vatslaus ský sem af vindi um verða drifin. Þeir eru haustviður visinn, ófrjósöm tré, tvysar dauðir og upprættir, grimmar sjávarbylgjur, útlöðrandi sínar eiginlegar vansemdir, villar stjörmur, hverjum að varðveitt er þokan mykranna að eilífu.

En Enok, hinn sjöundi frá Adam, hefir einninn af þessum spáð og sagt: Sjáið, það Drottinn kemur með mörg þúsund heilagra dóm að gjöra yfir öllum og að straffa alla þá sem ómildir eru af öllum gjörðum sem þeir ómildilega drýgðu og af öllu hörðu sem ómildir syndarar hafa í móti honum talað.

Þeir eru möglendur og átölunarsamir, eftir sínum girndum gangandi. Og þeirra munnur talar hrokyrði og dáist að manngreinarálitinu fyrir gagnsemdar sakir. En þér elskulegir, veri minnugir þeirra orða sem hér áður fyrri sögð hafa verið af postulum Drottins vors Jesú Kristi það þeir sögðu yður að á síðustum tímum mundu spottarar koma, hverjir eftir sínum girndum ganga munu í ómildilegu líferni. Þeir eru hverjir tvídrægni gjöra, hverjir líkamlegir eru, þeir öngvan anda hafa.

En þér, ástsamlegir, uppbyggjið yður yfir yðra allra heilögustu trú fyrir heilagan anda og biðjið. Og varðveitið yður í Guðs kærleika og væntið þeirrar miskunnar Drottins vors Jesú Kristi til eilífs lífs. Og haldið þennan úrskurð það þér sambarmið yður þessum, en þá aðra fyrir hræðslu hjálplega gjörið og rykkið þeim úr bálinu, og að hatri hafið þann flekkaða holdsins kyrtil.

En þeim sem yður kann varðveita utan vansa og að hegða fyrir augliti sinnar dýrðar óflekkaða meður fögnuði, þeim Guði sem alleina er vitur, vorum lausnara sé dýrð og miklan og vald og makt nú og um allar aldir að eilífu. Amen.

Formáli

(Opinberingar S. Jóhannis)

Mínir herrar, kristilegir bræður, þennan formála, sem doktores hafa samansett yfir þessari bók apokalipsis, það er opinberanir Jóhannis, hefi eg eigi þorað hér fyrir að setja láta (því að eg vilda öngum yðar sturlan gjöra í neinu) af því mér þykir hann næsta harðlega hljóða upp á þann eð þeir kalla veraldlegan páfádóm og fúlan fédrátt er biskupar og þeirra hofprestar hafa nú um stundir haft, hverjir með réttu ættu að vera Jesú Kristi og hans guðsspjalla eyrindrekar, en öngvir plægjendur sleimilegs fédráttar (hvað er S. Páll kallar skurgoðadýrkan), eg dirfunst varla að segja Antakrists ríki etc.

En það hann kallar hér engla, það skulu þér undirstanda með biskupa og predikara í kristninni, það að Angelus, það vér köllum engil, það þýðist á norrænu sendiboði, sumir út af þeim góðir svo sem voru helgir feður ogdoktores, þeir eð Guðs orð réttilega predikuðu líka sem að voru þeir Atanasíus og Ágústínus og aðrir þeim líkir.

En með þá hinu vondu engla merkjast villumenn og þeir biskupar sem ekki framfylgja sínu embætti, hvað að er guðsspjallleg predikan, en elska meir stundlegan auð þessarar fallvöltu veraldar með svo ókristilegum fédrætti undir sig og sínar (þær þeir kalla) kristilegar kirkjur, um hvað hér gjörast engin þörf að ræða því að mér ónýtum ynglingi ber eigi þess konar að straffa að svo komnu. En Guð Drottinn dýrðarinnar gefi yður, bræður mínir, sína réttferðuga sendiboða, þá er yður læra réttan veg guðsspjalllegs sannleika. Amen.

Opinberingar S. Jóhannis

Fyrsti kapítuli

Opinberan Jesú Kristi, hverja Guð gaf honum til að kunngjöra sínum þjón hver ske skal snarlega, og tilteiknað og sent hefir fyrir sinn engil til síns þénara, Jóhannis, hver vitnað hefir Guðs orð og vitnisburðinn af Jesú Kristo, hvað helst hann hefir. Sæll er sá sem les og sá sem heyrir orðið spádómsins og varðveitir hvað í honum skrifað er því að tíminn er nálægur.

Jóhannes þeim víi samkundum sem í Asía eru. Náð sé með yður og friður af þeim sem er og þeim sem var og þeim sem koma mun og af þeim víi öndum sem eru fyrir hans stóli og af Jesú Kristo, sá sem er trúr vottur og frumgetningur framliðinna og höfðingi jarðarinnar konunga, hver oss hefir elskað og þvegið af syndunum í sínu blóði og hefir gjört oss til konunga og kennimanna fyrir Guði og sínum föður. Þeim hinum sama sé dýrð og vald um aldir alda að eilífu. Amen. Sjáið, hann kemur með skýinu, og öll augu munu hann sjá og þeir eð hann stungið hafa, og allar kynkvíslir jarðar munu kveina. Svo sé, amen. Eg em A og O, upphaf og endi, segir Drottinn, sá sem er og sá eð var og sá sem koma mun, hinn almáttugi.

Eg, Jóhannes, yðar bróðir og hluttakari í hörmunginni og á ríkinu og þolinmæði Jesú Kristi, var í eygni Patmos fyrir Guðs orðs sakir og vitnisburðar Jesú Kristi. Eg var í anda á sunnudegi, og eg heyrða á bak mér aftur raust mikla sem lúðurs, svo segjandi: Eg em A og O, fyrstur og síðastur. Og hvað þú sér, það skrifa í bók og sent það til samkundanna í Asía, til Efeso og til Smýrnem, til Pergamon og til Týatíras, til Sarden og til Filadelfíam og til Laódíkeam.

Og eg snera mér við það eg líta þá raust sem við mig talaði. Og sem eg snera mér við, sá eg víi ljósastikur gulllegar, og milli gulllegra stjakanna þann líkur var mannsins syni. Sá var klæddur síðri slyppu og spenntur um bringuna gulllegum linda, en hans höfuð og hár voru hvít sem hvít ull og líka sem snjár hans rödd sem niður mikilla vatna og hafði víi stjörnur í sinni hægri hendi. Og út af hans munni gekk hvasst tveggjað sverð, og hans andlit lýsti sem skínanda sól.

Og sem eg sá hann, féll eg til hans fóta svo sem dauður. Og hann lagði sína hæ yfir mig og sagði til mín: Hræðst þú ekki, eg em fyrstur og síðastur og lifandi. Eg var dauður, og sjá, að eg em lifandi um aldir að eilífu og hefi lykla helvítanna og dauðans. Skrifa hvað þú séð hefir og hvað þar er og hvað þar eftir á ske skal, leyndan dóm þeirra víi stjarna sem þú hefir séð í minni hendi og þær víi gulllegar stikur. Þessar víi stjörnur eru englar víi samkundna, og þær víi ljósastikur, þú hefir séð, eru víi samkundur.

Annar kapítuli

Og englinum samkundunnar til Efeso skrifa þú: Þetta segir sá sem heldur víi stjörnum í sinni hægri hendi, sá sem gengur mitt á milli víi gulllegra stikna. Eg veit þín verk og þitt erfíði og þína þolinmæði og það þú kannt ekki hina vondu að umlíða og freistaðir þá sem sig segja postula vera og eru þó eigi. Og þú fannt þá ljúgara og leiðst það og þolinmæði hefir, og þú þoldir fyrir míns nafns sakir og þreyttist ekki. En það hefi eg á móti þér það þú hinn fyrsta kærleik forlést. Minnst á hvar þú ert affallinn, og gjör iðran, og gjör þín fyrri verkin. En ef ekki, man eg þér snarlega koma og þína ljósastiku í burtu hrinda úr sínum stað utan þú gjörir iðran. En það hefir þú að þú hatar verk þeirra Nikólaítarum, hver eg og einninn hata. Hver eyru hefir að heyra, hann heyri hvað andinn segir samkundunum. Hver hann yfirvinnur, þeim mun eg gefa að eta af lífstrénu, að í Guðs paradís er.

Og þeim engli samkundunnar til Smýrnen skrifa þú: Þetta segir hinn fyrsti og síðasti, sá dauður var og lifir. Eg veit þín verk og þína hörmung og fátækt, en þú ert auðigur, og lastan þeirra sem segja sig Gyðinga vera og eru ekki, heldur eru þeir Satans söfnuður. Hræðst þú ekkert þeirra hvað þú líða munt. Sjá, djöfullinn mun nokkra af yður í dýplissu fleygja upp á það þér freistaðir verðið, og þér munuð hörmung hafa í tíu daga. Vert trúr allt til dauðans, svo man eg gefa þér kórónu lífsins. Hver eyru hefir, sá heyri hvað andinn segir samkundunum. Hver helst yfirvinnur, þeim skal ekkert mein ske af þeim öðrum dauða.

Og þeim engli samkundunnar til Pergamon skrifa þú: Þetta segir sá sem hefir hið hvassa, tvíeggjaða sverð. Eg veit hvað þú gjörir og hvar þú býr, hvar helst að er andskotans sæti. Og þú heldur mitt nafn og afneitaðir eigi mína trú, og á mínum dögum er Antípas, minn trúr vottur, hjá yður í hel sleginn, hvar eð Satan byggir. En eg hefi fátt eina á móti þér, það þú þar sjálfur hefir þá sem lærdóm Balam halda, sá sem lærði fyrir Balak að senda hneykslan fyrir sonum Íraelis til að eta af því sem skurgoðum offraðist og hóranir að drýgja. Líka svo einninn hefir þú þá sem halda kenningar Nikólaítarum, hvað er eg hata. Gjör yfirbót. En ef ekki þá mun eg þér snarlega koma og stríða viður þá meður sverði míns munns. Hver eyru hefir, sá heyri hvað andinn segir samkundunum. Hver hann yfirvinnur, þeim man eg gefa að eta af því fölgnu manna, og eg mun gefa honum góðan vitnisburð og með vitnisburðinum nýtt nafn skrifað, það enginn kennir utan sá það meðtekur.

Og þeim engli samkundunnar til Týatíra skrifa þú: Þetta segir sonur Guðs, sá augu hefir sem eldsloga og hans fætur sem glóanda látún. Eg veit þín verk og þinn kærleika og trú og þína þolinmæði og það hin síðari verkin munu hinum fyrrum fleiri. En fátt nokkuð hefi eg á móti þér, það þú leyfir þeirri kvinnu, Jessabel, sem segir sig spákonu vera, að læra og villa mína þjóna, hóranir að drýgja og skurgoðafórnir að eta. Og eg hefi henni tíma gefið það hún skyldi iðran gjöra fyrir hennar hóranir, og hún gjörir öngva iðran. Sjá, eg fleygi henni í rekkju, og hverjir með henni hórdóm drýgt hafa í hinar mestu hörmungar nema hún gjöri yfirbót fyrir sín verk. Og hennar börn mun eg dauða deyða, og allar samkundur skulu viðurkenna það eg em nýrnanna og hjartanna rannsakar, og eg mun gefa hverjum yðar sem einum eftir sínum verkum.

En yður segi eg og hinum öðrum sem eru til Týatíra, þeir þennan lærdóm eigi hafa og hverjir ekki viðurkennt hafa dýpt andskotans (sem að þeir segja): Og öngvan annan þunga man eg á yður senda. Þó hvað þér hafði, það haldið þar til að eg kem. Og hver yfirvinnur og varðveitir mín verk allt til enda, þeim mun eg vald gefa yfir hina heiðnu. Og hann skal stjórna þeim meður járnvendi, og svo sem leirgjörarans ker skal hann þá í sundur mola líka sem eg af mínum föður meðtekið hefi. Og morgunstjörnuna mun eg gefa honum. Hver eyru hefir, sá heyri hvað andinn segir samkundunum.

Þriðji kapítuli

Og þeim engli samkundunnar til Sarden skrifa þú: Þetta segir sá sem hefir víi anda Guðs og stjórnunnar víi. Eg veit þín verk því að þú hefir það nafn að þú lifir og ert dauður. Vert vakandi og styrk hið annað hvað deyja vill. Þín verk hefi eg ekki fullkomleg fundin fyrir Guði. Því legg í minni hvað þú hefir meðtekið og heyrt, og varðveit það og gjör iðran. Því ef þú mant eigi vaka, þá mun eg yfir þig koma sem þjófur, og eigi munt þú vita á hverri stundu er eg mun koma yfir þig. Þú hefir fáein nöfn til Sarden er eigi hafa saurgað sín klæði, og þeir munu meður mér ganga í hvítum klæðum því að þeir eru þess verðir. Hver yfirvinnur, sá skal meður hvítum klæðum klæddur verða, og eigi mun eg hans nafn útplána af lífsbókinni. Og eg mun játa hans nafn fyrir mínum föður og fyrir hans englum. Hver eyru hefir, sá heyri hvað andinn segir samkundunum.

Og þeim engli samkundunnar til Filadelfía skrifa þú: Þetta segir hinn heilagi og sannarlegi, sá sem hefir lykilinn Davíðs, hver eð upplætur og öngvan innibýrgir, sá er innibýrgir og öngvan upplætur. Eg veit þín verk. Sjá, eg lét fyrir þér opnar dyr, og enginn fær þær aftur látið. Því að þú hefir nokkurn lítinn kraft og hefir varðveitt mín orð og hefir ekki mitt nafn afneitað. Sjá, eg mun gefa út af Satans safnaði þá sem segja sig Gyðinga vera og eru ekki, heldur ljúga. Sjá, eg man þeim gjöra það þeir skulu koma og tilbiðja fyrir þínum fótum og viðurkenna það eg hefi þig elskað.

Með því þú hefir varðveitt orð minnar þolinmæði, man eg einninn varðveita þig frá freistingartíma sem koma mun yfir alla heimsins kringlu til að freista þeirra sem á jörðu byggja. Sjá, eg kem snarlega. Halt hvað þú hefir svo það enginn taki þína kórónu. Hver yfirvinnur, þann mun eg gjöra að stólpa í musteri Guðs míns, og hann skal eigi meir úti ganga. Og yfir honum mun eg skrifa nafn Guðs míns og nafn hinnar nýju Jerúsalem sem er borg míns Guðs, sú af hinnum ofan kemur frá mínum Guði, og mitt hið nýja nafn. Hver eyru hefir að heyra hvað andinn segir samkundunum. Og þeim engli samkundunnar til Laódíkea skrifa þú: Þetta segir amen, trúr og sannarlegur vottur, hver að upphaf er skepnunnar Guðs: Eg veit þín verk, það þú ert hvorki kaldur né heitur. Eg kjöra það þú værir annaðhvort kaldur eða heitur. En með því þú ert volgur og hvorki kaldur né heitur, mun eg útskyrpa þér af mínum munni. Því að þú segir: Eg em ríkur og auðigur nóg og þarf einskis, og veist ekki það þú ert vesall, aumur og volaður, blindur og

fatlaus. Eg ræð þér að þú kaupir gull af mér það í eldi er reynt svo þú auðigur verðir og þú íklæðist hvítum klæðum svo að ekki uppbirtist vanvirðing þinnar fatleysi, og smyr þín augu meður augnasmyrslum svo að þú sjáir.

Hverja eg elska, þá straffa eg og tyfta. Því vert kostgæfinn og gjör iðran. Sjá, eg stend fyrir dyrum og klappar upp á. Ef nokkur heyrir mína rödd og upplýkur dyrunum, til hans mun eg innganga og kveldverð með honum snæða og hann meður mér. Hver yfirvinnur, honum mun eg gefa meður mér að sitja á mínum stóli líka sem eg yfirunnið hefi og setið með mínum föður á hans stóli. Hver eyru hefir, sá heyrir hvað andinn segir samkundunum.

Fjórði kapítuli

Eftir það sá eg, og sjá, að dyr upplukust á himni, og hin fyrsta röddin, hverja eg hafði heyrt við mig tala sem annars lúðurs, hún sagði: Far þú upp hingað, og mun eg sýna þér hvað hér eftir skal ske. Og jafnsnart var eg í anda. Og sjá, að stóll var settur á himnum, og á stólnum sat nokkur. Og sá sem sat, hann var líka álit sem steinninn jaspis og sardis, og regnbogi var kringum stólinn líka álit sem smaragðar. Og umhverfis stólinn voru xxiv stólar, og á þeim stólum sátu xxiv öldungar skryðdir hvítum skruða og báru á sínum höfðum gulllegar kórúnur.

Og af stólinum útgengu eldingar, reiðarþrumur og raddir. vii eldslampar brunnu fyrir stólnum, hverjir að eru vii andar Guðs. Og fyrir stólnum var glersjór líka sem kristallar og mitt í stólnum og kringum stólinn fjögur dýr full augna á bak og fyrir. Og hið fyrsta dýrið var líkt leóni og hið annað líkt kálfi og hið þriðja dýrið hafði ásján sem maður og hið fjórða var líkt fljúganda erni. Og hvert þeirra fjöggra dýranna hafði sex vængi og utan um kring og innan full augna og höfðu eigi hvíld dag og nótt, segjandi: Heilagur, heilagur, heilagur er Guð Drottinn almáttugur, sá sem var og sá sem er og sá sem koma mun.

Og þá dýrin gáfu dýrð og heiðran og blessan þeim er á stólnum sat, sá er lifir um aldir að eilífu, féllu fram xxiv öldungar fyrir þann sem á stólnum sat og tilbáðu þann sem lifir um aldir og að eilífu og snöruðu sínum kórónum fram fyrir stólinn og sögðu: Þú Drottinn ert verðugur að meðtaka dýrð og heiðran og kraft því að þú hefir alla hluti skapað, og fyrir þinn vilja urðu þeir og eru skapaðir.

Fimmti kapítuli

Og eg sá í hægri hendi þess sem á stólnum sat bók skrifaða innan og utan, innsiglaða með vii innsiglium. Og eg sá sterkan engil predika mikilli raust: Hver er verðugur þessari bók upp að lúka og hennar innsiglinn upp að brjóta? Og enginn, hvorki á himnum né á jörðu né undir jörðu, kunnir þeirri bók upp að lúka né þar í að sjá. Og eg æpta ógurlega að enginn fannst þar verðugur þeirri bók upp að lúka og að lesa né þar í að sjá.

Og einn af öldungunum segir til mín: Grát ekki. Sjá, það leónið sem er af slekti Júda, rót Davíðs, hefir yfirunnið að það opni bókina og uppbrjóti hennar vii innsigli. Og eg gáði að, og sjá, í miðri stólsins og þeirra fjöggra dýra og mitt á milli öldunganna, standa lamb líka sem væri það drepið og hafði vii horn og vii augu, hver að eru andar Guðs, útsendir um öll lönd. Og það kom og tók bókina úr hægri hendi þess sem á stólnum sat.

Og þá er það tók bókina, þá féllu fram þau fjögur dýrin og fjórir og tuttugu öldungarnir fyrir lambinu. Og hver einn hafði hörpu og gullker full reyksis, hver að eru bænir heilagra, og sungu nýjan lofsöng og sögðu: Þú ert verðugur að meðtaka bókina og upp að brjóta hennar innsiglinn því að þú ert slátraður og endurleystir oss með þínu blóði út af allsháttuðum kynkvíslum og tungum, fólki og þjóðum og hefir oss gjört Guði til konunga og kennimanna. Og vér munum ríkja á jörðu.

Og eg sá og heyrði rödd margra engla umhverfis stólinn og um dýrin og umkringing öldungana, og þeir voru að tölu þúsund þúsunda og sögðu hárra raust: Verðugt er lambið, það slátrað er, að meðtaka kraft og ríkidóm og visku og styrk, dýrð og heiður. Og allar skepnur, þær á himnum eru og á jörðu og undir jörðu og í sjónum og allt hvað í þeim er, heyrða eg segja til hans sem á stólinum sat og til lambins: Lof, heiður og dýrð og vald um aldir og að eilífu. Og þau fjögur dýrin sögðu: Amen. Og þeir fjórir og tuttugu öldungar féllu fram og tilbáðu þann sem lifir um aldir alda að eilífu.

Sétti kapítuli

Og eg sá það að lambið opnaði eitt af innsigliunum, og eg heyrði eitt af þeim fjórum dyrunum segja líka sem með reiðarþrumuskryð: Kom og skoða. Og eg gætta að, og sjá, að hvítur hestur, og sá þar upp á sat hafði boga, og honum varð gefin kóróna, og hann fór út að yfirvinna og það hann yfirvynni.

Og þá það opnaði hið annað innsiglið, heyrða eg hið annað dýrið segja: Kom og gæt að. Og þar gekk út annar hestur, sá var rauður, og þeim sem þar sat á varð gefið friðinn í burt að taka af jörðu svo að þeir dræpist niður innbyrðis. Og honum varð gefið stórt sverð. Og er það opnaði hið þriðja innsiglið, heyrða eg hið þriðja dýrið segja: Kom og skoða. Og eg gætta að, og sjá, að brúnn hestur, og sá þar sat á hafði met í sinni hendi. Og eg heyrða meðal þeirra fjöggra dýra röddina segja: Mælir hveitis um einn pening og þrír mælir byggs um einn pening, og víni og viðsmjöri gjör öngvan skaða.

Og þá það opnaði hið fjórða innsiglið, heyrða eg rödd hins fjórða dýrsins, segjandi: Kom skoða. Og sjá, að bleikur hestur og sá þar á sat, þess nafn hét Dauði, og helvíti honum eftirfylgdi. Og honum varð makt gefin til að deyða í fjórum áttum jarðar meður sverði og hungri og meður drápi af dýrum jarðar. Og þá það opnaði hið fimmta innsiglið, leit eg undir altarinu sálir þeirra sem líflátnir voru fyrir Guðs orðs sakir og fyrir vitnisburðarins sakir sem þeir höfðu. Og þær kölluðu hárrí röddu og sögðu: Drottinn, þú hinn heilagi og sannarlegi, hversu lengi þá dæmir þú og hefnir ekki vors blóðs á þeim sem á jörðu búa? Og þeim sérhverjum einum varð gefið hvítt klæði og til þeirra varð sagt að þeir hvíldist enn um nokkra stund þangað til það uppfylltist að þeirra samþjónar og bræður kæmi þar og til, hverjir einninn líflátnir skyldu verða líka sem þeir.

Og eg sá að það opnaði hið sétta innsiglið. Þá gjörðist mikill jarðarskjálfti, og sólin varð svört sem hærusekkur og tunglið sem blóð. Og stjörnur himins hrundu á jörðina líka sem annað fikjutré, nær það hristist af vindi miklum, affleygir sínum fikjum. Og himinninn undanlét sem sú bók er saman verður vafin, og öll fjöll og eyjar hrærðust úr sínum stöðum. Og jarðarinnar konungar og höfðingjar, ríkismenn og foringjar og maktarmenni og allir þrælur og frelsingjar skýldu sér í holum og hellum fjallanna og sögðu til hellanna og fjallanna: Fallið yfir oss og hyljið oss fyrir augliti þess sem á stólinum situr, og fyrir reiði lambsins því að hinn mikli dagur hans reiði er kominn, hver fær staðið?

Sjöundi kapítuli

Og eftir það sá eg fjóra engla standa á fjórum hornum jarðarinnar. Og þeir héldu inni fjórum vindum jarðarinnar svo að enginn vindur blés á jörðina né á sjóinn né á nokkurt. Og eg sá annan engil uppstíga út af uppgöngu sólarinnar. Sá hafði teikn lifanda Guðs og kallaði hárrí röddu til hinna fjöggra englanna, hverjum gefið er að granda jörðinni og sjónum og sagði: Grandið ekki jörðinni, eigi sjónum né trjánum svo lengi það vér teiknum þjóna vors Guðs í þeirraenum.

Og eg heyrða tölu þeirra sem teiknaðir urðu, hundrað fjórar og fjörutígir þúsundir sem teiknaðir voru af öllum kynkvíslum Íraelssona, af kyni Júda tólf þúsundir teiknaðir, af kyni Rúben tólf þúsundir teiknaðir, af kyni Gað xii þúsundir teiknaðir, af kyni Asser xii þúsundir teiknaðir, af kyni Neftalín xii þúsundir teiknaðir, af kyni Manasse xii þúsundir teiknaðir, af kyni Símeon xii þúsundir teiknaðir, af kyni Leví xii þúsundir teiknaðir, af kyni Ísaskar xii þúsundir teiknaðir, af kyni Sabúlon xii þúsundir teiknaðir, af kyni Jósef xii þúsundir teiknaðir, af kyni Benjamín xii þúsundir teiknaðir.

Og eftir það leit eg, og sjá, að skari mikill, hvern enginn gat talið, af öllum þjóðum og fólki og tungumálum standa fram fyrir stólnum og frammi fyrir lambinu og umskryddir hvítum skrúða og pálmaviður í þeirra höndum og kölluðu hárrí röddu og sögðu: Heilsa sé þeim sem á stólinum situr, Guði og lambinu. Og allir englar stóðu umhverfis stólinn og kringum öldungana og um kring þau fjögur dýrin og féllu fyrir stólnum fram á þeirra ásjánu og tilbáðu Guð og sögðu: Amen, lof og dýrð og speki og þakkir og heiður og kraftur og sterkleiki sé vorum Guði um aldir og að eilífu. Amen.*

Og einn af öldungunum andsvaraði og sagði til mín: Hverjir eru þessir, sem umskryddir eru hvítum skrúða, og hvaðan eru þeir að komnir? Og eg sagða til hans: Herra, þú veist það. Og hann sagði til mín: Þessir eru þeir sem komnir eru úr miklu harmkvæli og sinn skrúða þvegið hafa og hvítfagað í blóði lambsins. Af því eru þeir fram fyrir stóli Guðs, og sá upp á stólnum situr, mun búa yfir þeim. Eigi man þá hér eftir hungra né þyrsta, og eigi man yfir þá falla sólarinnar né nokkurs konar hiti. Því að lambið mitt á stólnum mun stjórna þeim og leiða til lifandi vatsbrunna. Og Guð mun afþvo allan grát af þeirra augum.

Áttundi kapítuli

Og þá það opnaði hið sjöunda innsiglið, gjörðist kyrrleiki mikill á himnum nær um hálfu stund. Og eg sá víi engla, þeir gengu fyrir Guð, og þeim urðu víi básúnir gefnar. Og annar engill kom og stóð við altarið og hafði gulllegt reykilsisker. Og honum varð mikið reykelsi gefið það hann gæfi til bæna allra heilagra upp á altarið fyrir stólnum. Og reykur reykilsisins gekk upp af hendi engilsins fyrir Guð. Og engillinn tók reykilsiskerið og fyllti það með eldi af altarinu og hellti því á jörðina. Og þá urðu raddir og reiðarþrumur og eldingar og jarðskjálftar.

Og þeir ví englar, sem höfðu þær ví básúnir, tilbjúgu sig að básúna. Og hinn fyrsti básúnaði, og þá gjörðist hagl og eldur með blóði blandaður og féll á jörðina. Og þriðjungur trjána brann, og allt græna grasið brann.

Og hinn annar engill básúnaði. Og þá fór líka sem bjarg mikið eldi brennanda í sjóinn. Og þriðjungur sjávarins gjörðist blóð, og þriðjungur lifandi skepna dóu, og þriðjungur skipanna fyrirförst.

Og hinn þriðji engill básúnaði. Og þar féll stór stjarna af himni, og hún logaði sem kveikur og féll yfir þriðjung vatnanna og yfir vatsbrunnana. Og nafn stjörnunnar hét Remma því að þriðjungur snerist í remmu, og margir menn dóu af vötnunum af því þau voru svo römm vorðin.

Og hinn fjórði engill básúnaði. Og þriðjungur sólarinnar varð sleginn og þriðjungur tunglsins og þriðjungur stjarnanna svo það þriðjungur þeirra varð myrkvaður. Og þriðjungur dagsins lýsti ekki, líka einninn náttarinnar. Og eg sá einn engil fljúga mitt í gegnum himininn og segja með hárra raust: Vei, vei, vei þeim sem á jörðu búa fram yfir hinar aðrar raddir básúnsins þeirra þriggja engla sem enn skyldu básúna.

Níundi kapítuli

Og hinn fimmti engill básúnaði. Og eg sá stjörnu eina falla af himni á jörðina, og honum varð gefinn lykill til pyttis undirdjúpsins. Og hann lauk upp pytti undirdjúpsins, og þar gekk upp reykur svo sem mikils ofns. Og sólin varð myrk og veðrið af reyknum pyttisins. Og út af þeim reyk komu engisprettur á jörðina, og þeim varð makt gefin líka sem það flugormar makt hafa á jörðu. Og þar varð til þeirra sagt það þær skyldu eigi granda grasi jarðar né nokkurs háttar korni eður nokkurs konar víði, utan einasta þeim mönnum sem eigi hafa teiknið í sínum ennum. Og þeim varð það gefið að þær aflífuðu þá eigi, heldur það að þær kveldu þá í fimm mánuðu. Og þeirra kvöl var svo sem flugormakvöl nær þeir slá manninn. Og á þeim sömum dögum munu mennirnir dauðans leita og eigi finna. Þeir munu girnast að deyja, og dauðinn mun frá þeim flýja.

Og þær engisprettur eru líkar þeim hestum sem til bardaga eru búnir og á þeirra höfðum sem kórónur gulli líkar og þeirra andlit sem mannsandlit og höfðu lokka sem konuhár. Og tennur þeirra voru sem leóna og höfðu brynjur svo sem jámbrynjur og þytur þeirra vængja svo sem buldran vagna þeirra margra hesta, sem í bardögum hlaupa, og höfðu hala líka sem flugormar. Og þar voru agnúar á þeirra hölum, og þeirra makt var að granda mönnum í fimm mánuði og höfðu yfir sér konung, engilinn undirdjúpsins, hvers nafn á ebresku Abbadón, en á girsku Appollion. Eitt vei er umliðið. Sjá, þar koma enn nú tvö vei eftir þetta.

Og hinn sétti engill básúnaði. Og eg heyrða eina rödd út af fjórum hornum gyllinialtarisins fyrir Guði. Hún sagði til hins sétta engilsins sem básúnað hafði: Leys þú upp þá fjóra engla sem bundnir eru við hið mikla vatnið Eufrates. Og þeir fjórir englar urðu lausir, hverjir reiðubúnir voru á stundu, á degi og á mánuði og á ári að þeir í hel slægi þriðjung mannanna. Og tala þess ríðanda hers var tíu sinnum þúsund þúsunda. Og eg heyrða þeirra tölu. Og sem eg sá hestana í sýn og þá sem þar upp á sátu það þeir höfðu glóandi og gular og brennisteinslegar brynjur og höfuðin hestanna svo sem leónahöfuð. Og út af þeirra munni gekk eldur, reykur og brennisteinn. Af þessu þrennu þá er í hel sleginn þriðjungur mannanna af eldinum og reyknum og brennisteininum er út af þeirra munni gekk. Því að þeirra makt var í þeirra munni, og þeirra halar voru höggormum líkir og höfðu höfuðin, og meður þeim sömum gjörðu þeir skaðann.

Og þar voru enn menn afgangs, þeir sem eigi urðu í hel slegnir af þessum plágum, hverjir ekki yfirbót gjörðu af verkum sinna handa, svo að þeir eigi tilbæðu djöfulinn og gulls og silfurs og eirs og steina og trés afguði sem hvorki sjá né heyra né ganga kunna, hverjir einninn öngva yfirbót gjörðu af sínum manndrápum, fjölkyngi, frillulífnaði og stuldi.

Tíundi kapítuli

Og eg sá annan sterkan engil af himnum ofan koma. Hann var skýi umklæddur og regnbogi á hans höfði, og hans andlit var sem sól og hans fætur líka sem eldsstólpar. Og hann hafði í sinni hendi litla bók opna. Og hann setti sinn hægra fót á sjóinn og hinn vinstra á jörðina. Og hann kallaði hárra rödd líka sem það león grenjar. Og þá hann kallaði, töluðu ví reiðarþrumur sínar raustir. Og þá þær ví reiðarþrumur höfðu talað sínar raustir, vilda eg hafa skrifað þær. Þá heyrða eg rödd af himni segja til mín: Merk þú hvað þær ví reiðarþrumur hafa talað og skrifa þær eigi.

Og engillinn, hvern eg sá standa á sjónum og á jörðunni, hóf upp sína hönd til himins og svór við hinn lifanda um aldir að eilífu, hver himininn hefir skapað og hvað þar inni er og jörðina og hvað þar inni er og sjóinn og hvað þar inni er, það héðan í frá engin tíð meir vera skal, heldur á dögum raddar þess sjöunda engils nær hann man básúna, þá skal fullkomnaður verða leyndur dómur Guðs svo sem hann kunngjörði sínum þjónum og spámönnum.

Og eg heyrða rödd af himni enn aftur við mig tala og segja: Gakk héðan, tak þann opna bækling af hendi engilsins sem á sjónum og á jörðunni stendur. Og eg gekk burt til engilsins og sagða: Gef mér bæklinginn. Og hann sagði til mín: Tak hann í burt og svelg hann, og mun hann remma þinn kvið, en í þínum munni mun hann sætur vera sem hunang. Og eg tók bæklinginn af hendi engilsins og svelgdi hann, og hann var sætur í mínum munni sem hunang. Og þá eg hafða svelgt hann, beiskvaðist kviður minn. Og hann sagði til mín: Þú hlýtur enn að spá heiðnum þjóðunum, fólki og tungumálum og mörgum konungum.

Og mér varð gefinn reyrleggur líka sem hrísla og sagði: Statt upp og mæl mustéri Guðs og altarið og þá sem þar inni tilbiðja. En þann hinn innsta kór mustérisins kasta þú út og mæl hann eigi því að hann er heiðingjum gefinn, og hina heilögu borg munu þeir fótum troða tvo og fjörutigi mánuði.

Ellífti kapítuli

Og eg mun gefa mína tvo votta, og þeir skulu spá þúsund tvö hundruð og sextigi daga, klæddir sekkjum. Þessir eru tvö viðsmjörstré og tveir ljósastjakar, standandi fyrir augliti Guðs jarðarinnar.

Og ef nokkur vill þeim granda, þá gengur eldur út af þeirra munni og svelgir óvini þeirra. Og ef nokkur vill þeim granda, sá hlýtur svo líflátinn að verða. Þessir hafa makt himininn aftur að lúka að það rigni ekki á dögum þeirra spásagna. Og þeir hafa makt yfir vatninu til að umsnúa í blóð og að slá jörðina með allsháttadri plágu svo oft sem þeir vilja.

Og nær þeir hafa sinn vitnisburð endað, þá man dýrið, það út af undirdjúpinu uppstígur, halda stríð við þá og mun yfirvinna þá og í hel slá. Og þeirra líkamir munu liggja á strætum hinnar miklu borgar, hver eð andlega kallast Sódóma og Egyptum, þar vor Drottinn er krossfestur. Og þeirra líkami munu nokkrir af þjóðunum og kynslóðunum og tungumálunum sjá í þrjá daga og einn hálfan og munu ekki þeirra líkami leggja láta í leiði framliðinna. Og þeir er á jörðu búa, munu gleðja sig yfir þeim og kátir verða og gjöfum sendast innbyrðis því að þessir tveir spámenn kvöldu þá sem á jörðu búa.

Og eftir þrjá daga og einn hálfan fór í þá lífsins andi af Guði, og þeir stóðu á sína fætur. Og mikill ótti féll yfir þá sem þá sáu. Og þeir heyrðu rödd mikla af himni segja til þeirra: Stigið upp hingað. Og þeir stigu upp í himininn í skýinu, og þeirra óvinir sáu þá. Og á þeirri samri stundu varð mikill jarðskjálfti, og þriðjungur borgarinnar hrapaði. Og þar urðu í jarðskjálftanum í hel slegnir víi þúsund mannanöfn. Og hinir aðrir hræddust og gáfu dýrð Guði himinsins. Það annað vei er umliðið. Sjá, hið þriðja vei kemur snart.

Tólfti kapítuli

Og hinn sjöundi engill básúnaði. Og þar gjörðust miklar raddir á himni, þær sögðu: Ríkin þessarar veraldar eru vorðin vors Drottins og hans Krists, og hann mun ríkja um aldir að eilífu. Og þeir fjórir og tuttugu öldungar, sem sitja fyrir Guðs augliti á sínum stólum, féllu fram á sínar ásjónur, tilbaðu Guð og sögðu: Vér þökkum þér Drottinn Guð almáttugur, sá þú ert og sá þú vart og sá þú tilkomandi ert því að þú hefir meðtekið þinn mikla kraft og ríkir. Og hinar heiðnu þjóðir eru reiðar vorðnar, og þín reiði er komin og tími framliðinna það þeir dæmist og laun að gefa þínum þjónum, spámönnum og heilögum og þeim er þitt nafn óttast, smáum og stórum, og að glata þeim sem jörðinni glatað hafa.

Og mustéri Guðs varð upplokið á himni, og hans testamentsörk sást í hans mustéri. Og þar urðu eldingar og raddir og reiðarþrumur og jarðskjálftar og hagl mikið. Og þar birtist teikn mikið á himni: Kona sólunni umskrydd og tunglið undir hennar fótum, á hennar höfði kóróna af tólf stjörnum. Og hún var þunguð, kallaði og var jóðsjúk og hafði miklar fæðingarhríðir.

Og þar birtist enn annað teikn á himni. Og sjá, að mikill dreki, rauður, sá hafði víi höfuð og tíu horn og á hans höfðum víi kórónur. Og hans hali dró þriðjung stjarnanna og fleygði þeim á jörð.

Og drekin sté fram fyrir konuna, þá sem fæða skyldi, svo að nær hún hefði fætt að hann æti hennar barn. Og hún fæddi son, eitt piltkorn, sá er stjórna skyldi öllum þjóðum meður járnvendi. Og hennar barni varð kippt til Guðs af hans stóli. Og konan flýði á eyðimörk, hvar hún hafði fyrirbúinn stað af Guði að hún fæddist þar þúsund tvö hundruð sextigi daga.

Og þar gjörðist stríð mikið á himni það Mikael og hans englar börðust við drekann. Drekin barðist og hans englar og yfirunni ekki. Þeirra staður varð einninn eigi meir fundinn á himni. Og sá mikli dreki og hinn gamli höggormur, sá sem að heitir djöfull og andskoti, verður útsnaraður á jörðina, hver eð alla veraldarkringluna villir. Og hann varð útsnaraður á jörðina, og hans englar urðu og einninn útsnaraðir.

Og eg heyrða rödd mikla á himni, segjandi: Nú er heilsa og kraftur og ríki og máttur vors Guðs vorðinn hans Krists með því hann er útsnaraður sem þá ásakaði dag og nótt fyrir Guði. Og þeir hafa hann yfirunnið fyrir lambsins blóð og fyrir orðið þeirra vitnisburðar, og þeir hafa eigi elskað sitt líf allt til dauðans. Þar fyrir gleðjast þér himnar og þér sem þar inni byggði.* Vei þeim sem á jörðu búa og á sjónum því að djöfullinn stígur ofan til yðar, hafandi reiði mikla, og veit það hann hefir stuttan tíma.

Og sem drekin sá það hann var útsnaraður á jörðina, ofsókti hann þá konu sem sveininn hafði fætt. Og konunni urðu tveir vængir gefnir líka sem mikillar arnar svo það hún flygi á eyðimörk í sinn stað þar hún nærðist um stund og um tíma og um hálfan tíma frá augsyn höggormsins. Og höggormurinn gusaði eftir konunni úr sínum munni vatni líka sem vatsflóði svo að hún drekkist í flóðinu. En jörðin hjálpaði konunni og upplauk sinn munna og svelgdi flóðið, því er drekin gusaði úr sínum munni. Og drekin reiddist konunni og gekk burt að berjast við þá sem yfir voru af hennar sæði, þeir Guðs boðorð varðveita og hafa vitnisburð Jesú Kristi.

Þrettándi kapítuli

Og eg stóð á sjávarsandi, og eg sá dýr uppstíga úr sjánum, það hafði víi höfuð og tíu horn og á sínum hornum víi kórónur og á þess höfðum nöfn háðungarinnar. Og það dýr, sem eg sá, var líkt pardelo og þess fætur sem björnafætur og þess kraftur sem leónakraftur. Og drekin gaf því sinn kraft og sinn stól og mikla makt. Og eg sá eitt af þessum höfðum svo sem væri það sært til dauða, og þess hin banvæna und varð heil. Og öll veraldarkringlan undraðist það dýrið og tilbáðu drekann, þann sem dýrinu gaf maktina og tilbáðu það dýr og sögðu: Hver er dýrinu líkur, og hver kann að stríða við það?

Og því varð gefinn munnur til að tala mikla hluti og háðungar, og því varð máttur gefinn til að höndla í tvo og fjörtugi mánaði. Og það upplauk sínum munni til að hæða í móti Guði og að lasta hans nafn og hans tjaldbúð og þá á himnum byggja. Og því varð gefið að stríða við heilaga og yfirvinna þá, og því varð gefin makt yfir allar kynkvíslir jarðar og tungumál og þjóðir. Og allir, sem á jörðu byggja, tilbáðu það, hverra nöfn eigi eru skrifuð á lífsbókinni lambsins, það líflátið er af upphafi veraldar. Hefir nokkur eyru, sá heyrir. Ef einhver í herleiðing leiðir, sá man í herleiðingu ganga. Ef nokkur í hel slær með sverði, sá hlýtur með sverði í hel sleginn að verða. Hér er þolinmæði og trú heilagra.

Og eg sá annað dýr uppstíga af jörðunni og hafði tvö horn líka sem lamb og talaði svo sem drekin. Og það gjörir alla makt hins fyrra dýrsins í þess augliti, og það gjörði að jörðin og þeir sem þar á búa, tilbáðu það fyrri dýrið, hvers dauðleg und heil var vorðin. Og það gjörir stór tákn svo að það gjörir einninn eld af himni að falla í manna augsyn og villir þá sem á jörðu búa fyrir sakir þeirra teikna sem því eru gefin til að gjöra í augliti dýrsins, segjandi þeim á jörðu byggja að þeir gjöri mynd dýrinu, því sem undina af sverðinu hafði og lifnaði.

Og því varð gefið að það gæfi myndinni dýrsins anda svo það myndin dýrsins talaði og það gjörði að hver sem helst eigi tilbæði mynd dýrsins, að sá yrði í hel sleginn. Og það gjörir alla smá og stóra, ríka og fátæka, frelsingja og þræla að meðtaka það auðkenningarteikn í sína hægri hönd elligar í sín enni svo það enginn fær að selja eður að kaupa utan hann hafi það auðkenningarmerki eður nafn dýrsins eða tölu þess nafns. Hér er speki. Hver undirstöðuhefir, sá samanreikni tölu dýrsins því að það er mannsins tala, og þess tala er sex hundruð sex og sextigi.

Fjörtándi kapítuli

Eg sá og lamb standa á fjallinu Síon og með því hundruð og fjórar og fjörtugi þúsundir, og þeir höfðu nöfn föður þess skrifuð í sínum ennum. Og eg heyrða rödd af himni svo sem mikils vatsfalls og svo sem rödd mikillar reidarþrumu. Og röddin, sem eg heyrða, var sem hörpuslagarar, þeir eð slá sínar hörpur, og sungu svo sem nýja lofsöngva fyrir stólum og fyrir þeim fjórum dýrunum og fyrir öldungunum. Og enginn gat þann lofsöng numið utan einasta þeir hundruð og fjórir og fjörtugi þúsundir sem keyptir eru af jörðunni. Þessir eru og þeir, hverjir eigi flekkaðir eru meður konum því að þeir eru meyjar og fylgja lambinu eftir, hvert það gengur. Þessir eru og keyptir út af mönnum Guði til frumburða og lambinu. Og í þeirra munni er engin lygi fundin því að þeir eru utan flekkan frammi fyrir stóli Guðs.

Og eg sá annan engil fljúga um miðjan himininn, sá hafði ævinlegt evangelion til að kunngjöra þeim sem á jörðu sitja og byggja og allri þjóð og kynferði og tungumáli og fólki og sagði með hárrí rödd: Óttist Guð og gefið honum dýrðina því að kominn er tími hans dóms. Og tilbiðjið þann sem gjört hefir himin og jörð og sjóinn og vatsbrunnana. Og annar engill eftirfylgdi, sá sagði: Fallin er hún, fallin er hún, Babylon hin mikla borg, því að hún hefir með víni síns frillulífnaðar drykkjað allar þjóðir.

Og hinn þriðji engill fylgdi þessum eftir og sagði með hárrí raust: Ef nokkur tilbiður dýrið og þess mynd og meðtekur það auðkenningarmerki í sitt enni eður á sína hönd, sá man drekka af víni reiðinnar Guðs sem innbyrðað og skært er í bikar hans bræði og mun kvaldur verða með eldi og brennisteini í augsýn heilagra engla og fyrir augliti lambsins. Og reykur þeirra písla man uppstíga um aldir að eilífu, og þeir hafa eigi neina hvíld dag og nótt sem dýrið hafa tilbeðið og þess mynd og ef nokkur hefir þess auðkenningarmerki meðtekið. Hér er þolinmæði heilagra, hér eru þeir sem varðveita boðorðin og trúna á Jesúm.

Og eg heyrða rödd af himni til mín segja: Skrifa: Sælir eru þeir dauðir sem í Drottini deyja í frá þessu. Já, andinn segir, þeir hvílast af sínu erfiði því að þeirra verk fylgja þeim eftir.

Og eg leit, og sjá, að hvítt ský og á skýinu sitja þann líkur var mannsins syni, sá hafði gullkórónu á sínu höfði og í sinni hendi hvassan sigð. Og annar engill gekk út af mustérinu, sá kallaði með hárrí raust til þess sem á skýinu sat: Slá til með sigði þínum og sker upp því að kornskerutíminn er kominn af því að haustyrkjan jarðarinnar er þornuð. Og sá er á skýinu sat, hjó til með sínum sigði á jörðina, og jörðin varð haustunnin.

Og annar engill gekk út af mustérinu af himni, sá hafði einninn hvassan sigð. Og annar engill gekk út af altarinu, sá hafði makt yfir eldinum, og hrópaði með miklu kalli til hans, sem hvassan sigðinn hafði, og sagði: Högg til með þínum hvassa sigð og sníð af vínviðarkvistu jarðarinnar því að þeirra vínber eru fullvaxin. Og engillinn hjó til með sínum hvassa sigð á jörðina og sneið af vínkvistu jarðarinnar og snaraði þeim í hina miklu vínþrúgu Guðs reiði. Og vínþrúgan varð utan borgar fergð, og blóðið gekk út af þrúgunni allt til beisltauma hestanna um þúsund sex hundruð renniskeiða.

Fimmtánda kapítuli

Og eg sá annað teikn á himni, það var mikið og undarlegt. VII englar höfðu VII hinar síðustu plágur því að meður þeim sömum er fullkomnuð reiði Guðs. Og eg sá svo sem glersjó eldi mengaðan og þá sem sigrað höfðu dýrið og þess mynd og tölu þess nafns það þeir stóðu á glersjónum og höfðu hörpur Guðs og sungu lofsöng Moysi, Guðs þénustumanns, og lofsöng lambsins, segjandi: Mikil og undarleg eru þín verk, Drottinn Guð almáttugur, réttvísir og sannarlegir eru þínir vegir, þú konungur heilagra. Hver skyldi þig eigi hræðast, Drottinn, og mikla þitt nafn? Því að þú einn ert heilagur, af því munu allar þjóðir koma og tilbiðja fyrir þér því þínir dómar eru opinberir vorðnir.

Og eftir það sá eg, og sjá, að upplokið varð mustéri, vitnisburðarins tjaldbúðar, á himni. Og út af mustérinu gengu þeir sjö englar, sem pláguna höfðu, klæddir hreinu skínanda lérefi og gyrtir um brjóstið með gullindum. Og eitt af fjórum dýrunum gaf þeim sjö englunum sjö gullskálir fullar Guðs reiði, þess er lífir um aldir að eilífu. Mustérið varð fullt með reyk af vegsemd Guðs og hans krafti, og enginn kunni inn að ganga í mustérið þar til það þær VII plágur þeirra VII engla fullkomnaðar verða.

Sextánda kapítuli

Og eg heyrða rödd mikla yfir mustérinu segja til þeirra VII englanna: Farið burt og úthellið þeim skálum Guðs reiði á jörðina. Og hinn fyrsti gekk burt og hellti út sinni skál á jörðina. Og þar urðu ill kaun og skaðsöm á mönnum þeim er auðkenningarmerki dýrsins höfðu og þeir sem þess mynd tilbáðu.

Og sá annar hellti út sinni skálu í sjóinn, og það varð blóð líka sem annars deydíngja, og öll lifandi sál deyði í sjónum.

Og hinn þriðji engill hellti út sinni skálu í vötnin og í vatsbrunnuna, og það varð blóð. Og eg heyrða þann engil segja: Þú Drottinn, sá sem ert og sá sem vart, þú ert réttlátur og heilagur það þú dæmdir þetta. Því að þeir úthelltu blóði heilagra og spámannanna, og blóð hefir þú gefið þeim að drekka því þess eru þeir verðugir. Og eg heyrða annan engil af altarinu segja: Já, Drottinn Guð almáttugur, sannir og réttvísir eru þínir dómar.

Og hinn fjórði engill hellti út sinni skálu í sólina. Og honum varð gefið af hita að kvelja mennina með eldi. Og mönnunum varð heitt af miklum ofurhita og löstuðu nafn Guðs, sá er makt hefir yfir þessar plágur, og gjörðu öngva yfirbót honum dýrð að gefa.

Og hinn fimmti engill hellti út sinni skálu yfir sæti dýrsins. Og þess ríki varð formyrkvað, og af sorg í sundur bitu þeir sínar tungur og löstuðu Guð á himni af sínum sorgum og af sínum kaunum og gjörðu öngva yfirbót fyrir sín verk.

Og hinn sétti engill hellti út sinni skálu í það mikla vatnið Eufrates. Og vatnið þurrkaðist svo að tilreiddur yrði vegur konunganna út af uppgöngu sólarinnar. Og eg sá út af munni drekans og út af munni dýrsins og út af munni þess falska spámanns ganga þrjá óhreina anda líka pöddum, og það eru andar djöfulsins. Þeir gjöra og teikn og ganga út til konunga jarðarinnar og um alla heimskringlu að samansafna þeim til orrustu upp á þann mikla dag Guðs almáttugs. Sjá, eg kem sem þjófur. Sæll er sá sem vakir og varðveitir sín klæði það hann gangi eigi nakinn svo að eigi sjáist hans ósómi. Og hann samansafnaði þeim í þann stað sem kallast á ebresku Harmagedón.

Og sá sjöundi engill hellti út sinni skálu í veðrið, og þar gekk út rödd af himni úr stólnum sem sagði: Það er skeð. Og þar urðu raddir og reiðarþrumur og eldingar, og þar varð mikill jarðskjálfti, hvílikur að aldri varð upp frá því að menn hafa á jörðu verið þvílíkur jarðskjálfti svo mikill. Og út af þeirri hinni miklu borg urðu þrjár deildir, og borgir heiðinna þjóða hröpuðu. Og hin mikla Babylon varð hugleigð fyrir Guði henni að gefa kalek vísins sinnar grimmdarreiði. Og allar eyjar flýðu, og engin fjöll urðu fundin. Og hagl stórt sem pund féll af himni á fólkið. Og mennirnir löstuðu Guð fyrir sakir plágu hagsins því að þess plága varð næsta mikil.

Seytjándi kapítuli

Þar kom og einn af sjö englum, sem höfðu sjö skálirnar, talaði við mig og sagði til mín: Kom, eg man sýna þér dóm hinnar miklu hörkonu sem á mörgum vötnum situr, með hverri hóranir drýgt hafa konungar jarðarinnar, og þeir sem á jörðu búa eru drukknir vorðnir af hennar hóranarvini. Og hann flutti mig í anda á eyðimörk. Og eg sá þá konu sitja á fögurrauðu dýri, fullt af nöfnum háðungarinnar, hafandi víi höfuð og tíu horn. Og konan var klædd purpura og pelli rauðu og umprýdd gulli og gimsteinum og perlum og hafði í hendinni gullker fullt svívirðinga og óhreininda sinnar hóranar, og í hennar enni nafn skrifað, leyndur dómur: Hin mikla Babylon, móðir frillulifnaðanna og allrar svívirðu á jörðu. Og eg sá þá konu drukkna af blóði heilagra og af blóði píslarvotta Jesú. Og eg undraðist mjög þá eg sá hana.

Og engillinn sagði til mín: Hvar fyrir undrast þú? Eg man segja þér leyndan dóm konunnar og dýrsins, þess sem hana ber og hefir víi höfuð og tíu horn. Það dýr sem þú hefir séð, það var og er eigi og mun upp aftur koma af undirdjúpinu og man svo fara í fyrirdæmingina. Og þeir sem á jörðu búa, hverra nöfn eigi eru skrifuð á lífsbókinni í frá upphafi veraldar, munu undrast nær þeir sjá dýrið, það er var og eigi er, hvert að þó er. Og hér er það hugskot, hvert speki hefir.

Þau víi höfuðin eru víi fjöll, á hverjum það konan situr. Og það eru víi konungar. Fimm eru fallnir, og einn er enn, og sá annar er enn eigi kominn, og nær hann kemur, hlýtur hann stuttan tíma að blífa. Og það dýrið sem var og er eigi, það er sá hinn áttandi og er út af þeim víi og fer í fordæmingina. Og þau tíu horn þú hefir séð, það eru tíu konungar, þeir eð ríkið enn eigi meðtóku, en munu um stutta stund líka sem konungar meðtaka makt með dýrinu. Þessir hafa það eitt ráð að þeir munu gefa sinn kraft og makt dýrinu. Þeir munu og stríða við lambið, og lambið mun þá yfirvinna því að það er Drottinn drottanna og konungur konunganna og með því þeir sem kallaðir og útvaldir og trúaðir eru.

Og hann sagði til mín: Vötnin, þau þú hefir séð, þar eð hörkonan situr á, eru fólk og lýðir og heiðnar þjóðir og tungumál. Og þau tíu hornin sem þú hefir séð á dýrinu, þau munu hata hörkonuna og munu hana sneyða og nökta gjöra og munu hennar hold eta og hana með eldi brenna því að Guð gaf það í þeirra hjörtu að gjöra hvað honum þókkast að þeir gjöri einn vilja svo að þeir gæfi dýrinu sitt ríki þangað til að fullkomnað yrði Guðs orð. Og konan, sem þú hefir séð, er hin mikla borg, hver sitt ríki hefir út yfir konungum jarðarinnar.

Átjándi kapítuli

Og eftir það sá eg annan engil ofan fara af himni, sá hafði mikla makt, og jörðin var upplýst af hans birti, og kallaði af valdi með hárrí rödd og sagði: Hún er fallin, hún er fallin, Babylon hin mikla og er djöflanna heimkynni vorðin og hirsla alls óhreins anda og hirsla alls óhreins og óþakknæmilegs fugls. Því að af reiðinnar víni hennar hóranar hafa allar þjóðir drukkið, og konungar jarðarinnar hafa með henni hóranir drýgt, og hennar kaupmenn eru auðigir vorðnir af hennar miklum munaðsemðum.

Og eg heyrða aðra rödd af himni segja: Útgangið af henni, mitt fólk, svo að þér verðið eigi hluttakarar hennar synda upp á það þér meðtakið eigi sumt af hennar plágum. Því að hennar syndir ná allt til himins, og Drottinn hugleiðir hennar ranglætting. Gjaldið henni svo sem hún hefir goldið yður, og

tvefaldið henni það tvefalt aftur eftir hennar verkum. Og með hverjum bikar það hún byrjaði yður, byrlið henni þar í tvefalt aftur. Hve mikið sem hún dýrkaði sig og í sínu munaðlífi var, svo mikið innbyrlið henni kvalir og ekka. Því að hún segir í sínu hjarta: Eg sit og em drottning, og eigi man eg ekkja verða, og öngvan trega mun eg líta. Þar fyrir munu hennar plágur á einum degi koma: Dauði, harmur og hungur, og með eldi mun hún brennd verða því að öflugur er Drottinn Guð, sá er hana mundæma.

Og konungar jarðarinnar, þeir sem meður henni hafa hóranir drýgt og í munaðsemd lifað, munu gráta hana og kveina sér yfir henni nær þeir sjá reyk af hennar bruna, þeir í fjarlægð standa fyrir hræðslu sakir hennar kvala og segja: Vei, vei, Babylon, hin mikla borg, sú hin sterka borg, það á einni stundu er kominn hennar dómur. Og kaupmenn jarðar munu gráta og harma yfir henni því að þeirra kaupyri man enginn kaupa meir, kaupyri gulls og silfurs og gimsteina og perlur og silki og purpura og skarlat og allsháttaðan dýrindis við og allsháttað ker af filabeinum og allra handa ker af dýrmætum viði og af eiri og af járn og marmara og jurtir og smyrsl og vín og viðsmjör, rúg og hveiti, kvikfé og sauði, hesta og vagna og líkami og sálir mannanna.

Og það aldini, þar þín sála hafði girnd á, er frá þér vikið, og allt hvað feitt og frjálst var, það er frá þér vikið, og þú munt það eigi lengur finna. Kaupmenn þessarar vöru, hverjir af henni auðigir vorðnir eru, munu fjarlægð standa af hræðslu hennar kvala, grátandi og harmandi og segja: Vei, vei, hin mikla borg sem með silfri, purpura og skarlati var klædd og með gulli var faguð og gimsteinum og perlum. Því að á einni stundu er slíkur ríkidómur að öngu vorðinn.

Og allir skipstjórnarmenn og allur sá skari, sem á skipum hantéarar, og skipverjar, þeir á sjónum hantéra, stóðu í fjarska og kölluðu þá þeir sáu reykinn af hennar bruna og sögðu: Hver er lík þessari hinni miklu borg? Og þeir jusu moldu yfir höfuð sér og kölluðu grátandi og harmandi og sögðu: Vei, vei, sú hin mikla borg, í hverri auðigir eru vorðnir allir þeir sem skipin höfðu á sjónum með hennar vöru. Því að á einni stundu er hún í eyði lögd.

Gleð þig yfir henni, himinn og þér heilagir postular og spámenn, því að Guð hefir yðvarn dóm á henni dæmt. Og einn öflugur engill tók upp stein stóran sem kvarnarstein og kastaði honum í sjóinn og sagði: Svo man með einum byl útkastast hin mikla Babylon og eigi meir fundin verða. Og söngmanna rödd og hörpusláttara og þeirra í pípur blása og í lúðra þeyta skal eigi meir heyrast í þér, og enginn embættismaður, hvers sem helst embættis hann er, skal meir í þér fundinn verða. Kvernarhljóð skal eigi meir í þér heyrt verða, og rödd brúðgumans og brúður skal eigi meir í þér heyrd verða. Því að þínir kaupmenn voru höfðingjar á jörðu því að fyrir þína fjölkynngi fóru villar allar þjóðir. Og blóðið spámannanna og heilagra er í henni fundið og allra þeirra sem á jörðu eru í hel slegnir.

Nítjándi kapítuli

Eftir þetta heyrða eg mikla rödd mikils fjölda á himni, segjandi: Hallelúja, heilsa og heiður, dýrð og kraftur sé Guði vorum Drottni. Því að sannir og réttvísir eru hans dómar það hann fordæmdi hina miklu hórkonu sem jörðina meður sinni hóran fordjarfaði, og blóðs sinna þjóna af hennar hendi hefir hann hefnt. Og þeir sögðu enn aftur í annað sinn: Hallelúja. Og rödd gekk út af stólum sem sagði: Lofið vorn Guð, allir hans þjónar og þeir hann óttast, bæði smáir og stórir.

Og eg heyrða rödd mikils fjölda og svo sem nyð mikilla vatna og svo sem rödd megnrar reiðarþrumu. Þeir sögðu: Hallelúja, því að Guð almáttugur hefir ríkið undir sig lagt. Fögnum og verum glaðir og gefum honum dýrð því að brúðkaup lambsins er komið, og þess húsfú hefir sig tilreitt. Og henni varð gefið það hún skyldi umklæða sig með hreinu og skínanda silki. En það silki eru réttlætningar heilagra. Og hann sagði til mín: Sælir eru þeir sem til kveldmáltíðar lambsins eru kallaðir. Og hann sagði til mín: Þetta eru sannarleg Guðs orð. Og eg féll niður fyrir honum til föta hans að eg tilbæði hann, og hann sagði til mín: Sjá til að þú gjör það ei. Eg em þinn samþjón og þinna bræðra og þeirra sem hafa Jesú vitnisburð. Tilbið þú Guð. En vitnisburður Jesú er andi spádómsins.

Og eg sá himininn opinn, og sjá, að hvítur hestur og sá sem þar sat á hét Trúr og Sannarlegur og dæmir og stríðir meður réttlæti. Og hans augu eru sem eldslogi og á hans höfði margar kórónur. Og hann hafði nafn skrifað það enginn þekkti nema sjálfur hann og var klæddur því klæði sem með blóði var dreift, og hans nafn hét Guðs orð. Og honum eftirfylgdi allur her, sá á himni er, á hvítum hestum klæddir í hvítu og hreinu silki. Og af hans munni framgekk tvieggjað sverð það hann slægi þar með heiðnar þjóðir, og hann mun stjórna þeim meður járnvendi. Og hann föttreður þrúgu bræðinnar víns og reiði Guðs almáttugs og hefir nafn skrifað á sínu fati, á sinni lend líka svo: Konungur konunganna og Drottinn drottanna.

Og eg sá einn engil standa í sólunni. Og hann kallaði hárrí rödd og sagði til allra fugla sem undir himni fljúga: Komið og samansafnið yður til kveldverðar hins mikla Guðs að þér etið hold konunganna og landsstjórnaranna og hold öflugra og hestanna og þeirra sem þar upp á sátu og hold allra frelsingja og þjónustumanna, bæði smárra og stórra. Og eg sá dýrið og konunga jarðarinnar og þeirra lið samansafnað til að halda stríð við þann sem á hestinum sat og við hans her.

Og dýrið varð höndlað og með því sá falski spámaður sem teiknin gjörði fyrir því af hverjum hann villti þá sem auðkenningarmerki dýrsins meðtóku og þá er mynd dýrsins tilbáðu. Þessir báðir tveir urðu lifandi fleygðir í eldsins diki það með brennusteini logar. Og þeir aðrir urðu í hel slegnir með sverði þess sem á hestinum sat það út af hans munni gekk, og allir fuglar urðu saddir af þeirra holdi.

xx. kapítuli

Og eg sá engil ofan stíga af himni. Sá hafði lykil undirdjúpsins og mikla járnhlekki í sinni hendi. Og hann höndlaði drekann hinn gamla höggorm, hver að er djöfullinn og andskotinn, og batt hann um þúsund ár og fleygði honum í undirdjúpið og innilukti hann og innsiglaði þar ofan yfir að hann skyldi eigi meir villa heiðnar þjóðir þangað til að útenduð yrði þúsund ár og eftir það hlyti hann laus að verða um stutta stund.

Og eg sá stóla, og þeir sátu á þeim, og þeim varð dómur gefinn. Og þeirra sálir sem afhöfðaðir voru vegna vitnisburðarins Jesú og fyrir Guðs orðs sakir og þeir sem ekki höfðu tilbeiðið dýrið né þess mynd og þeir eigi meðtekið höfðu auðkenningarmerki í sín enni eður á sínar hendur, þessir lifðu og ríktu með Kristi þúsund ára. En hinir aðrir dauðu endurlifnuðu ekki þar til að þúsund ár fullkomnuðust. Þetta er hin fyrsta upprisa. Sæll er sá og heilagur sem hlutdeild hefir á hinni fyrstu upprisu. Yfir því líkum hefir sá annar dauði öngva makt, heldur verða þeir kennimenn Guðs og Kristi og ríkja með honum þúsund ára.

Og nær þau þúsund ár eru fullkomnuð, þá man sá andskoti laus verða af sínu fjötri og mun út ganga að villa hina heiðnu sem að eru í fjórum áttum jarðarinnar, Góg og Magóg, að samansafna þeim til baráttu, hverra tala er sem sjávarsandur og hverjir uppstíga yfir vídd jarðar og umkringja herbúðir heilagra og hina elskulegu borg. Og eldur kom að ofan frá Guði af himninum og svelgdi þá. Og djöfullinn, sá þá villti, varð kastaður í eldsins diki og brennistein þar eð dýrið og sá falski spámaður var og verða kvaldir dag og nótt um aldur og ævi að eilífu.

Og eg sá mikinn stól skínanda og þann sem þar upp á sat, fyrir hvers augliti að flýr himinn og jörð, og þeim var enginn staður fundinn. Og eg sá hina dauðu, bæði stóra og smá, standa fyrir Guðs augliti, og bækurnar urðu upplátnar. Og önnur bók varð opnuð, hver að er lífsins. Og hinir dauðu urðu dæmdir eftir því sem skrifað er á bókum eftir þeirra verkum. Og sjórinn gaf fram þá dauðu sem í honum voru, og dauði og helvíti gaf upp þá dauðu sem í þeim voru, og þeir urðu dæmdir, hver einn eftir sínum verkum. Og dauði og helvíti urðu köstuð í eldsins diki, það er sá annar dauði. Og ef nokkur finnsteigi skrifaður á lífsbókinni, sá verður kastaður í eldsins diki.

xxi. kapítuli

Og eg sá nýjan himin og nýja jörð því að hinn fyrsti himinn og fyrsta jörð forgekk, og sjórinn er eigi meir. Og eg, Jóhannes, sá hina heilögu borg, þá nýju Jerúsalem, ofan fara af himni frá Guði tilreidda svo sem prýdd brúður sínum manni. Og eg heyrði rödd mikla af stólinum segja: Sjá, þar tjaldbúð Guðs hjá mönnum, og hann man hjá þeim byggja, og þeir munu hans fólk vera, og Guð sjálfur meður þeim mun þeirra Guð vera. Og Guð mun þerra öll tár af þeirra augum. Dauði man eigi meir vera, eigi harmur né kveinan eða hryggð mun meir vera, því að hið fyrsta er umliðið. Og sá upp á stólnum sagði: Sjá, eg gjöri það allt saman nýtt. Og hann sagði til mín: Skrifa þú því að þessi orð eru sönn og trúanleg.

Og hann sagði til mín: Það er gjört. Eg em A og O, upphaf og niðurlag. Eg man þyrstum gefa af brunni lifanda vats fyrir ekki. Hver eð yfirvinnur, sá mun eignast allt það, og eg man hans Guð vera, og hann mun minn sonur vera. En þeim óttafullum og vantrúuðum og svívirðilegum og manndrápurum og frillulífnaðarmönnum og töfrurum og skurguðadýrkurum og öllum ljúgurum, þeirra hlutdeild mun vera í diki sem með eldi og brennisteini logar, hvert að er sá annar dauði.

Og einn af þeim vii englunum, sem hafði þær vii skálir fullar með þær vii síðustu plágur, kom að mér og talaði við mig og sagði: Kom, eg man sýna þér húsfrúna, brúður lambsins. Og hann tók mig burt í anda upp á hátt og mikið fjall og sýndi mér hina miklu borg, þá heilögu Jerúsalem, ofan fara af himni frá Guði, hafandi bjartleik Drottins. Og hennar ljós var líkt hinum dýrmætasta steini svo sem skær jaspis og

hafði mikla og háva múrveggi og hafði tólf hlið og í þeim hliðunum tólf engla og nöfn skrifuð, hver að eru tólf kynkvíslir Íraeßsöna, af austri þrjú hlið, af norðri þrjú hlið, af suðri þrjú hlið, af vestri þrjú hlið. Og múrveggir borgarinnar höfðu tólf grundvelli og í þeim sömum nöfn þeirra tólf postula lambsins.

Og sá við mig talaði hafði gulllegan reyrkvarða það hann skyldi mæla borgina og hennar hlið og múrveggi. Og borgin er sett ferköntuð, og lengd hennar er svo mikil sem breiddin. Og hann mældi borgina með gullreyrnum upp á tólf þúsund renniskeiða. Lengdin og breiddin og hæðin hennar er líka jafnt. Og hann mældi hennar múrveggi hundrað fjórar og fjötutigi álnir eftir þess manns mæling sem engil hefir. Og smíði hennar múrveggja var af jaspis og borgin af skíru gulli lík skæru gleri. Og grundvellirnir og múrveggir borgarinnar voru prýddir með allsháttaða gimsteinna. Hinn fyrsti grundvöllur var jaspis, sá annar safir, þriðji kalsedóníus, fjórði smaragðus, fimmti sardóníkus, sétti sardís, sjöundi krýsólítus, áttandi beryllus, níundi tópasíus, tíundi krýsófras, ellifti hýasintus, tólfti ametýst.

Og þau tólf hliðin voru tólf perlur, og sérhvertt hliðið var af sérhverri perlunni. Og strætin borgarinnar voru skíra gull svo sem gegnum skínanda gler. Og eg sá þar ekkert mustéri inni því að Drottinn Guð almáttugur er hennar mustéri og lambið. Og borgin þarf eigi sólar né tungls það þau lýsi í henni því að Guðs hjartleiki upplýsir hana, og ljós hennar er lambið. Og þær þjóðir sem hjálpast, ganga í því sama ljósi, og konungar á jörðu munu innflytja sína dýrð í þá hina sömu. Og hennar hlið verða ekki um daginn afturlukt því að þar man engin nótt vera. Og ekkert saurugt og svívirðilegt og lygn man þar innganga utan þeir sem skrifaðir eru á lífsbókinni lambsins.

Tvö og tuttugasti kapítuli

Og hann sýndi mér hreint vatsfall svo skært sem kristallus framfljótandi af stóli Guðs og lambsins. Mitt á hennar stræti og báðumegin vatsins stóðu lífsins tré, og það bar tólfháttadan ávöxt og færði sinn ávöxt á sérhverjum mánaði, og laufblöð trésins dugðu til heilsubótar heiðinnar þjóðar. Og þar man ekkert bölvanlegt meir vera. Og stóll Guðs og lambsins mun þar inni vera. Og hans þjónar munu honum þjóna og hans andlit sjá, og hans nafn man í þeirra ennum vera. Og eigi mun þar nótt vera og eigi við þurfa nokkurrar lýsingar eður ljósi sólar því að Guð Drottinn mun sjálfur lýsa þeim, og þeir munu ríkja um aldir að eilífu.

Og hann sagði til mín: Þessi orð eru traust og sönn. Og Drottinn, Guð heilagra spámanna, hefir sent sinn engil til að kunngjöra sínum þjónum hvað snarlega hlýtur að ske. Sjáið, eg kem snart. Sæll er sá sem varðveitir orðin spádómsins í þessari bók. Og eg em Jóhannes sem þetta séð og heyrtt hefir. Og þá eg hafða það heyrtt og séð, féll eg fram að tilbiðja fyrir fætur engilsins, þess mér sýndi þetta. Og hann sagði til mín: Gæt að þú gjör eigi þetta. Því að eg em þinn samþjón og þinna bræðra, spámannanna og þeirra sem varðveita orð þessarar bókar. Tilbið þú Guð.

Og hann segir til mín: Uppteikna ekki orð spádómsins í þessari bók því að tíminn er í nánd. Hver skaðsamur er, sá sé skaðsamur, hver óhreinn er, sá sé óhreinn, en hver réttvís er, sá verði enn réttvísari, og hver heilagur er, sá verði enn heilagri. Og sjáðu, eg kem snarlega og mín verðlaun meður mér að eg gjaldi hverjum sem einum svo sem hans verk vera mun. Eg em A og O, upphaf og endir, fyrstur og síðastur. Sælir eru þeir sem hans boðorð varðveita upp á það að þeirra makt sé á lífstrénu og um hliðin innganga í borgina. Því að þar fyrir utan eru hundarnir, fjölkynngismenn og saurlífnaðar og manndráparar og skurguðadýrkendur og allir þeir sem elska og gjöra lygina.

Eg, Jesús, útsendi minn engil að hann vitnaði yður þetta í samkundunum. Eg em af rót og kyni Davíðs, skær morgunstjarna. Og andinn og brúðurin sögðu: Kom. Og hver eð heyrir, sá segi: Kom. Og hver hann þyrstir, sá komi. Og hver að vill, sá meðtaki orðið lífsins fyrir ekki.

En eg vitna öllum þeim sem heyra orð spádómsins þessarar bókar að ef einhver setur þar nokkuð til, þá mun Guð tilsetja yfir hann allar plágur sem skrifaðar eru í þessari bók. Og ef einhver tekur þar nokkuð í frá út af orðum bókarinnar þessarar spásögu, þá mun Guð afmá hans deild af lífsbókinni og frá hinni heilögu borg og af því sem í þessari bók skrifað er. Þetta segir sá sem þessu ber vitni: Já, eg kem snarlega. Amen.

Já, kom þú, Drottinn Jesús. Náð vors Drottins Jesú Kristi sé með yður öllum. Amen.

Eftirmáli

Öllum Guðs útvöldum, yður Íslands innbyggjurum. Ávaxtist Guðs náð, friður með fagnaði í sannri viðurkenningu vors lausnara, Drottins Jesú Kristi.

Þér góðir menn, mínir herrar, kristilegir bræður, hér hafi þér nú Guðs hreinu orð, hans dýrmætu evangelia, útlögð á norrænu, hvað eg gjarnan vilda, kærir bræður, að það væri (þó mitt sé ómjúkt orðfæri) fyrst almáttugum Guði, vorum allra föður (fyrir Kristum), til loflegrar dýrðar, en yður (elskulegir) til sannrar undirstöðu réttferðugrar trúar, þeirrar sem er á Kristum Jesúm. Því það er Guðs föðurs vilji að vér skulum trú á þann sem faðirinn sendi, það er á Jesúm Kristum, sá sem að er lífið, sannleikurinn og vegurinn til eilífs lífs etc.

En þessi Guðs eingetni sonur, vor endurlausnari, Jesús Kristus, gaf oss í síðastri sinni líkamlegri hérvist þessi sín blessuðu, dýrmætu evangelia í testament til ævinlegrar sáluhjálpar. Því að í þessum hans guðsspjallsorðum upplýkst yður sem þess beiðast af Guði, vorum skapara, (út af allri hjartans alúð) viskubrunnurinn andlegrar speki (sem er Kristur), hver yður leiðir til eilífrar sælu. Því Guðs orð eru andi og líf sem Jóhannes segir, einninn Guðs eiginlegur kraftur, sá aldri dvínar því að fyrir þau gefst heilagur andi, sá sem að oss gefur fyrir Krists verðskuldan guðsspjalllega réttlætistrú, hver að vorri syndugri samvisku aflar friðar með fagnaði við Guð í gegn allri lögmálsins áskan sem Pistillinn að Róm gnóglega útvisar.

En svo það þér mættuð (bræður mínir) þess gjörr undirstanda hvað eður hvílik þessi guðsspjallleg réttlætistrú er, sem hér verður um talað í þessari bók, vil eg, (þó mitt sé fáfróðlegt tungutæki), yður gjarnan undirvisan á gjöra það fremsta sem Guð hefir mér efni á gefið svo að þeir sem héðan í frá af vilja leggja allan fúlan rangsnúinn hjátrúnað, hégómlega siðvana, en eftirfylgja þeirri guðsspjallsins réttlætistrú sem er á Jesúm Kristum, hver að er þessi það vér trúum að þar sé einn ævinlegur, sannarlegur Guð, almáttugur faðir, skapari himins og jarðar.

Og það þetta orð (sem er Guðs sonur) hafi meðtekið fyrir heilags anda verkan manndóm í blessuðum kviði Maríu meyjar svo að þar eru tvær náttúror, guðdómsins og manndómsins, í einingu persónunnar óaðskiljanlega samantengdar, einn Kristur, sannarlega Guð og sannarlega maður, sá að fæddur er af hreinni, óspjallaðri meyju, hver eð með sínum blessaða dýrmætum hingaðburði hreinsað hefir og heilgæð vorn syndsamlegan kjötlegan burð af Adam til.

Hann sé og að sönnu þíndur, krossfestur, deyddur og jarðaður upp á það hann forlíkti oss svo við sinn himneska föður með sínum beiskum, biturlegum, saklausum dauða, verandi fórn sú ævinleg er eigi einasta fyrir upprunasyndina, heldur jafnvel fyrir allar gjöranlegar syndir mannanna. Hann sé og niðurstiginn til helvíta, hafi svo djöfulinn og alla hans átrúendur með öllu hans valdi, vélum og illsku fjötrað og niðurþrykkt.

Og á þriðja degi sé hann upp aftur risinn frá dauðum oss öllum þeim á hann trúna til að gefa réttlætislífurni og hafi oss svo meður sér uppvakið í náð og anda héðan í frá eigi meir syndir að drýgja, heldur honum einum að þjóna í allsháttadri náð og manndygðum.

Hann sé og uppstiginn til himna og hafi af föðurnum meðtekið dýrð, vald út yfir alla engla og skepnur, sitji nú til Guðs föðurs hægri handar það er hann hefir jafna makt og faðirinn, verandi einn valdskonungur og herra yfir öllum Guðs auðæfum á himnum, jörðu og helvíti.

Og hann muni koma á efsta degi til að dæma lifendur, það er þá sem þann tíma verða lifandi fundnir, og dauða, það er þá sem framliðnir eru. Því þá hljóta allir englar, menn sem djöflar fyrir hans dómstóli saman að safnast, hann þar líkamlega að sjá. Og þá muni hann gefa öllum sínum útvöldum meður heilögum englum eilífa sælu, en vantrúuðum meður djöflunum óendalegan helvíska dauða.

Vér skulum og trúna það heilagur andi sé einninn líka einn sannarlegur, völdugur Guð af föður og syni framfarandi og það hann fyrir Guðs sonar líf, dauða, upprisu, uppstigning og fyrir allt hvað af Jesú Kristo skrifað og sagt er oss til föðursins laði, meður hverjum anda að faðir og sonur alla trúaða áhræir og fyrir þennan og í þessum hinum sama Kristi heilaga og andlega gjörir. Og öllum útvöldum í allri veröld, hversu marghátuð lönd eður tungumál eru, þá samansafni hann í einingu kristilegrar trúar, hver samsafnan að er sameiginleiki heilagrar kristilegrar kirkju, hver að er samkund heilagra í þeirri sem Guðs evangelium verður predikað, í hverri að oss fyrirgefast allar vorar syndir og það allar bænir, góð verk og hvað helst það heilagir hafa, sé einninn líka vort sem þeirra.

Því skulu vér og trúa það fyrir heilagan anda munu allir menn, vondir og góðir, með önd og líkama, upprisa og uppvaktir verða, og svo muni þá sakleysi vors Drottins Jesú Kristi og hans bitur dauði, þann sem hann hefir viljuglega liðið fyrir oss synduga, þeim tilreiknaður verða sem honum og hans orðum hafa trúað, og munu vér svo þá meður honum og öllum hans heilögum öðlast eilífa sælu. Það unni oss Guð. Amen.

En þessari kristilegri trú til teikns og staðfestingar þá eru gefin þessi tvö sakramenta, sem er vatsskírni og heilög holdtekja Drottins, þau sem styrkja og staðfesta þessa guðsspjallega réttlætistrú í yðar hjörtum, hverja Guð fyrir sína óumræðilega mildi reiknar þeim sem skírðir eru í Guðs sonar dauða til réttlætis fyrir sér. Því hver það viðurkennir að hann geti eigi út af sínum eiginlegum mætti, verkum eður verðskuldan réttlátur vorðið fyrir Guði, heldur það hann verði fyrir ekkert utan alla sína verðskuldan Jesú Kristi vegna réttlátur út af þeirri trú er hann trúir sig fyrir þennan sama Jesúm Kristum (hvern Gyðingar kölluðu naðverskan) til náðarinnar meðtekinn vera og syndanna fyrirgefning öðlast hafa, sá sem með sínum dauða fyrir vorar syndir hefir fullnægju gjört. Því hver hann trúir það Jesús Kristur sé sannur Messías, það er Kristur Drottins, sá sem af Guði föður í gamla lögmáli var fyrirheitinn það hann skyldi frelsa allt mannkyn og meðalgöngumaður vera milli Guðs og vor, þar með sannan líknara og ténáðarmann, hver eð oss er gefinn, þeim sem honum og hans orðum trúa til endurlausnar, helgunar, réttlætis og lífgunar því að allir þeir sem Guðs orð heyra og varðveita þau sér í hjarta, þeir eru með Guði og Guð meður þeim svo sem Jóhannes vottar.

Þar fyrir er og tilskikkað (svo að vér öðlumst þessa réttlætistrú) Guðs orða predikunarembætti og heilög sakramenta. Því að fyrir Guðs orða predikan og fyrir heilög sakramenta, svo sem fyrir önnur verkfæri, veitist heilagur andi (hvers mustéri þér eruð sem Guðs orðum trúíð), hver eð þessa trú eflir hvar og hvenar að Guði sýnist í þeim sem Guðs evangelium heyra svo að Guð, eigi fyrir vorra verðleika sakir, heldur fyrir sinn son Jesúm Kristum, réttlæti oss sem sig trúa fyrir Kristum í náðina meðtekna.

En út af þessari guðsspjallegri trú (bræður mínir) framfljóta nú af sonarlegri ást við Guð og af bróðurlegum kærleika til náungans þau réttu miskunnarverkin sem af Guði eru boðin að gjöra fyrir Guðs vilja sakir. En þó eigi svo það vér skulum oss trúa fyrir þau verk réttlættingina að öðlast eður verðskuldað geta fyrir Guði því að syndanna fyrirgefning og réttlættingin höndlast fyrir þá trú sem er á Jesúm Kristum. Fyrir því skeika þeir að næsta, hverjir með verkunum trúa sig náðina verðskuldað geta, fyrirlítandi svo Kristi náð og verðskuldan með því þeir leita af mannlegum mætti (án Kristis) að veginum til Guðs með því þó það sjálfur lausnarinn segir það að enginn komi til föðursins nema fyrir sig og hann sé vegurinn, sannleikurinn og lífið, en Drottinn vor Jesús Kristur, sá sem að er þessi sannleiksvegurinn, leiði yður á réttan veg, þann er liggur til eilífs lífs.

Af því er það nú mín innileg bón til yðar (kristilegir bræður), hverjir Guðs orð elska, (ef ske kann) það hér finnast nokkrar þær greinir inni sem þér þykist eigi fullan skilning á bera, hverju valda má mitt stírt tungutæki elligar það prentarinn kunni hafa misgáð sig því að honum er tungumálið næsta óskiljanlegt, það þér leggið hér eigi neina glóseran yfir eftir yðrum þótta þá er hneigir til ins verra. Því ef hér er nokkuð inni forséð, þá veldur því meir gleymaska mín og lítil kunnátta en viljaleysi. Því Guð sé minn þess vottur, á hvern eg trúí, þó öngvan yðvarn vilda eg villa, heldur gjöríð svo, bræður ástsamlegir, sem Guðs elskulegum útvöldum ástvinum hæfir, það er að snúa öllu til betrunar og svo lítillátlegana þess biðjið (af allri hjartans eyðmýkt) Guð yðvarn himneskan föður í Jesú Kristi síns signaða sonar nafni það hann gefi yður fyrir heilags anda uppbirting réttan skilning sinna blessaðra orða, þau sem alla andlega visku í yður margfalda. En Drottinn, sá sem er rót og uppsprettubrunnur alls hins góða, hann hélt í öllum greinum yður í hjörtu (fyrir Jesú Kristi verðskuldan) af sinni blessaðri andagift allri guðsdómsins guðsspjallegri speki svo að þér séuð honum þægilegir í öllu, hverjum Guði að sé lof um aldir að eilífu. Náð vors Drottins sé með yðrum anda, kærir bræður. Amen.

Þrykkt úti konunglegum stað, Roskylld, af mér, Hans Barth, xii. dag aprílis, anno domini mdxl.